Stjórnartíðindi
1929 - A-deild

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Bls. 486 ranglega merkt sem 386.
Gallar á bls. 7, 22-23, 50, 58, 73, 77-78, 85, 92, 203, 251-252, 257, 276, 345, 400, 411, 433, 474, 480, og 487.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

FYRIR

ÍSLAND

ÁRIÐ 1929

A-DEILD

REYKJAVÍK 1929
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H. F.

Efnisyfirlit

við

Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1929.

A.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
3	31. jan.	Auglýsing um samkomulag milli konungsríkisins Íslands og konungsríkisins Noregs, um að taka sjóferðaskýrslur og senda þær áfram	2
1	1. febr.	Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs	1
2	6. marz	Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn	1
4	13. maí	Lög um viðauka og breyting á lögum nr. 13, frá 8. júní 1925, um sektir	3
5	15. maí	Konungsbréf um þingsuppsögn	4
62	31. maí	Tilskipun um breyting á tilskipun frá 2. marz 1908, um hvernig gegna skuli störfum þeim, sem amtsráðin hafa hingað til haft á hendi og eigi þegar eru lögð undir Stjórnarráðið eða sýslunefndir	225
63	5. júní	Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs	226
64	9. júní	Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn	227
6	14. júní	Lög um fiskiræktarfélög	5—9
7	S. d.	Lög um tannlækningar	9—11
8	S. d.	Lög um löggilding verzlunarstaða	12
9	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa	13—14
10	S. d.	Lög um sérstakar dómþinghár í Reykhóla- og Geiradalshreppum í Barðastrandarsýslu	14
11	S. d.	Lög um einkasíma í sveitum	15—17
12	S. d.	Lög um veiting ríkisborgararéttar	18
13	S. d.	Lög um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.	19

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
14	14. júní	Lög um breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl.	20—21
15	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.	21—22
16	S. d.	Lög um lendingar og leiðarmerki og viðhald þeirra	22—24
17	S. d.	Lög um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna	25—26
18	S. d.	Lög um sölu á kirkjujörðinni Laugalandi í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu	27
19	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarétt	28
20	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra	28—31
21	S. d.	Lög um hafnargerð á Skagaströnd	32—36
22	S. d.	Lög um lögreglustjóra á Akranesi	37
23	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða	38—41
24	S. d.	Lög um sérstakar dómþinghár í Óspakseyrar- og Fellshreppum í Strandasýslu	45
25	S. d.	Lög um gjaldþrotaskipti	45—55
26	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930	56
27	S. d.	Lög um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907	57
28	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög	58
29	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta	59
30	S. d.	Hafnarlög fyrir Hafnarfjarðarkaupstað	60—63
31	S. d.	Lög um Búnaðarbanka Íslands	64—80
32	S. d.	Lög um loftferðir	81—91
33	S. d.	Lög um bæjarstjórn í Hafnarfirði	92—96
34	S. d.	Lög um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913	97
35	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki	98—99
36	S. d.	Lög um viðauka við lög nr. 38, 11. júli 1911, um lækningaleyfi	99—100
37	S. d.	Lög um héraðsskóla	100—103
38	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, og lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 (Ritsíma- og talsímakerfi)	104—105
39	S. d.	Lög um lánsheimild fyrir ríkisstjórnina	105—106
40	S. d.	Lög um stjórn póstmála og símamála	106—108
41	S. d.	Fjárlög fyrir árið 1930	109—157
42	S. d.	Lög um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar	157—159

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
43	14. júní	Lög um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.	160—161
44	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld	161—164
45	S. d.	Lög um verkamannabústaði	164—167
46	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð	168
47	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 28, 3 .nóv. 1915, um kosningar til Alþingis	169
48	S. d.	Lög um laganefnd	169—170
49	S. d.	Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur	170—171
50	S. d.	Lög um innflutning og ræktun sauðnauta	171—172
51	S. d.	Fjáraukalög fyrir árið 1927	172—179
52	S. d.	Lög um samþykkt á landsreikningnum 1927	180—182
53	S. d.	Lög um lendingarbætur í Þorlákshöfn	182—184
54	S. d.	Fjáraukalög fyrir árið 1928	185—187
55	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð	188
56	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða, og á lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum	188—189
57	S. d.	Lög um íbúð í kjöllurum	190—191
58	S. d.	Lög um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra	191—199
59	S. d.	Lög um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða	199—212
60	S. d.	Lög um varnir gegn berklaveiki	213—219
61	S. d.	Lög um einkasölu á útfluttri síld	220—224
68	3. okt.	Reglugjörð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 9. flokki (seriu) bankavaxtabréfa samkvæmt lögum nr. 60, 7. maí 1928, um útgáfu nýrra flokka (seria) bankavaxtabréfa	231—239
66	7. okt.	Auglýsing um vörumerki	229
65	11. okt.	Auglýsing um breyting á reglugjörð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild hins almenna Menntaskóla í Reykjavík frá 13. marz 1908	228
69	28. okt.	Auglýsing um verzlunarsamning milli konungsríkisins Íslands og lýðveldisins Austurríkis	240—246
67	4. nóv.	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Tékkóslóvakíu	229—230
70	S. d.	Auglýsing um verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Finnlands	246—255
71	S. d.	Auglýsing um verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Lettlands	256—259
72	S. d.	Auglýsing um ákvæði, sem sett hafa verið milli Íslands og Finnlands, um gagnkvæma vernd fyrir vörumerki	260—261

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutöl
73	8. nóv.	Auglýsing um verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Póllands	262—269
74	9. nóv.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Síams snertandi ríkisborgarana og viðskipti landanna..	269
75	11. nóv.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Lithaugalands snertandi afstöðu landanna í verzlunar- og siglingamálum	270—274
76	12. nóv.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu snertandi afstöðu landanna í verzlunar- og siglingamálum	274—278
77	S. d.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Rússlands snertandi verzlunar- og siglingaviðskipti landanna	278—280
78	27. nóv.	Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar föstudaginn 17. janúar 1930	280—281
79	S. d.	Konungsbréf um setning Alþingis	281
80	30. nóv.	Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs	282
81	11. des.	Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn	283
82	S. d.	Auglýsing um reglugjörð um opinber reikningsskil	284—289
83	28. des.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Eistlands snertandi afstöðu landanna í verzlunar- og siglingamálum	290—294
84	S. d.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Frakklands snertandi upprunaskírteini	294—296
85	31. des.	Auglýsing um alþjóðapóstsamning	297—569

Yfirlit

Eftir stafrofsröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Áburður, sjá landbúnaður.	
		Akranes, sjá lögreglustjórn.	
		Alþingi.	
5	15. maí	Konungsbréf um þingsuppsögn	4
78	27. nóv.	Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar föstudaginn 17. janúar 1930	280—281
79	S. d.	Konungsbréf um setning Alþingis	281
		Alþingishátíðin 1930.	
26	14. júní	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930	56
		Alþingiskosningar.	
47	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis	169
		Alþjóðapóstsamningur.	
85	31. des.	Auglýsing um alþjóðapóstsamning	297—569
		Atvinnuvegir, sjá rannsóknir.	
		Bankamál.	
31	14. júní	Lög um Búnaðarbanka Íslands	64—80
68	3. okt.	Reglugjörð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 9. flokki (seriu) bankavaxtabréfa samkvæmt lögum nr. 60, 7. maí 1928, um útgáfu nýrra flokka (seria) bankavaxtabréfa	231—239
		Berklavarnir.	
35	14. júní	Lög um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki	98—99
60	S. d.	Lög um varnir gegn berklaveiki	213—219

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Bifreiðar.	
56	14. júní	Lög um breyting á lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða, og á lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum	188—189
		Brunamál.	
27	S. d.	Lög um breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907	57
		Bæjarmálefni og sveita.	
23	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða	38—41
33	S d.	Lög um bæjarstjórn í Hafnarfirði	92—96
59	S. d.	Lög um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða	199—212
		Dómþinghár.	
10	S. d.	Lög um sérstakar dómþinghár í Reykhóla- og Geirdalshreppum í Barðastrandarsýslu	14
24	S. d.	Lög um sérstakar dómþinghár í Óspakseyrar- og Fellshreppum í Strandasýslu	45
		Einkasala.	
44	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld	161—164
61	S. d.	Lög um einkasölu á útfluttri síld	220—224
		Einkasími í sveitum, sjá símamál.	
		Embættismenn.	
82	11. des.	Auglýsing um reglugjörð um opinber reikningsskil	284—289
		Fiskiræktarfélög.	
6	14. júní	Lög um fiskiræktarfélög	5—9
		Fjárlög, fjáraukalög.	
41	S. d.	Fjárlög fyrir árið 1930	109—157
51	S. d.	Fjáraukalög fyrir árið 1927	172—179
54	S. d.	Fjáraukalög fyrir árið 1928	185—187
		Flugmál.	
32	S. d.	Lög um loftferðir	81—91
		Gjaldþrotaskipti.	
25	S. d.	Lög um gjaldþrotaskipti	45—55
		Hafnarfjörður, sjá hafnarlög og bæjarmálefni.	

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Hafnargerð.	
21	14. júní	Lög um hafnargerð á Skagaströnd	32—36
		Hafnarlög.	
30	S. d.	Hafnarlög fyrir Hafnarfjarðarkaupstað	60—63
34	S. d.	Lög um viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913	97
		Héraðsskólar.	
37	S. d.	Lög um héraðsskóla	100—103
		Herdís og Ingileif Benedictsen minningarsjóður	
62	31. maí	Tilskipun um breyting á tilskipun frá 2. marz 1908, um hvernig gegna skuli störfum þeim, sem amtsráðin hafa hingað til haft á hendi og eigi þegar eru lögð undir Stjórnarráðið eða sýslunefndir	225
		Hæstiréttur.	
19	14. júní	Lög um breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarétt	28
		Íbúðir.	
45	S. d.	Lög um verkamannabústaði	164—167
57	S. d.	Lög um íbúð í kjöllurum	190—191
		Kirkjugarður.	
13	S. d.	Lög um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.	19
		Kirkjujarðasala.	
18	S. d.	Lög um sölu á kirkjujörðinni Laugalandi í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu	27
		Kjallaraíbúðir, sjá íbúðir.	
		Kosningar.	
23	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða	38—41
59	S. d.	Lög um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða	199—212
		Kynbætur.	
29	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta	59
		Laganefnd.	
48	S. d.	Lög um laganefnd	169—170
		Landbúnaður.	
17	S. d.	Lög um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna	25—26

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
29	14. júní	Lög um breyting á lögum nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta	59
31	S. d.	Lög um Búnaðarbanka Íslands	64—80
46	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð	168
50	S. d.	Lög um innflutning og ræktun sauðnauta	171—172
		Landsreikningur.	
52	S. d.	Lög um samþykkt á landsreikningnum 1927	180—182
		Lánsheimild.	
39	S. d.	Lög um lánsheimild fyrir ríkisstjórnina	105—106
		Lendingar og leiðarmerki o. fl.	
16	S. d.	Lög um lendingar og leiðarmerki og viðhald þeirra	22 - 24
43	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.	160—161
53	S. d.	Lög um lendingarbætur í Þorlákshöfn	182—184
		Loftferðir.	
32	S. d.	Lög um loftferðir	81—91
		Læknar.	
7	S. d.	Lög um tannlækningar	9—11
36	S. d.	Lög um viðauka við lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi	99—100
		Lögreglustjórn.	
22	S. d.	Lög um lögreglustjóra á Akranesi	37
		Lögsagnarumdæmi.	
49	S. d.	Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur	170—171
		Menningarsjóður.	
55	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð	188
		Menntaskólinn í Reykjavík.	
65	11. okt.	Auglýsing um breyting á reglugjörð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild hins almenna Menntaskóla í Reykjavík frá 13. marz 1908	228
		Milliríkjasamningar.	
3	31. jan.	Auglýsing um samkomulag milli konungsríkisins Íslands og konungsríkisins Noregs, um að taka sjóferðaskýrslur og senda þær áfram	2
69	28. okt.	Auglýsing um verzlunarsamning milli konungsríkisins Íslands og lýðveldisins Austurríkis	240—246

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
70	4. nóv.	Auglýsing um verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Finnlands	246—255
71	S. d.	Auglýsing um verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Lettlands	256—259
72	S. d.	Auglýsing um ákvæði, sem sett hafa verið milli Íslands og Finnlands, um gagnkvæma vernd fyrir vörumerki	260—261
73	8. nóv.	Auglýsing um verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Póllands	262—269
74	9. nóv.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Siams snertandi ríkisborgarana og viðskipti landanna	269
75	11. nóv.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Lithaugalands snertandi afstöðu landanna í verzlunar- og siglingamálum	270—274
76	12. nóv.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu snertandi afstöðu landanna í verzlunar- og siglingamálum	274—278
77	S. d.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Rússlands snertandi verzlunar- og siglingaviðskipti landanna	278—280
83	28. des.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Eistlands snertandi afstöðu landanna í verzlunar- og siglingamálum	290—294
84	S. d.	Auglýsing um samkomulag milli Íslands og Frakklands snertandi upprunaskírteini	294—296
85	31. des.	Auglýsing um alþjóðapóstsamning	297—569
		Póstmál.	
40	14. júní	Lög um stjórn póstmála og símamála	106—108
85	31. des.	Auglýsing um alþjóðapóstsamning	297—569
		Rannsóknir.	
17	14. júní	Lög um rannsóknir í þarfir atvinnuveganna	25—26
		Reykjavík.	
13	S. d.	Lög um kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.	19
49	S. d.	Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur	170—171
		Reikningsskil.	
82	11. des.	Auglýsing um reglugjörð um opinber reikningsskil	284—289
		Ríkisborgararéttur.	
12	14. júní	Lög um veiting ríkisborgararéttar	18
		Ríkisstjórn.	
1	1. febr.	Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs	1

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
2	6. marz	Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn	1
63	5. júní	Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs	226
64	9. júní	Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn	227
80	30. nóv.	Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs	282
81	11. des.	Konungleg auglýsing um að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn	283
		Sauðnaut.	
50	14. júní	Lög um innflutning og ræktun sauðnauta	171—172
		Sektir.	
4	13. maí	Lög um viðauka og breyting á lögum nr. 13, frá 8. júní 1925, um sektir	3
		Siglingar, skip.	
9	14. júní	Lög um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa	13—14
20	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra	28—31
58	S. d.	Lög um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra	191—199
		Síld.	
15	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.	21—22
42	S. d.	Lög um rekstur verksmiðju til bræðslu síldar	157—159
44	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld	161—164
61	S. d.	Lög um einkasölu á útfluttri síld	220—224
		Símamál.	
11	S. d.	Lög um einkasíma í sveitum	15—17
14	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl.	20—21
38	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, og lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 (Ritsíma- og talsímakerfi)	104—105
40	S. d.	Lög um stjórn póstmála og símamála	106—108
		Sjúkrasamlög.	
28	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög	58

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
		Skagaströnd, sjá hafnargerð.	
		Skattar, tollar.	
15	14. júní	Lög um breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.	21—22
		Skólamál.	
37	S. d.	Lög um héraðsskóla	100—103
65	11. okt.	Auglýsing um breyting á reglugjörð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild hins almenna Menntaskóla í Reykjavík frá 13. marz 1908	228
		Tannlækningar, sjá læknar.	
		Utanríkismál, sjá milliríkjasamningar og vörumerki.	
		Verkamannabústaðir.	
45	14. júní	Lög um verkamannabústaði	164—167
		Verzlun, verzlunarstaðir.	
8	S. d.	Lög um löggilding verzlunarstaða	12
		Vestmannaeyjar, sjá hafnarlög.	
		Vitamál.	
16	S. d.	Lög um lendingar og leiðarmerki og viðhald þeirra	22—24
43	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.	160—161
		Vörumerki.	
66	7. okt.	Auglýsing um vörumerki	229
67	4. nóv.	Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Tékkóslóvakíu	229—230
72	S. d.	Auglýsing um ákvæði, sem sett hafa verið milli Íslands og Finnlands, um gagnkvæma vernd fyrir vörumerki	260—261
		Þorlákshöfn, sjá lendingarbætur.	

KONUNGLEG AUGLÝSING 1
1. febr.

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða er fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hér með vorum trúu og kæru þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amalíuborg, 1. febrúar 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

KONUNGLEG AUGLÝSING 2
6. marz

um

að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 1. febrúar, samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfum falið á hendur í fjarvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gjört á Amalíuborg, 6. marz 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

3
31. jan.

AUGLÝSING

um

samkomulag milli konungsríkisins Íslands og konungsríkisins Noregs, um að taka sjóferðaskýrslur og senda þær áfram.

Með því að íslenzka ríkisstjórnin og norska ríkisstjórnin óska að gerður sé samningur um að taka sjóferðaskýrslur og senda þær áfram, hafa undirritaðir, sem til þess hafa löglegt umboð, undirskrifað eftirfarandi samkomulag:

Hafi íslenzkt eða norskt skip orðið fyrir einhverju því slysi, sem um ræðir í 12. gr. íslenzkra laga 30. nóvember 1914 um sjódóma og réttarfar í sjómálum og 321. gr. norskra siglingarlaga 20. júlí 1893, og eigi að taka sjóferðaskýrslur fyrir dómi í því landinu, sem skipið á ekki heima í, ber sama dómi að framkvæma þá rannsókn, sem getur um í téðum lagaákvæðum, og skal síðan senda ríkisstjórninni í því landinu, þar sem skipið á heimili, útskrift um rannsóknina um hendur opinberra stjórnarvalda.

Þetta samkomulag skal þegar öðlast gildi og gilda þangað til ári eftir að annarhvor aðilja hefir sagt því upp.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir skrifað undir þetta samkomulag og sett innsigli sín undir það.

Gert í Kaupmannahöfn í tveim eintökum, þann 30. nóvbr. 1928.

Í umboði Íslands.
L. Moltesen.
L. S.

Da den norske og den islandske Regjering önsker avsluttet en overenskomst om optagelse og fremsendelse av sjöforklaringer har undertegnede dertil behörig bemyndigede undertegnet följende overenskomst:

Er norsk eller islandsk fartöi blitt rammet av sådan ulykke, som omhandles i art. 321 i den norske sjöfartslov av 20. juli 1893 og i art. 12 av den islandske lov av 30. november 1914 om sjöretter og rettergangsmåten i sjösaker og skal sjöforklaring angående ulykken optas ved en domstol i det land, hvor fartöjet ikke hörer hjemme, påligger det samme domstol tillike å foreta sådan undersökelse, som omhandles i de forannevnte lovbestemmelser, og skal akt av sjöforklaringen ad diplomatisk vei tilstilles Regjeringen i skibets hjemland.

Denne overenskomst skal straks træ i kraft og forblir gjeldende inntil utlöpet av et år, efter at den er blitt opsagt av nogen av partene.

Til bekreftelse har de undertegnede underskrevet denne deklarasjon og forsynet den med deres segl.

Utferdiget i Kjöbenhavn i 2 eksemplarer, den 30. Nov. 1928.

E. Huitfeldt.
L. S.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 31. janúar 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

4
13. maí

um

viðauka og breyting á lögum nr. 13, frá 8. júní 1925, um sektir.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Valdsmaður sá, er annast fullnustu sektardóms, hefir heimild til þess að láta afplána sekt, sem eigi er greidd, í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í helmingi skemmri tíma en ef um einfalt fangelsi er að ræða, ef hann telur það hentara og læknir telur dómfeldan þola þá fangelsisrefsingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og ná til allra sektarrefsinga, sem eigi eru greiddar eða afplánaðar, þegar þau koma í gildi. Þó þarf samþykki dómfellda til þess að breyta afplánun frá því, sem dómur eða sætt ákveða, ef dómurinn er kveðinn upp eða sætt gerð áður en lög þessi öðlast gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 13. maí 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

5
15. maí

KONUNGSBRÉF

um

þingsuppsögn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Vér viljum hérmeð, samkvæmt beiðni yðar vegna sjúkdómsforfalla, veita dóms- og kirkjumálaráðherra, herra Jónasi Jónssyni, umboð til þess í Voru nafni að segja Alþingi slitið, þá er þingið hefir lokið störfum einhvern næstu daga.

Ritað á Amalíuborg, 15. maí 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

Til
Vors forsætisráðherra herra Tryggva Þórhallssonar.

LÖG

um

fiskiræktarfélög.

6
14. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er mönnum þeim, er veiðirétt hafa í sama fiskihverfi, að gera með sér félagsskap um fiskirækt á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

Fiskirækt er hverskonar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskimagn vatna, svo sem klak, innflutningur fiskiseiða, friðun á fiski, eyðing sels og annars veiðivargs.

Fiskihverfi er vatn það eða vötn, straumvötn, stöðuvötn eða hvorttveggja, sem sami fiskistofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að fiskur byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið.

2. gr.

Nú vilja menn stofna fiskiræktarfélag við fiskihverfi, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða gæti verið stunduð í því fiskihverfi, nema veiðiréttur sé með öllu skilinn frá landareign, og skal þá boða eiganda eða eigendur veiðiréttar. Nú þykir fyrirfram sýnt, að eigandi jarðar muni ekki sækja stofnfund, og skal þá boða leiguliða á fundinn. Má hann taka þátt í umræðum, en ekki í atkvæðagreiðslu fyr en hann er úrskurðaður félagi í stað landsdrottins, sbr. 6. gr. Ekki er þó skylt að boða þá til fundar, sem veiðirétt eiga í almenningum stöðuvatna samkvæmt 126. gr. vatnalaga, nr. 15 frá 20. júní 1923, en skylt er að gera þeim kost á þátttöku, þá er félag hefir stofnað verið.

Þegar stofna á fiskiræktarfélag við fiskihverfi, sem áður er veiðilaust, skal boða til fundar alla þá, sem lönd eiga að fiskihverfinu.

Nú á félag land að fiskihverfi eða veiðirétt í því, og skal þá boða formann félags.

Til fundar skal boða skriflega og eigi síðar en 3 dögum fyrir fundardag.

6 14. júní

3. gr.

Nú hefir verið boðað til fundar samkvæmt 2. gr., og skal á fundinum ræða stofnun félagsins og verkefni og bóka fundargerð.

Á fundinum hafa þeir einir atkvæðisrétt, sem boða skal samkvæmt 2. gr. Fela má öðrum umboð til þess að fara með atkvæðisrétt sinn á fundinum, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

Ef allir þeir, sem kvaddir eru til fundarins samkvæmt 2. gr., samþykkja félagsstofnunina, má stofna félagið þegar, án frekari undirbúnings.

Nú verður félagið ekki stofnað á þessum fundi, og skal þá fundurinn kjósa nefnd, er búi málið undir annan fund. Skal nefndin semja frumvarp til samþykktar fyrir félagið samkvæmt 8. gr., gera áætlun um kostnað þann, sem líklegt er að starfsemi þess hafi í för með sér, leita álits kunnáttumanna um það, sem þurfa þykir, og að öðru leyti afla þeirra gagna, sem fundurinn óskar eftir eða nauðsynleg þykja.

4. gr.

Nú hefir nefndin lokið störfum, og skal hún þá kveðja til fundar á ný samkvæmt 2. gr.

Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefir aflað. Skal þá enn ræða stofnun félagsins og taka ákvörðun um hana. Ef ⅔ þeirra manna, sem kvaddir eru til fundar samkvæmt 2. gr., eða umboðsmenn þeirra, samþykkja félagsstofnunina, skal öllum hinum skylt að gerast félagar.

Um atkvæðisrétt og atkvæðagreiðslu fer eftir 3. gr. laga þessara.

5. gr.

Nú mæta ekki á fundi ⅔ þeirra manna, sem boðaðir eru, né umboðsmenn þeirra. Skal þá undirbúningsnefnd enn boða til fundar á hæfilegum fresti. Ef ⅔ þeirra manna, sem mæta á þeim fundi eða senda þangað umboðsmenn, samþykkja stofnun félagsins, skal öllum öðrum, sem boðaðir hafa verið samkvæmt 2. gr., skylt að gerast félagar.

6. gr.

Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur getur úrskurðað, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landsdrottins, 1) ef leiguliði óskar þess og landsdrottinn samþykkir, 2) ef fyrirsjáanlegt er, að landsdrottinn geti ekki tekið þátt í félagsskapnum né notið starfsemi hans og 3) ef jörð, sem land á að fiskisvæði félagsins, er í byggingu með þeim kjörum, að landsdrottinn telur sér ekki skylt að taka þátt í félagsskapnum. Þá skal þó jafnan boða leiguliða á fundinn. Afl atkvæða ræður úrskurði, en ekki skulu málsaðiljar eiga atkvæði um úrskurðinn.

Skylt er landsdrottni, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum eftir mati þá veiðiaukningu, sem þá er orðin á jörðinni og þakka má starfsemi félagsins, enda hafi leiguliði greitt gjald það, sem jafnað er niður samkv. 9. gr. 6 14. júní

Skal landsdrottinn greiða 10-falda þá upphæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir aukna veiði.

7. gr.

Heimilt er að taka í félag aðra menn en þá, sem taldir eru í 2. og 6. gr., ef lögmætur félagsfundur samþykkir, en ekki skulu þeir hafa atkvæðisrétt í félaginu, nema þeim séu ákveðin iðgjöld í gjaldskrá félagsins.

8. gr.

Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá gera samþykkt fyrir félagið þegar á stofnfundi eða öðrum fundi boðuðum á sama hátt. Um samþykktina ræður afl atkvæða.

Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

1. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
2. Verkefni félags og félagssvæði.
3. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
4. Fundarhöld.
5. Reikninga félags og endurskoðun.
6. Hvernig fara skuli um greiðslur kostnaðar þess, sem leiðir af starfsemi félagsins.
7. Sektir fyrir brot á samþykkt félags.
8. Hvernig samþykkt félags verði breytt.
9. Hvernig fara skuli um félagsslit.

9. gr.

Kostnaði þeim, sem starfsemi félagsins hefir í för með sér, skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í félagsskapnum. Samkvæmt þeirri meginreglu skal semja skrá, er sýni hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver félagsmaður á að greiða. Skrá þessa skal semja með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru, en annars eftir áætlun, og skal hún gilda um 5 ár, nema $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykki að breyta henni eða ráðherra skipi svo fyrir.

Gjaldskrá skal lögmætur félagsfundur samþykkja. Um hana ræður afl atkvæða.

6 14. júní

10. gr.

Samþykkt, ásamt kostnaðaráætlun og gjaldskrá, skal félagsstjórnin senda ráðherra til staðfestingar. — Ef samþykkt og gjaldskrá þykja þannig úr garði gerðar, að þær verði ekki staðfestar, sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnarinnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Ella staðfestir hann samþykkt og gjaldskrá, svo og er það hefir lagað verið, sem ábótavant þótti.

Aldrei má samþykkt brjóta í bág við gildandi lög né almennar grundvallarreglur laga. Með samþykkt verður eigi breytt sérákvæðum laga um friðun á laxi, nr. 5, 19. febr. 1886, og annara laxveiðilaga, er sett kunna að verða.

11. gr.

Nú verða eigendaskifti á jörð, sem er á félagssvæði, og er þá hinum nýja eiganda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskifti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagsmaður í stað landsdrottins, getur lögmætur félagsfundur úrskurðað, að hinn nýi ábúandi gerist félagi samkvæmt 6. gr.

Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, sem liggur að fiskihverfi, er fiskiræktarfélag starfar við, en utan félagssvæðis, og er þá eiganda hennar eða ábúanda (sbr. 6. gr.) skylt að gerast félagi.

12. gr.

Nú þykir æskilegt, að félag nái til fleiri en eins fiskihverfis og er það heimilt, ef ⅔ af eigendum þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi fyrir sig, samþykkja félagsstofnunina. Að öðru leyti fer um stofnun félagsins eins og sagt er í lögum þessum.

Nú þykir æskilegt, að tvö félög eða fleiri sameinist í eitt, og er það heimilt, ef ⅔ félagsmanna í hverju félagi samþykkja, enda mæli vatnalíffræðingur með því. Skal þá stofna eitt félag, er nái yfir svæði beggja félaganna eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla fyrir.

13. gr.

Gjöld félagsmanna, sem ákveðin eru samkvæmt staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki.

14. gr.

Í samþykkt félags má ákveða, að brot á samþykkt varði allt að 200 króna sekt, er renni í félagssjóð.

Mál út af brotum á lögum þessum eða samþykkt félags skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

15. gr. 6
Lög þessi öðlast þegar gildi. 14. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG 7
14. júní

um

tannlækningar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

A. *Skilyrði fyrir tannlækningaleyfi.*

1. gr.

Rétt til að fara með sjálfstæðar tannlækningar hér á landi hefir aðeins sá, er fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Hefir lokið tannlækningaprófi í tannlæknaskóla, er viðurkendur er af heilbrigðisstjórn ríkisins.
2. Talar og skilur fullkomlega íslenzka tungu.
3. Hefir að afloknu prófi (ef námstími skólans er aðeins 3 ár) verið að minnsta kosti eitt ár aðstoðarmaður við lækningar hjá viðurkendum tannlækni hér á landi, eða á annan hátt aflað sér álíka þekkingar og reynzlu í tannlækningum, að áliti heilbrigðisstjórnar.
4. Hefir óflekkað mannorð.

7 14. júní Sá, er æskir tannlækningaleyfis, skal færa heilbrigðisstjórn sönnur á, að framangreindum skilyrðum sé fullnægt. Einnig skal hann undirrita drengskaparheit, stílað að fyrirmælum heilbrigðisstjórnar, um að gæta fullrar tannlæknisskyldu í starfi sínu.

Sá, er fullnægir fyrsta skilyrðinu, getur haft á hendi aðstoðartannlækningar, og með leyfi landlæknis getur hann um stundarsakir gegnt störfum sjálfstæðra tannlækna í forföllum þeirra.

2. gr.

Þeir læknar, sem hafa almennt læknisleyfi, mega ekki kalla starf sitt tannlækningar, þótt þeir stundi þær, nema þeir hafi annaðhvort lokið tannlæknaprófi eða einhverju slíku sérprófi, sem heilbrigðisstjórn metur gilt.

Dómsmálaráðuneytið getur þó fyrst um sinn, með ráði landlæknis, veitt undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

B. Starfssvið tannlækna.

3. gr.

Starfssvið tannlækna tekur yfir meðferð á allskonar tannsýki, þar með talið allskonar tannfyllingar, tannútdráttur og brota, tannhreinsun með verkfærum eða lyfjum, lagfæring óreglulegra tanna og tannréttingar, að brúfesta tennur og tanngarða (crown- and bridgework) o. s. frv., og ennfremur meðferð kvilla í slímhimnu munnsins, tannholdi og kjálkum, er af tannsýki stafa.

Tannlæknum er heimilt að beita allskonar deyfingum á tönnum, tannholdi og kjálkum, en svæfing (narcose) skal beitt af lækni, er almennt lækningaleyfi hefir eða af tannlækni að honum viðstöddum.

4. gr.

Öllum öðrum en tannlæknum, eða þeim, er tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að setja gervitennur og tanngarða í menn. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sér nægilegrar þekkingar í þessari grein.

5. gr.

Tannlæknum er heimilt að afla sér með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þarfnast við lækningar sínar, og nota þau tæki og hjálparmeðul, er fram koma á hverjum tíma, ef þeir þurfa við starfa sinn.

C. Almenn ákvæði. 7
14. júní

6. gr.

Tannlæknar lúta eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins. Skyldir eru þeir til að gefa landlækni skýrslu um, hvar þeir reka starfa sinn.

7. gr.

Óheimilt er þeim, er ekki hafa tannlækningaleyfi, að auglýsa, að þeir fáist við tannlækningar, ísetning tanna, deyfingar eða lyfjanotkun til tannlækninga, eða bjóðast til þess á annan hátt.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 50—1000 krónum, eða einföldu fangelsi, allt að 6 mánuðum, ef miklar sakir eru, enda sé brotið ekki svo vaxið, að það heyri undir hin almennu hegningarlög. Skulu sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Verði tannlæknir sannur að sök og dæmdur til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, skal hann sviftur rétti til þess að fara með tannlækningar.

10. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra lækna, sem nú stunda tannlækningar né heldur til þeirra, sem nú hafa takmarkað tannlækningaleyfi hér á landi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

8
14. júní

LÖG

um

löggilding verzlunarstaða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Breiðavík í Vestur-Barðastrandarsýslu og í Sigurðarstaðavík á Melrakkasléttu skulu vera löggiltir verzlunarstaðir.

2. gr.

Löggilding hvors þess verzlunarstaðar, er um ræðir í 1. gr., skal koma til framkvæmda þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkv. lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

um

um breyting á lögum nr. 29, 27. júní 1925, um skráning skipa.

9
14. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

12. gr. laganna orðist svo:

Nú er skip byggt erlendis fyrir aðilja, er hér má láta skrá skip sitt, eða hann verður með öðrum hætti eigandi að skipi erlendis, og má þá ekki skrá það á Íslandi, fyr en það er komið í íslenzkt skráningarumdæmi.

Þó skal viðskiftafulltrúum Íslands skylt, þegar svo er ástatt, að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, enda hafi þeir í hendur fengið skilríki þau, er í 6. gr. getur, og skal það gilda sem venjulegt þjóðernisskírteini, þó ekki lengur en þar til skipið kemur fyrsta sinn í íslenzka höfn, enda sé skírteini skilað lögreglustjóra í því umdæmi, og aldrei lengur en tvö ár, nema samþykki fjármálaráðuneytisins komi til.

Nú þykir viðskiftafulltrúa grunur leika á því, að aðili fullnægi í raun réttri ekki skilyrðum laga þessara til að láta skrá skip sitt á Íslandi, eða að hann eigi í raun réttri ekki skip það, er hann vill láta skrá sem sína eign, og ber honum þá að neita að gefa út þjóðernisskírteini til bráðabirgða, þar til fjármálaráðuneytið, eftir undangengna rannsókn, hefir skorið úr málinu.

Jafnskjótt sem viðskiftafulltrúi gefur út þjóðernisskírteini, sendir hann fjármálaráðuneytinu eftirrit af því, sömuleiðis staðfest eftirrit af sönnunargögnum þeim, sem sá, er skráningarinnar beiðist, á að afhenda honum samkvæmt 6. gr. Fjármálaráðuneytinu ber að rannsaka skjöl þessi og krefja útgerðarstjóra skipsins um að skila aftur bráðabirgðaþjóðernisskírteininu, ef það reynist að vera ólöglega útgefið.

Í þjóðernisskírteini til bráðabirgða skal greina:

1. Nafn skips og hverskonar skip það sé.
2. Hvar og hvenær skip sé byggt eða keypt, og nafn eiganda eða eigenda samkvæmt kaupbréfi eða öðru heimildarskjali.
3. Nafn skipstjóra.
4. Svo nákvæmar upplýsingar sem fá má um smálestatal skips, lögun þess og lýsing.
5. Hversu lengi skírteinið skuli gilda.

9
14. júní

Nú er skip, sem skrásett er á Íslandi, smíðað upp erlendis, og er skipstjóra þá rétt að krefjast þess af næsta viðskiftafulltrúa Íslands, að hann fái honum í hendur skírteini, er veiti honum heimild til að nota þjóðernis- og skráningarskírteini sitt eftir sem áður, þangað til hann kemur í íslenzka höfn, þar sem rannsaka má, hvort skipi hafi verið svo breytt, að gefa þurfi út nýtt þjóðernisskírteini. Þó getur skírteini viðskiftafulltrúa ekki lengur gilt en tvö ár, nema sérstakt samþykki fjármálaráðuneytis komi til.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Árnason.

10
14. júní

LÖG

um

sérstakar dómþinghár í Reykhóla- og Geiradalshreppum í Barðastrandarsýslu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Reykhólahreppur og Geiradalshreppur í Barðastrandarsýslu skulu vera sérsakar dómþinghár, og skulu þingstaðirnir vera að Berufirði og Króksfjarðarnesi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R
(L. S.)

Jónas Jónsson.

LÖG

um

einkasíma í sveitum.

11
14. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. Samþykktir.

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum, að fengnum tillögum landssímastjóra, að gera samþykktir um einkasímalagning um ákveðin svæði í sveitum innan sýslu.

2. gr.

Þegar samþykkt er gerð á sýslufundi, skal með nægum fyrirvara kvatt til fundar á svæði því, sem ætlazt er til, að samþykktin nái yfir. Sýslunefndin ákveður fundarstað, en oddviti hennar, eða sá er hún kýs til, auglýsir fundardag og stjórnar fundi. Atkvæðisrétt á þeim fundi eiga allir fullveðja menn, sem gjaldskyldir eru til símalínunnar eftir samþykktinni.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp sýslunefndarinnar til samþykktar. Fallist fundurinn með ⅔ atkvæða á frumvarpið óbreytt, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með ⅔ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær.

Fallist sýslunefnd ekki á breytingar fundarins, skal kveðja til fundar á ný, og samþykki fundurinn þá frumvarpið óbreytt með ⅔ atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp, er eigi nær ⅔ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið.

4. gr.

Þegar samþykkt er send stjórnarráðinu til staðfestingar, skal hún endursendast óstaðfest ásamt synjunarástæðum, ef hún virðist koma

11 í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, eða ganga of nærri
14. júní efnahag einstaklinga. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi.

Samþykkt er stjórnarráðið hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykkt skal ákveðið:

a. um legu einkasímans og gerð,
b. um greiðslu kostnaðar við lagning og viðhald símans,
c. um starfrækslu símastöðva,
d. um símafélag.

6. gr.

Ákveða má, að kostnaðinum, að því leyti, sem hann fæst ekki greiddur á annan hátt, sé jafnað á eigendur fasteigna á svæðinu, eftir verði fasteignanna. Sömuleiðis má leggja einhvern hluta kostnaðarins á menn eftir efnum og ástæðum, lausafjáreign eða eftir tölu verkfærra manna, eða eftir öllu þessu. Loks má ákveða mishá framlög eftir aðstöðu til einkasímans og að þeir greiði sérstök gjöld, er öðrum frekar hafa símans not, svo sem sveitaverzlun, bifreiðarstjórar o. fl.

7. gr.

Skylt er einkasímafélagi að taka lán til greiðslu lagningarkostnaðar einkasíma, er allir félagsmenn beri sameiginlega ábyrgð á og afborgi á hæfilegum tíma, svo framarlega að fullt samkomulag náist ekki um greiðslu þegar í stað.

8. gr.

Skylt er hverjum, sem æskir innlagningar síma til sín frá einkasímalínu, að bera kostnaðinn við innlagninguna og viðhald tækja sinna, að því leyti sem hann er ekki greiddur af landssímanum, samkv. 14. gr., eða opinberu fé.

9. gr.

Í einstaka tilfelli má ákveða gjald af símtölum og símskeytum á einkalínu og út af henni, ef til þess fæst leyfi landssímastjóra, sem ákveður, hve hátt gjaldið skuli vera.

10. gr.

Hver sá, sem gjaldskyldur er til einkasíma eftir samþykkt, á rétt á að leggja síma inn hjá sér frá aðaleinkalínunni án aukins gjalds til hennar, ef það þykir fært að dómi landssímastjóra, enda sé að öllu vandlega frá innlagningunni gengið.

11. gr.

Gjöldum til einkasíma samkvæmt löggiltri samþykkt fylgir lög- 11 14. júní
taksréttur eftir lögum nr. 29, 16. des. 1885.

12. gr.

Fyrir brot gegn samþykkt má ákveða sektir, allt að 200 krónum, er renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið, og fer um mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

II. Tengigjald og framlag landssímans.

13. gr.

Þegar einkasímalínu er komið á samkvæmt lögum þessum, skal greiða árlega af hverju talfæri á línunni 10 krónur til landssímans sem tengigjald, enda annist þá landssíminn alla afgreiðslu á miðstöðinni í stöðvartímanum, notendum að kostnaðarlausu.

14. gr.

Nú er samþykkt sett samkvæmt lögum þessum, og greiðir þá landssíminn, ef fé er fyrir hendi, $^3/_5$ alls kostnaðar við lagning einkasímans og innlagningar frá honum, að frádregnum flutningskostnaði á símaefni frá skipshlið út á línusvæðið. Skilyrði fyrir framlagi landssímans eru:

a. að ekki sé notað annað efni eða önnur tæki en þau, er landssímastjóri tekur gild.
b. að landssíminn annist lagning línunnar og uppsetning tækja,
c. að hlutaðeigandi sveitar- og sýslustjórn ábyrgist starfrækslu einkasímans eftir því, sem landssímastjóri mælir fyrir um,
d. að sömu stjórnarvöld ábyrgist, að línunni sé að öllu vel við haldið.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

12
14. júní

LÖG

um

veiting ríkisborgararéttar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararéttur veitist eftirnefndum mönnum:

1. Jens Severin Lange, málara í Reykjavík, fæddum í Danmörku.
2. Otto Gregers Nors Grundtvig, lyfjafræðingi á Akureyri, fæddum í Danmörku.
3. Nils Hagerup Jenssen á Seyðisfirði, fæddum í Noregi.
4. Jóhannesi Stefánssyni, fæddum á Íslandi, er hefir misst íslenzkan ríkisborgararétt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

LÖG

um

kirkjugarðsstæði í Reykjavík o. fl.

13
14. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Reykjavíkurbær leggur til úr óræktuðu landi bæjarins nothæft kirkjugarðsstæði, er kirkjumálaráðherra tekur gilt, að fengnu áliti sóknarnefndar.

2. gr.

Nú vill Reykjavíkurbær taka að sér kirkjugarðsmálefni bæjarins að öllu leyti, og getur því máli þá orðið framgengt með samningi við kirkjumálaráðherrann.

Ráðherranum er heimilt að gera samning um, að hið lögboðna legkaup til ríkissjóðs skuli falla til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

14. júní

14 LÖG

um

breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Hver landeigandi er skyldur að leyfa stjórn landssímans að leggja nauðsynlegar vírleiðslur fyrir hraðskeytatæki um land sitt, yfir það eða í jörðu, og að efni það, er þarf til lagningar þeirra og viðhalds, svo sem grjót, möl o. s. frv., sé tekið þar sem næst er; svo er og hver eigandi húss eða annars mannvirkis skyldur að leyfa, að vírar þessir séu lagðir yfir þau, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Verði því við komið, skal þó taka tillit til þess, hvar eigendur eða notendur mannvirkja æskja eftir, að vírleiðslurnar séu lagðar, þar sem þær snerta eign þeirra, og það þótt þetta hefði nokkurn kostnaðarauka við leiðslurnar í för með sér.

Mönnum, sem í þjónustu landsímans eru að starfa að þessum leiðslum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaus að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema á daginn, og einungis þá leið, sem vísað er, og því aðeins að það sé óþægindalaust fyrir íbúana.

2. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Nú vilja einstakir menn, bæjarfélög eða sveitarfélög leggja leiðslur fyrir hraðskeytasamband eða rafmagn til vinnu, lýsingar o. s. frv. í nánd við þá staði, þar sem eru fyrir leiðslur eða hraðskeytatæki, sem landssíminn hefir sett upp, og skal þá hinum nýju leiðslum svo fyrir komið, að eigi geti þeim hlotizt bagi eða óregla á leiðslum eða tækjum þeim, sem fyrir voru. Ef samningum verður eigi við komið um þetta, sker atvinnumálaráðherra úr. Ef einstakir menn, bæjar- eða sveitarfélög hafa einhverskonar tæki eða leiðslur, sem geta bagað eða valdið óreglu á notkun hraðskeytatækja, skal stjórn landssímans heimilt að

gera á kostnað eigenda nauðsynlegar ráðstafanir viðvíkjandi tækjum 14
þessum eða leiðslum, til þess að draga úr eða koma í veg fyrir baga 14. júní
þann, er af þeim getur hlotizt.

Mönnum, sem í þjónustu landssímans eru að vinna að útrýmingu þessara truflana, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessa starfs, þó ekki eftir kl. 10 á kvöldin eða fyrir kl. 8 á morgnana.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

15
14. júní

um

breyting á lögum nr. 35, 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Af hverri síldartunnu, 108—120 lítra, skal greiða í ríkissjóð	kr.	1,50
Af hverjum 100 kg. af síldarmjöli, fiskmjöli þurkuðu og fóðurkökum	—	1,00
Af hverjum 100 kg. af óþurkuðum fiskiúrgangi	—	0,50
Af hverjum 100 kg. af síld, sem flutt er til útlanda óunnin til bræðslu	—	0,25
Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurkuðu og óunnu	—	1,00

15 14. júní

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Árnason.

16 14. júní

LÖG

um

lendingar- og leiðarmerki og viðhald þeirra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppsnefndir í hreppum, er að sjó liggja, skulu safna greinilegum skýrslum um öll lendingar- og leiðarmerki fyrir verstöðvar innan hreppsins og fyrir þá staði, sem opnir bátar leita lendingar á, þegar brim eða veður gerir þeim ókleift að lenda í verstöð sinni.

Verstöðvar, sem áður hefir verið stundað útræði frá, en nú eru niður lagðar eða útgerð ekki stunduð frá lengur, skulu taldar með í skýrslum þessum, að svo miklu leyti sem lendingar eru þar nothæfar sem neyðarlendingar.

2. gr.

Skýrslur þessar skulu sendar vitamálastjóra svo fljótt sem auðið er, og í síðasta lagi 6 mánuðum eftir að lög þessi öðlast gildi. Lendingar-

og leiðarmerkjum má ekki breyta frá því, sem auglýst hefir verið, nema með samþykki vitamálastjóra. 16 14. júní

3. gr.

Vitamálastjóri semur greinilega skrá yfir öll lendingar- og leiðarmerki eftir skýrslum þeim, sem honum berast. Skrá þessi skal prentuð í sambandi við „Skrá yfir vita og sjómerki á Íslandi" eða gefin út sérstök eins oft og ástæða er til, en viðbætir árlega, ef einhver breyting verður á árinu.

4. gr.

Sé um verstöð að ræða, þar sem eigandi eða ábúandi tekur uppsáturs- eða viðlegugjöld af bátum þeim, er þaðan stunda róðra, ber þeim, er uppsátursgjöldin taka, að annast uppsetningu og allt viðhald lendingar- og leiðarmerkja. Sé ekki tekið uppsáturs- eða viðlegugjald, kostar hreppssjóður uppsetningu og viðhald nauðsynlegra merkja.

5. gr.

Nú er verstöð lögð niður eða hætt að stunda útræði þaðan, og ber þá hreppsjóði að annast allt viðhald merkjanna, að svo miklu leyti sem lendingarnar eru nothæfar sem neyðarlendingar. Sama gildir um verstöðvar eða lendingar, sem áður eru lagðar niður og þar sem merkin eru týnd eða hafa hrunið, þar ber hreppsnefnd í samráði við vitamálastjóra að sjá um uppsetningu nýrra merkja á kostnað hreppssjóðs, að svo miklu leyti sem ástæða er til, að áliti vitamálastjóra.

6. gr.

Nú er eitthvað af leiðarmerkjunum hús eða húsgafl eða því um líkt, og er þá bannað að rífa það, breyta eða færa úr stað nema því aðeins, að annað greinilegt merki sé sett í staðinn í samráði við vitamálastjóra.

7. gr.

Bannað er að byggja hús eða mannvirki, er skyggi á leiðarmerki frá sjónum yfir þann boga sjóndeildarhringsins, sem því er ætlað að sýna lendinguna eða innsiglinguna, og hæfilega langt til beggja handa, og getur hreppsnefnd látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess, ef brotið er á móti þessu.

Ákvæði þessarar greinar ná þó ekki til eigenda eða umráðamanna verstöðva, sem annast viðhald merkjanna samkv. 4. gr., enda setji þeir

16 upp önnur merki ekki ógreinilegri en þau, er fyrir voru, í samráði við
14. júní vitamálastjóra..

8. gr.

Vitamálastjóri hefir eftirlit með, að merkjum þeim, sem hér um getur, sé rétt lýst og þeim sé haldið við. Nú vanrækir sá, er viðhaldsskylduna hefir, að halda merki í viðunandi standi, og er þá vitamálastjóra heimilt að láta, að undangenginni aðvörun með hæfilegum fresti, framkvæma það á kostnað hans. Slíkan kostnað má taka lögtaki.

9. gr.

Þegar breyting á lendingar- og leiðarmerki hefir verið gerð, auglýsir vitamálastjóri hana á viðeigandi hátt, og tilkynnir hana sérstaklega oddvitum þeirra hreppa, sem næstir eru þeirri verstöð eða lendingarstað, er breytingin er gerð á, ef búast má við, að bátar úr þeim hreppum kynnu að þurfa að leita þangað neyðarlendingar, og skal hver sá oddviti, er slíka tilkynningu fær, tafarlaust láta birta hana á þeim stað í hreppnum, þar sem almennt er venja að birta tilkynningar eða fundarboð, er almenning varða.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—500 króna sektum.

11. gr.

Með brot á lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

17
14. júní

um

rannsóknir í þarfir atvinnuveganna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn rannsóknar- og tilraunastofu í þarfir atvinnuveganna, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Stofan skal starfa á svo fullkominn vísindalegan hátt sem auðið er, og skal verkefni hennar vera:

1. að reyna að finna orsakir þeirra sjúkdóma, sem mestu tjóni valda á búfé landsmanna, svo sem bráðapestar, lungnaormaveiki, Hvanneyrarveiki, fjöruskjögurs o. fl., og reyna að finna aðferðir til að lækna þessa sjúkdóma og afstýra þeim.
2. rannsókn fóðurefna og fjörvirannsóknir (vitamína) í lýsi og öðrum fóðurvörum og matvælum.
3. rannsókn verkunarskemmda í kjöti, fiski og öðrum land- og sjávarafurðum.
4. rannsókn þaragróðurs og jurta með tilliti til fóðurgildis, sem og jurtasjúkdóma.
5. aðrar rannsóknir, sem atvinnumálaráðuneytið óskar.

Haga skal allri starfsemi stofnunarinnar eftir fyrirmælum atvinnumálaráðuneytisins.

Eftir því sem við verður komið, skal rannsóknarstofan inna af hendi rannsóknir fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Fiskifélags Íslands.

3. gr.

Dýralæknum, sem eru í þjónustu ríkisins, starfsmönnum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélagsins og skólastjórum og kennurum búnaðarskólanna skal skylt að láta stofunni aðstoð sína í té, hverjum á sínu sviði, eftir því sem atvinnumálaráðherra telur nauðsynlegt, gegn

17 14. júní

þeirri þóknun, sem ákveðin er í lögum eða í reglugerð, sem atvinnumálaráðherra getur sett um þetta efni.

Sömuleiðis skal efnarannsóknarstofu ríkisins og rannsóknarstofu háskólans skylt að inna af hendi fyrir stofuna þau störf, sem þessar stofnanir hafa tæki til, en hún ekki, en annars kveður atvinnumálaráðherra á í samráði við læknadeild háskólans, hversu sambandi þessara stofnana allra megi koma haganlegast fyrir.

4. gr.

Atvinnumálaráðherra getur í samráði við forstöðumann rannsóknarstofunnar falið dýralæknum og skólastjórum búnaðarskólanna með samningi að gera tilraunir á búfé, með því markmiði, sem stofan starfar að, og ennfremur getur atvinnumálaráðherra látið fram fara tilraunir á peningi búa, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra ræður stofunni forstöðumann, sem hafi nægilega vísindalega menntun til starfans, og fær honum nauðsynlega aðstoð. Laun forstöðumanns rannsóknarstofunnar skulu ekki vera hærri en laun prófessora háskólans.

Stofan skal búin þeim áhöldum og henni fengið það húsnæði, sem þarf til þess að hún geti rækt starf sitt með sem beztum árangri.

6. gr.

Allur kostnaður við stofnun og rekstur stofunnar skal greiddur úr ríkissjóði, og skal í fjárlögum ákveða laun starfsmanna og nægilegt fé til annars rekstrarkostnaðar.

7. gr.

Greitt skal fyrir starf, er stofan innir af hendi fyrir einstaka menn og atvinnufyrirtæki, samkv. gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum forstöðumanns.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

18
14. júní

um

sölu á kirkjujörðinni Laugalandi í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reykhóla-, Geiradals- og Gufudalshreppum í Barðastrandarsýslu jörðina Laugaland í Reykhólahreppi.

2. gr.

Um mat á landinu og greiðslu kaupverðs fer eftir ákvæðum laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

19
14. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarétt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Fyrir orðin „enda hafi þeir leyst“ í 52. gr. laganna komi: enda leysi þeir.

Orðin „innan 3 ára frá því er hæstiréttur tók til starfa“ í niðurlagi sömu greinar laganna falli burt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

20
14. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ef líkur eru á, að skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenzkri höfn, sé óhaffært, má lögreglustjóri, eða skipaskoðunarmaður, er skipa-

skoðunarstjóri hefir sérstaklega veitt heimild til þess, hefta brottför þess til bráðabirgða. 20 14. júní

Sama gildir, ef skipstjóri, útgerðarmaður eða sá maður, sem í þeirra stað kemur, tálma því, að skipaskoðunarmenn geti framkvæmt til hlítar skoðun, er þeir telja nauðsynlega.

Sá, sem brottför skipa heftir, skal tafarlaust tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni, með bréfi eða símskeyti, ástæðurnar til þess, að brottför skipsins var heft, og hvað gera þurfi til þess, að því verði leyfð brottför. Skipið, sem heft hefir verið, má eigi leggja úr höfn, fyr en bætt hefir verið úr göllum þeim, sem á því voru, og það sannað með skoðunargerð.

Ákvæði greinar þessarar gilda og um erlend skip, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kunna af gildandi þjóðasamningum.

2. gr.

1. málsgr. 5. gr. laganna orðist þannig:

Þar sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara um eftirlit með öryggi skipa til allra skipa, sem stærri eru en 12 rúmlestir og gerð eru út hér á landi, svo og til allra vélbáta og róðrarbáta fjórróinna eða stærri, sem stunda fiskiveiðar hér við land eina vertíð á ári eða lengur, og allra vélbáta, er flytja farþega eða vörur að staðaldri. Fjórróinn er sá bátur, sem róið er af fjórum mönnum.

3. gr.

Í stað 6. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist eftirfarandi greinatala laganna samkvæmt því:

6. gr. Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins.

Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarsskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið eftir fyrirsögn ráðherra, til að líta eftir framkvæmd laganna, semur skrá yfir íslenzk skip og aðstoðar fjármálaráðuneytið við framkvæmd laga um skrásetning skipa. Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi, nema ráðherra leyfi.

Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 6000 kr.; dýrtíðaruppbótar skal hann og njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga. Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra, sem og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlits, skal ákveðinn í fjárlögum.

7. gr. Atvinnumálaráðuneytið skiftir landinu í skipaskoðunarumdæmi og skipar, eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, til framkvæmdar

20 14. júní

eftirlitinu í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn sem þurfa þykir. skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli vinna starf sitt samvizkusamlega.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, þær, er ræðir um í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þess er þörf, getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, er gerðar eru í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, er því eru ætlaðar. Þeim er og skylt endranær að hafa eftir föngum vakandi auga með því, að hlýtt sé fyrirmælum þeim, sem sett eru um öryggi skipa, og skulu þeir tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, ef þeir verða þess vísari, að misbrestur sé á því.

Skipaskoðunarmenn eiga rétt á þóknun fyrir starfa sinn samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur. Þóknunina greiðir eigandi skips, og má taka hana lögtaki. Þurfi skipaskoðunarmenn að takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal ferðakostnaður þeirra greiddur úr ríkissjóði.

4. gr.

1. setning 10. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og tillögur sínar um það, hvort skipinu skuli gefið haffærisskírteini eða eigi, en skipaskoðunarstjóra senda þeir skýrslu um skoðunina, og skal þetta hvorttveggja ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Í stað orðanna „og skal það ávallt sýnt bæði við tollafgreiðslu“ í 3. málsgr. 10. gr. laganna komi: og skal það ávallt sýnt við tollafgreiðslu skipsins, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja.

5. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist:

Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis, sbr. 16. gr., skal skipseigandi greiða í stimpilgjald:

Fyrir skip og báta upp að 30 rúmlesta stærð 2 kr.

Fyrir skip frá 30—100 rúmlesta 5 kr.

Fyrir 100 rúmlesta skip og stærri 10 kr.

6. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist:

Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sé þá eigi ár liðið frá síðustu botnskoðun.

7. gr.

16. gr. laganna orðist þannig:

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og álit sitt um það, hvort þeir telji skipið haffært, svo og skipaskoðunarstjóra skýrslu um skoðunina og skal hvorttveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Telji skoðunarmenn skipið haffært, ritar lögreglustjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um, að aukaskoðun hafi verið gerð og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært. Fyrir áritun þessa greiði skipseigandi sama stimpilgjald sem fyrir útgáfu haffærisskírteinis..

8. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Nú er skoðun gerð samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara eða samkvæmt 92. gr. siglingalaga 30. nóvember 1914, og ákveður þá skipaskoðunarstjóri, eða lögreglustjóri í forföllum hans, hvort skoðunin skuli vera aðalskoðun eða aukaskoðun.

9. gr.

Aftan við 3. málsgrein 18. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Með samþykki skipaskoðunarstjóra má fela færri mönnum en að framan segir skoðun skips, enda séu þeir nægilega sérfróðir.

10. gr.

Á eftir orðinu „Lögreglustjóri" í upphafi 21. gr. laganna komi: Skipaskoðunarstjóri.

11. gr.

Í stað „100 kr." í fyrri málsgrein 30. gr. laganna komi: 50 kr.

12. gr.

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 37, 19. júní 1922, og gefa þau út svo breytt.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

21
14. júní

LÖG

um

hafnargerð á Skagaströnd.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til hafnargerðar á Skagaströnd veitast úr ríkissjóði 2/5 kostnaðar, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 285000 — tvö hundruð áttatíu og fimm þúsund krónur — gegn því að frá hafnarsjóði Skagastrandar komi 3/5 kostnaðarins.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 320000 — þrjú hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Skagastrandar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu.

Skal ábyrgð sýslunnar vera samþykkt á tveim aðalfundum í röð, með minnst 2/3 atkvæða allra sýslunefndarmanna, enda sé slík samþykkt eigi eldri en tveggja ára, þá er ríkissjóðsábyrgðin er veitt.

Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Skagastrandar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum

mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð; ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Skagastrandar. 21 14. júní

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Höfðatá bein lína til suðurs í Djúpsker og þaðan til lands sunnanvert Árbakkasteins í Hrafnárós.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Vindhælishrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Vindhælishrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir einstakra manna, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að verða til hagnýtingar hennar og fyrir kauptún, er þar kynni að koma upp.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Vindhælishrepps, en 1 af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 2 nefndarmenn skulu eiga heima í Skagastrandarkauptúni, eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

21 14. júní

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja, og allt að ½ hluta lóðargjalds nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðareigendur þá greiða í hafnarsjóð allt að ½ af þeirri upphæð, sem matið er hærra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig á Skagastrandarhöfn, og farmi þeirra:
   a. Lestagjald.
   b. Vitagjald.
   c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
   d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
   e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
   f. Allt að ½ hlut af hverjum vélbáti, 8 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að ¼ hlutar af smærri vélbátum en 8 smálesta og róðrarbátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Vindhælishrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnarmannvirkjunum.

Herskip og skemtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 3 a, b og c.

12. gr. 21

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru 14. júní
í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðsins er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

21 14. júní

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ákvæði um stundarsakir.

Til þeirrar byrjunar á hafnargerðinni, að leggja garð út í Spákonufellseyju, veg eftir eyjunni og bryggju út frá suðurenda hennar, má ríkisstjórnin, þegar hún telur ástæður ríkissjóðs leyfa, verja allt að 50 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn tilsvarandi eða allt að 75 þús. kr. framlagi úr hafnarsjóði Skagastrandar. Svo er ríkisstjórninni og heimilt að ábyrgjast allt að 75 þús. kr. lán handa hafnarsjóðnum í þessu skyni, gegn ábyrgð sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, og tekur ákvæði annarar málsgr. í 2. gr. þessara laga eigi til þeirrar ábyrgðar.

Að öðru leyti gilda ákvæði 1.—19. gr. laganna einnig um þennan hluta verksins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

22
14. júní

um

lögreglustjóra á Akranesi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps, embættisgengan lögfræðing til þess að hafa á hendi hreppstjórastörf í Ytri-Akraneshreppi, innheimtu tolla og gjalda til ríkissjóðs, lögreglustjórn og dómsvald í lögreglumálum. Kallast hann lögreglustjóri.

2. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar þess, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita, enda sé hann þá sjálfkjörinn hreppsnefndarmaður með atkvæðisrétti um öll mál nefndarinnar.

3. gr.

Lögreglustjórinn skal hafa að launum 2000 kr. á ári úr ríkissjóði. Hafi lögreglustjóri á hendi störf þau, er 2. gr. tiltekur, fær hann að auki laun fyrir þau úr sveitarsjóði, samkvæmt samningi milli hreppsnefndar og ríkisstjórnar.

4. gr.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans og annað, er starf hans snertir, skulu settar í reglugerðum, er hlutaðeigandi ráðherrar setja, að fengnum tillögum hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps og sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

23
14. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rétt til þess að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, er þeir:

1. Eru fulls 21 árs gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá.
4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð.
6. Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, óreglu eða hirðuleysis sjálfs sín.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Sá er kjörgengur til starfa samkvæmt 1. gr., sem kosningarrétt hefir.

Ekki mega hjón né menn skyldir að feðgatali eða niðja sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hafa í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt

að taka við kjöri fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti. 23 14. júní

4. gr.

Orðin í 1. málsgrein 4. gr. laganna: „borgarstjóra (bæjarstjóra)“ falli niður.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

6. gr.

Bæjarfulltrúa og varafulltrúa þeirra skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu til 4 ára. Í janúarmánuði 1930 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa og varafulltrúa í öllum kaupstöðum landsins, og fellur þá jafnframt niður umboð hinna eldri fulltrúa. Kosningar fara síðan fram í janúarmánuði 4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum. Fráfarandi fulltrúa má endurkjósa, nema þeir hafi í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn tilkynnt kjörstjórn, að þeir skorist undan endurkjöri samkvæmt heimildinni í 3. gr.

Varafulltrúar taka sæti í bæjarstjórn í forföllum bæjarfulltrúa eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Sá, sem er næstur að atkvæðmagni þeim, sem kosningu hlýtur á hverjum lista sem bæjarfulltrúi, skal vera fyrsti varafulltrúi þess lista um kjörtímabil það, sem listinn á við, og svo hver af öðrum, sem næstur er að atkvæðamagni innan listans.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um, hvenær varafulltrúi skuli taka sæti í forföllum bæjarfulltrúa.

7. gr.

6. gr. laganna verður 7. gr. og síðari málsgrein fellur niður.

8. gr.

7. gr. laganna verður 8. gr. og orðist svo:

Kosningar hreppsnefndarmanna fara fram á vorhreppaskilaþingi. Þó mega kosningar fram fara að haustinu, ef meiri hluti hreppsnefndar kveður svo á. Ef hreppi er skift, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum jafnskjótt og því verður við komið.

Nú fer maður úr hreppsnefnd áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

23 14. júní

9. gr.

8. gr. laganna verður 9. grein.

10. gr.

9. gr. laganna verður 10. gr. og í stað 1. málsgreinar komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Hverju sinni, er kjósa skal bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmenn eða aðra starfsmenn í hreppum eða kaupstöðum, skal kjörstjórn skipuð 3 mönnum, er stýra kosningu. Kýs bæjarstjórn alla 3 og 2 til vara með hlutfallskosningu. Kjörstjórn í kaupstöðum velur sjer sjálf oddvita.

Í hreppum er hreppsnefndaroddviti formaður kjörstjórnar, og auk hans eiga sæti í kjörstjórninni 2 menn, er hreppsnefnd kýs í hana.

III. KAFLI.

Um kosningarathöfn

11. gr.

10. gr. laganna fellur niður.

12. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á, og skulu þau að jafnaði vera tvöfalt fleiri en kjósa á bæjarfulltrúa. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, ásamt stöðu þeirra og heimili. Skulu þeir eigi vera færri en 100 í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum eigi færri en 20.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn fulltrúaefna en að ofan segir, en ógildur ef fleiri eru. Fullt nafn hvers fulltrúaefnis ásamt stöðu og heimili, skal á lista setja, svo að eigi verði um villst. Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir örugt, við hvern er átt, og skal þá strika það nafn af lista.

Úrskurð um útstrikun nafns af lista eða um ógilding lista skal skrá í kjörbók. Kjörstjórn er skylt að láta fulltrúaefni listans eða meðmælanda í té eftirrit af úrskurði áður en kosning byrjar.

Kjörstjórn merkir þá lista, er hún tekur gilda, hvern með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.).

13. gr.

1. og 2. málsgr. 12 gr. laganna orðist svo:

Nú eru eigi fleiri menn en á að kjósa á lista eða listum, sem

teknir eru gildir af kjörstjórn, af þeim, er koma fram í tæka tíð, og þarf þá engin kosning fram að fara, en kjörstjórn lýsir að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag þá menn kosna, sem listinn eða listarnir greina. Nú skortir á, að full tala sé á slíkum lista, eða listum, þeirra sem kjósa á, og skal þá kosning fram fara að nýju á þeim, sem á vantar. Af þeim, sem sjálfkjörnir voru, teljast þeir bæjarfulltrúar, svo langt, er tala þeirra hrekkur. 23 14. júní

Nú hafa listar verið úrskurðaðir og kosning á fram að fara, og skal þá kjörstjórn tafarlaust láta gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingu um það, hvaða listar séu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

14. gr.

18. gr. laganna hljóði svo:

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafi náð kosningu sem bæjarfulltrúar og varafulltrúar af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnazt, og standi útkomutölur þessar í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á bæjarfulltrúa, og fær hver listi jafnmarga bæjarfulltrúa kosna, sem hann á af tölum þessum. Ef eigi standa svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver bæjarfulltrúaefni hafa náð kosningu á hverjum lista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, ef hann hefir eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og ef hann hefir aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sér lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fyrirsvarsmönnum listans og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heilt atkvæði. Þeir sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sé jafnt tölu fulltrúa þeirra, er kjósa skal, að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Síðan skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Ef sami maður hefir fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá

23 14. júní skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir bæjarfulltrúar, og svo margir af hverjum lista sem honum ber samkvæmt því, sem áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

15. gr.

19. gr. laganna hljóði svo:

Hver listi, sem hlotið hefir bæjarfulltrúa, hefir rétt til jafnmargra varafulltrúa, en sá listi, er ekki hefir hlotið bæjarfulltrúa, hefir ekki rétt til varafulltrúa, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varafulltrúa á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og bæjarfulltrúana, þannig, að kjörstjórn lýsir þá varafulltrúa, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem bæjarfulltrúakjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einhverjum lista fengið jafnmörg atkvæði og þeir geta ekki báðir eða allir komizt að sem bæjarfulltrúar eða varafulltrúar, þá skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn hafa atkvæði á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, sem dreginn er, segir þá til, hvern skal taka.

16. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Rétt er að hafa hreppsnefndarkosningar leynilegar, ef hreppsnefnd ákveður eða 1/6 kjósenda lýsir ósk sinni um það skriflega fyrir oddvita kjörstjórnar 2 vikum fyrir kjörfund.

Kjósandi hver kýs svo marga menn sem kjósa skal.

17. gr.

30. gr. laganna fellur niður, en 31. gr. verður 30. gr. og hljóði svo:

Kosningar þær, er að framan segir, má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd utan kaupstaða, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fékk kæruna, og hreppsnefnd kveða upp úrskurð sinn innan 14 daga og bæjarstjórn innan viku þar frá. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til at-

vinnumálaráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku 23
til atvinnumálaráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að 14. júní
fylgja, sett á póst innan sama tíma.

18. gr.

31. gr. laganna, sem er ný grein, hljóði svo:

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn eða verður kosinn sérstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, í fyrsta sinni að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum 1930, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrétt í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrétt.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, ákvæði um starfsvið hans, laun og skrifstofufé, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórnin kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og endurskoðenda gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbréf.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarsjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiftingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykkt ákveðið að setja sérstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd vissra málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

19. gr.

33. gr. laganna skal orða svo:

Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann til 6 ára og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsbúar, er sýslunefnd kýs.

Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega, með að minnsta kosti 8 daga fyrirvara.

Kosningu til sýslunefnda skal haga eins og segir í 20. gr., enda má leynilega kosningu hafa samkvæmt 21.—27. gr.

23 14. júní

Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

20. gr.

Næst á eftir 35. gr. laganna bætist inn í ný gr., er orðist svo:

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, ef þess er krafizt og fer þá um kosninguna eftir fyrirmælum 32. gr.

VI. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

21. gr.

1. málsgr. 37. greinar laganna fellur niður.

Í stað síðustu málsgr. 37. gr. komi:

Ennfremur falla úr gildi þessi ákvæði:

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 3. málsgr. 1. gr.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn í Vestmannaeyjum, 3. gr. 2. málsgr., og 1. málsgr. sömu greinar, að svo miklu leyti sem hún kemur í bág við lög þessi.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 2. gr. síðari málsliður 1. málsgr. og 2. málsgr.

Lög nr. 48, 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, 7. gr.

Svo og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bág við ákvæði laga þessara.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Þá er þau hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 43, 15. júní 1926, og gefa þau út svo breytt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

LÖG

24
14. júní

um

sérstakar dómþinghár í Óspakseyrar- og Fellshreppum í Strandasýslu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Óspakseyrarhreppur og Fellshreppur í Strandasýslu skulu vera sérstakar dómþinghár og þingstaðirnir vera að Óspakseyri og Stóra-Fjarðarhorni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

LÖG

25
14. júní

um

gjaldþrotaskifti.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bú einstaklings, firma eða félags er skylt að taka til gjaldþrotaskifta:

1. Ef þess er krafizt af þeim, er telur sig ekki geta að fullu staðið í skilum við lánardrottna sína og á ekki nægilegt fé til greiðslu skulda sinna.

25 14. júní

2. Eftir kröfu lánardrottins um bú manns, er strokið hefir af landi brott eða felur sig, að því er ætla má sökum skulda, enda sé hætta á því, að dráttur á gjaldþrotaskiftum baki lánardrottnum tjón.
3. Eftir kröfu lánardrottins, ef hann sannar með árangurslausri aðför eða löghaldsgerð, eða með játningu skuldunauts, að bú hans hrökkvi eigi fyrir skuldum.

Hver sá atvinnurekandi eða kaupmaður — þar með talin félög, firmu eða einstakir menn, er reka verzlun, útgerð, siglingar, verksmiðjuiðnað eða einhvern slíkan atvinnurekstur —, sem stöðvað hefir greiðslu á skuldum sínum, enda sjái hann fram á það, að hann geti ekki greitt þær að fullu, og fjárhagur hans versnað síðasta reikningsár, er skyldur til þess að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskifta.

2. gr.

Sá, er krefst þess, að bú sitt verði tekið til gjaldþrotaskifta, skal senda skiftaráðanda um það skriflega beiðni og telja þar fram ástæður sínar fyrir beiðninni, láta fylgja lista yfir eignir og skuldir og skrá yfir verzlunarbækur þær, er hann hefir haldið.

Komi krafan um gjaldþrotaskiftin frá lánardrottni, skal henni fylgja rökstuðningur og skilríki, svo sem útskrift af árangurslausri aðför eða löghaldsgerð.

3. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir tekið við kröfu um gjaldþrotaskifti, hvort heldur er frá skuldunaut eða lánardrottni, skal hann tafarlaust rannsaka, hvort krafan sé á rökum reist, og getur hann í því skyni kallað á fund sinn lánardrottna eða skuldunaut eða hvoratveggju, og krafizt skilríkja og ástæðna af þeim. Neiti skuldunautur að svara spurningum skiftaráðanda og gefa upplýsingar, eða ef hann sækir ekki boðaðan skiftafund án þess að lögleg forföll hamli, er rétt að líta svo á, að skuldunautur samþykki skýrslur lánardrottna. Þegar skiftaráðandi hefir fengið þær skýrslur og upplýsingar, er hann telur þörf á, skal hann kveða upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan um gjaldþrotaskifti skuli tekin til greina eða eigi.

4. gr.

Áfrýjun úrskurðar um það, að bú skuli tekið til gjaldþrotaskifta, frestar ekki skiftum. Þó skal, er svo stendur á, eigi ráðstafa eða selja muni búsins, nema með samþykki þrotamanns, fyr en fullnaðardómur er genginn, nema því aðeins, að eignir liggi undir skemdum.

5. gr.

Gjaldþrotaskifti teljast byrjuð, þegar skiftaráðandi hefir fengið í sínar hendur beiðni skuldunauts, eða kveðið upp úrskurð um skifti að beiðni lánardrottins.

Þegar gjaldþrotaskifti eru byrjuð, getur lánardrottinn, sem gert 25
hefir kröfu um skiftin, eigi afturkallað þau. Hinsvegar getur skuldu- 14. júní
nautur, hafi hann einn gert kröfu um skiftin, afturkallað beiðni sína, ef hann gerir það sennilegt, áður en innköllun er útgefin, að hann geti staðið í skilum við lánardrottna sína, enda komi ekki fram mótmæli frá þeim, er gefið hafa sig fram með kröfur á búið. Skiftaráðandi fellir úrskurð um það, hvort afturköllun á beiðni skuldunauts skuli til greina tekin.

6. gr.

Skiftaráðandi skal tafarlaust auglýsa gjaldþrotaskiftin í Lögbirtingablaðinu og gefa út áskorun (proclama) til lánardrottna, með þeim kröfulýsingarfresti, sem til er tekinn í 2. gr. laga nr. 19 frá 4. júní 1924.

Skylt er skiftaráðanda að auglýsa með sama hætti, ef gjaldþrotaskifti falla niður, og einnig þegar þeim lýkur, sbr. 37. gr.

7. gr.

Þegar skiftaráðandi hefir úrskurðað gjaldþrotaskifti, skal þrotamaður tafarlaust leiddur fyrir lögreglurétt og þar skýra frá ástæðunum til gjaldþrotanna, gera grein fyrir tekjum sínum og gjöldum á síðastliðnum missirum og hvernig fénu hafi verið varið. Hafi þrotamaður verið bókhaldsskyldur, skal hann og gera grein fyrir bókhaldi sínu og efnahagsreikningi, og virðist dómara vera ástæða til, skal hann láta sérfróða menn endurskoða bókhald ásamt eigna- og skuldaframtali þrotamanns, svo fljótt sem verða má, á kostnað búsins.

Sé um félag eða firma að ræða, er gjaldþrota hefir orðið, skal framkvæmdarstjóri þess, forráðamenn eða stjórnendur, svo og endurskoðendur reikninga þess, mæta fyrir lögreglurétti og gera grein fyrir ástæðunum til gjaldþrotanna.

8. gr.

Dómara ber að rannsaka fyrir lögregluréttinum, að hætti almennra lögreglumála, hvort þrotamaður hafi með framferði sínu gert sig sekan um brot á lögum þessum, eða öðrum lagaákvæðum, sem sett eru til verndar almennu lánstrausti.

Virðist dómara það koma í ljós við rannsóknina, að eigi sé ástæða til þess að ætla, að þrotamaður eða aðrir hafi með sviksamlegum hætti átt sök á gjaldþrotinu, og eigi að neinu leyti brotið sett lög og reglur í sambandi við gjaldþrotin, skal dómara þó alltaf skylt að senda dómsmálaráðuneytinu útskrift af prófum málsins, og ákveður það, hvort frekari rannsókn skuli fram fara og hvort höfða skuli mál gegn einhverjum út af gjaldþrotunum.

Ef dómara hins vegar finnst það bert af lögregluréttarrannsókn-

25 inni, að þrotamaður eða einhver annar hafi gerst sekur um sviksamlegt
14. júní atferli í sambandi við gjaldþrotin, með því t. d. að skjóta undan einhverju af eignum búsins, eða með ráðstöfunum til þess að firra búið einhverjum munum þess eða réttindum, eða á einhvern annan hátt brotið gildandi lagaákvæði til verndar almennu lánstrausti, svo sem með því að halda ekki lögboðnar verzlunarbækur eða hafa bókhald þeirra í ólagi, gera vísvitandi rangt upp efnahag sinn, taka vörur að láni án þess að ætla sér að greiða þær, sóa fé sínu með eyðslusömum lifnaði, eða á annan hátt brotið gildandi refsiákvæði, þá skal dómari, án þess hann þurfi að leita til domsmálaráðuneytisins, að undangenginni frekari rannsókn, ef ástæða þykir til, höfða mál til refsingar gegn þrotamanni, stjórn eða framkvæmdarstjóra gjaldþrota félags eða firma, eða öðrum þeim, er ætla megi að eigi sök á afbrotunum.

Reynist þrotamaður eða stjórnendur gjaldþrota fyrirtækis sannir að sökum um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotið, skal dæma þá til þess að hafa fyrirgert rétti til þess að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki um tiltekið árabil, þó ekki skemur en 5 ár, og æfilangt ef miklar sakir eru.

9. gr.

Dómari getur úrskurðað, að þrotamaður eða forráðamenn gjaldþrota fyrirtækis séu settir í einfalt fangelsi, ef þeir gera ekki grein fyrir eignum og skuldum búsins, án þess að hafa gildar ástæður fyrir sig að bera, eða ef þeir þrjózkast við að láta í té upplýsingar við uppskrift á eignum búsins eða gefa skýrslur um ástæður og hag búsins, svo og ef þeir reyna að fara úr lögsagnarumdæminu án leyfis dómara. Lengd fangelsistímans skal hverju sinni ákveðin af dómara, eftir því sem honum virðast ástæður til, þó eigi lengur en 6 mánuðir.

10. gr.

Heimilt er skiftaráðanda, með samþykki skiftafundar, að veita þrotamanni ókeypis afnot húsgagna, húsnæðis, jarðnæðis, búsmuna og búsmala, ef ætla má, að þrotamanni eða fjölskyldu hans sé örðugt án þess að vera í bili. Einnig má veita þrotamanni styrk af fé búsins, sér og sínum til framfæris, ef ætla má, að yfir honum vofi neyð. Styrk og afnot búsmuna má ekki lengur veita en eitt ár, nema allir lánardrottnar verði á það sáttir, en þó aldrei eftir að skiftum búsins er lokið.

11. gr.

Þegar gjaldþrot byrja, skal þrotamaður tafarlaust sviftur umráðum yfir öllu því, er talið verður til eigna hans, svo og því, sem hann eignast meðan á skiftunum stendur, og skal eignum hans varið til þess að fullnægja öllum þeim löglegum kröfum, er voru á hendur þrota-

manni, er skifti byrjuðu, svo og til greiðslu kostnaðar þess, er af skift- 25
unum leiðir. Undanþegin eru þó gjaldþroti þau verðmæti eða munir, er 14. júní
ekki má gera fjárnám í samkvæmt fyrirmælum einstakra manna, laga-
ákvæða eða annara sérstakra heimilda og undantekninga laga þessara.

12. gr.

Eftir að gjaldþrotaskifti byrja, getur enginn öðlazt rétt á hend-
ur búinu með samningum við þrotamann, né losazt undan skyldum, er
á honum hvíla gagnvart því. Undantekning er þó, ef samið er við þrota-
mann áður en viðskiftin eru auglýst, enda hafi þá viðsemjanda verið
ókunnugt um, að skiftin voru byrjuð.

13. gr.

Tæmist þrotamanni arfur meðan á skiftum stendur, rennur arf-
urinn til þrotabúsins. Sama er um dánargjafir og aðrar gjafir, er þrota-
manni hlotnast á því tímabili. Ákvæði þessi koma þó því aðeins til fram-
kvæmda, að lögmætar ákvarðanir arfleifanda eða gefanda séu því
ekki til fyrirstöðu.

14. gr.

Ef gjaldþrotabúi berast peningar, vörur, farmskrár, víxlar eða
annað þess háttar, sem sent hefir verið þrotamanni til þess að hann
greiddi andvirði fyrir, þá getur búið orðið eigandi að slíkum munum,
þótt þeir hefðu ekki verið orðnir eign þrotamanns áður, ef búið greiðir
andvirðið á réttum gjalddaga.

15. gr.

Það, sem þrotamaður vinnur sér inn meðan á skiftum búsins
stendur, rennur ekki til búsins.

16. gr.

Allar lögmætar kröfur, er lánardrottnar hafa á hendur þrota-
manni, sem fullnægja á með eignum búsins, verður að meta til peninga-
verðs, og sé miðað við, hvað miklu það varði lánardrottna að fá kröf-
urnar greiddar.

Allar kröfur á hendur þrotamanni, sem búinu ber að greiða, eru
í gjalddaga fallnar, þegar skifti byrja, og getur búið greitt þær þegar
í stað, án tillits til gjalddaga þess, sem þrotamaður kann að hafa sam-
ið um.

17. gr.

Hver sá, er skuldar þrotabúi, getur dregið frá það, er hann á
hjá því, hvernig sem skuld og gagnkröfu er varið, en þó því aðeins, að
lánardrottinn sjálfur, eða sá, er hann hefir erft skuldakröfuna eftir,

25 hafi fengið hana áður en skiftin byrjuðu, enda hafi lánardrottni þá eigi
14. júní verið kunnugt um, að þrotamaður átti ekki fyrir skuldum, né lánardrottinn fengið framsal kröfunnar með það fyrir augum að skuldjafna kröfu væntanlegs þrotabús við kröfu þess á hendur sér. Skiftaráðandi skal gera gangskör að því að upplýsa og staðreyna, hvernig krafa sú er tilkomin, er lánardrottinn vill skuldjafna við kröfu búsins á hendur sér, og gæta þess sem auðið er, að til skuldjafnaðar geti ekki komið, ef lánardrottinn hefir fengið gagnkröfu sína með þeim hætti, er að framan greinir, og getur skiftaráðandi látið kröfuhafa staðfesta framburð sinn með eiði, ef honum virðist ástæða til.

Eigi má framselja skuldabrjef búsins, áður en liðinn sé innköllunarfrestur, né heldur síðar, ef mótkröfu er lýst á þann hátt, að fyrirgert sé með því gagnkröfurétti.

18. gr.

Hafi þrotamaður tekið fasteign á leigu, kemur búið í hans stað frá því að gjaldþrotaskifti hefjast, nema öðruvísi hafi verið um samið. En búið og leigusali geta sagt upp leigumálanum með venjulegum uppsagnarfresti, miðað við fardaga eða flutningsdag, þó samið hafi verið um lengri leigutíma eða lengri uppsagnarfrestur tilskilinn. En bæta verður þá sá, er leigumálanum segir upp, halla þann, sem gagnaðili kann að bíða af því, að leigumálanum var ekki haldið áfram.

19. gr.

Hafi þrotamaður á síðustu 6 mánuðum áður en hann varð gjaldþrota greitt skuld, hvort sem hún var fallin í gjalddaga eða eigi, með því að láta af hendi við lánardrottinn fasteign, skip eða aðra þá muni, er telja verður óvanalegan gjaldeyri, eftir öllum ástæðum, eða hefir greitt skuld, er eigi var fallin í gjalddaga, þó með vanalegum gjaldeyri sé greitt, þá getur búið riftað greiðslunni og krafizt þess, að lánardrottinn skili aftur því, sem hann hefir fengið, eða andvirði þess.

20. gr.

Veðskuldbindingar þær, er þrotamaður hefir gengizt undir á tímabili því, er ræðir um í 19. gr., til tryggingar kröfum á hendur honum, sem ekki eru stofnaðar á sama tíma, eru ógildar að því er búið snertir.

21. gr.

Ákvæði 19. og 20. gr. eiga þó ekki við, ef þrotamaður sannar, að hann hafi átt fyrir skuldum, þegar greiðslan eða veðsetningin fór fram. Það sama gildir og, ef sá, er þrotamaður hefir skift við, færir fram sönnur fyrir því, að hann hafi haft fulla ástæðu til að ætla, að þrotamaður ætti fyrir skuldum, þegar svo stendur á, er í áðurnefndum greinum segir.

22. gr.

Hafi farið fram fjárnám til sölu við uppboð eða löggeymslu, eftir sætt um greiðslu skuldar, er þrotamaður hefir gengið að, á tímabili því sem um er að ræða í 19. gr., eða eftir dómi í máli, er höfðað hefir verið á sama tímabili, þá falla í burtu sérréttindi þau í búinu, er af fjárnáminu eða löggeymslunni leiðir, nema því aðeins, að sannað verði, að þrotamaður hafi enn átt fyrir skuldum, þegar sættin var gerð eða mál höfðað, eða ef lánardrottinn sannar, að hann hafi haft fulla ástæðu til þess að ætla, að þrotamaður ætti þá fyrir skuldum.

23. gr.

Hafi þrotamaður á undan gjaldþroti sínu og þegar hann hlaut að sjá, að það mundi bráðlega að höndum bera, ívilnað sumum lánardrottnum sínum, hinum til tjóns, þannig að saknæmt sé, þá getur búið krafizt þess, að greiðslunni eða ráðstöfuninni sé rift og að lánardrottinn skili aftur því, er hann hefir þannig fengið, eða andvirði þess, séu líkur til þess, að lánardrottni hafi verið kunnugt um ástæður þrotamanns, þegar greiðslan eða ráðstöfunin fór fram.

24. gr.

Þegar einhverjum ber að skila búinu því, er hann hefir tekið við, eða verði þess, eftir ákvæðum næstu greina hér á undan, á hann rétt á því, að honum sé greitt aftur það, er hann hefir látið af hendi við þrotamann, umfram það, er hann fékk greiðslu fyrir. Og þegar greiðslu er skilað aftur, er afstaða hans til búsins að þessu leyti sú sama og ef engin greiðsla hefði fram farið.

Sé eindagaður víxill greiddur með vanalegum gjaldeyri, er ekki unnt að krefjast þess, að sá skili aftur greiðslunni, sem hafði haft rétt til þess að krefjast greiðslu á víxlinum hjá öðrum, ef bú skuldunauts yrði tekið til gjaldþrotaskifta, en hafi misst þennan rétt við greiðsluna. Hinsvegar má krefjast upphæðar þeirrar, er víxillinn var greiddur með, af þeim, sem að lokum hefði haft hag af greiðslunni, ef hann hefði ekki áður verið greiddur, enda hafi honum, þegar hann gaf út eða framseldi víxilinn, verið kunnugt um, að svo var ástatt fyrir skuldunaut eins og segir í 25. gr.

25. gr.

Hver sá, er á hinu síðasta ári áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu, ef þrotamaður átti þá ekki fyrir skuldum, hefir þegið af honum gjöf, er skyldur að skila gjöfinni aftur eða andvirði hennar, ef ástæða er til þess að ætla, að gjafþega hafi þá verið kunnugt um, að þrotamaður átti þá ekki nægilegt fé fyrir skuldum. Ef það hefir bakað gjafþega fjárútlát að taka á móti gjöfinni, ber búinu að greiða það að fullu. Hið sama gildir

25 14. júní

þótt ráðstöfun þrotamanns líti út sem sala, makaskifti, leigumáli eða annar slíkur viðskiftagerningur, ef ætla má af öllum atvikum, að ráðstöfunin hafi í raun og veru verið gjöf.

26. gr.

Hafi þrotamaður á síðustu tveim árunum áður en gjaldþrotaskiftin byrjuðu varið meiru fé en svo, að samsvari efnahag hans, til þess að kaup lífeyri eða lífsábyrgð eða þesskonar tekjur handa sér, konu sinni eða lögerfingjum, eða til þess að gefa öðrum, þá getur búið hagnýtt sér þann rétt, er þrotamaður hefir sjálfur, til þess að slíta samningnum og krefjast endurgreiðslu, ef búinu bætast tekjur við það.

27. gr.

Allar afhendingar, hvort sem eru gjafir, kaup eða önnur afsöl á milli hjóna, þar með talinn kaupmáli, svo og aðrir slíkir löggerningar á milli foreldra og barna, tengdaforeldra og tengdabarna, arfleifanda og erfingja, skulu ógildir vera, ef þær hafa farið fram eftir að þrotamaður átti ekki nægilegt fé fyrir skuldum, geri einhver lánardrottinn í búi þrotamanns kröfu um ógildingu. Sönnunarbyrði þess, að þrotamaður hafi átt nægilegt fé fyrir skuldum, þegar löggerningar þessir fóru fram, hvílir á þrotamanni.

Hafi þrotamaður gert kaupmála tveim árum eða skemmri tíma fyrir gjaldþrot sín, er hann ógildur, þótt þrotamaður hafi þá átt nægilegt fé fyrir skuldum.

Þó skal kaupmáli halda gildi, þótt skemmri tími sé liðinn en 2 ár, ef hann er gerður fyrir giftingu, enda hafi eign sú, sem kaupmáli er gerður um, áður verið í eigu þess hjóna, sem séreign öðlast samkvæmt kaupmálanum.

Hafi þrotamaður afsalað sér arfi, er hann átti í vændum, á árinu næsta áður en hann varð gjaldþrota, er það afsal ógilt gagnvart þrotabúinu, nema þrotamaður sanni, að hann hafi þá átt nægilegt fé fyrir skuldum.

28. gr.

Hafi sá, er haft hefir viðskifti þau við þrotamann, er ræðir um í 19.—27. gr. afhent öðrum hluti þá eða réttindi, er hann hefir fengið, hefir búið þá einnig gagnvart þeim rétt á að krefjast munanna eða réttindanna, eða andvirðis þeirra, ef ætla má, að þeim hafi verið kunnugt um, að tilgangurinn með framsalinu væri sá, að hindra búið í því að njóta réttar síns.

29. gr.

Hafi þrotamaður á mánuðinum næsta áður en bú hans var tekið til gjaldþrotaskifta keypt vörur eða muni, sem hann hefir ekki greitt,

og vörurnar eða munirnir eru óskertir í vörzlum hans, þegar skiftin byrja, getur sá, er selt hefir vörurnar eða munina, krafizt þeirra úr búinu aftur, nema líklegt þyki, að honum hafi verið kunnugt, þegar hann gerði kaupin við þrotamann, að hann ætti ekki lengur fyrir skuldum og að gjaldþrot væru yfirvofandi. 25 14. júní

Geri lánardrottinn slíka kröfu á hendur búinu, skal skiftaráðandi láta hann leggja fram sannanir fyrir kröfu sinni, og kveða síðan upp rökstuddan úrskurð um það, hvort krafan verði tekin til greina eða ekki. Þeim úrskurði má áfrýja með venjulegum hætti.

30. gr.

Mál þau, sem höfðuð eru til þess að rifta ráðstöfunum samkvæmt 19.—28. gr., skal sá fara með fyrir hönd lánardrottna, sem til þess verður kjörinn á skiftafundi. Með mál þessi skal fara sem gestaréttarmál, og er varnarþing málsins heimili þrotamanns. Mál skal höfða tafarlaust, þegar skiftafundur hefir tekið ákvörðun um það, og reka með hæfilegum hraða, svo það tefji ekki fyrir skiftum búsins.

31. gr.

Hver lánardrottinn getur heimtað gjaldþrotaskifti eftir ákvæðum laga þessara í dánarbúum, sem eigi hrökkva fyrir skuldum, sbr. 81. gr. skiftalaganna frá 12. apríl 1878. Þegar skiftaráðandi skiftir búi milli hjóna, sem bæði eru á lífi, eða búi milli þess hjóna, er eftir lifir og ábyrgist skuldir búsins, og erfingja hins látna, getur einnig hver lánardrottinn krafizt gjaldþrotaskifta á búinu, ef svo er ástatt fyrir því hjóna, er í hlut á, að krefja megi gjaldþrotaskifti á búi þess eftir lögum þessum. Í búum þeim, er ræðir um í þessari grein, skal reikna fresti þá, er getur um í 19., 20., 22., 25. og 26. gr., frá þeim tíma, að búið var tekið til skiftameðferðar.

32. gr.

Skiftaráðanda skal skylt, þar sem því verður við komið og máli skiftir, að ávaxta í banka eða sparisjóði fé gjaldþrotabúa og annara þeirra búa, sem undir opinberum skiftum eru, þannig að lánardrottnar eða erfingjar njóti vaxta af inneign búanna. Skal skiftaráðandi að jafnaði hafa sérstaka sparisjóðsbók fyrir hvert bú, er hann hefir undir skiftum, og leggja þar inn jafnóðum það fé, er búunum berst.

33. gr.

Komi það í ljós meðan á gjaldþrotaskiftum stendur, að búið hrökkvi eigi fyrir kostnaði við skiftin, skal þegar lúka skiftum, enda ber sá, er gjaldþrotanna hefir krafizt, ábyrgð á greiðslu þess kostnaðar, er ekki fæst greiddur af eigum búsins. Þó getur lánardrottinn sá, er

25 krafizt hefir gjaldþrotaskifta og er í vafa um ástand búsins, komist hjá
14. júní frekari ábyrgð, ef hann lýsir yfir því og lætur bóka í skiftabók, að hann álíti, að búið hrökkvi ekki fyrir kostnaði við framhald skiftanna, og að þann kostnað vilji hann ekki greiða, er framhald skiftanna hefir í för með sér, og getur hann þá krafizt þess, að skiftunum skuli þegar lokið.

34. gr.

Að liðnum innköllunarfresti til lánardrottna, má hvenær sem vill afhenda þrotamanni bú hans í hendur til frjálsra umráða, ef hann sýnir skiftaráðanda skriflegt samþykki til þess frá öllum þeim lánardrottnum, sem hafa gefið sig fram með kröfum á búið. Sönnun fyrir því, að skuld sé greidd að fullu, sem lýst hefir verið í þrotabúið, er jafngild samþykki hlutaðeigandi lánardrottins.

35. gr.

Þegar öðruvísi er ástatt, lýkur gjaldþrotaskiftum með úthlutun skiftaráðanda til lánardrottna.

36. gr.

Skylt er skiftaráðanda að lúka skiftum á gjaldþrotabúum og öðrum búum, sem undir opinberum skiftum eru, svo fljótt sem verða má, en þó aldrei síðar en 18 mánuðum eftir síðustu birtingu innköllunar, nema lögmætur skiftafundur samþykki, að skifti dragist lengur.

37. gr.

Þegar úthlutunargerð gjaldþrotabús hefir verið samþykkt á skiftafundi og skiftum búsins að öðru leyti lokið, skal skiftaráðandi auglýsa í Lögbirtingablaðinu, að skiftum búsins sé lokið, hvenær þau hafi byrjað, hve háa hundraðstölu af kröfum sínum lánardrottnar hafi fengið úr búinu, og hversu háar upphæðir það eru, er lánardrottnar hafa ekki fengið greiddar.

Á sama hátt og eftir sömu reglum skal auglýsa nauðasamninga, sem gerðir eru samkvæmt lögum nr. 19, 4. júní 1924.

Ef bankar, sparisjóðir og opinberar lánstofnanir veita skuldunautum sínum eftirgjafir á skuldum þeirra að einhverju eða öllu leyti, skulu þessar lánstofnanir skyldar að auglýsa eftirgjafirnar í Lögbirtingablaðinu, eftir sömu reglu sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugjörð til leiðbeiningar skiftaráðendum um efni og form þessara auglýsinga. Auglýsingakostnaður greiðist af almannafé.

38. gr. 25

Þrotamaður ber ábyrgð á þeim hluta skulda sinna, er ekki fást 14. júní
greiddar við gjaldþrotaskiftin, 10 ár eftir að skiftum lýkur.

39. gr.

Brot gegn ákvæðum 5. málsgreinar 1. gr. varða sektum eða fangelsi.

Ef skiftaráðandi brýtur í bága við ákvæði 32. og 36. gr. laga þessara, varðar það hann sektum, eða embættismissi, ef miklar sakir eru.

40. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929, og skal beita þeim við þau gjaldþrotaskifti og önnur skifti, að svo miklu leyti sem lögin snerta þau, við þau bú, sem tekin eru til opinberra skifta eftir að lög þessi öðlast gildi. Þau bú, sem tekin eru til skifta fyrir gildistöku laga þessara, hlíta ákvæðum eldri laga. Þó skal beita ákvæðum 36. og 37. gr. laga þessara við þau bú, sem eru undir skiftum, þegar lög þessi öðlast gildi. Skylt skal og að lúka skiftum á öllum þeim búum, sem undir opinberum skiftum standa, þegar lög þessi öðlast gildi, eigi síðar en 18 mánuðum eftir gildistöku laga þessara, með undantekningu þeirri, er getur um í niðurlagi 36. gr.

41. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 7, frá 13. apríl 1894, um ýmisleg atriði, er snerta gjaldþrotaskifti, 8. gr. laga 4. nóv. 1887, um veð, og öll önnur lagaákvæði, er brjóta í bág við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

26
14. júní

LÖG

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til nokkurra ráðstafana vegna alþingishátíðarinnar 1930.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að láta slá sérstaka minnispeninga í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis 1930. Má með konungsúrskurði ákveða, að peningar þessir skuli vera skiftimynt, er gjaldgeng sé hér á landi, og sé gildi þeirra 10 kr., 5 kr. og 2 kr.

II. Að taka í sínar hendur umráð yfir leigubifreiðum, sem notaðar verða til þess að flytja hátíðargesti 1930 um Þingvallavegina og aðra vegi nærlendis, og ákveða hámark bifreiðataxta.

III. Að taka í sínar hendur umráð herbergja í gistihúsum í Reykjavík og á Þingvöllum um allt að þriggja vikna skeið á sumrinu 1930, eftir því sem ríkisstjórnin tiltekur nánar, og ákveða hámarksverð á þeim.

Heimilda þeirra, sem getur í II. og III. lið, skal þó ekki neyta nema nauðsyn krefji að dómi undirbúningsnefndar hátíðarinnar.

2. gr.

Brot gegn ráðstöfunum þeim, er gerðar kunna að verða samkvæmt II. og III. lið 1. gr., varða sektum, allt að 2000 kr., er renna í ríkissjóð. Skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

27
14. júní

um

breyting á lögum um brunamál, nr. 85, 22. nóv. 1907.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 34. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er rétt að skipa sérstakan mann til að hafa yfir-eftirlit með því, að lögum þessum sé hlýtt. Skal hann og leiðbeina bæjar- og sveitarstjórnum um allt það, er við kemur verklegum og skipulegum framkvæmdum til brunavarna. Til ársloka 1931 greiðir ríkissjóður kostnað við yfir-eftirlitið að hálfu og Brunabótafélag Íslands að hálfu. Eftir það fer um kostnaðinn við eftirlitið eftir samkomulagi á milli ríkisstjórnarinnar og Brunabótafélagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

28
14. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stafliður c. í 2. tölul. 3. gr. laganna orðist svo:

Sé hann búsettur í kaupstað eða kauptúni, sem læknir er búsettur í, að hann hafi ekki árstekjur meiri en 4500 kr., að viðbættum 500 kr. fyrir hvert barn innan 15 ára, sem er á framfæri hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 42, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

LÖG

29
14. júní

um

breyting á lögum nr. 19, 15. júní 1926, um kynbætur hesta.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað „14. maí" í 5. gr. laganna kemur: 20. apríl.

2. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, sem verður 11. gr., svo látandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Atvinnumálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nákvæm fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, sérstaklega um kostnað við kynbæturnar og valdsvið kynbótanefnda.

Í reglugerð má ákveða, að brot gegn henni varði sektum, frá 50—500 kr., sem renna að hálfu í sveitarsjóð þar, sem brotið verður uppvíst, og að hálfu í sveitarsjóð þar, sem hinn seki á heima.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

30 14. júní

HAFNARLÖG

fyrir

Hafnarfjarðarkaupstað.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til hafnargerðar í Hafnarfirði veitast úr ríkissjóði allt að 333000 — þrjú hundruð þrjátíu og þrjú þúsund — krónur, gegn tvöföldu fjárframlagi úr hafnarsjóði kaupstaðarins. Fjárhæð þessi greiðist bæjarstjórn Hafnarfjarðar að sömu tiltölu og hafnarsjóður leggur fram til fyrirtækisins árlega.

2. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 667 þús. króna lán, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar kann að fá til hafnargerðar.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og að leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Hafnarfjarðar. Nú vill annarhvor aðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Hafnarfjarðar.

4. gr. 30

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó 14. júní
fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi, nema bæjarstjórnin veiti eða hafi veitt samþykki sitt til.

Sá, sem gera vill eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu af hvoru þeirra eftir. Hafnarnefndin afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar, er ákveður, hvort leyfið skuli veitt. Skjóta má þó þeirri ákvörðun undir úrskurð stjórnarráðsins.

Sá, sem fengið hefir leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal skyldur að halda því svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 10—200 krónum, og hafnarnefndin getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eigenda.

Nú hefir bryggja eða annað mannvirki legið ónotað í 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að láta taka það burt án endurgjalds til eiganda.

5. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálanna undir yfirumsjón stjórnarráðs Íslands.

6. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd, er bæjarstjórnin kýs á sama hátt og aðrar nefndir, eftir því sem bæjarstjórnarlögin og kosningalög mæla fyrir um. Svo er og um tölu hafnarnefndarmanna í og utan bæjarstjórnar.

Nefndin sér um viðhald og umbætur á höfninni og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, en hafnargjaldkeri annast fjármál hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórnin skipar starfsmenn hafnarinnar eftir tillögu hafnarnefndarinnar.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðsins má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðsins og bæjarstjórnin hefir ábyrgð á eigum og fé hafnarinnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis stjórnarráðsins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekj-

30 14. júní um þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir, af skipum og bátum, er hafna sig á hinni löggiltu höfn Hafnarfjarðar, eins og takmörk hennar verða ákveðin með reglugerðinni, og farmi þeirra:

1. Lestagjald.
2. Vitagjald.
3. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær ekki eru settar á land.
4. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
5. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjald fyrir afnot af öðrum eigum hafnarinnar, skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn Hafnarfjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Fela má bæjarfógeta Hafnarfjarðar innheimtu á þeim.

Herskip og skemtiskip skulu vera undanþegin lestagjaldi.

11. gr.

Nú má álíta, að tekjurnar af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórnin, með sérstöku samþykki ráðherra Íslands fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á að- og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í landssjóð. Gjald þetta innheimtir tollgæzlumaður landssjóðs, og fær hann 2% í innheimtulaun. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun þessa skal ræða á tveimur fundum á sama hátt og fjárhagsáætlun bæjarsjóðsins, og skal hún fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. — Áætlun sendist stjórnarráðinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, og skal hún þá senda stjórnarráðinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, ef kostur er, að samþykki stjórnarráðsins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér.

30 14. júní

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárupphæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallizt hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis stjórnarráðsins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyr má eigi framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúar, skal gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar.

Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarsjóðsreikningana.

Samrit af reikningnum, eins og hann hefir verið úrskurðaður af bæjarstjórninni, sendist síðan stjórnarráðinu.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveðið með reglugerð, er bæjarstjórnin semur og stjórnarráðið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni, 10—500 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Sem almenn lögreglumál skal með þau mál farið, sem rísa út af brotum gegn 4. gr. laga þessara og reglugerðum þeim, er settar verða samkvæmt þeim.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

31
14. júní

LÖG
um
Búnaðarbanka Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I KAFLI.

Stofnun og skipulag bankans.

1. gr.

Banka skal stofna, er nefnist Búnaðarbanki Íslands. Á Norðurlandamálum er heiti hans Island Landbrugsbank, á ensku The Rural Bank of Iceland.

2. gr.

Tilgangur bankans er að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiftum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu.

3. gr.

Búnaðarbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins undir sérstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í VIII. kafla laga þessara.

Bankinn starfar í 6 deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær sparisjóðs- og rekstrarlánadeild, veðdeild, bústofnslánadeild, Ræktunarsjóður, lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún og Byggingar- og landnámssjóður. Skal halda algerlega aðgreindum varasjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

4. gr.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans. Til þess að taka lán erlendis, án tryggingar í sjálfs sín eignum, þarf bankinn sérstaka lagaheimild í hvert sinn, að undanteknu láni samkv. 11. gr. laga þessara.

5. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. En auk þess getur bankinn haft útibú eða umboðs-

skrifstofur þar sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki ráðherra. 31 14. júní

II.. KAFLI.

Sparisjóðs- og rekstrarlánadeild.

6. gr.

Sparisjóðsdeildin tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

7. gr.

Sparisjóðsdeildinni er heimilt, í samræmi við tilgang bankans (sbr. 2. gr.):

1. Að kaupa og selja víxla, tékka og ávísanir.
2. Að veita lán rekstrarlánafélögum eða kaupa víxla sparisjóða, samvinnukaupfélaga, banka eða bankaútibúa, með því skilyrði, að féð sé eingöngu notað til þess að lána það út aftur til rekstrarlánafélaga, sem stofnuð kunna að verða og starfrækt samkvæmt sérstökum lögum um slík félög.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfskuldarábyrgð.
5. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

8. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minnsta kosti 15% af innlánsfé með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, jarðræktarbréfum, veðdeildarbréfum Búnaðarbankans eða Landsbankans eða öðrum verðbréfum, er bankastjórn og ráðherra telja jafntrygg. Í stað verðbréfa má koma inneign í sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands.

9. gr.

Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar.

10. gr.

Ríkisstjórnin skal, ef ástæður leyfa sjá um, að handbært fé opinberra sjóða, sem ekki eru geymdir í Söfnunarsjóði, séu geymdir í sparisjóðsdeild bankans, að svo miklu leyti sem þörf er á fyrir útlánsstarfsemi deildarinnar, enda séu þeir ekki sérstaklega ætlaðir til eflingar öðrum atvinnuvegi.

31 14. júní

11. gr.

Nú þykir sparisjóðsdeild ekki hafa nægilegt fjármagn til þess að fullnægja lánsþörf, sérstaklega til rekstrarlána samkv. 7. gr. 2, og er þá ríkisstjórninni heimilt að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir viðbótarláni erlendis, allt að 3 milj. kr.

12. gr.

Sparisjóðsdeildin nýtur allra hlunninda og lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sé ákveðið í þessum lögum.

III. KAFLI.

Veðdeild bankans.

13. gr.

Ríkissjóður leggur veðdeild bankans til stofnfé að upphæð minnst 1250000 króna. Stofnfé þetta greiðist þannig, að veðdeildin tekur við því af skuldabréfum viðlagasjóðs, sem ekki afhendist bústofnslánadeild samkv. 41. gr.

Kirkjujarðasjóðinn skal, að því leyti sem fé verður fyrir hendi vegna innlausnar bankavaxtabréfa sjóðsins og ríkisstjórnin telur, að við verði komið, ávaxta í veðdeild Búnaðarbankans.

14. gr.

Fyrst um sinn greiðist engir vextir af stofnfénu. En er varasjóður veðdeildarinnar er orðinn 20% af stofnsjóðnum, greiðir hún ríkissjóði 4% ársvexti af því stofnfé, er ríkissjóður hefir lagt til, þó aldrei meira en helming tekjuafgangs síns.

15. gr.

Tekjuafgangur hvers árs rennur í varasjóð. Nú verður veðdeildin fyrir tapi eða árstekjur hennar hrökkva eigi fyrir útgjöldum, og greiðist þá það, er á vantar, úr varasjóði.

Nú er varasjóður orðinn 30% af stofnsjóði veðdeildarinnar, og má þá leggja það, sem fram yfir er, við stofnsjóðinn.

16. gr.

Veðdeild Búnaðarbankans gefur út bankavaxtabréf, er hljóða á handhafa, en nafnskrá má þau í bókum bankans. Stjórn bankans kveður á um lögun, útlit og fjárhæð bréfanna, en fjármálaráðherra og bankastjórn undirskrifa þau.

Vaxtabréfin skulu gefin út í flokkum. Ákveður bankastjórn hve-

nær lokið skuli hverjum flokki, en það skal ætíð gert áður en liðin eru 8 ár frá því er flokkurinn var opnaður. Hafa má tvo eða fleiri flokka, með mismunandi vöxtum, starfandi í senn. 31 14. júní

Aldrei má vera meira í umferð af vaxtabréfum en nemur áttfaldri upphæð stofnsjóðsins.

Ef meira er gefið út um stundarsakir af vaxtabréfum en nemur þeirri fjárhæð, sem veðdeildin á í veðskuldabréfum, er bera eins háa vexti og vaxtabréfin, þá skal geyma andvirði mismunarins í Landsbankanum, unz því verður varið til útlána.

17. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur fyrir veðdeildina alla eða einstaka flokka vaxtabréfa, skal ákveða vexti bréfanna, gjalddaga þeirra, hvar þá skuli greiða og hvernig haga skuli auglýsingum um greiðslu þeirra. Þar skal og ákveðið tímatakmark, er innlausn allra vaxtabréfa hvers flokks skal vera lokið, og skal það aldrei vera síðar en 48 árum eftir að flokkur var opnaður.

Vaxtamiðar, sem komnir eru í gjalddaga, skulu gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkisins innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

18. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum veðdeildarinnar er:

1. Veðskuldabréf þau, er veðdeildin fær frá lántakendum, og geymt andvirði seldra bréfa samkv. síðustu málsgr. 16. gr.
2. Varasjóður veðdeildarinnar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvörðun reglugerðar, allt að 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Stofnsjóður veðdeildarinnar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan er greint.

19. gr.

Hlutverk deildarinnar er:

1. Að veita lán gegn veði í jörðum og hverskonar fasteignum, sem ætlaðar eru til framleiðslu landbúnaðarafurða eða til almenningsnota í sveitum landsins.
2. Að veita lán bæjar-, sýslu-, eða sveitarfélögum, eða tryggð með ábyrgð þeirra, að áskildu lögmæltu samþykki æðri stjórnarvalda, enda sé lánið ætlað til jarðræktar, búrekstrar eða til einhvers fyrirtækis til almenningsheilla í sveitum.

31 14. júní

3. Að veita lán gegn afgjaldskvöð af fasteign, með forgöngurétti fyrir samningsveði, enda hafi lög verið sett, er heimili að leggja slíkar afgjaldskvaðir á fasteignir. Lán þessi veitast löggiltum félögum fasteignaeigenda, er hafa með höndum félagsmannvirki til umbóta á fasteignum, svo sem raforkuveitur eða önnur slík mannvirki.

20. gr.

Hús og önnur mannvirki, er eldur getur grandað, skulu eigi tekin gild sem veð, nema vátryggð séu í vátryggingarstofnun, er stjórn bankans telur góða og gilda. Veðdeildin getur áskilið sér að annast sjálf vátrygginguna og innheimta iðgjöldin með árgjöldum af láninu.

21. gr.

Að jafnaði má ekki lána nema gegn 1. veðrétti og aldrei yfir $^3/_5$ virðingarverðs fasteignar. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétt, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð og lánin samanlögð eru innan $^3/_5$ virðingarverðs. En af slíku láni má taka sérstakt áhættugjald í varasjóð, eftir ákvörðun bankastjórnar. Minnsta lán skal vera 300 kr., og skulu lán jafnan standa á hundraði króna.

Lánstíminn má aldrei vera yfir 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma, eftir því hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

22. gr.

Eignir þær, sem veðdeildin tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð. Má þar meðal annars ákveða, að stjórn Búnaðarbankans megi tilnefna virðingarmenn. Þar má og heimila, að gildandi fasteignamat komi í stað virðingar á veðinu, eftir tilteknum reglum og ákvörðun bankastjórnar.

Lántakandi skal á hverjum 5 ára fresti eða oftar, ef bankastjórnin krefst þess, sýna skilríki, er bankastjórnin tekur gild, fyrir því, að veðið hafi eigi rýrnað í verði, svo að veðdeildinni geti verið hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda slík skilríki, eða hafi bankastjórn orðið þess vör, að veðsett eign hafi rýrnað í verði, má láta skoðun og nýja virðingu fara fram á kostnað lántakanda.

23. gr.

Í virðingargerðum getur bankastjórn látið tilgreina sérstaklega verð hverrar fasteignar eins og hún er frá náttúrunnar hendi, sjálfrar jarðarinnar eða landsins, og hinsvegar sérstaklega verð þeirra mannvirkja, er gerð hafa verið á landinu, svo sem jarðabóta, bygginga og annara umbóta. Getur bankastjórn ákveðið að veita eigi að jafnaði hærra lán út á neina fasteign en nemur virðingarverði mannvirkja á eigninni, en að sjálfsögðu því aðeins svo hátt, að lánið verði ekki yfir $^3/_5$ virðingarverðs allrar eignarinnar.

24. gr.

Lán þau, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabréfum sínum 14. júní eftir ákvæðisverði þeirra, eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir bréfin, að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabréfa hvers flokks fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæð sinni í varasjóð veðdeildarinnar, um leið og hann tekur lánið. Þó er heimilt að ákveða í reglugerð, að lántökugjaldið greiðist í tvennu lagi.

25. gr.

Nú verða eigendaskifti að fasteign, sem er veðsett veðdeildinni, og getur bankastjórn þá heimtað lánið endurgreitt að öllu eða nokkru leyti ef henni þykir ástæða til.

Vilji nýr eigandi taka að sér lánið, má það verða, ef eignarheimild hans er sönnuð og bankastjórnin samþykkir.

Þegar fasteign, sem veðdeildin hefir veð í, er seld, skal kaupandi tilkynna bankastjórn eigendaskiftin í síðasta lagi á næsta gjalddaga á afborgun lánsins. Heimta má alt að 1% aukagjald af veðskuldinni, er rennur í varasjóð, ef skuldunautur veðdeildarinnar vanrækir að tilkynna bankastjórn þegar í stað, ef verulegar breytingar eru gerðar á veðsettri eign, svo að eignin við það rýrni í verði.

26. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildin veitir, má hún ekki segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, er hann hefir undirgengizt. En ef ákvæðisgjöld hans verða eigi greidd á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér, að það er eigi lengur svo tryggjandi sem vera skal, eða haldi skuldunautur eigi vátryggðum húsum, sem að veði eru og talin eru með í matinu, eða falli á veðið skattar, gjöld eða veðkröfur, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, eða brjóti lánþegi annars í verulegum atriðum skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum veðdeildarinnar eða lánsamningum, er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

27. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu greiða vexti, afborganir og tillög til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs í einu lagi, með jafnri upphæð samtals hvern gjalddaga.

Árlegt tillag til að borga kostnað við veðdeildina og til varasjóðs er ½% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjalddaga.

Á ákveðnum gjalddögum má hver lántakandi, án undangenginnar uppsagnar, greiða aukaafborganir af skuld sinni, þó eigi minna en

31 14. júní

100 kr. í einu, eða að endurborga hana að öllu leyti. Gjald þetta má hann greiða með bankavaxtabréfum þess flokks, er lán hans var veitt úr, eftir ákvæðisverði þeirra. Á öðrum tíma árs má og borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins að það sé veðdeildinni að skaðlausu.

28. gr.

Samningsbundnum afborgunum, sem greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa vaxtabréf þess flokks, er í hlut á, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með og fer fram í viðurvist tveggja manna. Annan kveður ráðherra til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 6 mánaða fyrirvara tölu- og bókstafsmerki bankavaxtabréfa þeirra, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsing þessi skal birt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð.

Aukaafborgunum og endurborgunum lána, sem greiddar eru í peningum, má verja til nýrra útlána, þó svo, að hin nýju lán endurgreiðist innan þess tíma, er önnur lán sama flokks eiga öll að vera greidd. Ella skal þessu fé varið til að innleysa bankavaxtabréf flokksins eftir hlutkesti, eins og áður segir, eða kaupa bréf til innlausnar.

Bankinn má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er segir í 1. málsgrein þessarar greinar, innleysa bankavaxtabréf í stærri stíl.

29. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og er eigi skylt að greiða vexti af höfuðstólnum upp frá því.

30. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sé höfuðstóls eigi vitjað innan 20 ára, en vaxta innan 5 ára, hvorttveggja talið frá gjalddaga.

31. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 9 mánaðar fyrirvara, með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu og í samsvarandi auglýsingablöðum erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf, með sömu upphæð og það, er glataðist,

án þess að nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsal- **31**
að, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum. Um ógilding annara 14. júní
bankavaxtabréfa fer eftir almennum reglum.

32. gr.

Bankavaxtabréf þau, sem innleyst hafa verið, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má eigi framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymzlu í fjárhirzlu veðdeildarinnar. Skal svo við lok næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

33. gr.

Vaxtamiða og vaxtabréf, sem komin eru í gjalddaga, skal borga út í afgreiðslu bankans í Reykjavík. Í reglugerð veðdeildarinnar má ákveða, að útborganir þessar fari einnig fram erlendis, þar sem ætla má, að bréfin séu í umferð.

34. gr.

Fé varasjóðs og stofnsjóðs skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar eða á annan tryggan hátt, er reglugerð ákveður.

Varasjóðurinn er óskiftur til tryggingar útgefnum bankavaxtabréfum allra flokka veðdeildarinnar, en í bókum bankans má sundurgreina hann í deildir, eftir því sem ástæða þykir til.

Nú hefir veðdeildin orðið fyrir tapi og varasjóður, að viðbættri samábyrgð lántakenda, hrekkur eigi til greiðslu þess, og greiðist þá tapið úr stofnsjóði. Ef stofnsjóður á þennan hátt lækkar um 15%, má veðdeildin eigi halda áfram að gefa út bankavaxtabréf, eða veita lán, nema Alþingi ákveði á ný, að hún skuli halda áfram störfum, og með hvaða skilyrðum.

35. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sátta eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febr. 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildinni út til eignar, ef þörf er á. Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og skuldunaut er rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

31 14. júní

Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

36. gr.

Nú hefir veðdeildin orðið að láta leggja sér út veðsetta eign (sbr. 35. gr.) og eignin hefir eigi selzt innan árs frá því er veðdeildin tók við henni, og skal þá greiða veðskuldina úr varasjóði, eða að minnsta kosti svo mikinn hluta hennar, að eftirstöðvar veðskuldar á eigninni séu eigi hærri en þriðjungur virðingarverðs hennar til lántöku, né heldur hærri en boðið var hæst í eignina á uppboði. Skal eignin síðan seld svo fljótt sem unnt er og sýnt þykir, að eigi sé ávinningur að bíða lengur með söluna, og getur kaupandi þá tekið að sér eftirstöðvar lánsins.

Á meðan veðdeildin hefir slíka eign með höndum, skal eigi að síður árlega greiða tilskildar afborganir og vexti af láninu, er greiðist úr varasjóði, ef tekjur af eigninni sjálfri hrökkva eigi til þess.

Í ársreikningum veðdeildar skal gera sérstaklega grein fyrir þeim eignum, sem þannig er ástatt um.

37. gr.

Fé ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildarinnar, en þó eigi hærra verði en skráðu eða almennu gangverði, og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er. Allt það geymslufé, er samkvæmt lögum, skipulagsskrám sjóða eða öðrum gildum ákvæðum má verja til útlána gegn fasteignaveði, má í stað þess geyma í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar.

38. gr.

Ákveða má í reglugerð, að embættis- og sýslunarmenn ríkisins eða bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga skuli endurgjaldslaust eða gegn hæfilegri þóknun, er veðdeildin greiðir, veita bankastjórn upplýsingar og aðstoð, svo sem að láta í ljós álit sitt um verð fasteigna, að hafa eftirlit með viðhaldi veðsettra eigna, að annast innheimtu árgjalda af lánum eða sölu bankavaxtabréfa, eða að inna af hendi önnur álíka störf fyrir veðdeildina.

39. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á allt að 2 miljónum króna í vaxtabréfum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

40. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta fyrst um sinn framkvæmd þessa (III.) kafla laganna um veðdeild bankans.

IV. KAFLI.

Bústofnslánadeild.

41. gr.

Ríkissjóður leggur til tryggingarfé fyrir skuldbindingum bústofnslánadeildar, að upphæð 700 þús. kr., í skuldabréfum viðlagasjóðs, eða öðrum skuldabréfum eigi ótryggari. Ennfremur leggur ríkissjóður deildinni til stofnsjóð, að upphæð 300 þús. kr., er greiðist með 50 þús. kr. árlegu tillagi úr ríkissjóði um næstu 6 ár.

42. gr.

Bústofnslánadeild hefir sérstakan varasjóð og rennur í hann allur tekjuafgangur deildarinnar.

43. gr.

Bústofnslánadeildin gefur út bankavaxtabréf, allt að sexfaldri upphæð tryggingarfjár og stofnsjóðs. Skal hverjum flokki bankavaxtabréfanna lokað innan 5 ára frá því er flokkurinn var opnaður, og innlausn allra bréfa hvers flokks lokið innan 15 ára sama tíma.

Að öðru leyti gilda ákvæði 16. og 17. gr. laga þessara einnig um bankavaxtabréf bústofnslánadeildar.

44. gr.

Til tryggingar vaxtabréfum bústofnslánadeildar er:

1. Veðskuldabréf þau, er deildin fær frá lántakendum, og geymt andvirði seldra bréfa.
2. Varasjóður bústofnslánadeildar.
3. Sameiginleg ábyrgð lántakenda hvers flokks, samkvæmt nánari ákvæðum reglugerðar, allt að 10% af því, sem lán þeirra námu á síðasta gjalddaga áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar.
4. Tryggingarfé og stofnsjóður bústofnslánadeildar.
5. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggingarinnar, skal það gert í þeirri röð, sem að ofan greinir.

45. gr.

Af fé bústofnslánadeildar skal eingöngu veita bændum og öðrum þeim, er kvikfjárrækt stunda, lán til þess að auka bústofn sinn eða koma upp bústofni. Ennfremur má veita sömu mönnum lán til að kaupa verkfæri til jarðyrkju og heyvinnu.

Lán deildarinnar skulu jafnan tryggð með 1. veðrétti í búfé lántakanda og mega ekki hærri vera en helmingur verðs hins veðsetta búfjár eftir verðlagsskrá.

31 14. júní

Ekkert lán má veita gegn veði í búfé, öðru en kúm, nema eigandi fjárins setji auk þess hreppsábyrgð sem viðbótartryggingu, eða aðra tryggingu, sem bankastjórn tekur gilda.

Nú tekur deildin veð í búfé, sem tryggja má gegn sjúkdóma- og slysahættu í vátryggingarsjóðum sveitarfélaga eða á annan hátt, og skal þá jafnan krefjast slíkrar tryggingar.

46. gr.

Hverri lánbeiðni skal fylgja:

1. Vottorð hreppsstjóra um, að lánbeiðandi eigi búfé það, sem boðið er að veði, og það sé ekki veðsett öðrum.
2. Vottorð hreppsnefndar um, að lánþegi hafi ekki lent í fóðurþröng síðustu 5 ár, eða þau ár, sem hann hefir búið, ef skemmra er.
3. Vottorð forðagæzlumanns eða eftirlitsmanns um ástand búfjárins og fóðurbirgðir eigandans.
4. Skýrsla hreppsstjóra samkvæmt framtalsbókum hreppsins um búpeningseign lánbeiðanda síðustu 5 ár, eða þann tíma, er hann hefir búið, ef skemmra er.

Þau skilríki, sem tilgreind eru í 1. og 3. lið, skal lántakandi senda bankastjórn árlega, meðan lánið stendur. Ef lán hefir verið fengið til verkfærakaupa, skal lántakandi senda bankastjórn innan 12 mánaða vottorð hreppstjóra um, að verkfærin hafi verið keypt og séu í eigu lántakanda.

Nánari ákvæði um virðing búfjár til lántöku og um viðhald veðs má setja með reglugerð.

47. gr.

Ef bankastjórn krefst, er hreppstjóri hver skyldur til að senda henni árlega nákvæma skýrslu yfir búfjáreign allra eða tiltekinna búenda í hreppnum.

Nú kemur það í ljós, að lántakandi hefir notað fengið lán til annars en aukningar á bústofni sínum, eða hann hefir fargað aftur af bústofninum, og er lánið þá þegar afturkræft. Auk þess skal lántakandi sæta sektum, frá 20—200 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.Sama gildir um lán, sem fengin eru til verkfærakaupa samkv. 45. gr.

48. gr.

Um útborgun lána, sölu vaxtabréfa og varasjóðsgjald við lántöku gilda ákvæði 24. gr. laga þessara.

49. gr.

Lánin skulu eigi veitt til lengri tíma en 10 ára. Fyrstu 2 árin mega þau standa afborgunarlaus, en vextir greiðast árlega og vara-

sjóðsgjald ¾% af upphæð lánsins eins og það var fyrir hvern gjald- 31
daga. Gjalddagi vaxta og afborgana skal vera 1. nóvember ár hvert. 14. júní

Nú flytur skuldunautur bústofnslánadeildar búferlum, og skal hann þá þegar tilkynna það bankastjórninni. Flytji skuldunautur, er fengið hefir bústofnslán gegn hreppsábyrgð, úr þeim hreppi, án þess að hafa fengið ábyrgð hreppsnefndar framlengda, skal lánið þegar fallið í gjalddaga, enda hafi hann ekki sett aðra tryggingu í hennar stað, er bankastjórn tekur gilda.

Um rétt og skyldur lánþega gilda að öðru leyti ákvæði 26. og 27. gr. laga þessara, svo sem við á.

50. gr.

Um vaxtabréf og innlausn þeirra, greiðslu vaxta, um varasjóð deildarinnar og um skyldur embættismanna til aðstoðar gilda ákvæði 28.—34. gr. og 38.—39. gr. (um veðdeild bankans) einnig um bústofnslánadeildina.

51. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð 4. nóv. 1887 er lántakanda rétt að veðsetja bústofnslánadeildinni einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast kann, og gengur veð deildarinnar fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa innan sama flokks. Sama gildir um veðsetning fóðurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé.

8. gr. sömu laga gildir eigi um veðsetning búfjár og fóðurbirgða til bústofnslánadeildar, og eigi tapar deildin heldur veði sínu, þótt veðbréf sé ekki þinglesið á ný á fyrsta manntalsþingi eftir flutning veðsala í aðra þinghá, nema bankastjórn hafi í tæka tíð verið kunnugt um flutninginn.

Fé ófullráða manna og opinberra stofnana og sjóða má verja til að kaupa bankavaxtabréf bústofnslánadeildar.

52. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán erlendis til kaupa á allt að 1½ milj. kr. í vaxtabréfum bústofnslánadeildar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

V. KAFLI.

Ræktunarsjóður.

53. gr.

Um Ræktunarsjóð gilda sérstök lög (sbr. lög um Ræktunarsjóð Íslands, nr. 17, 13. júní 1925) eins og þau eru nú eða þeim kann síðar

31 14. júní að verða breytt, svo og sérstakar reglugerðir um sjóðinn og starfsemi hans. Þó falla niður sérákvæði þeirra laga um skipun stjórnar sjóðsins, laun stjórnenda og endurskoðun reikninga hans, eftir að Búnaðarbanki Íslands hefir tekið til starfa og tekið við stjórn Ræktunarsjóðs.

Ennfremur heimilast ríkisstjórninni að fella úr gildi samning þann, er gerður var við stjórn Landsbanka Íslands um kaup á verðbréfum sjóðsins, samkvæmt 27. gr. laga nr. 17, 18. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands.

VI. KAFLI.

Lánadeild smábýla við kaupstaði og kauptún.

54. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 þús. kr. á ári í 6 ár til lánadeildar til smábýla í nágrenni kaupstaða og kauptúna.

55. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán innanlands eða utan, allt að 2 miljónum kr., handa lánadeildinni, til starfsemi þeirrar, er henni er ætlað að vinna samkvæmt lögum þessum.

56. gr.

Ríkissjóður afhendir Búnaðarbankanum lánsfé, en deildin stendur aftur ríkissjóði skil á vöxtum og afborgunum láns þess, er ríkissjóður hefir tekið í þessu skyni.

57. gr.

Lán samkvæmt þessum kafla skal aðeins veita til smábýla í grennd við kaupstaði og kauptún, og skal það að jafnaði vera skilyrði fyrir láni, að land það, er býli fylgir, skuli fullræktað eða fullnotað geta veitt meðalfjölskyldu að minnsta kosti þriðjung þess, er þarf til framfærslu henni.

58. gr.

Lán úr lánadeild má veita gegn þessum tryggingum:

a. gegn hverju því fasteignaveði, er bankastjórnin tekur gilt.
b. gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sé býlið ekki veðsett með 1. veðrétti.
c. gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfélaga.

59. gr.

Lán mega nema allt að ¾ af virðingarverði húseigna, mannvirkja og lands eða afnotarétti lands.

60. gr.

Hámark lánsfjárhæðar má vera 15000 krónur.

61. gr.

Í reglugerð bankans skal setja nánari ákvæði um starfsemi þessarar deildar.

VII. KAFLI.

Byggingar- og landnámssjóður.

62. gr.

Um þessa deild bankans gilda sérstök lög (sbr. lög um Byggingar- og landnámssjóð, nr. 35, 7. maí 1928) og reglugerðir, er samkvæmt þeim verða settar.

VIII. KAFLI.

Sérréttindi bankans.

63. gr.

Bankinn er undanþeginn tekjuskatti, útsvari og öðrum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, til ríkissjóðs eða sveitarsjóða, eða til annara stofnana.

Bækur bankans, ávísanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrétt, arðmiðar af skuldabréfum bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

64. gr.

Fé það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi, meðan það stendur þar.

65. gr.

Bankinn er undanþeginn almennum ákvæðum laga um hámarksvexti af útlánum gegn fasteignarveði.

66. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskifti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Búnaðarbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum gert viðvart svo tímanlega að hægt sé að láta mæta við uppboðið.

31
14. júní

IX. KAFLI.

Stjórn bankans, reikningsskil o. fl.

67. gr.

Bankastjórar eru 3, einn aðalbankastjóri og tveir meðstjórnendur.

Ráðherra sá, er fer með mál landbúnaðarins, skipar bankastjórnina og hefir yfirumsjón bankans.

Ráðherra getur sagt bankastjóra upp með 12 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðu sinni með sama fyrirvara. Þó getur ráðherra vikið bankastjóra frá fyrirvaralaust, gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, ef ekki er um slíkt afbrot að ræða af hálfu bankastjóra, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Fráviknum bankastjóra skal skýrt frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Aðalbankastjóri hefir að árslaunum 12000 krónur og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann aldrei hafi hærri laun og dýrtíðaruppbót samanlagt en bankastjórar Landsbanka Íslands. Meðstjórnendur hafa 4000 kr. árslaun hvor og dýrtíðaruppbót eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir þriðjung af dýrtíðaruppbót aðalbankastjóra.

Ráðherra getur um stundarsakir veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun, allt að 50% af launum handa bankastjóranum og 25% af launum handa ekkju hans, en eigi til frambúðar nema samþykki Alþingis komi til.

Ráðherra setur mann til að gegna bankastjórastarfi um stundarsakir, ef bankastjóri forfallast eða sæti hans verður óskipað í bili.

68. gr.

Ráðherra skipar bókara og féhirði bankans, ákveður laun þeirra og víkur þeim frá, allt að fengnum tillögum bankastjórnar.

Aðra starfsmenn bankans velur bankastjórn eftir þörfum og ákveður laun þeirra.

69. gr.

Bankastjórar annast dagleg störf bankans. Tveir bankastjórar skulu undirskrifa, svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, verðbréf eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt aðalbankastjóra, svo og að veita ákveðnum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í til-

teknum málefnum. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuld- 31
bindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo 14. júní
gilt sé.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að féhirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær séu athugaðar. Féhirðir má eigi greiða neina fjárhæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða aðalbankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkv. 1. málsgrein þessarar greinar.

70. gr.

Aðalbankastjóri má eigi hafa embættisstörf á hendi né reka sjálfur atvinnu eða vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar né starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar né ábyrgðarmenn annara.

Bankastjórar og starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

71. gr.

Tveir skulu vera endurskoðunarmenn bankans, skipaðir af ráðherra til tveggja ára í senn, eftir tillögu sameinaðra landbúnaðarnefnda beggja deilda Alþingis, að viðhafðri hlutfallskosningu. Skulu þeir hafa stöðugt eftirlit með rekstri bankans, rannsaka reikninga hans í hverju einstöku atriði og bera þá saman við bækur bankans, verðbréfaeign og heimafé. Þeir skulu að minnsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafé bankans og eignir séu fyrir hendi.

Endurskoðunarmennirnir gefa skýrslu til stjórnarráðs með ársreikningum bankans, og endranær þegar þeim þykir ástæða til. Árslaun endurskoðendanna skulu ákveðin í reglugerð.

72. gr.

Bankastjórnin skal á hverju miðju reikningsári gefa ráðherra stutt yfirlit yfir hag bankans, er birta skal í B-deild Stjórnartíðindanna, og við árslok fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi bankans á árinu. Ráðherra úrskurðar ársreikninginn, og skal því næst birta útdrátt úr honum í B-deild Stjórnartíðindanna.

73. gr.

Heimilt er bankanum að koma upp umboðsskrifstofum úti um land, þar sem bankastjórn og ráðherra telja þörf á. Umboðsskrifstofur bankans geta eigi sjálfar veitt lán, en aðalstörf þeirra skulu vera að taka

31 14. júní við umsóknum um lán og veita lánbeiðendum leiðbeiningar til undirbúnings lántökunni, að borga út lán, er bankinn veitir, ef fé til þess er fyrir hendi í skrifstofunni, að annast innheimtu árgjalda, sölu bankavaxtabréfa og eftirlit með veðsettum eignum, hver í sínu umdæmi.

Ráðherra setur umboðsskrifstofunum nánari starfsreglur og ákveður þóknun til umboðsmanna, hvorttveggja að fengnum tillögum bankastjórnar.

74. gr.

Deildir bankans taka hver um sig þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans. Skifting kostnaðarins ákveður bankastjórn með samþykki ráðherra.

75. gr.

Með reglugerð fyrir bankann má setja þau ákvæði um stjórn hans og starfrækslu, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé gert sérstaklega ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau eigi í bág við nein ákvæði í lögunum.

X. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

76. gr.

Lög um stofnun Ríkisveðbanka Íslands, nr. 64, 27. júní 1921, eru úr gildi numin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

32
14. júní

um

loftferðir.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Um loftför.

1. gr.

Loftförum er frjálst að fara um loftið innan takmarka þeirra, er lög þessi setja eða reglugerðir, er lög þessi hafa í för með sér.

Loftför eru í lögum þessum nefnd loftskip, landflugvélar og sjóflugvélar og flugbelgir.

2. gr.

Loftförum er heimilt að ferðast um Ísland, ef þau eru eign íslenzkra ríkisborgara (samkv. gr. 3—5) eða þau fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 13. gr.

3. gr.

Loftfar skal skrásetja á Íslandi, ef það á að telja íslenzka eign.

4. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið segir fyrir um, á hvern hátt skrásett skuli íslenzk loftför.

5. gr.

Loftfar er ekki unnt að skrásetja, nema það fullnægi skilyrðum þeim, er hér greinir:

1. Loftfarið verður að vera:
   a. alger eign íslenzkra ríkisborgara eða
   b. í vörzlu íslenzkra ríkisborgara, ef á að nota það um lengri tíma en 3 mánuði.

   Ef hlutafélag eða önnur stofnun, sem nýtur lögréttinda, á loft-

32 14. júní

far, verður félagið eða stofnunin að hafa heimili og varnarþing á Íslandi, til að fullnægja skilyrðinu í greinarlið a. Ef annað félag er eigandi eða vörzluhafi, skal félag þetta eiga heimilisfang á Íslandi. Ábyrgir eigendur, hvort sem um félagsskap eða einstaka menn er að ræða, skulu allir vera íslenzkir ríkisborgarar.

2. Færa verður sönnur á samkv. 14. gr., að loftfarið sé hæft til flugferða.
3. Til tryggingar skaðabótakröfum, er kunna að verða gerðar, verður eigandi loftfars samkv. 1. a, eða vörzluhafi samkv. 1. b, að færa sönnur á, að hann hafi séð um vátryggingar fyrir fjárhæð þeirri, er hægt er að krefjast af honum samkv. 33. gr., eða hann setur tryggingar þær, er teknar verða gildar.

6. gr.

Skrásett loftför eru skyld að bera lofthelgismerki og skrásetningarmerki. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður, hvernig lögun og gerð þessara merkja skuli vera.

7. gr.

Eingandi loftfars skal skriflega sækja um skrásetningu.

Í skrásetningarbeiðni skal taka fram nafn og heimili eiganda, ennfremur starfsgrein loftfarsins og annað það, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið kann að krefjast.

Skrásetningarbeiðninni skal fylgja:

a. yfirlýsing um, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er tekin eru fram í 5. gr. 1. málslið,
b. yfirlýsing um, hvort loftfarið hafi áður verið skrásett í öðru ríki,
c. vottorð, er sanni, að loftfarið sé hæft til flugferða samkv. 14. gr.,
d. vátryggingarvottorð samkv. 33. gr. eða yfirlýsing frá yfirvaldi því, er í hlut á, að tryggingar hafi verið settar í samræmi við 33. gr.

8. gr.

Ef lögboðnum skilyrðum er fullnægt, skal skrásetja loftfarið. Á skrá þessa skal setja:

a. tölumerki loftfarsins,
b. hvenær skrásetning hafi farið fram,
c. hverrar tegundar loftfarið sé og annað það, er einkennir það, ennfremur nafn eiganda og til hvers loftfarið skuli notað,
d. athugasemd um, að loftfarið sé hæft til flugferða,
e. athugasemd um vátryggingu og tímagildi hennar eða um tryggingar þær, er hafa verið settar,
f. skrásetningarmerki það, er loftfarið hefir hlotið.

9. gr. 32

Ef einhver breyting verður á atriðum þeim, er tekin eru upp í 8. 14. júní
gr. e.—f. eftir að skráning hefir farið fram, ber að tilkynna breytingarnar hjá skrásetjara. Sér hann þá um að breytingar séu færðar inn eða að loftfarið sé tekið út af skrá samkv. 10. gr.

Ef eigendaskifti verða á loftfari að öllu eða nokkru leyti, ber báðum aðiljum, hinum gamla og hinum nýja eiganda, að tilkynna skiftin. Ef um félagsskap er að ræða og einhverjar þær breytingar verða, er fara í bág við 5. gr. 1. málslið, ber stjórn félagsins tafarlaust að skýra skrásetjara frá þessu.

10. gr.

Loftfar skal strikað út af skrá:

a. ef það hefir ekki fullnægt lögboðnum skilyrðum, en þó komizt á skrá,
b. ef breyting verður á skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslið. Ef loftfar reynist ekki hæft til flugferða, ber að strika það út af skrá, jafnskjótt sem vottorð um flughæfi þess hefir verið ónýtt,
c. þegar loftfar ferst.

11. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur út skrásetningarvottorð. Í vottorði þessu skal vera útdráttur úr skrásetningarskýrslu.

Ef einhver breyting verður á skrásetningaratriðum þeim, er nefnd eru í skrásetningarvottorði, ber skrásetjara að færa breytingarnar á skrásetningarvottorðið eða sjá um, að nýtt skrásetningarvottorð verði gefið út, eða ónýta skrásetningarvottorðið, ef um er að ræða atriði þau, er nefnd eru í 10. gr.

Eiganda ber að sýna skrásetningarvottorð, ef krafizt verður, nema hann geti sannað, að skrásetningarvottorðið hafi glatazt.

Ef eigandaskifti hafa orðið og ekki er fullnægt skilyrðum þeim, er sett eru í 15. gr. 1. málslið, er hinn fyrri eigandi skyldur að sýna skrásetningarvottorð, ef krafizt verður.

12. gr.

Jafnskjótt og skrásetning hefir farið fram, ber að setja loftheilgismerki og skrásetningarmerki (samkv. 5. gr.) á loftfarið.

Ef loftfarið hefir verið strikað út af skrá, ber eiganda, eða ef eigandaskifti hafa orðið og skilyrðum þeim, er sett eru í 5. gr. 1. málslið, hefir ekki verið fullnægt, þá hinum fyrra eiganda að láta taka merkið af loftfarinu.

13. gr.

Á Íslandi mega loftför, sem ekki eru eign íslenzkra ríkisborgara,

32 14. júní

því aðeins halda uppi loftferðum, að eigendur þeirra hafi um það gert sérstakan samning við stjórn landsins og að þau annist aðeins flutning á fólki, farangri og pósti.

14. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur vottorð um, að loftfar sé hæft til flugferða, þegar þess er krafizt.

Vottorðið er veitt:

a. ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið eða trúnaðarmaður þess hefir gengið úr skugga um, að skilyrðum þeim, er ráðuneytið sjálft setur, hefir verið fullnægt,

b. ef vottorð er lagt fram frá yfirvöldum annars ríkis eða opinberri eftirlitsstofnun þess um, að loftfarið sé hæft til flugferða. Þó verður að krefjast þess, að sömu skilyrðum sé að minnsta kosti fullnægt sem þeim, er sett eru af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

15. gr.

Ef loftfar hefir orðið fyrir breytingum eða skemmdum, sem hafa áhrif á flughæfi þess, er flughæfivottorð þess ógilt þangað til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir látið skoðun fara fram, eða eftirlitsstofnun sú, er veitti hið fyrra vottorð. Ef skemmdirnar eru bættar með því að setja varahluta í stað hinna skemmdu eða lagfærðar eru lítilfjörlegar bilanir, þarf skoðun ekki að fara fram.

Ef skoðun leiðir í ljós, að breyta þarf loftfarinu til þess að það sé flughæft eða gagngerðar breytingar þarf að framkvæma, ber atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að ógilda flughæfivottorð þess, meðan á viðgerðum stendur.

Ef loftfar hefir orðið fyrir þeim skemmdum, að ekki er unnt að gera við það, ber atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu að ógilda flughæfivottorð þess að fullu og öllu.

16. gr.

Hver sá, er á loftfar, sem nota á til flugferða á Íslandi, er skyldur til, ef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið krefst þess, að veita trúnaðarmanni ráðuneytisins aðgang að loftfarinu.

Eigandi loftfars eða, ef hann hefir ekki íslenzkan ríkisborgararétt, flugmaður þess, er skyldur að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tafarlaust, ef skoða þarf loftfarið samkv. 15. gr. eða ef ógilding á flughæfivottorði kemur til greina.

17. gr.

Skyldur þær, er hvíla á eiganda loftfars, er taldar eru upp í 7.—17. gr., hvíla einnig á þeim, sem hefir loftfar í vörzlum sínum samkv.

5. gr. málslið 1 b. Þess vegna ber samkv. 7. gr. 2. málslið að taka fram við skrásetningarbeiðni nafn og heimili vörzluhafa og atvinnustörf loftfarsins. Þess vegna ber á skrá loftfara, samkv. 8. gr. c, að geta nafns vörzluhafa og atvinnu loftfarsins, en ekki nafns eiganda eða atvinnu loftfars hans. 32 14. júní

II. KAFLI.

Fluglið.

18. gr.

Flugstjóri hefir skipunarvald í loftfari gagnvart flugliði og farþegum; ef fleiri en einn úr flugliði koma til greina við stjórn loftfars, skal sá hafa skipunarvald, er eigandi samkv. 5. gr. 1 a eða vörzluhafi samkv. 5. gr. 1 b. kveður til þess.

19. gr.

Flugstjóri og aðrir, er teljast til flugliðs, þurfa leyfisbrjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Flugkennarar, er taka þátt í flugæfingum og reynsluferðum, skulu teljast flugstjórar.

Leyfisbréf til að stýra loftfari eða til að aðstoða við flugferðir skulu veitt þeim, er sanna, að þeir hafi staðizt próf þau, er til þessara starfa er krafizt.

Leyfisbréfin eru veitt til ákveðins tíma, og ber því að endurnýja þau, ef handhafi leyfisbréfs hefir sannað, að hann á síðasta ári hafi unnið störf sín óaðfinnanlega og að engar ástæður eru gegn endurnýjun leyfisbréfsins.

Leyfisbréf skal tekið af leyfishafa um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef sannað er, að handhafi sé óhæfur til að stýra eða aðstoða við stjórn loftfars.

Leyfishafa ber sjálfum að tilkynna atvinnu-og samgöngumálaráðuneytinu eða umboðsmönnum þess tafarlaust, ef einhver þau atvik verða, er valda því, að svifta þarf leyfishafa leyfisbréfi um stundarsakir eða fyrir fullt og allt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur gefið út reglugerð um ákvæði hér að lútandi.

20. gr.

Nú vill sá, er eigi hefir leyfisbréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu samkv. 19. gr., stýra loftfari eða aðstoða við stjórn þess, og má þá leyfa honum það:

32 14. júní

a. ef hann hefir leyfisbréf frá erlendu ríki og gildi þess er viðurkennt með ríkjasamningi.

b. ef hann hefir leyfisbréf, sem gefið er út af erlendu ríki og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið samþykkir það.

III. KAFLI.

Lendingarstaðir.

21. gr.

Staði þá, sem notaðir eru til lendinga fyrir loftför og eru opnir til almennra afnota og til þess gerðir, og staði þá, sem notaðir eru til flugsýninga eða venjulega eru notaðir til hringflugs, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið látið taka til fastra lendingarstaða, ef um er beðið. Aðra staði, sem notaðir eru til flugferða, getur ráðuneytið sömuleiðis tekið til afnota fyrir flugferðir, ef það telur, að þeir geti orðið að gagni fyrir almennar, reglubundnar flugferðir um landið.

Ráðuneytið ákveður, með hverjum skilyrðum slíkir staðir skuli notaðir til lendinga. Ef breyting verður á einhverjum þeim skilyrðum, sem sett voru til þess að nota slíka staði til lendinga, ber eiganda staðarins að tilkynna það atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu tafarlaust, og ákveður ráðuneytið þá, hvort staðurinn verði framvegis notaður til lendinga.

IV. KAFLI.

Fyrirtæki til loftferða.

22. gr.

Fyrirtæki þau, sem gera sér að atvinnu að flytja fólk eða varning með loftförum, þurfa til þess leyfi frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu.

Ráðuneytið veitir leyfi þetta til ákveðins tíma, þó ekki lengur en 10 ára. Leyfi ráðuneytisins skal bundið þeim skilyrðum, er nauðsynleg eru til þess að fyrirtækið verði rekið á þeim grundvelli, er fullnægir öryggiskröfum alþjóðar.

Leyfi þetta veitist Flugfélagi Íslands h/f til 10 ára frá því er lög þessi ganga í gildi, með því skilyrði, að félagið komi á reglubundnum loftferðum á Íslandi. Félagi þessu skal vera heimilt að starfa í sambandi við önnur félög um loftferðir milli landa.

23. gr.

Leyfi skal bundið því skilyrði, að atvinnu- og samgöngumála-

ráðuneytið fallist á fargjöld þau fyrir fólk og varning og sömuleiðis 32
flutningaskilmála og vinnubrögð, er loftferðafyrirtækið hefir sett. 14. júní

V. KAFLI.

Samgöngureglur.

24. gr.

Loftferðum á Íslandi skal hagað eftir þeim reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur til þess að forðast árekstur loftfara eða koma í veg fyrir önnur slys meðan á loftferð stendur.

Flugliðum hvers loftfars ber að haga sér eftir reglum þessum, hverjum fyrir sig í sínu starfi.

Meðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið gefur ekki út reglugerð um þessi efni, ber að nota samgöngureglur þær, er gilda í alþjóðaviðskiftum um loftferðir.

Vatnsflugvélar teljast hafa takmarkaða hæfileika til að láta að stjórn meðan hreyfillinn er í ferð, en enga slíka hæfileika, er hreyfillinn nemur staðar, og ber þeim því að næturlagi að hafa ljós þau, er notuð eru af skipum þeim, er teljast hafa takmarkaða hæfileika til að láta að stjórn eða enga.

25. gr.

Loftför mega lenda

a. annarsstaðar en í bæjum og kauptúnum aðeins á ógirtum svæðum — nema þegar um neyðarlending er að ræða.
b. á yfirborði vatns eða sjávar,
c. á lendingarstöðum.

Flugliðið er skyldugt til að segja réttum aðilja frá eiganda loftfarsins og stjórnanda þess. Er réttur aðili hefir fengið þessa vitneskju, er honum ekki heimilt að hindra brottflug loftfarsins.

26. gr.

Loftförum er ekki heimilt að flytja sprengiefni, hernaðarvopn eða hernaðartæki.

27. gr.

Loftför þurfa leyfis atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til þess að hafa og nota áhöld til þráðlausrar firðritunar og firðtals. Þó geta loftför, sem eru eign annars ríkis, haft og notað slík þráðlaus áhöld, ef þau hafa til þess leyfi frá yfirvöldum síns ríkis og tilsvarandi samningur um þetta hefir verið gerður milli Íslands og hins erlenda ríkis.

32 28. gr.
14. júní Vissum svæðum undir ákveðinni flughæð má vegna almenns öryggis loka um stundarsakir eða alltaf (loftgirðingasvæði).

VI. KAFLI.

Reglur um loftsamgöngur við önnur lönd.

29. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, að loftfar á leið milli landa fljúgi yfir landhelgi Íslands á tilteknum stöðum og fljúgi þá eftir ákveðnum reglum og að slík loftför verði að fljúga af stað og að lenda á ákveðnum stöðum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ennfremur ákveðið, að loftför, er fljúga yfir Ísland án þess að lenda, verði að fara tilteknar loftleiðir.

30. gr.

Loftför, er koma frá útlöndum eða fljúga þangað, ennfremur varningur og farangur, er þau flytja með sér inn eða út, eru háð sömu ákvæðum sem önnur farartæki um almenna tolla, heilbrigðisráðstafanir o. a., nema atvinnu og samgöngumálaráðuneytið hafi ákveðið öðruvísi.

Fólk, er ferðast með loftförum til eða frá útlöndum, hlítir almennum ákvæðum um vegabréf og heilbrigði, nema atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið skipi öðruvísi fyrir.

VII. KAFLI.

Ábyrgðarskyldur.

31. gr.

Ef fólk eða varningur, sem ekki er í loftfari, verður fyrir meiðslum eða tjóni við rekstur þess, er eigandinn eða sá, sem ber ábyrgð á rekstrinum skaðabótaskyldur.

Skaðabótaskyldan hverfur, ef sannað verður, að sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hafi sjálfur viljandi eða af vangá valdið tjóninu.

Ef sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni, hefir aðeins að nokkru leyti sjálfur valdið tjóninu, fara skaðabætur eftir atvikum þeim, sem lágu að, einkum eftir því, að hve miklu leyti hver aðili fyrir sig hefir valdið tjóninu.

Ef um líkamsmeiðsl eða heilsutjón er að ræða, ná skaðabæturnar til læknishjálpar og eignartjóns þess, er hinn særði varð fyrir og ollu

því,að hann um stundarsakir eða um lífstíð missti starfskrafta sína að fullu eða að nokkru leyti eða átti erfiðara uppdráttar eða lífsþarfir hans jukust við áfallið.

Ef um dauða er að ræða, getur sá, er greiddi útfararkostnað, krafizt hans aftur. Ef sá, er bana beið, hafði á þeim tíma, er slysið varð, framfærsluskyldu samkvæmt lögum og framfæringur missti við dauða hins rétt sinn til framfærslu, ber hinum skaðabótaskylda að greiða honum skaðabætur um þann tíma, er ætla má, að hinn dáni hefði orðið að greiða framfærslueyri. Skaðabótaskyldan hvílir einnig á, þótt framfæringur sé ekki í heiminn borinn, þegar slysið varð, en aðeins í vændum.

32. gr.

Ákvæði 31. gr. 1. málsliðs koma ekki til greina, ef meiðsl eða skemmdir verða á fólki eða varningi, sem eru innan þess svæðis, sem telst til lendingarstaða (21. gr.).

Ef loftfar eða farmur verður fyrir tjóni vegna árekstrar loftfara, skal farið eftir ákvæðum um árekstur skipa.

Ef tjón verður við árekstur tveggja eða fleiri loftfara, sem þeir eiga að greiða samkv. 31. gr. 1. málslið, er gera út loftförin, eru þeir skaðabótaskyldir allir til samans. Dómstóll úrskurðar — með hliðsjón atvika þeirra, er lágu að tjóninu — hve mikils hluta hins greidda eða þess, sem greiða ber, hver af þeim getur krafizt af þeim, sem ábyrgur eða ábyrgir eru.

33. gr.

Ákvæði þau, sem sett eru í 31. og 32. gr., takmarka að engu leyti rétt þann til skaðabóta, er hver og einn getur krafizt samkvæmt lagaákvæðum.

34. gr.

Eigandi loftfars, sem notað er til loftferða á Íslandi samkv. 3. gr., ber að tryggja sig hjá vátryggingarfélagi gegn skaðabótakröfum þeim, sem kunna að verða gerðar samkv. 31.—34. gr. á hendur honum eða þeim, sem hafa rekstur loftfarsins á hendi. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveður hámark fjárupphæða þeirra, er skaðabótakröfur má gera til og felast verða í vátryggingarupphæðinni. Þó mega upphæðir þessar ekki fara fram úr 100000 krónum, ef um meiðsl eða dauða fólks er að ræða, og ekki fram úr 10000 krónum, ef um skemmdir á varningi er að ræða.

Vátryggingarfélaginu skal vera skylt, og það tekið fram í vátryggingarsamningi, að tilkynna atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, hvenær vátryggingartími er útrunninn. Í vátryggingarsamningnum skal einnig tekið fram, að vátryggingarfélagið beri ábyrgð á tjóni, sem verða kann innan tveggja mánaða frá því að vátryggingarfélagið tilkynnti

32 ráðuneytinu, að vátryggingartíminn væri útrunninn, ef loftfarið hefir ekki á þeim tíma verið strikað út af skrá.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, að eigandi loftfars geti í stað vátryggingar sett aðrar tryggingar fyrir skaðabótakröfum, sem kunna að verða gerðar.

Í stað eiganda (í 1. og 3. málslið) kemur vörzluhafi, ef um er að ræða ákvæði 5. gr. (1. b.).

Ef loftfar er notað til loftferða á Íslandi samkv. 13. gr. a eða c, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ákveðið, hvort ábyrgðarskylduvátryggingar þarf til greiðslu á skaðabótakröfum samkv. 31.—33. gr. Eiganda skal leyft að setja aðrar tryggingar í stað vátryggingar.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

35. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur ákveðið, hvort ákvæðum 18., 20., 24. og 27. greinar og reglugerðum þeim, er kunna að verða settar samfara þessum greinum um loftför íslenzkra ríkisborgara, skuli verða beitt, ef þau eiga við loftferðir utan íslenzkrar landhelgi.

36. gr.

Loftför, fluglið, farþegar og farmur hlíta íslenzkum lögum og reglugerðum þeim, er á hverjum tíma gilda um loftferðir, tolla, gjöld og flutninga á fólki og farangri.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skal vera heimilt, til þess að greiða fyrir flugsamgöngum á Íslandi, að undanþiggja innflutningsgjaldi flugvélar, varahluta, hreyfla og áhöld, sem eingöngu eru notuð til rekstrar flugvéla.

37. gr.

Loftfar og skip, er bjarga hvert öðru úr sjávarháska eða bjarga farmi eða aðstoða við björgun, eiga kröfu til hæfilegrar þóknunar. Ef þóknun sú, er lofað hefir verið eða um var samið, þykir óhæfilega há, hefir sá, er greiðsluskyldur er, rétt til þess að leita til dómstólanna um niðurfærslu greiðslunnar.

38. gr.

Ef þörf alþjóðar krefur, er hægt að taka lóðir og lóðarréttindi eignarnámi til loftferða eða skerða gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki milli þeirra, sem gera út loftfar, og lóðaraðilja. Skerðing getur orðið á þann hátt, að merki eru sett á tiltekinn stað til leiðbeiningar loftförum. Skal þessu framfylgt samkvæmt sérstökum lögum.

39. gr. 32

Heimilt er atvinnumálaráðherra að ráða innlendan mann með 14. júní
fullkomnu flugvélaprófi sér til aðstoðar til að annast eftirlit með flugvélunum, viðhaldi þeirra og stjórn á þeim, og til að vera til ráðuneytis um allt það, er að loftferðamálum lýtur.

40. gr.

Atvinnumálaráðherra er heimilt, ef styrjöld skyldi brjótast út í nágrannalöndunum á leyfistímabilinu, að banna um stundarsakir leyfishöfum allar loftferðir innanlands og á milli landa, eða að taka loftferðirnar og flugáhöldin að öllu leyti í ríkisstjórnarinnar hönd, gegn leigu, er dómkvaddir menn meta, ef ekki semst u mleiguna á annan hátt.

41. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er gefnar verða út vegna laga þessara, varða sektum, allt að 10000 krónum, eða fangelsi, ef ekki liggur þyngri refsing við samkvæmt hegningarlögunum.

Skal fara um slík mál sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

42. gr.

Hver sá, er stofnar mannslífi í hættu með því að skemma af ásettu ráði eða eyðileggja loftfar eða gera það ónothæft eða ótraust eða af ásettu ráði truflar ferðir loftfars með því að gefa röng merki eða á annan hátt, skal sæta fangelsi ekki skemur en 3 mánuði.

Tilraunin sjálf er refsiverð.

Ef alvarleg líkamsmeiðsl hafa hlotizt á þennan hátt eða maður beðið bana, skal refsað með betrunarhúsi, ella með fangelsi ekki skemur en 6 mánuði, ef málsbætur eru.

Ef þessi brot eru framin í skeytingarleysi, skal refsa fyrir með fangelsi, allt að 6 mánuðum, og auk þess sektum, allt að 100000 krónum, eða þá önnurhvor þessara refsinga viðhöfð, en fangelsi ekki skemur en 1 mánuð, ef verknaður þessi hefir haft dauða manns í för með sér.

43. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

33
14. júní

LÖG

um

bæjarstjórn í Hafnarfirði

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Bein lína úr „Balaklöpp", við vesturenda Skerseyrarmalar, í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan beina stefnu neðanverðan Kaplakrika í vörðu á holtinu fyrir ofan Jófríðarstaði; þaðan yfir Fuglastapaþúfu efri, beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra. Bæjarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 4 ára í senn og skal hann launaður af bæjarsjóði.

Bæjarstjóri hefir því aðeins atkvæðisrétt á fundum, að hann sé jafnframt bæjarfulltrúi.

3. gr.

Bæjarstjóri hefir á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórn gerir, og í stjórnmálum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki að framkvæma einstök bæjarstörf eftir reglum, sem hún setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sér þau sérstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim.

4. gr.

Bæjarstjórn kýs sér forseta; stjórnar hann umræðum á fundum og sér um, að það, sem ályktað er, sé rétt ritað í gerðabókina.

Fundi skal bæjarstjórnin halda í heyranda hljóði. Einstök mál 33
má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það. 14. júní

Til þess að lögmæt ályktun sé gerð, verður, auk bæjarstjóra, að minnsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Séu jöfn atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngert bæjarbúum, hvar og hvenær bæjarstjórnin heldur fundi, sem almennir eru. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsynlegt, eða að minnsta kosti helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Bæjarstjóri skal á undan fundum, að svo miklu leyti, sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gerðabókina við fundarlok, og á sérhver í bæjarstjórninni rétt á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórn setur sjálf fundarsköp sín, en hlutaðeigandi ráðuneyti samþykkir.

5. gr.

Virðist bæjarstjóra ákvarðanir bæjarstjórnar ganga út yfir valdsvið hennar, eða ef ákvörðun er gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miðar til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má bæjarstjóri fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gerðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ríkisstjórninni skýrslu, en hún leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarstjóra skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gert athugasemdir við hana, áður en hún fer til ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Í öllum þeim málum, sem snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefir formaður barnaskólanefndar sæti og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum.

7. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn til þess að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarstjóra og slökkviliðsstjóra. Skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúanna.

8. gr.

Þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar til að taka sæti í byggingarnefnd og hafnarnefnd kaupstaðarins, skulu skyldir að taka á móti kosningu. Þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarfulltrúa samkvæmt lögum.

33 14. júní

9. gr.

Með byggingarsamþykkt, sem bæjarstjórnin semur fyrir kaupstaðinn og stjórnarráðið staðfestir, má fela byggingarnefnd að annast byggingarmálefni kaupstaðarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í byggingarsamþykktina má setja fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, ákveða sektir fyrir brot og setja reglur um greiðslu kostnaðar þess, sem af ákvæðum byggingarsamþykktarinnar leiðir; svo má og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. — Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykkt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrétt, og renna þau í bæjarsjóðinn. Ef lóðareiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í byggingarmáli, má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

10. gr.

Bæjarstjórnin kýs 2 eða 4 menn til að sitja í hafnarnefnd utan bæjarstjóra, og skulu eigi færri en 2 þeirra kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

11. gr.

Með hafnarreglugerð, er stjórnarráðið gefur út fyrir kaupstaðinn eftir tillögum bæjarstjórnar, má fela hafnarnefnd að annast hafnarmálefni kaupstaðarins, undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Í hafnarreglugerðina má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og um notkun hennar og mannvirkja, svo má og ákveða þar gjöld til hafnarsjóðs fyrir notkun hafnarinnar og hafnarmannvirkja og sektir fyrir brot, alt að 400 kr., er renna í sama sjóð.

12. gr.

Bæjarstjórn kýs bæjargjaldkera og veitir honum árlega þóknun. Starf hans er uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara af beggja hálfu til 1. júlí ár hvert.

13. gr.

Bæjarstjórn skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarstjórnar.

14. gr.

Fé það, sem útheimtist til þess að standast útgjöld kaupstaðarins til bæjarþarfa, skal að svo miklu leyti, sem sérstakar tekjur kaupstaðarins ekki hrökkva til, fengið með því að leggja útsvör á íbúa bæjarins,

á atvinnu, sem stunduð er í bænum á bátum eða skipum, sem gerð eru út frá bænum, og á stofnanir og arðsöm fyrirtæki. 33 14. júní

15. gr.

Bæjarstjórn, og sérstaklega bæjarstjóri, skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn og fjárgæzlu kaupstaðarins og sjá um, að skattar og aðrar tekjur séu rétt heimtar og í tækan tíma, ennfremur gæta þess, að geymt sé á tryggum stað og eftir atvikum ávaxtað fé bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans. Bæjarstjórnin ber ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins.

16. gr.

Féhirðir skal skyldur til að gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðskýrslu mánaðarlega eða þegar bæjarstjórn óskar þess, er sýni bæði, hvað goldizt hefir í bæjarsjóð og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má féhirðir greiða neitt úr bæjarsjóði nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af bæjarstjóra og minnst 1 bæjarfulltrúa, sem hefir með þau mál að gera, sem greiðslan kemur við.

17. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing eða útboð, sem bærinn lætur halda í sína þágu, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neitt.

18. gr.

Bæjarstjórninni er skylt að útvega og láta ríkisstjórninni í té skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

19. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherra takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufé kaupstaðarins, ekki selja né veðsetja fasteignir hans né kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán né lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

20. gr.

Við lok hvers reikningsárs skal féhirðir semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið umliðna ár og senda hann bæjarstjórn eigi síðar en í lok febrúarmánaðar ár hvert. Reikningurinn skal liggja bæjarbúum til sýnis frá 1. til 15. mars í skrifstofu bæjarstjóra.

33 Skal reikningurinn síðan endurskoðaður af 2 mönnum, sem bæjarstjórn
14. júní kýs til þriggja ára í senn. Endurskoðendur hafa aðgang að bókum og sjóði bæjarins hjá féhirði, er þeim þykir þörf að gera athuganir, og er endurskoðendum skylt að yfirfara og bera saman dagbók, sjóðbók og kassa gjaldkera og einnig athuga heimildir fyrir útborgunum eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Endurskoðun bæjarreikninganna skal lokið fyrir 15. maí ár hvert. Að fengnum svörum féhirðis við athugasemdum endurskoðunarmanna, skal svo reikningurinn lagður fyrir bæjarstjórn, ásamt athugasemdum endurskoðunarmanna og svörum féhirðis, og leggur bæjarstjórn úrskurð sinn á reikninginn og veitir síðan kvittun fyrir reikningshaldinu samkvæmt honum. Þegar búið er að samþykkja reikninginn eða úrskurða hann, má eftir ákvörðun bæjarstjórnar birta á prenti ágrip af honum, er bæjarstjóri semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

21. gr.

Innan loka júlímánaðar ár hvert skal senda ríkisstjórninni reikning yfir hið umliðna ár með athugasemdum endurskoðunarmanna og úrskurði bæjarstjórnarinnar á þeim.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75, 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, lög nr. 26, 9. júlí 1909, um viðauka við greind lög, lög nr. 48, 10. nóv. 1913, um breyting og viðauka við sömu lög, svo og önnur lög og fyrirmæli, er fara í bág við lög þessi.

23. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

34
14. júní

um

viðauka við hafnarlög fyrir Vestmannaeyjar, nr. 60, 10. nóv. 1913.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði, þegar fé er fyrir hendi, allt að 70 þúsund krónum, gegn tvöföldu framlagi úr hafnarsjóði Vestmannaeyja, til þess að gera við og ljúka við að byggja hafnargarðana og til nauðsynlegustu mannvirkja innan hafnar í Vestmannaeyjum.

Tillagið úr ríkissjóði er bundið því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldinu sé falin manni, sem ríkisstjórnin samþykkir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

35
14. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. 5. málsgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það skal og semja fyrirfram fyrir hálft eða heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Stjórnarráðinu er og rétt að setja reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

2. Á eftir 5. málsgrein sömu greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þeir sjúklingar, sem eru að einhverju leyti vinnufærir, skulu skyldir til að taka þátt í þeim störfum á heilsuhælum, hressingarhælum og sjúkrahúsum, sem þeir að dómi læknis eru færir um að inna af hendi. Yfirlæknir ákveður borgun fyrir slík störf, með hliðsjón af kaupgjaldi í því héraði, enda gangi sú greiðsla að einhverju eða öllu leyti upp í dvalarkostnað sjúklingsins. Verði ágreiningur um kaup eða annað, þá sker stjórnarráðið úr.

3. 6. málsgrein sömu greinar skal orða svo:

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd dvalarsveitar sjúklings sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal héraðslæknir meta og gefa vottorð um það, hvort sjúklingur þarfnist sjúkrahúss- eða hælisvistar og sé styrkhæfur vegna sjúkdóms síns. Gefi aðrir læknar slík vottorð, skulu þau þó tekin gild, en ekki skal af opinberu fé greiða hærra gjald fyrir þau eða meðferð þessara lækna á sjúklingum en eftir gjaldskrá héraðslækna. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hér á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út

af hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrkþegi. 35 14. júní

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu, skal fella texta þeirra og laga nr. 42, 31. maí 1927, 1.—2. gr., inn í meginmál laga nr. 43, 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt sem lög um varnir gegn berklaveiki.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

36 14. júní

um

viðauka um lög nr. 38, 11. júlí 1911, um lækningaleyfi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Læknar í Reykjavík skulu jafnan skila vikuskýrslum, sem af þeim eru heimtaðar, á pósthúsið eigi síðar en á mánudagskvöld í næstu viku.

Mánaðarskýrslum skulu læknar utan Reykjavíkur skila á næstu póststöð eigi síðar en sjö nóttum eftir mánaðarmót.

Ársskýrslum skal skila eigi síðar en í febrúarlok næsta ár.

36 14. júní

Fyrirspurnum landlæknis um heilsufar í símskeytum skal svara samdægurs eða á næturfresti.

2. gr.

Nú vanrækir læknir að senda fyrirskipaðar skýrslur í tæka tíð, og getur þá dómsmálaráðherra, eftir tillögum landlæknis, látið þann lækni sæta dagsektum, 5 kr. fyrir hvern dag, er líður fram yfir settan frest, sbr. 1. gr.

Þessar sektir má taka lögtaki og skal sektarféð renna í „Styrktarsjóð ekkna og munaðarlausra barna íslenzkra lækna".

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

37 14. júní

LÖG

um

héraðsskóla.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Héraðsskólar skulu vera að Núpi í Dýrafirði, Laugum í Reykjadal, Hvítárbakka í Borgarfirði og Laugarvatni í Árnessýslu. Skólar þessir skulu vera sjálfseignarstofnanir og öðlast ekki skyldur og réttindi þessara laga nema samþykki stofnenda komi til.

Heimilt er að flytja héraðsskóla úr stað fyrir forgöngu skóla- 37
nefndar og með samþykki fræðslumálastjórnarinnar og erfir þá hinn nýi 14. júní
skóli skyldur og réttindi eldri skólans eftir því sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Héraðsskólar eru samskólar pilta og stúlkna. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær né fleiri en þrjár. Námsgreinar og kennslufyrirkomulag skal ákveða í reglugerð.

3. gr.

Tilgangur héraðsskólanna er að búa nemendur undir athafnalíf við íslenzk lífskjör með bóknámi, vinnukennslu og íþróttum. Skal í yngri deild meir lögð áherzla á ýms fræði, leikni og tækni, sem nauðsynleg er til sjálfsnáms, en í eldri deild á sjálfsnám og iðju, eftir því sem hæfileikar og áhugi bendir til. Undanþágu má veita nemendum í einstökum greinum, enda leggi þeir því meiri stund á aðrar greinar. Útivist skulu nemendur hafa og íþróttaiðkanir daglega.

4. gr.

Námstíminn í aðaldeildum héraðsskóla má ekki vera skemmri en 6 mánuðir ár hvert og kennslustundir hvers reglulegs nemanda eigi færri en 6 á degi hverjum, eða sem því svarar, þegar um ræðir nemendur, sem meir starfa á eigin hönd. Próf skal halda í lok hvers skólaárs. Tveir prófdómendur skulu vera við hvern skóla, skipaðir af fræðslumálastjórninni.

5. gr.

Frá 1. janúar 1930 skal þriggja eða fimm manna skólanefnd hafa umsjón og stjórn hvers héraðsskóla undir yfirumsjón fræðslumálastjórnarinnar. Fræðslumálastjórnin skipar formann, en félag stofnenda kýs tvo eða fjóra skólanefndarmenn, þar til félag gamalla nemenda, öðlast rétt til kosninga og neytir hans. Þá skulu félög stofnenda og gamalla nemenda, hvort um sig, kjósa jafnmarga skólanefndarmenn. Rétt til að kjósa skólanefndarmenn öðlast félag gamalla nemenda, þegar héraðsskóli hefir starfað í sex ár, enda sé í félaginu að minnsta kosti þriðjungur þeirra nemenda, sem lokið hafa námi í skólanum síðustu fjögur árin. Árgjald í félagi gamalla nemenda má ekki vera lægra en fimm krónur. Skólanefndarmenn skulu skipaðir og kosnir til þriggja ára í senn. Nánari fyrirmæli um félag stofnenda og gamalla nemenda og um kosningu í skólanefnd skulu sett í reglugerð. Nú leikur vafi á um rétt manns eða félags til að vera í félagi stofnenda, og sker þá fræðslumálastjórnin úr.

37 14. júní

6. gr.

Nú legst félag gamalla nemenda niður um lengri eða skemmri tíma, og kýs þá félag stofnenda alla skólanefndarmenn nema formann, en ef félag stofnenda legst niður, þá fellur kosningarréttur þess til sýslunefndar þeirrar sýslu, þar sem skólinn er rekinn, eða sýslunefndar þeirra sýslna, sem standa að skólanum. Fræðslumálastjórnin úrskurðar um rétt sýslunefnda til þátttöku í skólanefndarkosningum og setur reglur um þær.

7. gr.

Hlutverk skólanefndar eru þessi:

1. Að ráða skólastjóra, og skal hann ráðinn með eins árs gagnkvæmum uppsagnarfresti,
2. að ákveða tölu kennara eftir þörfum og getu skólans. Skólastjóri skal hafa frumkvæði um val kennara, en til ráðningar þarf samþykki skólanefndar. Skólastjóri getur og með samþykki skólanefndar sagt kennara upp með 6 mánaða fyrirvara,
3. að ákveða laun skólastjóra og kennara,
4. að hafa á hendi yfirstjórn allra fjármála skólans,
5. að gera ásamt skólastjóra tillögur um reglugerð skólans, er fræðslumálastjórnin samþykkir,
6. að sjá um samningu skýrslna um kennslu og próf, er fræðslumálastjórnin fyrirskipar,
7. að ákveða um önnur efni, er skólann varða, þegar skólastjóri óskar.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir 6000 kr. í árlegan rekstrarkostnað til hvers héraðsskóla fyrir fyrstu 15—20 reglulega nemendur í skólanum, og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því.

9. gr.

Kennslugjald hvers nemanda skal vera 60 krónur vetrarlangt.

10. gr.

Nú eru haldin námsskeið við héraðsskóla í bóklegum og verklegum efnum eða íþróttum eigi skemur en þrjár vikur og kennsla sex stundir á dag eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 10 krónur fyrir nemanda fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda greiði hann í kennslugjald fyrir sama tíma að minnsta kosti 2 krónur.

11. gr.

Ríkisstyrk og skólagjöldum má eigi verja til annars en rekstrar skólans.

12. gr.

Nú fækkar nemendum héraðsskóla um þriðjung eða meira frá 14. júní
meðaltali síðustu 3 ára fyrir ósjálfráð atvik, sem þó eru ekki þess eðlis, að ástæða sé til að leggja skólann niður, og má þá greiða skólanum styrk úr ríkissjóði eftir mati fræðslumálastjórnarinnar, allt að því, sem nemur meðaltali þeirra ára. Þessi undanþága gildir þó eigi lengur en 2 ár.

13. gr.

Reikningar hvers héraðsskóla skulu árlega sannprófaðir af tveim endurskoðendum. Skal annar valinn af félagi stofnenda til 3 ára í senn, en hinn tilnefndur af fræðslumálastjórninni til sama tíma.

14. gr.

Árlega skal birta skýrslu um starf og rekstur hvers héraðsskóla, svo og um efnahag skólans, undirritaðar af endurskoðendum.

15. gr.

Stofnkostnaður héraðsskóla greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í fjárlögunum, enda sé tryggt framlag á móti.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

38
14. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 35, 15. júní 1926, og lögum nr. 52, 28. nóv 1919. [Ritsíma- og talsímakerfi].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Efnismálsgrein 1. gr. laga nr. 35, 15. júní 1926, orðist svo:

Lína frá Hvammstanga um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólstað að Vesturhópshólum, með hliðarlínu að Víðidalstungu. Lína frá Hvammstanga um Illugastaði að Hindisvík. Ennfremur lína frá Melstað um Urriðaá að Núpdalstungu, með hliðarlínu að Skeggjastöðum. Lína frá Bólstaðarhlíð um Skeggjastaði að Bergsstöðum. Lína frá Kagaðarhóli að Reykjum á Reykjabraut. Lína frá Höskuldsstöðum um Efrimýrar að Kirkjuskarði. Lína frá Kálfshamarsvík að Höfnum. Lína frá Efra-Hvoli um Hof, Kirkjubæ og Geldingalæk að Holtsmúla. Lína frá Þórshöfn til Gunnólfsvíkur. Lína frá Skógum um Núp að Skinnastöðum. Lína fram Bárðardal. Lína um Fnjóskadal. Lína frá Hjaltastað að Kirkjubæ. Lína frá Stóra-Kroppi að Reykholti. Lína frá Síðumúla um Bjarnastaði að Gilsbakka, með hliðarlínu að Stóra-Ási. Lína frá Hesti fram Lundarreykjadal að Fitjum í Skorradal. Lína frá Borgarnesi um Langárfoss, Smiðjuhól og Hofstaði að Laxárholti. Lína frá Sauðárkóki um Hvamm í Laxárdal að Hrauni á Skaga. Lína frá Víðimýri um Reyki, Lýtingsstaði að Goðdölum. Lína frá Víðimýri um Frostastaði að Hofdölum. Lína frá Bíldudal að Selárdal. Lína frá Torfastöðum til Geysis. Lína frá Egilsstöðum um Fossvelli að Skjöldólfsstöðum í Jökuldal. Lína frá Breiðamýri um Máskot að Skútustöðum. Lína frá Breiðamýri um Grenjaðarstað að Hveravöllum. Lína frá Syðri-Tungu á Tjörnesi að Hallbjarnarstöðum. Lína frá Kópaskersvogi til Leirhafnar. Lína frá Garði til Kollavíkur. Lína frá Akranesi í Innri-Akraneshrepp. Lína frá Kalastaðakoti um Saurbæ á Hvalfjarðarströnd að Þyrli. Lína frá Ölfusá um Alviðru að Úlfljótsvatni, með hliðarlínu að Búrfelli. Lína frá Stokkseyri að Fljótshólum, með hliðarlínu um Gaulverjabæ að Villingaholti. Lína frá Breiðdalsvík um Eydali að Höskuldsstöðum og lína frá Beru-

nesi um Berufjarðarströnd að Berufirði. Lína frá Arngerðareyri til Mel- **38**
graseyrar, frá Bolungarvík til Meiri-Bakka í Skálavík, frá Hesteyri að 14. júní
Sæbóli í Aðalvík, frá Sandeyri á Snæfjallaströnd um Stað í Grunnavík að Höfða í Grunnavíkurhreppi. Lína frá Búðardal um Bröttubrekku að Dalsmynni, með hliðarálmu að Haukadal. Lína frá Staðarfelli um Skarð að Stórholti. Lína frá Breiðavík í Rauðasandshreppi að Hvallátrum. Lína frá Arnarstapa í Breiðavíkurhreppi um Saxhól að Hjallasandi. Lína frá Skálanesi við Seyðisfjörð að Dalatanga. Lína frá Breiðavík við Reyðarfjörð um Víkurheiði að Krossanesi. Lína frá Siglufirði að Siglunesi. Lína frá Egilsstöðum á Völlum um Ekkjufell að Birnufelli.

2. gr.

Orðin „og þaðan að Ármúla og Grunnavík" í lögum nr. 52, 28. nóv. 1919, falli niður.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

39
14. júní

um

lánsheimild fyrir ríkisstjórnina.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa ríkissjóði allt að 12000000 — tólf miljóna — kr. lán.

39
14. júní

2. gr.

Láni því, er í 1. gr. getur, er stjórninni heimilt að verja eftir því, sem með þarf samkvæmt ákvörðun eftirtaldra laga:

Laga nr. 10, 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Laga nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Laga nr. 35, 7. maí 1928, um Byggingar- og landnámssjóð.

Laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun síldarbræðslustöðva.

Laga nr. 66, 7. maí 1928, um smíði og rekstur strandferðaskips.

Laga nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabréfa.

Fjárlaga 1929, 23. gr. XIII.

Laga nr. 62, 28. nóv. 1919, um brúargerðir.

Laga nr. 74, 28. nóv. 1919, um húsagerð ríkisins,

Svo og laga þeirra, sem samþykt eru á Alþingi 1929, að því leyti sem þau fela í sér heimildir til lántöku.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Árnason.

40
14. júní

LÖG

um

stjórn póstmála og símamála.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir yfirstjórn allra póstmála og símamála í landinu.

Póstmálastjóri stjórnar framkvæmdum póstmálanna og hefir um- 40
sjón með rekstri póststarfanna. Laun hans eru hin sömu sem aðalpóst- 14. júní
meistara eru ákveðin í launalögum.

Landssímastjóri stjórnar framkvæmdum símamálanna og annara hraðskeytamála og hefir umsjón með rekstri þar að lútandi starfa.

Báðir þessir embættismenn standa beint undir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu og eru því til aðstoðar í öllu því, sem póstmál og símamál varðar, hvor á sínu sviði. Konungur veitir þessi embætti.

2. gr.

Til aðstoðar póstmálastjóra skipar ráðherra póstritara, póstfulltrúa og aðra aðstoðarmenn eftir þörfum, en til aðstoðar landssímastjóra símaverkfræðing, fulltrúa í aðalskrifstofu landssímans og aðra nauðsynlega aðstoðarmenn.

3. gr.

Í Reykjavík skal vera sérstakur forstöðumaður fyrir póststofunni og sérstakur stöðvarstjóri fyrir landssímastöðina.

Annarsstaðar á landinu, þar sem í sama kaupstað, kauptúni eða sveitabæ er bæði póstafgreiðsla og fyrsta eða annars flokks landssímastöð, er stöðvarstjóri landssímastöðvarinnar jafnframt póstafgreiðslumaður, og stendur hann að því leyti beint undir póstmálastjóra, ef hann hefir sjálfstæða reikningsfærslu. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá því að sami maður gegni bæði stöðvarstjóra- og póstafgreiðslumannsstarfi þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Ráðherra skipar, að fengnum tillögum póstmálastjóra, forstöðumann fyrir póststofunni í Reykjavík og, að fengnum tillögum landssímastjóra, stöðvarstjórann í Reykjavík, með sömu launum og póstmeistari og stöðvarstjóri í Reykjavík hafa nú samkvæmt launalögum. Ennfremur skipar hann, að fengnum tillögum landssímastjóra og póstmálastjóra, alla þá stöðvarstjóra, sem jafnframt eru póstafgreiðslumenn. Stöðvarstjóraembættin í Reykjavík, Akureyri, Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Seyðisfirði má ekki veita öðrum en þeim, sem færa sönnur á, að þeir hafi lært símritun og, að undanteknu stöðvarstjóraembættinu í Reykjavík, að þeir hafi einnig aflað sér þekkingar á póstmálum.

Stöðvarstjórarnir á Akureyri og Seyðisfirði skulu hafa að byrjunarlaunum 3500 kr. á ári, er hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4500 kr. Stöðvarstjórarnir á Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum hafa að byrjunarlaunum 3000 kr., er hækka á hverjum tveggja ára fresti um 200 kr. upp í 4000 kr. Á launin

40 skal greiða verðstuðulsuppbót samkvæmt reglum launalaganna. Auk
14. júní launanna hafa stöðvarstjórar þessir ókeypis húsnæði, ljós og hita. Ráðherra ákveður þeim árlega hæfilega upphæð úr póstssjóði til aðstoðar við póstafgreiðsluna, að fengnum tillögum póstmálastjóra, en starfræksla símastöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði. Ennfremur ákveður ráðherra, að fengnum tillögum landssímastjóra og póstmálastjóra, laun og aðstoðarfé annara þeirra stöðvarstjóra og póstafgreiðslumanna, sem ræðir um í 3. gr.

Ráðuneytið ákveður að öðru leyti tölu starfsmanna við póst og síma, eftir því sem þörf gerist.

5. gr.

Nú er forstaða póst- og símastöðva sameinuð á Akureyri, Siglufirði, Borðeyri, Ísafirði, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Seyðisfirði, og skal þá telja þjónustuár viðtakanda í hinu nýja embætti frá þeim tíma, er hann var skipaður í það embætti, sem hann áður gegndi.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 16. nóv. 1907, um forstjórn landssímanna, og 1. gr. póstlaga, nr. 5, 7. maí 1921, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930. Frá þeim tíma skal sameiningu þeirri á starfrækslu síma og pósts, er í þeim felst, koma á jafnóðum og stöðurnar losna, enda falla þá niður póstmeistaraembætti þau og póstafgreiðslumannsstöður, sem óþörf verða vegna sameiningarinnar. Þó er ráðherra heimilt að koma sameiningu á, þótt póstafgreiðslumannsstarfið sé ekki laust, ef því er samfara sparnaður fyrir ríkissjóð, sem telja verður verulegan í hlutfalli við laun fyrir störfin, og þegar af því leiðir veruleg þægindi fyrir viðskiftamennina. Póstmálastjóraembættið kemur í stað aðalpóstmeistaraembættisins, og heldur núverandi aðalpóstmeistari óskertum launum sínum, svo sem þau eru nú, meðan hann gegnir póstmálastjóraembættinu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

FJÁRLÖG

41
14. júní

fyrir árið 1930.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Tekjur.

1. gr.

Árið 1930 er ætlast til, að tekjur ríkisins verði svo sem talið er í 2.—5. gr., og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Þessir skattar og tollar er ætlast til að nemi:

	kr.	kr.
1. Fasteignaskattur	250000	
2. Tekjuskattur og eignarskattur	1200000	
3. Lestagjald af skipum	40000	
		1490000
4. Aukatekjur	450000	
5. Erfðafjárskattur	30000	
6. Vitagjald	350000	
7. Leyfisbréfagjöld	10000	
8. Stimpilgjald	325000	
9. Skólagjöld	15000	
10. Bifreiðaskattur	60000	
		1240000
11. Útflutningsgjald		1075000
12. Áfengistollur (þar á meðal óáfengt öl, áfengislaus vín, ávaxtasafi og gosdrykkir)	350000	
13. Tóbakstollur	950000	
Flyt	1300000	3805000

41
14. júní

		kr.	kr.
	Flutt	1300000	3805000
14.	Kaffi- og sykurtollur	850000	
15.	Annað aðflutningsgjald	200000	
16.	Vörutollur	1350000	
17.	Verðtollur	1500000	
			5200000
18.	Gjald af sætinda- (konfekt-) og brjóstsykurgerð ..		35000
19.	Pósttekjur	450000	
20.	Símatekjur	1580000	
			2030000
21.	Víneinkasala		450000
	Samtals	.....	11520000

3. gr.
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru taldar:

		kr.	kr.
1.	Eftirgjald eftir jarðeignir ríkissjóðs		30000
2.	Tekjur af kirkjum		100
3.	Tekjur af silfurbergi		1000
4.	Legkaup til kirkjugarðs dómkirkjunnar		3500
	Samtals	.....	34600

4. gr.
Tekjur af bönkum og vaxtatekjur eru áætlaðar:

		kr.	kr.
1.	Tekjur af bönkum		15000
2.	Vextir af bankavaxtabréfum, keyptum samkvæmt lögum nr. 14, 9. júlí 1909	23000	
3.	Væntanlega útdregið af þeim bréfum	24000	
			47000
4.	Vextir af innstæðum í bönkum		8000
5.	Vextir af viðlagasjóði		60000
6.	Aðrir vextir		75000
	Samtals	.....	205000

5. gr.

Óvissar tekjur og endurgreiðslur eru taldar:

	kr.	kr.
1. Óvissar tekjur		50000
2. Endurgreiddar fyrirframgreiðslur		10000
3. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		20000
4. Skemtanaskattur		75000
5. Tekjur Menningarsjóðs		15000
Samtals	.....	170000

II. KAFLI.

Gjöld.

6. gr.

Árið 1930 eru veittar til gjalda upphæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—20. gr.

7. gr.

Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans er talið:

	kr.	kr.
I. Vextir:		
1. Innlend lán	145054	
2. Dönsk lán, danskar kr. 181203.81 á 121.50	220162	
3. Enska lánið frá 1921, hluti ríkissjóðs £ 8213 - 18 - 8	180714	
		545930
II. Afborganir:		
1. Innlend lán	164617	
2. Dönsk lán, danskar kr. 355855.14 á 121.50	432364	
3. Enska lánið 1921, £ 2396 - 12 á 22.00	52625	
		649606
III. Framlag til Landsbankans, 17. greiðsla		100000
Samtals	.....	1295536

41
14. júní

8. gr.

	kr.	kr.
Borðfé Hans Hátignar konungsins		60000

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar landsreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar	225000	
2. Til yfirskoðunar landsreikninga	4350	
		229350
Samtals	.....	229350

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl.		
1.	Til ráðherra:		
	a. Laun 36000		
	b. Til risnu 8000		
		44000	
2.	Til utanferða ráðherra	6000	
3.	Laun starfsmanna stjórnarráðsins	70000	
4.	Annar kostnaður	40000	
5.	Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	26200	
	Þar af 1000 kr. persónuleg launaviðbót til núverandi ríkisbókara.		
6.	Til þess að gefa út stjórnartíðindi:		
	a. Þóknun fyrir útgáfu tíðindanna o. fl. 900		
	b. Til pappírs og prentunar 12000		
	c. Til kostnaðar við sendingar með póstum 1000		
		13900	
7.	Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum og til hitunar og lýsingar hans	10000	
			210100
	Flyt		210100

		kr.	kr.
	Flutt		210100
II.	Hagstofan:		
	1. Laun	12500	
	2. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna	12000	
	3. Prentun eyðublaða	5000	
	4. Húsaleiga, hiti og ljós m. m.	5000	
	5. Aðstoðar- og skrifstofukostnaður	20000	
	6. Til að gefa út manntalið 1703	1000	
			55500
III.	Utanríkismál o. fl.		
	1. Til sendiráðs í Kaupmannahöfn:		
	a. Laun sendiherra 20000		
	b. Húsaleiga 5000		
	c. Kostnaður við embættið 20000		
	d. Til skrifstofuhalds 17000		
		62000	
	2. Fyrir meðferð utanríkismála	12000	
	3. Ríkisráðskostnaður	4000	
	4. Kostnaður við sambandslaganefnd	500	
	5. Gengismunur af upphæðunum í 8. gr. 10. gr. III. 1—3	25000	
			103500
	Samtals	.....	369100

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
	A.		
	Dómgæzla og lögreglustjórn.		
1.	Hæstiréttur:		
	a. Laun	30500	
	b. Annar kostnaður, allt að	5000	
	Þar af 3000 kr. til ritara.		35500
2.	Laun bæjarfógeta, sýslumanna og lögreglustjóra ..		132500
3.	Laun hreppstjóra		27600
	Flyt		195600

41

		kr.	kr.
	Flutt		195600
14. júní	4. Skrifstofukostnaður lögmannsins í Reykjavík:		
	a. Laun 2 fulltrúa og 3 skrifara	22000	
	b. Húsaleiga, hiti, ljós og ræsting	4200	
	c. Ýms gjöld, allt að	2400	
			28600
	5. Skrifstofukostnaður tollstjórans í Reykjavík:		
	a. Laun 4 skrifara	15120	
	b. Laun 6 tollvarða	30380	
	c. Húsaleiga	4500	
	d. Hiti og ljós	2000	
	e. Innheimtukostnaður	16000	
	f. Ýms gjöld, allt að	18000	
			86000
	6. Skrifstofukostnaður lögreglustjórans í Reykjavík:		
	a. Laun fulltrúa og 3 skrifara	17100	
	b. Húsaleiga	3600	
	c. Hiti og ljós	2400	
	d. Ýms gjöld	1900	
			25000
	Fastir starfsmenn í skrifstofum lögmannsins, tollstjórans og lögreglustjórans í Reykjavík njóta dýrtíðaruppbótar eftir reglum launalaganna.		
	7. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta ..		100000
	8. Þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun skipamælinga		1000
	9. Til landhelgisgæzlu, gegn 200000 kr. framlagi úr landhelgissjóði		200000
	10. Framlag til landhelgissjóðs		20000
	11. Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa		12000
	12. Til vinnuhælisins í Litla-Hrauni		12000
	13. Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.		15000
	14. Borgun til sjódómsmanna		2000
	15. Borgun til setu- og varadómara		5000
	Samtals A.	.....	702200

41
14. júní

	kr.	kr.
B.		
Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.		
1. Burðareyrir og embættisskeyti:		
a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbréf	30000	
b. Fyrir embættisskeyti	40000	
		70000
2. Brunaábyrgðar- og fasteignagjald fyrir nokkrar opinberar fasteignir		25000
3. Til embættiseftirlitsferða		6000
4. Gjöld til yfirskattanefnda, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar		80000
5. Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.		11000
Samtals B.	.....	192000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt:

	kr.	kr.
1. Laun		253000
2. Til skrifstofukostnaðar landlæknis, eftir reikningi, allt að		2000
3. Styrkur til læknisvitjana handa sveitum, sem eiga sérstaklega erfiða læknissókn		8450
Styrkurinn skiftist þannig: 1. til Ólafsfjarðarbúa 600 kr. — 2. Til Kolbeinsstaða-, Eyja- og Miklaholtshreppa í Hnappadalssýslu, 200 kr. til hvers, 600 kr. — 3. Til Staðarsveitar 200 kr. — 4. Til Bæjarhrepps 300 kr. — 5. Til Öræfinga 400 kr. — 6. Til Þingvallahrepps 200 kr. 7. Til Grímseyinga 400 kr. — 8. Til Suðureyrarhrepps 200 kr. — 9. Til Klofnings- og Skarðshreppa 300 kr. — 10. Til Holts- og Haganeshreppa 300 kr. — 11. Til Breiðdalshrepps 300 kr. — 12. Til Eyrarsveitar 200 kr. — 13. Til Flateyjarhrepps í Þingeyjarsýslu 200 kr. — 14. Til Selvogshrepps 150 kr. — 15. Til Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa 200 kr. — 16. Til		
Flyt		263450

41
14. júní

		kr.	kr.
	Flutt		263450
	Sléttu-, Grunnavíkur- og Snæfjallahreppa, 300 til hvers, 900 kr. — 17. Til Borgarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu 300 kr. — 18. Til Rauðasands- og Barðastrandarhrepps, 150 kr. til hvors, 300 kr. — 19. Til Fjallahrepps í Norður-Þingeyjarsýslu og Jökuldalshrepps í Norður-Múlasýslu, vegna byggðar í Möðrudalsheiði og Jökuldalsheiði, 200 kr. til hvors, 400 kr. — 20. Viðbótarstyrkur til Ólafsfjarðarbúa, gegn eigi minna tillagi frá þeim sjálfum en 1600 kr., ef þeir ráða til sín sérstakan lækni, 2000 kr.		
4.	Til læknis í Reykjavík, er skylt sé að gegna sjúkravitjunum í Kjós, Kjalarnesi og Mosfellssveit og fara eftir taxta héraðslækna		1500
5.	Til augnlækninga:		
	a. Styrkur til augnlæknis í Reykjavík	1000	
	b. Styrkur til augnlæknis á Akureyri	1200	
	c. Styrkur til lækningaferða kringum landið	1000	
	Ferðastyrkurinn skiftist að jöfnu milli augnlæknis í Reykjavík, er hafi til yfirsóknar svæðið milli Eskifjarðar og Ísafjarðar, að báðum stöðum meðtöldum, og augnlæknis á Akureyri, er hafi hinn hlutann, frá Hólmavík til Norðfjarðar, enda hafi þeir dvöl a. m. k. á einni höfn eða tveim í hverri sýslu		
			3200
6.	Styrkur til tannlæknis Vilh. Bernhöfts í Reykjavík		1000
7.	Styrkur til háls- og neflæknis Ólafs Þorsteinssonar í Reykjavík		1000
8.	Til nuddlæknis Jóns Kristjánssonar í Reykjavík ..		1200
	Styrkurinn til augnlæknis í Reykjavík og læknanna Vilh. Bernhöfts, Ólafs Þorsteinssonar og Jóns Kristjánssonar er bundinn því skilyrði, að þeir, hver um sig, segi stúdentunum í læknadeild háskólans til í sinni sérfræði, ef deildin telur það æskilegt, og veiti fátæku fólki ókeypis læknishjálp á tilteknum stað, ekki sjaldnar en 3 sinnum á mánuði.		
9.	Til geislalækningastofu ríkisins		13000
	Flyt		284350

		kr.	kr.
	Flutt		284350
10.	Til radíumsjóðs Íslands, styrkur til að reka radíumlækningar		2500
11.	Styrkur til héraðslækna til utanferða, í því skyni að afla sér nýrrar læknisþekkingar		2000
	Þennan styrk veitir stjórnarráðið eftir tillögum landlæknis, og má hann ekki fara fram úr 250 kr. fyrir hverja mánaðardvöl erlendis.		
12.	Holdsveikraspítalinn		70600
	Sá kostnaður sundurliðist þannig:		
	A. Laun læknis	7650	
	B. Annar kostnaður		
	1. Laun starfsmanna 13000		
	2. Viðurværi 48 manna (ca. 140 a. á dag) 25000		
	3. Klæðnaður 1700		
	4. Lyf og sáraumbúðir 1500		
	5. Eldsneyti 6000		
	6. Ljósmeti 2500		
	7. Húsbúnaður og áhöld 2000		
	8. Viðhald á húsum 2500		
	9. Þvottur og ræsting 1800		
	10. Greftrunarkostnaður 500		
	11. Skemtanir 600		
	12. Skattar o. fl. 4350		
	13. Ýmisleg gjöld 1500		
		62950	
		70600	
13.	Geðveikrahælið á Kleppi		109525
	Sá kostnaður sundurliðast þannig:		
	A. Laun læknis	6700	
	B. Önnur gjöld:		
	1. Kaup starfsmanna 13500		
	2. Viðurværi 94 manna (ca. 140 a. á dag) 48000		
	3. Klæðnaður 70 sjúklinga á 50 kr. handa hverjum 3500		
	4. Lyf og sáraumbúðir 500		
	Flyt	6700	468975

41
14. júní

		kr.	kr.
	Flutt	6700	468975
5. Ljós og hiti	10000		
6. Viðhald og áhöld	10000		
7. Þvottur og ræsting	3000		
8. Skemtanir	750		
9. Skattar m. m.	2500		
10. Óviss gjöld	1400		
		93150	
C. Aukinn rekstrarkostnaður, sakir viðbótar við hælið, að frádreginni meðgjöf með sjúklingum		50000	
		149850	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 70 sjúklingum, kr. 1,50 á dag	38325		
Tekjur af búinu	2000		
		40325	
	Mismunur	109525	
14. Heilsuhælið á Vífilsstöðum			1700
Sá kostnaður sundurliðast þannig:			
A. Laun læknis		6700	
B. Önnur gjöld:			
1. Kaup starfsmanna	33000		
2. Viðurværi	126000		
3. Lyf og hjúkrunargögn	11500		
4. Ljós og hiti	25000		
5. Þvottur og ræsting	5500		
6. Viðhald húsa	4800		
7. Viðhald véla	4700		
8. Húsbúnaður og áhöld	11000		
9. Flutningskostnaður	4000		
10. Óviss gjöld	2640		
		228140	
		234840	
Þar frá dragast þessar tekjur:			
Meðgjöf með 95 sjúklingum, 5 kr. á dag	173375		
Meðgjöf með 10 sjúkl., 6 kr. 50 a. á dag	23725		
	Flyt	234840	470675

	kr.	kr.
Flutt	234840	470675
Meðgjöf með 24 börnum, 4 kr. á dag .. 35040		
Tekjur af búinu 1000		
	233140	
Mismunur	1700	
15. Heilsuhælið í Kristnesi:		
A. Rekstrarkostnaður	3000	
B. Til aðgerða og umbóta	7500	
		10500
16. Önnur gjöld:		
a. Til byggingar landsspítala í Reykjavík	100000	
b. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla, allt að ..	18000	
Styrkurinn veitist eftir fjölda legudaga, þó eigi meira en 70 aurar fyrir hvern legudag, gegn því að hérað það, sem sjúkrahúsið á leggi fram eins mikið og styrknum nemur, og að því tilskildu, að sjúklingar, sem ríkissjóður greiðir sjúkrahúsunum fyrir, njóti sömu kjara sem innanhéraðssjúklingar.		
c. Styrkur til að reisa sjúkraskýli og læknabústaði	18000	
d. Bólusetningarkostnaður	3500	
e. Gjöld samkv. 13. gr. í lögum 16. nóv. 1907, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma	20000	
f. Gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkd. berist til Íslands	3000	
g. Gjöld samkv. lögum nr. 16, 1923 um varnir gegn kynsjúkdómum	4500	
h. Kostnaður við heilbrigðiseftirlit lækna með alþýðuskólum	1500	
i. Til hjálparstöðvar hjúkrunarfélagsins Líknar gegn að minnsta kosti jafnmiklu frá bæjarsjóði Reykjavíkur	4000	
j. Til hjálparstöðvar Rauðakrossdeildar Akureyrar fyrir berklaveika, gegn jafnmiklu frá bæjarsjóði Akureyrar	1000	
k. Til félags íslenzkra hjúkrunarkvenna	700	
Flyt	174200	481175

	kr.	kr.
Flutt	174200	481175
l. Til geitnalækninga, gegn að minnsta kosti ⅔ annarsstaðar að	1000	
m. Til styrktar mönnum, er þurfa að fá sér gervilimi	4000	
n. Viðbótarlaun yfirsetukonu í Grímsey, gegn jafnmikilli launaviðbót annarsstaðar frá	300	
o. Til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs	2200	
p. Til styrktar þeim, er nauðsynlega þurfa að leita sér lækninga erlendis	4000	
		185700
17. Hluti ríkissjóðs af launum yfirsetukvenna		36000
Samtals	.....	702875

13. gr.

Til samgöngumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Póstmál.		
1. Laun:		
a. Eftir launalögum	105000	
b. Póstafgreiðslumenn utan Reykjavíkur	80000	
c. Bréfhirðingamenn	22000	
		207000
2. Póstflutningur		180000
3. Annar kostnaður:		
a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og póstmeistara, eftir reikningi	15000	
b. Skrifstofukostnaður og aðstoð utan Reykjavíkur hjá póstmeisturum á stærri póstafgreiðslum	24000	
c. Húsaleiga utan Reykjavíkur á stærri póststofum og póstafgreiðslum	16500	
d. Önnur gjöld	67000	
		122500
Samtals A.	.....	509500

41
14. júní

		kr.	kr.
	B.		
	Vegamál.		
I.	Stjórn og undirbúningur vegagerða:		
	1. Laun vegamálastjóra	7800	
	2. Laun aðstoðarverkfræðings	5600	
	3. Ferðakostnaður þeirra og fæðispeningar, eftir reikningi, allt að	5000	
	4. Til aðstoðarmanna og mælinga, alt að	20000	
	5. Skrifstofukostnaður, allt að	8000	
			46400
II.	Þjóðvegir:		
	a. Til nýrra akvega:		
	1. Kjalarnesvegur, gegn því að hlutaðeigendur greiði ¼ kostnaðar ... 20000		
	2. Stykkishólmsvegur ... 20000		
	3. Holtavörðuheiðarvegur ... 60000		
	4. Vesturlandsvegur ... 20000		
	5. Hrútafjarðarvegur ... 10000		
	6. Langadalsvegur ... 10000		
	7. Blönduhlíðarvegur ... 25000		
	8. Öxnadalsvegur ... 10000		
	9. Vaðlaheiðarvegur ... 45000		
	10. Jökulsárhlíðarvegur ... 10000		
	11. Biskupstungnabraut ... 20000		
	12. Til vegar á Hólmahálsi, gegn ¼ annarsstaðar að ... 10000		
	13. Til vegar um nýja eldhraunið í V.-Skaftafellssýslu ... 10000		
	14. Vopnafjarðarvegur ... 10000		
		280000	
	b. Viðhald og umbætur	240000	
			520000
III.	Til brúargerða samkvæmt brúarlögum		200000
IV.	Til dragferju á Hólsá, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að, allt að		1500
V.	Til slitlags á akvegum (bifreiðaskattur)		60000
VI.	Fjallvegir		25000
VII.	1. Til áhalda, allt að	20000	
	2. Til bókasafns verkamanna	300	
			20300
	Flyt		873200

41
14. júní

		kr.	kr.
	Flutt		873200
VIII.	Til sýsluvega		
	1. Tillög til akfærra sýsluvega, allt að ..... gegn að minnsta kosti jafnmiklu tillagi annarsstaðar að og öðrum þeim skilyrðum, sem atvinnumálaráðherra setur.	45000	
	2. Til sýsluvegasjóða eftir lögum nr. 10, 1923	65000	
			110000
IX.	Til dragferjuhalds:		
	1. Á Lagarfljóti	300	
	2. – Skjálfandafljóti	300	
	3. – Blöndu	300	
			900
X.	Til ferju á Hrosshyl í Þjórsá		250
XI.	Styrkur til þess að halda uppi vetrarflutningum yfir Hellisheiði		5000
XII.	Styrkur til Sigurðar Daníelssonar, til byggingar á Kolviðarhóli, fyrri greiðsla		6000
	enda hvíli sú kvöð framvegis á húseiganda að halda þar uppi gistingu og greiðasölu fyrir ferðamenn, undir eftirliti og samþykki atvinnumálaráðherra hvað verðlag áhrærir. Jafnframt fellur niður árlegt ríkissjóðstillag til gistihússins.		
XIII.	Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn		3000
	Atvinnumálaráðuneytið veitir styrkinn ábúendum á afskektum bæjum við þjóðbraut.		
XIV.	Iðgjöld til slysatryggingar verkamanna samkv. lögum nr. 44, 27. júní 1925		4000
	Samtals B.	.....	1002350
	C.		
	Samgöngur á sjó.		
1.	Til strandferða:		
	a. Ríkissjóðs	200000	
	b. Eimskipafélags Íslands	60000	
	c. H/f Skaftfellings	24000	
			284000
2.	Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum		91500
	Samtals C.	.....	375500

41
14. júní

	kr.	kr.
D.		
Hraðskeyta- og talmsímasamband.		
I. Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa, afborgana á húseigninni á Seyðisfirði o. fl.		40000
II. Til loftskeytastöðvar í Papey, að því tilskildu, að samningar takist milli landssímastjórnar og búandans á eynni um hóflegt starfsrækslugjald, allt að		10000
III. Til nýrra símalagninga, með því skilyrði, að samkomulag náist við hlutaðeigandi héruð		350000
Þar af 33 þús. krónur til símalínu frá Ögri um Æðey að Snæfjöllum.		
IV. Til starfrækslu landssímanna m. m.:		
1. Laun samkvæmt launalögum	340000	
2. Kostnaður við aðalskrifstofu landssímanna ..	15000	
3. Ritsímastöðin í Reykjavík	36000	
4. Loftskeytastöðin í Reykjavík	11000	
5. Bæjarsíminn í Reykjavík	250000	
6. Áhaldahúsið	3000	
7. Ritsímastöðin á Akureyri	13000	
8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði	15000	
9. Ritsímastöðin á Ísafirði	8000	
10. Símastöðin á Borðeyri	6000	
11. Símastöðin í Hafnarfirði	7500	
12. Símastöðin í Vestmannaeyjum	8000	
13. Símastöðin á Siglufirði	7500	
14. Til aukaritsímaþjónustu	5000	
15. Til annara símastöðva og eftirlitsstöðva	105000	
16. Til uppbótar á launum:		
a. Talsímakvenna við bæjarsímann í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og Siglufirði, allt að 14100		
b. Símritara o. fl. eftir sömu reglum og 1927 9500		
c. Til kvennvarðstjóra, kvennsímritara o. fl. 3600		
	27200	
17. Til Steindórs Björnssonar	1200	
18. Til Jónasar Eyvindssonar og Gróu Dalhoff, persónuleg launaviðbót, 300 kr. til hvors	600	
		859000
Flyt		1259000

		kr.	kr.
	Flutt		1259000
V.	Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.		40000
VI.	Viðbót og viðhald stöðvanna		50000
VII.	Kostnaður við ferðalög vegna starfrækslunnar, eftir reikningi, allt að		10000
VIII.	Viðhald landssímanna		180000
IX.	Áframhaldsgjald		25000
X.	Til kennslu fyrir símamenn		3000
XI.	Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern		1500
XII.	Ýms gjöld		7000
	Samtals D.	.....	1575500
	E.		
	Vitamál og hafnargerðir.		
I.	Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála:		
	1. Laun vitamálastjóra	7800	
	Hann sé umsjónarmaður vitamála og hafnargerðar og ókeypis ráðunautur landsstjórnar, héraðsstjórna og bæja í öllu því, er varðar vitamál og hafna.		
	2. Til verkfróðrar aðstoðar	10000	
	3. Til skrifstofuhalds, eftir reikningi	4000	
	4. Ferðakostnaður og fæðispeningar, eftir reikningi	2500	
			24300
II.	Laun vitavarða		27000
	Þar af 300 kr. persónuleg launaviðbót handa núverandi vitaverði Gróttuvitans.		
III.	Rekstrarkostnaður vitanna		110000
IV.	Sjómerki, þar með talið viðhald sæluhúsa		10000
V.	Til að reisa nýja vita		80000
VI.	Ýmislegt		60000
VII.	Til bryggjugerðar og lendingarbóta, allt að ⅓ kostnaðar, gegn ⅔ annarsstaðar að, enda sé það fé fyrir hendi og stjórnarráðið samþykki áætlun ..		25500
VIII.	Til lendingabóta við Unaós, gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að		5100
IX.	Til hafnargerðar í Ólafsvík, ⅓ kostnaðar, allt að		15000
	Flyt		262400

	kr.	kr.
Flutt		262400
X. Til lendingarbóta í Gerðum í Garði, helmingur kostnaðar, síðari fjárveiting, allt að		7000
XI. Til að dýpka Snepilrás, helmingur kostnaðar (lokaveiting), allt að		3500
Samtals E.	.....	367400

14. gr.

Til kirkju- og kennslumála er veitt:

	kr.	kr.
A.		
Andlega stéttin.		
a. Biskupsdæmið:		
1. Laun biskups	8600	
2. Skrifstofukostnaður, eftir reikningi, allt að	2000	
		10600
b. Önnur gjöld:		
1. Til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.	300	
2. Hluti ríkissjóðs af lífeyrisgjaldi presta samkvæmt lögum nr. 49 1907	350	
3. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum	7000	
4. Framlag til prestlaunasjóðs	275000	
5. Til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, fyrir skýrslugerðir	1000	
6. Til útgáfu ársskýrslu fyrir hina íslenzku þjóðkirkju	400	
7. Til húsabóta á prestssetrum, með skilyrðum sem greinir í fjárlögum 1924	20000	
		304050
Samtals A.	.....	314650

	kr.	kr.
B.		
Kenslumál.		
I. Háskólinn:		
a. Laun	93000	
b. Til héraðslæknisins í Reykjavík fyrir kennslu við háskólann	1500	
c. Til kennara í lagalæknisfræði	500	
d. Til kennslu í söng	1000	
e. Til kennslu í bókhaldi	400	
f. Til þess að greiða kostnað við heimsóknir erlendra vísindamanna, er hér halda fyrirlestra í háskólanum, allt að	2000	
g. Námsstyrkur	15000	
h. Húsaleigustyrkur	9000	
i. Rekstrarstyrkur til rannsóknarstofu háskólans	2500	
j. Til kennsluáhalda læknadeildar	1000	
k. Fyrir starf við gerlarannsókn og kennslu í efnafræði	2800	
l. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla	4000	
m. Önnur gjöld:		
1. Til ritara og dyravarðar ..... 4000 auk hlunninda er dyravörður hefur áður notið.		
2. Ýms gjöld 5000		
	9000	
n. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta	750	
o. Framlag fyrir eitt herbergi í alþjóðastúdentagarði í París, önnur greiðsla af fjórum	2500	
p. Til félags íslenzkra háskólakvenna, til þess að senda fulltrúa á þing alþjóðasambands háskólakvenna í Genf	1500	
		146450
II. Námsstyrkur erlendis:		
a. Til íslenzkra stúdenta í erlendum háskólum	24000	
b. Til læknaefna, til að ljúka námi í sængurkvennastofnun erlendis, 500 kr. handa hverjum, allt að	2500	
c. Námsstyrkur samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs	12000	
Flyt	38500	146450

41
14. júní

	kr.	kr.
Flutt	38500	146450
Styrkinn má veita konum sem körlum til hvers þess náms, er menntamálaráðið telur nauðsyn að styrkja.		
d. Til Þórhalls Þorgilssonar, til lokanáms við Sorbonne í París	1000	
		39500
III. Menntaskólinn almenni:		
a. Laun	74200	
b. Önnur gjöld:		
1. Til bókasafns skólans 700		
2. Til eldiviðar, ljósa og ræstingar ... 6000		
3. Til skólahússins utan og innan 3000		
4. Til stundakennslu og til prófdómenda, allt að 25000		
5. Húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 75 kr. handa hverjum 2700		
6. Námsstyrkur, 2000 kr., með verðstuðulsuppbót 2900		
7. Læknisþóknun 500		
8. Til vísindalegra áhalda 1500		
9. Ýmisleg gjöld 3500		
10. Til verðlaunabóka 100		
11. Aðgerð á skólahúsinu 20000		
12. Vegna kostnaðar við skólastjórn .. 2000		
	67900	
		142100
Húsaleigustyrk og námsstyrk má aðeins veita efnilegum. reglusömum og efnalitlum nemendum. Húsaleigustyrkur sé venjulega aðeins veittur utanbæjarmönnum, og að námsstyrk gangi utanbæjarmenn fyrir innanbæjarmönnum, að öðru jöfnu.		
IV. Gagnfræðaskólinn á Akureyri:		
a. Laun	29000	
b. Önnur gjöld:		
1. Til aukakennara og stundakennslu . 12000		
2. Vegna kostnaðar við heimavistina 2000		
3. Til bóka og kennsluáhalda 2000		
Flyt	29000	328050

41
14. júní

		kr.	kr.
Flutt		29000	328050
4. Til eldiviðar og ljósa	6500		
5. Námsstyrkur	700		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
6. Til dyravörzlu:			
a. Laun	600		
b. Dýrtíðaruppbót	300		
	900		
7. Aðgerð á skólahúsinu	10000		
8. Til ýmislegra gjalda	3000		
		37100	
			66100
V. Kennaraskólinn:			
a. Laun		19000	
b. Önnur gjöld:			
1. Stundakennsla	3000		
2. Eldiviður og ljós	2500		
3. Bókakaup og áhöld	500		
4. Námsstyrkur	2500		
Utanbæjarnemendur gangi að styrk fyrir innanbæjarnemendum, að öðru jöfnu.			
5. Til vornámskeiðs fyrir barnakennara	1500		
6. Til viðhalds	10000		
7. Ýmisleg gjöld	2500		
		22500	
			41500
VI. Stýrimannaskólinn:			
a. Laun		13500	
b. Önnur gjöld:			
1. Til stundakennslu	1500		
2. Til eldiviðar og ljósa	2000		
3. Til Sveinbjarnar Egilssonar, til fyrirlestra	300		
4. Ýmisleg gjöld	2500		
		6300	
			19800
Flyt			455450

		kr.	kr.
	Flutt		455450
VII.	Vélstjóraskólinn:		
	a. Laun	8800	
	b. Önnur gjöld:		
	1. Til stundakennslu 1000		
	2. Húsnæði 5400		
	3. Ljós og hiti 1300		
	4. Ræsting 700		
	5. Til prófhalda 800		
	6. Ýms gjöld 500		
		9700	
			18500
	Við skólana undir liðunum III.—VII. skal vera skólagjald, að minnsta kosti 150 kr. fyrir hvern innanbæjarnemanda. Stjórnarráðið má þó, eftir tillögum skólastjóra, veita undanþágu frá skólagjaldi, ef í hlut eiga efnalitlir, en einkar efnilegir nemendur.		
VIII.	Bændakennsla:		
	1. Til bændaskólans á Hólum:		
	a. Laun 9650		
	b. Til smíða-, leikfimi- og dráttlistarkennslu 1450		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, allt að 2500		
	2. Til kennsluáhalda 800		
	3. Til eldiviðar og ljósa 3500		
	4. Ýmisleg gjöld 3000		
	9800	20900	
	2. Til bændaskólans á Hvanneyri:		
	a. Laun 8550		
	b. Til smíða og leikfimikennslu 1300		
	c. Önnur gjöld:		
	1. Til verklegs náms, allt að 2400		
	2. Til kennsluáhalda 800		
	3. Til eldiviðar og ljósa ... 3000		
	Flyt	20900	473950

	kr.	kr.
Flutt	20900	473950
4. Ýmisleg gjöld 3000		
——— 9200		
———	19050	
3. Til steinsteypukennslu	4000	
Styrkurinn til verklegs náms við bændaskólana á Hólum og Hvanneyri veitist nemendum, sem stunda verknám samkvæmt samningi, eigi skemur en 8 vikur á ári, og skila skólunum dagbókum um vinnubrögðin yfir námstímann, enda sjái skólastjóri nemendum fyrir ókeypis fæði og kennslu. Nemi styrkurinn aldrei hærri upphæð á hvern nemanda en 18 kr. fyrir hverja viku námstímans.		
Styrkinn má aðeins greiða eftir á, samkvæmt skýrslu um námið, og sje í henni getið, hve háan vikustyrk hver nemandi skal fá.		
		43950
IX. Iðnfræðsla:		
a. Til Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, til þess að reka iðnskóla í Reykjavík, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar	6000	
b. Til Iðnaðarmannafélagsins á Akureyri til kvöldskólahalds	2000	
c. Til Iðnaðarmannafélagsins á Ísafirði, til skólahalds	1200	
d. Til Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði, til kvöldskólahalds	800	
Styrkurinn til þessara 4 skóla má þó ekki fara yfir 4/5 rekstrarkostnaðar.		
Skólar þessir skulu senda stjórnarráðinu skýrslu, enda samþykki það stundaskrá þeirra.		
e. Til að styrkja efnilega menn, karla og konur, til verklegs framhaldsnáms erlendis	4000	
		14000
X. Verzlunarskólar:		
a. Til Kaupmannafélagsins og verzlunarmannafélagsins í Reykjavík, til að halda uppi skóla fyrir verzlunarmenn, undir umsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir 3/4 kostnaðar	6000	
Flyt	6000	531900

		kr.	kr.
	Flutt	6000	531900
b.	Til Sambands samvinnufélaganna, til þess að halda uppi verzlunarskóla, undir yfirumsjón landsstjórnarinnar, þó ekki yfir ¾ kostnaðar	6000	
			12000
XI.	Yfirsetukvennaskólinn:		
1.	Laun forstöðumanns	1000	
2.	Til verklegrar kennslu:		
a.	Laun þriggja yfirsetukvenna í Rvík 900		
b.	Annar kostnaður, allt að 1000		
		1900	
3.	Styrkur til námskvenna, þar í talin verðstuðulsuppbót, allt að	6700	
4.	Húsaleiga og hiti, ljós og ræsting	1500	
			11100
XII.	Kvennaskólar:		
1.	Til kvennaskólans í Reykjavík:		
a.	Húsaleigustyrkur 5000		
b.	Rekstrarkostnaður, gegn að minnsta kosti 1800 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 21000		
c.	40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að 4000		
d.	Námsstyrkur til sveitastúlkna 1000		
		31000	
2.	Til kvennaskólans á Blönduósi:		
a.	Rekstrarstyrkur, gegn að minnsta kosti 1000 kr. framlögum annarsstaðar að en úr ríkissjóði 14000		
b.	65 kr. fyrir hverja námsmey, sem er allt skólaárið, allt að 2000		
c.	Til endurbóta á skólahúsinu 4000		
		20000	
	Skólar þessir standa undir yfirumsjón landsstjórnarinnar.		
			51000
XIII.	Almenn barnafræðsla:		
1.	Umsjón fræðslumála:		
a.	Laun fræðslumálastjóra 5600		
b.	Skrifstofukostnaður hans 1200		
	Flyt		606000

	kr.	kr.
Flutt		606000
c. Til eftirlitsferða, eftir reikningi, allt að 1000		
	7800	
2. Laun kennara við fasta skóla og dýrtíðaruppbót	266000	
3. Laun farkennara og dýrtíðaruppbót	25650	
4. Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu, með sömu skilyrðum sem verið hefir, allt að ..	7000	
5. Til prófdómara við barnapróf	10000	
6. Til þess að reisa barnaskóla utan kaupstaða, samkvæmt skilyrðum 14. gr. fræðslulaganna, allt að	40000	
7. Til fræðslumálarits	800	
8. Utanfararstyrkur handa barnakennurum ...	3000	
		360250
XIV. Unglinga- og alþýðuskólar:		
1. Til alþýðuskólans á Eiðum:		
a. Laun 10500		
b. Til hannyrða, leikfimi og smíðakennslu 2000		
1. Til kennsluáhalda 800		
2. Til eldiviðar og ljósa 4000		
3. Ýmisleg gjöld 3000		
4. Til þess að mála skólahúsið 3500		
——— 11300		
	23800	
2. Til Gagnfræðaskóla Reykjavíkur	2000	
3. Til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur og Akureyrar, allt að	75000	
Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að skólarnir fullnægi reglum, er stjórnarráðið setur, og að þeir njóti styrks annarsstaðar frá, er ekki sé minni en þriðjungur ríkissjóðsstyrksins. Unglingaskólar í kaupstöðum og fjölmennum kauptúnum fá minni styrk en sveitaskólar, að öðru jöfnu. Kennslumálastjórnin úthlutar styrknum og hefir eftirlit með skólunum.		
Flyt	100800	966250

	kr.	kr.
Flutt	100800	966250
4. Til þess að reisa héraðsskóla í sveitum, allt að helmingi kostnaðar	30000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn héraðseign.		
5. Til rafmagnsveitu við Núpsskóla, helmingur kostnaðar, allt að	15000	
6. Til þess að reisa unglingaskóla í kaupstöðum, 2/5 kostnaðar, allt að	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að áætlun og teikning sé samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni og skólinn eign kaupstaðarins.		
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að innanbæjarnemendur greiði skólagjald eftir sömu reglu og í liðunum III.—VII., og renni það í skólasjóð.		
7. Til bókasafna við unglingaskóla	2000	
8. Til þess að gefa út kennslubækur handa skólum	3500	
		171300
XV. Húsmæðrafræðsla:		
1. Til húsmæðradeildar við Alþýðuskóla Þingeyinga	5000	
Styrkurinn er bundinn því skilyrði, að atvinnumálaráðherra samþykki reglugerð skólans		
2. Til þess að reisa húsmæðraskóla, allt að helmingi byggingarkostnaðar	20000	
Styrkurinn er bundinn þeim skilyrðum, að skólastaðurinn sé ákveðinn, áætlun og teikning samþykkt af stjórnarráðinu og trygging sé fyrir nægu fjárframlagi á móti, enda verði reglugerð skólans staðfest af fræðslumálastjórninni.		
Flyt	25000	1137550

41
14. júní

		kr.	kr.
	Flutt	25000	1137550
3.	Til kvenfélagsins Óskar í Ísafjarðarkaupstað, til húsmæðrafræðslu, gegn 1000 kr. annarsstaðar að	6000	
	Noti félagið ekki styrkinn, má greiða hann öðrum á Ísafirði eða Ísafjarðarsýslu, að óbreyttum skilyrðum.		
4.	Til Sigrúnar Pálsdóttur Blöndal, til húsmæðrafræðslu í Mjóanesi	1500	
5.	Til húsmæðrafræðslu í Vík í Mýrdal	1500	
6.	Til Bjargar Sigurðardóttur, styrkur til þess að kenna síldarmatreiðslu víðsvegar á landinu, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands	1000	
	Styrkurinn veitist í eitt skifti fyrir öll, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá.		
			35000
XVI.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja m. m.		24000
	Stjórnin annast um, að aðstandendur nemendanna eða nemendurnir sjálfir greiði kostnað, ef efni þeirra leyfa, samkv. tilsk. 28. febr. 1872, 2. gr.		
XVII.	Til kennslu blindra barna, sem send eru utan til náms, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að		1000
XVIII.	Til Málfríðar Jónasdóttur frá Kolmúla, til blindranáms í Reykjavík		500
XIX.	Sundkennsla o. fl.:		
1.	Til sundkennslu í Reykjavík	300	
	Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kennsla þessi fari fram að minnsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu og að lærisveinar ríkisskólanna og skóla fyrir unglinga og fullorðna, sem styrktir eru af ríkisfé, njóti kennslunnar ókeypis.		
2.	Laun Ólafs Pálssonar og Jóns Pálssonar fyrir sundkennslu þá, sem getur í 1. lið, og til að kenna öðrum sundkennurum björgunarsund ..	3000	
3.	Til sundkennslu o. fl. annarsstaðar en í Rvík	3000	
	Styrkurinn veitist bæjarstjórnum og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá		
	Flyt	6300	1198050

	kr.	kr.
Flutt	6300	1198050
sé lagt til sundkennslunnar eigi minna en ríkissjóðsstyrknum nemur.		
4. Til þess að gera nýjar, steinsteyptar sundlaugar og sundskýli, enda séu þær til afnota fyrir almenning og landsstjórnin samþykki uppdrátt og kostnaðaráætlun, helmingur kostnaðar, allt að	20000	
		26300
XX. Til Ríkarðs Jónssonar, til þess að halda uppi kennslu í teikningu og tréskurði í þjóðlegum stíl		1800
XXI. Til Elísabetar Eiríksdóttur kennslukonu á Akureyri til áhaldakaupa handa Montessori-skóla hennar fyrir smábörn, í eitt skifti fyrir öll ..... gegn 500 kr. frá Akureyrarkaupstað.		1000
XXII. Ýmsar íþróttir:		
1. Til Íþróttasambands Íslands	6000	
2. Til Bandalags íslenzkra skáta	500	
3. Til Björns Jakobssonar, til íþróttakennslu ..	4000	
4. Til Geirs Gígju kennara, til þess að fullnuma sig í skólasmíði og lesa náttúrufræði í Kaupmannahöfn	1500	
5. Til glímufélagsins Ármanns, til að sýna íslenzka glímu í Þýzkalandi	3000	
6. Til Skáksambands Íslands	1500	
		16500
Samtals B.		1243650

15. gr.

Til vísinda, bókmennta og lista er veitt:

	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:		
a. Laun	18300	
b. Launauppbót til 1. bókavarðar, 500 kr. og til 2. bókavarðar 1000 kr.	1500	
c. Til aðstoðar	4500	
Flyt	24400	

41
14. júní

	kr.	kr.
Flutt	24300	
d. Til að kaupa bækur og handrit og til bókbands	12000	
e. Til að semja spjaldskrá	1000	
f. Til að semja og gefa út skrá yfir handrit	3000	
g. Til ritaukaskrár	800	
h. Brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	
i. Húsaleiga	500	
j. Ýmisleg gjöld	1100	
		43060
2. Þjóðskjalasafnið:		
a. Laun	6200	
b. Til bókbands, bóka- og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðarmanns	5500	
c. Ýms gjöld	1000	
		12700
3. Þjóðminjasafnið og verndun fornminja:		
a. Laun þjóðminjavarðar (fornminjavarðar)	7150	
b. Til aðstoðar, eftir reikningi, allt að	2550	
c. Til að útvega forngripi, allt að	1500	
d. Til áhalda og aðgerða	1500	
e. Til rannsókna og ferðakostnaðar	1000	
f. Til umbóta Hóladómkirkju	1000	
Þjóðminjasafnið sé opið 6 stundir á viku, eftir nánari fyrirmælum stjórnarráðsins.		
		14700
4. Náttúrufræðifélagið:		
a. Tillag	2000	
b. Til aðstoðarmanns	1400	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að safnið sé til sýnis almenningi á ákveðnum tíma, ekki sjaldnar en einu sinni á viku.		
		3400
5. Landsbókasafnshúsið:		
a. Til eldiviðar, ljóss og ræstingar	6500	
b. Til viðhalds og áhalda	2000	
		8500
6. Til kaupstaðabókasafna, gegn eigi minna tillagi úr bæjarsjóði og sýslusjóði		2000
Flyt		84360

	kr.	kr.
Flutt		84360
7. Aukastyrkur til þriggja bókasafna:		
a. Til amtsbókasafnsins á Akureyri, að því tilskildu, að Davíð skáld frá Fagraskógi hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
b. Til bókasafnsins á Ísafirði, að því tilskildu, að Guðmundur Gíslason Hagalín rithöfundur hafi þar bókavörzlu með a. m. k. 2000 kr. launum auk verðstuðulsuppbótar	3000	
c. Til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði ..... enda sé safnið starfrækt í samráði við sýslunefnd Suður-Múlasýslu og bæjarstjórn Neskaupstaðar.	1000	
		7000
8. Til sýslubókasafna og lestrarsala í kauptúnum, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða sveitarsjóði .... Þar af skal bókasafnið í Stykkishólmi njóta 400 kr. styrks.		1200
9. Til bókasafnsins Íþöku, til bókakaupa		200
10. Til Hins íslenzka bókmenntafélags ..... enda haldi það áfram útgáfu hins íslenzka fornbréfasafns sem að undanförnu.		3400
11. Til Þjóðvinafélagsins, þar af 5000 kr. með því skilyrði, að félagið gefi út æfisögu Jóns Sigurðssonar ..		6800
12. Til Fornleifafélagsins		800
13. Til Sögufélagsins, til þess að gefa út alþingisbækur, landsyfirdóma o. fl.		2700
14. Til Fræðafélagsins, til þess að gefa út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns		2000
15. Til Þorkels Jóhannessonar, til að safna drögum að atvinnusögu Íslands, gegn 800 kr. framlagi annarsstaðar að		1200
16. Til Björns K. Þórólfssonar, til þess að semja skrá yfir skjöl, er Ísland varða og geymd eru í skjalasöfnum í Kaupmannahöfn, enda fái þjóðskjalasafnið afrit af skránni		1500
17. Til Fornritaútgáfunnar, 150 kr. á hverja prentaða örk, allt að		5000
Flyt		116160

		kr.	kr.
	Flutt		116160
18.	Til Færeyjafélagsins Gríms Kambans		300
19.	Til Leikfélags Reykjavíkur, gegn að minnsta kosti 2000 kr. framlagi úr bæjarsjóði Reykjavíkur		6000
20.	Til Mörtu Kalman, til þess að kynna sér leiklist í Englandi og í Danmörku		2000
21.	Til Leikfélags Akureyrar, gegn að minnsta kosti 500 kr. framlagi frá Akureyrarkaupstað		1500
22.	Til Leikfélags Ísafjarðar, gegn að minnsta kosti 300 kr. framlagi frá Ísafjarðarkaupstað		1000
23.	Til Ingibjargar Steinsdóttur, til leiknáms erlendis ..		2000
24.	Til Páls Ísólfssonar, til þess að veita kirkjuorgelleikurum og barnakennurum utan Reykjavíkur ókeypis kennslu í orgelleik, hljómfræði og söngstjórn í kirkjum og barnaskólum		2500
25.	Til Karlakórs Reykjavíkur, til þess að fá sér kennslu hjá söngkennara		1000
26.	Styrkur til skálda og listamanna, þó eigi minna en 500 kr. til hvers		8000
27.	Til Sveinbjarnar Björnssonar skálds		1000
28.	Til séra Jóns Sveinssonar, ferðastyrkur heim til Íslands		1200
29.	Til Þórbergs Þórðarsonar, til þess að safna orðum úr alþýðumáli, enda sé safnið eign ríkisins		2400
30.	Til Sigurjóns Friðjónssonar skálds		1000
31.	Til þess að rita sögu Alþingis, 5000 kr., með verðstuðulsuppbót		6800
32.	Til Hannesar Þorsteinssonar, til þess að semja æfisögur lærðra mann íslenzkra á síðari öldum, enda sé handritið eign ríkisins að honum látnum		2000
33.	Til Sigurðar Nordals, til ritstarfa, 2000 kr. með verðstuðulsuppbót		2800
34.	Til Samúels Eggertssonar, til þess að semja og gefa út hlutfallauppdrátt af sögu Íslands		2000
35.	Til Magnúsar Ásgeirssonar, til ljóðaþýðinga úr erlendum málum		1500
36.	Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsókna: a. Föst laun með dýrtíðaruppbót	6800	
	Flyt	6800	161160

		kr.	kr.
	Flutt	6800	161160
	b. Til ferða og annara útgjalda við rannsóknirnar ..	1200	
			8000
37.	Til dr. Guðmundar Finnbogasonar, til þess að vinna að bók um eðliseinkenni Íslendinga		2000
38.	Til Frímanns B. Arngrímssonar, til að safna steinum og jarðtegundum og rannsaka, að hverju sé nýtt		800
39.	Til Páls Þorkelssonar, til þess að vinna að málsháttasafni sínu		1000
40.	Til Sighvats Borgfirðings, til þess að vinna að Prestaæfum sínum		800
41.	Til Boga Th. Melsteds, til þess að rita Íslandssögu ..		800
42.	Til Guðbrands Jónssonar, til að semja íslenzka miðaldarmenningarsögu		1800
43.	Til landskjálftarannsókna ..... Greiðist því aðeins, að rannsókn verði við komið og skýrslur gefnar.		800
44.	Til leiðbeiningaskrifstofu stúdenta		1000
45.	Til íþróttafélags stúdenta, til þess að senda glímumenn á samkomu í Kiel (nordisch-deutsche Woche)		1000
46.	Til norræns stúdentamóts í Reykjavík		10000
47.	Til listasafnshúss Einars Jónssonar		4000
48.	a. Til Einars Jónssonar myndhöggvara, 5000 kr. með verðstuðulsuppbót ..... enda hafi hann forstöðu og umsjón listasafns síns, er sé almenningi til sýnis endurgjaldslaust 4 stundir á viku.	6800	
	b. Til sama, til aðstoðar	1200	
			8000
49.	Til fréttastofu blaðamannafélagsins		3500
50.	Ferðastyrkur til útlanda		6000
51.	Til þjóðleikhúss (sbr. tekjul. 5. gr. 4)		75000
52.	Til menningarsjóðs (sbr. tekjul. 5. gr. 5)		15000
53.	Þóknun fyrir störf menntamálaráðs Íslands (sbr. 1. gr. laga nr. 7, 12. apríl 1928)		3000
	Samtals	.....	303660

41 16. gr.
14. júní Til verklegra fyrirtækja er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun búnaðarþingsins ..		240000
2.	Til tilraunastarfsemi um grasfræ- og hafrasáningu, allt að		10000
	Styrkur veitist af þessum lið eftir ákvörðun atvinnumálaráðuneytisins í samráði við Búnaðarfélag Íslands		
3.	Til sandgræðslu		50000
	Þar af skal verja 10 þús. kr. til sandgræðslugirðingar um Helluvaðs- og Grafarnessand á Rangárvöllum. gegn jafnháu tillagi annarsstaðar að.		
4.	Til áveitu og sandgræðslu í Meðallandi		5000
5.	Gjöld samkvæmt jarðræktarlögunum		375000
6.	Til búfjártryggingarsjóðs Íslands		15000
7.	Til byggingar- og landnámssjóðs		200000
8.	Vegna ráðstafana um tilbúinn áburð		30000
9.	Til að rannsaka og gera tillögur um raforkuveitur til almenningsþarfa utan kaupstaða, gegn fimmtungs framlagi frá hlutaðeigandi héruðum, allt að		15000
10.	Til Skeiðaáveitunnar upp í vexti og afborganir af veðdeildarlánum áveitunnar, fimti hluti ríkissjóðstillags, síðasta greiðsla		6000
11.	Til Garðyrkjufélags Íslands:		
	Laun garðyrkjustjóra		4000
12.	Til skógræktar:		
	a. Laun	11910	
	Þar af 600 kr. húsaleiguuppbót til Einars Sæmundsens.		
	b. Til skóggræðslu	20000	
	c. Styrkur til Hákonar Bjarnasonar, til skógræktar- og sandgræðslunáms	1200	
			33110
13.	Til dýralækninga:		
	a. Laun handa 4 dýralæknum	17000	
	b. Til Hólmgeirs Jenssonar, til dýralækninga	900	
			17900
14.	Til rannsóknastofu í þarfir atvinnuveganna		20000
	Flyt		1021010

		kr.	kr.
	Flutt		1021010
15.	Til fjárkláðalækninga		6000
16.	Til þess að búa til bráðapestarbóluefni		5000
17.	Til eftirlits með útflutningi á hrossum		1000
18.	Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík:		
	a. Laun forstöðumanns, auk 25% af öllum tekjum stofnunarinnar, 3500 kr., með dýrtíðaruppbót ..	4800	
	b. Til aðstoðar	5600	
	c. Húsaleiga	3000	
	d. Til ljósa, eldsneytis og ræstingar	1200	
	e. Til áhaldakaupa	500	
	f. Til forstöðumanns, til þarabrennslutilrauna	700	
19.	Til veðurstofu Íslands:		15800
	a. Laun forstöðumanns og fulltrúa	14900	
	b. Til aðstoðar	12350	
	c. Til veðurathugana utan Reykjavíkur, áhalda o. fl.	8000	
	d. Til veðurskeyta o. fl.	11150	
	e. Til loftskeytatækja	800	
	f. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	3000	
	g. Eftirlit með veðurathugunarstöðvum o. fl.	1400	
	h. Til að varpa út veðurskeytum á erlendum málum	3500	
	i. Vegna flugferða	3000	
			58100
20.	Til landmælinga		45000
21.	Til Fiskiveiðasjóðs Íslands		6000
22.	Til Fiskifélagsins, enda samþykki atvinnumálaráðuneytið fjárhagsáætlun fiskiþingsins		75000
	Enda sjái það um á sinn kostnað útgáfu fiskimannaalmanaks.		
23.	Laun yfirmatsmanna o. fl.:		
	a. 5 fiskiyfirmatsmanna	16600	
	b. Launauppbót fiskiyfirmatsmanna	8200	
	Af þessari upphæð fá fiskiyfirmatsmennirnir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði 1500 kr. hver, fiskiyfirmatsmaðurinn í Vestmannaeyjum 1200 kr. og fiskiyfirmatsmaðurinn í Reykjavík 1000 kr. í ritfé.		
	c. Laun 4 ullarmatsmanna	2200	
	d. Laun 5 kjötmatsmanna	4100	
	Flyt	31100	1232910

41
14. júní

		kr.	kr.
	Flutt	31100	1232910
	e. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	8000	
			39100
24.	Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra		8000
25.	Til markaðsleitar erlendis		20000
26.	Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum, gegn tvöföldu fjárframlagi annarsstaðar að		10000
27.	Til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, kr. 1,50 fyrir hvern kassa mjólkur (48 dósir), sem hún framleiðir, allt að		6000
28.	Til sambands íslenzkra heimilisiðnaðarfélaga ..... Þar af 800 kr. til Geirs Þormars, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði á Norður- og Austurlandi.		6000
29.	Til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til að halda uppi kennslu og námsskeiðum í tréskurði og heimilisiðnaði		1000
30.	Til Halldóru Bjarnadóttur, til þess að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar		1800
31.	Til Kvennfélags Hvammshrepps í Vík í Mýrdal, til þess að halda uppi kennslu í handavinnu kvenna. ..		600
32.	Til sambands norðlenzkra kvenna		450
33.	Til sambands austfirzkra kvenna		300
34.	Til Bandalags kvenna		450
35.	Til kvennréttindafélags Íslands		500
36.	Til Bríetar Bjarnhéðinsdóttur, til þess að sækja fund alþjóðakvennréttindasambandsins í Berlín		1500
37.	Til landsfundar kvenna 1930		1500
38.	Til vörumerkjaskrásetjara		2000
39.	Handa Ungmennafélagi Íslands, til eflingar íþrótta og skóggræðslu ..... Félagið gefi landsstjórninni skýrslu um, hvernig fénu er varið.		7500
40.	Til Dýraverndunarfélags Íslands, til dýraverndunarstarfsemi.		1800
41.	Til Ferðafélags Íslands		1000
42.	Laun húsagerðarmeistara		7250
43.	Til leiðbeiningar um húsagerð til sveita, á móti byggingar- og landnámssjóði ..... enda greiðist engin borgun fyrir leiðbeiningarnar.		4000
	Flyt		1353660

		kr.	kr.
	Flutt		1353660
44.	Til Hjálpræðishersins í Reykjavík, byggingarstyrkur til gistihúss, fyrri greiðsla		5000
45.	Til Álftveringa, til þess að verja engjar í sveitinni fyrir spjöllum af jökulánni Skálm, allt að		6600
46.	Til mælinga og rannsókna vatnasvæðis Þverár og Markarfljóts		10000
47.	Til framræslu á Eyrarbakka, ¼ kostnaðar, allt að Styrkurinn er veittur með því skilyrði, að Búnaðarfélag Íslands hafi yfirumsjón með verkinu.		4000
48.	Til ræktunarvegar í Vestmannaeyjum, fyrri greiðsla		6000
49.	Til Þórðar Flóventssonar, til leiðbeiningar um laxa- og silungaklak		1800
50.	Til Magnúsar Jónssonar, Torfustöðum í Vestur-Húnavatnssýslu, til eflingar laxa- og silungaklaki		1200
51.	Til að gera laxgenga fossana Glanna og Laxfoss í Norðurá í Mýrasýslu, ⅓ kostnaðar (endurveiting) allt að		1000
52.	Til Guðmundar Jónssonar frá Stokkseyri, til vélfræðináms í Þýzkalandi, til að læra að fara með Dieselvélar		1500
53.	Gjöld vegna laga um skipulag bæja og sjávarþorpa ..		8000
54.	Til vatnsrennslismælinga		2000
55.	Til ræktunarsjóðs:		
	a. Afgjöld þjóðjarða	30000	
	b. Tillag til kostnaðar við sjóðinn	10000	
	c. Hluti af útflutningsgjaldi	65000	
			105000
56.	Til undirbúnings flugferða, allt að		8000
57.	Til innflutnings sauðnauta, eftir ráðstöfun ríkisstjórnarinnar		20000
58.	Til Jakobs Gíslasonar cand. polyt., til framhaldsnáms í rafmagnsfræði		1200
59.	Til Kristjáns Jónssonar í Auraseli, í viðurkenningarskyni fyrir leiðsögu yfir jökulvötn í Rangárvallasýslu um langt skeið.		500
60.	Til Hjörleifs Björnssonar, í viðurkenningarskyni fyrir að hafa haft á hendi bréfhirðingu endurgjaldslaust í full 30 ár		500
	Samtals	.....	1535960

41 14. júní

17. gr.

Til almennrar styrktarstarfsemi er veitt:

		kr.	kr.
1.	Styrkur til berklasjúklinga		600000
2.	Gjöld samkvæmt lögum nr. 61, 1921, um breyting á fátækralögum, 77. og 78. gr.		60000
3.	Styrkur til sjúkrasamlaga		7000
	Af þessum lið má greiða sjúkrasamlagi Hins ísl. prentarafélags styrk í samræmi við styrk til annara sjúkrasamlaga		
4.	Til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík		3500
5.	Til sjúkra- og styrktarsjóðs vitavarða		500
6.	Til slysatryggingar		10000
7.	Til slysavarna, allt að		18000
	Af framlagi þessu skal verja 8000 kr. til vegar, er flytja megi eftir björgunarbát milli Sandgerðis og Stafness.		
8.	Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis		1000
9.	Til bjargráðasjóðs		24000
10.	Tillag til ellistyrktarsjóða.		45000
11.	Til Stórstúku Íslands, til bindindisstarfsemi		10000
12.	Til Rauðakrossfélags Íslands		2000
13.	Til slysatryggingarsjóðs félagsins Dagsbrúnar		500
14.	Til minningarsjóðs frú Maríu Össursdóttur, Flateyri, til berklavarnastarfsemi		2000
15.	Til sjúkrasjóðs Fellshrepps		200
16.	Til sjúkrasjóðs Hofshrepps		400
17.	Til styrktar- og sjúkrasjóðs verkakvennafélagsins „Framsóknar“ í Reykjavík		500
18.	Til sjúkrasjóðs „Félags járnsmíðanema í Reykjavík“		200
19.	Til styrktarsjóðs Sjómannafélags Vestmannaeyja		600
20.	Til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins Drífandi í Vestmannaeyjum		600
21.	Til styrktarsjóðs Margrétar Bjarnadóttur frá Bergvík til hjálpar fátækum ekkjum og börnum sjómanna í Gerða- og Keflavíkurhreppum		800
22.	Til gamalmennahælis Ísfirðinga, húsaleigustyrkur		1000
23.	Til gamalmennahælisins Hafnar á Seyðisfirði, upp í stofnkostnað		2500
	Flyt		790300

41
14. júní

	kr.	kr.
Flutt		790300
24. Tillag til Alþjóðahjálparsambandsins (International Relief Union)		1000
Samtals	.....	791300

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár er veitt:

		kr.	kr.
I. Samkvæmt eftirlaunalögum:			
a. Embættismenn		27417,42	
b. Embættismannaekkjur og börn		17795,97	
c. Uppgjafaprestar		635,28	
d. Prestsekkjur		5710,17	
Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 49, 1923		2500,00	
Lífeyrir samkvæmt lögum nr. 51, 1921		250,00	
			54308,84
II. Styrktarfé og eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna:			
a. Embættismenn:			
1. Til Sigurðar Magússonar læknis	600,00		
2. — Halldórs Briems bókavarðar	960,00		
3. — Sigurðar Kvarans héraðslæknis .	405,00		
		1965	
b. Embættismannaekkjur og börn:			
1. Til Magneu Ásgeirsson	200		
2. — Ólivu Guðmundsson	175		
3. — Theodóru Thoroddsen	800		
4. — Sigríðar Hjaltadóttur	400		
5. — Ingileifar Snæbjarnardóttur	400		
6. — Sigríðar Fjeldsted læknisekkju	450		
7. — Sigríðar Finnbogadóttur	800		
8. — Ágústu Jóhannsdóttur	300		
9. — Rannveigar Tómasdóttur	600		
10. — Önnu Gunnlaugsson	900		
11. — Kristbjargar Marteinsdóttur	1200		
12. — Kristínar Jacobson	600		
Flyt		1965	54308,84

41
14. júní

		kr.	kr.
	Flutt	1965	54308,84
13.	Til Guðnýjar Jónsdóttur 400		
14.	— Kirstínar Þ. Blöndal 300		
15.	— Guðlaugar Magnúsdóttur 2000		
16.	— 3 barna hennar 300		
17.	— Rögnu Gunnarsdóttur læknisekkju 600		
18.	— Jenny Forberg 600		
19.	— Ástu Hallgrímsson 600		
20.	— Ástu Einarson 600		
21.	— Aðalbjargar Sigurðardóttur 1200		
22.	— Dómhildar Jóhannsdóttur 1200		
23.	— Önnu Þorgrímsdóttur læknisekkju, 600 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 1300		
24.	— Soffíu Johnsen læknisekkju 500		
25.	— Kristínar Þórðardóttur læknisekkju 400		
26.	— Sigríðar Blöndal læknisekkju 300		
		17125	
c.	Uppgjafaprestar:		
1.	Til Stefáns M. Jónssonar 325,00		
2.	— Guðlaugs Guðmundssonar 500,00		
3.	— Bjarna prófasts Einarssonar 780,00		
4.	— Sigurðar prófasts Gunnarssonar 662,25		
5.	— Guttorms Vigfússonar 600,00		
6.	— Björns Þorlákssonar 208,00		
7.	— Stefáns Jónssonar 370,00		
8.	— Jóns Þorsteinssonar 390,00		
9.	— Jóns Árnasonar 445,00		
10.	— Jens V. Hjaltalín 435,00		
		4715,25	
d.	Prestsekkjur:		
1.	Til Ástu Þórarinsdóttur 130,00		
2.	— Auðar Gísladóttur 300,00		
3.	— Bjargar Einarsdóttur 500,00		
4.	— Guðrúnar Björnsdóttur 300,00		
5.	— Guðrúnar J. Jóhannesdóttur 300,00		
6.	— Guðrúnar Ólafsdóttur 100,00		
7.	— Guðrúnar Pétursdóttur 300,00		
8.	— Guðrúnar Torfadóttur 300,00		
	Flyt	23805,25	54308,84

41
14. júní

		kr.	kr.
	Flutt	23805,25	54308,84
9.	Til Ingunnar Loftsdóttur 300,00		
10.	— Hlífar Bogadóttur, 300 kr. auk 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 700,00		
11.	— Jóhönnu S. Jónsdóttur 300,00		
12.	— Kirstínar Pétursdóttur 300,00		
13.	— Kristínar Sveinbjarnardóttur 300,00		
14.	— Sigrúnar Kjartansdóttur 300,00		
15.	— Steinunnar Pétursdóttur 300,00		
16.	— Ragnhildar Gísladóttur frá Eyvindarhólum 300,00		
17.	— Sigríðar Halldórsdóttur Jónsson 300,00		
18.	— Guðlaugar Vigfúsdóttur 209,20		
19.	— Ingibjargar Magnúsdóttur 157,90		
20.	— Guðfinnu Jensdóttur 183,04		
21.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 181,07		
22.	— Guðbjargar Hermannsdóttur 181,70		
23.	— Þórunnar Bjarnadóttur 155,56		
24.	— Guðrúnar S. Jónsdóttur 250,00		
25.	— Önnu Stefánsdóttur 200,00		
26.	— Helgu Skúladóttur 230,00		
27.	— Guðríðar Ólafsdóttur 164,26		
28.	— Guðríðar Helgadóttur, ekkju Jóh. L. L. Jóhannssonar, 132 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 432,00		
29.	— Arndísar Pétursdóttur 137,93		
30.	— Guðnýjar Þorsteinsdóttur 173,56		
31.	— Valgerðar K. Guðmundsdóttur frá Grenivík 135,37		
		8121,59	
e.	Kennarar, kennaraekkjur og börn:		
1.	Til Önnu Ásmundsdóttur 300,00		
2.	— Guðlaugar Zakaríasdóttur 360,00		
3.	— Magnúsar Einarssonar 500,00		
4.	— Elínar Briem Jónsson 300,00		
5.	— Steinunnar Frímannsdóttur 450,00		
6.	— Þórunnar Stefánsdóttur 400,00		
	Flyt	31926,84	54308,84

41
14. júní

		kr.	kr.
	Flutt	31926,84	54308,84
7.	Til Guðmundar Björnssonar 150,00		
8.	— Jóns Strandfelds 150,00		
9.	— Elísabetar Jónsdóttur 300,00		
10.	— Ragnheiðar Torfadóttur 400,00		
11.	— Páls J. Árdals 800,00		
12.	— Jóhannesar Sigfússonar 1800,00		
13.	— Ásdísar Þorgrímsdóttur 300 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 700,00		
14.	— Sigurjóns Rögnvaldssonar 200,00		
		6810,00	
f.	Póstmenn, póstar og ekkjur þeirra:		
1.	Til Guðm. Kristjánssonar 300		
2.	— Böðvars Jónssonar 300		
3.	— Hallgríms Krákssonar 400		
4.	— Jóhanns Jónssonar 200		
5.	— Þóru Matthíasdóttur 300		
6.	— Vigdísar Steingrímsdóttur 300		
7.	— Þórunnar Sigurðardóttur, ekkju Halldórs Bjarnasonar pósts 200		
8.	— Jens Þórðarsonar 300		
9.	— Friðriks Möllers 1200		
10.	— Anínu Arinbjarnardóttur 200		
11.	— Eliesers Eiríkssonar 200		
12.	— Kristjáns Jóhannessonar, Jódísarstöðum 300		
13.	— Jóhannesar Þórðarsonar 300		
14.	— Guðm. Kristjánssonar 300		
15.	— Stefáns Stefánssonar, Eskifirði 600		
16.	— Friðriks Klemenssonar 2000		
17.	— Óla P. Blöndals 1800		
18.	— Kristjáns Blöndals 1000		
19.	— Böðvars Sigurðssonar pósts 300		
20.	— Einars Árnasonar, fyrrum pósts .. 200		
21.	— Steindórs Hinrikssonar pósts 300		
22.	— Ólafs Ólafssonar pósts 200		
23.	— Halldórs Benediktssonar pósts 200		
	Flyt	38736,84	54308,84

41
14. júní

		kr.	kr.
	Flutt	38736,84	54308,84
24.	Til Ragnheiðar Bjarnadóttur, ekkju Þorleifs Jónssonar 1000		
25.	— Friðriks Jónssonar pósts 450		
26.	— Einars Ólasonar fyrrum pósts 300		
		13150,00	
g.	Rithöfundar:		
1.	Til Indriða skrifstofustjóra Einarssonar 3500		
2.	— Valdimars Briems 1200		
3.	— Ólafar Sigurðardóttur frá Hlöðum 500		
4.	— Einars Hjörleifssonar Kvarans ... 3000		
5.	— Þorsteins Gíslasonar 2000		
6.	— Guðmundar Friðjónssonar 1200		
7.	— dr. Helga Péturss 4000		
8.	— Kristínar Sigfúsdóttur skáldkonu .. 1000		
9.	— Einars Benediktssonar 4000		
10.	— Stefáns frá Hvítadal 1000		
11.	— Jakobs Thorarensens 1000		
		22400,00	
h.	Ekkjur og börn skálda og rithöfunda:		
1.	Til Jabobínu Pétursdóttur 200,00		
2.	— Guðrúnar Jónsdóttur 300,00		
3.	— Arnbjargar Einarsdóttur 300,00		
4.	— Guðrúnar Sigurðardóttur 300,00		
5.	— Ólínu Þorsteinsdóttur 300,00		
6.	— 2 barna hennar 200,00		
7.	— Valgerðar Arnljótsdóttur 600,00		
8.	— Eleanor Sveinbjörnsson 1200,00		
		3400,00	
i.	Ýmsir starfsmenn og ekkjur:		
1.	Til Guðrúnar Jónsdóttur, fyrv. spítalaforstöðukonu 400		
2.	— Petreu Jónsdóttur 300 kr., og að auki 100 kr. með hverju barni hennar, sem er í ómegð 500		
3.	— Kristínar Sigurðardóttur júbilljósmóður 500		
	Flyt	77686,84	54308,48

41
14. júní

		kr.	kt.
	Flutt	77686,84	54308,84
4.	Til Matthildar Þorkelsdóttur júbilljósmóður 500		
5.	— Þórdísar Símonardóttur júbilljósmóður 500		
6.	— Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður 500		
7.	— Þórunnar Gísladóttur ljósmóður .. 500		
8.	— Önnu Þorsteinsdóttur ljósmóður .. 400		
9.	— Kristínar Jónasdóttur ljósmóður .. 300		
10.	— Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður .. 300		
11.	— Sigurfljóðar Einarsdóttur ljósmóður 300		
12.	— Jórunnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300		
13.	— Margrétar Grímsdóttur ljósmóður . 200		
14.	— Kristínar Guðmundsdóttur ljósm. .. 200		
15.	— Hólmfríðar Friðfinnsdóttur ljósm. 200		
16.	— Áslaugar Bjarnadóttur ljósmóður .. 300		
17.	— Ingibjargar Jónsdóttur ljósmóður .. 300		
18.	— Jakobínu Jensdóttur 300		
19.	— Hildar Jónsdóttur ljósmóður 300		
20.	— Sigurveigar Jónatansdóttur ljósmóður 300		
21.	— Guðrúnar Guðmundsdóttur ljósmóður 300		
22.	— Halldóru Metúsalemsdóttur ljósmóður 300		
23.	— Jensínu Pálsdóttur ljósmóður 200		
24.	— Hólmfríðar Björnsdóttur, ekkju Guðm. Hjaltasonar 300		
25.	— Páls Erlingssonar 1200		
26.	— Erlends Zakaríassonar 300		
27.	— Kristins Jónssonar, vegavinnustjóra á Akureyri 300		
28.	— Einars Guðmundssonar, fyrrum vegavinnustjóra 300		
29.	— Kristínar Gestsdóttur, ekkju Þorsteins fiskimatsm. Guðmundssonar 600		
	Flyt	77686,84	54308,84

		kr.	kr.
	Flutt	77686,84	54308,84
30.	Til Guðlaugar Jónsdóttur, ekkju Jóns síldarmatsm. Stefánssonar 200		
31.	— Jakobs Björnssonar fyrv. síldarmatsmanns 1600		
32.	— Gests Guðmundssonar, fyrrum vitavarðar 400		
33.	— Vigfúsar Sigurðssonar, fyrrum vitavarðar 300		
34.	— Sigfúsar Sigfússonar frá Eyvindará 800		
35.	— Steinunnar Sigurðardóttur, ekkju Magnúsar Vigfússonar 600		
36.	— Margrétar Jónsdóttur, ekkju Þórðar vitavarðar Þórðarsonar 300		
37.	— Ágústu Ólafsdóttur, ekkju Magnúsar Gunnarssonar 300		
38.	— Halldóru Pétursdóttur Briem 600		
39.	— Kristjönu Benediktsdóttur 400		
40.	— Bjargar Guðmundsdóttur 400		
41.	— Guðbjargar A. Þorleifsdóttur í Múlakoti 400		
42.	— Henriette Kjær 600		
43.	— Helgu Ófeigsdóttur, ekkju Árna Zakaríassonar 400		
44.	— Guðrúnar Egilson, 2000 kr., auk 100 kr. með hverju barni hennar í ómegð 2500		
45.	— Guðjóns Guðlaugssonar 1200		
46.	— Önnu Bjarnadóttur, ekkju Hjálmars Lárussonar 300		
47.	— Jóhannesar Jörundssonar hafnsögumanns, Hrísey 300		
48.	— Halldóru Þórðardóttur 600		
49.	— Vigdísar Bergsteinsdóttir fyrv. spítalaráðskonu 300		
50.	— Sigríðar Magnúsdóttur hjúkrunarkonu 500		
51.	— Guðleifar Erlendsdóttur fyrv. hjúkrunarkonu 300		
	Flyt	77686,84	54308,84

41
14. júní

	kr.	kr.
Flutt	77686,84	54308,84
52. Til Sigurðar Péturssonar fangavarðar 1000		
53. — Ragnheiðar Erlendsdóttur, ekkju Valdimars Daðasonar tollþjóns 300		
	25500,00	
Á styrkveitingar í II. a.—i. greiðist dýrtíðaruppbót eftir reglum launalaganna.		
j. Til Ólafs Rósenkranz, fyrv. leikfimiskennara	2400,00	
k. — ekkju Jóhanns skálds Sigurjónssonar	1000,00	
l. Lífeyrir hjónanna á Staðarfelli	3000,00	
		109586,84
III. Dýrtíðaruppbót á fjárhæðirnar í I. og II. a.—i.		62998,27
Samtals		226893,95

19. gr.

Til óvissra gjalda eru veittar 100000 kr.

20. gr.

Til lögboðinnar fyrirframgreiðslu eru veittar 10000 kr.

21. gr.

Árið 1930 eru tekjur áætlaðar:

Samkvæmt	2. gr.		11520000,00	
—	3. —		34600,00	
—	4. —		205000,00	
—	5. —		170000,00	
				kr. 11929600,00

En til gjalda er veitt:

Samkvæmt	7. gr.		1295536,00	
—	8. —		60000,00	
—	9. —		229350,00	
—	10. —		369100,00	
—	11. — A.	702200,00		
—	11. — B.	192000,00		
			894200,00	
—	12. —		702875,00	
	Flyt		3576936,00	kr. 11929600,00

			Flutt	3576936,00	kr. 11929600,00	**41**
Samkvæmt	13. gr.	A.	509500,00			14. júní
—	13. —	B.	1002350,00			
—	13. —	C.	375500,00			
—	13. —	D.	1575500,00			
—	13. —	E.	367400,00			
				3830250,00		
—	14. —	A.	314650,00			
—	14. —	B.	1243650,00			
				1558300,00		
—	15. —	.....		303660,00		
—	16. —	.....		1535960,00		
—	17. —	.....		791300,00		
—	18. —	.....		226893,95		
—	19. —	.....		100000,00		
—	20. —	.....		10000.00		
					kr. 11907424,95	
				Tekjuafgangur	kr. 22175,05	

22. gr.

Heimilt er stjórninni að lána úr viðlagasjóði, ef fé er fyrir hendi í honum:

1. Allt að 250 þús. kr. til þess að reisa frystihús á kjötútflutningshöfnum, með þessum skilyrðum:
   a. Lánin eru veitt sýslufélögum eða samvinnufélögum bænda, gegn tryggingum þeim, er landsstjórnin tekur gildar, þó ekki hærri en ⅔ kostnaðar.
   b. Íshúsin séu reist á þeirri höfn, sem að dómi hlutaðeigandi sýslunefnda er bezt fallin til að vera miðstöð til útflutnings á frystu kjöti í héraðinu, en atvinnumálaráðherra sker úr ágreiningi.
   c. Full skilríki liggja fyrir um, að vel og tryggilega sé frá öllu gengið um hús og áhöld, enda hafi stjórnarráðið samþykkt áætlun og teikningar.
   d. Vextir eru 5%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en skulu svo greidd með jöfnum afborgunum á 30 árum.
2. Til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum allt að helmingi stofnkostnaðar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar. Búin séu rekin á samvinnugrundvelli og reist á þeim stað, sem af Búnaðarfélagi Íslands telst hentugastur fyrir hlutaðeigandi hérað. Vextir séu 6%, lánin afborgunarlaus fyrsta árið, en greiðist svo með jöfnum afborgunum á 25 árum.
3. Allt að 8000 kr. til lánveitinga handa bændum og samgirðingafé-

41 14. júní

lögum, eftir tillögum Búnaðarfélagsins, til að kaupa fyrir girðingaefni frá útlöndum, gegn ábyrgð sýslunefnda. Lán þessi veitast til 20 ára, gegn 6% vöxtum, séu afborgunarlaus fyrstu 4 árin, en greiðast síðan með jafnri afborgun á ári í 16 ár. Ábúendur á þjóðjörðum og kirkjujörðum greiði höfuðstól og vexti slíkra lána með 8% á ári í 28 ár.

4. Allt að 4000 kr. til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. Lánin veitast aðeins gegn ábyrgð sýslufélaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi meira en 400 kr. á þurrabúðarmann hvern, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum 4 fyrstu árunum.
5. Allt að 10000 kr. til lánveitinga handa verkamönnum í kaupstöðum, til jarðræktar. Lánin veitast gegn ábyrgð bæjarfélaga eða annari tryggingu, er ríkisstjórnin metur gilda, og eigi meira en 800 kr. fyrir hvern verkamann, gegn 6% vöxtum og endurgreiðslu á 20 árum, að liðnum fjórum fyrstu árunum.
6. Til Sigfúsar Vigfússonar og Guðmundar Einarssonar, til þess að koma upp verkstæðum vegna rafstöðvabygginga í sveitum, 5000 kr. til hvors. Lánin eru því skilyrði bundin, að þeir leiðbeini og aðstoði við rafstöðvabyggingar í sveitum, annar á Austfjörðum, hinn á Vestfjörðum. Tryggingu fyrir lánunum metur ríkisstjórnin og skulu þau vaxtalaus, en endurgreiðist með jöfnum afborgunum á 15 árum.
7. Allt að 6000 kr. handa Daníel Halldórssyni og Pétri G. Guðmundssyni til að kaupa prentvél (Rotaprint), gegn tryggingu, er stjórnin metur gilda.

Stjórninni er heimilt að veita Gerðahreppi, Innri-Akraneshreppi Grunnavíkurhreppi, Árneshreppi, Patrekshreppi, Suðurfjarðahreppi og Ostagerðarfélagi Önfirðinga uppgjöf vaxta og greiðslufrest afborgana fyrir árið 1929 af skuldum þeirra við ríkissjóð, enda kynni stjórnin sér til hlítar hag þessara skuldunauta og geri tillögur um endanlega samninga um lán þessi og leggi fyrir næsta Alþingi.

Stjórninni er heimilt að gefa eftir lán það, er Stokkseyringum var veitt úr viðlagasjóði til bráðabirgðahjálpar vegna tjóns af stórbruna 9. des. 1926.

Viðlagasjóðslán það, er Tómasi Kristjánssyni, bónda á Höskuldsstöðum í Laxárdal, var veitt 1925 til þess að leita sér heilsubótar erlendis, skal eftir gefið.

Stjórninni er heimilt að veita Jóhannesi Jósefssyni gjaldfrest í 3 ár á tollum af nauðsynlegum innanstokksmunum og áhöldum til gistihúss hans í Reykjavík.

Ennfremur er stjórninni heimilt að veita Jóni bónda Guðmundssyni á Brúsastöðum allt að 25 þús. kr. viðbótarlán úr viðlagasjóði til

aukningar gistihúsinu Valhöll á Þingvöllum, eða ábyrgjast fyrir hann lán allt að sömu upphæð, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar, enda samþykki hún tilhögun breytinga þeirra, sem gerðar verða á gistihúsinu. **41** 14. júní

23. gr.

Stjórninni er heimilt:

I. Að greiða Eimskipafélagi Íslands allt að 85000 kr. styrk, ef nauðsyn krefur.

II. Að greiða að helmingi halla þann, sem verða kann á tilraunum Sambands ísl. samvinnufélaga af að senda frosið kjöt á erlendan markað haustið 1929, miðað við verð það, er framleiðendur fá fyrir saltað kjöt. Tilraunin sé framkvæmd í samráði við landsstjórnina.

III. Að greiða úr ríkissjóði lán það, 15 þús. kr., sem ríkissjóður er í ábyrgð fyrir vegna Hvítárbakkaskólans. þegar afráðið er, að skólinn verði fluttur að Reykholti, enda sýni hlutaðeigandi sýslur í verki, að þær vilji afla skólanum góðra húsakynna.

IV. Að skipa 3 menn til að athuga ástand Skeiðaáveitunnar og fjárhagsgetu bænda á áveitusvæðinu til að standa straum af áveitukostnaðinum. Það af áveitukostnaðinum, sem bændum að þeirri athugun lokinni telst um megn að bera, er ríkisstjórninni heimilt að létta af þeim, með því að ríkissjóður taki að sér að þeim hluta lán þau, er á áveitunni hvíla.

V. Að veita styrk í eitt skifti fyrir öll til þess að koma á stofn osta- og smjörbúum (sbr. 22. gr. 2), sem nemi allt að ¼ stofnkostnaðar. Styrkurinn sé því að eins greiddur, að fyrirtækið sé fullbúið til starfrækslu.

VI. Að lána Hjaltastaðahreppi í Norður-Múlasýslu 25000 kr. til 20 ára með 6% ársvöxtum, gegn ábyrgð sýslunefndar Norður-Múlasýslu.

VII. Að lána Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu 10 þús. kr. til 20 ára með 6% ársvöxtum.

VIII. Að láta reisa byggingu á Arnarhólstúni fyrir ýmsar skrifstofur landsins, ef sýnt þykir, að með því megi lækka til muna kostnað við skrifstofuhald í Reykjavík, og taka í því skyni lán, allt að 225 þús. kr.

IX. Að kaupa til handa landinu, ef um semst, prentsmiðjuna Gutenberg með tilheyrandi húsum og lóð fyrir allt að 155 þús. kr.

X. Að kaupa til handa ríkinu jarðirnar Kross, Velli og Reyki með Reykjahjáleigu og Reykjakoti, allar í Ölfusi, fyrir allt að 100 þús. kr., og taka til þess lán, allt að sömu fjárhæð.

XI. Að kaupa eftir mati úttektarmanna peningshús þau á Eiðum, sem eru eign fyrverandi skólastjóra, Ásmundar dócents Guðmundssonar.

41 14. júní

XII. Að ábyrgjast allt að 125 þús. kr. lán fyrir Neskaupstað, til barnaskólabyggingar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XIII. Að ábyrgjast allt að 450 þús. króna lán fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, til rafvirkjunar, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XIV. Að ábyrgjast allt að 170 þús. króna lán fyrir Hólshrepp í Ísafjarðarsýslu, til rafvirkjunar, gegn ábyrgð sýslufélagsins og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir.

XV. Að ábyrgjast allt að 60 þús. króna lán fyrir Hvammshrepp í Vestur-Skaftafellssýslu, til rafvirkjunar, gegn ábyrgð sýslufélagsins og öðrum tryggingum, ef þurfa þykir.

XVI. Að ábyrgjast allt að 90000 króna lán fyrir Reyðarfjarðarhrepp til rafvirkjunar, gegn tryggingum þeim, er stjórnin metur gildar.

XVII. Að ábyrgjast allt að 50 þús. kr. lán fyrir h/f Hallveigarstaði, til þess að reisa kvennaheimili á Arnarhólstúni, gegn þeim tryggingum, er stjórnin metur gildar.

XVIII. Að ábyrgjast allt að 200 þús. kr. lán fyrir h/f Hamar, til þess að koma á fót dráttarbraut, er geti tekið í þurkví skip á stærð við Esju, gegn endurábyrgð bæjarsjóðs Reykjavíkur.

XIX. Að ábyrgjast 50 þús. danskra kr. lán fyrir Jóhannes Jósefsson, til þess að reisa gistihús í Reykjavík, með sömu skilyrðum og sett eru um ábyrgðarheimild fyrir sama mann í fjárl. 1929.

XX. Að ábyrgjast 11 þús. kr. lán fyrir bændur á Vatnsleysuströnd, gegn endurábyrgð sýslunefndar Gullbringusýslu, til færslu þjóðvegarins um Vatnsleysuströnd, ef að því ráði verður horfið.

XXI. Að taka lán til húsbyggingar handa landssímanum og til nýrrar bæjarsímamiðstöðvar í Reykjavík, enda teljist vextir og afborganir af láninu til árlegra rekstrargjalda símans.

XXII. Að greiða Magnúsi Helgasyni skólastjóra full laun, er hann lætur af embætti.

XXIII. Að greiða séra Einari Jónssyni á Hofi í Vopnafirði full prestslaun, þá er hann lætur af embætti, enda verði rit hans „Ættir Austfirðinga“ eign Landsbókasafnsins að honum látnum.

XXIV. Að endurgreiða ekkju Bjarna Jónssonar frá Vogi og ekkju Þorleifs Jónssonar póstmeistara úr lífeyrissjóði embættismanna það, sem þeir hafa í sjóðinn greitt.

24. gr.

Stjórn Landsbankans veitist heimild til að greiða Steinunni Kristjánsdóttur, ekkju Albert Þórðarsonar bankabókara, 500 kr. 1930, svo og uppbót á þá fjárhæð, eftir sömu reglu og bankinn veitir hana á laun starfsmanna sinna, og að greiða Birni Kristjánssyni uppbót á eftir-

laun hans, eftir sömu reglu, og Birni Sigurðssyni 4000 kr. í eftirlaun með sömu uppbót, sem að ofan greinir. **41** 14. júní

25. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1929 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Árnason.

LÖG **42** 14. júní

um

rekstur verksmiðju til bræðslu síldar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þá er hafinn verður rekstur síldarbræðslustöðvar eða stöðva samkvæmt heimild í lögum nr. 49, 7. maí 1928, skal um reksturinn fylgt ákvæðum þeim er segir í lögum þessum.

2. gr.

Verksmiðjan kaupir ekki síld af framleiðendum, nema með sérstakri heimild frá atvinnumálaráðherra, en tekur við henni til vinnslu fyrir þeirra reikning.

42 14. júní

3. gr.

Áður en árleg starfræksla hefst, skal stjórn verksmiðjunnar leita loforða íslenzkra útgerðarmanna um lágmarksviðskifti við verksmiðjuna eða um tölu skipa, sem fá munu verksmiðjunni afla sinn til vinnslu, og gera samninga við útgerðarmenn þar um. Skulu samningsbundnir viðskiftamenn ganga fyrir viðskiftum. Skal áætlun um viðskiftamagnið vera fyrir hendi fyrir 1. júní ár hvert. Ákveður þá atvinnumálaráðherra innan viku, í samráði við stjórn verksmiðjunnar, með hliðsjón af hinu áætlaða viðskiftamagni, hvort verksmiðjan verði rekin það ár.

Nú verður meira framboð á síld til bræðslu en sýnilegt er, að verksmiðjan geti unnið úr, og getur þá stjórn verksmiðjunnar ákveðið, hve mikið verði tekið til vinnslu af hverjum framleiðanda, enda sé framleiðanda tilkynnt það svo fljótt sem verða má, ef ekki er hægt að taka alla þá síld til vinnslu, sem hann óskar að fá lagða inn í verksmiðjuna. Skal sú takmörkun, sem gera þarf vegna of mikils framboðs á síld, að jafnaði koma hlutfallslega jafnt niður á þeim, sem lofað hafa síld til vinnslu í verksmiðjuna.

4. gr.

Eigendum skal greitt söluverð afurða þeirrar síldar, sem tekin er af þeim til vinnslu, að frádregnum þeim kostnaði, sem hér segir:

1. Stjórnarkostnaði og öðrum venjulegum rekstrarkostnaði.
2. 5% afborgun af stofnkostnaði síldarstöðvarinnar, og skal um það fé fara eftir ákvæðum 25. gr. laga nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög, en ef verður úr stofnun samvinnufélags þeirra, sem leggja verksmiðjunni verkefni, telst það afborgun af stofnkostnaði.
3. 5% fyrningargjaldi af húsum, mannvirkjum, vélum og áhöldum.
4. 5% gjaldi í varasjóð.

Áætlunarverð síldarafurða, ákveðið samkvæmt þessu og með hliðsjón af 5. gr., má greiða eigendum með allt að 70% við afhendingu síldar til vinnslu, en eftirstöðvarnar, ef nokkrar verða, eftir að reikningsskil hafa verið gerð um sölu í lok starfsárs.

5. gr.

Síldarbræðslunni skal skylt að selja við kostnaðarverði samvinnufélögum, bæjarfélögum, hreppsfélögum og búnaðarfélögum það af síldarmjöli, sem slík félög hafa pantað hjá síldarbræðslunni fyrir 1. ágúst ár hvert og síldarbræðslan getur látið af höndum. Skulu félögin skyld til að hafa leyst út pantanir sínar í síðasta lagi 15. okt. það ár, sem þær eru gerðar. Félögin mega aðeins láta síldarmjölið af hendi til notkunar innanlands. Brot á móti þessu varða sektum, frá 500—5000 kr.

6. gr.

Verksmiðja sú, er stofnuð verður fyrst, skal sett á Siglufirði,

enda leggi Siglufjarðarkaupstaður fram fé til hennar að sínum hluta, eftir því sem um semst við ríkisstjórnina. 42 14. júní

7. gr.

Stjórn verksmiðjunnar skipi þrír menn. Einn skipaður af atvinnumálaráðherra, einn skipaður af stjórn síldareinkasölunnar og einn tilnefndur af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður laun hennar.

Stjórnin ræður framkvæmdarstjóra til eins árs í senn og ákveður starfssvið hans og laun.

Stjórnin hefir á hendi sölu afurðanna með ráði framkvæmdarstjóra.

8. gr.

Verksmiðjan er undanþegin aukaútsvari, tekju- og eignarskatti, meðan verksmiðjan er í eign ríkisins.

9. gr.

Ef minnst tveir þriðju þeirra manna, sem láta síld til verksmiðjunnar, þar með taldir hásetar, sem ráðnir eru upp á hlut, gera með sér félag, sem starfar samkvæmt lögum nr. 36, 27. júní 1921, um samvinnufélög, er heimilt að selja því félagi verksmiðjuna, enda sé fullnægt ákvæðum 2. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928, um stofnun síldarbræðslustöðva. Skyldir eru þó allir, sem leggja verksmiðjunni til verkefni, að vera í félaginu. Skal samvinnufélagið þá jafnframt skipa einn mann í stjórn verksmiðjunnar, í stað þess manns, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar skipar eftir 7. gr., en alla stjórnendur, þegar félagið hefir greitt stofnkostnaðinn að fullu, enda ræður það úr því allri tilhögun rekstrarins. Þó skal skuldbinding sú, er um getur í 5. gr., hvíla á fyrirtækinu áfram.

10. gr.

Nánari ákvæði um rekstur og tilhögun verksmiðjunnar, svo og um tilhögun samvinnufélagsins, skulu sett með reglugerð samkv. 4. gr. laga nr. 49, 7. maí 1928.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

43
14. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 23, 11. júlí 1911, um vita, sjómerki o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

7. gr. laganna orðist þannig:

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að fyrirskipa eða gera það að skilyrði fyrir staðfestingu hafnarreglugerða, að sett séu við hafnir nauðsynleg leiðarmerki á kostnað hafnarsjóðs, enda sé kröfum um það hagað eftir tekjum sjóðsins og efnahag.

Nú verður farartálmi, t. d. sekkur skip á löggiltri höfn eða á almennri siglingaleið. Skal þá hafnarnefnd eða, ef hún er engin, hreppstjóri gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til varnar frekari slysum, svo sem með því að tilkynna ráðuneytinu atburðinn, merkja staðinn, nema farartálmann burt eða gera hann óskaðlegan. Skal þetta fram fara eins fljótt og unnt er. Staðinn skal merkja í samræmi við allsherjarreglur og í samráði við vitamálastjóra. Kostnaðinn við þessa merkingu greiðir hafnarsjóður, þegar farartálminn er á hafnarsvæðinu eða á leið þangað, en ef farartálminn er þar fyrir utan, svo og ef hafnarsjóður er enginn, kostar ríkissjóður merkinguna.

Nú vanrækir hafnarnefnd að merkja farartálma, þar sem henni ber að gera það, og lætur þá ráðuneytið framkvæma merkinguna á kostnað hafnarsjóðs.

Farartálma skal nema burt eða gera óskaðlegan eins fljótt og unnt er, og skal hreppstjóri eða hafnarnefnd sjá um framkvæmdina í samráði við ráðuneytið.

Kostnað þann, sem leiðir af því að nema burt farartálma, greiðir hafnarsjóður að því leyti, sem hann ekki fæst greiddur af eiganda þess, er farartálma veldur, samkvæmt lögum og reglum, er um það kunna að gilda á hverjum tíma, þó ekki hærri upphæð en 500 kr. Verði nettókostnaður meiri en þeirri upphæð nemur, greiðist það, sem umfram er, að ⅔ hlutum úr ríkissjóði og ⅓ hluta úr hafnarsjóði. Þó má kostnaðarhluti hafnarsjóðs aldrei nema meiru en ¼ hluta af þess árs tekjum hans. Reynist svo, greiðist það, sem þar er fram yfir, úr ríkissjóði, enda

hafi verkið verið framkvæmt með samþykki ríkisstjórnarinnar og undir eftirliti trúnaðarmanns af hennar hendi. 43 14. júní

Nú vanrækir hafnarnefnd að eyða farartálmanum, og lætur þá ráðuneytið framkvæma verkið, en kostaðurinn við það greiðist eftir sömu reglum og að framan greinir. Verði ágreiningur um það svæði, er telst til hafnar eða hafnarleiða, sker ráðuneytið úr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG 44 14. júní

um

breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síldareinkasala Íslands hefir einkasölu á allri síld, sem er söltuð, krydduð eða verkuð á annan hátt til útflutnings á Íslandi, svo og á allri síld, sem veidd er til útflutnings af íslenzkum skipum hér við land, hvort heldur innan eða utan landhelgi, eða verkuð í íslenzkri landhelgi. Heimilt er þó íslenzkum verksmiðjum að selja til útlanda síld, lagða í olíu eða krydd í loftþéttum dósum, sem rúma ekki yfir 5 kg. hver.

Heimilt er framkvæmdarstjórn síldareinkasölunnar að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölunni ferska síld til söltunar, þar sem því verður við komið, ef framkvæmdarstjórn telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sé síldin útflutn-

44 14. júní

ingshæf, að dómi umboðsmanna einkasölunnar. Framkvæmdarstjórnin sér þá um eða ráðstafar verkun síldarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðshorfum á hverjum tíma.

2. gr.

2. og 3. tölul. 4. gr. orðist svo:

2. Að útvega tunnur, salt og annað efni, sem áætlað er að með þurfi til síldarverkunar hvert ár, og sjá um verkun og geymslu síldarinnar, annaðhvort milliliðalaust eða eftir samningum við ákveðna saltendur, eftir nánari ákvörðun framkvæmdarstjóra í samráði við útflutningsnefnd. Sér til aðstoðar getur framkvæmdarstjórn haft umboðsmenn, sem hafa eftirlit með flokkun síldar og allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings.

3. Að selja fyrir einkasöluna alla síld, saltaða, kryddaða eða verkaða á annan hátt, og skila síldareigendum andvirði hennar svo fljótt sem unnt er, eftir að það greiðist, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er legst í sjóði. Bráðabirgðagreiðslur miðast við áætlað verð og skiftast þær hlutfallslega milli allra, sem skilað hafa síld til einkasölunnar, þótt meira eða minna af henni sé óselt. Í reikningslok skal greiða síldareigendum fullnaðarverð. Skal það miðað við meðalverð allrar síldar það ár og sama verð greiðast fyrir alla síld af sömu tegund og gæðum, afhenta einkasölunni á sama stað. — Þó skal heimilt að semja fyrirfram við síldarveiðendur um afhending ákveðins síldarmagns, til þess að tryggja forsamninga einkasölunnar, og má greiða fyrir þá síld allt að 1 kr. yfir meðalverð á tunnu, enda ábyrgjast þá síldarframleiðendur gagnvart einkasölunni, að slíkir samningar verði uppfylltir.

3. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Framkvæmdarstjórninni í samráði við útflutningsnefnd er heimilt að taka fé að láni til þess að kaupa tunnur, salt og annað efni til síldarverkunar, svo og til þess að greiða framleiðendum upp í síld þá, er þeir hafa afhent einkasölunni, eftir réttum hlutföllum við síldarmagn þeirra. Slíkt lán má taka út á síldina, hvort heldur fyrirfram eða jafnótt og hún er fullverkuð.

Lánsstofnanir, sem veita einkasölunni slík lán, hafa sameiginlegt lögveð í allri síld, sem einkasalan hefir til sölumeðferðar á hverjum tíma, svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni.

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast lán til einkasölunnar. Skulu þau lán endurgreidd að fullu, áður en nokkrum síldarframleiðanda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðru-

vísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1930 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. krónum. 44 14. júní

Nú er andvirði síldar að nokkru eða öllu leyti greitt þeim, er afhenti hana til einkasölunnar, og er einkasalan þá ábyrgðarlaus, þótt síðar sannist, að síldin var annars eign eða veðsett öðrum án vitundar einkasölunnar. Greiðast þá eftirstöðvar síldarandvirðis réttum eiganda eða veðhafa, en síldin sjálf er aldrei afturkræf.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem ætla sér að veiða síld til útflutnings, skulu innan 15. maí ár hvert tilkynna stjórn einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sér að veiða á því ári. Hverri tilkynningu fylgi skilríki fyrir því, að framleiðandi hafi tök á að veiða þá síld, sem hann óskar veiðileyfis fyrir, enda tilgreini hann nöfn og tölu þeirra skipa, er hann hyggst að nota til veiðanna, og aðra aðstöðu sína, eftir því sem framkvæmdarstjórn einkasölunnar krefst. Veiðileyfi skulu tilkynnt innan 1. júní.

Nú er veiðileyfi veitt, en leyfishafi færir eigi fyrir 1. júlí sönnur á, að hann hafi tryggt sér skip, sem að dómi framkvæmdarstjóra teljast fullnægjandi til veiðanna, og má þá taka leyfið af honum aftur, ef dregið hefir verið úr veiðileyfum annara vegna leyfis hans.

Ef útlit er fyrir of mikla framleiðslu, getur útflutningsnefnd, hvenær sem er á veiðitímanum, takmarkað hlutfallslega veiðileyfi þau, sem hún hefir veitt, eða slitið allri síldarsöltun, ef henni þykir nauðsyn til bera, þótt sumir hafi þá ekki veitt alla þá síld, er þeir hefðu leyfi fyrir. Þá er svo stendur á, skulu reknetabátar þó að jafnaði hafa veiðileyfi lengur en herpinótaskip.

5. gr.

8. gr. orðist svo:

Myndaðir skulu tveir sjóðir, markaðsleitarsjóður og varasjóður. Í markaðsleitarsjóð skulu renna ¾%, en í varasjóð 1¼% af andvirði seldrar síldar. Varasjóði má síðar, þegar ástæða þykir til, skifta í fleiri deildir, svo sem stofnsjóð og aðra sjóði til tryggingar framþróun einkasölunnar, útgerðinni og verkafólki þessarar framleiðslu, þegar síldveiði og síldaratvinna bregzt. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd, en atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um skipulag þeirra og notkun.

6. gr.

Aftan við 12. gr. bætist:

Að lokinni endurskoðun ár hvert úrskurðar útflutningsnefnd reikningana. Úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

44 14. júní

7. gr.

13. gr. orðist svo:

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjórar ráða þá starfsmenn, sem þeir telja nauðsyn á, og ákveða laun þeirra, í samráði við útflutningsnefnd. Umboðsmenn (síldarmatsmenn) og skrifstofuþjónar einkasölunnar mega ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar.

8. gr.

Aftan við 16. gr. bætist:

Ennfremur falla úr gildi samningar, sem koma í bág við lög þessi, þótt gerðir hafi verið áður en lög þessi öðluðust staðfestingu.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt sem þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðallögin og þau gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

45 14. júní

LÖG

um

verkamannabústaði.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stofna skal byggingarsjóð í kaupstöðum og kauptúnum, til þess

að lána til íbúðarhúsbygginga samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, enda hafi verið færð rök að því fyrir atvinnumálaráðherra af 5 manna nefnd í kaupstöðum og 3 manna nefnd í kauptúnum, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar. Nefndir þessar skulu kosnar hlutbundnum kosningum af hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórn. 45 14. júní

2. gr.

Nú er stofnaður byggingarsjóður samkvæmt 1. gr., og aflast honum þá fé sem hér segir:

1. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til einnar krónu fyrir hvern íbúa kaupstaðarins, í fyrsta skifti 1930.
2. Bæjarsjóður og sveitarsjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til einnar krónu fyrir hvern íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins, í fyrsta skifti 1930.
3. Ennfremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Launin ábyrgist ríkissjóður og bæjarsjóður eða sveitarsjóður í jöfnum hlutföllum.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglu og útsvör.

3. gr.

Byggingarsjóður veitir lán til byggingarfélaga, sem reist eru á samvinnugrundvelli, til þess að koma upp íbúðum fyrir félagsmenn sína.

Lán þessi skulu veitt gegn 1. veðrétti í húsum og tryggð með veðskuldabréfi fyrir hverja íbúð, er nemi í fyrstu allt að 85% af því verði, sem hún kostar uppkomin, og ávaxtist og endurborgist með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sé 6% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

4. gr.

Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er ekki varið til útlána.

5. gr.

Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkv. 3. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
2. að húsin séu gerð úr varanlegu efni, með tveggja og þriggja herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð, en að öðru leyti sé fyrirkomulag byggingarnna samþykkt af atvinnumálaráðuneytinu.

45 14. júní

3. að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 4000 króna árstekjur, miðað við meðaltal 3 síðustu ára, er þeir gerast félagsmenn, né yfir 4000 kr. eignir.
4. að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, gegn a. m. k. 15% útborgun, og með sömu lánskjörum á eftirstöðvum kaupverðsins sem félagið nýtur hjá byggingarsjóði.
5. að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem kaupstaðirnir eða ríkið eiga eða leigja, og sé árleigan metin reglulega á 5—10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllum í byggingunni.
6. að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefir íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félgsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar, að viðbættu virðingarverði þeirra endurbóta, sem á hafa verið gerðar eftir að síðasta sala fór fram, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvorttveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda, samkv. mati, af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.
7. að settar séu reglur í reglugerð, sem staðfest sé af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal hún bera. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
8. að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og það fullnægi að öðru leyti skilyrðum þeim, sem atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur fyrir viðurkenningu slíkra félaga.

6. gr.

Í stjórn byggingarsjóðs hvers kaupstaðar eða kauptúns skulu vera 3 menn. Séu tveir þeirra kosnir með hlutfallskosningu af hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sveitarstjórn til 4 ára í senn, en einn skipaður af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til jafnlangs tíma, og er hann formaður sjóðsstjórnarinnar. Stjórnin hefir á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkvæmt reglugerð, er

atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur. Greiðast laun hennar úr ríkissjóði og ákveður atvinnumálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir byggingarsjóður. 45 14. júní

7. gr.

Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefir verið til byggingarinnar.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en bæjarstjórn eða sveitarstjórn kýs tvo endurskoðendur þeirra með hlutfallskosningu til eins árs í senn.

8. gr.

Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá bæjarstjórn eða sveitarstjórn heimilt að ákveða, að bæjarfélagið eða sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefir það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndar uppdrætti að húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

46
14. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 52, 7. maí 1928, um tilbúinn áburð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

2. gr. laganna orðist svo:

Árin 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til flutnings á tilbúnum áburði upphæð, sem svarar til þess kostnaðar, sem af því leiðir að flytja tilbúinn áburð frá útlöndum og milli og til þeirra hafna, sem skip Eimskipafélags Íslands og strandferðaskip ríkisins koma á.

Styrkurinn greiðist hrepps-, bæjar-, búnaðar- og jarðræktarfélögum í hlutfalli við flutningskostnað á áburðinum frá útflutningshöfn til þeirra.

Við útreikning á flutningskostnaði skal þó ekki reiknað nákvæmar en svo, að öllum félögum sé skipað í nokkra kostnaðarflokka.

Ríkisstjórnin setur nánari reglur um þetta og annað, er þurfa þykir.

Búnaðarfélag Íslands annast um úthlutun styrksins og sending.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

47
14. júní

um

breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „hinn 1. vetrardagur" í 23. gr. laganna komi: hinn 1. laugardagur í júlímánuði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

LÖG

48
14. júní

um

laganefnd.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Forsætisráðherra er heimilt að skipa þriggja manna nefnd, er nefnist laganefnd. Nefndarmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera heimilisfastir í Reykjavík og tveir þeirra hið fæsta hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

48
14. júní

2. gr.

Laganefnd skal skylt að vera ríkisstjórninni, alþingismönnum, þingnefndum og milliþinganefndum til aðstoðar um samningu lagafrumvarpa, samræmd laga og annan undirbúning löggjafarmála.

3. gr.

Laganefnd skal gefa út safn af gildandi lögum landsins, í útgáfu, sem handhæg er fyrir almenning. Skal leggja áherzlu á að láta sem fullkomnastar og handhægastar efnisskrár fylgja útgáfunni.

Lagasafn þetta skal gefið út að nýju að minnsta kosti á 10 ára fresti, og þá gæta þeirra breytinga, sem orðið hafa á löggjöfinni.

4. gr.

Kostnaður við störf laganefndar og útgáfu lagasafns þess, er ræðir um í 3. gr., greiðist úr ríkissjóði. Tekjur af sölu lagasafnsins renna í ríkissjóð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

49
14. júní

LÖG

um

stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Jarðirnar Ártún og Árbær í Mosfellshreppi í Kjósarsýslu skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur frá 1. janúar 1929 að telja.

2. gr. 49

Frá sama tíma tekur Reykjavíkurbær að sér framfærslu allra 14. júní
þeirra, sem hjálparþurfa eru eða verða og framfærslusveit eiga, eða mundu eignast, ef lög þessi væru ekki sett, í Mosfellshreppi, vegna fæðingar eða dvalar á jörðum þeim, sem um ræðir í lögum þessum.

3. gr.

Reykjavíkurkaupstaður greiðir Mosfellshreppi í eitt skifti fyrir öll fimmtán þúsund krónur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG 50

14. júní

um

innflutning og ræktun sauðnauta.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal, svo fljótt sem því verður við komið, kaupa eða hlutast til um, að flutt verði til landsins nokkur sauðnaut til tilraunaræktunar.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur falið Búnaðarfélagi Íslands að hafa umsjón með sauðnautaræktinni, velja haglendi fyrir dýrin og semja um hagagöngu og gæzlu þeirra.

50 14. júní

Áherzla skal lögð á, þegar haglendið er valið, að lífsskilyrðin fyrir dýrin verði sem ákjósanlegust og að öruggt sé, að dýrin geti ekki tapast.

3. gr.

Nú fjölgar sauðnautum og tilraunir benda til, að ræktun þeirra muni verða arðvænleg, og skal þá selja bændum sauðnaut til uppeldis við sanngjörnu verði, svo sem bústofninn leyfir.

4. gr.

Nauðsynlegan kostnað, sem af þessu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

51 14. júní

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1927.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögum 1927, eru veittar kr. 890309,26 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—10. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. er veitt:

I. Ráðuneytið o. fl.

		Kr.	Kr.	Kr.
Við	4. Annar kostnaður	31039,69		
—	5. Fyrir að gegna ríkisféhirðisstörfum	97,79		
—	6. b. Til pappírs og prentunar ..	3776,15		
—	c. — kostnaðar við sendingar .	355,83		
—	7. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústaðnum	7626,65		
			42896,11	

II. Hagstofan.

Við	3. Pappír, prentun og hefting hagsk.	1529,30		
—	4. Prentun eyðublaða	332,40		
—	5. Húsaleiga, hiti og ljós m. m. ..	386,44		
—	7. Til að gefa út manntalið 1703 ..	80,44		
			2328,58	

III. Utanríkismál o. fl.

Við	d. Til skrifstofuhalds	1166,56		
—	4. Kostn. við sambandslaganefnd	3748,73		
			4915,29	
				50139,98

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

A. Dómgæzla og lögreglustjórn.

Við	1. b. Annar kostnaður	1927,23		
—	4. d. Ýms útgjöld	1476,29		
—	a. Laun fulltrúa, 3 skrifara og innheimtumanns	6976,00		
—	b. Laun 3 tollvarða	1722,00		
—	d. Hiti og ljós	465,00		
—	e. Innheimtukostnaður	4526,00		
—	6. Skrifstofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta	2833,26		
—	8. Til landhelgigæzlu	106034,66		
	Flyt	125960,44		50139,98

51
14. júní

		Kr.	Kr.	Kr.
	Flutt	125960,44		50139,98
Við 10.	Til hegningarhússins í Reykjavík og viðhaldskostnaður fangelsa	5563,29		
— 11.	Annar sakamálakostnaður og lögreglumála m. m.	29619,84		
— 12.	Borgun til sjódómsmanna	1280,00		
— 13.	Borgun til setu- og varadómara	387,40		
			162810,97	

B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.

Við 1.	a. Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri	12713,17		
— 2.	Brunaábyrgðar- og sótaragjald o. fl. fyrir nokkrar opinberar byggingar	7525,51		
— 3.	Til embættiseftirlitsferða	1753,60		
— 4.	Gjald til yfirskattanefnda og fyrir skattvirðingar	14321,99		
— 5.	Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl.	12072,20		
			48386,47	
				211197,44

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

Til læknaskipunar og heilbrigðismála.

Við 8.	Til geislalækningastofu ríkisins	3500,00		
— 9.	Til sömu stofnunar, áhaldakaup	1000,00		
— 17.	Heilsuhælið á Vífilstöðum	3211,25		
— 18.	b. Til viðbótarbyggingar við geðveikrahælið á Kleppi	35000,00		
				42711,25

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 13. gr. er veitt:

Samgöngumál.

A. Póstmál.

Við 3.	a. Skrifstofukostnaður í Reykjavík hjá aðalpóstmeistara og			
				Flyt 304048,67

			Kr.	Kr.	Kr.	51
				Flutt	304048,67	14. júní
		póstmeistara, eftir reikningi	4041,18			
Við	d.	Önnur gjöld	6069,20			
				10110,38		
		B. Vegabætur.				
Við	I.	3. Ferðakostnaður og fæðispeningar	683,60			
—		4. Til aðstoðarmanna og mælinga	12824,35			
—		5. Skrifstofukostnaður ..	324,89			
—	II. a.	6. Langadalsvegur	730,35			
		8. Þelamerkurvegur	187,05			
—		b. Viðhald og umbætur .	73575,02			
—	IV.	Til brúargerða	51878,08			
—	VI.	Fjallvegir	483,55			
—	VIII.	1. Til akfærra sýsluvega ..	379,25			
—	XIII.	Til þess að kaupa Fornahvamm og byggja þar gistihús	12696,02			
				153762,16		
		C. Samgöngur á sjó.				
Við		1. Til strandferða Esju ..	65307,83			
—		2. Til bátaferða á flóum, fjörðum og vötnum a. Rekstrarstyrkir	5250,00			
				70557,83		
		D. Hraðskeyta- og talsímasamband.				
Við	I.	Til viðauka símakerfa, smærri efniskaupa o. fl. ..	14805,49			
—	II.	Til nýrra símalagninga ...	26532,87			
—	IV.	3. Ritsímastöðin í Reykjavík	814,96			
—		5. Bæjarsíminn í Reykjavík	41314,44			
—		6. Áhaldahúsið	550,87			
—		7. Ritsímastöðin á Akureyri ásamt bæjarsímakerfinu	3187,14			
—		8. Ritsímastöðin á Seyðis-				
		Flyt	87205,77	234430,37	304048,67	

51			Kr.	Kr.	Kr.
14. júní		Flutt	87205,77	234430,37	304048,67
		firði ásamt bæjarsímakerfinu	3869,76		
	Við	9. Ritsímastöðin á Ísafirði ásamt bæjarsímakerfinu	2619,62		
	—	10. Símastöðin á Borðeyri ..	803,79		
	—	11. Símastöðin í Hafnarfirði	1673,46		
	—	12. Símastöðin á Siglufirði .	2125,34		
	—	15. Til annara símastöðva og eftirlitsferða	9665,58		
	—	VIII. Viðhald landssímanna	33297,15		
				141260,47	
		E. Vitamál.			
	Við	I. 3. Til skrifstofuhalds	238,35		
	—	4. Ferðakostnaður og fæðispeningar	221,90		
	—	II. Laun vitavarða	1713,02		
	—	III. Rekstrarkostnaður vitanna	17690,45		
	—	V. a. Landtökuviti á Dyrhólaey	1688,63		
	—	VI. Breytingar og viðgerðir á Hermóði	9193,13		
				30745,48	
					406436,32

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

Til kirkju- og kennslumála.

A. Andlega stéttin.

Við	7. Til húsabóta á prestssetrum			11900,00	
	B. Kennslumál.				
Við	I. Háskólinn.				
—	h. Hiti, ljós, ræsting og vélgæzla		172,43		
—	i. 3. Ýms gjöld		2804,02		
—	k. Ferðastyrkur vegna stúdentaskifta		400,00		
—	II. b. Til læknaefna til að ljúka				
		Flyt	3376,45	11900,00	710484,99

			Kr.	Kr.	Kr.	51
		Flutt	3376,45	11900,00	710484,99	14. júní
		námi í sængurkvenna-stofnun erlendis	737,50			
Við	III.	Mentaskólinn.				
—		b. 3. Til skólahússins utan og innan	873,63			
—		4. Til stundakennslu og prófdómenda	3677,75			
—		8. Til vísindalegra áhalda	194,83			
—		11. Til verðlaunabóka ..	17,01			
Við	IV.	Gagnfræðaskólinn á Akureyri.				
—		b. 1. Til aukakennara og stundakennslu	1884,00			
—		2. Til framhaldsnáms ..	1000,00			
—		3. Til bóka- og kennsluáhalda	600,29			
—		4. Til að kaupa skuggamyndavél og fleiri kennsluáhöld	393,40			
—		5. Til eldiviðar og ljósa	470,99			
—		8. Til skólahússins utan og innan	118,85			
—		9. Til ýmislegra gjalda .	1670,59			
Við	V.	Kennaraskólinn.				
—		b. 3. Bókakaup og áhöld ..	54,50			
—		5. Til viðhalds	298,50			
Við.	VI.	Stýrimannaskólinn.				
—		b. 4. Ýmisleg gjöld	5,52			
Við	VII.	Vélstjóraskólinn.				
—		b. 1. Til stundakennslu ..	844,00			
—		2. Húsnæði	400,00			
Við	VIII.	Bændakennsla.				
—		1. Bændaskólinn á Hólum.				
—		c. 4. Ýmisleg gjöld	16253,36			
—		2. Bændaskólinn á Hvanneyri.				
—		c. 2. Til kennsluáhalda .	171,21			
—		3. Til eldiviðar og ljósa	1063,78			
—		4. Ýmisleg gjöld	791,05			
		Flyt	34897,21	11900,00	710484,99	

			Kr.	Kr.	Kr.
51 14. júní		Flutt	34897,21	11900,00	710484,99
Við		3. Til húsmæðraskóla á Staðarfelli.			
—		b. Til breytinga og aðgerða á Staðarfellshúsinu	700,00		
Við	XI.	Yfirsetukvennaskólinn.			
—		2. b. Annar kostnaður	1134,55		
Við	XIII.	Almenn barnafræðsla.			
—		4. Til farkennslu og eftirlits með heimafræðslu	1800,00		
—		5. Til prófdómara við barnapróf	8626,99		
Við	XIV.	Unglinga- og alþýðuskólar.			
—		1. Til alþýðuskólans á Eiðum.			
—		c. 2. Til kennsluáhalda ..	496,71		
—		3. Til eldiviðar og ljósa	530,70		
—		4. Til húsbúnaðar	6,31		
—		5. Ýmisleg gjöld	1533,04		
Við	XVI.	Til kennslu heyrnar- og málleysingja	13040,14		
				62765,65	
					74665,65

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 15. gr. er veitt:

2. Þjóðskjalasafnið.

Við	b.	Til bókbands, bóka og handritakaupa, umbúnaðar skjala og aðstoðar	348,75		
		5. Landsbókasafnshúsið.			
Við	a.	Til eldiviðar, ljósa og ræstingar	259,40		
		19. Styrkur til skálda og listamanna.			
Við		g. Til þess að kaupa listaverk	993,21		
—	35.	Til landskjálftarannsókna	6,99		
—	36.	Til veðurathugana og veðurskeyta	12975,81		
—	39.	c. Til girðingar um listasafnshúsið	1157,30		
—	45.	Ferðastyrkur til útlanda	1100,00		
				.....	
					16841,46
				Flyt	801992,10

8. gr. **51**
14. júní

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

		Kr.	Kr.	Kr.
			Flutt	801992,10
	Til verklegra fyrirtækja.			
Við	4. Til kaupa á fljótandi skurðgröfu	3782,41		
	14. Til Efnarannsóknarstofu í Reykjavík.			
Við	b. Til aðstoðar	1400,00		
	17. Laun yfirmatsmanna o. fl.			
Við	f. Ferðakostnaður yfirmatsmanna	7424,28		
—	18. Til eftirlits með skipum og bátum og öryggi þeirra	1537,50		
—	19. Til bryggjugerða og lendingabóta	3186,16		
—	24. Til erindrekstrar í Miðjarðarhafslöndunum	742,29		
		.....	.....	
				18072,64

9 gr.

Til viðbótar við gjöldin í 17. gr. er veitt:

	Til almennrar styrktarstarfsemi.			
Við	3. Styrkur til sjúkrasamlaga	2298,35		
—	6. Til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis	396,24		
		.....	.....	
				2694,59

10. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

	Óviss útgjöld	.....		
		.....	.....	
				67549,93
			Samtals	890309,26

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Árnason.

52
14. júní

LÖG

um

samþykkt á landsreikningnum 1927.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
I. Tekjur.		
1. Fasteignaskattur	225000,00	258930,16
2. Tekju- og eignarskattur	950000,00	736947,13
3. Lestagjald af skipum	35000,00	43443,50
4. Aukatekjur	375000,00	490843,35
5. Erfðafjárskattur	40000,00	30930,61
6. Vitagjald	300000,00	374902,30
7. Leyfisbréfagjald	10000,00	11910,98
8. Stimpilgjald	325000,00	375477,18
9. Skólagjald	15000,00	22350,00
10. Bifreiðarskattur	25000,00	41102,87
11. Útflutningsgjald	1000000,00	1183549,58
12. Áfengistollur	650000,00	422601,99
13. Tóbakstollur	775000,00	949015,00
14. Kaffi- og sykurtollur	1000000,00	1200805,49
15. Annað aðflutningsgjald	150000,00	207710,87
16. Vörutollur	1375000,00	1167179,10
17. Verðtollur	850000,00	957076,30
18. Gjald af brjóstsykur- og konfektgerð	20000,00	51950,32
19. Pósttekjur	400000,00	500474,40
20. Símatekjur	1300000,00	1483411,75
21. Víneinkasalan	500000,00	325000,00
22. Tekjur af fasteignum ríkissjóðs o. fl.	35100,00	38517,89
23. Tekjur af bönkum og vaxtatekjur	325000,00	233670,18
24. Óvissar tekjur, ýmisl. greiðslur og endurgjöld	154034,00	676906,38
Flyt	10834134,00	10984707,33

52
14. júní

	Áætlun	Reikningur
	kr.	kr.
Flutt	10834134,00	10984707,33
25. Tekjur samkv. sérstökum lögum	.....	57752,12
26. Auknar lausar skuldir	.....	471245,74
27. Eytt af sjóði	.....	393287,51
28. Eytt af innstæðu	.....	152388,48
29. Greiddar innstæður o. fl.	.....	2785,41
Samtals	10834134,00	12862166,59

	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.
II. Gjöld:		
1. Greiðslur af lánum ríkissjóðs og framlag til Landsbankans	1639977,00	1569171,75
2. Borðfé Hans Hátignar konungsins	60000,00	60000,00
3. Kostnaður við Alþingi og yfirskoðun landsreikninganna	199800,00	236761,77
4. Til ríkisstjórnarinnar:		
I. Ráðuneytið, ríkisféhirðir o. fl. ...	183700,00	219782,35
II. Hagstofan	52300,00	53036,19
III. Utanríkismál o. fl.	86500,00	91415,29
5. A. Dómgæzla og lögreglustjórn	742178,00	868803,36
B. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	135000,00	183202,48
6. Læknaskipun og heilbrigðismál	945639,00	937093,09
7. Til samgöngumála:		
A. Póstmál	436967,00	462147,88
B. Vegabætur	921620,00	1083119,66
C. Samgöngur á sjó	330200,00	400757'83
D. Hraðskeyta- og talsímasamband ..	1261300,00	1396441,35
E. Vitamál	307910,00	335000,20
8. Til kirkju- og kennslumála:		
A. Andlega stéttin	363656,00	368894,60
B. Kennslumál	1241894,00	1169710,68
9. Til vísinda, bókmennta og lista	284245,00	289354,45
10. Til verklegra fyrirtækja	962610,00	1053108,13
Flyt	10155496,00	10777800,96

52
14. júní

	Fjárveiting	Reikningur
	kr.	kr.
Flutt	10155496,00	10777800,96
11. Til almennrar styrktarstarfsemi	664700,00	1039302,83
12. Eftirlaun og styrktarfé	185450,80	165797,22
13. Óviss útgjöld	100000,00	167549,93
14. Lögboðnar fyrirframgreiðslur	4000,00	26036,09
15. Eimskipafélag Íslands	.....	60000,00
16. Fjárgreiðslur samkv. lögum og fjáraukalögum	.....	625679,46
Samtals	11109646,80	12862166,59

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Árnason.

53
14. júní

LÖG
um
lendingarbætur í Þorlákshöfn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til lendingarbóta í Þorlákshöfn skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir sam

þykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnessýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnessýslu leggur fram til lendingarbótanna. 53 14. júní

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 80000 kr. lán, er sýslusjóður Árnessýslu kann að taka til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að yfirumsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Eigendur Þorlákshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs-, íveru- og fiskhúsa, allt að 15000 m², svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnessýslu komi til.

Brot gegn þessu varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnessýslu kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnessýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán til lengri tíma en svo að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

53
14. júní

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Þorlákshafnar allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskiveiða í Þorlákshöfn, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desember ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hann atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á umliðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnessýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1928.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir 1928, eru veittar samkvæmt 2.—7. gr. hér á eftir kr. 262878,10.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. er veitt:

1.	Kostnaður við löggæzlumenn o. fl.	kr.	32007,75

3. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 12. gr. er veitt:

1.	Til kostnaðar við mænusóttarsjúklinga	kr.	800,00	
2.	Til kostnaðar við geitnalækningar	—	300,00	
3.	Styrkur til sjúkrahúsbyggingar á Siglufirði	—	6000,00	
				kr. 7100,00

4. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 14. gr. er veitt:

1.	Til greiðslu álags á Grafarkirkju í Skaftártungu	kr.	6000,00	
2.	Eftirstöðvar af byggingarkostnaði prestsetursins á Bergþórshvoli ..	—	441,86	
3.	Styrkur til 9 stúdenta við háskólann til Þýzkalandsfarar	—	1800,00	
4.	Fyrir skuggamyndavél handa menntaskólanum	—	1311,05	
5.	Til aðgerðar menntaskólans	—	17000,00	
	Flyt	kr.	26552,91	kr. 39107,75

54 14. júní

	Flutt	kr.	26552,91	kr.	39107,75
6.	Til gagnfræðaskólans á Akureyri: Aðgerð á skuggamyndavél	—	500,00		
7.	Til sama skóla, til aðgerða og breytinga	—	3600,00		
8.	Til miðstöðvarlagningar í stýrimannaskólann	—	5500,00		
9.	Til byggingar skóla- og íbúðarhúss á Hólum	—	27000,00		
10.	Til aðgerða húsa á Eiðum	—	7600,00		
11.	Til aðgerðar kvennaskólans á Blönduósi	—	4000,00		
12.	Til byggingar Laugarvatnsskólans (endurv.)	—	37800,00		
13.	Upp í kennslustyrk til sama skóla	—	4000,00		
14.	Til aðgerðar heyrnar- og málleysingjaskólans	—	500,00		
15.	Til húsbyggingar á Staðarfelli	—	3813,95		
				—	120866,86

5. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 16. gr. er veitt:

1.	Ferðakostnaður húsameistara Guðjóns Samúelssonar til útlanda, vegna undirbúnings undir ýmsar opinberar byggingar	kr.	2000,00		
2.	Skrifstofukostnaður sama fyrir árið 1928	—	3435,92		
3.	Til endurbyggingar sjóvarnargarðs fyrir landi jarðanna Einarshafnar og Skúmsstaða	—	3318,26		
4.	Til aðstoðar á efnarannsóknarstofunni	—	1600,00		
5.	Til síldarleitartilrauna með flugvél	—	3243,70		
6.	Eftirstöðvar af kostnaði við sjóvarnargarð á Siglufirði síðastliðið sumar	—	729,75		
7.	Til fyrirhleðslu Þverár í Eyjafirði	—	1102,15		
8.	Til kostnaðar við rannsókn lungnapestar	—	1051,60		
9.	Til fyrirhleðslu Skálmar	—	2364,70		
	Flyt	kr.	18846,08	kr.	159974,61

	Flutt	kr.	18846,08	kr. 159974,61	**54**
10.	Til hafnarrannsókna	—	1301,50		14. júní
11.	Til síldarverksmiðjurannsókna ..	—	4050,00		
12.	Varnir gegn vatnságangi af Kúðafljóti	—	3000,00		
13.	Áhöld og bækur handa efnarannsóknarstofunni	—	3500,00		
				— 30697,58	

6. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 18. gr. er veitt:

1.	Til Helgu Ófeigsd., ekkju Árna Zakaríassonar	kr.	560,00	
2.	Til séra Jóns Árnasonar, frá 1. júní til 31. desember	—	363,42	
3.	Til Jóhannesar Sigfússonar, menntaskólakennara 1. október til 31. desember	—	420,00	
4.	Til frú Ástu Einarson	—	840,00	
5.	Til Friðriks Jónss. fyrrum pósts	—	630,00	
				— 2813,42

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1.	Kostnaður við uppfyllingu kirkjugarðsins í Reykjavík	kr.	7051,29	
2.	Til ríkisgjaldanefndarinnar	—	13341,20	
3.	Til undirbúnings alþingishátíðarinnar 1930	—	49000,00	
				— 69392,49
			Samtals	kr. 262878,10

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Einar Árnason.

55
14. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Fyrri málsgr. 5. gr. laganna skal orða svo:

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verzlun þá með bækur, er óhjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálf ræður stjórn útgáfudeildar og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

56
14. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 56, 15. júlí 1926, um notkun bifreiða, og á lögum nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á þeim lögum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

3 fyrstu málsgreinar 17. gr. laga nr. 56, 15. júlí 1926, skal orða þannig:

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfé-

lagi, sem viðurkennt er af ríkisstjórninni, og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, að upphæð 10000 kr. fyrir hverja bifreið. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti, sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er þeim kann að verða gert að greiða, sem ábyrgð ber á bifreiðinni, þegar slysið eða tjónið bar að höndum. Tvíhjóla bifreiðir og þær þríhjóla, sem ætlaðar eru einum manni, skulu á sama hátt tryggðar fyrir 5000 kr. **56** 14. júní

Undanþegnar tryggingarskyldunni eru þær bifreiðar, sem eru íslenzk ríkiseign eða ríkisstofnana eða bæjar- og sveitarfélaga.

Bifreiðaeigandi skal undanþeginn tryggingarskyldu þeirri, er um ræðir í 1. málsgr., ef hann afhendir lögreglustjóra verðbréf eða aðra tryggingu, er gild verður tekin, er nemi 10000 kr. fyrir fyrstu bifreið og síðan 3500 kr. fyrir hverja, ef um fleiri bifreiðir er að ræða hjá sama eiganda.

2. gr.

Heimilt er að setja í reglugerð um tryggingarskylduna ákvæði um, að undanþegið sé tryggingarskyldu smátjón eða slys, þar sem bætur eru innan við 200 kr.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 23, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júlí 1926, um notkun bifreiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriholl, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

57
14. júní

LÖG

um

íbúð í kjöllurum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má ekki taka kjallara til íbúðar í húsum þeim, sem byggð eru hér eftir. Eigi má heldur gera kjallaraíbúðir í húsum, sem byggð voru áður en lög þessi öðlast gildi.

2. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa yfir 100 íbúa, má því aðeins nota íbúðir í kjöllurum, að þær fullnægi eftirfarandi skilyrðum.

1. Að kjallarinn sé ekki grafinn dýpra í jörð en 1 m. á þeim hluta, sem íbúðarherbergin eru í, og gluggar ekki neðar en 25 cm. frá jörðu.
2. Að allir gluggar í íbúðarherbergjunum viti mót sólarátt — frá réttu austri til rétts vesturs — að eldhúsi og búri fráskildu.
3. Að forgarður, ekki mjórri en 3 m., greini húsið frá götunni, ef gluggar á íbúðarherbergjum kjallaraíbúðar vita út að götu.
4. Að öll íbúðin sé rakalaus, með sæmilegri hitun og umgengni.

3. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd er heimilt að leyfa um stundarsakir notkun kjallaraíbúða, sem fyrir eru, þótt ekki fullnægi skilyrðum 2. gr. Yfir þessar íbúðir skal halda sérstaka skrá. Skoða skal íbúðirnar árlega og leiðrétta skrána samkvæmt því.

4. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal bæjarstjórn og hreppsnefnd velja úr þær kjallaraíbúðir, sem lakastar eru og leyfðar eru um stundarsakir, og aldrei færri en $^1/_{20}$ þeirra, og banna íbúð í þeim frá næstu fardögum. Skriflega tilkynningu um bannið skal senda húseiganda og leigjanda hverrar íbúðar sem bönnuð er, fyrir 14. febrúar. Skaðabóta verður ekki krafizt fyrir slíkt bann.

5. gr. 57

Nú verður ágreiningur um það, hvað teljast skuli kjallaraíbúð 14. júní eftir lögum þessum, og sker þá stjórnarráðið úr þeim ágreiningi, að fengnum tillögum hlutaðeigandi héraðslæknis og byggingarnefndar, ef til er.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfríhöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG 58

14. júní

um

eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 12. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, höfum látið færa breytingarnar inn í meginmál téðra laga frá 1922, og gefum þau hérmeð út sem lög um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

1. gr.

Skip skal telja óhaffært, ef bol þess, búnaði, vél eða vélartækjum eða skipshöfn er svo áfátt, eða það er svo ofhlaðið mönnum eða munum eða vanhlaðið, eða illa birgt að vistum eða vatni, að kolum eða öðrum vélanauðsynjum, ef það er gufuskip eða vélskip, eða það af öðrum ástæðum er svo á sig komið, að telja verður, vegna sjóferða þeirra, er skipið skal fara, að hættulegra sé að vera í förum með því en venjulegt er við siglingar.

58 2 gr.

14. júní Setja skal með konunglegri tilskipun nánari ákvæði um, hverjar kröfur gjöra skuli til þess, að skip verði talið haffært, eftir því hvert skipið er og hvaða ferðir því eru ætlaðar, og um það, hvers gætt skuli við skipaskoðanir, sem gjörðar eru samkvæmt lögum þessum.

Í sömu tilskipun skulu sett ákvæði um rúmstærð og gólfstærð í herbergjum skipverja, svo og annan útbúnað þeirra, að því er snertir birtu, loftrás og aðra hollustuhætti.

3. gr.

Eiganda skips eða útgerðarmanni, svo og skipstjóra, er skylt að sjá um, að skip sé haffært, er það leggur úr höfn. Skylt er skipstjóra að gjöra allt það, er hann má, til að halda skipi haffæru á ferð. Nú tekur skip grunn, verður fyrir árekstri eða það annað ber til, er ætla má, að af muni hljótast að skipið verði óhaffært, og er skipstjóra þá skylt að láta rannsaka það með skoðunargjörð, þar sem því verður fyrst við komið.

4. gr.

Ef líkur eru á, að skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenzkri höfn, sé óhaffært, má lögreglustjóri, eða skipaskoðunarmaður, er skipaskoðunarstjóri hefir sérstaklega veitt heimild til þess, hefta brottför þess til bráðabirgða.

Sama gildir, ef skipstjóri, útgerðarmaður eða sá maður, sem í þeirra stað kemur, tálmi því, að skipaskoðunarmenn geti framkvæmt til hlítar skoðun, er þeir telja nauðsynlega.

Sá, sem brottför skipa heftir, skal tafarlaust tilkynna skipstjóra eða útgerðarmanni, með bréfi eða símskeyti, ástæðurnar til þess, að brottför skipsins var heft, og hvað gera þurfi til þess, að því verði leyfð brottför. Skipið, sem heft hefir verið, má eigi leggja úr höfn, fyr en bætt hefir verið úr göllum þeim, sem á því voru, og það sannað með skoðunargerð.

Ákvæði greinar þessarar gilda og um erlend skip, þó með þeim takmörkunum, sem leiða kunna af gildandi þjóðasamningum.

5. gr.

Þar sem ekki er annars getið, taka ákvæði laga þessara um eftirlit með öryggi skipa til allra skipa, sem stærri eru en 12 rúmlestir og gerð eru út hér á landi, svo og til allra vélbáta og róðrarbáta fjórróinna eða stærri, sem stunda fiskiveiðar hér við land eina vertíð á ári eða lengur, og til allra vélbáta er flytja farþega eða vörur að staðaldri. Fjórróinn er sá bátur, sem róið er af fjórum mönnum.

Atvinnumálaráðuneytið getur ákveðið með reglugerð, að eftirlit skuli haft með öryggi annara fljótandi fara og hvernig því eftirliti skuli hagað.

6. gr. 58

Eftirlit með öryggi skipa er undir yfirstjórn atvinnumálaráðu- 14. júní
neytisins.

Ráðuneytið skipar skipaskoðunarstjóra til að annast framkvæmd þessara mála, og skal honum fengin nauðsynleg aðstoð við starfið. Hefir hann á hendi eftirlit með öllum skipaskoðunarmálum, rannsakar skoðunarskýrslur skipaskoðunarmanna og fer eftirlitsferðir um landið eftir fyrirsögn ráðherra, til að líta eftir framkvæmd laganna, semur skrá yfir íslenzk skip og aðstoðar fjármálaráðuneytið við framkvæmd laga um skrásetning skipa. Skipaskoðunarstjóri má engin launuð aukastörf hafa á hendi, nema ráðherra leyfi.

Skipaskoðunarstjóri hefir að launum 5000 kr. á ári, er hækka um 200 kr. annaðhvert ár upp í 6000 kr., dýrtíðaruppbótar skal hann og njóta eftir fyrirmælum almennra launalaga. Skrifstofukostnaður skipaskoðunarstjóra, sem og kostnaður vegna aðstoðar og eftirlitsferða, skal ákveðinn í fjárlögum.

7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skiftir landinu í skipaskoðunarumdæmi, og skipar, eftir tillögum skipaskoðunarstjóra, til framkvæmdar eftirlitinu í hverju umdæmi svo marga skipaskoðunarmenn sem þurfa þykir. Skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn. Þeir skulu vera valinkunnir og óvilhallir menn og að öðru leyti svo vel til starfsins fallnir sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa, skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli vinna starf sitt samvizkusamlega.

Skipaskoðunarmenn skulu gera allar skoðanir, þær, er ræðir um í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim og gerðar skulu innan umdæmis þeirra, hvort sem skipið er skrásett eða eigi. Ef þess er þörf, getur skipaskoðunarstjóri kvatt menn til skoðunargerðar utan umdæmis síns.

Við skoðunargerðir er skipaskoðunarmönnum skylt að gæta þess, að fullnægt sé kröfum þeim, er gerðar eru í lögum þessum eða í tilskipunum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, um öryggi skipa, þeirrar tegundar, sem það skip er, sem þeir skoða, og í þeim ferðum, er því eru ætlaðar. Þeim er og skylt endranær að hafa eftir föngum vakandi auga með því, að hlýtt sé fyrirmælum þeim, sem sett eru um öryggi skipa, og skulu þeir tafarlaust tilkynna lögreglustjóra, ef þeir verða þess vísari, að misbrestur sé á því.

Skipaskoðunarmenn eiga rétt á þóknun fyrir starfa sinn samkvæmt gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur. Þóknunina greiðir eigandi skips, og má taka hana lögtaki. Þurfi skipaskoðunarmenn að takast ferð á hendur vegna skoðunar á skipi, skal ferðakostnaður þeirra greiddur úr ríkissjóði.

58 14. júní

8. gr.

Skoðunargerðir á skipum eru tvennskonar, aðalskoðun og aukaskoðun.

9. gr.

Aðalskoðun skal gerð á skipum í þessum tilfellum:

a. Áður en skip leggur úr höfn hér á landi í fyrsta sinn, er smíðað hefir verið hér á landi eða breytt hefir verið svo mjög, að mæla þurfi það af nýju, eða fengið er frá öðrum löndum, hvort heldur nýsmíðað eða notað, til skrásetningar undir íslenzkan fána eða til útgerðar hér á landi.
b. Á öllum farþegaskipum einu sinni á ári. Í tilskipun þeirri, er ræðir um í 2. gr. þessara laga, skal ákveðið, hver skip teljist farþegaskip.
c. Á öllum öðrum skipum annað hvert ár.

10. gr.

Við aðalskoðun skal athuga vandlega allt öryggi skipsins, bæði sjálfs bols skipsins, þilfars og skilrúma, siglu og reiða, véla og vélartækja, búnaðar alls og áhalda, svo og allt annað, er lýtur að öryggi skipsins.

11. gr.

Að lokinni aðalskoðun skips skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og tillögur sínar um það, hvort skipinu skuli gefið haffærisskírteini eða eigi, en skipaskoðunarstjóra senda þeir skýrslu um skoðunina, og skal þetta hvorttveggja ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur. Komi það í ljós við skoðunina, að skipið sé haffært, skal lögreglustjóri gefa skipinu haffærisskírteini. Í haffærisskírteini skal tilgreina nafn skips og heimili, skrásetningarbókstafi þess, númer þess á fiskiskipaskrá og umdæmisbókstafi, ef um fiskiskip er að ræða, smálestatal, hvort skipið sé seglskip eða vélskip, róðrarbátur eða vélbátur, til hvaða ferða skipið sje ætlað, tölu farþega, er það má flytja, sé um farþegaskip að ræða, svo og að skipið fullnægi þeim kröfum um öryggi skipa, er gerðar eru í lögum þessum eða tilskipunum eða reglugerðum, settum samkvæmt þeim.

Haffærisskírteini gildir um farþegaskip í eitt ár frá dagsetningardegi þess, en um önnur skip í tvö ár frá sama tíma. Nú er skip statt í útlöndum á þeim tíma, er haffærisskírteini þess gengur úr gildi, og getur þá atvinnumálaráðuneytið framlengt gildi skírteinisins til ákveðins tíma, þó aldrei lengur en til þess er skipið næst tekur höfn hér við land, enda séu færðar líkur fyrir því, að skipið enn sé haffært. Ef sérstaklega stendur á í öðrum tilfellum, getur lögreglustjóri framlengt gildi skírteinisins allt að einum mánuði.

Haffærisskírteini skal fylgja skipsskjölunum, og skal það ávallt sýnt við tollgreiðslu skipsins, lögskráningu á það, greiðslu slysatryggingargjalds skipverja og þegar þess er krafizt af yfirvöldunum. Nú er sá tími, er skírteinið gildir, á enda, eða skoðun, er gerð skyldi á skipinu á þeim tíma samkvæmt lögum þessum, er vanrækt, hvort sem er aðalskoðun eða aukaskoðun, eða það kemur í ljós við slíka skoðun, að skipið er óhaffært, og skal lögreglustjóri þá afturkalla skírteinið. 58 14. júní

Fyrir útgáfu eða áritun haffærisskírteinis, sbr. 16. gr., skal skipseigandi greiða í stimpilgjald:

Fyrir skip og báta upp að 30 rúmlesta stærð 2 kr.

Fyrir skip frá 30—100 rúmlesta 5 kr.

Fyrir 100 rúmlesta skip og stærri 10 kr.

12. gr.

Aukaskoðanir á skipum eru tvennskonar, almennar og sérstakar.

13. gr.

Almenn aukaskoðun skal gerð einu sinni á ári á skipum þeim, er ræðir um í 8. gr. c í lögum þessum, það ár er aðalskoðun eigi er gerð á þeim.

14. gr.

Við almenna aukaskoðun skal sérstaklega athuga allan búnað skipsins og áhöld, botn skipsins og stýrisbúnað.

Þó má botnskoðun gera á öðrum tíma, enda sé þá eigi ár liðið frá síðustu botnskoðun.

15. gr.

Sérstök aukaskoðun skal gerð í þesum tilfellum:

a. Þegar skip hefir sætt meiri háttar viðgerð, hvort heldur er á bol eða vél, eða ný aðalvél hefir verið í það sett, en eigi kveður samt svo mikið að viðgerðinni, að aðalskoðun skyldi ger samkvæmt 9. gr. a. í lögum þessum.

b. Þegar annars þykir ástæða til að rannsaka öryggi ákveðinna hluta skips eða búnaðar þess.

16. gr.

Við sérstaka aukaskoðun skal athuga þá hluta skips eða skipsbúnaðar er ástæða þykir til vegna atvika þeirra, er skoðuninni valda.

17. gr.

Að lokinni aukaskoðun á skipi skulu skipaskoðunarmenn senda lögreglustjóra vottorð um skoðunina og álit sitt um það, hvort þeir telji

58 skipið haffært, svo og skipaskoðunarstjóra skýrslu um skoðunina, og skal
14. júní hvorttveggja þetta ritað eftir fyrirmynd, er atvinnumálaráðuneytið setur.

Telji skoðunarmenn skipið haffært, ritar lögreglustjóri á haffærisskírteini þess athugasemd um,að aukaskoðun hafi verið gerð og að hún hafi eigi leitt neitt það í ljós, er geri skipið óhaffært. Fyrir áritun þessa greiði skipseigandi sama stimpilgjald sem fyrir útgáfu haffærisskírteinis.

18. gr.

Nú er skoðun gerð samkvæmt 3. eða 4. gr. laga þessara eða samkvæmt 92. gr. siglingalaga 30. nóvember 1914, og ákveður þá skipaskoðunarstjóri, eða lögreglustjóri í forföllum hans, hvort skoðunin skuli vera aðalskoðun eða aukaskoðun.

19. gr.

Aðalskoðun og aukaskoðun á farþegaskipum og skipum, sem knúð eru af vél og stærri eru en 60 rúmlestir, gera 3 menn. Skal einn þeirra vera vélfróður, einn siglingafróður og einn fróður um skipasmíði.

Önnur skip, er knúð eru af vél, skulu skoðuð af 2 mönnum, öðrum vélfróðum en öðrum fróðum um skipasmíði.

Seglskip skulu 2 menn skoða, annar siglingafróður en annar fróður um skipasmíði.

Með samþykki skipaskoðunarstjóra má fela færri mönnum en að framan segir skoðun skips, enda séu þeir nægilega sérfróðir.

Róðrarbáta skal einn maður skoða, sá er fróður sé um skipasmíði.

20. gr.

Eiganda skips eða útgerðarmanni eða skipstjóra er skylt að sjá um, að lögskipaðar skoðanir séu gerðar á skipi.

21. gr.

Skipaskoðunarmenn skulu gera skoðun á skipi tafarlaust er þess er óskað, eða svo fljótt sem því verður við komið. Skoðun skal jafnan, ef þess er kostur, hagað svo, að sem minnst töf verði á ferðum skipsins eða vinnu á því.

Skipaskoðunarmönnum skal frjáls aðgangur að skipinu og öllum rúmum í því. Þeir skulu eiga rétt á að athuga öll áhöld skips og búnað. Þeim skal heimilt að krefjast þess, að farmur sé tekinn úr skipi, skip sett á land eða vélar hreyfðar, sé það nauðsynlegt vegna skoðunarinnar.

Eiganda skips, útgerðarmanni, skipstjóra og skipshöfn er skylt að láta skipaskoðunarmönnum í té nauðsynlega aðstoð við skoðunina og að gefa þeim þær upplýsingar um skipið og öryggi þess, er þeir krefjast.

22. gr. 58

Lögreglustjóri, skipaskoðunarstjóri, eigandi skips eða útgerðarmað- 14. júní
ur, skipstjóri eða, í tilfellum þeim, er ræðir um í 92. gr. siglingalaga 30. nóvmber 1914, meiri hluti skipshafnar eða vélstjóri, geta krafizt yfirskoðunar á skipi. Yfirskoðun gera helmingi fleiri menn en áður skoðuðu skipið, samkvæmt 19. gr. í lögum þessum, og með þeirri sérþekkingu, er þar segir, og tilnefnir lögreglustjóri þá úr tölu hinna skipuðu skipaskoðunarmanna. Skal úrskurður þeirra um ástand skips eða búnað vera fullnaðarúrskurður.

23. gr.

Þeir menn, er samkvæmt 21. gr. í lögum þessum geta krafizt yfirskoðunar á skipi, geta og krafizt þess, að skipaskoðunarmenn staðfesti skoðun sína með eiði. Eiðurinn skal tekinn af þeim í sjódómi.

24. gr.

Kostnað allan við skipaskoðanir greiðir skipseigandi. Ákvæði 2. liðs 92. gr. í siglingalögum 30. nóvember 1914 skulu þó enn vera í gildi.

Nú hefir skip reynzt óhaffært við skoðun, en yfirskoðun, sem gerð er samkvæmt kröfu eiganda skips, útgerðarmanns eða skipstjóra, telur skipið haffært, og greiðir þá ríkissjóður kostnað við yfirskoðunina.

25. gr.

Eftir 1. janúar 1923 skulu skip, sem eiga að vera í förum milli landa, vera með hleðslumerki, er sýni hvað skipið má liggja djúpt í sléttum sjó. Þegar sérstaklega stendur á, getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

Með konunglegri tilskipun skal setja nánari reglur um hleðslumerki og um mælingar og skoðanir, er gerðar skuli á skipum til ákvörðunar hleðslumerkja.

Kostnaður allur við ákvörðun hleðslumerkis greiðist af skipseiganda.

26. gr.

Þegar hleðslumerki hefir verið ákveðið, skal atvinnumálaráðuneytið gefa skipinu hleðslumerkisskírteini. Skal það fylgja skipsskjölunum og ávallt sýnt bæði við tollgreiðslu og þegar þess er krafizt af yfirvöldunum.

Hafi skip hleðslumerkisskírteini, útgefið af þar til bærum erlendum stjórnarvöldum eða skipaflokkunarfélagi, getur atvinnumálaráðuneytið gefið því íslenzkt hleðslumerkisskírteini í þess stað, án þess að láta mælingu þá eða skoðun, er með þarf til ákvörðunar hleðslumerkis, fara fram.

58 14. júní

Nú er skip flokkað í skipaflokkunarfélagi, er atvinnumálaráðuneytið tekur gilt, og skal þá hleðslumerkisskírteini þess gilda meðan það er í sama flokki. Endranær ákveður ráðuneytið gildistíma skírteinisins, og skal hans þá getið í skírteininu.

Nú er skipi breytt þannig, að ætla má, að framborð skipsins breytist, og er þá hleðslumerkisskírteini þess úr gildi fallið.

27. gr.

Skip telst óhaffært, sé það svo hlaðið, að það liggi dýpra en hleðslumerki þess leyfa.

28. gr.

Marka skal á fram- og afturstafni allra þilskipa, er stærri eru en 30 rúmlestir, mælikvarða í desímetrum, er sýni hve djúpt skipið liggi í sjó. Kostnað við þetta greiðir skipseigandi.

29. gr.

Stjórnarráðið getur falið skipaflokkunarfélögum, gegn þeirri ábyrgð, er það telur nægilega, að gera mælingar eða rannsóknir, er gera þarf vegna skoðunar skips eða ákvörðun hleðslumerkis.

30. gr.

Nú er skipi lagt úr höfn óskoðuðu, enda þótt skylt hefði verið að skoða það samkvæmt lögum þessum, og ferst það, og er þá eigandi skaðabótaskyldur þeim, er fyrir tjóni verða við skiptapann, hvort heldur fyrir missi fyrirvinnu eða eigna, nema sannað sé, að slysið hafi eigi hlotizt af óforsvaranlegu ástandi skips eða útbúnaði.

31. gr.

Nú vanrækir skipstjóri að láta gera skoðun á skipi, er skylt var að gera samkvæmt lögum þessum, og varðar það hann sektum, frá 50 kr. allt að 5000 kr. Sömu refsingu sætir skipseigandi eða útgerðarmaður, eigi þeir sök á vanrækslunni.

Önnur brot gegn lögum þessum, eða gegn tilskipunum eða reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 5000 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

32. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum, eða gegn tilskipunum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skal farið sem almenn lögreglumál.

33. gr. 58

Með lögum þessum eru úr gildi feld lög nr. 29, 22. okt. 1912, um 14. júní
eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG 59

14. júní

um

kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 22. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, höfum látið færa breytingarnar inn í meginmál téðra laga frá 1926, og gefum þau hérmeð út sem lög um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

I. KAFLI.

Um kosningarrétt og kjörgengi.

1. gr.

Rétt til þess að kjósa hreppsnefndarmenn, sýslunefndarmenn, bæjarfulltrúa og alla aðra starfsmenn í hreppum og kaupstöðum, er almenningur kýs, hafa allir, konur sem karlar, er þeir:

1. Eru fullra 21 árs gamlir á kjördegi.
2. Eru fjár síns ráðandi.
3. Eru íslenzkir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt við þá,

59 14. júní

4. Hafa átt lögheimili í kjördæmi (hreppi eða kaupstað) síðasta árið fyrir kjördag.
5. Hafa óflekkað mannorð.
6. Standa ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk vegna leti, óreglu eða hirðuleysis sjálfs sín.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

2. gr.

Sá, er kjörgengur til starfa samkvæmt 1. gr., sem kosningarrétt hefir.

Ekki mega hjón né menn skyldir að feðgatali eða niðja sitja samtímis í hreppsnefnd eða bæjarstjórn.

3. gr.

Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í hreppsnefnd og bæjarstjórn. Þeim, er setið hafa í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er þó óskylt að taka við kjöri fyr en jafnlangur tími er liðinn síðan hann átti þar síðast sæti.

4. gr.

Kjörstjórn úrskurðar um kjörgengi til bæjarstjórnar og hreppsnefnda. Skjóta má úrskurði kjörstjórnar til hreppsnefndar í hreppnum og bæjarstjórnar í kaupstöðum. Hreppsnefnd og bæjarstjórn úrskurðar, hvort aðili hafi misst kjörgengi eða hvort veita skuli honum lausn eða víkja honum frá starfanum. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar til sýslunefndaroddvita og úrskurði bæjarstjórnar til atvinnumálaráðherra.

Sýslunefnd úrskurðar þau atriði, sem í 1. málsgr. segir, ef sýslunefndarmaður á hlut að máli.

Ef manni er vikið úr sýslunefnd eða bæjarstjórn, þá getur hann borið málið undir atvinnumálaráðherra.

Úrskurði sýslunefndaroddvita og atvinnumálaráðherra eftir þessari grein má skjóta til dómstólanna.

II. KAFLI.

Um kjörtíma, kjörskrá, kjörstjórnir o. fl.

5. gr.

Í kaupstöðum skal bæjarstjórn vera skipuð 6—15 bæjarfulltrúum. Atvinnumálaráðherra ákveður töluna í hverjum kaupstað samkvæmt tillögum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs sér forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

6. gr. 59

Bæjarfulltrúa og varafulltrúa þeirra skal kjósa leynilega með hlut- 14. júní
fallskosningu til 4 ára. Í janúarmánuði 1930 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa og varafulltrúa í öllum kaupstöðum landsins, og fellur þá jafnframt niður umboð hinna eldri fulltrúa. Kosningar fara síðan fram í janúarmánuði 4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum. Fráfarandi fulltrúa má endurkjósa, nema þeir hafi í síðasta lagi 3 dögum áður en framboðsfrestur er útrunninn tilkynnt kjörstjórn, að þeir skorist undan endurkjöri samkvæmt heimildinni í 3. gr.

Varafulltrúar taka sæti í bæjarstjórn í forföllum bæjarfulltrúa eftir þeirri röð, sem þeir hafa verið kosnir á hverjum lista. Sá, sem er næstur að atkvæðamagni þeim, sem kosningu hlýtur á hverjum lista sem bæjarfulltrúi, skal vera fyrsti varafulltrúi þess lista um kjörtímabil það, sem listinn á við, og svo hver af öðrum, sem næstur er að atkvæðamagni innan listans.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um, hvenær varafulltrúi skuli taka sæti í forföllum bæjarfulltrúa.

7. gr.

Í hreppi hverjum skal vera hreppsnefnd, skipuð 3—7 mönnum, svo sem verið hefir, og eru þeir kosnir til 6 ára í senn. Fjölga má hreppsnefndarmönnum úr 3 í 5 og 5 í 7, með samþykki sýslunefndar. Fara hreppsnefndarmenn frá á hverjum 3 ára fresti kjörtímabils, meiri hlutinn hið fyrra skiftið, en minni hlutinn hið síðara.

8. gr.

Kosningar hreppsnefndarmanna fara fram á vorhreppaskilaþingi. Þó mega kosningar fara fram að haustinu, ef meiri hluti hreppsfundar kveður svo á. Ef hreppi er skift, skal kjósa hreppsnefnd í hinum nýju hreppum jafnskjótt og því verður við komið.

Nú fer maður úr hreppsnefnd áður en kjörtími hans er liðinn, og skal þá kjósa í stað hans fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili hans.

9. gr.

Hreppsnefnd í hreppum og bæjarstjórn í kaupstöðum skal árlega, í hreppum fyrir 15. apríl og í kaupstöðum fyrir 15. desember, semja eða láta semja skrá yfir alla kjósendur í kjördæminu, er á kjördegi hafa kosningarrétt. Skulu þar vera í stafrófsröð nöfn kjósenda með stöðu, heimili og aldri. Skráin skal liggja til sýnis almenningi á hentugum stað að minnsta kosti 14 daga. Kærur vegna þess, að einhver sé vantalinn eða oftalinn á skrá, skulu vera komnar í hendur hreppsnefndar eða bæjarstjórnar eigi síðar en viku eftir að skráin lá frammi, og úrskurðar hún kærurnar innan 3 daga þar frá.

59 14. júní

10. gr.

Hverju sinni, er kjósa skal bæjarfulltrúa, hreppsnefndarmenn eða aðra starfsmenn í hreppum eða kaupstöðum, skal kjörstjórn skipuð 3 mönnum, er stýra kosningu. Kýs bæjarstjórn alla 3 og 2 til vara með hlutfallskosningu. Kjörstjórn í kaupstöðum velur sér sjálf oddvita.

Í hreppum er hreppsnefndaroddviti formaður kjörstjórnar, og auk hans eiga sæti í kjörstjórninni 2 menn, er hreppsnefnd kýs í hana.

Í hreppum skal geta kosningar í hreppsfundarboði. Ef leynileg kosning hefir verið ákveðin, skal hreppsnefnd auglýsa það viku fyrir kjörfund. Í kaupstöðum auglýsir kjörstjórn kjörfund, stað og stund, með hæfilegum fyrirvara, í blöðum eða með þeim hætti, er almennar auglýsingar eru þar birtar á staðnum.

III. KAFLI.

Um kosningarathöfn.

11. gr.

Skrá skal á lista nöfn þeirra fulltrúaefna, sem stungið er upp á, og skulu þau að jafnaði vera tvöfalt fleiri en kjósa á bæjarfulltrúa. Lista skal afhenda oddvita kjörstjórnar eigi síðar en á hádegi 14 dögum á undan kosningu, og skal oddviti gefa vottorð um móttöku listans. Undir hverjum lista skulu vera skráð nöfn meðmælenda, ásamt stöðu þeirra og heimili. Skulu þeir eigi vera færri en 100 í Reykjavík og í öðrum kaupstöðum eigi færri en 20.

Gildur er listi, þótt á honum standi færri nöfn fulltrúaefna en að ofan segir, en ógildur ef fleiri eru. Fullt nafn hvers fulltrúaefnis, ásamt stöðu og heimili, skal á lista setja, svo að eigi verði um villst. Nú er ókjörgengur maður á lista eða eigi þykir öruggt, við hvern er átt, og skal þá strika það nafn af lista.

Úrskurð um útstrikun nafns af lista eða um ógilding lista skal skrá í kjörbók. Kjörstjórn er skylt að láta fulltrúaefni listans eða meðmælanda í té eftirrit af úrskurði áður en kosning byrjar.

Kjörstjórn merkir þá lista, er hún tekur gilda, hvern með sínum bókstaf (A. B. C. o. s. frv.).

12. gr.

Nú eru eigi fleiri menn en á að kjósa á lista eða listum, sem teknir eru gildir af kjörstjórn, af þeim, er koma fram í tæka tíð, og þarf þá engin kosning fram að fara, en kjörstjórn lýsir að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag þá menn kosna, sem listinn eða listarnir greina. Nú skortir á, að full tala sé á slíkum lista, eða listum, þeirra, sem kjósa á, og skal þá

kosning fram fara að nýju á þeim, sem á vantar. Af þeim, sem sjálfkjörnir voru, teljast þeir bæjarfulltrúar, svo langt, er tala þeirra hrekkur. 59 14. júní

Nú hafa listar verið úrskurðaðir og kosning á fram að fara, og skal þá kjörstjórn tafarlaust láta gera kjörseðla og festir jafnframt upp auglýsingu um það, hvaða listar séu í kjöri, með tilgreindum listabókstaf og nöfnum fulltrúaefna.

Á kjörseðli skal öðru megin prenta eða fjölrita þá lista, sem hafa verið teknir gildir, þannig að hver listi, með óbreyttri nafnaröð sinni, sé við annars hlið eftir stafrófsröð með glöggum langstrikum á milli, en þverstrik skulu vera milli nafna á lista hverjum. Fyrirsögn á kjörseðli skal vera: Kjörseðill við bæjarstjórnarkosning í N kaupstað, með dagsetningu og ártali. Eigi má annað á seðil letra en nú var mælt, nema nauðsyn sé á til aðgreiningar samnefndum mönnum.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír og brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig að eigi sjáist letrið á þeim. Skal svo frá broti gengið, að auðvelt sé að leggja þá aftur í sama brot, er þeir hafa verið notaðir.

13. gr.

Bæjarstjórn sér um að atkvæðakassi og kjörklefi sé til taks. Kjörklefi skal vera áfastur herbergi, þar sem kosning fer fram og þaðan aðeins skulu dyr vera í kjörklefa. Tjald skal festa fyrir glugga á kjörklefa, svo að eigi megi inn um hann sjá eða stinga kjörseðli út í glugga, svo að hann sjáist að utan. Lesbjart skal vera í kjörklefa, og vera skal þar borð og nægilega margir almennir, svartir blýantar.

Atkvæðakassi skal vera lokaður með rifu á loki, er stinga skal kjörseðli niður um.

14. gr.

Frá upphafi kosningarathafnar skulu listar með bókstöfum sínum og greinilegum nöfnum fulltrúaefna vera almenningi til sýnis á kjörstað, þar sem mikið ber á þeim. Þar skal og festa upp leiðbeiningar handa kjósendum með aðalákvæðum laga þessara.

15. gr.

Kosningarathöfn hefur á því, að oddviti skýrir frá, hverjir séu í kjörstjórn, hve marga eigi að kjósa í bæjarstjórn og hverja lista hann hafi fengið samkv. 11. gr. Hann sýnir atkvæðakassann, svo að það sjáist, að hann sé tómur, og lokar honum síðan. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kjörstofu með henni aðrir en fulltrúaefni, 2 umboðsmenn fyrir hvern lista, og kjósendur,er koma og fara.

Heimilt er bæjarstjórn að skifta kjósendum í deildir, enda skipar hún þá undirkjörstjórn í hverja deild, og hefir hver þeirra sinn atkvæðakassa og kjörklefa.

59 14. júní

Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð, er þeim sjálfum lízt, og eftir því, sem þeir komast að. Þá er kjörstjórn hefir kannast við mann og sannfært sig um, að hann hafi kosningarrétt, afhendir hún kjósanda kjörseðil. Fer kjósandi með hann inn í kjörklefa að borði því, er þar stendur, og gerir þar kross við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Ef hann vill breyta nafnaröð á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn, er hann vill láta vera hið þriðja, o. s. frv. Ef hann getur ekki fellt sig við eitthvert nafn á lista þeim, er hann kýs, má hann strika það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæða. Krossinn við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrikun nafns skal hann gera með blýanti, sem kjörstjórnin hefir til í kjörklefanum. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot sem hann var í, er hann tók við honum, gengur svo inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum þannig samanbrotnum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu, og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Að öðrum kosti er seðillinn ógildur, og má ekki láta hann í atkvæðakassann.

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sér eftirrit af kjörskrá og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarréttar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sérstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarréttar, nema hann sé sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis eða annarar líkamsbilunar, er kjörstjórn telur gilda ástæðu, sé ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórn, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bóka í kjörbók og greina ástæður.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist eftir að kjósandi tók við honum, þá getur hann afhent kjörstjórninni skemmda seðilinn og fengið í staðinn nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðir eru ekki þrotnar, enda sé ekki ástæða til að ætla, að hann hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

16. gr.

Kosningarathöfn má eigi standa yfir skemur en 3 tíma, nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarréttar. Þegar sá tími er liðinn og engir kjósendur gefa sig fram, greiðir kjörstjórn sjálf atkvæði, og lýsir því þar næst yfir, að kosningarathöfn sé nú lokið, og má eigi eftir það taka við neinum atkvæðum.

Óskylt er kjósanda að skýra frá því fyrir dómi, í hvaða máli sem er, hvaða lista hann hafi kosið, eða hvort hann hafi greitt atkvæði með eða móti einhverju fulltrúaefni.

Enginn úr kjörstjórn eða nokkur sá, sem samkv. 15. gr. er staddur í kjörstofunni, má gefa nokkrum kjósanda ráð meðan á atkvæðagreiðslu stendur, tilvísun eða áminning um það, hvaða lista hann skuli kjósa. Enginn má heldur skýra frá því, ef hann hefir orðið áskynja um það í kjörstofunni, hvort eða hvernig einhver hefir þar kosið. 59 14. júní

Brot gegn þessum ákvæðum varða fangelsi, eigi minna en viku einföldu fangelsi, eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 50 krónum.

17. gr.

Talning atkvæða fer fram í heyranda hljóði, þegar er kosningarathöfn er lokið. Oddviti kjörstjórnar opnar atkvæðakassann. Ef kjósendum er skift í kjördeildir, lætur kjörstjóri atkvæðaseðlana úr atkvæðakössum deildanna óskoðaða saman í hæfilega stórt, tómt ílát með loki yfir, og skulu seðlarnir hristir vel saman, áður en talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp einn og einn kjörseðil í einu og les upp listabókstaf þann, sem krossað er við á honum. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fyrirsvarsmönnum listanna og leggur síðan sammerkta kjörseðla í bunka sér, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað, hvað margir seðlar fara í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur ef sýnt þykir, að kjósandi hefir:

1. sett kross við fleiri en einn listabókstaf, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum,
2. bætt nafni eða nöfnum við á lista, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann strik, rispu eða önnur slík einkenni, er ætla má, að gert sé til þess að gera seðilinn þekkjanlegan.
3. notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Nú er eigi krossað við neinn listabókstaf á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum listanum á honum, og telst sá listi þá valinn ef ekki eru aðrir gallar á.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp teknir, skal telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samtölu þeirra, er atkvæði hafa greitt eftir skrá þeirri, sem haldin var samkvæmt 15. gr. yfir þá, sem neyttu kosningarrjettar. Ef samtölunum ber ekki saman, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla og atkvæðaskrána, og leiðrjetta skekkjur þær, sem á kunna að hafa orðið.

18. gr.

Til þess að finna, hve mörg fulltrúaefni hafi náð kosningu sem bæjarfulltrúar og varafulltrúar af hverjum lista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung o. s. frv., eftir því hve marga fulltrúa á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnazt og standi útkomutölur

59 14. júní

þessar í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar jafnmargar og kjósa á bæjarfulltrúa, og fær hver listi jafnmarga bæjarfulltrúa kosna sem hann á af tölum þessum. Ef eigi standa svo mörg nöfn á lista sem honum bera fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.

Til þess að finna, hver bæjarfulltrúi hafi náð kosningu á hverjum lista skal telja saman atkvæði hvers einstaks fulltrúaefnis á þann hátt, er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á lista, ef hann hefir eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og ef hann hefir aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann, er flestir seðlar eru í, og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sér lista með nöfnum þeirra fulltrúaefna, sem standa á þeim lista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fyrirsvarsmönnum listans og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær heillt atkvæði. Þeir, sem eru aftar í röðinni, fá hver um sig brot úr atkvæði, er sé jafnt tölu fulltrúa þeirra, er kjósa skal, að frádreginni tölu þeirra fulltrúaefna, sem framar standa eða lægri tölu fá á kjörseðlinum, deilt með fulltrúatölunni. Síðan skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Ef sami maður hefir fengið atkvæði á fleirum en einum lista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strikast út af hinum listunum. Þeir sem hæstar hafa atkvæðatölur, eru kosnir bæjarfulltrúar og svo margir af hverjum lista sem honum ber samkvæmt því, sem áður greinir. Lýsir kjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir.

19. gr.

Hver listi, sem hlotið hefir bæjarfulltrúa, hefir rétt til jafnmargra varafulltrúa, en sá listi, er ekki hefir hlotið bæjarfulltrúa, hefir ekki rétt til varafulltrúa, þó hann hefði atkvæðatölu til. Varafulltrúa á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt og bæjarfulltrúana, þannig, að kjörstjórn lýsir þá varafulltrúa, sem hæstar atkvæðatölur hafa næst á eftir þeim, sem bæjarfulltrúakjöri hafa náð.

Hafi tveir eða fleiri á einhverjum lista fengið jafnmörg atkvæði og og þeir geta ekki báðir eða allir komizt að sem bæjarfulltrúar eða varafulltrúar, þá skal hlutkesti ráða. Kjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra fulltrúaefna, sem jöfn hafa atkvæði, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í

hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að 59
draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, sem dreginn er, segir þá til, hvern 14. júní
skal taka.

20. gr.

Hreppsnefndarmenn skal kjósa í heyranda hljóði. Hver, sem neyta vill kosningarréttar verður sjálfur að sækja kjörfund og skýra munnlega frá því, hvern hann kýs eða hverja. Kjörstjórn ritar atkvæðin jafnóðum í kjörbók. Þá er allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði og þau eru öll bókuð, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en að minnsta kosti 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst. Formaður kjörstjórnar les þá upp öll greidd atkvæði, en meðkjörstjórar rita þau upp og telja saman. Þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rétt kjörnir hreppsnefndarmenn. Hlutkesti ræður, ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði.

21. gr.

Rétt er að hafa hreppsnefndarkosningar leynilegar, ef hreppsnefnd ákveður eða 1/6 kjósenda lýsir ósk sinni um það skriflega fyrir oddvita kjörstjórnar 2 vikum fyrir kjörfund.

Kjósandi hver kýs svo marga menn sem kjósa skal.

22. gr.

Nú hefir leynileg kosning verið ákveðin samkv. 21. gr., og skal kjörstjórn þá hafa til hæfilega marga kjörseðla, alla jafnstóra, með sama lit, gerða úr strikuðum pappír þannig:

Nr. á kjörskrá.

_____

_____

_____

_____

_____

_____

svo og lokaðan atkvæðakassa, með rifu á lokinu, og skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum.

Framan við nöfn manna á kjörskránni skulu standa tölurnar 1, 2, 3 o. s. frv., eftir því sem hver er í röðinni.

23. gr.

Við húsið, þar sem kosning fer fram, skal vera annað herbergi áfast, svo lagað, að eigi verði gengið í það nema úr kjörstofunni. Ef þess er eigi kostur, má tjalda fyrir eitt hornið á kjörstofunni, svo að eigi sjáist þangað.

Í kjörklefa skal vera borð, sem skrifa má við, og á því skrá yfir alla kjörgenga menn í hreppnum, og ritblý til afnota handa kjósendum.

59 14. júní

24. gr.

Þá er kosning hefst, vísar formaður kjörstjórnar einum kjósanda í senn inn í kjörklefann, eftir sömu röð og kjósendur standa á kjörskrá, og fær honum einn kjörseðil.

Kjósandi fer síðan inn í kjörklefann að borði því, er þar stendur, og athugar, hvaða tala stendur á kjörskránni fyrir framan nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa, er hann vill velja, og skrifar þær með ritblýi á kjörseðilinn, hverja tölu fyrir neðan aðra. Síðan brýtur kjósandinn seðilinn einu sinni saman, svo að letrið snúi inn, gengur inn að kjörborðinu og stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Að öðrum kosti er seðillinn ógildur, og má ekki láta hann í atkvæðakassann.

25. gr.

Kjörseðill er ógildur, ef einhver merki hafa verið sett á hann, sem ætla má að gert sé til þess að gera seðilinn þekkjanlegan frá hinum seðlunum, eða ef annar seðill er notaður.

Ef kjörseðill ónýtist hjá kjósanda, skal kjörstjórnin láta hann fá annan seðil.

Nú færir kjósandi ástæðu fyrir því, er kjörstjórn tekur gilda, að hann geti ekki vegna sjónleysis eða annarar líkamsbilunar kosið á fyrirskipaðan hátt, og skal þá maður úr kjörstjórn, sá er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

26. gr.

Meðkjörstjórar skulu hafa fyrir sér hvor sitt eftirrit af kjörskránni og gera merki við nafn hvers kjósanda um leið og hann hefir neytt kosningarréttar síns.

Þá er allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, skal atkvæðagreiðslu lokið, þó ekki fyr en 2 klukkustundir eru liðnar frá því er hún hófst.

27. gr.

Formaður kjörstjórnar skal þá opna atkvæðakassann, er hann hefir hrist hann rækilega. Tekur hann því næst upp einn og einn kjörseðil í einu, les upp töluna eða tölurnar, sem á honum standa, og réttir hann svo meðkjörstjórum til athugunar, en þeir merkja jafnótt á blað atkvæðatöluna við nafn hvers, sem kosinn er.

Sá eða þeir, sem flest atkvæði hafa fengið, eru rétt kjörnir.

Ef fleiri hafa jafnmörg atkvæði, ræður hlutkesti.

28. gr.

Hreppsnefnd tilkynnir sýslumanni jafnan kosningarúrslit.

Fyrirmæli 2.—4. málsgr. 16. gr. gilda og um leynilegar kosningar utan kaupstaða. 59 14. júní

29. gr.

Oddviti sýslunefndar ákveður hlutbundnar kosningar í hreppsnefnd, ef skrifleg krafa um það kemur frá að minnsta kosti svo mörgum kjósendum, sem samkvæmt kjörskrá mundi þurfa til þess að koma með hlutfallskosningum einum manni í hreppsnefnd þar í hreppi. Kosningar fara þá með þeim hætti, sem segir í 11.—18. gr. laga þessara.

30. gr.

Kosningar þær, er að framan segir, má kæra skriflega fyrir bæjarstjórn í kaupstöðum og hreppsnefnd utan kaupstaða, og skal kæran komin þeim í hendur innan 14 daga frá því er lýst var úrslitum kosningar. Skal leita umsagnar kjörstjórnar um kærur, og skal hún láta uppi álit sitt innan viku í kaupstöðum og 14 daga í hreppum frá því að hún fékk kæruna, og hreppsnefnd kveða upp úrskurð sinn innan 14 daga og bæjarstjórn innan viku þar frá. Úrskurði hreppsnefndar má skjóta til oddvita sýslunefndar, og skal áfrýjunin komin honum í hendur innan 14 daga frá dagsetningu úrskurðarins. Úrskurði bæjarstjórnar má skjóta til atvinnumálaráðherra, og skal tilkynning um áfrýjunina komin innan viku til atvinnumálaráðuneytisins og skjöl þau, er áfrýjuninni kunna að fylgja, sett á póst innan sama tíma.

31. gr.

Í kaupstöðum þeim, þar sem er kosinn eða verður kosinn sérstakur bæjarstjóri (borgarstjóri), skal hann kosinn af bæjarstjórn eftir hverjar almennar bæjarstjórnarkosningar, í fyrsta sinni að afstöðnum bæjarstjórnarkosningum 1930, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil bæjarfulltrúa. Ekki hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) þannig kosinn atkvæðisrétt í bæjarstjórn eða nefndum nema hann sé einnig bæjarfulltrúi. Þó hefir bæjarstjóri (borgarstjóri) óbundið málfrelsi og tillögurétt í bæjarstjórn og nefndum hennar. Ekki má kjósa bæjarstjóra (borgarstjóra) í fastar nefndir bæjarstjórnar, nema hann sé jafnframt bæjarfulltrúi. Þó á hann sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og má kjósa hann formann nefnda, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrétt.

Endurkjósa má bæjarstjóra (borgarstjóra), og setur bæjarstjórn með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, ákvæði um starfsvið hans, laun og skrifstofufé, er greiðist úr bæjarsjóði.

Bæjarstjórn kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Kosning nefnda og end-

59 urskoðenda gildir um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og
14. júní setur þeim erindisbréf.

Heimilt er bæjarstjórn Reykjavíkur að ákveða með samþykkt, staðfestri af atvinnumálaráðherra, að fleiri en einn borgarstjóri skuli vera í Reykjavík, og setja jafnframt reglur um skiftingu starfa þeirra á meðal. Ennfremur getur bæjarstjórn kaupstaðar með samþykkt ákveðið að setja sérstakt bæjarráð, er hafi með höndum framkvæmd vissra málefna bæjarins ásamt bæjarstjóra (borgarstjóra). Heimilt er að láta bæjarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

32. gr.

Kosningar í nefndir, er bæjarstjórn kýs, skulu jafnan vera leynilegar og hlutbundnar, ef fleiri skal kjósa en einn mann. Skal beita hlutfallskosningu sem hjer segir: Þeir bæjarfulltrúar, er komið hafa sér saman um að kjósa allir sömu menn í sömu röð, afhenda formanni bæjarstjórnar, þegar til kosninga kemur, lista yfir þá í þeirri röð. Þegar hann hefir tekið við listunum, merkir hann hvern þeirra bókstaf, A., B., C. o. s. frv., eftir því, sem hann sjálfur ákveður eða ákveðið hefir verið með samkomulagi eitt skifti fyrir öll þann kjörtíma. Síðan les formaður upp stafnafn hvers lista og nöfn þau, er á honum standa. Þá kjósa bæjarfulltrúarnir þannig, að hver ritar á kjörmiða aðeins stafnafn (A., B., C. o. s. frv) þess lista, er hann vill kjósa eftir. Kjörmiðarnir eru afhentir formanni,og nefnir hann upphátt bókstaf hvers miða, en skrifarar rita jafnóðum og telja saman, hve mörg atkvæði hafi fallið á hvern lista, hve mörg á A., hve mörg á B. o. s. frv. Tölu þeirri, sem hver listi þannig fær, er svo skift, fyrst með 1, síðan með 2, síðan með 3, o. s. frv., eftir því sem með þarf. Hlutatölur hvers lista eru ritaðar í röð, hver niður undan annari, og yfir dálkinum er ritaður bókstafur þess lista.

Kosningin fer eftir hlutatölunum, þannig að sá listi fær fyrsta mann, er hæsta á hlutatöluna, sá listi næsta mann, er á næst hæsta hlutatölu o. s. frv., þar til fullskipað er. Ef jafnháar hlutatölur koma á tvo eða fleiri lista, skal varpa hlutkesti um, hver listinn skuli koma að manni.

Af hverjum lista skulu menn hljóta kosningu í þeirri röð, sem þeir standa á listanum. Sé ekki stungið upp á fleiri nefndarmönnum en kjósa á, lýsir formaður þá rétt kjörna án atkvæðagreiðslu.

33. gr.

Í hreppi hverjum skal kjósa einn sýslunefndarmann til 6 ára og einn varamann til sama tíma. Sýslumaður er oddviti kjörstjórnar, og skipa hana með honum 2 hreppsbúar, er sýslunefnd kýs.

Nú fara sýslunefndarmaður og varasýslunefndarmaður báðir úr nefndinni áður en kjörtímabil þeirra er liðið, og skal þá þegar kjósa í

þeirra stað fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Til kjörfundar skal boða skriflega, með að minnsta kosti 8 daga fyrirvara.

Kosningu til sýslunefnda skal haga eins og segir í 20. gr., enda má leynilega kosningu hafa samkvæmt 21.—27. gr.

Kæra má kosningu skriflega innan 14 daga, og sker sýslunefnd úr.

34. gr.

Helmingur sýslunefndarmanna og varasýslunefndarmanna gengur úr sýslunefnd 3. hvert ár, ef tala hreppa í sýslu er jöfn, en ella meiri hluti og minni hluti á víxl 3. hvert ár.

35. gr.

Nú er hreppi skift, og gengur þá sýslunefndarmaður hans og varasýslunefndarmaður þegar úr sýslunefnd. Á næsta manntalsþingi á eftir skal kjósa sýslunefndarmann og varasýslunefndarmann í hinum nýju hreppum, og fara þeir úr nefndinni, næst er skifti verða, eftir hlutkesti, annar ef jöfn er tala hinna nýju hreppa, en ella meiri hlutinn. Sá eða þeir, er þá verða eftir, fara næst, er skifti verða.

36. gr.

Sýslunefnd er skylt að láta fara fram hlutfallskosningu við kosningar til aukanefnda og annara starfa, er hún kýs menn til, ef þess er krafizt, og fer þá um kosninguna eftir fyrirmælum 32. gr.

37. gr.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, mega neyta atkvæðisrjettar síns á skrifstofu bæjarfógeta í kaupstöðum og hjá hreppstjóra í sveitum, svo og á skipum, er úr hreppi eða kaupstað ganga, eftir sömu reglum sem gilda um kosningar til Alþingis, þegar eins stendur á.

IV. KAFLI.

Niðurlagsákvæði.

38. gr.

Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, eru úr lögum numin:

Tilsk. 20. apr. 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 9. og 10. gr. og 11. gr. 2. málsgr., að því leyti sem þar segir um nefndarkosningar.

Lög nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, 5.—10 gr., ásamt lögum nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á þeim lögum, 2.—5. gr.

Lög nr. 43, 10. nóv. 1905 (sveitarstjórnarlög), 6.—23., 55.—59. 1. málsgr. og 61.—64. gr.

59 14. júní

Lög nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, 4.—11. gr., að því leyti sem þær eru enn í gildi.

Lög nr. 49, 30. júlí 1909, um breyting á lögum, er snerta kosningarrétt og kjörgengi í málefnum kaupstaða og hreppsfélaga.

Lög nr. 19, 20. okt. 1913 um kosningar til bæjarstjórnar í kaupstöðum.

Lög nr. 49, 30. nóv. 1914, um breyting á tilsk. 20. apríl 1872, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, 1.—4. gr., að því leyti sem þær eru enn í gildi og varða kosningar.

Lög nr. 49, 3. nóv. 1915, um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905.

Lög nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar, 4.—11. gr.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn í Vestmannaeyjum, 6—13. gr.

Lög nr. 58, 28. nóv. 1919, um breytingar á lögum nr. 30, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði, 4.—11. gr.

Lög nr. 61, s. d. um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 4.—9. gr.

Lög nr. 19, 19. júní 1922,um breyting á tilsk. um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík 20. apr. 1872.

Lög nr. 30, 4. júní 1924, um kosningar í bæjarmálum Reykjavíkur.

Lög nr. 33, 27. júní 1925, um viðauka við lög nr. 22, frá 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri.

Ennfremur falla úr gildi þessi ákvæði:

Lög nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri. 3. málsgr. 1. gr.

Lög nr. 26, 22. nóv. 1918, um bæjarstjórn í Vestmannaeyjum, 3. gr. 2. málsgr. og 1. málsgr. sömu greinar, að svo miklu leyti sem hún kemur í bág við lög þessi.

Lög nr. 61, 28. nóv. 1919, um bæjarstjórn á Seyðisfirði, 2. gr. síðari málsliður 1. málsgr. og 2. málsgr.

Lög nr. 48, 7. maí 1928, um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði, 7. gr.

Svo og öll önnur fyrirmæli í lögum, sem fara í bág við ákvæði laga þessara.

29. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

LÖG

60
14. júní

um

varnir gegn berklaveiki.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt 3. gr. laga, dags, í dag, um breyting á lögum nr. 42, 31. maí 1927, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, höfum látið fella breytingarnar og texta laganna frá 1927, 1. og 2. gr., inn í meginmál aðallaganna frá 1921, og gefum þau út svo breytt sem lög um varnir gegn berklaveiki.

1. gr.

Ákvæði þessara laga taka til allra tegunda berklaveikinnar, nema annað sé tekið fram.

2. gr.

Héraðslæknar skulu halda bók yfir alla berklaveika, er læknir rannsakar í héruðum þeirra, hvort sem þeir sjálfir rannsaka þá eða aðrir löggiltir læknar.

Hinir síðartöldu eru skyldir að senda héraðslækni sínum tafarlaust skýrslu um hvern berklaveikan sjúkling, er þeir sjálfir rannsaka í fyrsta sinni. Ef um utanhéraðssjúkling er að ræða, þá sendir hann aftur héraðslækni sjúklingsins skýrsluna. Skýrslu þessa skal senda á sérstöku eyðublaði, er þeir fá frá heilbrigðisstjórninni. Fyrir hverja tilkynningu fá þeir 3 krónur úr ríkissjóði, sem viðkomandi héraðslæknir greiðir þeim eftir hver áramót.

Um hver áramót skulu héraðslæknar senda landlækni útdrátt úr framangreindri bók. Landlæknir ákveður fyrirkomulag á henni, skýrslum héraðslækna og annara löggiltra lækna.

3. gr.

Læknar eru skyldir að gefa berklaveikum sjúklingum, er þeir rannsaka, leiðbeiningar um og brýna fyrir þeim hverrar varúðar þurfi að gæta til þess að veikin berist ekki á aðra.

Héraðslæknar skulu hafa eftirlit með og gera frekari ráðstafanir til þess að nauðsynlegum fyrirskipunum sé framfylgt, ef þeim þurfa þykir.

60 14. júní

4. gr.

Nú deyr berklaveikur maður, og skal þá húsráðandi tilkynna það tafarlaust, í kaupstöðum héraðslækni, en í sveitum héraðslækni eða sótthreinsunarmanni. Sótthreinsunarmaður tilkynnir þá héraðslækni. Skal héraðslæknir annast um, að tafarlaust sé sótthreinsað á heimilinu herbergi þau, fatnaður og annað, er hann telur hættu geta stafað af. Þessa lausu muni má því ekki láta af hendi, hvorki til eignar né afnota, senda í þvott eða aðgerð, nema sótthreinsaðir hafi verið.

Nú skiftir berklaveikur maður um dvalarstað, og skal þá tilkynna það á sama hátt og fyr var sagt um andlátið. Má ekki fá öðrum til íbúðar herbergi þau, er hann flutti úr, fyr en þau hafa verið sótthreinsuð, nema héraðslæknir telji sótthreinsun óþarfa.

5. gr.

Enginn, sem hefir smitandi berkla, má fást við barnakennslu. Hver sá, er sækir um barnakennarastöðu, skal sýna læknisvottorð um að svo sé ekki. Vottorð þetta má ekki vera eldra en mánaðargamalt, og skal endurnýja það árlega.

Sama gildir um kennara þá, er kenna eiga í öðrum skólum, ef þá skóla sækja nemendur yngri en 14 ára. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði að því er til þessara skóla kemur, enda sé það í samráði við og eftir tillögum skólalæknis og skólastjórnarinnar.

Enginn má taka börn til kennslu nema hann hafi til þess fengið skriflegt leyfi frá yfirvaldi, og skal það leyfi ekki veitt nema hann sýni læknisvottorð um, að hann sé ekki með smitandi berkla, og má vottorð það ekki vera eldra en mánaðargamalt. Nú er maður ráðinn á heimili til að kenna börnum, og skal húsráðandi þá heimta þetta vottorð af honum, ella verður hann brotlegur gegn lögum þessum.

Nú sýkist barnakennari af smitandi berklum, og skal hann þá tafarlaust láta af starfi sínu.

Nú sýkist maður, er barnakennslu hefir á hendi, og leikur grunur á, að um berklaveiki sé að ræða, skal þá skólanefnd, fræðslunefnd eða húsráðendur þeir, er hlut eiga að máli, tafarlaust skýra héraðslækni eða lækni þeim, er eftirlit hefir með skólanum, frá grun sínum. En hann ákveður, eftir rannsókn, hvort ástæða sé til að láta manninn hætta kennslu.

Hver sá læknir, sem kemst að því, að barnakennari sé sjúkur af smitandi berklum, skal skyldur að tilkynna það eftirlitslækni skólans.

Þeir barnakennarar, sem eru opinberir starfsmenn, en verða að láta af kennslu sakir sjúkleiks þessa, skulu í 2 ár fá sem biðlaun $\frac{2}{3}$ hluta launa þeirra er þeir nutu, þegar þeir létu af kennslu. Biðlaun þessi greiðast af sömu aðiljum og í sömu hlutföllum sem hin fyrri launin.

Engan má ráða starfsmann við heimavistarskóla, nema hann uppfylli sömu skilyrði, sem að framan eru sett um kennara. 60 14. júní

6. gr.

Ef kennari við aðra skóla en barnaskóla er sjúkur eða sýkist af smitandi berklum, þá getur heilbrigðisstjórnin í samráði við stjórn skólans fyrirskipað, að hann hætti starfi sínu, enda leiti hún fyrst álits skólalæknis eða héraðslæknis, ef enginn annar er læknir skólans. Nú verður kennari að láta af kennslu fyrir þessar sakir, og fer þá um biðlaun hans eins og sagt er í 5. gr.

7. gr.

Engan nemanda má taka í skóla, nema vottorð skólalæknis eða annars læknis sýni, að hann hafi ekki smitandi berklaveiki. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef alveg sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Engan má heldur taka til kennslu inn á heimili, þar sem börn eru fyrir, nema læknisvottorð sýni, að hann hafi ekki smitandi berkla.

Á heimili þar sem sjúklingar eru með smitandi berkla, má ekki taka barn til kennslu.

8. gr.

Ný sýkist barn af smitandi berklum meðan á námstíma stendur, og skal þá tafarlaust taka það úr skólanum. Ef kennari fær grun um slíkt, er hann skyldur til þess að gera eftirlitslækni skólans aðvart og getur til bráðabirgða vísað barninu burtu, ef læknisúrskurður fæst ekki nógu fljótt.

Hver sá læknir, sem kemst að því, að nemandi, sem gengur í skóla, er sjúkur af smitandi berklum, skal skyldur að tilkynna það tafarlaust eftirlitslækni skólans. Getur þá eftirlitslæknir vísað sjúklingnum burt af kennslustaðnum, ef honum þykir ástæða til.

9. gr.

Engin kona má fást við ljósmóðurstörf, ef hún hefir smitandi berkla. Skal hún sýna læknisvottorð um að svo sé ekki, og ber að endurnýja vottorðið árlega. Héraðslæknum ber að ganga ríkt eftir, að þessu ákvæði sé framfylgt.

Nú sýkist starfandi ljósmóðir af smitandi berklum, og skal hún þá tafarlaust hætta að gegna því starfi. Ef hún er launuð af opinberu fé, þá skal greiða henni biðlaun fyrir sama tíma og á sama hátt og um getur í 5. gr.

10. gr.

Enginn má taka barn til fósturs né dvalar, ef sjúklingur með smitandi berkla er á heimilinu. Gildir þetta ákvæði jafnt um þau börn, sem sveitarstjórnir ráðstafa og einstakir menn,

60 Barn, sem hefir smitandi berkla, má ekki taka á heimili, þar
14. júní sem börn eru fyrir, hvorki til fósturs né dvalar, nema börnin, sem fyrir eru, séu sjúk af smitandi berklum.

Sveitarstjórnir mega ekki koma fyrir börnum á öðrum heimilum en þeim, sem héraðslæknar telja ósýkt af smitandi berklum. Sömu skyldur hafa og forráðamenn munaðarlausra eða ómyndugra barna.

Nú kemur smitandi berklaveiki upp á heimili, þar sem barn hefir verið tekið til fósturs eða dvalar, og skal þá tafarlaust gera annað tveggja, flytja barnið eða sjúklinginn burt af heimilinu.

Ef barnið sjálft sýkist af smitandi berklum á heimili, þar sem börn eru, skal það tafarlaust tekið af heimilinu.

Börn nefnast í lögum þessum allir, sem ekki eru fullra 14 ára nema annað sé tekið fram.

11. gr.

Ekki má ráða starfsfólk við barnaspítala eða barnahæli, nema læknisvottorð sýni, að það hafi ekki smitandi berkla. Vottorð þetta má ekki vera eldra en mánaðar gamalt og skal endurnýja það árlega.

Konur, sem hafa smitandi berkla, mega ekki vistast á heimili, þar sem börn eru, né fást þar við sjúkrahjúkrun.

12. gr.

Ekki má selja mjólk frá heimilum, ef sjúklingur með smitandi berkla fæst þar við búhirðingu eða mjaltir eða fer með mjólkurílát.

Enginn sjúklingur með smitandi berkla má vinna að útsölu mjólkur eða brauðs né starfa á rjóma- eða smjörbúum.

Banna má að sjúklingur með smitandi berkla starfi að brauðgerð, matreiðslu, matsölu á opinberum stöðum eða annarsstaðar, eftir því sem til hagar og héraðslækni þykir ástæða til.

13. gr.

Nú sýkist maður af smitandi berklum á heimili þar sem börn eru, og skal þá tafarlaust koma sjúklingnum í burtu, nema héraðslæknir eða læknir heimilisins ásamt héraðslækni telji ástæður þannig, að börnunum geti engin smitunarhætta stafað af sjúklingnum.

Ef ekki er unnt að koma sjúklingnum burt, þá skal taka börnin af heimilinu.

Skyldir eru sýslumenn, bæjarfógetar, hreppstjórar, svo og sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir, ef til eru, að aðstoða héraðslækna og sjá um framkvæmdir á fyrirskipunum þeirra, ef þeir æskja þess.

Nú vilja þeir, sem hlut eiga að máli, ekki hlýða fyrirskipunum héraðslæknis, og kveður hann sér þá til aðstoðar eitthvert ofangreindra stjórnarvalda, er annast um að sjúklingurinn, ef hann er innan 16 ára,

sé tafarlaust tekinn af heimilinu, ella börnin, jafnvel þótt það mæti mótspyrnu af hálfu heimilismanna. En ekki skal héraðslæknir fyrirskipa þess konar ráðstafanir, nema að hann telji mikla hættu á, að börnin verði fyrir smitun, enda hafi til þess samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar, og leggur hann ætíð þær ráðstafanir undir úrskurð heilbrigðisstjórnar ríkisins, hvort standa skuli til frambúðar. 60 14. júní

Allur ferða- og flutningskostnaður, sem leiða kann af framkvæmdum valdboðs þessa, greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist eða styrk til vistar á heilsuhælum, sjúkrahúsum eða sumarhælum barna, ef hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnum búinn, að ætla má, að hann mundi líða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða öreigi ætti hann að standa straum af kostnaði þeim, er af slíkri vist leiðir. Til þessa kostnaðar telst einnig lyf og læknishjálp.

Nú getur sjúklingur ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. eða 13. greinar, og getur hann þá fengið ókeypis vist eða styrk til vistar, sé efnahag hans varið sem að ofan greinir. Sömu reglum skal fylgt um meðgjöf barna, ef þau eru tekin heilbrigð að heiman samkvæmt fyrirmælum 13. greinar.

Stjórnarráðið getur ákveðið, að berklasjúklingar í hressingarhælum fái ókeypis vist eða styrk til vistar þar. Það getur og eftir ástæðum ákveðið, að ljóslækningasjúklingar og aðrir berklasjúklingar, er dvelja utan sjúkrahúss, njóti sömu hlunninda að því er lækningakostnaðinn snertir.

Allur sá kostnaður, er hér er greindur, greiðist úr ríkissjóði, en sérhvert sýslufélag og bæjarfélag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, er nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu. Fari gjald þetta fram úr ⅔ kostnaðar við berklavarnir, vegna sjúklinga þeirra, er dvöl áttu í héraðinu, skal endurgreiða úr ríkissjóði það, sem umfram verður. Ennfremur greiði sjúkrasamlag fyrir meðlimi sína áskilið gjald, sbr. 15. gr. Eindagi gjaldsins er 15.ágúst ár hvert.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það skal og semja fyrirfram fyrir hálft eða heilt ár í senn við ljóslækningastofur og sjúkrahús um kostnað allan við dvöl og lækningu styrkhæfra sjúklinga. Stjórnarráðinu er og rétt að setja reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

Þeir sjúklingar, sem eru að einhverju leyti vinnufærir, skulu skyldir til að taka þátt í þeim störfum á heilsuhælum, hressingarhælum og

60 sjúkrahúsum, sem þeir að dómi læknis eru færir um að inna af hendi.
14. júní Yfirlæknir ákveður borgun fyrir slík störf, með hliðsjón af kaupgjaldi í því héraði, enda gangi sú greiðsla að einhverju eða öllu leyti upp í dvalarkostnað sjúklingsins. Verði ágreiningur um kaup eða annað, þá sker stjórnarráðið úr.

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattanefnd dvalarsveitar sjúklings sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal héraðslæknir meta og gefa vottorð um það, hvort sjúklingur þarfnist sjúkrahúss- eða hælisvistar og sé styrkhæfur vegna sjúkdóms síns. Gefi aðrir læknar slík vottorð, skulu þau þó tekin gild, en ekki skal af opinberu fé greiða hærra gjald fyrir þau eða meðferð þessara lækna á sjúklingnum en eftir gjaldskrá héraðslækna. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hér á landi, og skal þá efnahags skýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn og skattnefnd þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrkþegi.

Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir þessum föngum, hvort sjúklingurinn sé styrkhæfur og að hve miklu leyti.

Stjórnaráðið getur með reglugerð sett nánari ákvæði um læknisvottorð, um efnahagsskýrslur berklasjúklinga, svo og um skýrslur, vottorð og reikninga frá sjúkrahúsum, heilsuhælum og öðrum lækningastöðum, og um annað það, er þurfa þykir til úrskurðunar í upphafi um styrkhæfi berklasjúklinga eða til úrskurðunar um framhaldsstyrk handa þeim.

15. gr.

Nú er sjúklingur félagi í sjúkrasamlagi, er nýtur styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og skal þá samlagið greiða upp í meðlagskostnaðinn $\frac{2}{5}$ hluta hans, þó ekki yfir 2 kr. á dag meðan meðlagstíminn varir, og ekki lengur en sjúklingur hefir rétt til styrks samkvæmt lögum félagsins, enda láti samlagið sjúklinga njóta sömu réttinda og aðra sjúklinga.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þess, ef um kostnað af ráðstöfun samkvæmt 10. eða 13. gr. er að ræða.

16. gr.

Engan þann styrk, sem berklaveikur sjúklingur nýtur af opinberu fé, ef hann hefir orðið styrkþurfi vegna sjúkdómsins, má telja fátækrastyrk, enda sé hann ekki afturkræfur, nema sjúklingurinn sjálfur eða aðstandendur hans séu þess megnugir að greiða hann að einhverju eða öllu leyti.

Undanteknir þessum hlunnindum skulu þeir sjúklingar, sem þrjózkast við að verða við áskorun héraðslæknis um dvöl í hæli eða

sjúkrahúsi. Einnig þeir, sem sýna megnt kæruleysi um smitun annara manna, þrátt fyrir aðvaranir læknis. 60 14. júní

17. gr.

Stjórnarráðið setur, í samráði við landlækni, reglur um hrákaílát og ræstingu í vinnustofum, verksmiðjum, skrifstofum, búðum, gistihúsum, samkomuhúsum, svo sem kirkjum, skólum, leikhúsum, kvikmyndahúsum, danssölum og því um líku, opinberum byggingum og farþegaskipum. Ennfremur reglur um flutning berklaveikra á farþegaskipum.

Heilbrigðisnefndir skulu, undir yfirumsjón héraðslæknis ,hafa gát á því, að þessum reglum sé fylgt. Á þeim stöðum, þar sem heilbrigðisnefndir eru ekki til, skulu hreppsnefndir gera það.

Eftirlit með farþegaskipum hefir þó landlæknir sjálfur, eða annar, er heilbrigðisstjórnin setur til þess.

18. gr.

Nú þarf héraðslæknir að taka sér ferð á hendur vegna fyrirmæla laga þessara, og greiðir þá sýslusjóður ferðakostnaðinn, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn.

Kostnaður við sótthreinsanir, svo og við að útvega bækur þær og eyðublöð, er getur um í 2. gr., greiðist úr ríkissjóði.

19. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10 til 500 krónum, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31, 23. okt. 1903, um varnir gegn berklaveiki, lög nr. 44, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki og önnur ákvæði er fara í bága við lög þessi.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1929.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

61
14. júní

LÖG

um

einkasölu á útfluttri síld.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 9. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 8, 15. apríl 1928, um einkasölu á síld, höfum látið færa meginmál þeirra inn í aðallögin frá 1928, og gefum þau hérmeð út sem lög um einkasölu á síld.

1. gr.

Síldareinkasala Íslands hefir einkasölu á allri síld, sem er söltuð, krydduð eða verkuð á annan hátt til útflutnings á Íslandi, svo og á allri síld, sem veidd er til útflutnings af íslenzkum skipum hér við land, hvort heldur innan eða utan landhelgi eða verkuð í íslenzkri landhelgi. Heimilt er þó íslenzkum verksmiðjum að selja til útlanda síld, lagða í olíu eða krydd í loftþéttum dósum, sem rúma ekki yfir 5 kg. hver.

Heimilt er framkvæmdarstjórn síldareinkasölunnar að krefjast þess, að þeir, sem veiðileyfi hafa fengið, afhendi einkasölunni ferska síld til söltunar, þar sem því verður við komið, ef framkvæmdarstjórn telur það nauðsynlegt vegna starfrækslunnar, enda sé síldin útflutningshæf, að dómi umboðsmanna einkasölunnar. Framkvæmdarstjórnin sér þá um eða ráðstafar verkun síldarinnar á þann hátt, er henni þykir hentast eftir markaðshorfum á hverjum tíma.

2. gr.

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Fimm menn eiga sæti í þeirri nefnd, og skulu þeir allir vera búsettir við Eyjafjörð eða Siglufjörð, eða hafa aðsetur þar að minnsta kosti frá miðjum júní til septemberloka. Þrír af nefndarmönnum skulu kosnir með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til þriggja ára, í fyrsta sinn á Alþingi 1928, en tveir tilnefndir til þriggja ára í senn, annar af verkalýðssambandi Norðurlands, en hinn af þeim mönnum, er gerðu út skip á síldveiðar næsta ár á undan kosningu, og kemur eitt atkvæði fyrir hvert skip, þar með taldir mótorbátar. Fer kosningin fram eftir reglum, er atvinnumálaráðuneytið setur. Jafnmargir varamenn séu kosnir. Útflutningsnefnd kýs í byrjun hvers árs formann fyrir það ár. Fái enginn nefndarmanna meiri hluta atkvæða (3 af 5), skipar atvinnumálaráðherra formanninn.

3. gr. 61

Útflutningsnefnd ræður þrjá framkvæmdarstjóra, er séu jafnir 14. júní
að völdum. Skulu þeir hafa skrifstofu á Siglufirði. Framkvæmdarstjórarnir hafa á hendi í umboði útflutningsnefndar alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar og ferðir í hennar þarfir. Sé framkvæmdarstjóri ráðinn innan nefndarinnar, tekur varamaður við sæti hans í nefndinni. Kosning framkvæmdarstjóra er því aðeins gild, að hann fái minnst 3 atkvæði. Fái einhver ekki þann atkvæðafjölda, skipar atvinnumálaráðherra í auð sæti. Framkvæmdarstjórar mega ekki reka síldarútveg eða síldarsöltun.

4. gr.

Þessi eru störf framkvæmdarstjóranna:

1. Að ákveða í samráði við útflutningsnefnd, hvenær söltun og kryddun síldar eða verkun á annan hátt til útflutnings byrjar ár hvert, og einnig hvenær hætta skuli söltun og kryddun árlega eða verkun á annan hátt til útflutnings.
2. Að útvega tunnur, salt og annað efni, sem áætlað er að með þurfi til síldarverkunar hvert ár, og sjá um verkun og geymslu síldarinnar, annaðhvort millliliðalaust eða eftir samningum við ákveðna saltendur, eftir nánari ákvörðun framkvæmdarstjóra í samráði við útflutningsnefnd. Sér til aðstoðar getur framkvæmdarstjórn haft umboðsmenn, sem hafa eftirlit með flokkun síldar og allri vinnu í hverri verstöð, þar sem síld er verkuð til útflutnings.
3. Að selja fyrir einkasöluna alla síld, saltaða, kryddaða eða verkaða á annan hátt, og skila síldareigendum andvirði hennar svo fljótt sem unnt er, eftir að það greiðist, að frádregnum kostnaði við starfrækslu einkasölunnar og því, er leggst í sjóði. Bráðabirgðagreiðslur miðast við áætlað verð og skiftast þær hlutfallslega milli allra, sem skilað hafa síld til einkasölunnar, þótt meira eða minna af henni sé óselt. Í reikningslok skal greiða síldareigendum fullnaðarverð. Skal það miðað við meðalverð allrar síldar það ár og sama verð greiðast fyrir alla síld af sömu tegund og gæðum, afhenta einkasölunni á sama stað. — Þó skal heimilt að semja fyrirfram við síldarveiðendur um afhending ákveðins síldarmagns, til þess að tryggja forsamninga einkasölunnar, og má greiða fyrir þá síld allt að 1 kr. yfir meðalverð á tunnu, enda ábyrgjast þá síldarframleiðendur gagnvart einkasölunni, að slíkir samningar verði uppfylltir.
4. Að gera tilraunir með nýjar aðferðir við verkun síldar og opnun nýrra markaða, sbr. 8. gr., og hafa aðrar framkvæmdir með höndum, er fram kunna að verða teknar í reglugerð hér að lútandi og erindisbréfum þeim, er framkvæmdarstjórunum verða sett.

61 14. júní

5. gr.

Framkvæmdarstjórninni í samráði við útflutningsnefnd er heimilt að taka fé að láni til þess að kaupa tunnur, salt og annað efni til síldarverkunar, svo og til þess að greiða framleiðendum upp í síld þá, er þeir hafa afhent einkasölunni, eftir réttum hlutföllum við síldarmagn þeirra. Slíkt lán má taka út á síldina, hvort heldur fyrirfram eða jafnótt og hún er fullverkuð.

Lánstofnanir, sem veita einkasölunni slík lán, hafa sameiginlegt lögveð í allri síld, sem einkasalan hefir til sölumeðferðar á hverjum tíma, svo og í birgðum hennar af tunnum, salti og öðru efni.

Ríkisstjórninni er og heimilt að ábyrgjast lán til einkasölunnar. Skulu þau lán endurgreidd að fullu, áður en nokkrum síldarframleiðanda verður greitt meira en 18 kr. á tunnu af saltsíld, að meðtöldu andvirði umbúða og verkunarkostnaði, eða tilsvarandi upphæð fyrir öðruvísi verkaða síld. Ábyrgð ríkissjóðs gildir til ársloka 1930 og skal aldrei nema hærri upphæð en svo, að hún og varasjóður einkasölunnar á hverjum tíma nemi samtals 500 þús. krónum.

Nú er andvirði síldar að nokkru eða öllu leyti greitt þeim, er afhenti hana til einkasölunnar, og er einkasalan þá ábyrgðarlaus, þótt síðar sannist, að síldin var annars eign eða veðsett öðrum án vitundar einkasölunnar. Greiðast þá eftirstöðvar síldarandvirðis réttum eiganda eða veðhafa, en síldin sjálf er aldrei afturkræf.

6. gr.

Nú er nauðsynlegt, vegna einkasölunnar eða verkunar á síld til útflutnings, að tryggja einkasölunni afnot af bryggjum eða landi, er einstakir menn eiga eða ráða yfir, og getur ríkisstjórnin látið taka það til afnota, eftir tillögum einkasölunnar, fyrir leigu, er dómkvaddir menn meta.

7. gr.

Þeir, sem ætla sér að veiða síld til útflutnings, skulu innan 15. maí, ár hvert tilkynna stjórn einkasölunnar, hve mikið þeir ætli sér að veiða á því ári. Hverri tilkynningu fylgi skilríki fyrir því, að framleiðandi hafi tök á að veiða þá síld, sem hann óskar veiðileyfis fyrir, enda tilgreini hann nöfn og tölu þeirra skipa, er hann hyggst að nota til veiðanna, og aðra aðstöðu sína, eftir því sem framkvæmdarstjórn einkasölunnar krefst. Veiðileyfi skulu tilkynnt innan 1. júní.

Nú er veiðileyfi veitt, en leyfishafi færir eigi fyrir 1. júlí sönnur á, að hann hafi tryggt sér skip, sem að dómi framkvæmdarstjóra teljast fullnægjandi til veiðanna, og má þá taka leyfið af honum aftur, ef dregið hefir verið úr veiðileyfum annara vegna leyfis hans.

Ef útlit er fyrir of mikla framleiðslu, getur útflutningsnefnd,

hvenær sem er á veiðitímanum, takmarkað hlutfallslega veiðileyfi þau, sem hún hefir veitt, eða slitið allri síldarsöltun, ef henni þykir nauðsyn til bera, þótt sumir hafi þá ekki veitt alla þá síld, er þeir höfðu leyfi fyrir. Þá er svo stendur á, skulu reknetabátar þó að jafnaði hafa veiðileyfi lengur en herpinótaskip. 61 14. júní

8. gr.

Myndaðir skulu tveir sjóðir, markaðsleitarsjóður og varasjóður. Í markaðsleitarsjóð skulu renna ¾%, en í varasjóð 1¼% af andvirði seldrar síldar. Varasjóði má síðar, þegar ástæða þykir til, skifta í fleiri deildir, svo sem stofnsjóð og aðra sjóði til tryggingar framþróun einkasölunnar, útgerðinni og verkafólki þessarar farmleiðslu, þegar síldveiði og síldarvinna bregzt. Sjóðum þessum skal stjórnað af útflutningsnefnd, en atvinnumálaráðherra gefur út reglugerð um skipulag þeirra og notkun.

9. gr.

Reikningsár einkasölunnar skal vera frá 15. apríl til jafnlengdar ár hvert. Stjórn einkasölunnar skal fyrir lok maímánaðar árlega birta í Lögbirtingablaðinu endurskoðaðan reikning einkasölunnar og skýrslu um störf hennar á liðnu reikningsári.

10. gr.

Heimili einkasölunnar og varnarþing er á Akureyri.

11. gr.

Einkasalan er undanþegin tekjuskatti og aukaútsvari, enda greiðir hún síldareigendum allt andvirði síldarinnar, að frádregnum kostnaði og sjóðfé, sbr. 4. gr. 3.

12. gr.

Ríkisstjórnin skipar tvo endurskoðendur einkasölunnar og tvo til vara og ákveður þóknun fyrir störf þeirra. Hafa þeir altaf aðgang að reikningum einkasölunnar.

Að lokinni endurskoðun ár hvert úrskurðar útflutningsnefnd reikningana. Úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

13. gr.

Laun framkvæmdarstjóra skulu ákveðin af útflutningsnefnd, en þóknun útflutningsnefndarinnar af ríkisstjórninni. Framkvæmdarstjór-

61 14. júní

ar ráða þá starfsmenn, sem þeir telja nauðsyn á, og ákveða laun þeirra, í samráði við útflutningsnefnd. Umboðsmenn (síldarmatsmenn) og skrifstofuþjónar einkasölunnar mega ekki reka síldarútveg, síldarsöltun eða kaupa síld til söltunar.

14. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur reglugerð um skoðun á síld og nánari framkvæmdir einkasölunnar.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, frá 1000—50000 krónum, og getur einkasalan, ef brot er ítrekað, neitað að taka til sölu útflutningssíld frá þeim, sem brotið hefir.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög frá 15. júní 1926, um sölu á síld, og lög frá 26. nóv. 1919, nr. 56, um skoðun á síld, svo og öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þetta.

Ennfremur falla úr gildi samningar, sem koma í bág við lög þessi, þótt gerðir hafi verið áður en lög þessi öðluðust staðfestingu.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

TILSKIPUN

62
31. maí

um

breyting á tilskipun frá 2. marz 1908, um hvernig gegna skuli störfum þeim, sem amtsráðin hafa hingað til haft á hendi og eigi þegar eru lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndir.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér skipum hérmeð svo fyrir um breyting á tilskipun frá 2. marz 1908, um hvernig gegna skuli störfum þeim, sem amtsráðin hafa hingað til haft á hendi og eigi eru þegar lögð undir stjórnarráðið eða sýslunefndir, sem hér segir:

Allar framkvæmdir fyrir Minningarsjóð Herdísar og Ingileifar Benediktsen hverfa undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið, og eru ákvæði III. gr. í tilskipun 2. marz 1908, um afskifti annara af málefnum sjóðsins, þar með úr gildi fallin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 31. maí 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

63
5. júní

KONUNGLEG AUGLÝSING

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða er fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hérmeð Vorum trúu og kæru þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amalíuborg, 5. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

KONUNGLEG AUGLÝSING

64
9. júní

um

að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 5. þ. m. samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gjört á Amalíuborg, 9. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

65
11. okt.

AUGLÝSING

um

breyting á reglugjörð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild hins almenna Menntaskóla í Reykjavík frá 13. marz 1908.

Samkvæmt þegnlegum tillögum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefir Hans hátign konunginum í dag allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfarandi reglugjörð um breyting á reglugjörð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild hins almenna Menntaskóla í Reykjavík.

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á reglugjörð til bráðabirgða fyrir Menntaskólann í Reykjavík frá 13. marz 1908.

1. gr.

Orðin „fornaldarfræði og kristinfræði" í 3. gr. reglugjörðarinnar falla niður, og ennfremur í sömu grein orðið „stærðfræði", en í staðinn fyrir síðasttalið orð koma: „bókfærsla eftir nánari fyrirmælum ráðuneytisins".

Ennfremur falla burt 7., 8. og 11. liður A. og B. í 4. gr.

2. gr.

Reglugjörð þessi gengur þegar í gildi.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 1929.

Jónas Jónsson.

G. Sveinbjörnsson.

AUGLÝSING

66
7. okt.

um

vörumerki.

Með 8. gr. verzlunarsamnings, sem gjörður var 6. apríl 1928 milli Íslands og Austurríkis, var stofnað til gagnkvæmrar verndar fyrir austurrísk vörumerki hér á landi og íslenzk vörumerki í Austurríki. Samkvæmt því er svo ákveðið, að þegnar hvors ríkis um sig njóti að því er vörumerki snertir, í hinu ríkinu sömu verndar, sem lög þess ríkis nú eða síðar, meðan samningurinn er í gildi, veita sínum eigin þegnum fyrir vörumerki þeirra. Sama gildir um þegna annara ríkja, sem búsettir eru í samningsríkjunum eða reka þar fasta atvinnustofnun við iðnað eða verzlun.

Samkvæmt því sem að framan greinir nær vernd sú, sem heimiluð er með lögum nr. 43, 13. nóvember 1903, til austurískra vörumerkja, svo sem íslenzk væru, meðan téður samningur er í gildi, en að sjálfsögðu með þeim skilyrðum og takmörkum, sem sett eru í þessu efni í 15. gr. greindra laga.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. október 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

TILSKIPUN

67
4. nóv.

um

að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Tékkóslóvakíu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að þeim, sem á Íslandi reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í Tékkóslóvakíu eins og eigin þegnum, þá viljum Vér samkvæmt heimild þeirri, sem gefin er í 15. gr. laga um vörumerki, 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir sem hér segir:

67 4. nóv. Þeir, sem í Tékkóslóvakíu reka verksmiðjuiðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnám, verzlun eða aðra atvinnu, skulu verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem lög 13. nóv. 1903 heimila, aðnjótandi með þeim skilyrðum, er hér greinir:

1. Tilkynningu skal fylgja sönnun fyrir því, að beiðandi hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem sett eru í Tékkóslóvakíu fyrir því, að vörumerkið njóti þar verndar.
2. Beiðandi skal undirgangast, að bæjarþing Reykjavíkur sé varnarþing hans í öllum málum viðvíkjandi vörumerkjum og tilnefna umboðsmann búsettan á Íslandi, er taki á móti málsókn fyrir hans hönd.
3. Vörumerkið skal ekki njóta víðtækari verndar eða verndar fyrir lengri tíma en í Tékkóslóvakíu.
4. Vörumerkið skal skrásetja í þeirri mynd, sem löggilt er í Tékkóslóvakíu nema gagnstætt sé velsæmi og allsherjarreglu.
5. Nú er vörumerki tilkynnt til skrásetningar á Íslandi í síðasta lagi 4 mánuðum eftir að það hefir verið tilkynnt í Tékkóslóvakíu, og skal þá gagnvart öðrum tilkynningum telja, að þessi tilkynning hafi farið fram um leið og tilkynningin fer fram í Tékkóslóvakíu.
6. Nú er synjað um skrásetningu samkvæmt 5. gr. nr. 5 framannefndra laga 13. nóv. 1903, og beiðandi höfðar mál gegn þeim, sem áður hefir tilkynnt merkið og fengið það skrásett, og sannar, að hann hafi fyrstur notað merki þetta, en hinn hafi síðan tekið það upp, og má þá með dómi úrskurða honum rétt til að fá merkið skrásett með einkarétti, til þess að nota það á þær vörutegundir, sem hann notaði merkið á, þegar vernd komst á í báðum löndunum, en höfða skal hann þá mál út af þessu innan 6 mánaða frá því verndin komst á. Þetta skerðir þó að engu leyti rétt þann, sem heimilaður er í 11. gr. 3. málsgrein nefndra laga.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborg, 4. nóvember 1929.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

REGLUGJÖRÐ

68
3. okt.

fyrir

veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 9. flokki (seriu) bankavaxtabréfa samkvæmt lögum nr. 60, 7. maí 1928, um útgáfu nýrra flokka (seria) bankavaxtabréfa.

1. gr.

Tilgangur veðdeildarinnar er að veita lán um langt árabil gegn veði í fasteignum og gegn tryggingu í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga.

Fyrstu 4 árin eftir að veðdeildarflokkur er settur á stofn, samkvæmt lögum þessum, veitist tillag til hinna nýju flokka veðdeildarinnar úr ríkissjóði 8000 kr. á ári, og skiptist tillag þetta hlutfallslega jafn milli veðdeildarflokkanna eftir stærð þeirra.

2. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabréf, sem hljóða á handhafa (bankavaxtabréf), sem má nafnskrá í bókum hennar, og verða þau kölluð 9. flokkur (seria) bankavaxtabréfa hennar. Öll upphæð þeirra má ekki fara fram úr 4 miljónum króna. Upphæð bankavaxtabréfanna skal talin í gjaldgengum peningum, og skulu bréfin samin eftir fyrirmynd, er bankastjórnin ákveður. Fjármálaráðherra og bankastjórar Landsbankans rita undir þau. Í bankavaxtabréfunum skal vera útdráttur úr reglugjörð þessari að minnsta kosti á íslenzku og dönsku. Upphæðir þeirra skulu vera 5000, 1000, 500 og 100 kr., og skal hver flokkur hafa sérstakt bókstafseinkenni, og hvert vaxtabréf vera tölusett. Telja má upphæðir bankavaxtabréfanna einnig í útlendri mynt samhliða íslenzku krónumyntinni. Ásamt bankavaxtabréfunum skal afhenda stofna (talons) með vaxtamiðum til 20 ára að minnsta kosti, og þegar hinn síðasti liður þeirra er fallinn í gjalddaga og innleystur, skal gefa út nýjan stofn með vaxtamiðum jafnframt og hinum eldra stofni er skilað aftur.

Aldrei má gefa meira út af bankavaxtabréfum, en sem nemur fjárhæð þeirri, er veðdeildarflokkurinn á í veðskuldabréfum.

3. gr.

Auk veðskuldabréfa þeirra, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum, skal trygging fyrir honum vera:

1) Varasjóður veðdeildarflokksins.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

68 3. okt.

2) Sameiginleg (solidarisk) ábyrgð lántakenda, er nemi allt að 10% (sbr. 9. gr.).

3) Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til tryggínganna 1—3, skal gera það í þeirri röð, sem að ofan er greint.

4. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarflokksins.

5. gr.

Af bankavaxtabréfunum skal á ári hverju svara í vöxtu 5%, er greiðist tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí, með helmingi upphæðar í hvort skipti, gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga, skulu innleystir í Landsbankanum í Reykjavík, og við þá banka erlendis, er bankastjórnin ákveður og auglýsir með 3 mánaða fyrirvara í Lögbirtingablaðinu, í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn og í öðrum samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má að bréfin séu í umferð. Sömuleiðis skulu vaxtamiðarnir gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til ríkissjóðs, og skulu gjaldheimtumenn ríkissjóðs innleysa þá, ef þeir hafa fé fyrir hendi, er greiðast á í ríkissjóð.

6. gr.

Veðdeildarflokkurinn er undanþeginn öllum tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum. Svo á hann rétt til að fá ókeypis eigna- og veðbókarvottorð, til afnota fyrir sjálfan sig.

7. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í jarðeignum, erfðafestulöndum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en gegn veði í húseignum því aðeins, að þær séu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin tekur góða og gilda. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr $^3/_5$ af virðingarverði fasteignarinnar.

Þegar veðdeildarflokkurinn tekur jarðir að veði, skal virða jarðarhúsin sér og jörðina sér í lagi. Öll önnur hús skal einnig virða sérstaklega og þau vátryggð, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni.

Heimilt er Landsbankanum, á kostnað lántakanda, að annast vátryggingu á húsum utan Reykjavíkur, sem veðsett eru veðdeildarflokknum, að svo miklu leyti, sem hús í sveitum eru eigi í innlendri brunaábyrgð, sem bankastjórnin tekur gilda.

Ef veitt eru bæjarlán, sýslulán eða sveitarlán gegn veði í eign- 68
um og tekjum þeirra, þarf samþykki atvinnumálaráðherra til lánveit- 3. okt.
ingarinnar.

8. gr.

Eignir þær, er veðdeildarflokkurinn tekur að veði, skulu tveir óvilhallir menn, dómkvaddir eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra, þeir er nauðsynlega þekkingu hafa á slíku, virða á kostnað lánþega. Þó getur stjórn Landsbankans, þegar henni eftir atvikum finnst ástæða til þess, sjálf nefnt til menn þá, er virða skulu. Ennfremur getur hún krafizt þess, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn, er í hlut á, samþykki virðinguna. Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær eftir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölum, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgjöld. Í virðingargjörðunum skal eignunum ítarlega og greinilega lýst. Sé það jarðeign, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kúgildi henni fylgi, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Ennfremur skal taka fram allt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni, og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sé varið og önnur sérstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, sjávargangi, skriðum, sandfoki o. fl. Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til allt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem ofna, járneldstór o. fl., efni það er byggingarnar eru byggðar úr, og að svo miklu leyti sem unnt er gæði þess og ennfremur aldur bygginganna og viðhald. Að lokum skal í virðingargjörðinni tekið fram, hve stór lóð sú sé, er húseigninni fylgir, og hvernig ásigkomulag hennar sé.

Hafi eignin gengið kaupum og sölum skal kaupverðs hennar getið.

Lántakandi skal að minnsta kosti á hverjum 5 ára fresti, meðan lánið stendur, sýna skírteini, sem bankastjórnin tekur gilt, fyrir því að veðið hafi ekki rýrnað í verði svo að veðdeildarflokknum geti verið nein hætta búin. Láti lántakandi farast fyrir að senda stjórn Landsbankans þetta skírteini, má hún láta skoðunargjörð af innanhéraðsmönnum fara fram á kostnað lántakanda.

9. gr.

Lántakendur skulu, auk þess að bera ábyrgð á sínum eigin skuldum, ábyrgjast sameiginlega (in solidum) skuldbindingar veðdeildarflokks þessa, þó eigi meira en 10% af því, sem lán þeirra voru á síðasta gjalddaga, áður en taka þurfti til ábyrgðarinnar, en til hennar má taka hvenær sem varasjóður flokksins eigi nægir til að stand-

68 ast áfallið tap. Áður en gripið er til ríkissjóðsábyrgðarinnar skal jafna
3. okt. niður á alla lántakendur veðdeildarflokksins aukagjaldi til varasjóðs, svo sem þörf er á, allt að 1%, til að bæta skaðann. Niðurjöfnun á aukagjaldi þessu skal vera í hlutfalli við upphæð lánanna. Eftir ákvörðun stjórnar Landsbankans má skipta greiðslu þessari niður á fleiri en eitt ár.

Verði þörf á að grípa til ábyrgðarinnar til að fullnægja skuldbindingum veðdeildarflokksins, skal endurborga það án vaxta þegar hagur flokksins leyfir það.

10. gr.

Eigi má lána nema gegn 1. veðrétti. Minnsta lán, sem veðdeildarflokkurinn veitir, skal vera 300 krónur, og skulu lán jafnan standa á hundraði króna. Lánstíminn má vera allt að 40 árum sé veðið jarðeign, vandað steinsteypuhús, eða steinhús, og allt að 30 árum, sé veðið vandað timburhús. Sé lánið bæjar-, sýslu- eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

11. gr.

Lán þau, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann greiða í bankavaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir rétt til að krefjast, að bankastjórnin annist um að koma þeim í gjaldgenga peninga endurgjaldslaust, ef þess er kostur, en borga verður hann kostnað þann, sem af því leiðir og verðfall. Veðdeildarflokkurinn hefir þó jafnan rétt til að greiða lánin í peningum með þeirri upphæð, sem hann getur fengið fyrir bankavaxtabréfin, eða á von á að fá fyrir þau, að frádregnum öllum beinum kostnaði. Semja má um sölu bankavaxtabréfa flokksins fyrirfram í einu eða fleiru lagi, enda samþykki fjármálaráðherra söluverðið.

12. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildarflokknum verða þeir að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

a. Útvega virðingargjörð samkvæmt því, sem segir í 8. gr.
b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókunum, um hvort nokkur veðskuld eða önnur eignabönd hvíli á eigninni, og hver þau séu, svo það sjáist, að þau séu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett veðdeildinni með 1. veðrétti.
c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sé það eigi unnt, þá vottorð hans um að eignin sé vitanlega eign hans.

d. Sé að ræða um lán hrepps-, sýslu- eða bæjarfélaga, skal leggja fram samþykki hlutaðeigandi stjórnarvalda til lántökunnar, og skýrslu um efnahag þeirra (fjárhagsreikning). **68** 3. okt.
e. Útskrift úr fundarbók lánbeiðanda, sem sýni, að löglega hafi verið samþykkt að taka lánið og sé útskriftin staðfest af hlutaðeigandi yfirvaldi.
f. Vottorð hlutaðeigandi yfirvalds um, hverjir séu í sveitarstjórn, sýslunefnd eða bæjarstjórn þeirri, er leitar lánsins.

13. gr.

Hver lántakandi skal greiða 1% af lánsupphæðinni í varasjóð flokksins. Heimilt er lántakanda að greiða lántökugjaldið í tvennu eða fernu lagi, eftir því, er um semst við bankastjórnina. Sé lán endurborgað að öllu leyti áður en lántökugjaldið er að fullu greitt ber að greiða eftirstöðvar lántökugjaldsins um leið og lánið er endurgreitt.

Verði eigendaskipti að fasteign, sem veðsett er veðdeildarflokknum, skal kaupandi, þegar um leið og kaupin gerast, tilkynna veðdeildinni eigendaskiptin.

Heimilt er veðdeildinni við hver eigendaskipti að heimta lánið borgað aftur að öllu eða nokkru leyti.

14. gr.

Vilji einhver, sem keypt hefir veð, taka að sér skuld við veðdeildarflokkinn, skal hann þegar í stað leita samþykkis bankastjórnar um það. Samþykki hún, að hinn nýi eigandi taki lánið að sér, skal hann innan 6 mánaða frá kaupdegi sanna eignarrétt sinn fyrir Landsbankastjórninni og taka lánið að sér.

15. gr.

Lánum þeim, sem veðdeildarflokkurinn veitir, má hann eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu skyldum þeim, sem hann hefir undirgengizt.

En þá er bankastjórninni heimilt að telja eftirstöðvar láns komnar í gjalddaga undir eins án uppsagnar, ef eigi er fullnægt einhverju atriði lánsskilmálanna, t. d.:

a. Ef ákvæðisgjöld eru eigi greidd á réttum gjalddaga.
b. Ef veðið gengur svo úr sér, að það eigi lengur er svo tryggjandi, sem vera skal.
c. Ef skuldunautur heldur eigi vátryggðum húsum, sem að veði eru, eða vanrækir að senda veðdeildinni kvittun hlutaðeigandi vátryggingarfélags fyrir iðgjaldinu í tæka tíð.
d. Ef á veðið falla eftirstöðvar af sköttum eða gjöldum, er ganga fyrir

68 3. okt.

kröfu veðdeildarinnar, eða nýr kaupandi vanrækir að taka að sér lán.

16. gr.

Skuldunautar veðdeildarflokksins skulu 1.—14. október ár hvert greiða vexti, afborganir og tillög til stjórnarkostnaðar og varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Sérhvert lán, sem veitt er á öðrum tíma árs en nefndum gjalddaga, skal teljast veitt á næst undanförnum gjalddaga, en á næsta gjalddaga á eftir skulu vextir og gjald til stjórnarkostnaðar og varasjóðs þó aðeins takast frá 1. degi þess mánaðar, sem lánið er tekið í, til næsta gjalddaga (1. oktbr.).

Tillag til stjórnarkostnaðar og varasjóðs er ½ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, vextirnir eru 5 af hundraði á ári af höfuðstól þeim, sem í láni er á hverjum tíma.

17. gr.

Á hinum ákveðna gjalddaga má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir, sem þó standa á hundrað krónum eða endurborga lánið að öllu leyti. Greiðslur þessar má hann lúka með bankavaxtabréfum 9. veðdeildarflokks eftir ákvæðisverði þeirra. Lögmætar skulu greiðslur þessar teljast, séu þær komnar til veðdeildarinnar fyrir 15. október. Á öðrum tímum árs má borga lán að fullu, ef bankastjórnin samþykkir, þó því aðeins, að það sé veðdeildinni að skaðlausu.

18. gr.

Sérhver skuldunautur, sem eigi hefir innan 1. nóvember borgað árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næst undangengnum gjalddaga, skal í dráttarvexti af nefndum gjöldum greiða 1 af hundraði fyrir hvern mánuð frá 1. október til borgunardags, og skal sá mánuður, sem komið er fram í, teljast sem heill.

19. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabréf þau, er veðdeildarflokkurinn hefir gefið út, eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefir umsjón með, og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherrann til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefir farið fram, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsinguna skal birta þrisvar í blöðum þeim og ritum, er 5. gr. ræðir um. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabréf flokksins í stærri stíl en hér segir.

20. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabréfa þeirra, er innleysa skal, geta, gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga og er eigi skylt að greiða neina vexti af höfuðstólnum upp frá því. Útborgun fer fram á þeim stöðum, sem nefndir eru í 5. gr.

21. gr.

Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarflokksins, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

22. gr.

Nú glatast bankavaxtabréf, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar, og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa bréfsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sé þrisvar sinnum samfleytt í Lögbirtingablaðinu og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn og í öðrum samsvarandi blöðum erlendis, þar sem ætla má að bréfin séu í umferð. Ef enginn gefur sig fram með bréfið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabréf með sömu upphæð, sem það er glataðist, án þess nokkur annar, er bankavaxtabréfið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur veðdeildarflokknum.

Um ógilding annara glataðra bankavaxtabréfa og vaxtamiða fer eftir almennum lögum.

23. gr.

Bankavaxtabréf þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má ekki framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins, ásamt vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra á þann hátt, að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar, og skal svo innan loka næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda, ásamt vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið það reikningsár.

24. gr.

Hljóti veðdeildarflokkurinn að taka að sér veð, og hafi það eigi selzt innan árs frá því hann tók það að sér, skal á fyrsta árlega gjalddaga næsta eftir draga inn og ónýta jafnmikla upphæð bankavaxtabréfa þeirra, er veðdeildarflokkurinn hefir gefið út. Heimilt er þó að jafna inndrætti þessum á 2 eða 3 ár. Síðan á varasjóðurinn eignina.

68
3. okt.

25. gr.

Þegar lán eru komin í gjalddaga (sbr. 15. gr.), hefir veðdeildin heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febrúar 1847, 10. gr., eða láta leggja það veðdeildarflokknum út til eignar, ef þörf er á.

Veðdeildin þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur hægt að stöðva eða ónýta uppboðið með neinskonar dómskoti.

Veðdeildin hefir aftur á móti ábyrgð á því að skuldin sé rétt, og komin í gjalddaga, og skuldunaut er frjálst að hefja mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefir skaðazt á uppboðinu og öllum málskostnaði að skaðlausu. Veðdeildin getur löglega samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum fasteignum megi fram fara á skrifstofu uppboðshaldara.

26. gr.

Fé ómyndugra manna, og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal viðlagasjóðs, má verja til að kaupa bankavaxtabréf veðdeildarflokksins, en þó eigi hærra verði en skráðu gangverði og aldrei hærra en ákvæðisverð þeirra er.

27. gr.

Veðdeildarflokknum skal stjórnað af stjórn Landsbankans. Ákvæði þau, sem sett eru í lögum nr. 14, 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka, 28. og 30. gr., lögum nr. 2, 12. janúar 1900, um breyting á þeim lögum, 3. gr 1. málsgrein, og lögum nr. 55, 28. nóvbr. 1919, um breyting á sömu lögum, skulu einnig gilda um veðdeildarflokkinn, stjórn hans, endurskoðendur og reikningsskil.

Fyrir bókfærslu, reikningsskil og til annars nauðsynlegs kostnaðar, má greiða allt að 12000 kr. á ári fyrir flokkana.

28. gr.

Endurskoðunarmenn Landsbankans skulu hafa vakandi auga á, að veðdeildinni sé stjórnað samkvæmt ákvæðum þeim, sem sett eru fyrir henni, og skulu þeir því einkum gefa gaum að því, sem hér segir: Þeir skulu hafa gætur á, að aldrei sé í veltu bankavaxtabréf, er nemi stærri upphæð samtals en heimilað er með 2. og 19. gr.; þeim ber að yfirfara skjöl hvers láns, sem veitt er, til þess að sjá um, að haldin séu ákvæði þau, er sett eru fyrir útláni; þeir skulu hafa stöðugt eftirlit með því, að bankavaxtabréf þau, er ræðir um í 23.

gr. séu þannig ónýtt, að ekki sé framar hægt að setja bankavaxta- 68
bréfið eða vaxtamiða þess í veltu; þeir skulu að lokum, að minnsta 3. okt.
kosti einu sinni á ári, sannreyna, að heimafé veðdeildarinnar og veð-
skuldabréf m. m. séu fyrir hendi.

29. gr.

Sérstakan reikning skal halda yfir 9. flokk bankavaxtabréf-
anna, enda sé þeim til tryggingar sérstakur varasjóður og skulu í hann
renna tekjur veðdeildarflokksins.

30. gr.

Þá er lokið er skuldbindingum hvers þeirra veðdeildarflokka,
er stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, rennur varasjóður hans
til næsta flokks, og svo áfram. Þegar lokið er skuldbindingum síðasta
flokksins, rennur varasjóðurinn til þess eða þeirra veðdeildarflokka
eða veðlánastofnana, sem stofnsett verða til að halda áfram veðlána-
starfseminni eftir að lokað er síðasta flokki samkvæmt þessum lögum.
Verði slíkum nýjum flokkum eða veðlánastofnunum fengin aðgreind
starfssvið, skiptist varasjóður milli þeirra, svo að hvert starfssvið njóti
réttrar ítölu þeirrar, er varasjóðnum hefir þaðan aflazt.

31. gr.

Veðdeildin tekur að sér að gefa út bankavaxtabréf 9. flokks.

32. gr.

Ákvæði þessarar reglugjörðar snerta að engu leyti reglugjörðir
þær fyrir veðdeild Landsbankans, sem staðfestar voru 15. júní 1900,
21. apríl 1903, 5. júlí 1905, 1. apríl 1906, 20. október 1909, 7. maí 1914,
20. júlí og 15. október 1926, 7. október 1927 og 11. október 1928, né
heldur bankavaxtabréf þau, sem gefin eru út samkvæmt þeim.

Reykjavík, 2. október 1929.

Stjórn Landsbanka Íslands.

Georg Ólafsson. *L. Kaaber.*

Framanrituð reglugjörð staðfestist hérmeð.

Fjármálaráðuneytið, 3. október 1929.

Einar Árnason.

Gísli Ísleifsson.

69
28. okt.

AUGLÝSING

um

verzlunarsamning milli konungsríkisins Íslands og lýðveldisins Austurríkis.

Stjórnir Íslands og Austurríkis hafa 6. apríl 1928 gert svo hljóðandi verzlunarsamning, sem saminn hefir verið á frönsku.

Samningur.

Sa Majesté le Roi d'Islande et de Danemark et le Président Fédéral de la République d'Autriche, désirant favoriser et développer les relations économiques entre l'Islande et l'Autriche, ont résolu de conclure un Traité de Commerce entre lesdits Pays et ont nommé à cet effet pour leurs Plénipotentiaires respectifs:

Sa Majesté le Roi d'Islande et de Danemark:

Monsieur Poul Victor Bigler, Son Envoyé Extraordinaire et Ministre Plénipotentiaire à Vienne,

Le Président Fédéral de la République d'Autriche:

Monseigneur Ingace Seipel, docteur en théologie, Chancelier Fédéral,

lesquels, après s'être communiqués leurs pleins-pouvoirs respectifs trouvés en bonne et dûe forme, sont convenus des articles suivants:

Article I.

L'Islande et l'Autriche s'engagent à s'accorder réciproquement, en tout ce qui concerne leur commerce,

Með því að Hans hátign konungi Íslands og Danmerkur, og alríkisforseta lýðveldisins Austurríkis leikur hugur á að bæta og efla hin þjóðhagslegu viðskipti Íslands og Austurríkis, hafa þeir ákvarðað að gera verzlunarsamning milli nefndra landa, og hafa, hver um sig, útnefnt í þeim tilgangi sem umboðsmenn sína:

Hans hátign konungur Íslands og Danmerkur:

Herra Poul Victor Bigler, sérlegan sendiherra sinn og ráðherra með umboði í Vín,

Alríkisforseti lýðveldisins Austurríkis:

Herra Ignace Seipel, doktor í guðfræði, alríkiskanslara, sem eftir að hafa tjáð hvor öðrum umboð sín, sem reyndust vera góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi greinar:

1. grein.

Ísland og Austurríki skuldbinda sig til að veita hvort öðru í öllu því, er lýtur að verzlun þeirra, iðnaði og

leur industrie et leur navigation, un traitement au moins aussi favorable que celui qui est accordé ou pourrait être accordé à la nation la plus favorisée.

Article II.

Pour ce qui concerne le commerce, le traitement de la nation la plus favorisée s' appliquera spécialement aux droits d'importation et d'exportation et à tous autres droits de nature quelconque, ainsi qu'aux autres conditions pour l'importation et l'exportation, le transit et le transport des marchandises et aux prohibitions ou restrictions d'importation et d'exportation, à moins que celles-ci ne soient jugées nécessaires pour assurer la sécurité de l'Etat ou la sûreté publique ou pour protéger la santé des hommes, des animaux et des plantes.

Article III.

Pour ce qui concerne le navigation, le traitement de la nation la plus favorisées'appliquera spécialement aux droits de nature quelconque, ainsi qu'à l'égard de l'accés des navires à charger et décharger des marchandises et de toutes les formalités relatives aux navires et à leurs équipages.

Article IV.

La nationalité des navires devra être réciproquement reconnue conformément aux documents et certeficats se trouvant à bord du navire et qui à cet effet sont délivrés par les autorités compétentes de chacun des deux Pays en conformité des dispositions légales en vigeur et qui

siglingum, jafngóð kjör sem þau, er veitt eru, eða veitt kunna að verða þeirri þjóð, er beztu kjörum sætir. **69** 28. okt.

2. grein.

Að því er lýtur að verzlun, skal ákvæðið um beztu kjör sérstaklega ná til aðflutnings- og útflutningsgjalda, svo og til sérhverra annara gjalda, og annara skilyrða, sem sett eru fyrir innflutningi og útflutningi, flutningi á vörum yfir og um löndin og um bönn eða tálmanir á innflutningi og útflutningi, nema því að eins að slíkar ráðstafanir séu álitnar nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi ríkisins eða almennings, eða til þess að vernda heilbrigði manna, jurta og dýra.

3. grein.

Að því er snertir siglingar skal beztu kjara ákvæðið sérstaklega ná til hverskonar gjalda, svo og til fermingar og affermingarmöguleikanna fyrir skip, ennfremur til allra fyrirmæla viðvíkjandi skipum og áhöfn þeirra.

4. grein.

Þjóðerni skipa ber gagnkvæmt að viðurkenna samkvæmt skjölum og skilríkjum, er skipið hefir meðferðis, sem hafa verið gerð handa skipinu af hlutaðeigandi yfirvöldum í hvoru landinu um sig samkvæmt gildandi lagafyrirmælum, og sem jafnframt heimila skipinu að

69 28. okt.

autorisent le navire à battre le pavillon du Plays en question.

Les certificats de jaugeage des navires d'une des deux Parties Contractantes seront acceptés par les autorites de l'autre, sans qu'il soit procédé à de nouvelles vérifications ou mesures, et assimilés aux certificats de l'autre Partie, notamment pour le paiement des droits et taxes, à condition que les régles et procédés de jaugeage du Pays ou le certeficat a été délivré soient reconnus identiques ou équivalents aux régles et procédés de jaugeage servant à l'établissement des certificats dans l'autre Pays.

Article V.

Les ressortissants ainsi que les sociétés de caractère économique de l'un des Pays Contractants jouiront à l'égard de l'accès à l'autre Pays, d'y acquérir et d'y posséder des biens meubles et immeubles et d'y exercer leur commerce ou industrie, ainsi qu'à l'égard des impôts et taxes, de quelque nature qu'ils soient, d'un traitement aussi favorable que celui qui est accordé aux ressortissants et aux sociétés de la nation la plus favorisée.

Article VI.

Les ressortissants des Parties Contractantes ainsi que les sociétés avant leur siège dans le territoire de l'une des Parties Contractantes qui étendent l activité commerciale ou industrielle qu'ils exercent dans l Etat ou ils ont respèctivement leur domicile ou leur siège dans le territbera fána þess landsins, er hlut á að máli.

Mælingaskírteini skipa hvers samningsaðila um sig skulu viðurkennd af yfirvöldum hins aðilans án þess að nýjar rannsóknargjörðir eða mælingar fari fram, og skulu hafa sama gildi og skírteini gagnaðilans, einkanlega til ákvörðunar á gjöldum og sköttum, gegn því skilyrði, að fyrirmæli og aðferðir við skipamælingar í því landinu, þar sem skírteinið er gefið út, séu viðurkennd samhljóða eða jafngildandi skipamælingafyrirmælum og aðferðum við útgáfu slíkra skírteina í hinu landinu.

5. grein.

Ríkisborgarar svo og félög stofnuð í hagsmunaskyni hvors samningslandanna um sig skulu njóta eins góðra kjara og ríkisborgarar og félög þess ríkis, er nýtur beztu kjara, að því er snertir aðgang að hinu landinu, réttinn til þess að eignast þar og ráða yfir fasteignum og lausafé, og til þess að reka þar verzlun eða iðnað, svo og með tilliti til hverskonar skatta og gjalda-álaga.

6. grein.

Ríkisborgarar samningsaðilanna, svo og félög, sem hafa aðsetur sitt í öðruhvoru samningslandinu, sem færa út til hins landsins starfssvið verzlunar eða iðnaðar, sem ríkisborgararnir eða félögin reka í því ríki, þar sem þeir eða þau hafa hvort heldur heimilisfang eða aðsetur,

toire de l'autre Partie, n'y seront soumis à des impôts directs sur leur activité et sur le revenu qui en découle que s'ils y entretiennent un établissement. L'imposition se fera alors à mesure de l'activité exercée par cet établissement.

skulu ekki í síðarnefndu landi greiða beina skatta af viðskiptum og tekjum af viðskiptum, nema því aðeins að þeir eða þau hafi þar útibú. Skattaálagið ber í því tilfelli að miða við viðskipti útibúsins. 69 28. okt.

Article VII.

Les négociants, les fabricants et autres industriels qui prouveront par la présentation d'une carte de légitimation, délivrée par les autorités compétentes de leur Pays, qu'ils y sont autorisés à exercer leur commerce ou leur industrie et qu'ils y acquittent les taxes et impôts prévus par la loi auront le droit, en se soumettant aux règlements en vigueur dans les deux Pays, de faire, soit personellement, soit par des commis--voyageurs à leur service, des achats dans le territoire de l'autre Partie Contractante chez des négociants et producteurs ou dans les locaux de vente publique, et, même en portant des échantillons avec eux, de rechercher des commandes chez les négociants ou autres personnes qui pour leur commerce et leur industrie utilisent des produits correspondant à ces échantillons.

Les objets passibles d'un droit de douane qui seront importés comme échantillons par lesdits voyageurs seront, de part et d'autre, admis en franchise de droits d'entrée et de sortie, à la condition que ces objets, sans avoir été vendus, soient réexportés dans un délai d'un an et

7. grein.

Stórkaupmenn, verksmiðjurekendur og aðrir iðnrekendur, sem sanna með heimildarskírteinum útgefnum af réttum yfirvöldum lands þeirra, að þeir hafi heimild til að reka þar viðskipti þeirra eða iðnað, og að þeir greiði þar skatta og gjöld, er lög mæla fyrir um, eiga rétt á, gegn því að þeir uppfylli lagafyrirmæli landanna að gera, hvortheldur sjálfir eða fyrir milligöngu umboðssala, sem eru í þjónustu þeirra, kaup í hinu landinu hjá stórkaupmönnum eða iðnrekendum eða á opinberum sölutorgum, svo og rétt á að leita tilboða hjá stórkaupmönnum eða öðrum mönnum, sem í verzlun þeirra og iðn nota vörur, er svara til sýnishorna, er sýna verður þegar leitað er tilboða.

Tollskyldar vörur, sem eru innfluttar af nefndum vörusölum sem sýnishorn, skulu gagnkvæmt undanþegnar aðflutnings- og útflutningsgjöldum, enda hafi sýnishornin ekki verið seld, og verði auk þess útflutt innan eins árs eftir að þau voru innflutt, og ekki leikur nokkur vafi á, að um sömu vörur sé að ræða.

Endurútflutning sýnishorna ber frá beggja landa hálfu að tryggja við innflutninginn, með því að setja

69 28. okt.

que l'identité des objets importés et réexportés ne soit pas douteuse.

La réexportation des échantillons devra être garantie dans les deux Pays à l'entrée par le dépôt du montant des droits de douana respectifs ou d'autre manière reconnue par l'autorité compétente.

En ce qui concerne les formalités quelconques ainsi que sous tout autre rapport les négociants, fabricants et autres industrels (commis-voyageurs) jouiront réciproquement du traitement accordé à la nation la plus favorisée.

til varðveizlu tollupphæðina, sem hefði átt að greiðast eða á annan hátt, sem hlutaðeigandi yfirvöld telja fullnægjandi.

Stórkaupmenn, verksmiðjurekendur og aðrir iðnrekendur (umferðasalar) skulu, að því er snertir hverskonar fyrirmæli og í öllu öðru tilliti gagnkvæmt njóta beztu kjara.

Article VIII.

Les ressortisants de chacune des Parties Contractantes jouiront sur le territoire de l'autre Partie, en ce qui concerne les brevets d'invention, les marques de fabrique ou de commerce et les dessins ou protection que les lois respectives accordent actuellement ou accorderont par le suite aux nationaux. Sont assimilés aux ressortissants des Parties Contractantes les ressortissants d'autres Etats qui sont domiciliés ou ont des établissements industriels ou commerciaux effectifs sur le territoire de l'une des Parties Contractantes.

8. grein.

Ríkisborgarar samningsaðilanna skulu, að því er snertir einkaleyfi, iðnaðar- eða verzlunarvörumerki, teikningar eða fyrirmyndir notaðar í iðnaði, njóta sömu verndar í landi hins samningsaðilans, sem lög þessa aðila veita nú, eða síðar meir sínum eigin ríkisborgurum.

Ríkisborgarar annara ríkja, sem eru búsettir eða hafa föst verzlunar eða iðnaðarfyrirtæki í landi annarshvors samningsaðilanna, skulu njóta sömu réttarverndar og ríkisborgarar hlutaðeigandi lands.

Article IX.

Le présent Traité sera ratifié et les ratifications en seront échangées à Vienne aussitôt que faire se pourra.

Il entrera en vigueur dix jours après l'échange des ratifications.

Le traité est conclu pour la durée d'un an. Cependant, s'il n'est pas

9. grein.

Samning þennan ber að staðfesta og staðfestingarskjölum skipzt á í Vín eins fljótt og auðið er.

Samningurinn gengur í gildi tíu dögum eftir áskiptingu staðfestingarskjalanna.

Samningurinn er gerður fyrir eitt

dénoncé trois mois avant l'expiration de ce délai, il sera prolongé par voie de tacite reconduction pour une période indéterminée et sera dénoncable en tout temps.

En cas de dénonciation, il demeurera encore en vigueur trois mois à compter du jour où l'une des Parties Contractantes aura notifié à l'autre son intention d'en faire cesser les effets.

En Foi de quoi les Plénipotentiaires respectifs ont signé le présent Traité et l'ont revêtu de leurs cachets.

Fait à Vienne, en double exemplaire le 6 avril mil neuf cent vingt-huit.

P. V. Bigler. Seipel.

ár. Ef honum hinsvegar hefir ekki verið sagt upp þrem mánuðum fyrir lok þessa tímabils, framlengist hann með þögninni í óákveðinn tíma, og má úr því segja honum upp hvenær sem er. **69** 28. okt.

Ef samningnum er sagt upp, heldur hann áfram að vera í gildi í þrjá mánuði frá þeim degi, er annar samningsaðilinn tilkynnir hinum tilætlun sína að ógilda samninginn.

Þessu til staðfestu hafa hlutaðeigandi umboðsmenn undirritað samning þennan og sett við innsigli sín.

Saminn í tveim eintökum í Vín 6. apríl 1928.

P. V. Bigler. Seipel.

Protocole Final.

Les Soussignés réunis en date d'aujourd'hui pour signer le Traité de Commerce ci-contre sont convenus de ce qui suit:

1° Considérant les relations qui, conformément au contenu de la loi unionelle du 30 novembre 1918, existent entre le Danemark et l'Islande, il est entendu que les dispositions du susdit Traité ne pourront pas, de la part de l'Autriche, être invoquées pour réclamer les avantages spéciaux que l'Islande a accordés ou pourrait à l'avenir accorder au Danemark.

2° Les Parties Contractantes sont d'accord que les stipulations de l'article V concernant le traitement de la nation la plus favorisées au sujet des impôts et taxes ne sont pas applicables à des clauses spéciales

Lokaákvæði.

Undirritaðir, er hafa mætzt í dag til þess að undirskrifa hjálagðan verzlunarsamning, hafa orðið ásáttir um það, sem hér fer á eftir.

1. Að athugaðri afstöðu þeirri, sem samkvæmt Sambandslögunum frá 30. nóvbr. 1918 er á milli Íslands og Danmerkur, er samkomulag um, að Austurríki getur ekki vísað til ákvæða samningsins, er hér fer á undan til þess að krefja handa sér þau sérréttindi, sem Ísland hefir eða kann síðar meir að veita Danmörku.

2. Samningsaðilarnir eru ásáttir um, að ákvæði 5. greinar um beztu kjör að því er lítur að sköttum og gjöldum skulu ekki ná til sérstakra ákvæða samninga milli annars samningsaðila og þriðja ríkis til þess að koma á jöfnuði í skattaálagi inn-

69 28. okt.

de traités conclus entre une des Parties Contractantes et un tiers Pays pour équilibrer l'imposition à l'intérieur et à l'étranger, pour délimiter la souveraineté des deux Pays Contractants en matière de contribution notamment pour éviter la double imposition.

Fait à Vienne, en double exemplaire, le 6 avril mil neuf cent vingt-huit.

P. V. Bigler. Seipel.

anríkis og erlendis, til þess að setja takmörk fyrir sjálfræði hinna tveggja samningsaðila í skattmálefnum, og sér í lagi til ákvæða, sem sett eru til þess að forðast tvísköttun.

Gert í tveim eintökum í Vín 6. apríl 1928.

P. V. Bigler. Seipel.

Staðfestingarskjölum skipzt á í Vín, 15. marz 1929.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 28. október 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

70 4. nóv.

AUGLÝSING

um

verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Finnlands.

Stjórnir Íslands og Finnlands hafa 21. desember 1923 gert með sér verzlunar- og siglingasamning, saminn á íslenzku, finnsku, og sænsku, er birtist hérmeð á íslenzku og sænsku.

Samningur.

Sedan Finland och Island i avsikt att stärka och utveckla handels- och sjöfartsförbindelserna mellan de två länderna beslutit, att en handels- och sjöfartstraktat emellan dem skall uppgöras, hava i sådant avseende Republiken Finlands Regering och Kungliga Danska Regeringen, som

Eftir að Ísland og Finnland hafa ákveðið að gera með sér verzlunar- og siglingasamning til þess að tryggja og auka verzlunar- og siglingaviðskipti á milli landanna, hefir í þessu skyni hin kgl. danska ríkisstjórn, er fer með utanríkismál Íslands í umboði þess, og ríkisstjórn

på Islands vägnar sköter dess utrikesangelägenheter, till sina befullmäktigade ombud utsett:

Republikens Regering, för Finland:

Förre handels- och industriministern, vicehäradshövdingen Hj. J. Procopé och

Filosofiemagistern Eemil Hynninen

Kungliga Danska Regeringen, för Island:

Kammarherre Flemming Lerche,

Utomordentligt sändebud och befullmäktigad minister i Helsingfors, vilka, efter att hava utväxlat sina fullmakter som befunnits i god och behörig form, överenskommit om följande artiklar:

Artikel I.

De höga fördragsslutande parterna tillförsäkra varandra i allt det, som rör handel, sjöfart och annan näringsverksamhet, en minst lika gynnsam behandling, som tillerkännes eller framdeles kan komma att tillerkännas mestgynnad nation.

Artikel II.

Medborgare, tillhörande den ena fördragsslutande staten. ävensom därstädes hemmahörande bolag, och andelslag av vad namn och slag de vara må, samt föreningar och sammanslutningar med ekonomiskt syftemål, skola i avseende såväl å tillträde till det andra landet, som å rätt att äga och besitta fast eller lös egendom samt att driva näring därstädes liksom i fråga om beskattning av dem eller deras näring ävensom i varje annat avseende i

lýðveldisins Finnlands kvatt sem umboðsmenn hver fyrir sína hönd: 70 4. nóv.

Hin kgl. danska ríkisstjórn fyrir Ísland:

Sendiherra og ráðherra í Helsingfors kammerherra Flemming Lerche

Stjórn lýðveldisins Finnlands fyrir Finnland:

Fyrverandi verzlunar- og atvinnumálaráðherra vicehéraðshöfðingi Hj. J. Procopé og

Magister í heimspeki Eemil Hynninen og eftir að þessir aðilar höfðu skipzt á umboðum sínum, er reyndust vera í góðu og réttu formi, hafa þeir orðið ásáttir um greinar þær, er hér fara á eftir:

1. gr.

Hinir tignu samningsaðilar tryggja hvor fyrir öðrum í öllu því, er að verzlun, siglingum og öðrum atvinnurekstri lýtur, að minnsta kosti jafn góð kjör sem þau, er veitt eru eða veitt kunna að verða þjóðum þeim, er beztu kjörum sæta.

2. gr.

Ríkisborgarar annars samningslandanna, svo og þar heimilisföst atvinnufélög, allskonar samvinnufélög, félög og samtök með markmiði, sem er fjárhagslegs efnis, skulu svo sem í öllum öðrum efnum njóta jafn góðra kjara sem ríkisborgarar, atvinnufélög, samvinnufélög, félög og samtök þeirrar þjóðar, er beztu kjörum sætir, bæði um aðgang að hinu landinu og rétt til þess að eiga þar og halda fastar eða lausar eignir, og að reka atvinnu og um sköttun

70 4. nóv.

sistsagda land åtnjuta liga gynnsam behandling som mestgynnad nations medborgare eller bolag, andelslag, föreningar eller sammanslutningar.

Artikel III.

1. I avseende å villkor för införsel eller utförsel av varor, varors transitering och transportförhållanden samt i fråga om införsel- eller utförselförbud eller restriktioner å införsel eller utförsel av varor skola de fördragsslutande parterna gentemont varandra tillämpa mestgynnad nations behandling.

2. Dock skola bestämmelserna i denna artikel icke äga tillämpning, då införande eller upprätthållande av införsel- eller utförselförbud eller av restriktioner i avseende å införsel eller utförsel av varor.

1:o avser den allmänna säkerheten i landet eller av vederbörande stat anses påkallad av rådande krigsförhållanden; eller

2:o föranledes av sanitära hensyn eller skyddsåtgärder mot smittosamma kreaturs- eller växtsjukdomar.

Artikel IV.

1. Varor som härröra från och utföras från Finland, liksom varor som härröra från och utföras från Island, skola vid införseln till det andra landet i avseende å införseltullar och tullkoefficienter, ävensom i avseende å tilläggsavgifter eller andra avgifter av vad namn och slag de vara må, som vid införsel av varor uppbäras, åtnjuta en minst

þeirra sjálfra eða atvinnureksturs þeirra.

3. gr.

1. Um skilyrði fyrir innflutningi og útflutningi vara, flutningi þeirra yfir samningslandið og öðrum flutningi þeirra, sem og um innflutnings- eða útflutningsbann eða um hömlur á inn- eða útflutningi vara, skulu samningsaðilar veita hvor öðrum sömu kjör, sem sú þjóð hefir, er beztu kjörum sætir.

2. Ákvæðum þessarar greinar skal þó ekki beitt þegar innflutnings eða útflutningsbann eða hömlur á innflutningi eða útflutningi vara er sett eða haldið uppi:

1. til þess að tryggja almannafrið í landinu eða er talið nauðsynlegt af hlutaðeigandi ríki þegar er ófriðarástand, eða

2. af heilbrigðisástæðum eða sem varnarráðstafanir gegn næmri sýki dýra eða jurta.

4. gr.

1. Vörur, sem eru frá Íslandi og flytjast út þaðan og vörur, sem eru frá Finnlandi og flytjast út þaðan, skulu þegar þær eru fluttar inn í hitt landið í öllu um aðflutningsgjald, tollvísitölu, aukagjald eða önnur gjöld, hverju nafni sem nefnast, er innheimt eru í sambandi við innflutning varanna, njóta að minnsta kosti jafn góðra kjara sem þeirra,

lika gynnsam behandling, som medgivits eller kan komma att medgivas varor från vilket som helst tredje land.

2. Varor av vilket som helst ursprung, vilka transito föras genom det ena landet med eller utan uppläggning i frihamn, frilager, transitupplag eller annat tullnederlag, skola i avseende å införseltullar och alla andra avgifter, samt i varje annat avseende vid införsel till det andra landet åtnjuta en minst lika gynnsam behandling, som skulle komma dem till del, därest de infördes direkte från ursprungslandet.

3. Varor, som från någotdera landet utföras till det andra, skola i avseende å utförseltullar och tullkoefficienter, ävensom i avseende å tilläggsavgifter eller andra avgifter av vad namn och slag de vara må, som vid utförsel av varor uppbäras, likaså åtnjuta samma behandling som varor, vilka utföras till mestgynnat land.

4. De både fördragsslutande parterna tillförsäkra varandra mestgynnad nations rätt jämväl i avseende å tullbehandling, tullformaliteter, tullrestitutioner och varors insättande och behandling å tullnederlag samt avgifterna härför.

5. Likaledes skall mestgynnad behandling tillämpas i fråga om inre avgifter.

Artikel V.

1. Fartygs nationalitet skall ömsesidigt erkännas i enlighet med de av fartyget medförda handlingar

er veitt eru eða seinna kunna að verða veitt vörum frá hvaða þriðja landi sem er. 70 4. nóv.

2. Vörur, hvaðan sem þær stafa, sem fluttar eru yfir annaðhvort landið og hvort heldur þær eru geymdar í fríhöfn, frívörugeymsluhúsi, geymslu á flutningi yfir landið, eða annari tollgeymslu eða ei, skulu, þá er þær eru fluttar inn í annaðhvort landið um aðflutningsgjald og öll önnur gjöld, sem og að öllu öðru leyti, njóta að minnsta kosti jafn góðra kjara og þeirra, er þær ættu að njóta ef þær væru innfluttar beint frá landinu, sem þær stafa frá.

3. Vörur, sem fluttar eru út frá öðruhvoru landinu skulu í öllu um útflutningsgjald og tollvísitölu einnig um aukagjald eða önnur gjöld hverju nafni sem nefnast, sem innheimt eru í sambandi við útflutning vara, einnig njóta sömu meðferðar sem vörur, er fluttar eru út til lands, er nýtur beztu kjara.

4. Samningsaðilar heita auk þess hvor öðrum sömu réttindum sem sú þjóð nýtur, er beztu kjörum sætir, um tollmeðferð, tollafgreiðslu reglur, endurgreiðslu á greiddum tollum og innflutningi vara í tollgeymslu, meðferð þeirra þar og gjöld þau, sem þaraf leiða.

5. Einnig skal hvort landið njóta sömu kjara sem sú þjóð, er beztu kjörum sætir um innanlands gjöld.

5. gr.

1. Þjóðerni skipa skal viðurkenna gagnkvæmt í samræmi við skjöl þau og skírteini, er skipinu

70 4. nóv.

och bevis, som av vederbörande myndigheter i vartdera landet blivit i enlighet med därstädes gällande lagbestämmelser för sådant ändamål utfärdade och som berättiga fartyget att föra respektive lands flagga.

2. Genom särskilda konventioner kan träffas avtal om, i vad mån mätbrev och annan mätningshandling samt certifikat angående sjöduglighet, vilka utfärdas av vederbörande myndigheter i det ena landet, skola i det andra godkännas.

Artikel VI.

1. Finska fartyg och deras last skola i Island samt isländska fartyg och deras last skola i Finland åtnjuta mestgynnad nations fartyg och deras last tillförsäkrad behandling, synnerligast i fråga om avgifter av varje slag samt fartygs rätt och förmåner i avseende å inlastning eller utlossning av varor ävensom med hänsyn till alla formaliteter rörande sjöfart, fartyg, last och besättning.

2. Oberoende av andra i denna artikel ingående bestämmelser är likväl angående skyldigheten för fartyg, tillhörande den andra fördragsslutande parten, att anlita lots i vartdera landet gällande, vad i allmänhet där i detta avseende stadgats angående utländska fartyg.

Artikel VII.

1. Har ett fartyg, hemmahörande i ettdera landet, strandat eller lidit skeppsbrott inom det andra landets område skall närmaste konfylgja og útgefin eru í þessu skyni af hlutaðeigandi yfirvöldum í öðruhvoru landinu samkvæmt þar gildandi löggjöf, og sem heimila að nota fána hlutaðeigandi lands.

2. Með sérstökum samningum má ákveða, að hve miklu leyti mælingabréf og önnur mælingaskjöl svo og skírteini um að skipið sé sjófært, sem gefin eru út af hlutaðeigandi yfirvöldum í öðru landinu, skulu tekin gild í hinu.

6. gr.

1. Íslenzk skip og farmar þeirra skulu í Finnlandi, og finnsk skip og farmar þeirra skulu á Íslandi njóta sömu meðferðar, sem veitt eru skipum og farmi þeirra þjóða, er beztu kjörum sæta, sérstaklega um hverskonar gjöld og réttindi skipa og ívilnanir viðvíkjandi fermingu og affermingu vara, svo og að því er viðkemur öllum formatriðum um siglingar, skip, farma og skipshafnir.

2. Án tillits til annara ákvæða þessarar greinar gilda í hvoru landinu um sig, um skyldu skipa frá hinu landinu til þess að taka hafnsögumann, þau ákvæði, sem gilda þar almennt í því efni um útlend skip.

7. gr.

1. Ef skip, sem á heima í öðruhvoru landinu, strandar eða því hlekkist á innan svæðis hins landsins, skulu yfirvöldin á staðnum, svo fljótt

sulära representant för förstnämnda land snarast möjligt underrättas därom av de lokala myndigheterna, som härvid skola vara honom behjälpliga i hans strävan att tillvarataga vederbörandes intressen vid bärgning av fartyg och last.

2. Tull för bärgade varor skall icke uppbäras, såframt icke varorna övergå till förbrukning inom landet.

som unnt er tilkynna það næsta verzlunarfulltrúa hins fyrnefnda ríkis, og skulu yfirvöldin veita honum aðstoð í viðleitni hans að gæta allra hagsmuna við björgun skips og farms.

2. Engan toll skal greiða af vörum þeim, sem bjargað er, nema svo sé, að vörurnar verði teknar til notkunar í landinu.

Artikel VIII.

I detta fördrag ingående bestämmelser skola icke berättiga någondera fördragsslutande parten att driva kustfart (cabotage) vid det andra landets kuster eller att göra anspråk på de förmåner, som beviljats eller framdeles kunna komma att beviljas det egna landets fiskerinäring. Till kustfart räknas icke trafiken på Petsamo.

8. gr.

Ákvæði samnings þessa heimila hvorugum aðila að reka strandferðir (cabotage) við strendur hins landsins, eða gera kröfu til þeirra hlunninda, sem veitt eru eða veitt kunna að verða fiskiveiðum landsins sjálfs. Til strandferða teljast þó eigi siglingar á Petsamo.

Artikel IX.

På grund av detta fördrag kan Island icke påyrka att komma i åtnjutande av

1:o de fördelar, vilka Finland beviljat eller kan komma att bevilja angränsande stater till underlättande av lokaltrafiken på både sidorna om gränsen, dock icke utöver 15 kilometers bredd på vardera sidan;

2:o de förmåner, vilka Finland beviljat eller framdeles kan komma att bevilja Estland;

3:o de förmåner, beträffande skyldigheten att anlita lots, vilka Finland medgivit Sverge och vilka omnämnas i deklarationen den 17

9. gr.

Samkvæmt þessum samningi á Ísland ekki tilkall til að verða aðnjótandi:

1. ívilnana þeirra, sem Finnland hefir veitt, eða síðar kann að veita löndum þeim, er að því liggja, til að greiða fyrir umferðum á svæðinu beggja megin landamæra, þó ekki á breiðara svæði en 15 kílómetrum hvoru megin,

2. ívilnana þeirra, sem Finnland hefir veitt eða síðar kann að veita Eistlandi,

3. ívilnana þeirra um skyldur til þess að taka hafnsögumann, sem Finnland hefir veitt Svíþjóð og sem ræðir um í samningi dagsettum 17.

70 4. nóv.

augusti 1872 och förordningen den 21 maj 1920, jämväl för det fall att i förenämnda deklaration medgivna förmåner framdeles skulle utvidgas att gälla svenska fartyg av ända till 125 netto registertons dräktighed; eller

4:o de förmåner, vilka Finland beviljat eller framdeles kan komma att bevilja Ryssland med avseende å fiske och sälfångst i sina territorialvatten i Norra Ishavet.

Likväl tillförsäkrar Finland i alla ovannämnda avseenden Island en minst lika gynnsam behandling, som den, vilken iakttages i förhållande till vilken som helst annan makt, än den eller dem, åt vilka ovannämnda förmåner enligt förestående hänvisningar givits.

Artikel X.

Genom bestämmelserna i detta fördrag har Finland icke medgivit Island de speciella förmåner, vilka omnämnas i art. 2 och 6 av den mellan Finland och Frankrike den 13 juli 1921 ingångna handelskonventionen, dock sålunda, att detta förbehåll icke gäller det i art. IV mom. 2 av dette fördrag nämnda fall, ej heller de i bilagda förteckning nämda varor, som härröra från och införas från Island till Finland, i avseende å vilka Island skall, så länge konventionen med Frankrike består, komma i åtnjutande av samma fördelar, som beviljats sistsagda land. Försåvitt angår andra varor, som avses i art. 2 av ifrågavarande konvention, än de i förenämnda förteckning upptagna, skall

ágúst 1872 og tilskipun 21. maí 1920. Sama er og þótt svo skipist, að ívilnanir þær, er ræðir um í ofangreindum samningum, verði síðar látnar ná til sænskra skipa allt að 125 nettó smálestatali, eða

4. ívilnana þeirra, sem Finnland hefir veitt eða síðar kann að veita Rússlandi um fiskiveiðar og selaveiðar innan finnskrar landhelgi í Norður-Íshafinu.

Þó tryggir Finnland Íslandi í öllum ofangreindum atriðum að minnsta kosti jafn hagkvæm kjör, sem það veitir eða síðar kann að veita hverju landi sem er, öðru en því landi eða þeim löndum, sem ofangreindar tilslakanir í samræmi við framanskráð hafa verið veittar eða framvegis kunna að verða veittar.

10. gr.

Með ákvæðum samnings þessa hefir Finnland ekki heitið Íslandi þeim sérstöku ívilnunum, sem ræðir um í 2. og 6. gr. í verzlunarsamningnum sem gerður var 13. júlí 1921 milli Finnlands og Frakklands, þó þannig að þessi fyrirvari nær ekki til þess atriðis, er ræðir um í 4. gr. 2. lið þessa samnings og heldur ekki til þeirra vara, er nefndar eru í hjálagðri skrá, sem eru frá Íslandi og fluttar eru þaðan til Finnlands, því um þessar vörur skal Ísland, á meðan samningurinn við Frakkland er í gildi, njóta sömu hlunninda sem veitt eru síðastnefndu landi. Um aðrar vörur, sem rætt er um í 2. gr. nefnds samnings, en ekki eru taldar í ofangreindri skrá, á Ísland að njóta sömu kjara sem sú þjóð, er

Island åtnjuta mestgynnad nations behandling, såframt de åt Frankrike för sådana varor medgivna förmånerna givas åt mera än ett annat land.

Artikel XI.

Detta fördrag skall ratificeras och ratifikationsurkunderna så snart som möjligt utväxlas i Helsingfors. Det träder i kraft från dagen för ratifikationsurkundernas utväxlande och skall därefter gälla intill dess ett år förflutit sedan detsamma blivit av nägondera parten uppsagt.

Till bekräftelse härav hava de båda parternas fullmäktige undertecknat detta fördrag och försett detsamma med sina sigill.

Som skedde i Helsingfors, i två exemplar, den 21 december 1923.

Hj. J. Procopé. (L. S.)

Eemil Hynninen. (L. S.)

F. Lerche. (L. S.)

Förteckning
över

de varor, med avseende å vilka tullförmåner, som Finland beviljat Frankrike i enlighet med art. 2 av den mellan Finland och Frankrike den 13 juli 1921 slutna handelskonventionen, jämväl skola tillkomma Island, så länge sagda konvention är i kraft.

N:o i finska tariffen	Förteckning över produkterna
	Konserver i hermetiskt tillslutna förpackningar:
142	Anjovis, sardiner och fisk, andra slag,
151	Konserver, andra slag.

beztu kjörum sætir, svo framarlega sem hlunnindi þau, sem Frakklandi eru veitt viðvíkjandi þessum vörum, verða veitt fleirum en einu landi öðru. **70** 4. nóv.

11. gr.

Samning þennan skal fullgilda og skal skiptast á fullgildingunum, svo fljótt sem unnt er í Helsingfors. Samningurinn gildir frá þeim degi, að skipzt hefir verið á fullgildingum og skal hann vera í gildi í eitt ár frá því að honum hefir verið sagt upp af öðrumhvorum samningsaðila

Þessu til staðfestu hafa umboðsmenn beggja aðila undirritað samning þennan og sett við innsigli sín.

Gert í tveim eintökum í Helsingfors, hinn 21. desember 1923.

Skrá

yfir vörur þær, sem Ísland á einnig að verða aðnjótandi hinna sömu tollívilnana sem þeirra, er Finnland hefir veitt Frakklandi samkvæmt 2. grein verzlunarsamnings þess, sem gerður var milli Finnlands og Frakklands 13. júlí 1921, á meðan samningur sá er í gildi.

Nr. í finnsku tollhæðarskránni	Vöruskrá
	Niðursoðnar vörur í loftþéttum umbúðum.
142	Ansjósur, sardínur og aðrar tegundir fiskjar.
151	Niðursoðnar vörur, aðrar tegundir.

70 **Tilläggsprotokoll.**

4. nóv. Vid undertecknandet denna dag av handels- och sjöfartsfördraget mellan Finland och Island hava de både parternas fullmäktige, därtill vederbörligen bemyndigade, enats om följande ytterligare överenskommelse:

Oberoende av art. III i detta fördrag äger vardera parten på grund av allmänna bestämmelser förbjuda införsel från den andra partens område, liksom från varje annat land, av sådana frövaror, om vilka med fog kan befaras, att desamma ej gå väl i importlandet, under förutsättning att de grundsatser, vilka i förhållande till den andra partens frövaror tillämpas, äro de gynsammasta, vilka med avseende å sådana varor från vilket som helst tredje land iakttagas.

Till bekräftelse härav hava de befullmäktigade ombuden upprättat detta protokoll, som skall hava samma kraft och verkan, som om dess bestämmelser vore införda i själva fördraget.

Som skedde i Helsingfors, i två exemplar, den 21 december 1923.

Hj. J. Procopé. (L. S.)

Eemil Hynninen. (L. S.)

Viðbótarbókun.

Um leið og framanritaður verzlunar- og siglingasamningur milli Íslands og Finnlands var í dag undirskrifaður, hafa umboðsmenn beggja aðila, samkvæmt þar til gefnu umboði, orðið ásáttir um það, er hér fer á eftir:

Sérhver aðili hefir, án tillits til ákvæða í 3. gr. samnings þessa, heimild til, á grundvelli almennra ráðstafana að banna innflutning frá landi hins aðila, eða frá sérhverju þriðja landi, á slíkum frævörum, sem full ástæða er til að óttast að ekki séu hentugar landinu, sem þær eiga að flytjast inn í, þó með því skilyrði, að þær frumreglur, sem beitt er gagnvart frævörum annars aðila, séu þær hagkvæmustu, sem beitt er gegn þesskonar vörum frá sérhverju öðru landi.

Þessu til staðfestu hafa umboðshafar gert þessa bókun, sem á að hafa sama gildi og áhrif eins og ákvæði hennar væru tekin upp í sjálfan samninginn.

Gerð í tveim eintökum í Helsingfors, hinn 23. desember 1923.

F. Lerche. (L. S.)

Slutprotokoll.

Vid undertecknandet denna dag av handels- och sjöfartsfördraget mellan Finland och Island hava de båda parternas fullmäktige, därtill behörigen bemyndigade, enats om följande:

Med avseende å det mellan Island

Lokabókun.

Um leið og framanritaður verzlunar- og siglingasamningur milli Íslands og Finnlands var í dag undirskrifaður, hafa umboðsmenn beggja aðila, samkvæmt þar til gefnu umboði, orðið ásáttir um það, er hér fer á eftir:

och Danmark i överensstämmelse med innehållet av den isländsk-danska förbundslagen den 30 november 1918 rådande förhållandet, är utan vidara givet, att Finland icke på grund av i ovannämnda traktat ingående bestämmelser skall kunne fordra de särskilda förmåner, som Island medgivit eller framdeles kan komma att medgiva Danmark.

Till bekräftelse härav hava de befullmäktigade ombuden undertecknat detta protokoll, och försett detsamma med sina sigill.

Som skedde i Helsingfors, i två exemplar, den 21 december 1923.

Vegna samningsástands þess, sem er milli Íslands og Danmerkur samkvæmt ákvæðum íslenzk-danskra sambandslaga frá 30. nóvember 1918, leiðir það af sjálfu sér, að frá Finnlands hálfu er ekki unnt vegna ákvæða samnings þessa að gera kröfur til þeirra sérstöku sérréttinda, sem Ísland hefir veitt Danmörku eða kann að veita síðar.

70
4. nóv.

Til staðfestu þessu hafa umboðshafar undirritað þessa bókun og sett undir hana innsigli sín.

Gerð í tveim eintökum í Helsingfors, hinn 21. desember 1923.

Hj. J. Procopé. (L. S.)

Eemil Hynninen. (L. S.)

F. Lerche. (L. S.)

Fullgildingarskjölum skipzt á í Helsingfors, 4. júlí 1924.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 4. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

71
4. nóv.

AUGLÝSING

um

verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Lettlands.

Stjórnir Íslands og Lettlands hafa 3. nóvember 1924 gert svo hljóðandi verzlunar- og siglingasamning, sem saminn hefir verið á frönsku.

Samningur.

L'Islande d'un côté et la Lettonie de l'autre côté, désirant favoriser et développer les relations économiques entre lesdits Pays, ont résolu de conclure un Traité de Commerce et de Navigation. À cet effet le Gouvernement Danois, au nom de l'Islande, en vertu de la loi unionelle dano-islandaise, et le Gouvernement Letton ont nommé en qualité de Plénipotentiaires, savoir:

pour l'Islande:

Monsieur J. Clan, Envoyé Extraordinaire et Ministre Plénipotentiaires Mission spéciale,

pour la Lettonie:

Monsieur Louis Seja, Ministre des Affaires Étrangéres, lesquels, après s'être communiqué leurs pleins-pouvoirs respectifs, trouvés en bonne et dûe forme, sont convenus des articles suivants:

Article I.

L'Islande et la Lettonie s'engagent à s'accorder séciproquement en tout ce qui concerne leur commerce, leur industrie et leur navigation un traitement au moins aussi

Með því að Íslandi annarsvegar og Lettlandi hinsvegar er hugleikið að greiða fyrir og efla hin þjóðhagslegu viðskipti milli landanna, hafa þau ákveðið að gera með sér verzlunar- og siglingasamning. Í þessum tilgangi hefir danska ríkisstjórnin í umboði Íslands samkvæmt dansk-íslenzkum sambandslögum, og stjórn Lettlands útnefnt sem umboðsmenn sína:

Fyrir Ísland:

Herra J. Clan, sérlegan sendiherra og ráðherra með sérstöku umboði,

Fyrir Lettland:

Herra Louis Seja, utanríkismálaráðherra, sem eftir að hafa tjáð hvor öðrum umboð sín, sem reyndust vera góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfylgjandi greinar:

1. grein.

Ísland og Lettland skuldbinda sig til að veita hvort öðru í öllu því er lýtur að verzlun þeirra, iðnaði og siglingum, jafn góð kjör sem þau, er veitt eru, eða veitt kunna

favorable que celui qui est accordé ou pourrait être accordé à la nation la plus favorisée.

Article II.

Pour ce qui concerne le commerce, le traitement de la nation la plus favorisée s'appliquera spécialement aux droits d'importation et d'exportation et à tous autres droits de nature quelconque, ainsi qu'aux autres conditions pour l'importation et l'exportation, le transit et le transport des marchandises et aux prohibitions ou restrictions d'importation et d'exportation, à moins que celles-ci ne soient jugées nécessaires pour assurer la sécurité de l'Etat ou la sûreté publique ou pour des motifs sanitaires ou vétérinaires.

Article III.

Pour ce qui concerne la navigation, le traitement de la nation la plus favorisée s'appliquera spécialement aux droits de nature quelconque, ainsi qu'à l'égard de l'accès des navires à charger et décharger des marchandises et de toutes les formalités relatives aux navires et à leur équipage.

Artcle IV.

La nationalité des navires devra être réciproquement reconnue conformément aux documents et certificats se trouvant à bord du navire et qui à cet effet sont délivrés par les autorités compétentes de chacun des deux Pays en conformité des dispositions légales en vigueur et qui autorisent le navire à battre le pavillon du Pays en question.

að verða þeirri þjóð, sem beztu kjörum sætir. 71 4. nóv.

2. grein.

Að því er lýtur að verzlun skal ákvæðið um beztu kjör sérstaklega ná til aðflutnings- og útflutningsgjalda, svo og til sérhverra annara gjalda, og annara skilyrða, sem sett eru fyrir innflutningi og útflutningi, flutningi á vörum yfir og um löndin og um bönn eða tálmanir á innflutningi og útflutningi, nema því að eins að slíkar ráðstafanir séu álitnar nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi ríkisins eða almennings, eða til þess að vernda heilbrigði manna eða dýra.

3. grein.

Að því er snertir siglingar skal beztu kjara ákvæðið sérlega ná til hverskonar gjalda, svo og til fermingar og affermingarmöguleikanna fyrir skip, ennfremur til allra fyrirmæla viðvíkjandi skipum og áhöfn þeirra.

4. grein.

Þjóðerni skipa ber gagnkvæmt að viðurkenna samkvæmt skjölum og skilríkjum, er skipið hefir meðferðis, sem hafa verið gerð handa skipinu af hlutaðeigandi yfirvöldum í hvoru landinu um sig samkvæmt gildandi lagafyrirmælum, og sem jafnframt heimila skipinu að bera fána þess landsins, er hlut á að máli.

71 4. nóv.

Une convention spéciale pourra régler la reconnaissance réciproque des certificats de jaugeage et de navigabilité.

Article V.

Les ressortissants ainsi que les sociétés de caractère économique de l'un des Pays Contractants jouiront à l'égard de l'accès à l'autre Pays, d'y acquérir et d'y posséder des biens meubles et immeubles, et d'y exercer leur industrie ou industrie ainsi qu'à l'égard des impôts et taxes de quelque nature qu'ils soient, d'un traitement aussi favorable que celui qui est accordé aux ressortissants et aux sociétés de la nation la plus favorisée.

Article VI.

L'Islande n'invoquera pas les dispositions du présent Traité pour réclamer les franchises, immunités et privilèges que la Lettonie reconnaît ou reconnaîtra à un des Etats Baltique (Finlande, Estonie, Lituanie) en raison d'accords particuliers. Il en est de même en ce qui concerne les privilèges que la Lettonie pourrait accorder à l'Union des Républiques Soviétistes Socialistes en vertu des conventions ou d'accords douaniers spéciaux.

Toutefois il est entendu que l'Islande pourra réclamer immédiatement lesdits avantages au cas où ils auraient été accordés par la Lettonia à un des Etats non cités ci-dessus.

Article VII.

Le présent Traité sera ratifié

Með sérstökum samningi má setja ákvæði um gagnkvæma viðurkenningu á mælinga- og haffæraskírteinum.

5. grein.

Ríkisborgarar, svo og félög stofnuð í hagsmunaskyni hvors samningslandanna um sig, skulu njóta eins góðra kjara og ríkisborgarar og félög þess ríkis, er nýtur beztu kjara, að því er snertir aðgang að hinu landinu, réttinn til þess að eignast þar og ráða yfir fasteignum og lausafé, og til þess að reka þar iðnað, svo og með tilliti til hverskonar skatta- og gjaldaálaga.

6. grein.

Ísland getur ekki með tilvísun til ákvæða þessa samnings, gert kröfu um tollfrelsi, ívilnanir og sérréttindi, sem Lettland hefir veitt, eða kann að veita einhverju Eystrasaltslandanna (Finnlandi, Eistlandi eða Lithaugalandi) í samningum sérstaklegs eðlis.

Sama gildir um sérréttindi, sem Lettland kann að veita Rússlandi með sérstökum tollsamningum eða samkomulögum.

Það er þó tilskilið að Ísland getur strax krafizt þessara hagræða ef Lettland veitir einhverju landi, sem ekki er nefnt hér að ofan, rétt til þeirra.

7. grein.

Samning þennan ber að staðfesta

et les ratifications en seront échangées à Riga aussitôt que faire se pourra.

Il entrera en vigueur immédiatement après l'échange des ratifications et demeurera encore en vigueur un an à compter du jour où il aura été dénoncé par l'une des Parties Contractantes.

En foi de quoi, les Plénipotentiaires ont signé le présent Traité et l'ont revêtu de leurs cachets.

Fait en double exemplaire à Riga, le 3 novembre 1924.

J. Clan. L. Seja.

Protocole Final.

Les Soussignés, réunis en date d'aujourd'hui pour signer le Traité de Commerce et de Navigation ci-contre, sont convenus de ce qui suit:

Considérant les relations qui, conformément au contenu de la loi unionelle du 30 nevembre 1918, existent entre le Danemark et l'Islande, il est entendu que les dispositions du susdit Traité ne pourront pas, de la part de la Lettonie, être invoquées pour réclamer les avantages spéciaux que l'Islande à accordés ou pourrait à l'avenir accorder au Danemark.

En foi de quoi les Plénipotentiaires ont signé le présent Protocole.

Fait à Riga, en double exemplaire, le 3 novembre 1924.

J. Clan. L. Seja.

og staðfestingarskjölum skipzt á í Riga eins fljótt og auðið er. **71** 4. nóv.

Samningurinn gengur í gildi undir eins eftir áskiptingu staðfestingarskjalanna og heldur áfram að vera gildandi eitt ár frá þeim degi að honum hefir verið sagt upp af öðrumhvorum samningsaðilanum.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað samning þennan og sett við hann innsigli sín.

Samin í tveim eintökum í Riga, 3. nóvember 1924.

J. Clan. L. Seja.

Lokaákvæði.

Undirritaðir, er hafa mætzt í dag til þess að undirskrifa hjálagðan verzlunar- og siglingasamning, hafa orðið ásáttir um það, sem hér fer á eftir:

Að athugaðri afstöðu þeirri, sem samkvæmt sambandslögunum frá 30. nóvember 1918 er á milli Íslands og Danmerkur, er samkomulag um, að Lettland getur ekki vísað til ákvæða samningsins, er hér fer á undan, til þess að krefja handa sér þau sérréttindi, sem Ísland hefir veitt eða kann síðarmeir að veita Danmörku.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað lokaákvæði þessi.

Gert í tveim eintökum í Riga, 3. nóvember 1924.

J. Clan. L. Seja.

Staðfestingarskjölum skipzt á í Riga, 30. janúar 1926.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 4. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

72
4. nóv.

AUGLÝSING

um

ákvæði, sem sett hafa verið milli Íslands og Finnlands, um gagnkvæma vernd fyrir vörumerki.

Yfirlýsing.

Sedan Finland och Island funnit ändamålsenligt att ömsesidigt skydda finska och isländska fabriks- och varumärken, hava undertecknade, därtill behörigen bemyndigade, överenskommit om följande bestämmelser:

Artikel I.

De bägge kontraherande staternas medborgara äga på den andra statens område samma skydd som denna stats lagstiftning tilerkänner eller kan komma att tillerkänna statens egna medborgara i avseende å fabriks- och varumärken, under förbehåll, att de villkor och formaliteter, som åligga statens egna medborgara, uppfyllas.

Artikel II.

Den, som i behörig ordning i någotdera landet gjort ansökan om skydd för fabriks- eller varumärke — så och hans rättsinnehavera, skall under förbehåll av tredje manns rätt, för ansökan i det andra landet äga företrädesrätt, som skal hava fyra månaders giltighet.

Den, som på grund av tidligare i det ena landet gjord ansökan

Með því að Finnlandi og Íslandi virðist heppilegt að veita finnskum og íslenzkum verksmiðju- og vörumerkjum gagnkvæma vernd, hafa undirritaðir, sem þar til hafa gilt umboð, orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði:

1. grein.

Ríkisborgarar beggja samningslandanna skulu í landi hins njóta sömu verndar fyrir verksmiðju- og vörumerki, sem lög þessa ríkis veita eða kunna að veita eigin ríkisborgurum, enda séu skilyrði þau og formsatriði, sem sett eru ríkisborgurum landsins, uppfyllt.

2. grein.

Hver sá, sem í öðruhvoru landinu hefir sent gilda beiðni um vernd fyrir verksmiðju- eða vörumerki — svo og sá er nýtur réttarins — skal, að áskildum rétti þriðja manns, njóta forréttar í fjóra mánuði til þess að senda beiðni til hins landsins.

Nú andmælir einhver þessum forrétti sökum fyrri beiðnar í öðruhvoru landinu og ber hann þá,

vill taga i anspråk denna företrädesrätt, åligger att vid ansökan i det andra landet uppgiva, när ansökan i förstnämnda land gjorts.

Artikel III.

Varje i hemlandet vederbörligen registrerad fabriks- eller varumärke skall i det andra landet godkännas till inregistrering och därstädes som sådant åtnjuta skydd, därest icke märket är sådant, att dess inregistrering av detta lands lagstiftning förbjudes.

Dock skola de kontraherande staternas medborgare i det andra landet icke åtnjuta vidsträcktare skydd eller skydd under längre tid än de komma i åtnjutande av i det egna landet.

Artikel IV.

Denna deklaration skall träda i kraft i vartdera landet efter dess officiella kungörande och skall gälla intill dess sex månader förflutit sedan densamma blivit från någondera sidan uppsagd.

Till bekräftelse härav hava undertecknade underskrivit denna deklaration och försett densamma med sina sigill.

Som skedde i Köbenhamn i två exemplar, den 7 mars 1925.

För Island

Moltke. Idmann.

þegar hann sendir beiðni til hins landsins, að gera grein fyrir hvenær beiðni hafi verið send til fyrra landsins. 72 4. nóv.

3. grein.

Hvert það verksmiðju- eða vörumerki, sem í heimalandinu hefir verið skrásett löghlýðilega, skal í hinu landinu vera réttbært til skrásetningar, og njóta þar þar af leiðandi lögverndar, svo framarlega sem merkið ekki er slíkt, að skrásetning þess sé lögbönnuð í síðarnefndu landi.

Þó skulu ríkisborgarar samningslandanna ekki njóta frekari verndar, né heldur í lengri tíma í hinu landinu, heldur en þeir njóta í sínu eigin landi.

4. grein.

Samningur þessi gengur í gildi í hvoru landinu um sig þegar hann hefir verið löglega birtur og skal vera í gildi þar til sex mánuðum eftir að honum hefir verið sagt upp af öðrum hvorum aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir skrifað undir yfirlýsingu þessa og sett við hana innsigli sín.

Samin í tveim eintökum í Kaupmannahöfn, 7. marz 1929.

Fyrir Ísland

Moltke. Idmann.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 4. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

73
8. nóv.

AUGLÝSING

um

verzlunar- og siglingasamning milli Íslands og Póllands.

Stjórnir Íslands og Póllands hafa 22. marz 1924 gert svo hljóðandi verzlunar- og siglingasamning , sem saminn hefir verið á frönsku.

Samningur.

L'Islande d'un côté et la Pologne de l'autre coté désirant favoriser le développement des relations commerciales et maritimes entre lesdits pays, ont résolu de conclure un Traité de Commerce et de Navigation. À cet effet le Gouvernement Danois, au nom de l'Islande en vertu de la loi unionelle dano-islandaise et le Gouvernement Polonais ont nommé en qualité de Plénipotentiaires, savoir:

pour l'Islande:

Son Excellence Monsieur Niels Peter **Arnstedt,** Envoyé Extraordinaire et Ministre Plénipotentiaire de Sa Majesté le Roi de Danemark et d'Islande, à Varsovie:

pour la Pologne:

Monsieur Maurycy **Zamoyski,** Ministre des Affaires Étrangéres,

Monsieur Jozef **Kiedron,** Ministre de l'Industrie et du Commerce,

lesquels, après s'être communiqué leurs pleins-pouvoirs respectifs trouvés en bonne et dûe forme, sont convenus des articles suivants:

Article I.

L'Islande et la Pologne s'enga-

Með því að Íslandi annarsvegar, og Póllandi hinsvegar, leikur hugur á að tryggja og auka verzlunar- og siglingaviðskifti milli landanna, hafa þau ákveðið að gera með sér verzlunar- og siglingasamning. Í þessu skyni hefir danska ríkisstjórnin í umboði Íslands samkvæmt dansk-íslenzkum sambandslögum, og pólska ríkisstjórnin, útnefnt sem umboðsmenn sína:

Fyrir Ísland:

Hans tign herra Niels Peter Arnstedt, sérlegan sendiherra og ráðherra með umboði Hans hátignar konungs Íslands og Danmerkur, í Varsjá.

Fyrir Pólland:

Herra Maurycy Zamoyski, utanríkismálaráðherra.

Herra Józef Kiedrón, iðnaðar- og verzlunarmálaráðherra, sem eftir að hafa tjáð hvor öðrum umboð sín, sem reyndust vera góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi greinar:

1. grein.

Ísland og Pólland skuldbinda sig

gent à s'accorder réciproquement en tout ce qui concerne leur commerce, leur industrie et leur navigation un traitement au moins aussi favorable que celui qui est accordé ou pourra être accordé à la nation la plus favorisés.

til að veita hvort öðru í öllu því, er lýtur að verzlun þeirra, iðnaði og siglingum, jafn góð kjör sem þau, er veitt eru, eða veitt kunna að verða þeirri þjóð, er beztu kjörum sætir. 73 8. nóv.

Article II.

Pour ce qui concerne le commerce, le traitement de la nation la plus favorisée s'appliquera spécialement aux droits de nature quelconque, ainsi qu'aux autres conditions pour l'importation et l'exportation, le transit et le transport des marchandises et aux prohibitions d'importation et l'exportation, à moins que celles-ci ne soient jugées nécessaires pour assurer la sécurité publique ou pour des motifs sanitaires ou vétérinaires.

2. grein.

Að því er lýtur að verzlun skal ákvæðið um beztu kjör sérstaklega ná til aðflutnings- og útflutningsgjalda, svo og til sérhverra annara gjalda, og annara skilyrða, sem sett eru fyrir innflutningi og útflutningi, flutningi á vörum yfir og um löndin, og um bönn eða tálmanir á innflutningi og útflutningi, nema því að eins að slíkar ráðstafanir séu álitnar nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi þess opinbera, eða til þess að vernda heilbrigði manna eða dýra.

Article III.

Pour ce qui concerne la navigation, le traitement de la nation la plus favorisée s'appliquera spécialement aux droits de nature quelconque, ainsi qu'à l'égard de l'accès de navires à charger et décharger des produits et de toutes les formalités relatives aux navires et à leur équipage.

3. grein.

Að því er snertir siglingar skal beztu kjara ákvæðið sérstaklega ná til hverskonar gjalda, svo og til fermingar og affermingarmöguleikanna fyrir skip, ennfremur til allra fyrirmæla viðvíkjandi skipum og áhöfn þeirra.

Article IV.

Les navires battant le pavillon d'une des Hautes Parties Contractantes et munis des papiers et documents de bord exigés comme preuve de la nationalité des navires

4. grein.

Skip, sem sigla undir fána annarshvors hinna háu samningsaðila, og hafa meðferðis skipsskjöl og skilríki, er krafizt er sem sönnun um þjóðerni verzlunarskipa í lög-

73 8. nóv.

de commerce par la législation de cette Parties, seront considérés comme navires de cette Partie dans les eaux territoriales de l'autre.

Une convention spéciale réglera la reconnaissance réciproque des certificates de jaugeage et de navigabilité, délivrés par les autorités compétentes.

um hlutaðeigandi aðila, skulu vera viðurkennd sem skip sama lands innan landhelgis hins samningsaðilans.

Með sérstökum samningi skal kveða á um gagnkvæma viðurkenningu á mælinga- og haffærisskírteinum, sem gerð eru af hlutaðeigandi yfirvöldum.

Article V.

En cas d'échouement d'un navire de l'une des Parties Contractantes sur les côtes de l'autre, le plus proche officier consulaire du pays, auquel appartient le navire, en sera informé le plutôt possible par les autorités locales, qui, de toute façon, devront prêter leurs concours pour la sauvegarde de tous les intérêts dans le sauvetage du navire et de la cargaison. Les produits sauvés ne seront passibles d'aucun droit de douane, à moins qu'ils ne soient admis à la consommation intérieure.

5. grein.

Ef skip, sem á heima í öðruhvoru landinu strandar í hinu landinu, skulu yfirvöldin á staðnum tilkynna strandið eins fljótt og unnt er næsta ræðismanni landsins, er skipið tilheyrir, og skulu yfirvöldin veita honum hverskonar aðstoð í viðleitni hans að gæta allra hagsmuna við björgun skips og farms. Engan toll skal greiða af vörum þeim, sem bjargað er, nema þær séu teknar í land til neyzlu í landinu.

Article VI.

Les ressortissants jouiront à l'égard du libre accès au territoire de l'autre pays et du droit de s'y fixer et y exercer leur commerce, industrie et professions, d'un traitement aussi favorable que celui, qui est accordé aux ressortissants de la nation la plus favorisée, y compris également ce qui concerne la taxation des personnes et de l'exercice du commerce, industrie et professions.

6. grein.

Ríkisborgarar skulu njóta eins góðra kjara og ríkisborgarar þeirrar þjóðar, er beztu kjörum sætir um frjálsan aðgang að hinu landinu, og til þess að setjast þar að, og reka verzlun, iðnað eða atvinnu. Sama gildir um persónulega skatta, og skatta á rekstri verzlunar, iðnaðar og atvinnu.

Article VII.

Les sociétés civiles et commercia-

7. grein.

Einkafélög og verzlunarfélög,

les qui sont valablement constituées d'après les lois d'une des Parties Contractantes et qui ont leur siège social sur son territoire, verront leur existence juridique reconnue dans l'autre Partie pourvu qu'elles ne poursuivent pas un but illicite ou contraire aux moeurs, et auront en se conformant aux lois et réglements et sous les mêmes conditions que les sociétés du pays, libre et facile accès auprés des Tribunaux, soit pour intenter une action, soit pour y défendre, ainsi qu'auprès des autorités.

Les sociétés civiles et commerciales ainsi reconnues de chacune des Parties Contractantes pourront, si les lois de l'autre Partie ne s'y opposent et en se soumettant aux lois et règlements de cette Partie, s'établir sur son territoire, y fonder des filiales et succursales et é exercer leur industrie. Sont toutefois exceptées les branches du commerce et les industries qui, en raison de leur caractère d'utilité générale, y compris les sociétés financières et d'assurances, seraient soumises à des restrictions spéciales applicables à tous les pays.

Les sociétés une fois admises conformément aux lois et prescriptions qui sont ou seront en vigueur sur le territoire du pays respectif, ne seront assujetties à des impôts, taxes ou contributions quelque soit la dénomination ou l'espèce, autres ou plus élevés que ceux qui sont imposés ou pourront être imposés

sem eru löglega stofnuð samkvæmt lagafyrirmælum annars samningsaðilans, og hafa heimilisfang í því landi, skulu njóta réttarviðurkenningar hins aðilans hafi þau ekki ólöglegt eða ósiðlegt markmið, og skulu, gegn því að uppfylla lögin og settar reglur, hafa frjálsan og greiðan aðgang jafnt innlendum félögum að dómstólunum, hvort heldur sem málssækjandi eða málsverjandi, og óskorðaðan rétt til þess að leita til yfirvaldanna. 73 8. nóv.

Einkafélög og verzlunarfélög, sem eru þannig viðurkennd af sérhverjum samningsaðilanum, hafa heimild til, ef það er ekki bannað í lögum hins aðilans, að setjast að í landi hans, setja þar á stofn útibú og reka þar atvinnu sína, ef þau uppfylla lög og reglur þessa aðila.

Þó eru undanskildar þær tegundir verzlunar og iðnaðar, sem, af því að þær að eðli til hafa almennt nota gildi, þar á meðal fjáröflunarfélög og vátryggingarfélög, eru háð sérstökum tálmunum, er gilda gagnvart öllum löndum. Félög þau er hafa verið leyfð í hlutaðeigandi landi samkvæmt lögum og fyrirmælum, sem eru eða kunna að verða í gildi, skulu ekki sæta öðrum né þyngri sköttum, gjöldum eða álögum, hvert sem heiti þeirra er, eða hverrar tegundar, en félög þeirrar þjóðar, er beztu kjörum sætir.

Ekki má skattleggja annað en þann hluta eignar, sem raunverulega finnst í landi því, sem skattanna, gjaldanna eða álaganna er

73 8. nóv.

aux sociétés de la nation la plus favorisée.

Ne pourront être taxées que la partie de l'actif social se trouvant effectivement dans le pays où sont perçus les impôts et taxes ou contributions, et les affaires qui y sont opérées.

krafizt í, og þau fyrirtæki, sem þar eru rekin.

Article VIII.

Le présent Traité sera ratifié, et les ratifications en seront échangées à Varsovie, aussitôt que faire se pourra.

Il entera en vigueur le quinzième jour après l'échange des ratifications.

Le Traité est conclu pour la durée d'un an, cependant s'il n'est pas dénoncé à l'expiration de ce délai, il sera prolongé par voie de tacite réconduction pour une période indéterminée et sera dénonçable en tout temps.

En cas de dénonciation, il demeurera encore en vigueur six mois à compter du jour où l'une des Parties Contractantes aura notifié à l'autre son intention d'en faire cesser les effets.

En foi de quoi les Plénipotentiaires ont signé le présent Traité.

Fait en double, à Varsovie, le vingt-deux mars, mil neuf cent vingt-quatre.

Maurycy Zamoyski.
N. P. Arnstedt.
Józef Kiedrón.

8. grein.

Samning þennan ber að fullgilda og fullgildingarskjölin afhendist í Varsjá eins fljótt og auðið er.

Hann gengur í gildi á fimmtánda degi eftir áskiptingu fullgildingarskjalanna.

Samningurinn er gerður fyrir eitt ár, en verði honum ekki sagt upp við lok þessa tímabils, skal hann framlengdur með þögninni í óákveðinn tíma, og má segja honum upp hvenær sem er.

Ef um uppsögn er að ræða heldur samningurinn áfram að vera í gildi í sex mánuði frá þeim degi, að annar aðilinn hefir tilkynnt hinum áform sitt að upphefja samninginn.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað samning þennan.

Saminn í tveim eintökum í Varsjá 22. marz 1924.

Maurycy Zamoyski.
N. P. Arnstedt.
Józef Kiedrón.

Protocole final.

Les Soussignés réunis en date d'aujourd'hui afin de signer le

Lokaákvæði.

Undirritaðir, sem hafa mætzt í dag til að undirskrifa verzlunar- og

Traité de Commerce et de Navigation ci-contre, sont convenus de ce qui suit:

Considérant les relations qui, conformément au contenu de la loi unionelle du 30 novembre 1918, existant entre le Danemark et l'Islande, il est entendu que les dispositions du susdit traité ne pourront pas, de la part de la Pologne, être invoquées pour réclamer les avantages spéciaux que l'Islande a accordés ou pourrait à l'avenir accorder au Danemark.

En foi de quoi les Plénipotentiaires ont signé le présent protocole.

Fait à Varsovie en double exemplaire, le vingt-deux mars mil neuf cent vingt-quatre.

Maurycy Zamoyski.
N. P. Arnstedt.
Józef Kiedrón.

PROTOCOLE ADDITIONNEL.

Article premier.

Les Hautes Parties Contractantes sont d'accord que la Pologne aura la faculté, pandant la dureé du présent Traité, d'étendre à la Ville Libre de Dantzig l'efficacité de tous les privilèges et obligations résultant des dispositions de ce Traité, en le notifiant au Gouvernement Royal Danois.

Article II.

Afin d'exécuter la disposition de l'article précédant, les deux Parties Contractantes échangeront des notes de la teneur suivante:

siglingasamning þann, er hér fer á undan, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi ákvæði. **73** 8. nóv.

Að athugaðri afstöðu þeirri, sem er á milli Íslands og Danmerkur samkvæmt efni sambandslaganna frá 30. nóvember 1918, er það áskilið, að frá Póllands hálfu er ekki unnt, með skírskotun til fyrgreinds samnings, að gera kröfur til þeirra sérstöku réttindi, sem Ísland hefir veitt eða kann síðarmeir að veita Danmörku.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað lokaákvæði þessi.

Gert í tveim eintökum í Varsjá 22. marz 1924.

Maurycy Zamoyski.
N. P. Arnstedt.
Józef Kiedrón.

Viðbótarákvæði.

1. grein.

Hinir háu samningsaðilar eru ásáttir um, að Pólland hefir rétt til, meðan að samningur þessi er í gildi, að færa út til hinnar óháðu borgar, Danzig, verkanir allra réttinda og skyldna, er leiða af ákvæðum samningsins, með því að tilkynna það hinni konunglegu ríkisstjórn Danmerkur.

2. grein.

Til þess að framkvæma ákvæði greinarinnar, er hér fer næst á undan, munu samningsaðilarnir skiptast á erindum þess efnis, er hér fer á eftir:

73 8. nóv.

I. — Note du Gouvernement de la République Polonaise:

„J'ai l'honneur de porter à la connaissance de Votre Excellence que les dispositions du Traité de Commerce et de Navigation, qui à été signé le 22 mars 1924 entre la Pologne et l'Islande s'étendront également à la Ville Libre de Dantzig dès le ....

Veuillez agréer, Monsieur le Ministre, l'assurance de ma haute considération".

II. — Note du Gouvernement Royal de Danemark:

„J'ai l'honeur d'accuser réception de la Note No. .... en date de ce jour par la quelle Votre Excellence me fait savoir que les dispositions du Traité de Commerce et de Navigation, qui a été signé le 22 mars 1924 entre l'Islande et la Pologne, s'étendront également à la Ville Libre de Dantzig dès le .....

Veuillez agréer, Monsieur le Ministre, l'assurance de ma haute considération".

I. — Erindi ríkisstjórnar Póllands:

„Eg hefi þann heiður að skýra yðar tign frá, að ákvæði verzlunar- og siglingasamningsins, sem var gerður 22. marz 1924 milli Póllands og Íslands, gildi jafnt fyrir hina óháðu borg, Danzig, frá ....

Eg leyfi mér að fullvissa ráðherrann um sérstaka virðingu mína".

II. — Erindi hinnar konunglegu ríkisstjórnar Danmerkur:

„Eg hefi þann heiður að viðurkenna móttöku erindis nú .... þessa dags, þar sem þér hafið skýrt mér frá, að ákvæði verzlunar- og siglingasamningsins, sem gerður var 22. marz 1924 milli Íslands og Póllands, gildi jafnt fyrir hina óháðu borg, Danzig, frá .....

Eg leyfi mér að fullvissa ráðherrann um sérstaka virðingu mína."

Article III.

Le Présent Protocole qui constitue une partie intégrale du Traité de Commerce et de Navigation entre l'Islande et la Pologne signé ce jour à Varsovie, sera ratifié en même temps que le Traité cidessus.

En foi de quoi les Plenipotentiaires ont signé le présent Protocole

3. grein.

Þessi ákvæði, sem eru efnishluti verzlunar- og siglingasamnings, sem gerður var á þessum degi í Varsjá milli Íslands og Póllands, skulu fullgild um leið og samningurinn, sem hér fer á undan.

Þessu til staðfestu hafa umboðsmennirnir undirritað þessi viðbótarákvæði.

Fait à Varsovie, en double exemplaire, le vingt deux mars mil neuf cent vingt-quatre.

Gert í Varsjá í tveim eintökum 22. marz 1924. 73 8. nóv.

Maurycy Zamoyski.
N. P. Arnstedt.
Józef Kiedrón.

Maurycy Zamoyski.
N. P. Arnstedt.
Józef Kiedrón.

Fullgildingarskjölum skipzt á í Varsjá, 13. ágúst 1924.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 8. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

AUGLÝSING

74 9. nóv.

um

samkomulag milli Íslands og Síams snertandi ríkisborgarana og viðskipti landanna.

Stjórnir Íslands og Síams hafa með bréfum, dags. 1. september 1925, ákvarðað, að vináttu-verzlunar- og siglingasamningurinn milli Síams og Danmerkur frá 21. maí 1858, og seinni samningar, gildi ekki frá dagsetningardegi bréfanna í viðskiptum Íslands og Síams. Jafnframt er því lýst yfir af hálfu Síams, að það sé reiðubúið, verði það talið nauðsynlegt að koma skipun á viðskipti þess við Ísland með samningi, er verði í samræmi við meginreglurnar í samningi, er gerður var sama dag milli Síams og Danmerkur, og auk þess tekið fram, að ákvæði viðaukabókunar, sem undirrituð var um leið og nefndur samningur snertandi afstöðu dómsvaldsins til danskra þegna í Síam, nái einnig til íslenzkra ríkisborgara.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 9. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

75
11. nóv.

AUGLÝSING

um

samkomulag milli Íslands og Lithaugalands snertandi afstöðu landanna í verzlunar- og siglingamálum.

Stjórnir Íslands og Lithaugalands hafa með bréfum, dags. 18. júlí 1923, komið sér saman um ákvæði, er skulu gilda fyrst um sinn í verzlunar- og siglingaviðskiptum landanna.

Aðalefni samkomulagsins er fólgið í erindum þeim, er hér fara á eftir:

Ministère des Affaires Étrangères.

Copenhague, le 18 juillet 1923.

Monsieur le Ministre,

Le Gouvernement islandais et le Gouvernement lithuanien en ayant l'intention d'établir des relations commerciales intimes entre l'Islande et la Lithuanie, je soussigné, chargé, au nom de l'Islande, de la gestion des affaires étrangères de ce pays, ai l'honneur de faire savoir à Votre Excellence qui à condition de réciprocité les ressortissants lithuaniens et les marchandises, produites ou fabriquées en Lithuanie jouiront inconditionnellement sur le territoire islandais d'un traitement à tous les égards au moins aussi favorable que celui qui est accordé aux ressortissants et aux produits ou objets de fabrication du pays étranger le plus favorisé. Ce traitement est accordé dans toutes les affaires de commerce et de navigation à l'égard de l'importation, de l'exportation et du tran-

Utanríkismálaráðuneytið.

Kaupmannahöfn, 18. júlí 1923.

Herra ráðherra,

Þareð stjórnir Íslands og Lithaugalands hafa í hyggju að koma á fót nánum verzlunarviðskiptum milli þessara tveggja ríkja, hefi eg undirritaður, sem í Íslands nafni hefir verið falið að fara með utanríkismál þess lands, hérmeð þann heiður að tilkynna yðar hágöfgi, að þegnar Lithaugalands, og vörur, afurðir eða iðnaðarframleiðsla frá Lithaugalandi munu á Íslandi njóta skilirðislaust að minnsta kosti jafnhagstæðra kjara og veitt eru þegnum, afurðum eða iðnaðarvörum frá því erlendu ríki, er beztu kjörum sætir, gegn því að Íslands njóti sömu meðferðar frá Lithaugalands hálfu. Kjör þessi eru veitt í öllum verzlunar- og siglingasökum að því er snertir inn- og útflutning, og gegnumflutning á vörum, og yfirleitt í öllu því, er við kemur tollgjöldum, tollreglum og verzlunarviðskiptum þegna Lithauga-

sit et en général dans tout ce qui concerne les droits et formalités de douane et les opérations commerciales des ressortissants lithuaniens, leur accès à s'établir sur le territoire islandais, d'y acquérir et d'y posséder toute sorte de propriété, d'y faire le commerce, l'industrie et exercer d'autres professions *ainsi qu'au sujet des requisitions pour des objets d'intérêt militaire et public* et des impôts et autres droits ou contributions de quelque nature qu ils soient.

Les navires lithuaniens jouiront dans les ports islandais sur les cours d'eau et les mers territoriales d'Islande d'un traitement qui n'est pas moins favorable que celui qui est accordé aux navires islandais ou aux navires appartenant à la nation la plus favorisée, toutefois avec la réserve que le droit de faire le cabotage est exclusivement réservé aux navires islandais.

Le Gouvernement islandais s'engage en outre à condition de réciprocité à accorder la liberté du transit pour les personnes, les marchandises, les navires et bateaux, et les voitures, venant de ou allant en Lithuanie, qui passent en transit le territoire islandais, y comprises les eaux territoriales, et à leur accorder un traitement au moins aussi favorable que celui qui est accordé aux ressortissants, marchandises, navires, bateaux et voitures islandais et leur accorder en ce qui concerne les facilités, les droits, les restrictions et toute autre disposition un traitement aussi favorable que celui qui est accordé aux navires islandais ou aux navires appartenant à la nation la plus favorisée.

lands, heimild þeirra til að setjast að á Íslandi, öðlast þar og eiga hverskonar eignir, sem vera kunna, reka þar verzlun eða iðnað, og stunda þar aðra atvinnu, sömuleiðis að því er snertir kvaðir til hernaðar og opinberra þarfa, og skatta og önnur gjöld eða álögur, hverju nafni sem nefnast. **75** 11. nóv

Skip frá Lithaugalandi njóta í íslenskum höfnum, á íslenzkri skipaleið, og í landhelgi Íslands, eins hagstæðra kjara og veitt eru íslenzkum skipum eða skipum þeirrar þjóðar, er beztu kjörum sætir; þó er rétturinn til að halda uppi strandferðum áskilinn íslenzkum skipum eingöngu.

Íslenzka stjórnin skuldbindur sig ennfremur, gegn sömu kjörum frá Lithaugalands hálfu, til þess að veita fararfrelsi fólki, vörum, skipum og bátum og vögnum, sem koma frá eða fara til Lithaugalands, sem á leiðinni fara yfir íslenzkt land eða landhelgi, og að veita þeim að minnsta kosti jafn góð kjör og veitt eru íslenzkum þegnum, vörum, skipum, bátum og vögnum, og ennfremur að veita þeim að því er snertir ívilnanir, tollgjöld, höft, og öll önnur ákvæði, jafn góð kjör og þau sem veitt eru þegnum, vörum ,bátum, skipum og vögnum, íslenzkum eða annarar þjóðar, er betri kjörum sætir.

Fyrir vörur, sem fluttar eru gegnum landið, skal ekki greiða neinn toll né gjöld, að fráskildum þeim gjöldum, sem eingöngu eru ætluð til greiðslu kostnaðar vegna eftirlits og umsjónar í sambandi við slíkan flutning.

75 11. nóv.

vorable que celui qui est accordé aux ressortissants, marchandises, bateaux, navires et voitures islandais ou à ceux qui appartiennent à un autre pays plus favorisé.

Les marchandises en transit ne seront soumises à aucune taxe de douane ou de transit, sans préjudice toutefois des taxes destinées exclusivement à couvrir les frais de surveillance et d'administration afférentes à ce transit.

Sur les chemins de fer, lesdits marchandises jouiront en ce qui concerne l'expédition et les frais de transport du traitement appliqué à la nation la plus favorisée.

La Lithuanie ne pourra par suite des dispositons précitées exiger les faveurs que l'Islande a données ou donnera à l'avenir à la Norvège ou à la Suède ou à ces deux pays, tant que ces avantages ne sont pas accordés à un tiers Etat.

L'arrangement provisoire précité entrera en vigueur à partir de la date de la présente note et restera en vigueur jusqu'il soit dénoncé par l'une des parties avec un préavis de trois mois ou remplacé par un traité de commerce.

Veuillez agréer, Monsieur le Ministre, les assurances de ma haute considération.

C. M. T. Cold.

Á járnbrautum njóta nefndar vörur, að því er snertir afgreiðslu og fargjöld, sömu kjara og veitt eru þeirri þjóð, er beztu kjörum sætir.

Framangreind ákvæði gefa ekki Lithaugalandi rétt til að krefjast hlunninda þeirra, sem Ísland hefir veitt eða kann að veita Noregi eða Svíþjóð, eða þessum tveimur ríkjum, svo framarlega sem slík hlunnindi ekki eru veitt neinu þriðja ríki.

Framanritaður bráðabirgðasamningur gengur í gildi frá dagsetningu erindis þessa að telja, og gildir þangað til honum verður sagt upp af öðrumhvorum aðila, með þriggja mánaða fyrirvara, eða þangað til verzlunarsamningur kemur í hans stað.

Eg leyfi mér að fullvissa ráðherrann um mína sérstöku virðingu.

C. M. T. Cold.

Son Exellence
Monsieur Galvanauskas,
Ministre des Affaires Étrangères de Lithuanie.

Hans hágöfgi
herra Galvanauskas
utanríkismálaráðherra í Lithaugalandi.

Ministre des Affaires Étrangères.

Copenhague, le 18 juillet 1923.

Monsieur le Ministre,

Me référant aux deux notes que j'ai l'honneur d'adresser à Votre Excellence en date d'aujord'hui concernant les dispositions applicables aux relations commerciales entre le Danemark et l'Islande et la Lituanie je l'estime correct, bien que ce soit une chose qui va de soi, de faire remarquer à Votre Excellence — ainsi que Monsieur Biering a eu l'honneur de le dire de vive voix à Monsieur Klimas au cours de leur dernier entretien — que la Lituanie vu les relations qui existent entre le Danemark et l'Islande conformément à la loi unionelle dano-islandaise du 30 novembre 1918 ne pourra réclamer les avantages que le Danemark a accordés ou pourra à l'avenir accorder à l'Islande ni vice versa ceux que l'Islande a accordés ou pourrait à l'avenir accorder au Danemark.

Bien que cela semble entendu je mentionne aussi pour compléter que l'arrangement en question ne porte pas atteinte au droit des parties respectives d'exiger des passeports et des visas.

Veuillez agréer, Monsieur le Ministre, l'assurance de ma haute considération.

C. M. T. Cold.

Son Exellence
Monsieur Galvanuskas,
Ministre des Affaires Étrangères de Lithuanie.

Utanríkismálaráðuneytið. 75
11. nóv.

Kaupmannahöfn, 18. júlí 1923.

Herra ráðherra,

Með skírskotun til tveggja erinda, sem eg hafði þann heiður að skrifa yðar hágöfgi í gær, viðvíkjandi ákvæðum, er skulu gilda um verzlunarviðskipti milli Danmerkur og Íslands og Lithaugalands, tel eg rétt, þó að það reyndar leiði af sjálfu sér að taka fram við yðar hágöfgi — eins og herra Biering hafði þann heiður að segja munnlega við herra Klimas í síðustu viðræðum þeirra — að Lithaugaland getur ekki, sökum samningsástands þess, sem er á milli Danmerkur og Íslands samkvæmt dansk-íslenzkum sambandslögum frá 30. nóvember 1918, gert kröfur til þeirra hlunninda, sem Danmörk hefir veitt eða kann að veita Íslandi, né hinsvegar hlunninda þeirra, sem Ísland hefir veitt eða kann að veita Danmörku.

Þó það einnig virðist sjálfsagt, þá skal eg ennfremur leyfa mér að taka fram til áréttingar, að umræddur samningur skerðir ekki rétt hvors ríkisins fyrir sig til að heimta vegabréf eða áritanir á vegabréf.

Eg leyfi mér að fullvissa ráðherrann um mína sérstöku virðingu.

C. M. T. Cold.

Hans hágöfgi
herra Galvanauskas
utanríkismálaráðherra í Lithaugalandi.

75 11. nóv.

Af hálfu Lithaugalands er það tilskilið, að ákvæði samkomulagsins veiti ekki Íslandi rétt til að krefjast hlunninda þeirra, sem Lithaugaland hefir veitt eða kann að veita einhverju Eystrasaltslandanna: Finnlandi, Eistlandi eða Lettlandi eða þessum þremur ríkjum, á meðan að þessi hlunnindi eru ekki veitt þriðja ríki.

Ennfremur eru fráskildar þær ívilnanir snertandi verzlun, samgöngur og landamæra-viðskipti, sem Lithaugaland, vegna staðhátta kann að veita nágrannaríkjunum.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 11. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

76 12. nóv.

AUGLÝSING

um

samkomulag milli Íslands og Tékkóslóvakíu snertandi afstöðu landanna í verzlunar- og siglingamálum.

Stjórnir Íslands og Tékkóslóvakíu hafa með bréfum, dags. 8. maí 1924, komið sér saman um ákvæði, er gilda skulu í verzlunar- og siglingaviðskiptum landanna.

Aðalefni samkomulagsins er fólgið í erindi því er hér fer á eftir:

Monsieur le Ministre,

En exprimant le vif désir de favoriser et de développer les relations économiques entre l'Islande et la République Tchécoslovaque, j'ai l'honneur pour l'Islande, dûment autorisé, de faire savoir à Votre Excellence qu'à condition de réciprocité les ressortissants et les sociétés de caractère économique, les agents et voyageurs de commerce tchécoslovaques, munis d'une carte de légitimation dûment

Herra ráðherra,

Um leið og eg læt í ljós lifandi ósk um að tryggja og efla hin þjóðhagslegu viðskipti milli Íslands og lýðveldisins Tékkóslóvakíu, hefi eg, að þar til fenginni heimild, þann heiður, í umboði Íslands, að tilkynna yðar hágöfgi, að ríkisborgarar og fjáröflunarfélög, tékkóslóvakiskir verzlunarerindrekar og umferðasalar, sem hafa meðferðis heimildarskírteini réttilega gefin af hlutaðeigandi yfirvöldum lands

délivrée par les autorites compétentes de leur Pays, ainsi que les produits naturels ou fabriqués originaires et en provenance de la République Tchécoslovaque et les échantillons des voyageurs de commerce, jouiront inconditionnellement sur le territoire islandais d'un traitement à tous les égards aussi favorable que celui qui est accordé aux ressortissants, aux sociétés et aux produits naturels et aux produits naturels ou fabriqués de la nation la plus favorisée. Ce traitement est accordé notamment dans tout ce qui concerne les opérations commerciales des ressortissants et sociétés de caractère économique tchécoslovaque, leur accès à s'établir sur le territoire islandais, le droit d'y acquérir, d'y posséder toute sorte de propriété, d'y faire le commerse, d'y exercer l'industrie et toute autre profession, étant entendu que l'admission de toutes ces sociétés sur le territoire de l'autre Partie reste toujours subordonnée aux lois et préscriptions qui sont ou seront en vigueur dans le Pays respectif.

Le traitement de la nation la plus favorisée est accordé dans tout ce qui concerne les droits d'importation et d'exportation et les formalités douanières, le transit, ainsi qu'en matière de régime de contrôle des importations et exportations sorte que toute levée de prohibition ou restriction d'importation et d'exportation accordée même à titre temporaire au profit des produits d'une puissance tierce

76
12. nóv.

þeirra, svo og jarðargróður og iðnaðarframleiðsla, sem kemur frá, og á uppruna sinn í lýðveldinu Tékkóslóvakíu, og ennfremur sýnishorn umferðasala, njóta skilyrðislaust á Íslandi í sérhverju efni eins hagkvæmra kjara og þeirra, sem veitt eru ríkisborgurum, félögum, jarðar- og iðnaðarframleiðslu þeirrar þjóðar, er beztu kjörum sætir, enda njóti Ísland sömu réttinda af hálfu Tékkóslóvakíu.

Þessi kjör eru sérstaklega veitt í öllu því, er lýtur að verzlunarframkvæmdum ríkisborgara og fjáröflunarfélaga, heimild þeirra til þess að setjast að á Íslandi, réttinn til þess að afla þar og halda hverskonar eign, reka þar verzlun, iðnað og sérhverja aðra atvinnu, allt saman með þeim skilmála, að aðgangsheimildin fyrir öll þessi félög að landi hins aðilans fer ávallt eftir lögum og fyrirmælum, sem eru eða kunna að verða í gildi í hlutaðeigandi landi.

Beztu kjara ákvæðið nær til alls, er lýtur að inn- og útflutningsgjöldum, tollreglum, flutningi yfir landið, eftirliti með inn- og útflutningi, þannig, að allskonar ívilnanir í aðflutnings- og útflutningsbönnum og tálmunum, sem veittar eru, þó ekki sé nema um stundarsakir, afurðum þriðja ríkis, skulu undireins og skilyrðislaust ná til samskonar eða líkra afurða, sem koma frá og eiga uppruna sinn í lýðveldinu Tékkóslóvakíu, að undanskildum bönnum og tálmunum, sem í gildi eru eða sett verða vegna öryggis þess opinbera, af heilbrigðis-

76 12. nóv.

s'appliquera immédiatement et inconditionnellement aux produits identiques ou similaires, originaires et en provenance de la République Tchécoslovaque, sous réserve des prohibitions ou restrictions maintenues ou imposées pour des raisons de sécurité publique, de santé ou comme précaution contre les maladies des animaux, ou des plantes utiles, ainsi que pour les marchandises faisant objet d'un monopole d'Etat.

Un traitement bienveillant sera accordé de la part de l'Islande en ce qui concerne l'octroi de permissions d'importation dans l'Islande pour les produits tchécoslovaques.

Les navires tchécoslovaques jouiront dans les ports Islandais et sur les cours d'eau de l'Islande d'un traitement qui ne sera pas moins favorable que celui qui est ou sera accordé aux navires de la nation la plus favorisée, toutefois sous réserve du droit de faire le cabctage.

Sur les chemins de fer, les marchandises tchécoslovaques jouiront, en ce qui concerne l'expedition et tous les frais de transport, du traitement appliqué à la nation la plus favorisée.

Considérant les relations, qui existent entre l'Islande et le Danemark conformément à la lois unionelle dano-islandaise du 30 novembre 1918, la République Tchécoslovaque ne pourra pas réclamer les avantages que l'Islande à accordés ou pourrait à l'avenir accorder au Danemark.

ástæðum, eða til varnar gegn sjúkdómum dýra eða nytjajurta, svo og snertandi vörur, sem ríkið hefir einkasölu á.

Ísland mun sýna velvild við veitingu leyfa til innflutnings til Íslands á tékkóslóvakiskum afurðum.

Tékkóslóvakisk skip skulu í íslenzkum höfnum og á íslenzkri skipaleið njóta eins góðra kjara og þau, sem veitt eru skipum þeirrar þjóðar, er beztu kjörum sætir, þó að fráskildri heimildinni til strandferða.

Á járnbrautum skulu tékkóslóvakískar vörur njóta þeirra kjara, sem veitt eru þeirri þjóð, er beztu kjörum sætir að því er snertir afgreiðslu og allan flutningskostnað.

Að athuguðu sambandi því, sem er á milli Íslands og Danmerkur samkvæmt dansk-íslenzkum sambandslögum frá 30. nóvember 1918, hefir Tékkóslóvakía ekki heimild til að krefjast hlunninda þeirra, sem Ísland hefir veitt, eða kann síðar meir að veita Danmörku.

Ísland mun ekki, með skírskotun til undanfarandi ákvæða, gera kröfu til hlunninda, sem lýðveldið Tékkóslóvakía kann að veita Austurríki eða Ungverjalandi með sérstökum samningum í samræmi við fjármálaákvæði friðarsamninganna við Austurríki og Ungverjaland, er mæla fyrir um sérstakar tollsamningagerðir snertandi vissan jarðargróður eða iðnaðarafurðir, er koma frá þessum löndum og eiga þar uppruna sinn.

Ísland getur ekki krafizt þeirra hlunninda snertandi verzlun, umferð og flutninga á landamærunum, sem

L'Islande n'invoquera pas, par suite des dispositions précitées, les avantages de tout arrangement spécial qui pourrait être conclu par la République Tchécoslovaque avec l'Autriche ou avec la Hongrie, conformément aux clauses économiques des Traités de Paix avec l'Autriche et la Hongrie, pour établir un régime douanier spécial en faveur de certains produits naturels ou manufacturés, originaires et en provenance de ces pays.

L'Islande ne pourra pas exiger les faveurs relatives au commerce, au trafic et aux communications de frontière qui, pour des raisons locales, seraient accordées aux Etats limitrophes dans les zônes frontières.

L'arrangement provisoire précité entrera en vigueur le quinzième jour à partir de la date de la présente note et restera valable jusqu'à ce qu'il soit dénoncé par l'une des Parties avec un préavis de trente jours.

Si une des Parties ne dénonce pas l'arrangement présent à l'autre partie trents jours avant le Ier janvier 1925 ou plus tôt, il continuera ses effets comme arrangement définitif jusqu'à ce qu'il soit dénoncé par l'une des Parties avec un préavis de trois mois.

af staðbundnum ástæðum kunna að verða veitt hjáliggjandi löndum landamærasvæðunum. **76** 12. nóv.

Fyrgreint bráðabirgðasamkomulag gengur í gildi á fimmtánda degi frá dagsetningu þessa erindis, og heldur áfram að vera í gildi þar til því kann að verða sagt upp af öðrum hvorum aðilanna með þrjátíu daga fyrirvara.

Ef að hvorugur aðilanna segir upp samkomulagi þessu þrjátíu dögum fyrir 1. janúar 1925 eða fyr, heldur það áfram að vera í gildi sem endanlegt samkomulag, þar til því kann að verða sagt upp af öðrum hvorum aðilanum með þriggja mánaða fyrirvara.

76 12. nóv.

Veuillez agréer, Monsieur le Ministre, les assurances de ma très haute considération.

Praha, le 8 mai 1924.

N. Høst.

À Son Excellence
Monsieur le Docteur Eduard Benes,
Ministre des Affaires Ètrangères
de la République Tchécoslovaque.

Eg leyfi mér að fullvissa ráðherrann um mína sérstöku virðingu.

Prag, 8. maí 1924.

N. Høst.

Hans hágöfgi
Doktor Eduard Benes,
utanríkismálaráðherra
lýðveldisins Tékkóslóvakíu.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 12. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

77 12. nóv.

AUGLÝSING

um

samkomulag milli Íslands og Rússlands snertandi verzlunar- og siglingaviðskipti landanna.

Stjórnir Íslands og Rússlands hafa með bréfum, dags. 25. maí 1927, komið sér saman um ákvæði, er gilda skuli í verzlunar- og siglingaviðskiptum landanna.

Aðalefni samkomulagsins er fólgið í bréfi því, sem hér fer á eftir:

Moscow, May 25th 1927.

Sir,

It being the desire of the Icelandic Government and of the Government of the Union of Soviet Socialistic Republics to establish close commercial relations between Iceland and the Union of Soviet Sosialistic Republics I have the hon-

Sendiráð Danmerkur.

Moskva, 25. maí 1927.

Herra,

Með því að ríkisstjórn Íslands og Sambandsríki hinna Sósíalistisku Soviet Lýðvelda er hugleikið að koma á nánum verzlunarviðskiptum milli Íslands og Sambandsríkis hinna Sósíalistisku Soviet Lýðvelda, hefi eg þann heiður að skýra yður

our to inform you that the Iselandic Government is prepared to undertake, on condition of reciprocity, that goods and ships of the Union as well as citizens and corporations (juridical persons) of the Union in every respect shall enjoy in Iceland the same rights, privileges and facilities which Iceland has granted or may grant to goods, ships, citizens or corporations of any other country.

The foregoing stipulations will not be applicable to:

a) the rights, privileges and facilities granted by either of the Parties exclusively to countries, which have recognised the Government of the Union de jure before February 14th 1924,

b) the special benefits accorded be the Union to states bordering on the Union in Asia,

c) the rights of the coasting trade (cabotage).

In view of the relations existing between Iceland and Denmark besed on the Danish-Icelandic Union Act of November 30th 1918, it is understood, as a matter of course, that the foregoing stipulations shall not entitle the Union of Soviet Socialistic Republics to claim the special benefits which have actually been granted, or which may hereafter be granted, by Iceland to Denmark.

The citizens and corporations of one of the Parties shall have free access to the tribunals of the other Party, either as plaintiff or as defendant, and also to the authorities.

frá, að íslenzka ríkisstjórnin er reiðubúin að annast um, að vörur og skip sambandsríkisins, ríkisborgarar þess og félög (juridiskar persónur) skulu, í sérhverju efni á Íslandi njóta sömu réttinda, hlunninda og ívilnana, sem Ísland hefir veitt eða kann að veita vörum, skipum, ríkisborgurum eða félögum nokkurrar annarar þjóðar, enda verði Ísland aðnjótandi sömu réttinda af hálfu sambandsríkisins. 77 12. nóv.

Fyrgreind ákvæði skulu ekki ná til:

a) Réttinda, hlunninda eða ívilnana, veitt af öðrum hvorum aðilanum einvörðungu ríkjum, sem hafa viðurkennt stjórn sambandsríkisins de jure fyrir 14. febrúar 1924.

b) Sérstakra hlunninda, sem sambandsríkið hefir veitt löndum, er liggja að því, í Asíu.

c) Strandferða (cabotage).

Að athuguðu sambandi því, sem er á milli Íslands og Danmerkur samkvæmt dansk-íslenzkum sambandslögum frá 30. nóvember 1918, er það talið sjálfsagt, að fyrgreind ákvæði veiti ekki sambandsríkinu rétt til þeirra sérstöku hlunninda, sem Ísland hefir veitt eða kann síðar meir að veita Danmörku.

Ríkisborgarar og félög annars aðilans skulu hafa óhindraðan aðgang að yfirvöldunum og að dómstólum hins aðilans, hvort heldur sem sækjandi eða verjandi.

Ákvæði erindis þessa skulu ganga í gildi nú þegar, og halda áfram að vera í gildi þangað til samkomulaginu kann að verða sagt upp af

77 12. nóv.

Effect will be given immediately to the undertaking contained in this note and will continue to be so given until the arrangement may be terminated by either of the Parties by giving six months notice.

Accept, Sir, my expressions and highest consideration.

Torp Pedersen.
Chargé d'Affaires a. i.

Mr. Maxim Litvinoff
for foreign affaires.
People's Commissary a. i.

öðrum hvorum aðilanna með sex mánaða fyrirvara.

Ég leyfi mér að fullvissa yður um sérstaka virðingu mína.

Torp Pedersen.
Chargé d'Affaires a. i.

Herra Maxim Litvinoff,
trúnaðarmaður þjóðarinnar í utanríkismálum.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 12. nóvember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

78 27. nóv.

OPIÐ BRÉF,

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar föstudaginn 17. janúar 1930.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar föstudaginn 17. janúar 1930.

Um leið og Vér birtum þetta, bjóðum Vér öllum þeim, sem setu eiga að hafa á téðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og

verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni. 78 27. nóv.

Gjört á Amalíuborg, 27. nóvember 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

KONUNGSBRÉF

79 27. nóv.

um

setning Alþingis.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vér viljum hérmeð veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman til reglulegs fundar föstudaginn 17. janúar 1930.

Gjört á Amalíuborg, 27. nóvember 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

80 30. nóv.

KONUNGLEG AUGLÝSING

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þareð Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vér samkvæmt 1. gr. laga 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur, eða fjarverandi, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vér hérmeð Vorum kæru og trú þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign krónprins Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum heim aftur.

Gjört á Amalíuborg, 30. nóvember 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

KONUNGLEG AUGLÝSING

81
11. des.

um

að konungur sé kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Eftir að Vér erum aftur heim kominn úr ferð Vorri til Englands, kunngjörum Vér hérmeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vér höfum í dag sjálfur tekið við ríkisstjórninni, sem Vér 30. f. m. samkvæmt 1. gr. í lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambandslaga 30. nóvember 1918, höfðum falið á hendur í fjarvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign ríkisarfa Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg.

Gjört á Amalíuborg, 11. desember 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

82
11. des.

AUGLÝSING

um

reglugjörð um opinber reikningsskil.

Samkvæmt þegnlegum tillögum fjármálaráðuneytisins hefir Hans hátign konunginum í dag þóknast allramildilegast að staðfesta eftirfarandi:

REGLUGJÖRÐ

um

opinber reikningsskil.

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu mánaðarlega gera ríkissjóði reikningsskil fyrir gjaldheimtum þeim, sem þeim er trúað fyrir.

Með sýslumönnum og bæjarfógetum er í reglugjörð þessari átt við alla innheimtumenn ríkissjóðs, þar með taldir lögmaðurinn, lögreglustjórinn og tollstjórinn í Reykjavík, og eru þeir hér undir í reglugjörð þessari nefndir einu orði reikningshaldarar.

2. gr.

Allir reikningshaldarar skulu halda bækur þær, er nú skal greina, yfir tekjur þær, sem þeim er falið að innheimta:

1. Sjóðbók fyrir ríkissjóðstekjur (sjóðbók I).
2. Sjóðbók fyrir aðrar tekjur (sjóðbók II).
3. Aukatekjubók.
4. Vörutolls- og verðtollsbók.
5. Aðflutningsgjaldabók.
6. Útflutningsgjaldabók.
7. Manntalsgjaldabók.
8. Bifreiðarskattsbók.
9. Bók fyrir gjald af innl. tollvöru.
10. Aðalreikningsbók.

Bækur þessar skulu færðar eftir fyrirskipaðri fyrirmynd frá fjármálaráðuneytinu, og skulu löggiltar af því.

3. gr.

Sjóðbækurnar skal færa eftir reglum um tvöfalda bókfærslu.

Í sjóðbók I skal færa aukatekjubókargjöld, vörutoll og verðtoll, aðflutningsgjöld, útflutningsgjöld, manntalsbókargjöld, bifreiðaskatt, viðskiptin við ríkissjóð, og loks ýmsar aðrar tekjur, er ríkissjóði viðkoma (Ýmislegt).

Í lok hvers mánaðar skal færa yfir í þessa bók úr sjóðbók II, það, sem til kann að hafa fallið í mánuðinum af eftirtöldum tekjum: Afgjald þjóð- og kirkjujarða, slysatryggingargjöld, skemtanaskatt og sektir.

Í lok hvers mánaðar skulu tekjur þær, er tilfallið hafa í mánuðinum, sendar ríkissjóði, þannig að ekkert standi eftir í sjóði í byrjun næsta mánaðar.

Í sjóðbók II skal færa: Greiðslur viðkomandi þjóð- og kirkjujörðum, dánar- og þrotabúum, sýslusjóðum og uppboðum, ýmsum sjóðum, slysatryggingu, skemtanaskatti, sektum, hundaskatti og öðrum þeim innheimtum, er reikningshöldurum er falið. Auk þess skal í sérstakan dálk færa viðskipti þessara liða við peningastofnanir.

4. gr.

Í aukatekjubók skal færa: Alm. aukatekjur, stimpilgjald annað en verðtoll, leyfisbréfagjald, erfðafjárgjald og vitagjald. Gjöldin skal færa í bókina jafnóðum og gjörð sú er framkvæmd, sem greiða skal fyrir. Skiptagjöld skal færa á skiptalokadegi og uppboðslaun þá er innheimtufrestur er á enda. Skal tilfæra í uppboðsbókinni, við hvert uppboð, hvaða dag launin eru færð inn í aukatekjubók.

Úr aukatekjubókinni skal, ekki sjaldnar en í lok hverrar viku færa inn í sjóðbók I það sem til hefir fallið í vikunni. Þó skal innfæra úr henni í lok hvers mánaðar, enda þótt ekki standi á vikulokum.

5. gr.

Í vöru- og verðtollsbók skal færa vörutoll allan, er til fellur, jafnskjótt sem því verður við komið, sundurliðaðan eftir flokkum. Í bók þessa skal einnig færa verðtollinn. Skal verðtollurinn af hverri vörutegund færast í sömu línu og vörutollurinn. Ber að skrá verðhæð þá, er verðtollurinn reiknast af ásamt gengi og hundraðshluta þeim, er gjalda skal. Jafnskjótt sem tollar þessir eru greiddir, skal færa upphæðina í viðeigandi dálka í sjóðbók I, og skal þá jafnframt skrá greiðsludaga í kvittunadálka tollbókarinnar.

6. gr.

Í aðflutningsgjaldabók skal færa allt aðflutningsgjald, sem til fellur, sundurliðað eftir flokkum. Jafnskjótt sem gjöldin eru greidd

82 ber að færa þau í viðeigandi dálka í sjóðbók I, og skal þá um leið skrá
11. des. greiðsludaginn í aðflutningsgjaldabókina.

7. gr.

Í útflutningsgjaldabók skal færa allt útflutningsgjald, sem til fellur, sundurliðað undir viðeigandi flokka, eftir því hvort gjaldið miðast við verð eða mergð. Þegar gjaldið er greitt skal færa upphæðina í sjóðbók I, og jafnframt ber að skrá greiðsludaginn í útflutningsgjaldabókina.

8. gr.

Í manntalsgjaldabókina skal innfæra gjöld þau, er greiða ber á manntalsþingum. Svo sem form þessarar bókar fyrirskipar, skal aðgreina tekjur ríkissjóðs frá öðrum þinggjöldum.

Tekjurnar, sem til falla í hverjum mánuði ber að færa í viðeigandi greiðsludálk í manntalsgjaldabók, og skulu tekjurnar jafnframt tilfærðar í sjóðbók I, svo fljótt sem auðið er. Ellistyrktarsjóðsgjaldið ber að færa í dálkinn fyrir ýmsa sjóði.

Skattskrár skulu sendar fjármálaráðuneytinu svo fljótt sem auðið er.

Það sem kann að vera ógreitt af þinggjöldum í árslok, ber að færa yfir í sérstakan dálk, sem til þess er gerður, í manntalsgjaldabókinni. Jafnframt skal í aðalreikningsbók (höfuðbók) búa til skrá yfir þá, sem ekki hafa greitt þinggjald sitt. Skal sundurliðað í skránni hve mikið af þinggjöldum eigi að renna til ríkissjóðs, hve mikið til ellistyrktarsjóðs og loks hve mikið af upphæðinni sé ógreiddur hundaskattur. Upphæðina, sem ógreidd er í árslok, skal skulda í viðskiptamannadálki sjóðbókar I jafnframt því, sem sú upphæð er talin til tekna í manntalsgjaldadálkinum. Listi yfir ógreidd þinggjöld ríkissjóði tilheyrandi, skal fylgja mánaðarskilagreininni fyrir desember ár hvert. Það sem greiðist á næsta ári, af fyrri ára þinggjöldum, skal færast viðskiptamönnum til gjalda (kredit) og sjóði til tekna (debet) jafnframt því sem kvittað er við nafn greiðanda í aðalreikningsbókinni.

Þá er fullvíst er að þinggjöld fáist eigi greidd, þrátt fyrir tímabærar, en árangurslausar innheimtutilraunir, skal færa viðskiptamönnunum (gjaldendum) slíkar upphæðir til gjalda (kredit) um leið og ríkissjóði eru færðar þær til tekna (debet). Skulu listar yfir slík ófáanleg þinggjöld fylgja mánaðarskilgreinum, jafnótt og fullvíst er að eigi sé hægt að innheimta þau.

9. gr.

Bifreiðaskatt skal færa í sjóðbók I, jafnskjótt sem hann er

greiddur, og skal jafnframt kvitta við númer bifreiðar í bifreiða- skattsbókinni. 82 11. des.

10. gr.

Sérstaka bók skal halda yfir gjald það, sem til fellur af innlendri tollvöru. Skal færa gjaldið í sjóðbók I, undir ýmislegt, um leið og það greiðist, en jafnframt kvitta við upphæðina í tollbókinni.

11. gr.

Í aðalreikningsbók ber að færa öll dánar- og þrotabú, sem tekin eru til opinberrar skiptameðferðar, reikningsskil þjóð- og kirkjujarða, reikninga yfir sjóði, sem sýslumenn hafa með höndum, eftirstöðvar af ógreiddum þinggjöldum, skilagrein yfir móttekin og notuð stimpilmerki og annað það, sem sundurliða þarf nákvæmar en gert verður í sjóðbókunum, og ekki á heima í öðrum bókum. Eftir því sem unnt er skal halda hverjum flokki innan aðalreikningsbókanna aðgreindum, til hægðarauka við samanburð á viðeigandi dálkum sjóðbókanna.

12. gr.

Bækur þær, sem getið er um í 3.—10. gr., skal færa samkvæmt fyrirskipuðum formum, og skulu þær allar, ásamt aðalreikningsbók, gegnumdregnar og löggiltar af fjármálaráðuneytinu.

13. gr.

Um hver mánaðarmót ber reikningshöldurum að senda ríkisbókhaldinu tvíritaða skilagrein um innborgaðar opinberar fjárheimtur, og skal jafnframt senda ríkisféhirði, í ávísunum eða kvittunum, upphæð þá, sem samkv. skilagreininni hefir verið innheimt í mánuðinum.

Hinum mánaðarlegu skilagreinum skulu fylgja afrit af aðflutningsgjaldabók, útflutningsgjaldabók, vöru- og verðtollsbók og bók yfirgjald af innl. tollvöru, ásamt fylgiskjölum og öðrum skjölum, er gera grein fyrir tekjum þeim, sem innheimtar hafa verið í mánuðinum.

Skilagreinar þessar skulu ritaðar á form, sem fjármálaráðuneytið fyrirskipar.

Skilagreinar ásamt fylgiskjölum, ávísunum og kvittunum skulu settar í póst ekki síðar en þremur virkum dögum eftir hver mánaðarmót.

14. gr.

Þar sem banki eða bankaútbú er í umdæminu, ber reikningshöldurum að greiða inn í reikning ríkissjóðs tekjur þær, er þeir innheimta fyrir ríkissjóð, jafnóðum og þær eru greiddar.

Fé því, sem reikningshöldurunum er trúað fyrir vegna embættis

82 síns, og þeir á hverjum tíma hafa í vörzlum sínum, skal ávallt haldið
11. des. sér og eigi látið saman við fé þeirra sjálfra eða annara.

15. gr.

Reikningshaldarar skulu heimta inn tekjur þær, sem þeim er trúað fyrir, jafnskjótt eða sem allra fyrst eftir að þær falla í gjalddaga. Verði vanskil á greiðslunni, skulu þeir svo fljótt sem verða má, gjöra ráðstafanir til þess að ná þeim inn, annaðhvort með lögtaki eða á annan hátt, samkvæmt gildandi lögum. Er þeim því almennt bannað að veita gjaldendum nokkurn frest á greiðslunni.

16. gr.

Fjármálaráðuneytið lætur ekki sjaldnar en einu sinni á ári senda endurskoðendur til að athuga hvort reglugjörð þessari sé nákvæmlega fylgt. Reikningshöldurum ber að veita endurskoðendum frjálsan og óhindraðan aðgang að öllum embættisbókum og skjölum og gefa þeir allar þær upplýsingar, sem þeir æskja, um fjárreiður embættisins og embættisstörf. Skulu reikningshaldarar skyldir að sanna, að þeir hafi í sjóði það sem vera ber, er endurskoðun fer fram.

17. gr.

Endurskoðendum þessum ber að rannsaka allar opinberar fjárreiður, er reikningshaldarar kunna að hafa með höndum, svo sem sýslusjóð, póstsjóð, búafé, fé ómyndugra, uppboðsfé o. fl. Skulu þeir fullvissa sig um að fé þetta sé fyrir hendi, og geymt eða ávaxtað á tryggilegan hátt og lögum samkvæmt. Er endurskoðendur hafa gert skrá um hvað er í sjóði og fengið fullar sannanir fyrir bankainnstæðum, skulu þeir sannfæra sig um að upphæðir þessar séu samkvæmar sjóðbókum embættisins. Skulu þeir um leið athuga hvort nokkuð er óinnfært í sjóðbók I úr aukatekjubók.

18. gr.

Síðan skulu endurskoðendur athuga hvort rétt gjöld hafa verið tekin fyrir öll embættisverk, hvort þau hafa verið innheimt, hvort undirbækurnar eru í samræmi við sjóðbækurnar, og hvort færsla bókanna sé óaðfinnanleg.

19. gr.

Ef reikningshaldarar greiða ekki tekjur þær, er þeir eiga að standa skil á til ríkissjóðs, eins og fyrir er mælt í 13. gr., eða gjöra ekki reikning í tæka tíð, eða standa í skuld eftir skilagrein þeirri, sem fram er komin, mega þeir búast við því að þeim verði annaðhvort vikið

frá embætti um stundarsakir, eða, ef það kann að þykja hagfeldara í einstöku tilfelli, að settur verði annar maður til þess, fyrst um sinn, að heimta inn tekjurnar á kostnað embættismanns. Reynist sjóðþurð hjá einhverjum reikningshaldara, má hann búast við að honum verði tafarlaust vikið frá embætti. Sama gildir ef verulegur misbrestur reynist á rekstri embættanna. 82 11. des.

20. gr.

Það sem 31. des. þessa árs kann að vera óinnheimt af manntalsbókargjöldum, skal sérstaklega tilfært á yfirlitsreikningi ársins 1929. Skal það jafnframt 2. jan. fært í sjóðbók I, á þann hátt sem segir í 8. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. jan. 1930 og fellur frá sama tíma úr gildi reglugjörð um opinber reikningsskil nr. 6 frá 17. júní 1915, og reglugjörð nr. 4 frá 12. febr. 1919.

Fjármálaráðuneytið, 11. desember 1929.

Einar Árnason.

Gísli Ísleifsson.

83
28. des.

AUGLÝSING

um

samkomulag milli Íslands og Eistlands snertandi afstöðu landanna í verzlunar- og siglingamálum.

Stjórnir Íslands og Eistlands hafa með bréfum, dags. 7. september 1923, komið sér saman um ákvæði, er skulu gilda fyrst um sinn í verzlunar- og siglingaviðskiptum landanna.

Aðalefni samkomulagsins er fólgið í erindum þeim er hér fara á eftir:

Monsieur le Ministre,

1) Le Governement Islandais et le Gouvernement Esthonien ayant l'intention d'établir des relations commerciales intimes entre l'Islande et l'Etshonie, j'ai l'honneur, au nom de l'Islande, en vertu de la loi unionelle danoise-islandaise, de faire savoir à Votre Excellence qu'à condition de réciprocité les ressortissants esthoniens et les marchandises, produites ou fabriquées en Esthonie jouiront inconditionellement sur le territoire islandais d'un traitement à tous les égards au moins aussi favorable que celui qui est accordé aux ressortissants et aux produits ou objets de fabrication du pays étranger le plus favorisé. Ce traitement est accordé dans toutes les affaires de commerce et de navigation à l'égard de l'importation, de l'exportation et du transit et en général dans tout ce qui concerne les droits et formalités de douane et les opérations commerciales des ressortissants esthoniens, leur accès à s'établir sur le territoire islan-

Herra ráðherra,

1) Þareð stjórnir Íslands og Eistlands hafa í hyggju að koma á fót nánum verzlunarviðskiptum milli þessara tveggja ríkja, hefi eg undirritaður þann heiður í Íslands nafni, samkvæmt dansk-íslenzkum sambandslögum, að tilkynna yðar hágöfgi, að þegnar Eistlands, og vörur, afurðir eða iðnaðarframleiðsla frá Eistlandi, mun á Íslandi njóta skilyrðislaust að minnsta kosti jafn hagstæðra kjara og veitt eru þegnum, afurðum eða iðnaðarvörum frá því erlendu ríki, er beztu kjörum sætir, gegn því að Ísland njóti sömu meðferðar frá Eistlands hálfu. Kjör þessi eru veitt í öllum verzlunar- og siglingasökum að því er snertir inn- og útflutning, og gegnumflutning á vörum, og yfirleitt í öllu því, er viðkemur tollgjöldum og tollreglum, og verzlunarviðskiptum einstakra þegna, heimild þeirra til að setjast að á Íslandi, öðlast þar og eiga hverskonar eignir sem vera kunna, reka þar verzlun, iðnað, og stunda þar aðra atvinnu, sömuleiðis að því er snertir kvaðir til hernað-

dais d'y acquérir et d'y posséder toute sorte de propriété, d'y faire le commerce, l'industrie et exercer d'autres professions ainsi qu'au sujet des réquisitions pour des objets d'intérêt militaire et public et des impôts et autres droits ou contributions de quelque nature qu'ils soient.

2) Les navires esthoniens jouiront dans les ports islandais sur les cours d'eau et les mers territoriales d'Islande d'un traitement qui n'est pas moins favorable que celui qui est accordé aux navires islandais ou aux navires appartenant à la nation la plus favorisée. Cependant une exception est prévue pour les cas suivants:

a) pour les droits et privilèges que chacune des Parties Contractantes applique ou pourra appliquer à la pêche nationale et à ses produits,

b) pour les facilités, détaxes ou ristournes que chacune des Parties Contractantes pourrait consentir à ses ressortissants comme prime à la construction navale nationale,

c) pour le droit de ce livrer au cabotage.

Toutefois il est bien entendu que tous privilèges et toutes facilités qui auraient été ou seraient accordés par une des Parties Contractantes à cet égard à une autre Puissance devront s'appliquer à l'autre Partie Contractante.

3) Le Gouvernement Islandais s'engage en outre à condition de réciprocité à accorder la liberté du transit pour les personnes, les marchandises, les navires et bar og opinberra þarfa, og skatta og önnur gjöld eða álögur hverju nafni sem nefnast. 83 28. des.

2) Eistlenzk skip njóta í íslenzkum höfnum, á íslenzkri skipaleið, og í landhelgi Íslands, eins hagstæðra kjara og veitt eru íslenzkum skipum, eða skipum þeirrar þjóðar, er beztu kjörum sætir, þó er áskilin undantekning að því er snertir eftirfarandi atriði:

a) réttindi og sérheimildir er annarhvor samningsaðilinn veitir eða kann að veita innlendum fiskiveiðum og fiskiafurðum,

b) hlunnindi, afslætti eða endurgreiðslur, sem annarhvor samningsaðilanna kynni að veita eigin ríkisborgurum til þess að styðja innlendar skipabyggingar,

c) réttinn til strandferða.

Það er þó tilskilið, að öll sérréttindi og hlunnindi, sem þegar eru veitt eða síðar kunna að verða veitt af öðrum samningsaðilanum í fyrgreindum efnum einhverju öðru ríki, skulu einnig aðnjótast af hinum samningsaðilanum.

3) Íslenzka stjórnin skuldbindur sig ennfremur, gegn sömu kjörum frá Eistlands hálfu, til þess að veita gegnumfararfrelsi fólki, vörum, skipum og bátum og vögnum, sem koma frá eða fara til Eistlands, sem á leiðinni fara yfir íslenzkt land eða landhelgi, að veita þeim að minnsta kosti jafn góð kjör og veitt eru íslenzkum þegnum, vörum, skipum, bátum og vögnum, og ennfremur, að veita þeim að því er snertir ívilnanir, tollgjöld, höft, og öll önnur ákvæði, jafn góð kjör og þau, sem veitt eru þegnum, vörum, bátum,

83 28. des.

teaux, et les voitures, venant de ou allant en Esthonie, qui passent en transit le territoire islandais, y compris les eaux territoriales, et à leur accorder un traitement au moins aussi favorable que celui qui est accordé aux ressortissants, marchandises, navires, bateaux et voitures islandais et leur accorder en ce qui concerne les facilités, les droits, les restrictions et toute autre dispostion un traitement aussi favorable que celui qui est accordé aux ressortissants, marchandises, bateaux navires, et voitures islandais ou à ceux qui appartiennent à un autre pays plus favorisé.

Les marchandises en transit ne seront soumises à aucune taxe de douane ou de transit, sans préjudice toutefois des taxes destinées exclusivement à couvrir les frais de surveillance et d'administration afférentes à ce transit, ainsi que des peines prévues à l'égard des inobservations des réglementations douanières.

Sur les chemins de fer, lesdites marchandises jouiront en ce qui concerne l'expédition et les frais de transport du traitement appliqué à la nation la plus favorisée.

4) L'Etshonie ne pourra par suite des dispositions précitées exiger les faveurs que l'Islande a données ou donnera à l'avenir à la Norvège ou à la Suède ou à ces deux pays, tant que ces avantages ne sont pas accordés à un tiers Etat.

L'Islande de son côté ne pourra par suite des dispositions précitées exiger les faveurs que l'Esthonie a données ou donnera à l'avenir à

skipum og vögnum, íslenzkum eða annarar þjóðar, er betri kjörum sætir.

Fyrir vörur, sem fluttar eru gegnum landið, skal ekki greiða neinn toll né gjöld, að fráskildum þeim gjöldum, sem eingöngu eru ætluð til greiðslu kostnaðar vegna eftirlits og umsjónar í sambandi við slíkan gegnumflutning, svo og sektir fyrir brot á tollreglum.

Á járnbrautum njóta nefndar vörur, að því er snertir afgreiðslu og fargjöld, sömu kjara og veitt eru þeirri þjóð, er beztu kjörum sætir.

4) Framangreind ákvæði gefa ekki Eistlandi rétt til að krefjast hlunninda þeirra, sem Ísland hefir veitt eða kann að veita Noregi eða Svíþjóð, eða þessum tveimur ríkjum, svo framarlega sem slík hlunnindi ekki eru veitt neinu þriðja ríki.

Ísland aftur á móti getur ekki með tilvísun til fyrgreindra ákvæða krafizt þeirra hlunninda, sem Eistland hefir veitt eða kann síðar meir að veita Finnlandi, Lettlandi, Lithaugalandi eða Rússlandi, eða löndum, sem Eistland kynni að gera toll- eða þjóðhagslegt bandalag við með samningi, eða þótt hlunnindin séu veitt öllum þessum ríkjum, meðan að hlunnindi þessi eru ekki veitt neinu þriðja ríki.

5) Framanritaður bráðabirgðasamningur gengur í gildi frá þeim degi að íslenzku stjórninni hefir verið tilkynnt, að þing Eistlands hafi fullgilt erindi þetta, og gildir þangað til honum verður sagt upp af öðrum hvorum aðila, með þriggja

la Finlande ou à la Lettonie ou à la Lithuanie ou à la Russie ou aux pays qui seront liés avec l'Esthonie par des traités d' union dounanière (ou économique) ou à tous ces pays, tant que ces avantages ne sont pas accordés à un tiers Etat.

5) L'arrangement provisoire précité entera en vigueur à partir de la date où la ratification de la présente note par le Parlement Ssthonien sera notifiée au Gouvernement Islandais et restera en vigeur jusqu'à ce qu'il soit dénoncé par l'une des Parties avec un préavis de trois mois ou remplacé par considération.

Veuillez agréer, Monsieur le Ministre, l'assurance de ma haute considération.

Tallinn, le 7 septembre 1923.

F. Lerche.

À Son Excellence
Monsieur Fr. **Akel,**
Ministre des Affaires Étrangères
de la République Esthonienne,
Réval.

mánaða fyrirvara, eða þangað til verzlunarsamningur kemur í hans stað. **83** 28. des.

Eg leyfi mér að fullvissa ráðherrann um mína sérstöku virðingu.

Tallinn 7. september 1923.

F. Lerche.

Hans hágöfgi
herra Fr. Akel,
utanríkismálaráðherra lýðveldisins Eistland,
Réval.

Tallinn, le 7 septembre 1923.

Monsieur le Ministre,

Me référant à la note que j'ai l'honneur d'adresser à Votre Excellence en date d'aujourd'hui concernant les dispositions applicables aux relations commerciales entre l'Islande et l'Esthonie je l'estime correct, bien que ce soit une chose qui va de soi, de faire remarquer que l'Esthonie, en considération

Tallinn, 7. september 1923.

Herra ráðherra,

Með skírskotun til erindis þess, sem eg leyfði mér að senda yður í dag snertandi ákvæði þau, er gilda skulu um verzlunarviðskipti Íslands og Eistlands, tel eg rétt, þó að reyndar leiði af sjálfu sér, að taka fram, að Eistland getur ekki, sökum samningsástands þess, sem er milli Íslands og Danmerkum samkvæmt

83 28. des.

des relations existant entre l'Islande et le Danemark en vertu de la loi unionelle islandaise-danoise du 30 Novembre 1918, ne pourra réclamer les avantages spéciaux que l'Islande a accordés ou pourrait à l'avenir accorder au Danemark.

Veuillez agréer, Monsieur le Ministre, l'assurance de ma haute considération.

F. Lerche.

À Son Excellence
Monsieur Fr. **Akel,**
Ministre des Affaires Étrangères
de la République Esthonienne,
Réval.

íslenzk-dönskum sambandslögum frá 30. nóvember 1918, krafizt þeirra sérstöku hlunninda, sem Ísland hefir veitt, eða kann síðarmeir að veita Danmörku.

Eg leyfi mér að fullvissa ráðherrann um mína sérstöku virðingu.

F. Lerche.

Hans hágöfgi
herra Fr. Akel,
utanríkismálaráðherra lýðveldisins Eistland,
Réval.

Samkomulag þetta gekk í gildi þann 5. febrúar 1924.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 28. desember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

84 28. des.

AUGLÝSING

um

samkomulag milli Íslands og Frakklands snertandi upprunaskírteini.

Stjórnir Íslands og Frakklands hafa með bréfum, dags. 14. apríl 1926, komið sér saman um ákvæði, er gilda skulu um upprunaskírteini fyrir vörur hvors landsins um sig, er flytjast eiga til hins landsins.

Samkvæmt samkomulagi þessu á að skrá upprunaskírteini, sem út eru gefin bæði á íslenzku og frönsku, á þann hátt sem eiðuform það er fylgir hér á eftir, ber með sér. Þar næst er tekið fram, að franskir

ræðismenn skuli, gegn gjaldi að upphæð 5 gullfrankar, árita (vísera), 84
hvortheldur upprunaskírteini eða ræðismannsvöruskírteini, en að öllum 28. des.
öðrum gjöldum fyrir slík skírteini skuli sleppt. Sé verðmæti íslenzku varanna, sem skírteini tilgreina ekki, yfir 100 (hundrað) gullfranka, skal þó ekki gjald greiðast fyrir áritunina.

Ennfremur er þess heitið að franskir ræðismenn muni ekki heimta aukagjald fyrir að votta verðmæti á sjálft upprunaskírteinið, og jafnframt tekið fram, að slík vottorð geti komið í stað ræðismannsskírteinisins.

Að því er snertir franskar vörur sem flytjast eiga hingað til lands, er af hálfu íslenzku ríkisstjórnarinnar, heitið sömu kjörum, verði þess krafizt, að þeim fylgi upprunaskírteini eða ræðismannsvöruskírteini.

Auk þessara ákvæða er það tekið fram af hálfu beggja ríkjanna, að hvort þeirra um sig skuli verða aðnjótandi þeirra frekari hlunninda í þessum efnum, sem hitt ríkið kann síðar meir að veita einhverju þriðja ríki.

Samkomulag þetta gekk í gildi þann 1. júní 1926.

CERTIFICAT D' ORIGINE.

UPPRUNASKÍRTEINI.

délivré par les chefs de circonscriptions urbaines et de circonscriptions rurales islandais.
Gefið út af íslenzkum lögreglustjórum eða sýslumönnum

Il est officiellement certifié par les présentes que les marchan-
Það vottast hérmeð ex officio, að vörur

dises expédiées de ..... (point de départ) .....
þær, sem sendast frá ..... (staður sá, sem vörurnar sendast frá)

par voie ..... (de terre ou de mer) .....
með skipinu ..... (skip) .....

par ..... (nom de l'expéditeur) .....
af ..... (nafn sendanda) .....

le ..... á destination de .....
hinn ..... til .....

pour être livrées á .....
til þess að verða afhentar .....

84 consistant en ..... (nature des produits) .....
28. des. en vörurnar eru ..... (tegund vörunnar) .....

pesant, kilogrammes poids brut ..... kilogrammes poids net .....
að þyngd kg. með umbúðum ..... kg. án umbúða .....

en ..... (nature et nombre des colis) .....
í ..... (tegund vörusendingarinnar og tala bögglanna .....

marqués ..... sont d'origine islandaise
merktar ..... eru af íslenzkum uppruna

et que par conséquent elles ne sont pas exportées d'Islande à la décharge
og flytjast því ekki út frá Íslandi gegn kvittun eða frádráttaráritun á

d'un acquit à caution de transit ou de sortie d'entrepot, d'un passavant
transítskírteini né heldur sem teknar úr tollgeymslu né gegn kvittun eða

ou d'une consignation de droits.
frádráttaráritun á tollgreiðsluskírteini eða á skírteini fyrir því, að trygging hafi verið sett fyrir tollgjöldum.

Fait le .....
Gefið út .....

Le chef de circonscription urbaine ou de circonscription rurale.
Lögreglustjóri eða sýslumaður.

Cachet du chef de circonscription urbaine ou de circonscription rurale islandais.
Stimpill íslenzks lögreglustjóra eða sýslumanns.

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 28. desember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Stjórnartíðindi 1929, A. 5.

Auglýsing

um

Alþjóðapóstsamning.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

Alþjóðapóstsamningurinn.

Efnisyfirlit.

85
31. des.

Fyrsti bálkur.

Um alþjóðapóstsambandið.

I. KAFLI.

Skipulag og svæði sambandsins.

1. grein. Skilgreining sambandsins.
2. — Aðgangur fyrir ný lönd. Aðferð.
3. — Alþjóðapóstsamningurinn og aukasamningar sambandsins.
4. — Starfsreglugjörðir.
5. — Sérsamningar og minni póstsambönd.
6. — Innanlandslöggjöf.
7. — Sérstök sambönd.
8. — Nýlendur, vernduð lönd o. s. frv.
9. — Svæði póstsambandsins.
10. — Gerðardómar.
11. — Úrsögn úr póstsambandinu. Uppsögn á samningunum.

II. KAFLI.

Póstþing, póstfundir, nefndir.

12. grein. Póstþing.
13. — Fullgildingar. Um hvenær samningar póstþinganna ganga í gildi, og hversu lengi þeir gilda.
14. — Auka-póstþing.
15. — Reglugerð póstþinga.
16. — Póstfundir.
17. — Nefndir.

85
31. des.

III. KAFLI.

Frumvörp milli póstþinga.

18. grein. Flutningur frumvarpa.
19. — Athugun frumvarpa.
20. — Skilyrði fyrir samþykkt.
21. — Tilkynning ályktananna.
22. — Hvenær ályktanirnar ganga í gildi.

IV. KAFLI.

Um alþjóðaskrifstofuna.

23. grein. Almennt verksvið.
24. — Útgjöld til alþjóðaskrifstofunnar.

Annar bálkur.

Almennar reglur.

EINASTI KAFLI.

25. grein. Transítheimild.
26. — Bann við að taka póstgjöld, sem ekki eru nefnd
27. — Stöðvun á viðskiftum um stundarsakir.
28. — Peninga-tegund.
29. — Jafngildi.
30. — Eyðublöð, Tunga.
31. — Skilríkisspjöld.

Þriðji bálkur.

Ákvæði um póstbréfasendingar.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

32. grein. Bréfasendingar.
33. — Burðargjöld og almenn skilyrði.

24. grein. Frímerking. 85
35. — Burðargjald undir ófrímerktar eða vanfrímerktar sendingar. 31. des.
36. — Aukaburðargjöld.
37. — Sérstök gjöld.
38. — Tollskyldir hlutir.
39. — Tolleftirlit.
40. — Gjald fyrir tollmeðferð.
41. — Tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld.
42. — Gjaldfrjálsar sendingar.
43. — Afnám tollgjalda.
44. — Hraðboðasendingar.
45. — Forboð.
46. — Frímerkingarmáti.
47. — Póstgjaldafrjálsar sendingar.
48. — Svarmerki.
49. — Afturköllun. Breyting á utanáskrift.
50. — Áframsending. Óskilasendingar.
51. — Fyrirspurnir.

II. KAFLI.

Ábyrgðarsendingar.

52. grein. Taxtar.
53. — Móttökukvittun.
54. — Viðtæki ábyrgðar.
55. — Undantekning frá reglunni um ábyrgð fyrir glötun.
56. — Hvenær ábyrgð hættir.
57. — Greiðslan á skaðabótunum.
58. — Frestur á greiðslunni.
59. — Um hver beri ábyrgðina.
60. — Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.

III. KAFLI.

Póstkröfusendingar.

61. grein. Burðargjöld og skilyrði. Reikningsskil.
62. — Afnám eða lækkun póstkröfuupphæðar.
63. — Ábyrgð, ef sending glatast.
64. — Ábyrgð á upphæðum þeim, sem hafa verið innheimtar reglulega.
65. — Skaðabætur fyrir vanrækta, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.

85 31. des. 66. grein. Reglulega innheimtar upphæðir. Skaðabætur. Greiðsla og aðgangur til endurgreiðslu.
67. — Greiðslufrestur.
68. — Um hver beri ábyrgðina.
69. — Endurgreiðsla á lánuðum upphæðum.
70. — Póstkröfuávísanir.
71. — Endurgreiðsla á burðar- og póstkröfugjöldum.

IV. KAFLI.

Réttur til burðargjaldanna. — Transít- og geymslugjöld.

72. grein. Réttur til burðargjaldanna.
73. — Transítgjöld.
74. — Geymslugjald.
75. — Undanþága frá transítgjöldum.
76. — Sérstök þjónusta.
77. — Greiðslur og reikningar.
78. — Skifti á lokuðum póstpokum við herskip.

Ýms ákvæði.

79. grein. Óhlýðni gegn ákvæðinu um transitheimild.
80. — Skuldbindingar.

Niðurlagsatriði.

81. grein. Um hvenær alþjóðapóstsamningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Lokaákvæði alþjóðapóstsamningsins.

I. grein. Afturköllun sendinga. Breyting á utanáskrift.
II. — Jafngildi. Hámarks- og lágmarkstakmörk.
III. — Póstun bréfasendinga í útlöndum.
IV. — Unsa avoirdupois.
V. — Svarmerki.
VI. — Ábyrgðargjald.
VII. — Loftflutningur.
VIII. — Sérstök transítgjöld eftir Síberíubrautinni.
IX. — Sérstök transítgjöld yfir Uruguay.
X. — Geymslugjald.
XI. — Lokaákvæðin opin fyrir lönd, sem ekki hafa mætt.
XII. — Lokaákvæðin opin fyrir lönd, sem hafa mætt.
XIII. — Frestur til tilkynningar um aðgang.
XIV. — Undirbúningsnefnd.

Alþjóðapóstsamningur

85
31. des.

gerður milli

Afghanistan; Suður-Afríku sambandsins; Albaníu; Þýzkalands; Bandaríkja Ameríku; Allra eyjaeigna Bandaríkjanna annara en Filippseyja; Filippseyja; Lýðveldisins Argentínu; Hins ástralska samveldis; Austurríkis; Belgíu; Nýlendunnar belgisku Congo; Bolivíu; Brasilíu; Búlgaríu; Canada; Chili; Kína; Lýðveldisins Columbíu; Lýðveldisins Costa-Rica; Lýðveldisins Cuba; Danmerkur; Fríborgarinnar Danzig; Hins dominikanska lýðveldis; Egyptalands; Equators; Spánar; Allra spánskra nýlendna; Estlands; Etiópíu; Finnlands; Frakklands; Algiers; Hinna frönsku nýlendna og vernduðu landa í Indókína; Allra annara franskra nýlendna; Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands; Grikklands; Gautemala; Lýðveldisins Haiti; Konungsríkisins Hedjaz, Nedjde og tilheyrandi landa; Lýðveldisins Honduras; Ungverjalands; Brezka Indlands; Írak, Fríríkisins Írlands; Íslands; Ítalíu; Ítalskra nýlendna; Japans; Chosen; Allra annara japanskra eigna; Lettlands; Lýðveldisins Líberíu; Lithauen; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spánska hlutanum); Marokkó (spánski hlutinn); Mexikó; Nicaragua; Noregs; Nýja Sjálands; Lýðveldisins Panama; Paraguay; Hollands; Hollenzkra Indía; Hollenzkra nýlendna í Ameríku; Perú; Persíu; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlendna í Afríku; Hinna portúgölsku nýlendna í Asíu og í Eyjaálfunni; Rúmeníu; Lýðveldisins San Marino; Lýðveldisins Salvador; Saarhéraðsins; Síam; Svíþjóðar; Sviss; Tékkóslóvakíu; Tunis; Tyrklands; Sambands hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja; Uruguay; Páfaríkisins; Bandaríkja Venezuela; Yemen og Konungsríkisins Jugóslavíu.

Samkvæmt 12. grein alþjóðapóstsamningsins, sem samþykktur var í Stokkhólmi þann 28. ágúst 1924, hafa undirritaðir fulltrúar stjórnanna í ofangreindum löndum setið á þingi í London, og í sameiningu, og með þeim fyrirvara, að fullgilding fáist, endurskoðað téðan samning og breytt honum, sem hér segir:

85
31. des.

Fyrsti bálkur.

Um alþjóðapóstsambandið.

I. KAFLI.

Skipulag og svæði sambandsins.

1. grein.

Skilgreining sambandsins.

Lönd þau, er gert hafa þenna samning sín á milli, mynda eitt einasta póstsvæði til gagnkvæmra skifta á bréfasendingum, er heitir Alþjóðapóstsambandið (Union postale universelle), og er það sömuleiðis ætlun þess, að tryggja og fullkomna rekstur hinna ýmsu milliríkja-póststarfsgreina.

2. grein.

Aðgangur fyrir ný lönd. Aðferð.

Sérhvert land getur hvenær sem er gengið að samningnum.

Beiðni þess um aðgang skal sendiherra tilkynna stjórn Hins svissneska sambandsríkis, en hún tilkynnir aftur stjórnum allra landa póstsambandsins.

3. grein.

Alþjóðasamningurinn og aukasamningar sambandsins.

Póststörf þau, er snerta bréfasendingar, eru háð ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Aðrar starfsgreinar, einkum svo sem bréf og öskjur með tilgreindu verði, bögglar, póstávísanir, póstgíró, póstinnheimtur og áskrift blaða og tímarita, eru samningsatriði milli landa sambandsins.

Slíkir samningar eru aðeins bindandi fyrir þau lönd, er hafa gengið að þeim.

Aðgangur að einum eða fleirum þessara samninga, fer eftir ákvæðum næstu greinar á undan.

4. grein

Starfsreglugjörðir.

Póststjórnirnar í sambandinu ákveða sameiginlega í starfsreglugjörðum allar nánari reglur, sem nauðsynlegar eru til framkvæmda á alþjóðapóstsamningnum og auka-samningunum.

5. grein.

Sérsamningar og minni póstsambönd.

1. — Sambandslöndin hafa rétt til þess að halda við og gera nýja sérsamninga, sem og að viðhalda og og stofna til minni póstsambanda með það fyrir augum, að lækka burðargjöldin eða á annan hátt að breyta til batnaðar póstþjónustunni.

2. — Af sinni hálfu er póststjórnunum heimilt að gera sín á milli nauðsynlega samninga um atriði, er snerta ekki póstsambandið í heild, þó með þeim fyrirvara, að setja þar ekki inn nein ákvæði, er séu óhagstæðari en þau, sem sett eru í samningum alþjóðapóstsambandsins. Sérstaklega geta þær, að því er snertir bréfasendingar, komið sér saman um að taka upp lægra burðargjald á landamærabelti.

6. grein.

Innanlands löggjöf.

Ákvæði alþjóðapóstsamningsins og aukasamninga sambandsins hafa ekki í för með sér breytingar á innanlands löggjöf nokkurs lands í neinu, sem ekki er skýrt tekið fram í samningunum.

7. grein.

Sérstök sambönd.

Póststjórnir þær, sem flytja póst til landsvæða, sem eru ekki í Alþjóðasambandinu, eru skyldar til þess, að vera milliliðir annara póststjórna. Ákvæði alþjóðapóstsamningsins og starfsreglugjörðar hans gilda um þessi sérstöku sambönd.

8. grein.

Nýlendur, vernduð lönd o. s. frv.

Að því er snertir atkvæðisrétt á póstþingum, póstfundum og á tímabilinu milli þinga, svo og tillagið til útgjaldanna við skrifstofu alþjóðapóstsambandsins skal í alþjóðapóstsamningnum og aukasamningunum álíta sem eitt land eða eina póststjórn eftir ástæðum:

1. Allar eyjaeignir Bandaríkja Ameríku aðrar en Filippseyjar, sem sé Hawaï, Porto-Rico, Guam og Viergeeyjar Bandaríkja Ameríku.
2. Filippseyjar.
3. Nýlenduna Belgisku Congo.
4. Allar spanskar nýlendur.
5. Algier.

85 31. des.
6. Franskar nýlendur og vernduð lönd í Indokína.
7. Allar aðrar franskar nýlendur.
8. Allar ítalskar nýlendur.
9. Chosen.
10. Allar aðrar japanskar eignir.
11. Hollenzku Indíur.
12. Hinar hollenzku nýlendur í Ameríku.
13. Hinar portúgölsku nýlendur í Afríku.
14. Hinar portúgölsku nýlendur í Asíu og í Eyjaálfunni.

9. grein.

Svæði póstsambandsins.

Til alþjóðapóstsambandsins teljast:

a. Pósthús, sem lönd í sambandinu hafa sett á stofn í löndum utan sambandsins.
b. Furstadæmið Liechtenstein sem heyrandi undir póststjórn Sviss-lands.
c. Færeyjar og Grænland sem hluti af Danmörku.
d. Spanskar eignir á norðurströnd Afríku sem hluti af Spáni.
e. Andorradalir sem verandi í póstsambandi við póststjórnir Spán-ar og Frakklands.
f. Furstadæmið Monaco sem heyrandi undir póststjórn Frakklands.
g. Walfisch-Bay sem hluti af Suður-Afríku sambandinu; Basutoland sem heyrandi undir póststjórn Suður-Afríku sambandsins.

10. grein.

Gerðardómar.

1. — Rísi ágreiningur milli tveggja eða fleiri meðlima póstsam-bandsins út af skilningi á alþjóðapóstsamningnum og aukasamningun-um eða ábyrgð, sem falla kann á einhverja póststjórn samkvæmt ákvæð-um nefndra samninga, skal deilumálið útkljáð með gerðardómi. Skal þá sérhver póststjórnanna, sem í hlut á, kjósa annan félaga sambands-ins, sem ekki er beint við málið riðinn.

Skyldi einhver póststjórnanna, sem greinir á, ekki sinna tillögu um gerðardóm innan sex mánaða, eða níu mánaða, ef um fjarlæg lönd er að ræða, getur alþjóðaskrifstofan, eftir beiðni, sem henni verður þar um send, kvatt póststjórnina, sem skorast undan, til þess að útnefna gerðardómara, eða skipað hann sjálf.

2. — Úrskurður gerðardómara skal uppkveðinn með einföldum meiri hluta atkvæða.

3. — Falli atkvæðin jafnt, velja gerðardómarar til úrslita eina póststjórn til, sem einnig sé óviðriðin deiluna. 85 31. des.

Verði ósamkomulag um valið, skal alþjóðaskrifstofan útnefna póststjórnina af þeim meðlimum alþjóðapóstsambandsins, sem gerðardómarar hafa ekki stungið upp á.

4. — Gerðardómara má ekki útnefna aðra en þær póststjórnir, sem framkvæma þann samning, er veldur deilunni.

11. grein.

Úrsögn úr póstsambandinu. Uppsögn á samningunum.

Sérhver málsaðili getur gengið úr alþjóðapóstsambandinu eða sagt upp samningunum með tilkynningu, sem stjórn hans skal senda ári áður til stjórnar Hins svissneska sambandsríkis.

II. KAFLI.

Póstþing, póstfundir, nefndir.

12. grein.

Póstþing.

1. — Fulltrúar sambandslandanna koma saman á þing, í síðasta lagi 5 árum eftir þann dag, er samningar næsta þings á undan ganga í gildi, til þess að endurskoða samningana og gera þá fullkomnari, ef þörf krefur.

Fyrir sérhvert land mæta á þinginu einn eða fleiri fullgildir fulltrúar með nauðsynlegu umboði stjórna sinna. Ef þörf krefur, getur það látið fulltrúasveit annars lands mæta fyrir sig. Þó má engin fulltrúasveit mæta fyrir fleiri lönd en tvö, þar með talið það land, sem upphaflega sendir hana.

Við umræður hefir hvert land eitt atkvæði.

2. — Hvert póstþing ákveður, hvar næsta þing skuli koma saman. Það er kallað saman af stjórn landsins, sem það á að haldast í, í samráði við alþjóðaskrifstofuna. Sömu stjórn er og skylt að senda öllum stjórnum sambandslandanna tilkynningu um ákvarðanir þær, sem póstþingið hefir tekið.

13. grein.

Fullgildingar. Um hvenær samningar póstþinganna ganga í gildi og hversu lengi þeir gilda.

Samningar póstþinganna skulu fullgiltir eins fljótt og unnt er,

85 31. des. og fullgildingarnar tilkynntar stjórn landsins, þar sem þingið var háð, en sú stjórn tilkynnir þær stjórnum samningslandanna.

Ef einn eða fleiri málsaðilar fullgilda ekki einhvern eða einhverja af samningum þeim, er þeir hafa undirskrifað, skulu þeir engu að síður gilda fyrir þau ríki, sem hafa fullgilt hann.

Samningarnir ganga allir í gildi í einu og gilda allir jafnlengi.

Frá þeim degi, er samningar, sem póstþing hefir samþykkt, ganga í gildi, skulu allir samningar næsta þings á undan falla úr gildi.

14. grein.

Auka-póstþing.

Auka-póstþing skal kalla saman í samráði við alþjóðaskrifstofuna, sé þess óskað eða það stutt af tveim þriðju samningslandanna að minnsta kosti.

Reglur þær, sem nefndar eru í 12. og 13. grein, gilda um fulltrúasveitir, umræður og gerðir auka-póstþinga.

15. grein.

Reglugjörð póstþinga.

Sérhvert póstþing ákveður nauðsynlega reglugjörð fyrir störf sín og fundarhöld.

16. grein.

Póstfundir.

Þegar tveir þriðju hlutar af póststjórnum í sambandinu óska þess, má kalla til póstfunda, er falið sé að athuga atriði, er eingöngu eru stjórnarlegs eðlis.

Þeir eru kallaðir saman í samráði við alþjóðaskrifstofuna.

Póstfundirnir ákveða reglugjörð sína.

17. grein.

Nefndir.

Nefndir, sem póstþing eða póstfundur felur að athuga eitt eða fleiri nánar tiltekin atriði, eru kallaðar saman af alþjóðaskrifstofunni, ef svo ber undir, í samráði við póststjórn þess lands, sem nefndirnar eiga að koma saman í.

III. KAFLI.

Frumvörp milli þóstþinga.

18. grein.

Flutningur frumvarpa.

Á tímabilinu milli póstþinganna hefir sérhver póststjórn rétt til þess, að senda öðrum póststjórnum, um alþjóðaskrifstofuna, frumvörp, er snerta alþjóðapóstsamninginn, reglugjörð hans og loka-ákvæði þeirra.

Sami réttur veitist póststjórnum þeirra landa, er taka þátt í aukasamningunum, að því er snertir þá samninga, reglugjörðir þeirra og loka-ákvæði.

Til þess að geta komið til umtals, skulu öll frumvörp, sem flutt eru af póststjórn milli póstþinga, hafa stuðning tveggja annar póststjórna að minnsta kosti. Frumvörpunum er ekki sinnt, ef alþjóðaskrifstofan fær ekki samtímis hina nauðsynlegu tölu stuðningsyfirlýsinga.

19. grein.

Athugun frumvarpa.

Sérhvert frumvarp skal fara með sem hér segir:

Póststjórnunum er veittur 6 mánaða frestur til þess að athuga frumvarpið, og, ef svo ber undir, senda alþjóðaskifstofunni athugasemdir sínar. Breytingartillögur eru ekki leyfðar. Alþjóðaskrifstofan safnar svörunum og sendir póststjórnunum með áskorun um að mæla með eða móti. Þær póststjórnir, sem ekki hafa sent atkvæði sitt innan 6 mánaða, teljast ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Ofangreindur frestur reiknast frá dagsetningu umburðarbréfa alþjóðaskrifstofunnar.

Snerti frumvarpið aukasamning, reglugjörð hans eða loka-ákvæði þeirra, geta aðeins þær póststjórnir, sem hafa gengið að samningnum, tekið þátt í ofangreindum athugunum.

20. grein.

Skilyrði fyrir samþykkt.

1. — Til þess að öðlast gildi, þurfa frumvörpin að fá:

a. öll atkvæði, ef um er að ræða viðbót nýrra ákvæða eða breytingu á ákvæðum fyrsta og annars bálks eða á ákvæðum 32.—36., 52.—57., 59.—61., 63.—66. og 68.—81. greina alþjóðapóstsamningsins og allra greina í loka-ákvæðum hans, svo og breytingar á á-

85 31. des.

kvæðum í 1., 5., 16., 60., 72. og 93. grein starfsreglugjörðarinnar og í öllum greinum tilheyrandi loka-ákvæðum;

b. tvo þriðju atkvæða, ef um er að ræða breytingar á öðrum ákvæðum en þeim, sem nefnd eru í málsgreininni næst á undan;

c. einfaldan meiri hluta atkvæða, ef um er að ræða, hvernig skilja beri ákvæði alþjóðapóstsamningsins, starfsreglugjörðar hans og loka-ákvæði þeirra að undanskildu atriðinu um ágreiningsefni, er leggja beri í gerð og nefnt er í 10. grein.

2. — Aukasamningarnir ákveða skilyrðin fyrir samþykkt á frumvörpum þeim, er þá snerta.

21. grein.

Tilkynning ályktananna.

Viðbætur og breytingar á alþjóðapóstsamningnum, aukasamningunum og loka-ákvæðum þeirra eru staðfestar með stjórnlegri yfirlýsingu, sem stjórn hins svissneska sambandsríkis er falið að semja og senda til stjórna samningslandanna eftir beiðni alþjóðaskrifstofunnar.

Viðbætur og breytingar á starfsreglugjörðunum og loka-ákvæðum þeirra eru viðurkenndar og tilkynntar póststjórnunum af alþjóðaskrifstofunni. Sama gildir og um, hvernig skilja beri ákvæðin, sem nefnd eru undir bókstaf c í næstu grein á undan.

22. grein.

Hvenær ályktanirnar ganga í gildi.

Sérhver viðbót eða breyting, sem samþykkt hefir verið, gengur ekki í gildi fyrr en að minnsta kosti 3 mánuðum eftir tilkynninguna.

Um alþjóðaskrifstofuna.

IV. KAFLI.

23. grein.

Almennt versvið.

1. — Aðalskrifstofa, er starfi í Bern undir nafninu „Skrifstofa alþjóðapóstsambandsins“ og sé undir yfirumsjón hinnar svissnesku póststjórnar, skal vera sem miðstöð til þess að tengja lönd sambandsins saman, veita þeim upplýsingar og gefa þeim ráð.

Skrifstofa þessi skal einkum hafa á hendi það starf, að safna, 85
ráða, kunngera og senda út allskonar upplýsingar, sem varða hina al- 31. des.
þjóðlegu póstþjónustu; láta í ljósi álit sitt á ágreiningsefnum, þegar málsaðiljar krefjast þess; undirbúa til meðferðar óskir um breytingar á samþykktum póstþingsins; tilkynna breytingar þær, sem hafa verið samþykktar, og, yfir höfuð, vinna að þeim rannsóknum og störfum við ritstjórn og skýringar, sem alþjóðapóstsamningurinn, aukasamningarnir og starfsreglugjörðir þeirra gefa tilefni til eða henni kunna að verða lagðar á herðar í þarfir alþjóðasambandsins.

2. — Sem miðstöð reikningsfærslu gerir hún upp hverskonar reikninga, er snerta alþjóðapóststarfið, milli þeirra póststjórna, sem óska þessarar hjálpar.

24. grein.

Útgjöld til alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Hvert póstþing ákveður hámarksupphæð þá, sem hin vanalegu útgjöld alþjóðaskrifstofunnar mega ná árlega.

Þessi útgjöld, ásamt aukakostnaði þeim, sem leiðir af því að póstþing, póstfundur eða nefnd kemur saman, og svo gjöld þau, sem sérstök störf, er aðalskrifstofunni eru falin, hafa í för með sér, bera öll lönd sambandsins í félagi.

2. — Í því efni er löndunum skift í sjö flokka og leggur hver flokkur fram fje til útgjaldanna hlutfallslega, eins og hér segir:

1.	flokkur	25	einingar,
2.	—	20	—
3.	—	15	—
4.	—	10	—
5.	—	5	—
6.	—	3	—
7.	—	1	einingu.

3. — Gangi nýtt land að samningnum, ákveður stjórn hins svissneska sambandsríkis í sameiningu við stjórn hlutaðeigandi lands, í hvaða flokk það skuli sett við niðurjöfnunina á kostnaðinum við alþjóðaskrifstofuna.

85
31. des.

Annar bálkur.

Almennar reglur.

EINASTI KAFLI.

25. grein.

Transítheimild.

1. — Transítheimild er ábyrgzt yfir allt svæði sambandsins.

2. — Transítheimild fyrir póstböggla er bundin við svæði þeirra landa, er taka þátt í þessari starfsgrein.

Sendingar með tilgreindu verði mega fara í lokaðri transít yfir svæði landa, sem framkvæma ekki þessa grein póststarfsins, sem og með skipakosti landanna, þótt ekki sé með þeim tekin ábyrgð á sendingum með tilgreindu verði, og er þá ábyrgð þessara landa sú sama og gildir fyrir þau um sendingar, sem mælt er með.

Þau lönd, sem leyfa ekki smápakkaviðskifti, ráða sjálf transítheimild slíkra sendinga yfir svæði sitt.

26. grein.

Bann við að taka póstgjöld, sem ekki eru nefnd.

Bannað er að taka önnur póstgjöld, hverju nafni sem nefnast, en þau, sem nefnd eru í alþjóðapóstsamningnum og aukasamningnum.

27. grein.

Stöðvun á viðskiftum um stundarsakir.

Þegar einhver póststjórn sér sig tilneydda, af óviðráðanlegum atvikum, að stöðva um stundarsakir, að öllu eða nokkru leyti, flutning á bréfasendingum, sem önnur póststjórn hefir afhent henni, eða framkvæmdir á einni eða fleirum sérstökum starfsgreinum, skal hún þegar í stað, og símleiðis, ef þörf krefur, tilkynna það póststjórn þeirri eða póststjórnum, sem í hlut eiga.

28. grein.

Peninga-tegund.

Með frankanum sem mynteiningu í ákvæðum alþjóðapóst-

samningsins og aukasamninganna, er átt við gullfranka á 100 sentína, 85
$^{10}/_{31}$ úr grammi að þyngd og 0.900 að efnisgæðum. 31. des.

29. grein.

Jafngildi.

Í sérhverju landi í sambandinu skulu póstgjöldin miðast við eins nákvæmt jafngildi og frekast er unnt á gildandi peningum landsins við **gildi frankans.**

30. grein.

Eyðublöð. Tunga.

1. — Eyðublöð til afnota fyrir póststjórnirnar innbyrðis skulu samin á frönsku, með eða án þýðinga á annað mál milli lína, nema hlutaðeigandi póststjórnir ákveði annað með beinum samningi sín á **milli.**

2. — Eyðublöð til afnota fyrir almenning, sem ekki eru prentuð á frönsku, skulu hafa þýðingu á því máli milli lína.

3. — Eyðublöð þau, sem um ræðir í 1. og 2. lið, skulu hafa texta, lit og, að svo miklu leyti sem unnt er, stærð og lögun eins og fyrirskipað er í starfsreglugjörðum alþjóðapóstsamningsins og aukasamninganna.

4. — Póststjórnirnar geta komið sér saman um, hvaða tungu skuli nota í þjónustubréfaskriftum þeirra innbyrðis.

31. grein.

Skilríkisspjöld.

1. — Sérhver póststjórn getur gefið út handa þeim, er æskja, skilríkisspjöld, er gilda sem sönnunargögn við störf þau, sem framkvæmd eru af pósthúsum þeirra landa, sem hafa ekki tilkynnt, að þau neiti þeim.

2. — Sú póststjórn, sem afhendir skilríkisspjald, má fyrir það taka gjald, sem má ekki fara fram úr 1 franka.

3. — Póststjórnirnar eru úr allri ábyrgð, ef sannað verður, að afhending á póstsendingu eða útborgun á ávísun hafi átt sér stað gegn sýningu á löglega útbúnu skilríkisspjaldi.

85 31. des. Þær bera heldur ekki ábyrgð á afleiðingum þeim, sem kunna að verða, ef löglega útbúið spjald glatast, er stolið eða er notað á sviksamlegan hátt.

4. — Skilríkisspjaldið gildir í 3 ár frá útgáfudegi að telja.

Þriðji bálkur.

Ákvæði um póstbréfasendingar.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

32. grein.

Bréfasendingar.

Nafnið bréfasendingar nær til bréfa, bréfspjalda — einfaldra, og með fyrirfram borguðu svari —, verzlunarskjala, allskonar prents, þar í innifalið blindraprent með upphleyptu letri, sýnishorna af vörum og smápakka.

Smápakkapóstþjónustan nær aðeins til þeirra landa, sem hafa orðið ásátt á að framkvæma hana sín á milli gagnkvæmt eða í aðra áttina.

33. grein.

Burðargjöld og almenn skilyrði.

1. — Fyrirfram greitt burðargjald fyrir flutning á bréfasendingum í öllu umdæmi póstsambandsins, þar í inni falið skil á heimili viðtakenda í þeim löndum, þar sem útburður sendinga er eða verður stofnaður, svo og þyngdartakmörk og stærð, eru ákveðin samkvæmt kvæmt því, sem segir í þessari töflu:

Sendingar	Þyngdareiningar	Burðargjöld	Takmörk	
			þyngdar	stærðar
	gr.	s.		
Bréf: 1. þyngdarmark	20	25	2 kg.	45 sm. á hvern veg. *Í strongum:* 75 sm. á lengd og 10 sm. í þvermál.
Bréf: hvert þyngdarmark að auki	20	15	2 kg.	45 sm. á hvern veg. *Í strongum:* 75 sm. á lengd og 10 sm. í þvermál.
Bréfspjald: einfalt	—	15	—	hámark 15 sm. á lengd, 10,5 sm. á breidd. lágmark 10 sm. á lengd, 7 sm. á breidd.
Bréfspjald: með fyrirfram borguðu svari	—	30	—	hámark 15 sm. á lengd, 10,5 sm. á breidd. lágmark 10 sm. á lengd, 7 sm. á breidd.
Verzlunarskjöl	50	5	2 kg.	45 sm. á hverja hlið. *Í strongum:* 75 sm. á lengd og 10 sm. í þvermál.
Verzlunarskjöl, lágmarks burðargjald	—	25	—	
Prent	50	5	2. kg. (3 kg. fyrir bindi send einstök)	Fyrir prent, sem sent er opið, eins og spjöld, samanbrotin eða ekki, gildir sömu stærðar takmörk og fyrir bréfspjöld.
Blindraprent með upphleyptu letri	1000	5	5 kg.	
Sýnishorn af vörum	50	5	500 gr.	45 sm. á lengd, 20 sm. á breidd, 10 sm. á þykkt. *Í strongum:* 45 sm. á lengd og 15 sm. í þvermál.
Lágmarks burðargjald	—	10	—	
Smápakkar	50	15	1 kg.	
Lágmarks burðargjald	—	50	—	

Sem undanþágu frá ákvæðum 1. málsgreinar hér að ofan mega póststjórnirnar taka sérstakt útburðargjald fyrir að bera smápakka til viðtakenda, og má það ekki fara fram úr 25 sentímum fyrir sendingu.

2. — Takmörk þyngdar og stærðar, sem nefnd eru í 1. lið þessarar greinar, gilda ekki um sendingar, er snerta sjálfa póstþjónustuna og nefndar eru í 1. lið 43. greinar.

3. — Sérhver póststjórn hefir rétt til þess að veita, í viðskiftum sínum við póststjórnir, sem hafa gefið samþykki sitt til, blöðum og tímaritum, sem send eru beint af útgefendum eða umboðsmönnum þeirra, 50% afslátt af hinu almenna burðargjaldi undir prent. Útilokað frá að njóta þessa afsláttar er verslunarprent, svo sem vöruskrár (Katalog), áskriftartilboð, verðlistar o. s. frv., hversu reglulega sem það kemur út.

Póststjórnirnar geta í sömu kringumstæðum veitt sama afslátt fyrir bækur, bæklinga og nótnahefti, hverjir svo sem sendendur eru, gegn því að útilokaðar séu allar auglýsingar nema á kápu og saurblöðum.

4. — Bréfin mega ekki innihalda neitt bréf, orðsendingu eða

85 skjal með utanáskrift til annara manna en viðtakanda eða sambýlis-
31. des. manna hans.

5. — Verzlunarskjöl, allskonar prent, sýnishorn af vörum og smápakkar mega ekki innihalda neitt bréf, orðsendingu eða skjal, sem geta talizt hreinar persónulegar bréfaskriftir. Þau skulu vera þannig útbúin, að auðvelt sé að rannsaka innihaldið, með þeim undantekningum, sem reglugjörðin nefnir.

Leyfilegt er að láta í smápakka opna vöruskrá, er aðeins inniheldur þær upplýsingar, er mega standa í vöruskrá, svo og einfalt eftirrit af utanáskrift sendingarinnar með tilkynningu um utanáskrift sendanda.

6. — Samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í starfsreglugjörðinni, er leyfilegt að sameina bréfasendingar af ýmsum flokkum í eina sendingu (samanblandaðar sendingar).

7. — Sendingar, sem í eru sýnishorn af vörum, mega ekki innihalda neinn hlut, sem hefir verzlunargildi.

8. — Með þeim undantekningum, er alþjóðapóstsamningurinn og starfsreglugjörð hans leyfir, er ekki tekið við sendingum, sem uppfylla ekki skilyrði þau, sem sett eru í þessari grein og tilsvarandi greinum starfsreglugjörðarinnar.

Sendingar, sem óvart kann að verða tekið við, má endursenda til upprunapósthúss. Þó skal ákvörðunarpósthúsinu heimilt að afhenda þær viðtakendum, ef innanlands reglur þess leyfa, og skal það, ef svo ber undir, leggja á þær þau póstgjöld og aukagjöld, sem eiga við þann flokk sendinga, er þær í raun og veru eiga heima í. Ef um er að ræða sendingar, sem fara fram úr þyngdartakmörkum þeim, sem ákveðin eru í 1. lið þessarar greinar, skal borga undir þær eins og þær vega í raun og veru.

34. grein.

Frímerking.

Allar sendingar, sem nefndar eru í 32. grein, skulu yfirleitt vera frímerktar fyrirfram að fullu af sendanda.

Til flutnings verður ekki tekið við ófrímerktum eða vanfrímerktum sendingum öðrum en bréfum og einföldum bréfspjöldum, né heldur bréfspjöldum með fyrirfram borguðu svari, ef hvor hlutinn um sig er ekki fullfrímerktur, þegar þau eru látin í póst.

35. grein.

Burðargjald undir ófrímerktar eða vanfrímerktar sendingar.

Að undanteknu því, sem segir í 45. grein starfsreglugjörðar-

innar, 3., 4. og 5. lið, um vissar tegundir áfram sendra sendinga, 85
skal taka fyrir ófrímerkt eða vanfrímerkt bréf og spjaldbréf, á kostn- 31. des.
að viðtakanda, tvöfalt hið ógreidda eða vanborgaða burðargjald, þó ekki minna en 10 sentíma. Sömu aðferð skal beitt í ofangreindum tilfellum, við aðrar bréfasendingar, sem kynnu að hafa verið óvart sendar til ákvörðunarlandsins.

36. grein.

Aukaburðargjöld.

Auk burðargjalds þess, sem ákveðið er í 33. grein, má taka fyrir hverja sendingu, sem flutt er með sérstökum tækjum, er hafa aukinn kostnað í för með sér, aukaburðargjald hlutfallslega miðað við þennan kostnað.

Þegar í burðargjaldstaxta fyrir einfalt bréfspjald er innifalið aukaburðargjald það, sem leyft er í síðustu málsgrein, skal sami taxti gilda um hvern hluta fyrir sig af bréfspjaldi með borguðu svari.

37. grein.

Sérstök gjöld.

1. — Póststjórnunum er heimilt að taka sérstakt gjald, samkvæmt innanlands ákvæðum sínum, fyrir sendingar, sem skilað er til flutnings á síðustu stundu.

2. — Póststjórn ákvörðunarlandsins er heimilt að taka sérstakt gjald samkvæmt innanlands lögum sínum fyrir poste restantè sendingar.

38. grein.

Tollskyldir hlutir.

Smápakkar mega innihalda tollskylda hluti.

Sama gildir og um bréf, þegar ákvörðunarlandið leyfir innflutning á tollskyldum hlutum í því formi.

39. grein.

Tolleftirlit.

Póststjórn ákvörðunarlandsins er heimilt að setja sendingar þær, sem nefndar eru í greininni á undan, undir tolleftirlit og, ef svo ber undir, að opna þær í embættisnafni.

85
31. des.

40. grein.

Gjald fyrir tollmeðferð.

Fyrir sendingar, sem settar eru undir tolleftirlit í ákvörðunarlandinu, má taka sérstakt póstgjald, vegna tollmeðferðar á þeim, allt að 50 sentímum á sendingu.

41. grein.

Tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld.

Auk póstgjaldanna er póststjórnunum heimilt að taka af viðtakendum sendinganna tollgjöld og önnur gjöld, sem fyrir kunna að koma.

42. grein.

Gjaldfrjálsar sendingar.

Í viðskiftum milli landa, sem hafa orðið ásátt um að leyfa slíkt, geta sendendur tekið að sér öll gjöld, sem á sendingunum hvíla, bæði póstgjöld og önnur gjöld, með því að láta viðtökupósthúsinu í té á undan yfirlýsingu um það.

Skulu sendendur í þessu efni skuldbundnir til þess að greiða upphæðir þær, sem ákvörðunarpósthúsið krefst, og, ef svo ber undir, setja fullnægjandi veð fyrir.

Póststjórn sú, sem leggur gjöldin út vegna sendanda, má fyrir það taka umboðsgjald, sem ekki má fara fram úr 50 sentímum fyrir sendingu. Gjald þetta er alveg óháð gjaldinu, sem nefnt er í 40. grein hér á undan, fyrir tollmeðferð.

2. Sérhverri póststjórn er heimilt að láta gjaldfrjálsar sendingar aðeins ná til sendinga, sem mælt er með.

43. grein.

Afnám tollgjalda.

Póststjórnirnar skuldbinda sig til þess að reyna, með því að snúa sér til hlutaðeigandi tollstjórna, að fá því til leiðar komið, að tollgjöldin verði afnumin af sendingum, sem eru endursendar til upprunalandsins, eyðilagðar vegna algerðra skemmda á innihaldinu eða áframsendar til þriðja lands.

44. grein.

Hraðboðasendingar.

1. — Ef sendendur æskja þess, verða bréfasendingarnar bornar á heimili viðtakanda af sérstökum bréfbera undir eins og póstur er kominn, í þeim löndum sambandsins, sem taka þetta starf að sér í viðskiftum sínum gagnkvæmt.

2. — Fyrir sendingar þessar, sem kallast hraðboðasendingar („exprès"), skal, auk hins venjulega burðargjalds, greiða sérstakt gjald, er nemi minnst tvöföldu burðargjaldi undir vanalegt einfalt bréf, og mest einum franka. Skal það vera fullborgað fyrir fram af sendanda.

3. — Þegar heimili viðtakanda liggur utan svæðis þess, sem staðarútburður fer fram á frá ákvörðunarpósthúsinu, má fyrir hraðboðaútburð taka aukagjald, er nemi allt að þeirri upphæð, sem ákveðin er hraðboðagjald í innanlands þjónustu. Í þessu tilfelli er þó útburður með hraðboða ekki skyldukvöð.

4. — Hraðboðasendingum, sem ekki eru nægilega frímerktar fyrir öllum gjöldum, sem borga ber fyrir fram, skal koma til skila á venjulegan hátt, nema sendipósthúsið hafi farið með þær sem hraðboðasendingar. Í því tilfelli skulu sendingarnar settar í taxta eftir ákvæðum 35. greinar.

45. grein.

Forboð.

1. — Bannað er að senda:

a. hluti, sem samkvæmt eðli sínu eða umbúnaði geta verið hættulegir lífi póstmanna, eða óhreinkað eða skemmt sendingarnar;
b. sprengihætta, eldfima eða hættulega hluti;
c. lifandi dýr, að undanteknum býflugum og silkiormum;
d. tollskylda hluti með þeim undantekningum, sem getur um í 38. grein, svo og sýnishorn af vörum, sem sent er mikið af í þeim tilgangi að komast hjá tollgjöldunum. Bann þetta nær þó ekki til tollskylds prents;
e. ópíum, morfín, cocaín og önnur deyfandi meðul;
f. klámfenga og ósæmilega hluti;
g. alla hluti, sem bannaður er innflutningur eða útbreiðsla á í sendi- eða ákvörðunarlandinu.

Þar að auki er bannað að senda, hvort heldur er í bréfum, sem ekki er mælt með, eða í smápökkum, meðmæltum eða ekki, slegna peninga, bankaseðla, peningaseðla eða verðbréf á handhafa, hverju nafni sem nefnast, platínu, gull eða silfur, unnið eða óunnið, gimsteina, skrautgripi og aðra dýrmæta muni.

85 31. des. Sending á frímerkjum, nýjum eða notuðum, í opnu umslagi er bönnuð.

2. — Sendingar þær, sem falla undir framangreind forboð, og af óaðgætni kunna að hafa verið teknar til flutnings, skal farið með sem hér segir:

a. hluti þá, sem nefndir eru í 1. lið undir a, d, e og g skal farið með samkvæmt innanlands ákvæðum þeirrar póststjórnar, sem verður þeirra vör. Hluti, sem innihalda ópíum, morfín, cocaín og önnur deyfandi meðul, skal þó undir engum kringumstæðum afhenda viðtakanda né endursenda til upprunastaðar;
b. hlutir, sem nefndir eru undir b og f skulu eyðilagðir á staðnum af póststjórninni, sem verður þeirra fyrst vör;
c. hluti þá, sem nefndir eru undir c og í tveimur síðustu málsgreinum 1. liðs, skal senda til sendipósthússins, nema póststjórn ákvörðunarlandsins kynni að vilja afhenda þá viðtakendum sem undantekningu.

Séu sendingar þær, sem af óaðgætni kunna að hafa verið teknar til flutnings, hvorki endursendar til upprunastaðar, né afhentar viðtakanda, ber að tilkynna sendipósthúsinu ótvírætt, hvernig hefir verið farið með sendingarnar, svo að það geti, ef svo ber undir, gert ráðstafanir, sem við eiga.

3. — Að öðru leyti er stjórn hvers lands í sambandinu áskilinn réttur til þess að framkvæma ekki, á sínu póstsvæði, flutning eða útbýtingu á sendingum, öðrum en bréfum og bréfspjöldum, sem fluttar eru gegn lægra burðargjaldi, þegar ekki hefir verið tekið tillit til laga þeirra, fyrirskipana og ákvæða, sem gilda um útgáfu eða útbreiðslu þessara hluta í landinu.

Þesskonar sendingar ber að endursenda til upprunapósthúss.

46. grein.

Frímerkingarmáti.

1. — Frímerking er framkvæmd annaðhvort með póstfrímerkjum, sem gilda í sendilandinu fyrir einkabréf, eða með stimplum með frímerkingarvélum, sem eru opinberlega teknar til notkunar og undir beinu eftirliti póststjórnarinnar, eða, að því er prent snertir, með stimplun í prentsmiðju eða stimplun á annan hátt, þegar slík prentunaraðferð er heimiluð með innanlandsákvæðum póststjórnar upprunalandsins.

2. — Löglega frímerkt skoðast: svarbréfspjöld, sem bera frímerki útgáfulands bréfspjaldanna áprentuð eða álímd, sendingar, sem eru reglulega frímerktar yfir hið fyrsta svæði, sem þær fara, og aukaburðargjald hefir verið borgað fyrir, áður en þær eru sendar á ný,

svo og blöð og blaðapakkar og tímarit, sem utanáskriftarmegin bera athugasemdina „Abonnements-poste“ eða tilsvarandi athugasemd, og sendar eru samkvæmt hinum sérstaka samningi um áskrift á blöðum og tímaritum. 85 31. des.

3. — Sendingar, sem látnar eru á rúmsjó í bréfakassa skips eða fengnar í hendur póstmönnum á skipinu eða skipstjóra skipsins, má frímerkja, nema öðruvísi sé ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, með frímerkjum og eftir taxta þess lands, sem á skipið eða hefir það í sinni þjónustu. Sé sendingin látin í póst á skipsfjöl, meðan skipið liggur á annari hvorri endastöð leiðarinnar, eða á millihöfnum, gildir frímerkingin ekki, nema hún sé gerð með frímerkjum og eftir taxta þess lands, sem skipið er í landhelgi við.

47 grein.

Póstgjaldafrjálsar sendingar.

1. — Undanþegnar öllum póstgjöldum eru þjónustusendingar um póstmál, milli póststjórnanna, milli póststjórnanna og alþjóðaskrifstofunnar í Bern, milli pósthúsa í löndum sambandsins, og milli pósthúsanna og póststjórnanna, svo og þær sendingar, sem beinlínis er tekið fram um, með ákvæðum alþjóðapóstsamningsins, aukasamninganna og starfsreglugjörða þeirra, að fluttar skuli burðargjaldsfrítt.

2. — Allar sendingar, að póstkröfusendingum undanteknum, sem eiga að fara til herfanga eða sendar eru frá þeim, eru einnig undanþegnar öllum póstgjöldum, jafnt í sendilandi sem ákvörðunar- og milliliðslöndum.

Sama gildir og um sendingar, er snerta herfanga, sem sendar eru eða mótteknar annaðhvort beint eða gegnum upplýsingaskrifstofur, sem kynnu að verða settar á stofn til hjálpar þessum mönnum, í ófriðarlöndunum eða hlutlausum löndum, sem hafa tekið við herskyldum mönnum á sitt svæði.

Herskyldir menn, sem teknir hafa verið og vistaðir í hlutlausu landi, skoðast sem eiginlegir herfangar, að því er snertir beitingu á framangreindum ákvæðum.

48. grein.

Svarmerki.

Svarmerki eru til sölu í löndum póstsambandsins.

Verð þeirra ákveða hlutaðeigandi póststjórnir, en það má ekki vera lægra en 37½ sentími eða jafngildi þessarar upphæðar í mynt landsins, sem selur.

Sérhverju merki má skifta í öllum löndum sambandsins fyrir

85 eitt eða fleiri frímerki, er fullnægja frímerkingu á einföldu bréfi úr
31. des. því landi til útlanda.

Skiftin skulu þó hafa farið fram fyrir lok sjötta mánaðar, að telja frá þeim mánuði, sem merkin eru gefin út í.

Auk þessa er hverju landi heimilt að krefjast þess, að sendingar, sem eiga að frímerkjast þannig, séu samtímis látnar í póst og skift er á merkjunum.

49. grein.

Afturköllun. Breyting á utanáskrift.

1. — Sendandi getur afturkallað sendinguna eða breytt á henni utanáskriftinni á meðan hún hefir ekki verið afhent viðtakanda.

2. — Beiðni um þetta sendist póstleiðis eða símleiðis á kostnað sendanda, og ber honum að greiða fyrir hverja beiðni, sem send er póstleiðis, borgun eins og undir einfalt ábyrgðarbréf, og fyrir hverja beiðni ,sem send er símleiðis, borgun skeytisins.

50. grein.

Áframsending. Óskilasendingar.

1. — Breyti viðtakandi til um dvalarstað, skulu bréfasendingar áfram sendar til hans, nema sendandi hafi bannað áframsendinguna með athugasemd utanáskriftarmegin á sendingunni.

2. — Bréfasendingar, sem lenda í óskilum, af hvaða ástæðu sem er, skulu þegar í stað endursendast til upprunalandsins.

3. — Frestur fyrir geymslu á sendingum til handa viðtakendum, eða, sem skrifað er utan á „poste restante", er ákveðinn með reglugjörðum ákvörðunarlandsins. Þó má frestur þessi sem aðalregla ekki fara fram úr tveim mánuðum, nema í sérstökum tilfellum, er póststjórn ákvörðunarlandsins telur nauðsynlegt að gera undantekningu og lengja hann allt að fjórum mánuðum mest. Endursending til sendilandsins skal fara fram á styttri tíma, ef sendandi hefir beðið um það með athugasemd utanáskriftarmegin á umslaginu, sem skrifað sje á máli, sem skilst í ákvörðunarlandinu.

4. — Prentað mál, sem er einskis virði, skal ekki endursenda, nema sendandi með athugasemd á umbúðunum hafi beðið um það.

Prentað mál, sem mælt er með, skal alltaf endursenda.

5. — Áframsending bréfasendinga land úr landi eða endursending þeirra til upprunalandsins veitir ekki ástæðu til aukaburðargjalds, að því fráskildu, sem nefnt er í starfsreglugjörðinni.

6. — Bréfasendingar, sem eru áfram sendar eða lentar í óskil-

um, skal afhenda viðtakendum eða sendendum, gegn greiðslu á burð- 85
argjaldi því, er á þær hefir fallið við burtför, komu eða á leiðinni, 31. des.
sakir áframsendingar út yfir fyrsta svæði, án þess þó að greiðsla á tollgjöldum og öðrum sérstökum gjöldum, sem ákvörðunarlandið leyfir ekki að afnema, falli þar með niður.

7. — Ef um er að ræða áframsendingu til annars lands eða að sending verður ekki afhent, falla þessi gjöld niður: poste-restante gjald, gjald fyrir tollmeðferð, hraðboðagjald og gjald fyrir útburð á smápökkum til viðtakenda.

51. grein.

Fyrirspurnir.

1. — Fyrir fyrirspurnir um allskonar sendingar má taka visst gjald, 1 franka mest.

Að því er ábyrgðarsendingar snertir, skal ekkert gjald taka, hafi sendandi þegar borgað fyrir móttökukvittun.

2. — Fyrirspurnir eru aðeins leyfðar innan eins árs að telja frá deginum eftir að sendingin hefir verið sett í póst.

3. — Sérhver póststjórn er skyld að taka við fyrirspurnum um sendingar, sem settar hafa verið í póst í umdæmi annara póststjórna. Fyrirspurnargjaldinu óskertu heldur sú póststjórn, sem tekur við fyrirspurninni.

4. — Orsakist fyrirspurn af yfirsjón póstþjónustunnar, endurgreiðist fyrirspurnagjaldið.

II. KAFLI.

Ábyrgðarsendingar.

52. grein.

Taxtar.

1. — Bréfasendingar þær, sem nefndar eru í 32. grein, má senda gegn ábyrgð.

Þó getur hið fasta ábyrgðargjald fyrir hlutann „réponse“ á bréfspjaldi ekki orðið greitt, svo gilt sé, af hinum upprunalega sendanda sendingarinnar.

2. — Burðargjald undir allar ábyrgðarsendingar skal greiðast fyrirfram. Það er samsett af:

a) hinu vanalega burðargjaldi sendingarinnar, eftir eðli hennar;
b) föstu ábyrgðargjaldi, 40 sentímum mest.

85 31. des.

3. — Um leið og ábyrgðarsending er látin á póst, skal sendandi fá póstkvittun ókeypis.

4. — Lönd þau, sem vilja taka á sig ábyrgð gegn ofurefli (vis major), mega taka fyrir það aukagjald, 40 sentíma mest fyrir hverja ábyrgðarsendingu.

5. — Ófrímerktar eða vanfrímerktar ábyrgðarsendingar, sem af vangá kynnu að flytjast til ákvörðunarlandsins, skulu, ef þeim er útbýtt, verðlagðar eftir ákvæðunum um van- eða ófrímerktar almennar bréfasendingar.

53. grein.

Móttökukvittun.

Sendandi ábyrgðarsendingar getur fengið móttökukvittun gegn því því að greiða, um leið og hann skilar sendingunni til flutnings, fast gjald, er nemi 40 sentímum mest.

Um móttökukvittun má biðja eftir að sendingin hefir verið sett á póst, innan þess tíma og gegn því gjaldi, sem ákveðið er í 51. grein um fyrirspurnir.

54. grein.

Viðtæki ábyrgðar.

Að því undanskildu, er segir í næstu grein, svara póststjórnirnar til ábyrgðarsendinga, sem glatast.

Sendandi hefir í þessu efni rétt til skaðabóta, og er upphæð þeirra ákveðin 50 frankar fyrir sendingu.

55. grein.

Undantekning frá reglunni um ábyrgð.

Póststjórnirnar eru undanþegnar allri ábyrgð fyrir glötun á sendingum, sem mælt er með:

a) ef um ofurefli (vis major) er að ræða; þó hvílir ábyrgðin á þeirri sendipóststjórn, sem hefir tekið að sér að ábyrgjast gegn ofurefli (52. grein, 4. liður). Landið, sem ber ábyrgðina á glötuninni, skal, eins og innanlandslög þess segja til, úrskurða, hvort tapið stafar af atvikum, er heimfærist undir ofurefli (vis major);

b) þegar þær geta ekki gert grein fyrir sendingunum, vegna þess að þjónustuskjölin hafa eyðilagzt af óviðráðanlegum orsökum (vis major);

c) þegar um er að ræða sendingar, sem innihalda hluti, er falla undir forboð það, sem nefnt er í 45. grein, 1. lið; 85 31. des.

d) þegar sendandi hefir ekki framsett neina kröfu innan tímabils þess, sem tiltekið er í 51. grein.

56. grein.

Hvenær ábyrgð hættir.

Póststjórnirnar eru lausar við ábyrgð á sendingum, sem mælt er með, þegar þær hafa afhent þær samkvæmt gildandi skilyrðum í innanlandsreglugjörðum sínum.

Sje um sendingar að ræða, sem skrifað er utan á „poste restante", eða eru geymdar samkvæmt beiðni til umráða fyrir viðtakendur, hættir ábyrgðin við afhendingu sendingarinnar til manns, sem hefir sýnt greinileg skilríki fyrir því, hver hann sé, samkvæmt gildandi reglum í ákvörðunarlandinu, enda komi nafn hans og staða heim við það, sem greint er í utanáskriftinni.

57. grein.

Greiðsla á skaðabótunum.

Skyldan til skaðabótagreiðslu hvílir á þeirri póststjórn, sem sendipósthús sendingarinnar heyrir undir, að geymdum endurgreiðslurétti gegn póststjórninni, sem ábyrgðina ber.

58. grein.

Frestur á greiðslunni.

1. — Skaðabótagreiðslan skal fara fram eins fljótt og unnt er, og í síðasta lagi innan 6 mánaða að telja frá deginum eftir að krafa var sett fram. Frestur þessi er lengdur upp í 9 mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd.

Þegar sérstaklega stendur á, getur póststjórn sendilandsins frestað reikningsskilum á skaðabótum fram yfir tíma þann, sem tiltekinn er í málsgreininni á undan, þegar eigi er útkljáð um, hvort skaðinn stafi af ofurefli (vis major).

2. — Sendipóststjórnin hefir heimild til þess að bæta sendanda skaðann á kostnað milliliggjandi póststjórnar eða viðtökupóststjórnar, þegar þær eftir löglega aðvörun hafa eigi leitt málið til lykta innan 3 mánaða; frestur þessi er lengdur upp í 6 mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd.

85
31. des.

59. grein.

Um hver beri ábyrgðina.

1. — Þangað til hið gagnstæða verður sannað, hvílir ábyrgðin fyrir glötun ábyrgðarsendingar á þeirri póststjórn, sem eftir að hafa tekið á móti sendingunni athugasemdalaust og eftir að hafa fengið í sínar hendur öll fyrirskipuð gögn til eftirgrennslunar, getur hvorki sýnt fram á, að sendingin hafi verið afhent viðtakanda eða, ef svo ber undir, hafi verið send á lögformlegan hátt til næstu póststjórnar.

Milliliggjandi póststjórn eða póststjórn ákvörðunarlandsins, eru þó undanþegnar allri ábyrgð, ef þær geta fært sönnur á, að þær hafi ekki fengið kröfuna, fyrr en eftir að þjónustuskjöl hlutaðeigandi sendingar hafi verið eyðilögð og geymslufrestur þeirra, sem nefndur er í 78. grein starfsreglugjörðarinnar, útrunninn. Fyrirvari þessi rýrir í engu rétt kröfuhafans.

Ef sendingin glatast í flutningum, án þess hægt sé að komast fyrir, á hvaða póstsvæði eða í vörzlum hvaða póststjórnar atvikið hefir komið fyrir, bera hlutaðeigandi póststjórnir skaðann í félagi að jöfnu. Þó skal öll skaðabótaupphæðin greiðast sendipóststjórninni af fyrstu póststjórn, sem ekki getur gert grein fyrir reglulegri afhendingu á hinni umspurðu sendingu til næstu póststjórnar. Þessari póststjórn ber að heimta aftur af hinum póststjórnunum, sem ábyrgðina bera, hluta hverrar um sig í skaðabótagreiðslunni til þess rétta aðila.

2. — Glatist ábyrgðarsending sakir óviðráðanlegra atvika (vis major), ber landið, sem sendingin hefir glatast hjá, enga ábyrgð gagnvart póststjórn landsins, sem sendi, nema bæði löndin taki á sig ábyrgð gegn ofurefli (vis major).

3. — Tollgjöld og önnur áhvílandi gjöld, sem ekki hafa fengizt afnumin, hvíla á þeim póststjórnum, sem bera ábyrgðina á skaðanum.

4. — Nú eru skaðabæturnar greiddar og öðlast póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, réttindi þess, sem við þeim hefir tekið, á allt að sömu upphæð, að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að viðtakanda, sendanda eða þriðja manni.

5. — Komi ábyrgðarsending fram, sem talin hefir verið glötuð, skal þeim, er skaðabætur voru greiddar, gert aðvart um, að hann geti fengið sendinguna afhenta gegn endurgreiðslu á skaðabótaupphæðinni.

60. grein.

Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.

1. — Póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, eða ber kostnað greiðslunnar samkvæmt 58. grein, er skyld að greiða póststjórn sendi-

landsins innan þriggja mánaða eftir tilkynningu um greiðsluna, skaða- 85
bótaupphæð þá, sem raunverulega hefir verið greidd sendanda. 31. des.

Borgun þessi fer fram póststjórninni, sem á inni, að kostnaðarlausu, annaðhvort með póstávísun, tékk eða víxli, er borgist við sýningu í höfuðstað eða verzlunarborg landsins, sem á inni, eða peningum, er hafa gangverð þar. Sé hinn tilgreindi þriggja mánaða frestur útrunninn, falla vextir á upphæð þá, sem póststjórn sendilandsins er talin til inneignar, 7% á ári frá þeim degi að telja, er fresturinn er útrunninn.

2. — Sendipóststjórnin getur ekki krafizt endurgreiðslu á skaðabótagreiðslunni hjá póststjórn þeirri, sem ábyrgðina ber, fyrr en eftir tvö ár, að telja frá dagsetningu tilkynningarinnar um skaðann, eða, ef svo ber undir, frá þeim degi, er frestur sá, sem nefndur er í 2. lið 58. greinar, rennur út.

3. — Póststjórn sú, sem réttilega hefir sannazt á, að ábyrgðina beri, og neitar strax að greiða skaðabæturnar, skal einnig á sinn kostnað bera allan aukakostnað, sem kann að leiða af hinum óréttmæta drætti á borguninni.

4. — Þó geta póststjórnirnar komið sér saman um að gera upp á vissum tímabilum skaðabætur þær, sem þær hafa greitt sendendum og þær hafa viðurkennt að vera á rökum byggðar.

III. KAFLI.

Póstkröfusendingar.

61. grein.

Burðargjöld og skilyrði. Reikningsskil.

1. — Ábyrgðarsendingar má senda með póstkröfu milli þeirra landa, þar sem póststjórnirnar koma sjer saman um þessa þjónustu.

Nema öðruvísi sé um samið, skal upphæð póstkröfunnar stíluð í mynt upprunalands sendingarinnar.

Hámark póstkröfuupphæðar er jafnt og hámark póstávísana til upprunalands sendingarinnar.

Póstkröfusendingar skal farið með og borgað undir, eins og ábyrgðarsendingar.

Sendandi greiðir að auki fastagjald, sem má ekki fara fram úr 50 sentímum fyrir sendingu, og hlutfallsgjald af póstkröfuupphæðinni, ½ af hundraði mest.

Sérhver póststjórn hefir rétt til, að því er töku hlutfallsgjaldsins snertir, að nota þann stiga, sem hentar bezt fyrir hennar þjónustu.

85 31. des.

2. — Þegar búið er að innheimta upphæðina hjá viðtakanda, er hún send sendanda með póstkröfuávísun, sem er gefin út ókeypis.

3. — Póststjórnirnar geta komið sér saman um aðra aðferð við reikningsskil hinna innheimtu upphæða. Sérstaklega geta þær tekið að sér að greiða þær inn á pósthlaupareikning í ákvörðunarlandi sendingarinnar.

Í þessu tilfelli skal upphæð póstkröfunnar, nema öðruvísi sé um samið, stíluð í mynt ákvörðunarlandsins. Af sendanda skal tekið, auk burðargjalds undir ábyrgðarsendingu, fastagjald, er nemi 25 sentímum mest. Póststjórn ákvörðunarlandsins greiðir með innlendum innborgunarseðli í hlaupareikning upphæð þá, sem innheimt hefir verið af viðtakanda, að frádregnu fastagjaldi, 25 sentímum mest, og hinu vanalega innborgunargjaldi, sem notað er í innanlandsþjónustu hennar.

62. grein.

Afnám eða lækkun póstkröfuupphæðar.

Sendandi ábyrgðarsendingar, sem póstkrafa hvílir á, getur beðið um algert afnám á póstkröfuupphæðinni eða afnám að nokkru leyti.

Slíkar beiðnir eru háðar sömu ákvæðum, og beiðnir um afturköllun sendinga eða um breytingu á utanáskrift.

Sé beiðni um algert afnám á póstkröfuupphæð, eða afnám að nokkru leyti, send símleiðis, skal bæta við símskeytisgjaldið burðargjaldi, eins og undir einfalt ábyrgðarbréf.

63. grein.

Ábyrgð, ef sending glatast.

Glatist sending, sem póstkrafa hvílir á, ber póstþjónustan ábyrgð eftir skilyrðum þeim, sem sett eru í 54. og 55. grein.

64. grein.

Ábyrgð á upphæðum þeim, sem hafa verið innheimtar reglulega.

Upphæðir þær, sem hafa verið innheimtar reglulega af viðtakanda, eru, hvort sem þeim hefir verið breytt í póstávísun eða ekki eða þær hafa verið greiddar inn í pósthlaupareikning, ábyrgztar sendanda með þeim skilyrðum, sem sett eru til handa sendanda í póstávísanasamningnum, eða með þeim fyrirmælum, sem gilda í pósttékka- og póstgíróþjónustunni.

65. grein.

Skaðabætur fyrir vanrækta, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.

1. — Hafi sendingin verið afhent viðtakanda án innheimtu á póstkröfuupphæðinni, á sendandi rétt á skaðabótum, þó með þeim skilyrðum, að krafa hafi verið sett fram innan þess tímabils, sem tiltekið er í 2. lið 51. greinar, og að vanræksla í innheimtunni sé ekki að kenna yfirsjón hans sjálfs eða hirðuleysi, og ennfremur, að innihald sendingarinnar falli ekki undir forboð þau, sem nefnd eru í 45. grein.

Sama gildir og ef upphæð sú, sem heimt er inn hjá viðtakanda er lægri en upphæð hinnar tilgreindu póstkröfu, eða ef innheimta hefir verið framkvæmd á sviksamlegan hátt.

Skaðabæturnar geta undir engum kringumstæðum orðið hærri en upphæð póstkröfunnar.

2. — Nú eru skaðabætur greiddar að fullu og öðlast þá póststjórnin, sem ábyrgðin hvílir á, réttindi þess, sem við þeim hefir tekið, á allt að sömu upphæð, að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að viðtakanda, sendanda, eða þriðja manni.

66. grein.

Reglulega innheimtar upphæðir. Skaðabætur. Greiðsla og aðgangur til endurgreiðslu.

Skyldan til útborgunar á reglulega innheimtum upphæðum, svo og á skaðabótum þeim, sem nefndar eru í næstu grein á undan, hvílir á þeirri póststjórn, sem sendipósthús sendingarinnar heyrir undir, með þeim fyrirvara, að því er áskilinn réttur til aðgangs að endurgreiðslu á hendur þeirri póststjórn, sem ábyrgðin hvílir á.

67. grein.

Greiðslufrestur.

Ákvæðin í 58. grein um frest skaðabótagreiðslu fyrir glataða ábyrgðarsendingu ná einnig til greiðslu á hinum innheimtu upphæðum eða á skaðabótum fyrir póstkröfusendingar.

68. grein.

Um hver beri ábyrgðina.

Greiðsla hinna reglulegu innheimta upphæða, svo og greiðsla á skaðabótum samkvæmt 65. grein, sem framkvæmdar eru af sendipóststjórninni, fara fram fyrir reikning ákvörðunarpóststjórnar. Á henni

85 hvílir ábyrgðin, nema hún geti sannað, að yfirsjónin stafi af því, að
31. des. sendipóststjórnin hafi ekki fylgt einhverjum hinna fyrirskipuðu ákvæða.

Ef um er að ræða sviksamlega innheimtu að undangengnu hvarfi í póstþjónustunni á póstkröfusendingu, er ábyrgð þeirra póststjórna, er hlut eiga að máli, ákveðin með ákvæðum 59. greinar um glataða venjulega ábyrgðarsendingu. Milliliggjandi póststjórn, sem tekur ekki sjálf þátt í póstkröfu-þjónustunni, ber þó ekki aðra ábyrgð en þá, sem nefnd er í 54. og 55. grein um ábyrgðarsendingar.. Hinar póststjórnirnar bera að jöfnu upphæð þá, sem slík póststjórn greiðir ekki.

69. grein.

Endurgreiðsla á lánuðum upphæðum.

Póststjórn ákvörðunarlandsins er skyld að endurgreiða póststjórn sendilandsins upphæðir þær, sem greiddar hafa verið fyrir hennar reikning fyrirfram, samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í 60. grein.

70. grein.

Póstkröfuávísanir.

1. — Upphæð póstkröfuávísunar, sem einhverra orsaka vegna hefir ekki orðið útborguð viðtakanda, er ekki endurgreidd póststjórninni, sem gaf hana út. Henni er haldið til reiðu fyrir viðtakanda af sendipóststjórn póstkröfusendingarinnar og fellur algerlega í hlut þeirrar póststjórnar, þegar hið löglega tímabil, sem hún gildir, er útrunnið.

Að öðru leyti, og með þeim fyrirvara, sem starfsreglugjörðin getur um, eru póstkröfuávísanir háðar ákvæðum póstávísanasamningsins.

2. — Þegar innborgunarseðill, út gefinn samkvæmt fyrirmælum 3. liðs í 61. grein, hefir, einhverra orsaka vegna, ekki orðið færður til tekna hjá viðtakanda þeim, sem sendandi póstkröfusendingarinnar hefir til greint, skal hann af innheimtupósthúsinu sendur upprunapósthúsinu, er greiðir sendanda sendingarinnar upphæðina. Sje ekki hægt að framkvæma þessa greiðslu, skal farið að eins og segir í 1. lið þessarar greinar.

71. grein.

Endurgreiðsla á burðar- og póstkröfugjaldi.

Póststjórn upprunalandsins endurgreiðir póststjórn ákvörðunarlandsins, samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í starfsreglugjörðinni, fastan burðargjaldshluta, 20 sentíma fyrir póstkröfu, og að auki ¼ af hundraði af aðaluppheð greiddra póstkröfuávísana.

Burðargjöld þau, sem nefnd eru í 3. lið 61. greinar, falla óskert til póststjórnarinnar, sem innheimtir þau. 85 31. des.

IV. KAFLI.

Réttur til burðargjaldanna. Transít- og geymslugjöld.

72. grein.

Réttur til burðargjaldanna.

Sérhver póststjórn heldur að fullu upphæðum þeim, sem hún hefir krafið. nema þar sem annað er greinilega tekið fram í alþjóðapóstsamningnum.

73. grein.

Transítgjöld.

1. — Fyrir sendingar þær, sem sendar eru í lokuðum póstpokum milli tveggja póststjórna, með tilstyrk einnar eða fleiri annara póststjórna (aðstoð þriðja lands) skal greiða hverju landi, sem flutningurinn hefir farið yfir, eða hefir tekið þátt í flutningnum, transítgjald það, sem greint er í eftirfarandi töflu.

	fyrir hvert kg.	
	af bréfum og bréfspjöldum	af öðrum sendingum
	Fr.	Fr.
1° Landflutningur:		
allt að 1000 km.	0.75	0.10
yfir 1000 allt að 2000 km.	1.00	0.15
— 2000 — — 3000 —	1.50	0.20
— 3000 — — 6000 —	2.50	0.30
— 6000 — — 9000 —	3.50	0.40
— 9000 km.	4.50	0.50
2° Sjóflutningur:		
allt að 300 sjómílum	0.75	0.10
yfir 300 allt að 1500 sjómílum	2.00	0.25
Milli Evrópu og Norður-Ameríku	3.00	0.40
yfir 1500 allt að 6000 sjómílum	4.00	0.50
— 6000 sjómílur	6.00	0.75

2. — Transítgjöld fyrir sjóflutning á leið, sem er undir 300 sjómílum, eru ákveðin einn þriðji af upphæðunum, sem nefndar eru í

85 31. des. liðnum á undan, ef póststjórn sú, sem í hlut á, fær þóknun þá, sem ákveðin er sem land-transít fyrir hina fluttu póstpoka.

3. — Þegar tvær eða fleiri póststjórnir framkvæma sjóflutninginn, má alt flutningsgjaldið ekki fara fram úr 6 frönkum fyrir hvert kg. af bréfum og bréfspjöldum, og 0,75 frönkum fyrir hvert kg. af öðrum sendingum. Þegar upphæð þessara gjaldaliða, hvors um sig, fer fram úr 6 frönkum eða 0,75 frönkum, skiftist hún á milli póststjórnanna, sem taka þátt í flutningnum, hlutfallslega eftir vegalengdinni, þó án þess að koma í bága við samninga, er mæla á móti þessu og kynnu að verða gerðir milli hlutaðeigandi aðilja.

4. — Sé enginn annar samningur fyrir hendi, er sjóflutningur beint á milli tveggja landa með skipum, sem eru í þjónustu annars landsins, álitinn póststarf þriðju póststjórnar, sem og flutningar milli tveggja pósthúsa sama lands, er framkvæmdir eru með fargögnum, sem annað landið á.

5. — Transítgjald fyrir bréfasendingar, sem tvær póststjórnir skiftast á í stykkjatali, er ákveðið án tillits til þyngdar eða ákvörðunarstaðar, 5 sentímar fyrir sendingu, hverrar tegundar sem er.

6. — Sem aðrar sendingar teljast, að því er snertir transítina í lokuðum pósti, og að því er snertir sendingar í transít í stykkjatali, smápakkar, blöð og blaðapakkar og tímarit, sem flutt eru samkvæmt samningum um áskrift á blöðum og tímaritum, svo og öskjur með tilgreindu verði, sem sendar eru samkvæmt samningnum um bréf og öskjur með tilgreindu verði.

74. grein.

Geymslugjald.

Fyrir geymslu í höfn á lokuðum póstpokum, sem fluttir hafa verið með póstskipi og ætlaðir þaðan til flutnings með öðru póstskipi, má greiða þóknun, sem ákveðin er 50 sentímar á poka, til póststjórnar geymslustaðarins, þó með því skilyrði, að póststjórn þess fái ekki borgun fyrir land- eða sjó-transít.

75. grein.

Undanþága frá transít-gjöldum.

Undanþegnar öllum transít-gjöldum, bæði á sjó og landi, eru hinar póstgjaldafrjálsu sendingar, sem nefndar eru í 47. grein, svarbréfspjöld send til baka til upprunalandsins, áframsendar sendingar, óskilasendingar, móttökukvittanir, póstávísanir og öll önnur skjöl, er snerta póstþjónustuna, einkanlega bréf viðvíkjandi póstgíro.

Að því er snertir borgun á transít- og geymslugjöldum fyrir skakkt sendar sendingar, þá skal skoða þær, í því efni, sem þær hefðu farið rétta leið. 85 31. des.

76. grein.

Sérstök þjónusta.

Transít-gjöld þau, sem greind eru í 73. grein, ná ekki til flutnings, sem framkvæmdur er með sérstökum þjónustum, sem eingöngu er stofnað til eða haldið við af einni póststjórn eftir ósk annarar eða fleiri póststjórna. Skilyrðin fyrir þess konar flutningum eru ákveðin eftir samningi milli hlutaðeigandi póststjórna.

77. grein.

Greiðslur og reikningar.

1. — Transít- og geymslugjöld greiðir póststjórn sendilandsins.

2. — Aðalreikningur yfir þessi gjöld skal saminn þannig, að lögð sje til grundvallar niðurstaðan af talningarskýrslum, sem gerðar eru einu sinni þriðja hvert ár um 14 daga tímabil. Tímabil þetta skal lengja upp í 28 daga fyrir póstflutninga, sem skifzt er á sjaldnar en sex sinnum í viku með gögnum hvaða lands sem er.

Starfsreglugjörðin ákveður nánar talningartímabil og hversu lengi talningin skuli notuð.

3. — Heimilt er póststjórn að leggja undir úrskurð gerðardómsnefndar niðurstöðu talningartímabils, sem, að hennar áliti, er of fjarri sanni. Gerðardómur þessi er saman settur eins og segir í 10. grein.

Gerðardómendur skulu, eftir beztu vitund, ákveða upphæð transítgjalda þeirra, sem á að greiða.

78. grein.

Skifti á lokuðum póstpokum við herskip.

1. — Með því að nota lands- eða sjávarflutningsgögn annara landa, má skiftast á lokuðum póstpokum milli pósthúsa einhvers lands í sambandinu og yfirforingja yfir flotadeildum eða herskipum sama lands, sem hafa varðstöðu í útlöndum, eða milli yfirforingja einnar flotadeildar eða herskips, og yfirforingja annarar flotadeildar eða herskips, er hvorttveggja tilheyrir sama landi.

2. — Sendingar þær, hverju nafni sem nefnast, sem eru í póstpokum þessum, skulu eingöngu vera til eða frá yfirmönnum og skipshöfnum ákvörðunar- eða sendiskipa póstsins; taxtar og sendingarskil-

85 yrði, sem póstflutningur þessi er háður, skulu ákveðin af póststjórn
31. des. þess lands, sem skipin tilheyra, eftir innanríkisreglum hennar.

3. — Nema öðruvísi sé ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, skal sendi- eða ákvörðunarpóststjórn umrædds póstflutnings greiða milliliggjandi póststjórnum transítgjöld, sem reiknast samkvæmt ákvæðunum í 70. grein.

Ýms ákvæði.

79. grein.

Óhlýðni á móti ákvæðinu um transítheimild.

Þegar eitthvert land fylgir ekki ákvæðum 25. greinar um transítheimild, hafa póststjórnirnar rétt til þess, að hætta póstviðskiftum við það. Þeim ber fyrst að tilkynna þessa ráðstöfun símleiðis hlutaðeigandi póststjórnum.

80. grein.

Skuldbindingar.

Samningslöndin skuldbinda sig til þess að gera, eða leggja fyrir löggjafarvöld sín að gera nauðsynlegar ráðstafanir:

a. til þess að refsa fyrir fölsun og sviksamlega notkun á alþjóðasvarmerkjum, sem og fyrir sviksamlega notkun, til frímerkingar á póstsendingum, á fölsuðum eða áður notuðum frímerkjum og fölsuðum eða áður notuðum stimplum frímerkingarvéla, eða prentvéla;
b. til þess að banna og bæla niður tilbúning, sölu, útbreiðslu eða afhendingu í sviksamlegum tilgangi á fölsuðum eða stældum miðum og merkjum, sem notuð eru í póstþjónustunni, þannig að hægt sé að ruglast á þeim og miðum og merkjum, sem póststjórn einhvers samningslandsins gefur út;
c. til þess að refsa fyrir tilbúning og útbreiðslu, í sviksamlegum tilgangi, á skilríkisspjöldum, sem notuð eru í póstþjónustunni, sem og fyrir sviksamlega notkun nefndra spjalda;
d. til þess að hindra og refsa fyrir, ef svo ber undir, að ópíum, morfín, cócaín og önnur deyfilyf séu látin í póstsendingar, sem ekki er skýrt og greinilega tekið fram um í aðalsamningi og aukasamningum póstsambandsins að megi innihalda slík lyf.

Niðurlagsatriði.

81. grein.

Um hvenær alþjóðapóstsamningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Samningur þessi kemur til framkvæmda 1. júlí 1930 og gildir um óákveðinn tíma.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar stjórnanna í framangreindum löndum undirskrifað þenna samning í einu eintaki, sem geymt skal í skjalasafni stjórnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og fær hver aðili afrit af því.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

85
31. des.

Loka-ákvæði alþjóðapóstsamningsins.

Í því að undirritaðir fulltrúar ætluðu að fara að undirskrifa alþjóðapóstsamninginn, sem samþykktur var í dag, komu þeir sér saman um það, sem hér segir:

I.

Afturköllun sendinga. Breyting á utanáskrift.

Ákvæðin í 49. grein alþjóðapóstsamningsins ná ekki til Stóra-Bretlands eða brezkra lýðríkja, nýlendna og verndaðra landa, þar sem innanlandslöggjöfin leyfir ekki afturköllun sendinga eða breytingu á utanáskrift þeirra, eftir ósk sendanda.

II.

Jafngildi. Hámarks- og lágmarkstakmörk.

1. — Sérhvert land hefir rétt til þess að hækka burðargjöld þau, sem nefnd eru í 33. grein 1. lið, um allt að 50% eða lækka þau um allt að 20% samkvæmt því, sem segir í þessari töflu:

	Neðri takmörk	Efri takmörk
	sentimar	sentimar
Bréf { 1 þyngdarmark	20	37,5
Bréf { hvert þyngdarmark að auki	12	22,5
Bréfspjöld { einföld	12	22,5
Bréfspjöld { með fyrirfram borguðu svari	24	45
Verzlunarskjöl, { (fyrir 50 grömm)	4	7,5
Verzlunarskjöl, { minnsta gjald	20	37,5
Prent (fyrir 50 grömm)	4	7,5
Blindraprent með upphleyptu letri (fyrir 1000 gr.)	4	7,5
Sýnishorn af vörum, { (fyrir 50 grömm)	4	7,5
Sýnishorn af vörum, { minnsta gjald	8	15
Smápakkar, { (fyrir 50 grömm)	12	22,5
Smápakkar, { minnsta gjald	40	75

Burðargjöld þau, sem valin eru, skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, vera í sama hlutfalli innbyrðis eins og grundvallargjöldin, en sérhver póststjórn hefir rétt til að hækka eða lækka burðargjöld sín í samræmi við myntkerfi sitt.

2. — Hverju landi er leyfilegt að lækka burðargjaldið fyrir einfalt bréfspjald niður í 10 sentíma og burðargjaldið fyrir bréfspjald með fyrirfram borguðu svari niður í 20 sentíma.

3. — Burðargjaldsskrá sú, sem eitthvert land notar, nær einnig **85**
til þess burðargjalds, sem taka ber af van- eða ófrímerktum sending- 31. des.
um við komu.

III.

Póstun bréfasendinga í útlöndum.

Ekkert land er skyldugt til þess að senda eða útbýta meðal viðtakenda það, sem sendendur, hverjir sem það eru, búsettir á landsvæði þess, setja eða láta setja í póst í framandi landi, til þess að hafa hag af lægra burðargjaldi, sem þar kann að vera sett. Regla þessi gildir bæði um sendingar, sem útbúnar eru í landinu, sem sendandi býr í, og síðan fluttar yfir landamærin, og sendingar, algerlega útbúnar í framandi landi. Hlutaðeigandi póststjórn hefir rétt til þess að endursenda slíkar sendingar til upprunastaðar eða setja á þær innanríkisburðargjald sitt. Hvernig hún tekur burðargjaldið, er henni í sjálfsvald sett.

IV.

Unsa avoirdupois.

Sem undantekningarráðstöfun hefir verið leyft, að þau lönd, sem sakir innanlandsfyrirkomulags síns geta ekki tekið upp hið metriska þyngdarmál sem gildandi mál, megi í staðinn setja únsuna „avoirdupois“ (28,3465 grömm), þannig, að 1 únsa teljist 20 grömm fyrir bréf, og 2 únsur 50 grömm fyrir verzlunarskjöl, prent, sýnishorn af vöru og smápakka.

V.

Svarmerki.

Póststjórnirnar hafa rétt til þess að taka ekki að sér sölu á svarmerkjum.

VI.

Ábyrgðargjald.

Lönd þau, sem ekki geta sett ábyrgðargjaldið, sem nefnt er í 52. grein, 2. lið, 40 sentíma, mega taka allt að 50 sentíma gjald, eða, ef svo ber undir, allt að gjaldi því, sem ákveðið er í innanlandsþjónustu þeirra.

VII.

Loftflutningur.

Ákvæðunum um flutning á bréfapósti loftleiðis er hnýtt við alþjóðapóstsamninginn og ber að skoða þau sem óaðskiljanlegan hluta af honum og starfsreglugjörð hans.

Sem undantekning á hinum almennu ákvæðum alþjóðapóstsamningsins gildir þó, að breytingar á ákvæðum þessum má gera öðru hverju af póstfundi, sem sóttur er af fulltrúum póststjórna, sem beinlínis eiga hlut að máli.

Póstfund þenna kallar alþjóðaskrifstofan saman, ef þrjár póststjórnir að minnsta kosti biðja um það.

Öll ákvæði, sem stungið er upp á á slíkum póstfundi, skulu með aðstoð alþjóðaskrifstofunnar borin undir atkvæði sambandslandanna. Ákvörðun er tekin með meiri hluta greiddra atkvæða.

VIII.

Sérstök flutningsgjöld eftir Síberíubrautinni.

Sem undantekning á ákvæðum 73. greinar 1. lið (töflunni) heimilast póststjórn Hinna rússnesku ráðstjórnarríkja, að taka í transítgjald fyrir flutning eftir Síberíubrautinni í báðar áttir (Mandchurie eða Vladivostok) fyrir hvert kílógramm fr. 4,00 af L. C. og fr. 0,50 af A. O. og eftir fjarlægðum yfir 6000 kílómetra.

IX.

Sérstök transítgjöld yfir Uruguay.

Sem undantekning gildir, að Uruguay heimilast að taka landtransítgjöld þau, sem nefnd eru í 73. grein alþjóðapóstsamningsins, 75 sentíma fyrir kílógrammið af bréfum og spjaldbréfum, og 10 sentíma fyrir kílógrammið af öðrum sendingum, fyrir allan póstflutning handan hafs, settan í land í Montevideo og fluttan áfram til landa hinumegin við með þess eigin tækjum.

X.

Geymslugjald.

Hin portúgalska póststjórn má, sem undantekning, taka fyrir allan póst, sem umskipað er í Lissabonhöfn, geymslugjaldið, sem nefnt er í 74. grein alþjóðapóstsamningsins.

XI.

Loka-ákvæðin opin fyrir lönd, sem ekki hafa mætt.

Loka-ákvæðin standa opin fyrir Afghanistan og lýðveldið Argentínu, sem eru í alþjóðapóstsambandinu, en hafa ekki látið mæta á póstþinginu, til þess að ganga að alþjóðapóstsamningnum og aukasamningunum, sem þar hafa verið samþykktir, eða aðeins einhverjum þeirra.

Sömuleiðis standa loka-ákvæðin opin í sama tilgangi fyrir Paraguay, þar eð fulltrúi þess varð að fara, áður en átti að skrifa undir.

XII.

Loka-ákvæði opin til undirskriftar og aðgangs fyrir lönd, sem hafa mætt.

Lokaákvæðin standa opin fyrir löndin, þó að fulltrúar þeirra hafi í dag aðeins undirskrifað alþjóðapóstsamninginn eða nokkra af aukasamningum þeim, sem þingið hefir samþykkt, þannig að þeim leyfist að ganga að öllum hinum samningunum eða einstökum þeirra, sem hafa verið undirskrifaðir í dag.

XIII.

Frestur til tilkynningar um aðgang.

Aðgang þann, sem nefndur er í XI. og XII. grein hér á undan, ber að tilkynna stjórn hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands af hlutaðeigandi stjórnum, gegnum sendiherra, en hún tilkynnir aftur ríkjum sambandsins. Frestur sá, sem veittur er til þessarar tilkynningar, rennur út 1. júlí 1930.

XIV.

Undirbúningsnefnd.

1. — Nefnd, skipaðri 14 meðlimum, fulltrúum póststjórna, sem kosnar eru með meiri hluta atkvæða af póstþinginu, og forstjóra alþjóðaskrifstofunnar, skal falið að undirbúa næsta póstþing, sérstaklega að athuga uppástungur þær, sem fram koma með póstþingið fyrir augum, bera þær saman, raða þeim upp, og láta uppi álit sitt um öll atriði, sem fyrir koma, og að lokum leggja fram frumvarp og greinargerð, er leggja megi til grundvallar við umræður þingsins.

2. — Undirbúningsnefndin er kölluð saman af alþjóðaskrifstofunni, hæfilega löngu á undan næsta póstþingi, og skal frumvarpi því og greinargerð, sem nefnd eru í liðnum á undan, útbýtt til handa

85 hverri póststjórn að minnsta kosti fjórum mánuðum fyrir setningu
31. des. póstþingsins.

3. — Alþjóðaskrifstofan annast skrifstofustörf nefndarinnar.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar sett þessi lokaákvæði, sem skulu hafa sama kraft og gildi eins og þó þau hefðu verið sett í sjálfan texta alþjóðapóstsamningsins, sem þau eiga við, og hafa þeir undirskrifað eitt eintak, sem skal geymt í skjalasafni stjórnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og skal hver aðili fá afrit af því.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

85
31. des.

Starfsreglugjörð

alþjóðapóstsamningsins.

Efnisyfirlit.

Fyrsti bálkur.

Almenn ákvæði.

EINASTI KAFLI.

1. grein. Transít í lokuðum og opnum póstflutningi.
2. — Skifti á lokuðum póstflutningi.
3. — Hvernig senda skal póstinn.
4. — Fjarlæg lönd.
5. — Ákvæði um jafngildið.
6. — Póstfrímerki og merki með frímerkingarstimpli.

Annar bálkur.

Skilyrði fyrir móttöku á bréfasendingum.

I. KAFLI,

Ákvæði, er gilda um allar tegundir sendinga.

7. grein. Umbúnaður og utanáskrift.
8. — Poste-restante sendingar.
9. — Sendingar í umslagi með gagnsærri rúðu.
10. — Sendingar settar undir tolleftirlit.
11. — Gjaldfrjálsar sendingar.

II. KAFLI.

Sérstök ákvæði um hverja tegund sendinga.

12. grein. Bréf.
13. — Einföld bréfspjöld.
14. — Bréfspjöld með fyrirfram borguðu svari.
15. — Verzlunarskjöl.
16. — Prent.

85 17. — Hlutir áþekkir prenti.
31. des. 18. — Prent. Leyfðar athugasemdir.
19. — Prent. Útbúnaður sendinga.
20. — Sýnishorn. Leyfðar athugasemdir.
21. — Sýnishorn. Útbúnaður sendinga.
22. — Hlutir áþekkir sýnishornum.
23. — Samanblandaðar sendingar.
24. — Smápakkar.

Þriðji bálkur.

Ábyrgðarsendingar. — Móttökukvittun.

EINASTI KAFLI.

25. grein. Ábyrgðarsendingar.
26. — Móttökukvittun.
27. — Móttökukvittun umbeðin eftir á.

Fjórði bálkur.

Póstkröfusendingar.

EINASTI KAFLI.

28. grein. Upplýsingar utan á sendinguna.
29. — Merki.
30. — Póstkröfuávísun.
31. — Greiðsla inn á pósthlaupareikning.
32. — Myntbreyting póstkröfuupphæðar.
33. — Ósamhljóða tilgreining á póstkröfuupphæðinni.
34. — Greiðslufrestur.
35. — Lækkun eða afnám á póstkröfuupphæð.
36. — Áframsending.
37. — Útgáfa póstkröfuávísunar eða innborgunarseðils.
38. — Ógilding eða skifti á póstkröfuávísanaeyðublöðum og innborgunarseðlum.
39. — Óafhentar eða óinnheimtar póstkröfuávísanir.
40. — Reikningsskil póstkröfuávísana.

Fimmti bálkur.

Meðferð sendinga við burtför og komu.

EINASTI KAFLI.

41. grein. Stimplun með dagstimpli.
42. — Hraðboðasendingar.
43. — Ófrímerktar eða vanfrímerktar sendingar.
44. — Endursending frankóseðla. Endurheimta á út lögðum upphæðum.
45. — Áframsendar sendingar.
46 — Áframsendingarumslög.
47. — Sendingar, sem ekki verður komið til skila.
48. — Afturköllun. Breyting á utanáskrift.
49. — Einföld leiðrétting á utanáskrift.
50. — Fyrirspurnir. — Almennar sendingar.
51. — Fyrirspurnir. — Ábyrgðarsendingar.
52. — Fyrirspurnir um sendingar, settar í póst í öðru landi.

Sjötti bálkur.

Skifti á sendingum.

EINASTI KAFLI.

53. grein. Bréfaskrár.
54. — Flutningur ábyrgðarsendinga.
55. — Flutningur á hraðboðasendingum.
56. — Útbúnaður á póstflutningnum.
57. — Afhending póstflutningsins.
58. — Athuganir á póstflutningnum.
59. — Endursending tómra poka.

Sjöundi bálkur.

Ákvæði um transít og geymslugjöld.

I. KAFLI.

Skýrslugerðir um sendingatalningu.

60. grein. Sendingatalning til útreiknings á transítgjöldum.
61. — Útbúnaður og merking á lokuðum póstflutningi á talningatímabilinu.

85 62. — Sannreynd á tölu poka og þyngd lokaðs póstflutnings.
31. des. 63. — Útbúnaður yfirlitsskýrslna C 17 yfir lokaðan póstflutning.
64. — Listi yfir lokaðan póstflutning í transít.
65. — Lokaður póstflutningur, sem skifzt er á við herskip.
66. — Transítseðill.
67. — Talning bréfasendinga í stykkjatali.
68. — Talning á póstflutningi í geymslu.
69. — Óvanalegar póstþjónustur.

II. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Reikningsskil.

70. grein. Reikningur yfir transítgjöldin.
71. — Árlegur aðallokareikningur. Milliganga alþjóðaskrifstofunnar.
72. — Borgun á transítgjöldunum.

Áttundi bálkur.

Ýms ákvæði.

EINASTI KAFLI.

73. grein. Svarmerki.
74. — Skilríkisspjöld.
75. — Skifti á póstflutningi við herskip.
76. — Frankóseðlar. Reikningsskil á tollgjöldum o. s. frv.
77. — Eyðublöð til afnota fyrir almenning.
78. — Geymslufrestur skjala.
79. — Símnefni.

Níundi bálkur.

Alþjóðaskrifstofan.

EINASTI KAFLI.

80. grein. Póstþing og póstfundir.
81. — Upplýsingar. Óskir um breytingar á samningnum.
82. — Útgáfur.
83. — Árleg skýrsla.
84. — Mál alþjóðaskrifstofunnar.

85. — Svarmerki. Skilríkisspjöld. Jafngildistafla. **85**
86. — Reiknings- og greiðslujöfnuður reikninga. 31. des.
87. — Reikningsgerð.
88. — Aðaljafnaðarreikningur.
89. — Greiðsla.
90. — Upplýsingar til alþjóðaskrifstofunnar.
91. — Almenn statistik.
92. — Útgjöld alþjóðaskrifstofunnar.

Niðurlagsatriði.

93. grein. Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda og hversu lengi hún gildir.

Loka-ákvæði starfsreglugjörðarinnar.

I. grein. Greiðsla á reikningsjöfnunum transítreikninga.
II. — Útbúnaður á póstflutningnum.

85
31. des.

Starfsreglugjörð
alþjóðapóstsamningsins.

Samkvæmt 4. grein alþjóðapóstsamningsins, sem gerður var í Lundúnum þann 28. júní 1929, hafa undirritaðir, hver í nafni sinnar stjórnar, sameiginlega samþykkt eftirfarandi ákvæði til framkvæmda á nefndum alþjóðapóstsamningi.

Fyrsti bálkur.
Almenn ákvæði.

EINASTI KAFLI.

1. grein.

Transít í lokuðum og opnum póstflutningi.

Póststjórnirnar geta sent hver annari, fyrir milligöngu einnar eða fleiri póststjórna innan sambandsins, bréfasendingar, hvort heldur í lokuðum eða opnum póstflutningi, eftir samgönguþörfum og tilhögun póststarfsins. Transít í opnum póstflutningi til milliliggjandi póststjórnar skal aðeins fara fram í þeim tilfellum, að ekki sé ástæða til þess að senda lokaðan póstflutning.

2. grein.

Skifti á lokuðum póstflutningi.

1. — Skifti á sendingum í lokuðum póstflutningi eru ákveðin í sameiningu milli hlutaðeigandi póststjórna.

Það er skylda að senda póstinn í lokuðum póstflutningi, þegar einhver hinna milliliggjandi póststjórna krefst þess, vegna þess að fjöldi sendinga í opnum póstflutningi sé svo mikill, að hann bagi störf hennar.

2. — Sé um skifti á lokuðum póstflutningi að ræða yfir eitt land eða fleiri, sem í milli liggja, skal póststjórnum þessum gert aðvart með nægum fyrirvara.

3. — Þegar breyting verður á skiftunum á lokuðum póstflutn- **85**
ingi milli tveggja póststjórna yfir milliliggjandi land eða lönd, skal 31. des.
sú póststjórnin, sem gerir breytinguna, tilkynna hana póststjórnum hinna landanna.

3. grein.

Hvernig senda skal póstinn.

1. — Sérhver póststjórn er skyld að senda póst í lokuðum eða opnum póstflutningi, sem önnur póststjórn afhendir henni, eftir þeirri fljótustu leið, sem hún sjálf notar fyrir sinn eigin póstflutning.

Þegar margir póstpokar eru í einni sendingu, skal, að svo miklu leyti sem unnt er, hafa þá saman og flytja þá með sömu póstferð.

Allskonar skakkt sendar sendingar skulu tafarlaust sendar stytztu leið til ákvörðunarstaðarins.

2. — Póststjórn sendilandsins hefir rétt til þess að taka fram leiðina, sem fara ber með lokaðan póstflutning, sem hún sendir, með því skilyrði, að þessi leið baki ekki milliliggjandi póststjórn neinn aukakostnað.

Með sama fyrirvara skulu póststjórnir þær, er taka þátt í flutningnum, taka tillit til leiðarinnar, sem sendandi hefir sett á sendingar, sem þeim hafa verið fengnar í hendur í opnum póstflutningi.

3. — Póststjórnum þeim, sem nota réttinn til þess að taka aukaburðargjald upp í aukakostnað við vissar leiðir, er í sjálfs vald sett að flytja ekki ófrímerktar eða vanfrímerktar sendingar eftir þessum leiðum.

4. grein.

Fjarlæg lönd.

1. — Fjarlæg lönd álítast þau lönd innbyrðis, ef flutningur milli þeirra eftir fljótustu leið, til lands eða sjávar, tekur lengri tíma en 10 daga.

2. — Með fjarlægum löndum teljast, að því er snertir ákvörðun um fresti, þau lönd, sem eru mjög víðáttumikil, eða lönd, þar sem innanlandssamgöngur eru skammt á veg komnar, í þeim málefnum, er þessi atriði koma sérstaklega til greina. Alþjóðaskrifstofan semur lista yfir þessi lönd.

5. grein.

Ákvæði um jafngildið.

1. — Póststjórnirnar fastákveða jafngildin fyrir burðargjöld og aðrar greiðslur, sem nefnd eru í alþjóðapóstsamningnum og aukasamn-

85 31. des. ingunum í samráði við Hina svissnesku póststjórn, og ber henni að tilkynna þá um alþjóðaskrifstofuna.

Sérhver póststjórn tilkynnir alþjóðaskrifstofunni beina leið jafngildi það, sem hún hefir fastákveðið fyrir skaðabótagreiðsluna, sem nefnd er í 54. grein alþjóðapóstsamningsins.

Jafngildin geta aðeins gengið í gildi þann 1. hvers mánaðar og í fyrsta lagi hálfum mánuði eftir að alþjóðaskrifstofan hefir tilkynnt þau.

Skrifstofa þessi býr út töflu, sem skýrir frá jafngildi hvers lands á burðargjöldum þeim og greiðslum, sem nefnd eru í 1. málsgrein að ofan, og gefur upplýsingar, ef svo ber undir, um hundraðshluta hækkunar eða lækkunar á burðargjöldunum, ef ákvæði II. greinar loka-ákvæða aðalsamningsins eru notuð.

2. — Þegar breyting á jafngildinu álízt nauðsynleg, ber póststjórn hlutaðeigandi lands að haga sér eftir því, sem segir í 1. lið.

Hin nýju jafngildi geta sömuleiðis aðeins gengið í gildi þann 1. hvers mánaðar og í fyrsta lagi hálfum mánuði eftir að alþjóðaskrifstofan hefir tilkynnt þau.

3. — Myntbrot, sem koma fram við aukagjöld tekin fyrir vanfrímerktar sendingar, mega póststjórnirnar, sem burðargjaldið taka, hækka upp. En viðbót þessi má ekki fara fram úr einum tuttugasta úr franka (fimm sentímum).

6. grein.

Póstfrímerki og merki með frímerkingarstimpli.

1. — Frímerki þau, sem svara til hinna venjulegu burðargjaldstaxta sambandsins eða jafngildis þeirra í peningum hvers lands, skulu gerð í þeim lit, er hér segir:

í dimmbláum lit, frímerki er svarar til burðargjalds undir einfalt bréf,

í rauðum lit, frímerki er svarar til burðargjalds undir spjaldbréf,

í grænum lit, frímerki, er svarar til einfalds burðargjalds undir prent. —

Merki, sem framleidd eru með frímerkingarvélum, skulu vera hárauð að lit, hvaða gildi sem þau hafa.

2. — Á póstfrímerkjum og merkjum með frímerkingarstimpli skal, að svo miklu leyti, sem hægt er, standa með latneskum bókstöfum nafn upprunalandsins, svo og frímerkingargildi þeirra eftir jafngildistöflunni, sem ákveðin hefir verið. Tala og brot mynteininga, sem notaðar eru til að sýna þetta gildi, skulu prentuð með aröbskum tölum. Að því er snertir prent, sem frímerkt er með prentvélastimplum, má, í stað upplýsinganna um upprunaland og gildi frímerkingarinnar, setja

nafn viðtökupósthússins og athugasemnd um, að burðargjaldið sé greitt, svo sem „Taxe perçue“, „Port payé“ eða því um líkt. 85 31. des.

3. — Minningar- eða góðgerðapóstfrímerki, sem aukagjald er tekið fyrir, óháð frímerkingargildi þeirra, skulu vera þannig úr garði gerð, að enginn efi leiki á frímerkingargildinu.

4. — Frímerkin mega vera merkt með greinilegri gegnumstungu (perforation) með þeim skilyrðum, er póststjórnin setur, sem gefur þau út.

Annar bálkur.

Skilyrði fyrir móttöku á bréfasendingum.

I. KAFLI.

Ákvæði, er gilda um allar tegundir sendinga.

7. grein.

Umbúnaður og utanáskrift.

1. — Póststjórnirnar skulu brýna fyrir almenningi:

a) að skrifa utanáskriftina með latneskum bókstöfum og setja hana eftir lengd umslagsins, til þess að spara pláss fyrir athugasemdir og merki póstþjónustunnar;

b) að tilgreina utanáskriftina skýrt og nákvæmlega, svo að flutningur sendingarinnar og afhending til viðtakanda geti farið fram, án þess að leita þurfi;

c) að líma frímerkin eða setja frímerkingarstimplana í efra hægra horn utanáskriftarmegin;

d) að tilgreina nafn og heimili sendanda, annaðhvort á bakhlið eða framhlið, þó þannig, að það hvorki dragi úr skýrleika utanáskriftarinnar, né skerði pláss fyrir þjónustuathugasemdir eða merki;

e) að tilgreina, hvaða tegund sendingin tilheyri, ef um er að ræða sendingar, sem sendar eru með niðurfærðu burðargjaldi.

2. — Góðgerðamerki og önnur merki, utan póstþjónustunnar, sem hægt er að villast á og póstfrímerkjum, má ekki líma á útanáskriftarmegin. Sama gildir um stimplamerki, sem hægt væri að villast á og merkjum með frímerkingarstimplum.

3. — Bréfasendingar tilheyrandi póstþjónustunni og sendar

85 burðargjaldsfrítt, skulu á framhlið bera áletrunina „Service des postes“
31. des. eða aðra tilsvarandi athugasemd.

8. grein.

Poste-restante sendingar.

Utanáskrift „poste restante“ sendinga skal greina fult nafn viðtakanda; að nota fangamark, tölur, fornöfn eingöngu, gervinöfn eða nokkur merki, sem menn hafa komið sér saman um, er ekki leyfilegt á þessum sendingum.

9. grein.

Sendingar í umslagi með gagnsærri rúðu.

1. — Sendingar í umslagi með gagnsærri rúðu, eru háðar þessum skilyrðum:

a) hin gagnsæja rúða skal vera þannig löguð, að lengd hennar sé jafnhliða lengd umslagsins, þannig, að utanáskrift viðtakanda sjáist í sömu stefnu, og að hún komi ekki í bága við dagstimpilinn;
b) rúðan skal vera svo skær, að auðvelt sé að lesa utanáskriftina, eins í tilbúnu ljósi, og hún má heldur ekki hindra það, að hægt sé að skrifa í viðbót;
c) nafn og utanáskrift viðtakanda eiga að sjást í gegnum rúðuna og ekki annað; innihald umslagsins skal vera þannig brotið saman, að utanáskriftin geti ekki falizt, alveg eða að nokkru leyti, með því að renna til;
d) utanáskriftin skal vera vel læsileg, og gerð með bleki eða ritvél. Sendingar, sem skrifað er utan á með blekblýi eða ritblýi, eru ekki leyfðar.

Rúðuumslög þau, er með hinum glerkenda hluta mynda geislakast í tilbúnu ljósi, eru útilokuð frá póstflutningi.

2. — Sendingar í algerlega gagnsæju umslagi eða í umslagi með opinni rúðu, eru ekki leyfðar.

10. grein.

Sendingar settar undir tolleftirlit.

1. — Sendingar þær, sem á að setja undir tolleftirlit, skulu á framhlið bera grænan miða, eins og viðfest fyrirmynd C 1 sýnir; að því er smápakka snertir, gildir þetta um allar sendingar undantekningarlaust.

Sendingum þeim, sem nefndar eru í málsgreininni á undan, fylgir einnig, ef sendandi kýs eða útbýtingarlandið krefst, sérstök tollskrá,

eins og viðfest fyrirmynd C 2, og fest vandlega utan á sendinguna 85
með krossbrugðnu bandi eða látin innan í. Skal þó aðeins efri hlutinn 31. des.
af C 1 límdur á sendinguna.

2. — Póststjórnirnar bera enga ábyrgð á tollskýrslunum, í hvaða formi sem þær eru.

11. grein.

Gjaldfrjálsar sendingar.

1. — Sendingar, sem eiga að afhendast viðtakendum gjaldfrjálsar, skulu efst á framhlið bera greinilega áletrun „Franc de droits" eða tilsvarandi athugasemd á tungu sendilandsins.

Á sendingar þessar er settur utanáskriftarmegin gulur miði með áletruninni „Franc de droits" með stórum stöfum.

2. — Sérhverri gjaldfrjálsri sendingu skal fylgja frankóseðill, eins og viðfest fyrirmynd C 3, gerður úr pappa og grár að lit; er framhlið hans útfyllt af sendipósthúsinu. Frankóseðillinn skal festur vandlega við sendinguna.

II. KAFLI.

Sérstök ákvæði um hverja tegund sendinga.

12. grein.

Bréf.

Sem meginregla gildir, að engra skilyrða er krafizt fyrir lögun eða lokun bréfa, að undanteknu því, er segir í 9. grein.

Pláss það, sem nauðsynlegt er á framhliðinni til frímerkingar, utanáskriftar og þjónustu-athugasemda eða miða, skal ekki notað til annars.

13. grein.

Einföld bréfspjöld.

1. — Bréfspjöld skulu búin til úr pappa eða pappír, er sé úr svo þykku efni, að það hamli ekki póstmeðferð bréfspjaldanna.

Þau skulu efst á framhliðinni hafa áletrað „Carte postale" á frönsku, eða samskonar þýðingu á öðru máli. Bréfspjöld, sem tilbúin eru af einstökum mönnum, þurfa ekki að bera þessa yfirskrift.

2.— Bréfspjöld skulu send opin, þ. e. a. s. án krossbands eða umslags.

3. — Hægri helmingur framhliðar að minnsta kosti skal geymd-

85 ur utanáskrift viðtakanda og upplýsingum í þarfir póstþjónustunnar.
31. des. Sendandi hefir ráð yfir bakhlið bréfspjaldsins og vinstri helming framhliðar, þó með þeim skilyrðum, er tekin eru fram í næsta lið hér á eftir.

Bréfspjöld, þar sem hægri framhliðinni hefir verið skift í reiti til þess að setja í utanáskriftir hverja á eftir annari, eru fyrirboðin.

4. — Öllum er bannað að sameina eða festa sýnishorn af vöru eða líkum hlutum við bréfspjald. Þó má festa við þau vignettur (skrautmyndir), ljósmyndir, allskonar merki, pappírsræmur eða samanbrotin blöð fyrir utanáskrift, miða og allskonar smáseðla, með þeim skilyrðum, að hlutir þessir séu þess eðlis, að þeir breyti ekki útliti bréfspjaldsins, og að þeir séu úr pappír eða öðru mjög þunnu efni, og séu algerlega áfastir við bréfspjaldið. Að undanteknum utanáskriftarræmunum eða miðunum, sem mega ná yfir alla framhliðina, má ekki líma hluti þessa annarsstaðar á bréfspjaldið en á bakhliðina eða vinstri helming framhliðar. Að því er allskonar merki snertir, sem hægt væri að villast á og frímerkjum, þá má aðeins líma þau á bakhlið.

5. — Bréfspjöld þau, sem ekki uppfylla skilyrði þau, sem sett eru um slíka tegund sendinga, skal farið með sem bréf.

14. grein.

Bréfspjöld með fyrirfram borguðu svari.

1. — Bréfspjöld með fyrirfram borguðu svari skulu á framhliðinni bera á frönsku þessa áletrun: á fremra bréfspjaldinu: „Carte postale avec réponsé payée", og á því aftara: „Carte postale réponse".

Bæði bréfspjöldin skulu að öðru leyti hvort um sig, uppfylla þau skilyrði, sem sett eru um einföld bréfspjöld, þau skulu brotin saman hvort að öðru, þannig, að brotið sé um efri rönd, og má á engan hátt vera hægt að loka þeim.

2. — Utanáskriftarhlið svarbréfspjaldsins skal snúa inn, þegar þau eru brotin saman. Leyfilegt er sendanda bréfspjalds með borguðu svari, að setja nafn sitt og heimilisfang á framhlið spjaldsins „Reponse", hvort heldur skrifað eða með því að líma nafnmiða á það.

Sendanda er sömuleiðis heimilt að láta prenta á bakhlið spjaldsins fyrirspurnir, sem ætlazt er til, að viðtakandi fylli út.

3. — Frímerking spjaldsins „Reponse" með póstfrímerkjum þess lands, sem hefir gefið út bréfspjaldið, er því aðeins gild, að báðir hlutir bréfspjaldsins með borguðu svari hafi komið samfastir frá sendilandinu, og að svarbréfið „Réponse" sé sent frá því landi, sem það hefir komið til með póstinum, til sendilandsins sem ákvörðunarlands. Sé þessum skilyrðum ekki fullnægt, skal farið með það sem ófrímerkt bréfspjald.

15. grein.

Verzlunarskjöl.

1. — Sem verzlunarskjöl skulu skoðast öll skjöl, sem eru skrifuð eða teiknuð að öllu eða nokkru leyti og geta ekki talizt að vera hreinar persónulegar bréfaskriftir, svo sem opin bréf og bréfspjöld með gamalli dagsetningu, sem þagar hafa náð sínum upprunalega tilgangi, málsskjöl og allskonar skjöl, sem útbúin eru af opinberum starfsmönnum, hleðslu- eða farmskírteini, vöruskrár, viss skjöl vátryggingarfélaga, afrit eða útskriftir af skjölum, búin til af einstökum mönnum og rituð á stimplaðan eða óstimplaðan pappír, handrituð partitúr eða nótur, handrit af bókum eða blöðum, þegar þau eru send einstök, óleiðrétt og leiðrétt verkefni frá lærisveinum án nokkurra upplýsinga, sem ekki beinlínis eiga við vinnuna á verkinu.

Skjölum þessum mega fylgja yfirlitslistar eða sendiskrár með þessum eða líkum athugasemdum: Upptalning á því, sem sendingin inniheldur, tilvísanir til bréfaskrifta milli sendanda og viðtakanda, svo sem:

„Fylgiskjal með bréfi voru dags. ..... til hr. .....
Vor tilvísun .....
Tilvísun viðskiftavinar .....“.

2. — Um lögun og útbúnað verzlunarskjala fer eins og ákveðið er í skilyrðum fyrir prentað mál (19. gr. hér á eftir).

16. grein.

Prent.

1. — Sem prent skal skoðast blöð og tímarit, heftar bækur og bundnar, smárit, nótur, að undanteknum gegnumstungnum nótum í sjálfspilandi hljóðfæri, nafnspjöld og adressuspjöld, prófarkir með eða án tilheyrandi handrita, stungur, ljósmyndir og album með ljósmyndum, myndir, teikningar, grunnteikningar, landabréf, vöruskrár (katalog), áskriftartilboð, auglýsingar og allskonar tilkynningar prentaðar, stungnar, litógraferaðar eða autógraferaðar, og, yfir höfuð öll prentun eða endurprentun á pappír, pergament eða pappa, með prentun, stungu, litógrafi og autógrafi, eða með hverjum öðrum hætti, sem auðvelt er að ákveða, hvernig það er gert, nema kalkeringu, stimplun með lausu letri eða ekki, og ritvél.

2. — Burðargjaldstaxta fyrir prent má ekki nota við prent með merkjum, er ætla má, að tákni aftalað mál, né heldur, nema með þeim undantekningum, sem leyfðar eru í 18. grein, prent, sem breytt hefir verið, eftir að það kom úr prentun.

85 31. des.

3. — Eiginlegar pappírsvörur, sem augljóst er á, að hinn prentaði hluti er ekki höfuðatriði hlutarins, er ekki hægt að senda eftir burðargjaldstaxta fyrir prent.

4. — Spjöld með áletrun „Carte postale", eða tilsvarandi áletrun á einhverju öðru tungumáli, skulu tekin eftir burðargjaldstaxta fyrir prent, svo framarlega sem þau uppfylla öll skilyrðin, sem sett eru fyrir prent. Þau, sem ekki uppfylla skilyrðin, skal farið með sem bréfspjöld. eða ef svo ber undir, sem bréf, með því að nota ákvæði 5. liðs 13. greinar í starfsreglugjörðinni.

17. grein.

Hlutir áþekkir prenti.

Sem prent skoðast einnig margfaldanir af hand- eða vélrituðum texta, þegar þær eru gerðar með fjölritunarvél, chromografi o. s. frv.; en til þess að afrit þessi geti notið ívilnunar í burðargjaldi, verður að skila þeim á sjálf pósthúsin og minnst 20 sendingum í einu, er í séu nákvæmlega eins útlítandi eintök.

Á þessar margfaldanir má setja athugasemdir þær, sem leyfðar eru fyrir prent.

18. grein.

Prent. Leyfðar athugasemdir.

1. — Bæði utan og innan á allar prentsendingar er leyfilegt:

a) að skrifa með hendinni eða á annan hátt nafn, titil, stöðu, firmanafn og heimilisfang sendanda og viðtakanda, svo og dagsetningu, þegar hluturinn er sendur, undirskrift, símanúmer, símnefni og kóda, og póst- eða bankahlaupareikning sendanda, svo og áframhaldandi töluröð eða innritunarnúmer, sem eingöngu á við sendinguna sjálfa;

b) að leiðrétta prentvillur;

c) að útstrika, undirstrika eða umstrika viss orð eða vissa staði í hinum prentaða texta, nema það sé gert í þeim tilgangi, að búa til persónulegar bréfaskriftir;

2 .— Auk þess er leyft að bæta við með hendinni, eða á annan hátt:

a) á auglýsingar um burtför og komu skipa:
dagsetningu og stund, þegar skipin fara og koma, svo og nöfnum skipanna og nöfnum burtfarar- viðkomu- og komuhafna;

b) á ferðaauglýsingar:
nafni þess, sem ferðast, dagsetningu, stund og stað, sem hann ætlar um, sem og staðinn, þar sem hann kemur við á;

c) á pöntunar- eða áskriftarvörur, er snerta bókaverzlunarvörur, bækur, blöð, kopar- og stálstungur og sönglög:
hinum umbeðnu eða útboðnu verkum og verði þeirra, borgunarskilmálum, útgáfu, og nafni höfundar og útgefanda, svo og númeri úr verðlistanum og orðunum „broché“ (heft), „cartonné“ (pappabundin), „relié“ (innbundin);

d) á myndaspjöld, prentuð nafnspjöld, svo og jóla- og nýárskort:
óskum, heillaóskum, þakklæti, samhryggðarvottun eða öðrum kurteisiskveðjum, er sé látið í ljós með fimm orðum eða fimm algengum skammstöfunum mest;

e) á prófarkir:
breytingum og viðbótum, sem snerta prófarkalesturinn, brotið eða prentunina, og ennfremur athugasemdum, svo sem: „Má prenta“, „Séð, má prenta“ eða öðrum líkum, er lúta að tilbúningi verksins. Vanti pláss, má setja viðbætinn á sérstök blöð;

f) á tízkumyndir og landabréf:
litunum;

g) á verðlista, auglýsingatilboð, gengisákvæði kauphalla og markaða, verzlunarumburðarskjöl og áskriftartilboð:
tölunni, öðrum athugasemdum, sem tákna verðið;

h) á bækur, smárit, blöð, ljósmyndir, kopar- og stálstungur, nótur og yfir höfuð á öll bókfræðirit og listarit, prentuð, stungin, litógraferuð eða autógraferuð:
einfaldri tileinkun, og, á ljósmyndir, mjög stuttri útskýringu;

i) á úrklippur úr blöðum og tímaritum:
titli, dagsetningu, tölublaði og heimilisfangi blaðsins eða tímaritsins, sem greinin er tekin úr.

3. — Ennfremur er leyfilegt að láta fylgja:

a) leiðréttum eða óleiðréttum próförkum:
handritið;

b) sendingum þeirra tegunda, sem nefndar eru í 2. lið undir bókstafnum h.:
vöruskrá, er snertir sjálfan hlutinn, sem sendur er.

19. grein.

Prent. Útbúnaður sendinga.

1. — Prentið skal vera annaðhvort í krossbandi, í sívalning, milli pappaspjalda, í hylki, sem opið sé til beggja hliða, eða í báða enda, eða í opnu umslagi, eða þá vafið með seglgarni, sem auðvelt sé að leysa.

2. — Prent, sem er í lagi og að efni til eins og spjald, má senda

85 opið án krossbands, umslags eða utanumbindingar. Á sama hátt má
31. des. senda prent, sem er þannig samanbrotið, að það getur ekki opnast á leiðinni, né aðrar sendingar runnið inn í það.

Helmingurinn á framhliðinni á prenti, sem sent er eins og spjöld, skal að minnsta kosti geymdur utanáskrift viðtakanda og athugasemdum eða merkimiðum, sem póstþjónustuna varða.

20. grein.

Sýnishorn. Leyfðar athugasemdir.

Það er leyfilegt að skrifa, með hendinni eða á annan hátt, utan eða innan á sendinguna nafn, titil, starf, firmanafn, og heimilsfang sendanda eða viðtakanda, svo og dagsetningu þegar hluturinn er sendur, utanáskrift, símanúmer, símnefni og kóda, póst- eða bankahlaupareikning sendanda, merki verksmiðjunnar eða kaupmannsins, hlaupanúmer, verð og upplýsingar, er snerta þyngd, mál eða stærð, og hversu mikið sé til af vörunni, og nauðsynlegar upplýsingar, sem ákveða nánar, hvaðan varan sé og hverrar tegundar.

21. grein.

Sýnishorn. Útbúnaður sendinga.

1. — Sýnishorn af vörum skulu sett í poka, öskjur eða hreyfanleg umslög.

2. — Hlutir úr gleri, eða öðru brothættu efni, sendingar, er innihalda fljótandi efni, olíur, fituefni, þurr duft með litarefni eða ekki, svo og sendingar, er innihalda lifandi býflugur, blóðsugur og silkiormaegg, skal taka til flutnings sem sýnishorn af vöru, gegn því að þau séu útbúin sem nú skal greina:

a) Hlutir úr gleri eða öðru brothættu efni, skulu vera vandlega útbúnir (í málmöskjum, öskjum úr tré eða bárupappa úr sterku efni), þannig, að af þeim stafi engin hætta, hvorki fyrir starfsmennina né póstsendingarnar.

b) Fljótandi efni, olíur og efni, sem auðveldlega verða fljótandi, skulu látin í loftheld, lokuð ílát. Skal hvert ílát látið í sérstaka öskju úr málmi, sterku tré eða bárupappa úr sterku efni, og stoppuð með trésagi, baðmull eða svampkendu efni, nægilega miklu til þess að drekka í sig vökvann, ef ílátið skyldi brotna. Lok öskjurnar skal vera þannig fest á, að það geti ekki auðveldlega losnað af.

c) Fituefni, sem verða síður fljótandi, svo sem áburðir, blaut sápa, harpiks o. s. frv., svo og silkiormaegg, sem minni óþægindi stafa

af við flutninginn, skulu fyrst látin í hylki (öskju, léreftspoka, pergament o. s. frv.), er síðan skal látið í aðra öskju úr tré, málmi eða sterku og þéttu leðri. 85 31. des.

d) Þurr litarefni, svo sem anilín o. s. frv., er ekki leyft að flytja, nema í sterkum pjáturdósum, er aftur skulu settar í tréöskjur með sagi á milli. Þurr duft, sem ekki hafa litarefni í sér, skal láta í málm-, tré- eða pappaöskjur. Þessar öskjur skal síðan aftur láta í lérefts- eða pergamentspoka.

e) Lifandi býflugur og blóðsugur skulu látnar í öskjur, er séu þannig gerðar, að engin hætta stafi af.

3. — Alla hluti, er kynnu að skemmast, ef þeir væru útbúnir á vanalegan hátt, má, sem undantekningu, leyfa flutning á í loftheldum umbúðum. Ef slíkt kemur fyrir, geta hlutaðeigandi póststjórnir krafizt þess, að sendandi eða viðtakandi létti undir við rannsóknina á innihaldinu, annaðhvort með því að opna einhverjar sendingarnar, sem þær til taka, eða á einhvern annan fullnægjandi hátt.

4. — Umbúða er ekki krafizt um sendingar í einu heilu stykki, svo sem muni úr tré, málmum o. s. frv., sem ekki er verzlunarvenja að setja í umbúðir.

5. — Utanáskrift viðtakanda skal sett, að svo miklu leyti sem hægt er, á umbúðirnar eða á hlutinn sjálfan. Séu umbúðirnar eða hluturinn þess eðlis, að ekki sé gerlegt að setja á þau utanáskrift, þjónustuleiðbeiningar eða frímerki, skal nota lausmiða, helzt úr pergamenti, er sé vandlega festur við sendinguna. Sama gildir einnig, ef ekki er grunlaust um, að stimplunin kunni að skemma sendinguna.

22. grein.

Hlutir áþekkir sýnishornum.

Fyrir sama gjald og fyrir sýnishorn af vöru, er einnig leyfður flutningur á prentmyndamótum (clichés), einstökum lyklum, nýjum, afskornum blómum, hlutum, er lúta að náttúrufræði (þurkuðum og prepareruðum jurtum og dýrum, jarðfræðilegum sýnishornum o. s. frv.), serumhylkjum og líffræðilegum hlutum, sem gerðir hafa verið óskaðlegir á þann hátt, sem þeir eru preperaðir og um búnir. Hluti þessa má ekki senda í verzlunaraugnamiði, að undanskildum serumhylkjum, sem send eru vegna almenningsheilla af rannsóknastofum eða stofnunum, sem hlotið hafa opinbera viðurkenningu. Umbúðir þessara hluta skulu svara til hinna almennu fyrirmæla um sýnishorn af vörum.

23. grein.

Samanblandaðar sendingar.

1. — Sameining á bréfasendingum ýmsra tegunda í eina sendingu nær til verzlunarskjala, prents, að undanteknu blindraprenti með upphleyptu letri, með því skilyrði:

a) að hver tegund út af fyrir sig fari ekki fram úr takmörkum þeim, sem ákveðin eru fyrir hana, um þyngd og ummál;

b) að þyngdin samanlögð fari ekki fram úr 2 kg. á sendingu;

c) að minnsta burðargjald sé lágmarksburðargjald fyrir verzlunarskjöl, ef í sendingunni eru verzlunarskjöl, en lágmarksburðargjald fyrir sýnishorn, þegar í henni er prent og sýnishorn af vörum.

2. — Ákvæði þessi gilda aðeins um sendingar, sem tilheyra sama taxtaflokki. Verði einhver póststjórn vör við, að sendingar, sem mismunandi taxtar eiga við, séu sameinaðar í eina sendingu, ber að reikna burðargjald fyrir alla sendinguna eftir þeim hluta hennar, sem hæsti taxtinn á við.

24. grein.

Smápakkar.

Um smápakka gilda sömu ákvæði og fyrir sýnishorn af vörum, að því er snertir lögun, ytra ásigkomulag og umbúðir.

Auk þess skal nafn og utanáskrift sendanda standa utan á sendingunum.

Þriðji bálkur.

Ábyrgðarsendingar. Móttökukvittun.

EINASTI KAFLI.

25. grein.

Ábyrgðarsendingar.

1. — Ábyrgðarsendingar skulu bera á framhliðinni greinilega yfirskrift „Recommandé“ eða tilsvarandi orð á máli sendilandsins. Sé um ábyrgðarbréf að ræða, mega þau ekki bera neinn vott um, að þau hafi verið opnuð á ný og svo lokað aftur, áður en þau eru sett á póst. Annars er ekki krafizt neinna sérstakra skilyrða um lögun, lokun eða gerð utanáskriftar þessara sendinga, að því undanteknu, sem hér fer á eftir:

2. — Bréfasendingar með fangamarki sem utanáskrift, og send- 85
ingar, sem skrifað er utan á með blýanti, verða ekki teknar sem 31. des.
ábyrgðarsendingar.

Þó má utanáskrift annara sendinga en þeirra, sem sendar eru í umslagi með gagnsærri rúðu, vera með blekblýanti.

3. — Sendingar í gagnsæju umslagi eru ekki leyfðar, nema rúðan sé heildarhluti af umslaginu.

4. — Ó- eða vanfrímerktar ábyrgðarsendingar, sem af vangá komast þannig á póst, skal farið með sem vanalegar sendingar, að því er hið vangoldna burðargjald snertir.

5. — Ábyrgðarsendingar skulu í efra vinstra horni utanáskriftarmegin bera miða eins og eða líkan viðfestri fyrirmynd C 5, og skal á honum tilgreint með latneskum bókstöfum: stafurinn R, nafn sendipósthússins og hlaupanúmer það, sem sendingin er innfærð undir í bókum þess.

Þó skal póststjórnum þeim, sem vegna innanlandsákvæða sinna geta ekki notað slíka miða, heimilt að fresta framkvæmd þessa ákvæðis og leyft að merkja ábyrgðarsendingar með því að stimpla „recommandé" eða „R" og skal þar við hliðina á standa nafn sendipósthúss og hlaupanúmer. Stimpla þessa skal einnig setja í efra vinstra horn utanáskriftarmegin.

Ekkert hlaupanúmer, né því um líkt, má setja á framhlið ábyrgðarsendingar, af milliliggjandi pósthúsum, til þess að forðast rugling á þeim og innritunarnúmers sendingarinnar á upprunapósthúsinu.

26. grein.

Móttökukvittun.

1. — Þær sendingar, sem sendandi óskar móttökukvittunar fyrir, skulu bera á sér greinilega skrifað „Avis de réception" eða stimplaða stafina A. R.

2. — Þeim skal fylgja eyðublað að þéttleik eins og bréfspjald, ljósrautt að lit, eins og eða líkt við festri fyrirmynd C 6; eyðublað þetta útbýr sendipósthúsið, eða eitthvert annað pósthús, sem sendipóststjórnin tiltekur, og festir það vandlega utan á sendinguna, sem það tilheyrir. Komi það ekki fram á ákvörðunarpósthúsinu, á það pósthús sjálft að gefa út nýja móttökukvittun.

3. — Þegar ákvörðunarpósthúsið hefir fyllt út eyðublað C 6, eins og vera ber, sendir það það í vanalegum pósti, opið og burðargjaldsfrítt til sendanda sendingarinnar.

4. — Þegar sendandi spyrst fyrir um móttökukvittun, sem er ekki komin til baka til hans á réttum tíma, skal farið eftir reglum

85 þeim, sem settar eru í næstu grein á eftir. Þá skal ekki taka aftur
31. des. burðargjald og sendipósthúsið skal skrifa á hausinn á eyðublaði C 6 „Duplicata de l'avis de réception, etc.“

27. grein.

Móttökukvittun umbeðin eftir á.

1. — Þegar sendandi óskar móttökukvittunar fyrir ágyrgðarsendingu, eftir að hún hefir verið látin á póst, útfyllir sendipósthúsið eyðublað C 6.

Þetta eyðublað er svo fest við fyrirspurnareyðublað eftir fyrirmynd C 13, og er á það límt frímerki, er svarar til gjaldsins, sem á að greiða, og er farið með það eftir fyrirmælum 51. greinar hér á eftir, að því undan teknu, að sé um rétta afhendingu að ræða á sendingunni, heldur ákvörðunarpósthúsið eftir eyðublaðinu C 13, en sendir eyðublað C 6 til baka, eins og fyrir er mælt í 3. lið næstu greinar hér á undan.

2. — Hinum sérstöku ákvæðum, sem póststjórnirnar hafa sampykkt, samkvæmt 51. grein hér á eftir, viðvíkjandi sendingu á fyrirspurnum um ábyrgðarsendingar, má einnig beita, þegar óskað er móttökukvittunar fyrir ábyrgðarsendingar, eftir að þær hafa verið látnar í póst.

Fjórði bálkur.
Póstkröfusendingar.

EINASTI KAFLI.

28. grein.

Upplýsingar utan á sendingu.

1. — Ábyrgðarsendingar með póstkröfu skulu efst á framhlið bera áletrunina „Remboursement“ skrifað eða prentað mjög greinilega, og þar næst tilgreind upphæð póstkröfunnar með latneskum bókstöfum, fullum stöfum og aröbskum tölum án yfirstrikana eða leiðréttinga, jafnvel þótt samþykktar séu.

2. — Á framhlið sendingarinnar skal sendandi tilgreina nafn sitt og utanáskrift með latneskum bókstöfum. Eigi hin innheimta upp-

hæð að greiðast inn á pósthlaupareikning í ákvörðunarlandinu, skal 85
þar að auki standa utanáskriftarmegin á sendingunni þessi athugasemd, 31. des.
skrifuð á frönsku eða öðru þekktu máli í ákvörðunarlandinu: „A porter au crédit du compte des chèques postaux No. ..... de M. ..... à ..... tenu par le bureau des chèques d. .....

(Færist til tekna í pósttékkareikning herra ..... í ..... nr. ..... hjá pósttékkadeildinni í .....).

29. grein.

Merki.

Póstkröfusendingar skulu á framhliðinni bera appelsínugulan miða, eins og viðfesta fyrirmynd C 7.

30. grein.

Póstkröfuávísun.

Að því undanteknu, er segir í 31. gr. hér á eftir, skal hverri póstkröfusendingu fylgja eyðublað undir póstkröfuávísun, úr haldgóðum pappa og ljósgrænt að lit, eins og við fest fyrirmynd C 8. Á eyðublaði þessu skal tilgreina upphæð póstkröfunnar í mynt upprunalandsins, og vanalega tilgreina sendanda sendingarinnar sem viðtakanda ávísunarinnar. Þó er hverri póststjórn heimilt að láta stíla ávísanir, er tilheyra sendingum úr hennar þjónustu, til sendipósthúsa sendinganna eða annara pósthúsa sinna. Afklippingur ávísunarinnar skal tilgreina nafn og utanáskrift viðtakanda sendingarinnar, svo og stað og dagsetningu, þegar sendingin var látin á póst.

Ávísunina skal festa vandlega við sendingu þá, sem hún á við.

31. grein.

Greiðsla inn á pósthlaupareikning.

Hverri sendingu, sem hin innheimta upphæð á að greiðast fyrir inn á pósthlaupareikning í ákvörðunarlandinu, skal fylgja, nema öðruvísi sé um samið, innborgunarseðill eins og eyðublað það, sem fyrirskipað er í innanríkisþjónustu landsins. Seðillinn skal tilgreina eiganda reiknings þess, sem á að greiða inn á, svo og allar aðrar upplýsingar, sem texti eyðublaðsins segir til um, nema upphæðina, sem á að greiða; hana færir ákvörðunarpósthúsið á seðilinn, eftir að póstkröfuupphæðin er inn heimt. Sé innborgunarseðillinn með afklippingi, skal sendandi þar geta nafns síns og utanáskriftar, og setja þar að auki aðrar upplýsingar, er hann álítur, að máli skifti.

Innborgunarseðillinn skal vandlega festur við hlutinn.

85
31. des.

32. grein.

Myntbreyting póstkröfuupphæðar.

Nema öðruvísi sé um samið, skal upphæð póstkrafnanna, sem stíluð er í mynt upprunalands sendingarinnar, breytt í mynt ákvörðunarlandsins af póststjórn þess, eftir sama gengi og hún notar fyrir póstávísanir til upprunalands sendingarinnar.

33. grein.

Ósamhljóða tilgreining á póstkröfuupphæðinni.

Ef tilgreining póstkröfuupphæðar er ekki samhljóða á sendingunni og póstkröfuávísuninni, skal hærri upphæðin innheimt af viðtakanda. —

Neiti viðtakandi, að greiða upphæðina, má afhenda sendinguna, með þeirri undantekningu, er neðar getur, gegn greiðslu á lægri upphæðinni, en með því skilyrði, að viðbótargreiðsla fari fram, ef svo ber undir, jafnskjótt og upplýsingar frá sendipósthúsinu eru komnar. Samþykki viðtakandi ekki þetta skilyrði, skal afhendingu sendingarinnar frestað.

Undir öllum kringumstæðum skal senda sendipósthúsinu þegar í stað beiðni um upplýsingar, og ber því að svara henni á sem stytztum tíma, og taka fram hina réttu póstkröfuupphæð.

Þegar viðtakandi er á ferðalagi, eða þarf að fara í burtu, má heimta hærri upphæðina. Sé henni neitað, skal sendingin ekki afhent fyrr en svarið við beiðninni um upplýsingar er komið.

34. grein.

Greiðslufrestur.

Upphæð póstkröfunnar skal greidd innan 7 daga, að telja frá deginum eftir að sendingin kemur á ákvörðunarstað. Frest þenna má lengja upp í mánuð mest hjá þeim póststjórnum, er neyðast til þess, vegna löggjafar sinnar. Þegar geymslufresturinn er útrunninn, er sendingin send aftur til sendipósthússins. Samt sem áður getur sendandi gert athugasemd á sendinguna og krafizt þess, að hún sé tafarlaust endursend, ef viðtakandi neitar að greiða póstkröfuupphæðina við fyrstu tilkynningu.

35. grein.

Lækkun eða afnám á póstkröfuupphæð.

1. — Beiðnir um afnám eða lækkun á póstkröfuupphæð skal fara

með samkvæmt reglum og fyrirmælum þeim, sem nefnd eru í 48. grein hér á eftir. 85 31. des.

Ef um er að ræða beiðni senda símleiðis, skal hún staðfest, með fyrsta pósti, með beiðni sendri póstleiðis, og fylgir henni líking sú, sem nefnd er í 48. grein, 1. lið. Efst á beiðninni standi þessi athugasemd, undirstrikuð með litblýanti: „Confirmation de la demande télégraphique du .....". (Staðfesting á símabeiðni þann .....).

Þegar þannig atvikast, lætur ákvörðunarpósthúsið sér nægja, að hefta sendinguna við móttöku símskeytisins, og bíður eftir staðfestingu póstleiðis, til þess að sinna beiðninni.

Ákvörðunarpósthúsið getur þó á eigin ábyrgð orðið við símabeiðninni, án þess að bíða eftir staðfestingunni.

2. — Að því undanteknu, sem segir í 31. grein, skal hverri beiðni, sem send er póstleiðis og er um lækkun á póstkröfuupphæð, fylgja nýtt póstkröfuávísunareyðublað, er tilgreini hina leiðréttu upphæð.

Þegar um símabeiðni er að ræða, skal ákvörðunarpósthúsið útbúa póstkröfuávísunina samkvæmt skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 38. grein hér á eftir.

36. grein.

Áframsending.

Ábyrgðarsendingar, sem póstkrafa hvílir á, má áfram senda, ef hið nýja ákvörðunarland starfrækir þessa þjónustugrein við upprunalandið. Þó fylgja póstkröfuávísanaeyðublöðin sendingunum, útfyllt af póststjórn upprunalandsins. Póststjórn hins nýja upprunastaðar annast greiðslu póstkrafnanna, eins og sendingarnar hefðu verið sendar beint til hennar.

Ekki má áfram senda þær sendingar, ef póstkröfuupphæðin fyrir þær á að greiðast inn á pósthlaupareikning í hinu upprunalega ákvörðunarlandi.

37. grein.

Útgáfa póstkröfuávísunar eða innborgunarseðils.

Jafnskjótt og búið er að innheimta póstkröfuupphæðina, fyllir ákvörðunarpósthúsið, eða eitthvert annað pósthús, sem ákvörðunarpóststjórnin tiltekur, út hlutann „Indications de service" af póstkröfuávísuninni, stimplar hana með dagstimpli sínum og sendir hana burðargjaldsfrítt eins og utanáskriftin segir til.

Þegar beiðni um upplýsingar um, hver sé sú rétta póstkröfuupphæð, hefir verið send upprunapósthúsinu, skal útgáfu ávísunarinnar frestað, þangað til svarið er komið.

85 31. des. Póstkröfuávísanir eru útborgaðar sendendum sendinganna eftir reglum, sem hver póststjórn til tekur.

Innborgunarseðla tilheyrandi póstkröfusendingum, sem upphæðirnar fyrir eiga að greiðast inn á póst-hlaupareikning í ákvörðunarlandinu, skal farið með eftir innanríkisákvæðum landsins um póstgíró og pósttékkastörf.

38. grein.

Ógilding eða skifti á póstkröfuávísanaeyðublöðum og innborgunarseðlum.

1. — Póstkröfuávísanaeyðublöð, sem verða ónothæf vegna þess, að beðið hefir verið um afnám eða breytingu á póstkröfuupphæðinni, svo og innborgunarseðlar, sem eru orðnir ónothæfir vegna afnáms á póstkröfuupphæðinni (35. grein), skulu eyðilagðir undir umsjá ákvörðunarpósthúss sendinganna.

2. — Eyðublöð, sem tilheyra póstkröfusendingunum, sem af einhverjum ástæðum eru endursendar til upprunastaðar, skulu ógilt af pósthúsi því, sem endursendir.

3. — Þegar eyðublöð, sem tilheyra póstkröfusendingum, eru send skakkt, tapast eða eyðileggjast, áður en póstkrafa hefir verið innheimt, býr ákvörðunarpósthúsið út eftirrit á eyðublaði C 8, eða innborgunarseðli, eftir því, sem við á.

39. grein.

Óafhentar eða óinnheimtar póstkröfuávísanir.

Póstkröfuávísanir, sem ekki hefir verið hægt að afhenda viðtakendum, skulu, eftir að búið er að setja á þær endurnýjunaráteiknun, ef svo ber undir, kvittaðar af sendipóststjórn sendinganna, sem þær eiga við, og færðar í reikning við póststjórnina, sem hefir gefið þær út.

Sama gildir og um póstkröfuávísanir, sem hafa verið afhentar réttum hlutaðeigendum, en upphæðarinnar ekki verið vitjað. Í stað þessara ávísana skulu þó fyrst koma útborgunarheimildir, útbúnar af sendipóststjórn ávísananna.

Endurnýjunaráritanir og útborgunarheimildir póstkröfuávísana eru veittar samkvæmt skilyrðum póstávísanasamningsins.

40. grein.

Reikningsskil póstkröfuávísana.

1. — Nema öðruvísi sé um samið, skulu reikningsskil fyrir póstkröfuávísanir, sem greiddar eru af hverri póststjórn fyrir reikning

annarar, fara fram með viðaukum við mánaðarreikninga póstávísananna (viðfest fyrirmynd C 9). 85 31. des.

2. — Viðaukum þessum skulu hinar útborguðu og kvittuðu póstkröfuávísanir fylgja, og eru þær færðar á þá eftir stafrófsröð útgáfupósthúsanna og eftir hlaupanúmerum þeim, sem þær eru innfærðar með í bækur þeirra. Póststjórn sú, sem útbýr reikninginn, dregur frá aðalupphæð inneignar sinnar upphæð burðargjalds þess og þóknun, sem hlutaðeigandi póststjórn ber, samkvæmt 71. grein alþjóðapóstsamningsins.

3. — Reikningsjöfnuði reikningsins, C 9, er, að svo miklu leyti sem hægt er, bætt við á ávísanareikning fyrir sama tímabil. Um endurskoðun og greiðslu þessara reikninga, fer samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í starfsreglugjörð póstávísanasamningsins.

Fimmti bálkur.

Meðferð sendinga við burtför og komu.

EINASTI KAFLI.

41. grein.

Stimplun með dagstimpli.

1. — Sendingarnar skulu vera stimplaðar á framhlið með stimpli, er greini, ef unnt er, með latnesku letri, sendistað og dagsetningu þegar sendingin er látin í póst.

Á stöðum, þar sem mörg eru pósthús, skal stimpillinn tilgreina viðtökupósthúsið.

Það er ekki skylda að nota stimpil þann, sem nefndur er í liðunum á undan, á prent sem frímerkt er með stimplun í prentsmiðju eða á annan hátt, eins og greint er í 46. grein alþjóðapóstsamningsins.

2. — Öll gildandi frímerki skulu ónýtt.

Frímerki, sem ekki hafa verið ónýtt, annaðhvort af athugaleysi eða gleymsku á sendipósthúsinu, skulu yfirstrikuð með feitu striki eða gerð ógild á annan hátt af því pósthúsi, sem verður misfellnanna vart, en þau skulu ekki stimpluð með dagstimpli.

3. — Skakkt sendar sendingar skulu stimplaðar með dagstimpli pósthúss þess, sem þær hafa komið ranglega til. Þessi skylda hvílir ekki

85 31. des. eingöngu á hinum föstu pósthúsum, heldur einnig á hreyfanlegum pósthúsum, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

4. — Stimplun á bréfasendingum, sem látnar eru á póst í skipum, hvílir á póstmanninum um borð, eða yfirmanni þeim, sem hefir það starf með höndum, eða ef þá vantar, þá á pósthúsi viðkomuhafnar, sem sendingarnar eru afhentar á í opnum flutningi. Þegar þannig atvikast, stimplar pósthúsið þær með dagstimpli sínum, og bætir við athugasemdinni „Navire", „Paquebot", eða því um líkt.

42. grein.

Hraðboðasendingar.

Hraðboðasendingar skulu auðkenndar með prentuðum miða, dökkrauðum að lit, með orðinu „Exprès" með stóru letri, og skal hann, eftir því sem unnt er, settur við hliðina á hinum tilgreinda ákvörðunarstað.

43. grein.

Ófrímerktar eða vanfrímerktar sendingar.

1. — Sendingar, sem taka skal eitthvert gjald fyrir, eftir að þær hafa verið settar í póst, annaðhvort af viðtakanda eða sendanda, ef um endursendar sendingar er að ræða, skulu stimplaðar með T-stimpli (taxe à payer) í efra hornið utanáskriftarmegin; við hliðina á stimplinum skal tilgreind í frönkum og sentímum, með vel læsilegum tölum, upphæð sú, er taka ber.

2. — Stimplun með T-stimpli og tilgreining þeirrar upphæðar, sem taka ber, hvílir á sendipóststjórninni, eða, ef um áframsendar eða endursendar sendingar er að ræða, á þeirri póststjórn, sem áframsendir.

Upphæð sú, sem taka ber, skal þó tilgreind af pósthúsinu, sem ber sendingarnar út, ef þær eru frá löndum, sem nota lægra burðargjald í viðskiftum sínum við póststjórn þá, sem áfram sendir.

3. — Að því er snertir tilgreiningu burðargjalds á sendingum frá löndum utan sambandsins, skulu framangreind atriði framkvæmd af póststjórn þess sambandslands, sem þær koma fyrst inn í.

4. — T-stimpil skal einnig setja á áfram sendar hraðboðasendingar, sem aukagjald á að taka fyrir samkvæmt 40. grein alþjóðapóstsamningsins. Upphæð þessa gjalds skal einnig setja á nefndar sendingar.

5. — Pósthúsið, sem afhendir, setur gjaldið, sem taka ber, á sendinguna.

6. — Sérhver sending, sem ekki er T-stimpluð, skal álitin fullfrímerkt, og farið með hana samkvæmt því, nema sé um augsýnilegt athugaleysi að ræða.

7. — Ekkert tillit er tekið til frímerkja, sem eru ógild til frí- 85
merkingar. Þegar slíkt kemur fyrir, skal setja töluna núll (0) við hlið 31. des.
þessara frímerkja, og skal strika kringum þau með blýanti.

44. grein.

Endursending frankóseðla. — Endurheimta á út lögðum upphæðum.

1. — Eftir afhendingu á tollfrjálsri sendingu til viðtakanda, útfyllir pósthúsið, sem hefir lagt út tollgjöldin eða önnur gjöld fyrir reikning sendanda, þann hluta, sem því við kemur, á bakhlið frankóseðilsins, og sendir hann svo með tilheyrandi fylgiskjölum í lokuðu umslagi, án tilgreiningar á innihaldi, til sendipósthúss sendingarinnar.

Sérhver póststjórn hefir þó heimild til þess að láta sérstök pósthús, sem hún tiltekur, framkvæma endursendingu á frankóseðlum, sem gjöld hvíla á, og krefjast þess, að seðlarnir séu sendir til nánar ákveðins pósthúss. Skal þá sendipósthús sendingarinnar skrifa nafn þess pósthúss, sem seðlarnir eiga að fara til, á framhlið frankóseðilsins.

2. — Þegar sending með miðanum „franc de droits" kemur til póstþjónustu ákvörðunarlandsins án frankóseðils, skal pósthús það, sem á að sjá um tollmeðferðina, búa út eftirrit af frankóseðlinum; nafn upprunalandsins er sett í stað póststjórnarinnar, sem það heyrir undir, og dagsetning viðtöku sendingarinnar er til greind, svo fremi hægt er. Þegar frankóseðill glatast eftir að sending hefir verið afhent, ber að útbúa eftirrit á sama hátt.

3. — Frankóseðlar, er eiga við sendingar, sem einhverra hluta vegna eru endursendar til upprunastaðar og ákvörðunarpósthúsið hefir ekki haft til tollmeðferðar, skulu gerðir ógildir af því pósthúsi.

4. — Við móttöku frankóseðla með upplýsingum um gjöld þau, sem póstþjónusta ákvörðunarlandsins hefir lagt út, breytir sendipóststjórnin upphæð þessara gjalda í sína eigin mynt eftir gengi, er ekki má vera hærra en gengi það, sem notað er við útgáfu póstávísana til hluteigandi lands. Hin breytta upphæð skal til greind bæði á stofni eyðublaðsins og afklippingi, og staðfest með undirskrift þess póstmanns, er hefir gert breytinguna. Þegar búið er að innheimta upphæð gjaldanna, afhendir sendipósthúsið sendanda afklipping seðilsins, og fylgiskjölin, ef nokkur eru.

45. grein.

Áframsendar sendingar.

1. — Póstsendingar, sem innan póstsambandsins eru sendar viðtakendum, er skift hafa um aðseturstað, skal farið með eins og skrifað

85 hefir verið utan á þær frá sendistaðnum beina leið til hins nýja á-
31. des. kvörðunarstaðar.

2. — Fyrir sendingar, sem eru ófrímerktar eða vanfrímerktar fyrir fyrsta svæði, skal tekið gjald það, sem tekið er fyrir samskonar sendingar, sendar beint frá upprunastað og til hins nýja ákvörðunarstaðar.

3. — Fyrir sendingar, sem eru nægilega frímerktar yfir fyrsta svæði, en viðbótargjald hefir ekki verið greitt fyrir svæði þar yfir áður en þær voru áframsendar, skal tekið gjald, er sé jafnt mismuninum á því gjaldi, sem búið er að frímerkja þær fyrir, og því, sem tekið hefði verið, ef sendingarnar hefðu upprunalega verið sendar til hins nýja ákvörðunarstaðar.

4. — Sendingar, sem upprunalega er skrifað utan á til innanlandsstaðar og nægilega frímerktar eftir innanlandsákvæðum, skulu álitnar sem fullfrímerktar sendingar yfir fyrsta svæði.

5. — Fyrir sendingar, sem upprunalega hafa gengið innanlands póstgjaldafrítt, skal taka burðargjald eins og fyrir frímerktar samskonar sendingar, sendar frá upprunastað til hins nýja ákvörðunarstaðar.

6. — Strax við áframsendingu setur ákvörðunarpósthúsið dagstimpil sinn framan á bréf og spjaldbréf.

7. — Sendingar, sem hafa ófullnægjandi eða skakka utanáskrift og eru þar af leiðandi endursendar sendendum til uppfyllingar eða leiðréttingar á utanáskriftinni, skulu ekki, þegar þeim er skilað á póst aftur með fullnægjandi eða leiðréttri utanáskrift, skoðast sem áfram sendar sendingar, heldur eins og nýjar sendingar, og skal þar af leiðandi taka burðargjald fyrir þær að nýju.

8. — Tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld, og ekki hefir fengizt afnám á við áfram sendingu eða endursendingu til upprunastaðar (47. grein), skulu innheimt með póstkröfu hjá hinu nýja ákvörðunarpósthúsi. Pósthús hins upprunalega ákvörðunarstaðar festir þá við sendinguna orðsendingu til skýringar og póstkröfuávísunareyðublað (fyrirmynd C 8).

Séu engin póstkröfuviðskifti milli hlutaðeigandi póststjórna, skulu umrædd gjöld inn heimt með bréfaskiftum.

46. grein.

Áframsendingarumslög.

1. — Í viðskiftum milli póststjórna, sem hafa lýst því yfir, að þær séu samþykkar, má setja almennar sendingar, áframsendar til sama manns, sem hefir breytt um bústað, í sérstök umslög, eins og viðfest fyrirmynd C 10, sem póststjórnirnar leggja til og aðeins má setja á nafn viðtakanda og hina nýju utanáskrift hans.

2. — Í áframsendingarumslög má ekki setja hluti, sem vegna 85
lögunar sinnar, ummáls eða þyngdar kynnu að valda skemmdum á um- 31. des.
slaginu; þyngdin alls á umslaginu með innihaldi má með engu móta fara fara fram úr 250 grömmum.

3. — Áframsendingarumslagið skal afhent opið á pósthúsinu, sem áframsendir, svo því gefist kostur á að taka, ef svo ber undir, viðbótargjald það, sem kann að hvíla á sendingunum, sem í því eru, eða þá að tilgreina á sendingunum gjald það, sem taka ber við komu, þegar burðargjaldsviðbótin er ekki greidd.

4. — Við komu til ákvörðunarstaðar er innihald umslaganna athugað af afhendingarpósthúsinu, sem tekur, ef svo ber undir, viðbótargjöld þau, sem ekki hafa verið greidd fyrir fram.

47. grein.

Sendingar, sem ekki verður komið til skila.

1. — Áður en sendingar, sem einhverra hluta vegna verður ekki komið til skila, eru endursendar til sendipósthússins, skal ákvörðunarpósthúsið tilgreina stutt og skýrt á frönsku aftan á sendingarnar, ástæðurnar fyrir því, að þeim hafi ekki orðið komið til skila, á þennan hátt: inconnu (þekkist ekki), refusé (neitað móttöku), en voyage (á ferðalagi), parti (farinn), non réclamé (ekki sótt), décédé (dáinn), eða með líkum orðum. Að því er snertir bréfspjöld og prent í laginu eins og bréfspjald, skal ástæðan fyrir því, að sendingunni varð ekki komið til skila, sett á hægri helming framhliðarinnar. Skal þessi athugasemd sett á með stimpli eða miða. Heimilt er hverri póststjórn að bæta við í þýðingu á sínu eigin máli ástæðunni fyrir því, að sendingunni varð ekki komið til skila, ásamt öðrum athugasemdum, sem það kann að telja heppilegar.

Ákvörðunarpósthúsið skal því næst strika yfir hinn fyrsta ákvörðunarstað, og setja athugasemdina „Retour" við hliðina á dagstimpli sendipósthússins. Auk þess skal það setja dagstimpil sinn aftan á bréf en framan á bréfspjöld.

2. — Sendingar, sem ekki verður komið til skila, endursendast annaðhvort einstakur eða í sérstöku bundini merktu „Rebuts".

Ábyrgðarsendingar, sem ekki verður komið til skila, skal senda til viðskiftapósthúss sendilandsins, eins og væri um að ræða ábyrgðarsendingar til nefnds lands.

Sem undantekning geta tvær póststjórnir, sem eru í sambandi hvor við aðra, eftir samkomulagi sín á milli, haft annað fyrirkomulag á endursendingu sendinga, sem ekki verður komið til skila.

3. — Ef sendingar eru látnar í póst í einhverju landi og eiga að

85 fara til staðar innan takmarka sama lands, en sendendur eru búsettir í
31. des. öðru landi, og þær verða því, ef þeim verður ekki komið til skila, að fara til útlanda, til þess að komast í hendur sendanda, þá skulu þær skoðast sem útlendar sendingar, og farið með þær eftir ákvæðum um áframsendingu.

4. — Sendingar til sjómanna og annara, sem sendar eru til ræðismanns og af honum aftur settar á pósthúsið á staðnum, vegna þess að þær hafi ekki verið sóttar, skal farið með eins og fyrir er mælt um sendingar yfir höfuð, sem ekki verður komið til skila. Gjöld þau, sem ræðismaður kann að hafa verið krafinn um fyrir þessar sendingar, skulu samtímis endurgreidd honum af pósthúsinu á staðnum.

48. grein.

Afturköllun. Breytingar á utanáskrift.

1. — Beiðnir um afturköllun póstsendinga, eða breytingu á utanáskrift þeirra, skulu útbúnar af sendanda á eyðublað eins og við fest fyrirmynd C 11; eitt og sama eyðublað má nota undir margar sendingar, settar samtímis á póst á sama pósthúsi, frá sama sendanda til sama viðtakanda.

Um leið og sendandi afhendir þessa beiðni á pósthúsið, skal hann færa þar fullgilda sönnun á, hver hann sé, og sýna póstkvittun, ef um hana er að ræða. Þegar hann er búinn að færa þessa sönnun, sem póststjórn sendilandsins ber ábyrgð á, skal farið að eins og hér segir:

a) Eigi beiðnin að sendast með pósti, skal eyðublaðið, ásamt fullkominni líkingu af umslagi eða utanáskrift sendingarinnar, sent beina leið sem ábyrgðarbréf til ákvörðunarpósthússins.

b) Eigi beiðnin að sendast símleiðis, skal afhenda eyðublaðið á símastöðina, sem svo símar innihald þess til ákvörðunarpósthússins. Símskeytið skal skrifað á frönsku.

2. — Þegar ákvörðunarpósthúsið fær eyðublaðið C 11 eða símskeyti í þess stað, leitar það uppi hina tilteknu sendingu og framkvæmir það, sem beðið hefir verið um.

Ef rannsóknin er árangurslaus, ef búið er að afhenda viðtakanda sendinguna eða ef beiðnin, sem send er símleiðis, er ekki nógu greinileg, til þess að hægt sé með vissu að þekkja sendinguna, skal það þegar í stað tilkynnt sendipósthúsinu, sem svo gerir fyrirspyrjanda aðvart.

3. — Sérhver póststjórn getur krafizt þess með tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar, að skiftin á þeim beiðnum, sem hana snerta, séu framkvæmd af sjálfri aðalpóststjórninni, eða pósthúsi, sem hún sérstaklega tiltekur.

Ef skiftin á beiðnunum eiga sér stað frá aðalpóststjórnunum, skal

tekið tillit til beiðna, sem sendar eru beina leið frá sendipósthúsi til ákvörðunarpósthúss, að því leyti, að hlutaðeigandi sendingar skulu útilokaðar frá afhendingu, þangað til beiðnin kemur frá aðalpóststjórninni. 85 31. des.

Póststjórnir þær, sem nota rétt þann, sem getur um í 1. málsgrein þessa liðs, bera sjálfar kostnaðinn, sem leiðir af flutningnum innanlands á upplýsingum, sem skifzt er á við ákvörðunarpósthúsið, hvort heldur símleiðis eða með pósti.

Skylt er að nota síma, þegar sendandi hefir sjálfur gert það, og ekki er hægt að aðvara ákvörðunarpósthúsið í tíma með því að nota póstleiðina.

49. grein.

Einföld leiðréttíng á utanáskrift.

Þegar um einfalda leiðréttingu á utanáskrift er að ræða (án breytingar á nafni eða titli viðtakanda) getur sendandi sent beiðni beint til ákvörðunarpósthússins, þ. e. a. s. án þess að uppfylla skilyrði þau, sem sett eru, þegar um reglulega breytingu á utanáskrift er að ræða.

50. grein.

Fyrirspurnir. Almennar sendingar.

1. — Með hverja fyrirspurn um almennar sendingar, skal farið eins og hér segir:

a) Fyrirspyrjandi á að útfylla þann hluta, sem honum kemur við, af eyðublaði, eins og viðfest fyrirmynd C 12.

b) Pósthúsið, sem tekur við fyrirspurninni, sendir hana beina leið til hlutaðeigandi pósthúss. Sendingin fer sem þjónustusending án bréfs.

c) Hlutaðeigandi pósthús leggur eyðublaðið fyrir viðtakanda eða sendanda, eftir því sem við á, til þess að fá upplýsingar í málinu.

d) Þegar eyðublaðið er fyllt út eins og vera ber, er það síðan sent aftur sem þjónustusending til pósthússins, sem hefir sent það út.

e) Sé fyrirspurnin á rökum byggð, sendist hún til aðalpóststjórnarinnar sem gagn til frekari rannsóknar.

2. — Sérhver póststjórn getur krafizt þess með tilkynningu, er sendist alþjóðaskrifstofunni, að fyrirspurnir viðvíkjandi hennar póstþjónustu séu sendar til aðalpóststjórnarinnar eða pósthúss, sem hún sérstaklega tiltekur.

85
31. des.

51. grein.

Fyrirspurnir. Ábyrgðarsendingar.

1. — Sérhver fyrirspurn um ábyrgðarsendingu skal stíluð á eyðublað eins eða líkt og við fest fyrirmynd C 13, er fylgir hér með, og skal það vanalega sent af sendipósthúsinu beina leið til ákvörðunarpósthússins.

Eitt og sama eyðublað má nota undir margar sendingar, settar samtímis á póst á sama pósthúsi, frá sama sendanda til sama viðtakanda.

2. — Þó geta póststjórnir sendi- og ákvörðunarlandsins, eftir innbyrðis samkomulagi, látið senda fyrirspurnina frá pósthúsi til pósthúss og látið hana fylgja sömu leið og sendingin hefir farið.

3. — Í tilfelli, eins og í 1. lið að ofan, sendir ákvörðunarpósthúsið, þegar það getur gefið upplýsingar um hin endanlegu afdrif sendingarinnar, eyðublaðið útfyllt til baka til sendipósthússins.

Þegar ákvörðunarpósthúsið getur ekki þegar í stað komizt fyrir afdrif sendingar, gerir það athugasemd þar um á eyðublaðið og áframsendir það til sendipósthússins með yfirlýsingu viðtakanda, ef hægt er, þess efnis, að hann hafi ekki móttekið sendinguna. Í því tilfelli útfyllir sendipósthúsið eyðublaðið og tilgreinir flutningaleiðina til fyrsta milliliggjandi pósthúss. Síðan sendir það þessu pósthúsi eyðublaðið, sem skrifar á það sínar athugasemdir, og sendir það, ef svo ber undir, til næsta pósthúss. Þannig gengur fyrirspurnin frá pósthúsi til pósthúss, þangað til upplýst er orðið um afdrif sendingarinnar. Pósthús það, sem hefir afhent sendinguna til viðtakanda, eða sem hvorki getur sannað afhendingu sendingarinnar né regluleg skil á henni til annarar póststjórnar, gerir um það athugasemd á eyðublaðið, og sendir það til sendipósthússins.

4. — Í tilfelli eins og í 2. lið að ofan, halda rannsóknirnar áfram frá sendipósthúsi alla leið til ákvörðunarpósthúss, og með því að gæta þeirrar aðferðar, sem greint er frá í næsta lið á undan.

5. — Eyðublaðið, C 13, skal tilgreina fullkomna utanáskrift viðtakanda og skal fylgja því, svo framarlega sem hægt er, líking af umslaginu eða utanáskrift sendingarinnar. Það er sent sem þjónustusending í lokuðu umslagi án bréfs.

6. — Heimilt er hverri póststjórn að krefjast þess, með tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar, að fyrirspurnir viðvíkjandi hennar póstþjónustu séu sendar annaðhvort til alþjóðapóststjórnarinnar eða til pósthúss, sem hún sérstaklega til tekur, eða, ef hún aðeins á hlut að máli sem milliliggjandi póststjórn, til viðskiftapósthússins, sem sendingin hefir verið send til.

Eyðublaðið C 13 og tilheyrandi skjöl skulu undir öllum kringumstæðum vera komin aftur til sendipósthúss sendingarinnar innan

sex mánaða frests í hæsta lagi, að telja frá dagsetningu fyrirspurnar- 85
innar. Frest þennan má lengja upp í níu mánuði í viðskiftum við fjar- 31. des.
læg lönd.

7. — Ofangreind ákvæði gilda ekki, þegar um er að ræða rán á póstpokum eða vöntun, eða önnur lík tilfelli, sem heimta víðtækari bréfaskifti milli póststjórnanna.

52. grein.

Fyrirspurnir um sendingar, settar á póst í öðru landi.

Í tilfelli eins og gert er ráð fyrir í 3. lið 51. greinar alþjóðapóstsamningsins, skal senda fyrirspurnareyðublöðin C 12 og C 13 til póststjórnar upprunalandsins. Eyðublaði C 13 skal fylgja viðtökukvittunin.

Sjötti bálkur.
Skifti á sendingum.

EINASTI KAFLI.

53. grein.

Bréfaskrár.

1. — Skrár þær, sem fylgja póstflutningnum, sem skifzt er á milli tveggja pósthúsa, skulu vera eins og viðfest fyrirmynd C 14. Þær skulu látnar í umslag, blátt að lit, er beri með stóru letri utanáskriftina „Feuille d'avis".

2. — Efst á bréfaskránni skal standa:
sendiland og ákvörðunarland,
nöfn viðskiftapósthúsa sendi- og ákvörðunarlands,
dagsetning, þegar pósturinn er sendur.
Dagstimpill skal settur á sinn ákveðna stað.

3. — Ef sendingar eru með, sem bera á út með hraðboða, skal það tilgreint með því að stimpla „Exprès" í reitinn nr. I.

4. — Reitur nr. II er til þess að greina hlaupanúmer póstflutningsins, nafn póstskipsins, leiðina, sem sent er eftir, og tölu pokanna í flutningnum.

Nema öðruvísi sé ákveðið, tölusetja sendipósthúsin bréfaskrárn-

85 ar með áframhaldandi töluröð fyrir hvert ákvörðunarpósthús. Sérhver
31. des. pósflutningur fær sérstakt númer, jafnvel þótt um sé að ræða viðbótarpóstflutning, sem notar sömu leið eða sama skip og hinn vanalegi póstflutningur.

Í byrjun hvers árs skal við fyrsta póstflutninginn tilfæra á skránni, auk númersins, sem hann hefir, númer síðasta póstflutnings á árinu á undan.

Nafn skipsins, sem tekur póstflutninginn, er tilgreint, þegar sendipósthúsið getur fengið vitneskju um það.

Í tölu pokanna í flutningnum, ber einnig að tilfæra þá poka, sem innihalda tóma, endursenda poka.

5. — Reitur nr. III skal til greina:

a) Aðaltölu ábyrgðarsendinga, sem innfærðar eru á reit nr. V, og, ef svo ber undir, á aukalistum.

Nota má einn eða fleiri aukalista, eins og viðfest fyrirmynd C 15, annaðhvort í stað reitsins nr. V, eða sem viðbótar-bréfaskrá.

Ef póststjórn ákvörðunarlandsins krefst þess, er skylda að nota eingöngu aukalista.

Þegar margir listar eru notaðir, skal tölusetja þá. Tala ábyrgðarsendinga, sem færa má á einn og sama lista, er ákveðin 60.

b) Aðaltölu sendinga með til greindu verði, sem innfærðar eru á verðbréfaskrá.

c) Tölu poka og pakka, sem innihalda ábyrgðarsendingar, og tölu poka og pakka, sem innihalda sendingar með tilgreindu verði; þetta tilgreint hvert um sig.

d) Tölu aukalista ábyrgðarsendinga og tölu verðbréfaskráa.

6. — Í reit nr. IV er innfærð, að skilin, tala endursendra poka tilheyrandi póststjórn ákvörðunarlandsins, og tala þeirra poka, sem notaðir eru undir póstflutninginn og tilheyra sendipóststjórninni, þar með taldir pokar undir ábyrgðarpóst. Ef svo ber undir, skal tala tómra poka, sem tilheyra annari póststjórn en þeirri, sem flutningurinn er til, til greind sér, og þar getið nafns póststjórnarinnar.

Þar að auki skal á þessum reit tilgreina opin þjónustubréf, og ýmsar athugasemdir eða leiðbeiningar frá sendipósthúsinu, er snerta póststarfið.

7. — Reitur nr. 5 er ætlaður til innfærslu á ábyrgðarsendingum, þegar aukalistar eru ekki eingöngu notaðir.

Ábyrgðarsendingar eru skráðar hver um sig, og tilgreint nafn sendipósthússins og innritunarnúmer þess á sendingunni, nema hlutaðeigandi póststjórnir hafi orðið ásáttar um innritun í einu lagi á bréfaskrárnar.

Séu engar ábyrgðarsendingar í póstflutningnum, skal setja at- 85
hugasemdina „Néant“ í tilsvarandi dálk á bréfaskránni. 31. des.

8. — Í reit nr. VI er innfærður, eins og reiturinn segir til, lokaður póstur, sem settur er með hinum beina póstflutningi, sem sendiskráin á við.

9. — Póststjórnirnar geta komið sér saman um að búa til nýja reiti eða dálka á sendiskránni, þegar þær álíta það nauðsynlegt. Sérstaklega geta þær notað reitina V og VI eins og þeim þykir hentast.

10. — Hafi viðskiftapósthús engan hlut að senda til pósthússins, sem það er í sambandi við, á póstflutningur sér því aðeins stað, að hlutaðeigandi póststjórnir hafi orðið ásáttar um, að tölusetja ekki bréfaskrárnar í viðskiftunum sín á milli. Þegar þannig atvikast, skal viðskiftapósthúsið senda póstflutning á venjulegan hátt, sem þá er ekki annað en auð skrá.

11. — Þegar lokaðir póstpokar úr einu landi eru fengnir í hendur öðru landi til flutnings með kaupskipum, skal tala eða þyngd bréfa og annara sendinga tilfærð á skrána og á utanáskrift pokanna, þegar póststjórn sú, sem á að sjá um útskipun póstflutnings, krefst þess.

54. grein.

Flutningur ábyrgðarsendinga.

1. — Ábyrgðarsendingar og, ef þörf krefur, hinir sérstöku listar, sem getur um í 5. lið næstu greinar á undan, skulu settir saman í einn eða fleiri sérstaka pakka eða poka, og skulu þeir vera hæfilega lokaðir og innsiglaðir, eða lokaðir með plombum, þannig, að innihaldinu sé óhætt. Ábyrgðarsendingunum skal raðað í sérhvern pakka eftir töluröð sinni. Þegar notaðir eru margir lausir listar, skal hver þeirra bundinn með þeim ábyrgðarsendingum, sem hann tilheyrir.

Undir engum kringumstæðum má blanda saman ábyrgðarsendingum og almennum sendingum.

2. — Utan á pakkann, sem ábyrgðarsendingar eru í, skal festa með seglgarnskrossbandi hið sérstaka umslag með bréfaskránni; þegar ábyrgðarsendingar eru látnar í poka, skal umslagið fest við pokaopið.

3. — Sé fleiri en einn pakki eða poki með ábyrgðarsendingum, skal á sérhvern pakka eða poka setja miða, er gefi upplýsingar um innihaldið.

55. grein.

Flutningur á hraðboðasendingum.

1. — Almennar hraðboðasendingar eru bundnar saman í sérstök bundin, og settur á einkennismiði með orðinu „Exprès“ með stóru

85 letri. Síðan láta viðskiftapósthúsin bundinin í umslagið, sem bréfa-
31. des. skráin er í, er fylgir póstflutningnum.

Ef á að festa umslagið við opið á ábyrgðarsendingapoka (2. liður í næstu grein á undan), skal þó setja hraðboðasendingabundinið í ytri pokann. Skal þá með miða, sem settur er í umslagið, sem bréfaskráin er í, gefa til kynna, að þesskonar sendingar séu í póstinum. Á sama hátt skal einnig farið að, þegar ekki hefir verið hægt að festa hraðboðasendingarnar við bréfaskrána, vegna tölu þeirra, lögunar eða ummáls.

2. — Hraðboðasendingar, sem mælt er með, eru settar eftir röð sinni með öðrum ábrgðarsendingum og orðið „Exprès" sett í dálkinn „Observations" á bréfaskránum eða aukalistunum, út undan innritun hverrar um sig.

56. grein.

Útbúnaður á póstflutningnum.

1. — Sem höfuðregla gildir, að sendingarnar skulu að greindar og bundnar saman eftir því, hverrar tegundar þær eru, bréf og bréfspjöld í sama bundini, og blöð og tímarit í sérstökum bundinum, aðgreind frá vanalegu prenti. Bréfum, bréfspjöldum og smáprenti skal raðað þannig, að utanáskriftin beri rétt við, þegar lesið er í sundur. Fullfrímerktar sendingar eru aðgreindar frá ófrímerktum eða vanfrímerktum sendingum, og skulu miðarnir á þeim bundinum, sem slíkar sendingar eru í, stimplaðar með T-stimpli.

Á bréf, sem bera með sér, að þau hafi opnazt, skemmzt eða skaddazt, skal gera athugasemd um það, og stimpla þau með dagstimpli þess pósthúss, sem verður vart við þetta.

Póstávísanir, sem sendar eru opnar, eru settar saman í sérstakan pakka.

2. — Póstflutningurinn skal látinn niður í poka, er séu lokaðir eins og vera ber, innsiglaðir með lakki eða blýi og merktir. Þegar seglgarn er notað, er fyrirskipað, að bregða því aðeins tvisvar um opið, áður en hnýtt er að. Eftirmyndirnar af innsiglunum eða plombutöngum, skulu sýna áletrun með latnesku letri, er sé vel læsilegt.

Merkimiðar póstflutningsins skulu gerðir úr lérefti, sterkum pappa, pergamenti eða pappír límdum á tréspjald; í viðskiftum milli nágrannapósthúsa má nota merkimiða úr sterkum pappír. Merkimiðarnir skulu búnir til þannig litir:

a) ljósrauðir, fyrir poka með ábyrgðarsendingum;
b) hvítir, fyrir poka, sem aðeins innihalda almenn bréf og bréfspjöld;
c) ljósbláir, fyrir poka, sem eingöngu innihalda almennar aðrar sendingar.

Pokar, sem innihalda blandaðar almennar sendingar (bréf, bréf- 85
spjöld og aðrar sendingar), skulu bera hvítan merkimiða. 31. des.

Notkun hinna hvítu og ljósbláu miða eru þó ekki skyldukvöð nema fyrir þær póststjórnir, þar sem innanlandsákvæðin banna það ekki.

Á merkimiðunum skal standa prentað, með smáu latnesku letri, nafn sendipósthússins, og, með feitu latnesku letri, nafn ákvörðunarpósthússins, og á undan, með réttri tilvísun, orðin „de" (frá) og „pour" (til). Í viðskiftum sjóleiðis með óákveðnu millibili má og, ef hlutaðeigandi póststjórn óskar þess, bæta við á miðann upplýsingum, svo sem dagsetningu, þegar póstflutningurinn er sendur, númeri flutningsins og höfninni, þar sem hann á að skipast í land.

Pokarnir skulu bera nafn sendipósthússins eða sendilands með vel læsilegu latnesku letri, og athugasemdina „Postes" eða aðra tilsvarandi, er greini, að þeir séu póstflutningur.

3. — Þegar póstflutningur er lítill fyrirferðar, eða aðeins auðar skrár, skal hann, nema öðruvísi sé um samið, aðeins vafinn í sterkan pappír til þess að forða innihaldinu frá skemmdum, því næst reyrður utan með seglgarni og lakkaður eða lokaður með blýi.

Ef lokað er með blýi, skal þannig búið um póstflutninginn, að ekki sé hægt að losa seglgarnið. Þegar hann aðeins inniheldur almennar bréfasendingar, má loka honum með límmiðum, með áletruðu nafni sendipósthússins eða sendipóststjórnarinnar.

Utanáskriftir pakkanna skulu, að því er snertir áletranir og liti, vera í samræmi við fyrirmæli þau, sem nefnd eru í 2. lið á undan, um merkimiða á pokum undir bréfasendingar.

4. — Þegar fjöldi eða ummál sendinga krefst, að notað sé meira en einn poki, skal, að svo miklu leyti sem hægt er, nota sérstaka poka:

a) undir bréf og bréfspjöld;
b) undir aðrar sendingar; sérstakir pokar skulu einnig, ef svo ber til, notaðir undir smápakka; merkimiðar þeirra skulu bera áletrað „Petits paquets" (smápakkar).

Pakkinn eða pokinn með ábyrgðarsendingunum í, festur við bréfaskrána á þann hátt, sem mælt er fyrir í 2. lið 54. greinar, er látinn niður í einhvern bréfapokann eða í sérstakan poka; ytri pokinn skal, undir öllum kringumstæðum, hafa ljósrauðan merkimiða. Þegar eru fleiri en einn poki með ábyrgðarsendingum í, mega aukapokarnir, sem aðeins innihalda aðrar sendingar en bréf og bréfspjöld, flytjast í einföldum umbúðum, með ljósrauðum merkimiða.

Pokinn eða pakkinn, sem bréfaskráin er í, er þar að auki merktur með bókstafnum F, sem sé dreginn á ljósrauða merkimiðann þann-

85 ig, að hann sé augsýnilegur. Þannig merktur merkimiði er notaður, jafn-
31. des. vel þótt póstflutningurinn sé auð skrá.

5. — Þyngd hvers poka má ekki fara fram yfir 30 kílógrömm.

57. grein.

Afhending póstflutningsins.

1. — Afhending á póstflutningi milli tveggja viðskiftapósthúsa fer fram eftir ákvæðum þeim, sem hlutaðeigandi póststjórnir setja.

Póststjórnirnar geta orðið ásáttar um, að afhenda í einu lagi poka og pakka, aðra en þá, sem merktir eru með rauðum miðum.

2. — Póstflutningnum ber að skila í góðu ásigkomulagi. Póstflutningi er þó ekki hægt að neita, vegna þess, að hann sé illa til reika.

Jafnskjótt og afhending fer fram, skulu aðeins þeir pokar og pakkar, sem tilgreindir eru með rauðum miðum, teknir til fullkominnar athugunar, bæði að því er snertir lokun þeirra og umbúnað.

3. — Þegar tekið er við póstflutningi í slæmu ásigkomulagi á milli liggjandi pósthúsi, skal hann settur í nýjar umbúðir í því ástandi sem hann er. Pósthúsið, sem býr um hann á ný, skal setja upplýsingarnar af hinum upprunalega merkimiða á nýja merkimiðann og setja á hann dagstimpil sinn og þessa athugasemd framan við: „Remballé à .....“ (búið um á ný á .....).

58. grein.

Athuganir á póstflutningnum.

1. — Þegar milliliggjandi pósthús þarf að búa á ný um póstflutning, athugar það innihald hans, ef ætla má, að það sé ekki óhreyft.

Það býr út leiðréttingarskýrslu, eins og viðfest fyrirmynd C 16, og hagar sér eftir ákvæðum 3. liðs hér á eftir. Leiðréttingarskýrsla þessi er send viðskiftapósthúsi því, sem póstflutningurinn hefir verið móttekinn frá, afrit af henni er sent til upprunapósthússins og annað afrit látið í póstflutninginn, sem búið hefir verið um á ný.

2. — Ákvörðunarpósthúsið athugar, hvort póstflutningurinn sé heill, og hvort það, sem ritað er á bréfaskrána, og, ef svo ber undir, á aukalista ábyrgðarsendinganna, sé nákvæmlega rétt. Vanti póstflutning, eða einn eða fleiri poka úr honum, ábyrgðarsendingar, bréfaskrá, aukalista ábyrgðarsendinga, eða sé eitthvað athugavert við hann yfir höfuð, skal það sannreynt þegar í stað af tveim póstmönnum. Þeir gera nauðsynlegar leiðréttingar á skránum eða listunum, og gæta þess, að strika út það, sem skakkt er tilgreint, en þó svo, að hægt sje að lesa það, sem upprunalega hefir verið skrifað. Leiðréttingarnar gilda frek-

ar en hinar upprunalegu tilgreiningar, nema um bersýnilega villu sé að ræða. 85 31. des.

3. — Það, sem athugavert finnst, er tilkynnt sendipósthúsi póstflutningsins með leiðréttingarskýrslu, og, ef um vöntun er að ræða, síðasta milli liggjandi pósthúsi, með fyrsta pósti, sem hægt er að fá, eftir að fullkomin athugun á póstflutningnum hefir fram farið. Upplýsingarnar á þessari leiðréttingarskýrslu skulu tilgreina, eins nákvæmlega og unnt er, hvaða poka, pakka eða sendingu sé átt við.

Afrit af leiðréttingarskýrslunni skal senda, með sömu skilyrðum og frumritið, til póststjórnarinnar, sem sendipósthús flutningsins heyrir undir, þegar hún krefst þess. Þegar um er að ræða verulegt ólag á flutningnum, svo að ástæða sé til að ætla, að sendingar hafi tapazt, eða þeim verið rænt, skal pokinn eða umslagið og lokunarinnsigli pakkans eða pokans, sem ábyrgðarsendingarnar eru í, fylgja leiðréttingarskýrslunni, sem ætluð er sendipósthúsinu.

Ef ákvörðunarpósthúsið finnur ekki pakkann eða pokann, sem ábyrgðarsendingarnar eru í, og ef það getur með vissu bent á bréfapokann, sem hefði átt að geyma hann, lætur það pokann, fyrirband hans, merkimiða og lokunarinnsigli fylgja umræddri leiðréttingarskýrslu.

Í viðskiftum við þær póststjórnir, sem krefjast afrits, skulu framangreind sönnunargögn fylgja afritinu.

Leiðréttingarskýrslurnar og afrit þeirra skulu send með ábyrgð.

Í tilfellum, eins og getur um í 1. og 2. lið þessarar greinar, má gera sendipósthúsinu og, ef svo ber undir, milliliggjandi pósthúsi aðvart með símskeyti á kostnað þeirrar póststjórnar, sem sendir það.

Tilkynningu símleiðis skal senda í hvert skifti, se mpóstflutningurinn ber með sér ótvírætt merki þess, að rænt hafi verið úr honum, til þess að sendipósthús eða milliliggjandi pósthús geti tafarlaust veitt upplýsingar í málinu, og ef svo ber undir, tilkynnt það fyrr nefndu pósthúsi, líka símleiðis, vegna framhaldsrannsóknar.

4. — Þegar póstflutning vantar, sakir þess að póstarnir hafa ekki náð hver í annan, eða það er nægilega skýrt frá, hvers vegna hann vanti, á afhendingarskránni, er ekki nauðsynlegt að senda leiðréttingarskýrsluna, sem nefnd er í 1. og 3. lið, ef póstflutningurinn kemur til ákvörðunarpósthússins með næsta pósti á eftir.

Fresta má að senda afrit það, sem nefnt er í 3. lið, ef líkur eru til þess, að vöntun í póstflutninginn stafi af seinkun eða skakkri sendingarleið.

Undir eins og póstflutningur, sem búið er að tilkynna sendipósthúsi, eða, ef svo ber undir, milliliggjandi pósthúsi, að hafi vantað, er

85 31. des. fram kominn, skal þessum pósthúsum send önnur leiðréttingarskýrsla um, að búið sé að taka við flutningnum.

5. — Pósthús þau, sem fá skýrslur þær, sem um ræðir í þessari grein, endursenda þær eins fljótt og auðið er, eftir að þau hafa rannsakað þær og sett á þær sínar athugasemdir, ef þörf er á.

Séu skýrslurnar samt ekki endursendar til upprunapósthússins innan tveggja mánaða, að telja frá deginum, sem þær eru sendar, skulu þær taldar, þangað til hið gagnstæða kemur í ljós, tilhlýðilega viðurkenndar af pósthúsunum, sem þær voru sendar til.

Frestur þessi er lengdur upp í fjóra mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd.

6. — Þegar móttökupósthús, sem á að athuga póstflutninginn, hefir ekki sent sendipósthúsinu, og ef svo ber undir, milli liggjandi pósthúsi, með fyrsta pósti eftir athugunina, leiðréttingarskýrslu um villur og afbrigði, sem fyrir kunna að koma, skal telja, að það hafi tekið við póstflutningnum og innihaldi hans, þangað til hið gagnstæða sannast. Sama gildir og um afbrigði þau, sem gleymzt hefir að geta um í leiðréttingarskýrslunni, eða er aðeins getið á ófullnægjandi hátt.

59. grein.

Endursending tómra poka.

1. — Nema öðruvísi sé ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, skulu pokarnir sendir tómir aftur með næsta pósti í flutningi beina leið til sendilands þeirra. Tala hinna endursendu poka í hverjum póstflutningi skal til greind á bréfaskránni í reitnum „Indications de service".

Endursending tómra póstpoka skal framkvæmd af viðskiftapósthúsum þeim, sem ákveðin eru til þess.

Hinir tómu pokar skulu vafðir saman og bundnir í hæfilega stór bundin; tréplöturnar með merkjunum skulu, ef svo ber undir, látnar innan í pokana. Á pakkana skal festur miði, er tilgreini nafn viðskiftapósthússins, sem þeir hafa verið mótteknir frá, í hvert skifti sem þeir eru sendir fyrir milligöngu annars viðskiftapósthúss..

Ef hinir tómu, endursendu pokar eru ekki of margir, má láta þá í poka, sem póstsendingar eru í; annars skulu þeir látnir í sérstaka, innsiglaða poka, er séu merktir með nafni hlutaðeigandi viðskiftapósthúsa. Á miðanum skal standa athugasemdin „Sacs vides".

2. — Með því að styðjast við athugasemdir þær, sem settar eru í reitinn „Indications de service" á bréfaskránni, getur sérhver póststjórn haft í sinni þjónustu eftirlit með endursendingu á pokum þeim, sem henni tilheyra.

Sýni eftirlitið, að 10% af pokafjölda þeim, sem notaður hefir

verið yfir árið undir póstfluning, hafi ekki verið endursendir innan loka sama árs, er sú póststjórn, sem ekki getur sýnt fram á endursendingu tómra poka, skyldug að greiða sendipóststjórninni andvirði hinna týndu poka. Borgun skal einnig fara fram, þó að tala poka, sem vantar, nái ekki 10%, ef hún er yfir 50 stykki. 85 31. des.

Með vissu millibili fastákveður sérhver póststjórn meðalverð í frönkum á pokum þeim, sem notaðir eru af viðskiftapósthúsum hennar, og eins fyrir allar pokategundir, og tilkynnir það hlutaðeigandi póststjórnum um alþjóðaskrifstofuna.

Sjöunði bálkur.

Ákvæði um transít- og geymslugjöld.

I. KAFLI.

Skýrslugerðir um sendingatalningu.

60. grein.

Sendingatalning til útreiknings á transítgjöldum.

1. — Transítgjöldin, sem taka á samkvæmt 73. grein og næstu greinum á eftir í alþjóðapóstsamningnum, eru reiknuð út eftir talningu á sendingum, sem framkvæmd er einu sinni þriðja hvert ár, 14 eða 28 fyrstu dagana af maí og 14 eða 28 fyrstu dagana eftir 14. október, á víxl.

Póstflutningur, sem út búinn er um borð í skipum, er tekinn með á talningarskýrslurnar, sé honum skilað í land á talningartímabilinu.

Sendingatalningin skal fram fara á öðru árinu á hverju þriggja ára tímabili.

Sendingatalningin í maí 1929, svo og tilheyrandi reikningar, út búnir samkvæmt ákvæðum alþjóðapóstsamningsins frá Stokkhólmi, skulu gilda um transítgjöld til ársloka 1931.

Sendingatalningin í október—nóvember 1933, gildir fyrir árin 1932, 1933, 1934, og þannig áfram.

2. — Hinar árlegu transítgreiðslur, sem ber að inna samkvæmt hverju talningartímabili, skulu framkvæmdar áfram haldandi, gegn jafnaðargjaldi, eftir næstu talningu, þangað til reikningar þeir, sem

85 gerðir hafa verið eftir þeirri talningu, eru viðurkenndir eða taldir sam-
31. des. þykktir með fullum rétti (70. grein hér á eftir).

3. — Komi mikil breyting á flutningaleið bréfasendinga frá einu landi til annars, og taki yfir eitt eða fleiri tímabil, er öll séu að minnsta kosti 12 mánuðir, getur hver póststjórn, sem í hlut á, krafizt endurskoðunar á transítreikningunum. Í þessu efni eru upphæðir þær, sem sendipóststjórnirnar eiga að greiða, reiknaðar út eftir þeim milliliggjandi þjónustum, sem hafa verið notaðar í raun og veru, en þyngdin alls, sem lögð er til grundvallar fyrir hinum nýju reikningum, skal vanalega vera sú sama og þyngd á pósti, sem fluttur er á talningartímabilinu, sem getið er um í 1. lið. Náist ekki samkomulag um, hvernig skiftingin skuli fara fram, skal gera sérstaka sendingatalningu til notkunar við skiftingu á þyngdinni milli hinna ýmsu flutningatækja, sem fengin hafa verið. Engin breyting á flutningaleið bréfasendinga til einhvers ákveðins lands telst mikilvæg, ef hún hefir ekki í för með sér meira en 5000 franka breytingu á ári á reikningum milli sendipóststjórnar og milliliggjandi póststjórnar, sem í hlut á. Beiðni um endurskoðun á reikningunum og, ef svo ber undir, um nýja sendingatalningu, má sinna, þegar breytingin á flutningaleið bréfasendinganna, sem um er að ræða, hefir varað 9 mánuði minnst. Útkoma sendingatalningarinnar skal þó ekki tekin til greina, nema breytingin hafi raunverulega varað 12 mánaða tímabil.

Ef það kemur í ljós, eftir að sérstök sendingatalning hefir farið fram, að öll þyngdin samtals, á póstflutningi milli tveggja póststjórna, sem fluttar eru af þriðju póststjórn, hefir aukizt um 100%, eða minnkað um 50%, miðað við útkomu síðasta talningartímabils, og að reikningur þriðju póststjórnar verður af þessum ástæðum fyrir breytingu, sem nemur meir en 5000 frönkum á ári, skal hin nýja, sannreynda þyngd lögð til grundvallar fyrir transítgjöldunum til þessarar póststjórnar.

Sömuleiðis þegar einhver milli liggjandi póststjórn sannreynir á næstu sex mánuðum eftir talningatímabilið, að á póstsendingum, sendum frá annari póststjórn á talningartímabilinu, og á vanalegu póstflutningsmagni, skakki 20% að minnsta kosti, af saman lagðri þyngd alls póstflutnings, þá getur hlutaðeigandi krafizt nýrrar talningar, ef reikningar milli tveggja póststjórna verða fyrir breytingu, sem nemur meir en 5000 frönkum á ári.

61. grein.

Útbúnaður og merking á lokuðum póstflutningi á talningartímabilinu.

1. — Á hverju talningartímabili skulu undir sendingar, sem skifzt er á í lokuðum póstpokum milli tveggja póststjórna yfir svæði

eða með flutningatækjum einnar eða fleiri annara póststjórna, notaðir sérstakir pokar eða pakkar undir „bréf og bréfspjöld“ og undir „aðrar sendingar“. 85 31. des.

2. — Sem undanþágu frá ákvæðunum í 54. og 55. grein hér að framan, hefir sérhver póststjórn leyfi, á talningartímabilinu, til þess að senda ábyrgðarsendingar og hraðboðasendingar, aðrar en bréf og bréfspjöld, í einhverjum þeirra poka, sem ætlaður er undir aðrar sendingar, með því að gera athugasemd um þetta á bréfaskrána; en séu sendingar þessar, samkvæmt 54. og 55. grein, sendar í bréfapoka, skulu þær, hvað þyngdartalningu snertir, taldar sem hluti af bréfapóstinum.

3. — Á talningartímabilinu skal allur póstflutningur, sem skifzt er á í transít, út búinn með sérstökum merkimiða, auk hinna vanalegu, er standi á með stóru letri orðið „Statisque“, og á eftir því 5 kilogrammes, 15 kilogrammes eða 30 kilogrammes, eftir því hver þyngdarflokkurinn er (1. lið 62. greinar hér á eftir).

Þegar um er að ræða poka, sem eru ekki yfir 2 kílógrömm brúttó eða aðeins innihalda tóma poka, sendingar, sem eru undanþegnar öllu transítgjaldi (75. grein aðalpóstsamningsins), eða neikvæða bréfaskrá, skal á eftir orðinu „Statisque“ setja orðið „Exempt“.

4. — Á merkimiðanum „Statisque“ skal að auki standa „L. C.“ eða „A. O.“, eftir því sem við á.

62. grein.

Sannreynd á tölu poka og þyngd lokaðs póstflutnings.

1. — Að því er snertir póstflutning, sem veitir ástæðu til greiðslu fyrir transítkostnað, þá færir viðskiftapósthús sendilandsins á bréfaskrána til pósthúss ákvörðunarlands póstflutningsins tölu póstpokanna, og skiftir þeim niður, ef svo ber undir, í flokka, þannig:

Description du sac	Nombre des sacs dont le poids brut		
	dépasse 2 kg. sans excéder 5 kg. (sacs légers)	dépasse 5 kg. sans excéder 15 kg. (sacs moyens)	dépasse 15 kg. sans excéder 30 kg. (sacs lourds)
1	2	3	4
L. C.			
A. O.			
Exempt du frais de transit	Nombre de sacs:		

85 31. des. Tala poka þeirra, sem undanþegnir eru öllu transítgjaldi, er á að ritast inn, skal vera jöfn samtölu þeirra poka, sem bera merkimiðann „Statistique — Exempt", eftir fyrirmælum 3. liðs 61. greinar næst á undan.

2. — Upplýsingarnar á bréfaskránum eru athugaðar af viðskiftapósthúsi ákvörðunarlandsins. Ef pósthúsið finnur villu í tölum þeim, sem innfærðar eru, leiðréttir það skrána, og gerir viðskiftapósthúsi sendilandsins aðvart þegar í stað, með leiðréttingarskýrslu, eins og við fest fyrirmynd C 24. Að því leyti er snertir þyngd á poka, skulu þó upplýsingar viðskiftapósthúss sendilandsins standa óhaggaðar, nema hin raunverulega þyngd fari meir en 250 grömmum fram úr hámarksþyngd þess flokks, sem pokinn hefir verið inn ritaður í.

63. grein.

Útbúnaður yfirlitsskýrslna C 17 yfir lokaðan póstflutning.

1. — Eins fljótt og auðið er, þegar talningartímabilinu er lokið, búa ákvörðunarpósthúsin út í eins mörgum eintökum og hlutaðeigandi póststjórnir eru margar, þar með talin póststjórn sendistaðarins, yfirlitsskýrslur, eins og viðfest fyrirmynd C 17, og senda svo skýrslur þessar viðskiftapósthúsum sendipóststjórnarinnar til skriflegrar viðurkenningar. Þegar þau svo hafa viðurkennt þær, senda þau þær til aðalpóststjórnar sinnar, til þess að útbýta þeim milli hlutaðeigandi póststjórna.

2. — Ef yfirlitsskýrslurnar C 17 eru ekki komnar til viðskiftapósthúsa sendipóststjórnarinnar eða ekki komnar þangað í nægilega mörgum eintökum eftir 3 mánuði (4 mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd), að telja frá þeim degi, er síðasti póstur á talningartímabilinu er sendur af stað, búa þessi pósthús sjálf til skýrsluna, í nægilega mörgum eintökum, og eftir sínum upplýsingum, og bæta við athugasemdinni „Les relevés C 17 du bureau destinataire ne sont pas parvenus dans le délai réglementaire" (yfirlitsskýrslur C 17 ákvörðunarpósthússins komu ekki á til teknum tíma), og senda þær svo aðalpóststjórn sinni, til þess að útbýta þeim milli hlutaðeigandi póststjórna.

64. grein.

Listi yfir lokaðan póstflutning í transít.

1. — Eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi 3 mánuðum eftir að talningartímabilinu er lokið, nema ef svo vill til, að ekki hefir verið hægt að fá vitneskju um flutningaleiðirnar innan þess tíma, skulu póststjórnir þær, sem sent hafa póstflutning í transít, senda lista yfir

flutning þenna til hinna ýmsu póststjórna, er þær hafa notað sem millilíði. 85 31. des.

Greini listi þessi frá póstflutningi í transít, sem eftir ákvæðum 55. greinar hér á undan gefur ekki ástæðu til skýrslu C 17, skal bæta á hann, til skýringar, athugasemd, svo sem „Poids ne dépasse pas 2 kilogrammes" (þyngdin eigi yfir 2 kg.), „Sacs vides" (tómir pokar), „Correspondances exemptes" (undanþegnar bréfasendingar), „Feuille d'avis négative" (auð skrá).

Lokaður póstflutningur, er kemur frá löndum hinum megin við, og er áfram sendur í transítflutningnum og færður inn á töflu VI á bréfaskránni, skal til greindur á sérstökum stað á listanum.

65. grein.

Lokaður póstflutningur, sem krafizt er við herskip.

Það hvílir á póststjórnum þeirra landa, sem herskip eiga, að búa út yfirlitsskýrslur C 17 viðvíkjandi póstflutningi, er herskip þessi senda eða taka á móti. Póstflutningur, sem sendur er á talningartímabilinu til herskipa, skal bera á merkiseðlunum dagsetninguna, þegar hann er sendur.

Ef þessi póstflutningur er áfram sendur, skal póststjórnin, sem áfram sendir, tilkynna það póststjórn landsins, sem á skipið.

66. grein.

Transítseðill.

Þegar leiðin, sem fara á, og flutningatækin, sem nota ber, fyrir póst, sem sendur er á talningartímabilinu, eru ókunn eða óviss, skal póststjórn sendilandsins eftir kröfu póststjórnar ákvörðunarlandsins út búa fyrir hvern einstakan flutning seðil, grænan að lit, eins og viðfest fyrirmynd, C 25. Ef ástæður virðast fyrir hendi, getur póststjórn sendilandsins einnig sent slíkan seðil, án formlegrar kröfu frá póststjórn ákvörðunarlandsins.

Bréfaskrárnar með póstflutningnum, sem veita ástæðu til þess að útbúa transítseðil, skulu efst bera greinilega áletrun „Bulletin de transit". Sömu áletrun, undirstrikaða með rauðum blýanti, skal setja á hina sérstöku merkimiða „Statistique", sem nefndir eru í 61. grein.

2. — Transítseðillinn skal sendur opinn, með póstflutningi þeim, sem hann á við, til hinna ýmsu póstþjónusta, sem taka þátt í flutningnum. Í hverju landi, sem í hlut á, skulu inngöngu- og útgöngupósthús, en ekkert annað milli liggjandi pósthús í landinu, rita á seðilinn upplýsingar um þá transít, er þau hafa framkvæmt. Síðasta milli liggjandi viðskiftapósthús, á að senda seðilinn C 25 beina leið til ákvörðunarpóst-

85 31. des. hússins. Seðillinn er því næst sendur af póststjórn ákvörðunarlandsins til upprunapósthússins sem fylgiskjal við C 17. — Nú vantar transítseðil, sem beðið hefir verið um að senda eða tilkynnt er fremst á bréfaskránni, að sé sendur, og er þá ákvörðunarpósthúsið skyldugt að gera tafarlaust fyrirspurn um hann.

67. grein.

Talning bréfasendinga í stykkjatali.

1. — Almennar sendingar og ábyrgðarsendingar, sem og bréf og öskjur með til greindu verði, er koma frá sjálfu landinu eða löndum hinumegin við og send eru í stykkjatali á talningartímabilinu, skulu færðar á bréfaskrána af viðskiftapósthúsi sendilandsins, eins og hér segir:

Nombre de correspondances à découvert .....

(Tala bréfasendinga í stykkjatali).

Sendingar, sem eru undanþegnar öllu transítgjaldi, samkvæmt ákvæðum 75. greinar alþjóðapóstsamningsins, skulu ekki tilfærðar í tölum þessum.

Til þess að gera athugunina auðveldari, skal viðskiftapósthúsið, sem sendir, setja vanalegar bréfasendingar, sem innritaðar eru á bréfaskrána, í sérstök bundin með utanáskriftinni: „Correspondances à découvert".

2. — Séu engar sendingar í stykkjatali, skrifar sendipósthúsið efst á bréfaskrána:

„Pas de correspondances à découvert".

3. — Upplýsingarnar á bréfaskránni skulu athugaðar af viðskiftapósthúsi ákvörðunarlandsins. Verði þetta pósthús vart við, fyrir hverja tegund sendinga um sig, að muni meira en 5 sendingum, leiðréttir það upplýsingarnar á bréfaskránni og tilkynnir þegar í stað sendipósthúsinu skekkjuna með leiðréttingarskýrslu. Sé mismunurinn innan þessara takmarka, standa upplýsingar sendipósthússins óbreyttar.

4. — Þegar talningunni er lokið, býr viðskiftapósthús ákvörðunarlandsins út í einu eintaki yfirlitsskýrslur (við fest fyrirmynd C 19), sem það sendir tafarlaust til aðalpóststjórnarinnar, sem það heyrir undir.

68. grein.

Talning á póstflutningi í geymslu.

Við víkjandi póstflutningi, er sakir geymslu í höfn gefur ástæðu til þóknunar til þeirrar póststjórnar, sem geymir, samkvæmt fyrirmælum 74. greinar alþjóðapóstsamningsins, þá skal þessi póststjórn búa út, eftir sendilöndum, daglega yfirlitsskýrslu, eins og við fest fyrirmynd C 21. og séu þær upplýsingar viðvíkjandi póstflutningi, sem tekið er við

til geymslu frá hlutaðeigandi landi á 14 eða 28 daga talningartíma- 85
bilinu, án tillits til dagsetningar, þegar hinn umræddi flutningur hefir 31. des.
verið sendur eða áfram sendur.

Upplýsingarnar á hinum daglegu skýrslum skulu endurteknar fyrir hvert sendiland á skýrslu, eins og við fest fyrirmynd C 22, og skal hún síðan send aðalpóststjórn nefnds lands ásamt tilheyrandi yfirlitsskýrslum, fyrirmynd C 21.

Endurtekningarskýrslan C 22 með á ritaðri viðurkenningu póststjórnarinnar í landinu, sem sendi, skal síðan send ásamt yfirlitsskýrslunum, fyrirmynd C 21, til alþjóðapóststjórnarinnar, sem geymslupósthúsið heyrir undir.

69. grein.

Óvanalegar póstþjónustur.

Auk flutninga loftleiðis eru eingöngu taldar sem óvanalegar póstþjónustur, er veiti ástæðu til sérstakrar transítgreiðslu, hinn svonefndi indverski póstur, sem fluttur er hraðleiðis yfir land, og hin sérstaka bifreiðaþjónusta milli Gyðingalands eða Sýrlands og Irak.

II. KAFLI.

Reikningsfærsla. Reikningsskil.

70. grein.

Reikningur yfir transítgjöldin.

1. — Við samning á reikningum yfir transítgjöldin, eru léttir, miðlungs- og þungir pokar, eins og þeir eru skilgreindir í 62. grein hér á undan, færðir til reiknings með meðaltalsþyngdinni 4, 12 og 24 kílógrömmum með réttri tilvísun.

2. — Þyngdin á lokuðum póstflutningi, talan á sendingum sendum í stykkjatali og, ef svo ber undir, talan á pokum, geymdum í höfn, er allt margfaldað með 26 eða 13, eftir því sem við á, og útkoman, sem þannig fæst, er lögð til grundvallar fyrir sérstökum reikningum, er greina í frönkum hina árlegu upphæð, sem hverri póststjórn ber.

Ef margfaldarinn 26 eða 13 svarar ekki til vanalegs póstviðskiftamagns með einhverri þjónustu, koma hlutaðeigandi póststjórnir sér saman um annan margfaldara, sem gildir fyrir árin, sem talningin á við.

Samningur reikninganna hvílir á þeirri póststjórn, sem á inni, og sendir hún þá til póststjórnarinnar, sem skuldar.

85 31. des. 3. — Vegna þyndarinnar á pokunum og umbúðunum og þyngdar þeirra tegunda sendinga, sem eru undanþegnar öllu transítgjaldi, samkv. 72. grein alþjóðapóstsamningsins, skal aðalupphæðin á reikningunum yfir lokaðan póstflutning lækkuð um 10%.

4. — Hinir sérstöku reikningar skulu búnir til eftir yfirlitsskýrslunum C 17, C 19 og C 21 í 2 eintökum á eyðublöðin C 18, C 20 og C 22. Þeir skulu síðan sendir eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi 12 mánuðum eftir talningartímabilið, til sendipóststjórnarinnar. —

5. — Ef póststjórnin, sem sendi reikninginn, fær engar leiðréttingar-athugasemdir á 4 mánuðum, að telja frá því reikninugrinn er sendur, skal hann talinn réttilega viðurkenndur.

71. grein.

Árlegur aðallokareikningur. Milliganga alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Sé ekki öðruvísi ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, skal alþjóðaskrifstofan búa út árlega aðallokareikning, sem innihaldi bæði transít- og geymslugjöld.

2. — Jafnskjótt og hinir sérstöku reikningar milli tveggja póststjórn hafa verið viðurkenndir eða taldir réttilega viðurkenndir (5. liður næstu greinar á undan), skal hvor póststjórnin um sig tafarlaust senda alþjóðaskrifstofunni yfirlitsskýrslu (við fest fyrirmynd C 23), er greini aðalupphæðina á reikningum hennar. Þegar alþjóðaskrifstofan hefir móttekið þessa yfirlitsskýrslu frá einhverri póststjórn, gerir hún hinni póststjórninni, sem í hlut á, aðvart.

Í reikningsjöfnuninni er sentímum sleppt.

Sé ósamræmi milli tveggja samstæðra skilagreina frá tveimur póststjórnum, skal alþjóðaskrifstofan skora á þær að koma sér saman og tilkynna sér hinar endanlegu upphæðir, er þær verði ásáttar um.

Ef aðeins önnur póststjórnin skyldi senda yfirlitsskýrslu, C 23, þá skulu upplýsingar hennar teknar gildar, nema hin samstæða yfirlitsskýrsla hinnar póststjórnarinnar, sem á eftir er, nái til alþjóðaskrifstofunnar í tæka tíð, fyrir næsta árlega aðal-lokareikning.

Fari um yfirlitsskýrslurnar eins og segir í 5. lið næstu greinar á undan, skal skrifa á þær athugasemdina: „Aucune observation de l'Office débiteur n'est parvenue dans le délai réglementaire". (Engin athugasemd kom frá hinni skuldugu póststjórn innan tiltekins tíma).

Ef tvær póststjórnir koma sér saman um að gera sérstök reikningsskil sín á milli, skal á C 23-skýrslur þeirra skrifa athugasemdina: „Compte régle à part — à titre d'information" (sérstök reikningsskil — til upplýsingar), og eru þær ekki teknar með í hinum árlega aðal-lokareikningi.

3. — Í lok hvers árs býr alþjóðaskrifstofan út eftir yfirlitsskýrslum þeim, sem hafa komið til hennar til þess tíma og álitnar eru réttilega viðurkenndar, árs-aðal-lokareikning yfir transítgjöldin. Ef svo ber undir, fer hún eftir ákvæðinu, sem sett er í 2. lið 60. greinar, um hinar árlegu greiðslur. 85 31. des.

Lokareikningurinn inniheldur:

a) skuld og inneign hverrar póststjórnar um sig;
b) jafnaðarupphæðir þær, sem hver póststjórn skuldar eða á inni;
c) upphæðir þær, sem hinar skuldugu póststjórnir eiga að borga;
d) upphæðir þær, sem póststjórnirnar, er eiga inni, eiga að fá.

Alþjóðaskrifstofan sér um, að tölu útborgana hinna skuldugu póststjórna sé fækkað, eins og frekast er unnt.

4. — Hinir árlegu aðal-lokareikningar skulu sendir póststjórnunum frá alþjóðaskrifstofunni, eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan loka fyrsta ársfjórðungs næsta árs á eftir, að þeir hafa verið gerðir upp.

72. grein.

Borgun á transítgjöldum.

1. — Nema öðruvísi sé ákveðið, skal reikningsjöfnun sú, sem kemur fram í hinum árlega lokareikningi alþjóðaskrifstofunnar eða á hinum sérstöku millireikningum, þar í með talið, ef svo ber undir, jafnaðargjald það, sem nefnt er í 2. lið 60. greinar, greidd af hinni skuldugu póststjórn til þeirrar, sem á inni, í gulli, með tékkum eða víxlum, er borgist við sýningu í höfuðstað eða verzlunarborg landsins, sem á inni.

Sé borgað með tékkum eða víxlum, skulu þeir skrifaðir í mynt landsins, sem á inni, og með upphæð, er á kaupdegi jafngildir upphæð þeirri, sem reikningsjöfnuðurinn hljóðar á, í gullfrönkum. Greiðslukostnaðinn ber póststjórn sú, sem skuldar.

Tékka þessa eða víxla má einnig gefa út á annað land, með því skilyrði, að þeir hafi sama jafngildi, og að hin skulduga póststjórn greiði afföllin.

2. Borgun á ofangreindum reikningsjöfnuði skal framkvæmd, eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan fjögra mánaða frests, að telja frá þeim degi, er lokareikningurinn er sendur frá alþjóðaskrifstofunni, eða beiðni um borgun er send frá póststjórninni, sem á inni, til póststjórnarinnar, sem skuldar, þegar um er að ræða sérstök reikningsskil. Frest þennan má lengja upp í 5 mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd.

Þegar þessir frestir eru liðnir, skal af upphæðum þeim, sem skuldast, reikna 7% ársvexti, að telja frá þeim degi, er ofangreindir frestir renna út.

85
31. des.

Áttundi bálkur.

Ýms ákvæði.

EINASTI KAFLI.

73. grein.

Svarmerki.

1. — Svarmerkin eru að gerð eins og við fest fyrirmynd C 26 sýnir, og prentuð að tilhlutun alþjóðaskrifstofunnar á pappír með stöfunum U. P. U., stóru letri, í vatnsmerki.

2. — Sérhver póststjórn hefir leyfi til:

a) að setja greinilega gengumstungu (perforation) á svarmerki, sem ekki skaðar lesmálið, né er þannig, að hún valdi örðugleikum við athugun þessara verðmiða;

b) að breyta, annaðhvort með hendinni eða með prentun, söluverði því, sem stendur á merkjunum.

3. — Alþjóðaskrifstofan útvegar merkin með innkaupsverði.

4. — Sé ekki öðruvísi ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, skulu svarmerki þau, sem skift hefir verið á, send á ársfresti til póststjórnanna, sem hafa gefið þau út, með upplýsingum um tölur þeirra og verðgildi.

5. — Jafnskjótt og tvær póststjórnir eru orðnar á eitt sáttar um töluna á svarmerkjum þeim, sem skifzt hefir verið á þeirra á milli, skal hver póststjórnanna um sig búa til yfirlitsskýrslu (viðfest fyrirmynd C 27), er segi til um inneign eða skuldarupphæð, og senda þær svo alþjóðaskrifstofunni. Komi póststjórnirnar sér ekki saman innan sex mánaða, býr sú póststjórnin, sem inni á, út lokareikning sinn, og sendir hann alþjóðaskrifstofunni. Við útbúning þessara yfirlitsskýrslna skal verð hvers svarmerkis reiknað 37½ sentími. Alþjóðaskrifstofan tekur svo reikningsupphæðina inn á árs-lokareikning.

Ef aðeins önnur póststjórnanna sendir yfirlitsskýrslu (fyrirmynd C 27), skulu upplýsingar hennar teknar trúanlegar.

6. — Þegar ársupphæðin í viðskiftum milli tveggja póststjórna fer ekki fram úr 25 frönkum, er sú póststjórnin, sem skuldar, laus við alla borgun í þessu efni, og yfirlitsskýrsla er ekki gerð.

7. — Hafi tvær póststjórnir orðið ásáttar um að gera reikningsskil sín á milli, senda þær enga yfirlitsskýrslu til alþjóðaskrifstofunnar.

8. — Greiðsla á reikningsjöfnuðum fer fram samkvæmt skilyrðum, sem nefnd eru í 72. grein.

74. grein. 85
31. des.

Skilríkisspjöld.

1. — Póststjórnirnar ákveða, hvaða pósthús eða póststaðir skuli afhenda skilríkisspjöld.

2. — Skilríkisspjöldin skulu gefin út á eyðublöðum, eins og viðfest fyrirmynd C 28. Eyðublöð þessi eru látin í té af alþjóðaskrifstofunni með innkaupsverði.

3. — Þegar beðið er um skilríkisspjald, skal umsækjandi láta fylgja mynd af sér og sanna, að hann sé sá, er hann segist vera. Póststjórnirnar setja reglur þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að skilríkisspjöld séu ekki afhent, fyrr en eftir að búið er að rannsaka nákvæmlega, að umsækjandinn sé sá, sem hann segist vera.

Póstmaðurinn færir beiðnina inn á skrá, útfyllir skilríkisspjaldið með bleki og latneskri skrift, eins og eyðublaðið segir fyrir, límir ljósmyndina á það á sinn tiltekna stað, límir frímerki fyrir gjaldinu, hálft á myndina og hálft á spjaldið, og ónýtir svo frímerkið með dagstimplinum, þannig, að stimpillinn sé ekki mjög greinilegur.

Þessu næst stimplar hann spjaldið á ný með dagstimplinum eða embættisinnsigli sínu, þannig, að það nái bæði yfir myndina ofantil og spjaldið, setur síðan sama stimpil á framhlið spjaldsins, og afhendir það hlutaðeiganda, eftir að hann hefir fengið undirskrift hans.

4. — Þegar útlit eiganda hefir breytzt svo, að það svari eigi lengur til ljósmyndarinnar eða lýsingarinnar á honum, skal endurnýja spjaldið.

5. — Sérhvert land hefir rétt til þess að afhenda skilríkisspjald við alþjóðapóstþjónustu, samkvæmt reglum þeim, sem hún notar í innanlands-þjónustu sinni.

75. grein.

Skifti á póstflutningi við herskip.

1. — Skifti á lokuðum póstpokum milli einnar póststjórnar í sambandinu og flotadeilda eða herskipa af sama þjóðerni, eða milli einnar flotadeildar eða herskips og annarar flotadeildar eða herskips af sama þjóðerni, skulu tilkynnt milliliggjandi póststjórnum fyrirfram, eins fljótt og auðið er.

2. — Utanáskrift þessara póstpoka skal vera þannig:

Du bureau de .....

Pour { la division navale (þjóðerni) ..... de (nafn flotadeildarinnar) ..... à ..... / le bâtiment (þjóðerni) ..... le (nafn skipsins) ..... à ..... } (Landið)

85 eða:

31. des. De la division navale ..... (þjóðerni) .....
de (nafn flotadeildarinnar) ..... à .....
Du bâtiment ..... (þjóðerni) ..... le ..... (Landið)
(nafn skipsins) ..... à .....
Pour le bureau de .....

eða:

De la division navale ..... (þjóðerni) .....
de (nafn flotadeildarinnar) ..... à .....
Du bâtiment ..... (þjóðerni) ..... le ..... (Landið)
(nafn skipsins) ..... à .....

Pour la division navale (þjóðerni) ..... de (nafn flotadeildarinnar) ..... à ..... le bâtiment (þjóðerni) ..... le (nafn skipsins) ..... à ..... (Landið)

3. — Póstpokar til eða frá flotadeildum eða herskipum, skulu fluttir, þegar engin sérstök leið er til greind á utanáskriftinni, fljótustu leið og með sömu skilyrðum og póstflutningur, sem skifzt er á milli pósthúsa.

Skipstjóri póstskips, sem flytur póstsendingar til flotadeildar eða herskipa, geymir þær til afhendingar yfirmanni flotadeildarinnar eða herskipsins, sem þær eiga að fara til, ef hann kynni að biðja um þær á leiðinni.

4. — Ef skipin eru ekki á ákvörðunarstað, þegar póstflutningur til þeirra kemur þangað, skal flutningurinn geymdur á pósthúsinu, þangað til hann verður sóttur af viðtakanda eða áfram sendur. Áfram sendingar getur annaðhvort sendipóststjórnin krafizt eða yfirmaður flotadeildarinnar eða herskipsins, sem pósturinn á að fara til, eða þá ræðismaður sömu þjóðar.

5. — Þær af póstsendingum þeim, sem hér um ræðir, er bera athugasemdina „Aux soins du Consul de .....“, skulu afhentar ræðismanni sendilandsins. Eftir beiðni ræðismannsins má svo taka þær til póstflutnings á ný og áframsenda til hins upprunalega staðar eða á annan ákvörðunarstað.

6. — Póstflutningur til herskips skal talinn að vera í transít, þangað til hann er afhentur yfirmanni herskipsins, jafnvel þótt upprunalega hafi verið skrifað utan á hann til pósthúss eða ræðismanns, sem millilíðs; skal flutningurinn þar af leiðandi ekki talinn kominn á ákvörðunarstað, á meðan hann hefir ekki verið afhentur hlutaðeigandi herskipi.

76. grein.

Frankóseðlar. Reikningsskil á tollgjöldum o. s. frv.

1. — Reikningsskil á tollgjöldum o. s. frv., sem lögð hafa verið út af einni póststjórn fyrir reikning annarar, fara fram með sérstökum mánaðarreikningum, eins og við fest fyrirmynd C 4, og eru þeir út búnir af hinni skuldugu póststjórn í mynt landsins, sem á inni. Frankóseðlarnir eru ritaðir á reikninginn eftir stafrófsröð pósthúsanna, sem hafa lagt út fyrir kostnaðinum og í þeirri töluröð, sem greind pósthús hafa merkt þá.

Ef tvær hlutaðeigandi póststjórnir hafa einnig póstbögglaþjónustu í viðskiftum sínum gagnkvæmt, geta þær, nema hið gagnstæða sé tilkynnt, tekið frankóseðla tilheyrandi bréfapósti inn í reikninga yfir frankóseðla tilheyrandi bögglaþjónustunni.

2. — Hinn sérstaki reikningur, ásamt frankóseðlunum, er sendur póststjórninni, sem á inni, í síðasta lagi fyrir lok næsta mánaðar á eftir þeim, sem hann á við. Neikvæðir reikningar eru ekki búnir til.

3. — Endurskoðun á reikningunum fer fram eftir reglum þeim, sem settar eru í starfsreglugjörð póstávísanasamningsins.

4. — Afreikningarnir veita ástæðu til sérstakrar greiðslu. Þó getur hver póststjórn krafizt þess, að reikningum þessum sé bætt við á póstávísanareikninga eða á reikningana C P 14 eða C P 15 tilheyrandi póstbögglunum.

77. grein.

Eyðublöð til afnota fyrir almenning.

Að því er snertir ákvæði 2. liðs 30. greinar alþjóðapóstsamningsins, skulu þessi eyðublöð talin til afnota fyrir almenning:

C 1 (Tollmiði); C 2 (Tollskrár); C 6 (Móttökukvittun); C 8 (Alþjóðapóstkröfuávísun); C 10 (Áframsendingarumslög); C 11 (Beiðni um afturköllun sendingar eða breytingu á utanáskrift); C 12 (Upplýsingar út af fyrirspurn um almenna sendingu); C 13 (Fyrirspurn um ábyrgðarsendingu).

78. grein.

Geymslufrestur skjala.

Skjöl þau, er snerta alþjóðastarfið, skulu geymd um tveggja ára tíma minnst.

79. grein.

Símnefni.

Í tilkynningum þeim, sem póststjórnirnar senda hver annari símleiðis, nota þær símnefnið „Postgen“ og bæta við nafni þeirrar borgar, þar sem alþjóðapóststjórnin hefir aðsetur sitt.

85
31. des.

Níundi bálkur.

Alþjóðaskrifstofan.

EINASTI KAFLI.

80. grein.

Póstþing og póstfundir.

Alþjóðaskrifstofan undirbýr störf póstþinga og póstfunda. Hún sér um prentun og útbýtingu á hinum nauðsynlegu skjölum.

Forstjóri skrifstofunnar er viðstaddur á fundum póstþinganna og póstfundanna og tekur þátt í umræðum, án þess að hafa atkvæðisrétt.

81. grein.

Upplýsingar. Óskir um breytingar á samningunum.

Alþjóðaskrifstofan skal ætíð vera reiðubúin til þess að láta meðlimum sambandsins í té allar þær upplýsingar, er þeir kynnu að þurfa viðvíkjandi atriðum, er snerta alþjóðapóststarfið.

Hún leggur fyrir allar óskir, sem fram koma um breytingar eða skilning á ákvæðum þeim, sem gilda fyrir póstsambandið, og tilkynnir úrslitin, þegar álits er leitað.

82. grein.

Útgáfur.

1. — Alþjóðaskrifstofan gefur út, eftir skýrslum þeim, sem henni eru látnar í té, sérstakt blað á þýzku, ensku, spönsku og frönsku.

2. — Hún birtir, eftir upplýsingum þeim, sem gefnar eru samkvæmt fyrirmælum 90. greinar hér á eftir, opinbert safn af öllum þeim upplýsingum, er almenning varða, og snerta framkvæmd á alþjóðapóstsamningnum og þessari reglugjörð, í sérhverju sambandslandanna. Á orðnar breytingar seinna eru tilkynntar með sérstöku umburðarbréfi.

Tilsvarandi söfn, er snerta framkvæmdir á hinum sérstöku samningum sambandsins, getur alþjóðaskrifstofan birt, þegar póststjórnir þær, sem taka þátt í þessum samningum, fara fram á það.

3. — Öll skjöl, sem alþjóðaskrifstofan gefur út, skulu send póststjórnum sambandsins í eins mörgum eintökum og útgjaldaeiningarnar eru, sem ákveðnar eru fyrir hverja póststjórn í 24. grein alþjóðapóstsamningsins.

Öll eintök og skjöl, sem póststjórnirnar kynnu að biðja um, fram yfir þessa tölu, skulu þær borga sérstaklega með innkaupsverði. 85 31. des.

4. — Alþjóðaskrifstofan er skyld að gefa út nafnabók yfir öll pósthús heimsins, raðað í starfrófsröð, og með sérstakri athugasemd við þau pósthús, er hafa á hendi póststörf, sem eru ekki enn þá sameiginleg fyrir öll pósthús. Þessari nafnabók skal haldið við sem nothæfri með viðbótarheftum eða á annan hátt, sem skrifstofan álítur heppilegan.

Nafnabók þessi er send póststjórnum sambandsins í 10 eintökum fyrir hverja útgjaldaeiningu, sem ákveðin er fyrir þær með 24. grein alþjóðapóstsamningsins.

Öll eintök fram yfir, sem póststjórnirnar kunna að biðja um, skulu þær borga sérstaklega með innkaupsverði.

83. grein.

Árleg skýrsla.

Alþjóðaskrifstofan gefur út árlega skýrslu um starfsemi sína, og er hún send öllum sambandslöndunum.

84. grein.

Mál alþjóðaskrifstofunnar.

Hið opinbera mál alþjóðaskrifstofunnar er franska.

85. grein.

Svarmerki. Skilríkisspjöld. Jafngildistafla.

Alþjóðaskrifstofan hefir með höndum tilbúning og útvegun á svarmerkjum og skilríkisspjöldum, svo og tilbúning og útbýtingu á jafngildistöflunni, sem nefnd er í 5. grein hér að framan.

86. grein.

Reiknings- og greiðslujöfnuður reikninga.

1. — Skrifstofa alþjóðapóstsambandsins er skyld að sjá um reiknings- og greiðslujöfnuð á hverskonar reikningum, sem snerta alþjóðapóststarfið milli póststjórna sambandsins, sem ætla að nota aðstoð hennar. Þær koma sér í þessu efni saman sín á milli og við skrifstofuna.

2. — Eftir beiðni hlutaðeigandi póststjórna má einnig láta alþjóðaskrifstofunni í té síma-lokareikninga, til þess að takast upp í greiðslujöfnuðinn.

3. — Sérhver póststjórn hefir rétt til, eftir því sem henni sýnist, að gera upp sérstaka reikninga fyrir einstakar greinar póststarfsins og

85 31. des. gera út um þá, eins og hún vill, við hlutaðeigandi póststjórn, án þess að nota hjálp aðalskrifstofunnar, og skal hún þá aðeins tilkynna skrifstofunni, við hvaða greinar póststarfsins og við hvaða lönd hún óskar aðstoðar hennar.

4. — Þær póststjórnir, sem nota aðstoð alþjóðaskrifstofunnar við reiknings- og greiðslujöfnuð lokareikninganna, geta hætt að nota þessa aðstoð 3 mánuðum eftir að þær hafa sent tilkynningu um það.

87. grein.

Reikningsgerð.

1. — Þegar búið er að endurskoða og viðurkenna hina sérstöku reikninga eftir samkomulagi, skulu hinar skuldugu póststjórnir senda póststjórnunum, sem eiga inni, fyrir hverja sérstaka tegund viðskifta, viðurkenning fyrir upphæð reikningsjafnaðarins milli hinna tveggja sérstöku reikninga, í frönkum og sentímum, með upplýsingum um, fyrir hvað inneignin sé og við hvaða tímabil hún eigi.

Sé eigi öðruvísi ákveðið, skal sú póststjórn, sem sakir reikningsfærslu sinnar innanlands, kynni að óska eftir að fá aðalreikninga, sjálf búa þá til og leggja þá síðan fyrir hinn aðiljann til viðurkenningar.

Póststjórnirnar geta komið sér saman um að innleiða annað fyrirkomulag í viðskiftum sínum.

2. — Sérhver póststjórn sendir alþjóðaskrifstofunni mánaðarlega eða ársfjórðungslega, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, skýrslu um inneign sína samkvæmt hinum sérstöku reikningum, svo og summu þeirra upphæða, sem hún á inni hjá sérhverri póststjórn í sambandinu; sérhver innieign, sem stendur í þessari skýrslu, skal vera samþykkt með viðurkenningu frá hinni skuldugu póststjórn.

Þessi skýrsla skal vera komin alþjóðaskrifstofunni í hendur í síðasta lagi þann 19. hvers mánaðar, eða í fyrsta mánuði hvers ársfjórðungs; að öðrum kosti verður hún ekki tekin, fyrr en í greiðslujöfnuð næsta mánaðar eða ársfjórðungs á eftir.

3. — Alþjóðaskrifstofan ber síðan viðurkenningarnar saman og rannsakar, hvort skýrslurnar séu nákvæmlega réttar. Allar nauðsynlegar leiðréttingar skulu tilkynntar hlutaðeigandi póststjórnum.

Skuld sérhverrar póststjórnar til annarar er síðan færð í yfirlitsreikning; til þess að fastákveða aðalupphæðina, sem sérhver póststjórn skuldar, er nóg að leggja saman hina ýmsu dálka í þessum yfirlitsreikningi.

88. grein.

Aðaljafnaðarreikningur.

1. — Alþjóðaskrifstofan safnar skýrslunum og yfirlitsreikningunum saman í aðaljafnaðarreikning, sem sýni:

a) aðalupphæð skuldar og inneignar hjá hverri póststjórn; 85
b) skuldar- og inneignarjöfnun sérhverrar póststjórnar, er sýni mis- 31. des.
muninn milli skuldarinnar og innieignarinnar;
c) upphæðir þær, sem einn hluti meðlima póstsambandsins á að greiða einni póststjórn, eða gagnkvæmt þær upphæðir, sem þessi póststjórn á að greiða.

Að svo miklu leyti sem auðið er, skal hún sjá um það, að hver póststjórn þurfi ekki að framkvæmt meira en eina eða tvær útborganir, til þess að losna við skuldir sínar.

Þó á sú póststjórn, er að jafnaði á yfir 50.000 franka til góða hjá annari póststjórn, rétt á að heimta fyrirfram borganir (à conto-borganir).

Þessar fyrirfram borganir skulu, bæði af hinni skuldugu póststjórn og þeirri, sem á til góða, ritaðar neðst á skýrsluna, sem send er til alþjóðaskrifstofunnar.

2. — Viðurkenningum þeim, sem sendar eru til alþjóðaskrifstofunnar með skýrslunum, skal raðað eftir póststjórnum.

Þær skulu lagðar til grundvallar fyrir reikningsuppgerð hverrar hlutaðeigandi póststjórnar um sig. Þessar reikningsuppgerðir skulu sýna:

a) upphæðir sérreikninganna yfir hin ýmsu viðskifti;
b) aðalupphæð allra sérreikninga samanlagðra fyrir hverja hlutaðeigandi póststjórn um sig;
c) aðalupphæðir þeirra upphæða, sem skuldast öllum póststjórnunum, sem inni eiga, fyrir hverja grein póststarfsins um sig, svo og höfuðupphæð þessara aðalupphæða.

Þessi höfuðupphæð er jöfn aðalupphæð skuldarinnar á yfirlitsreikningnum. Neðst á reikningsuppgerðinni er gerður upp mismunurinn á milli skuldar og inneignar, sem sýndar eru á skýrslunum, er póststjórnirnar senda alþjóðaskrifstofunni. Nettóupphæð skuldar og inneignar skal vera jöfn skuldar- eða inneignarjöfnun, sem færð er í aðaljafnaðarreikningi. Ennfremur skýrir reikningsuppgerðin frá, hverjum hinar skuldugu póststjórnir eigi að borga.

Þessar reikningsuppgerðir skal alþjóðaskrifstofan hafa sent hlutaðeigandi póststjórnum í síðasta lagi þann 22. dag í hverjum mánuði.

89. grein.

Greiðsla.

Greiðsla á upphæðum þeim, sem ein póststjórn er annari skuldug, samkvæmt reikningsuppgerð, skal fara fram eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi hálfum mánuði eftir að reikningsuppgerðin er komin í hendur þeirri póststjórn, sem á að borga. Að því er aðra borgunarskilmála

8 snertir, skulu ákvæðin í 1. lið 72. greinar hér á undan gilda um þá. Á-
31. des. kvæðunum í 2. lið sömu greinar má beita, ef þörf krefur, þegar reikningsjöfnunin hefir ekki verið greidd innan hins tiltekna tíma.

Skuldar- eða inneignarjöfnun, sem fer ekki fram úr 500 frönkum, má færa til reikningsjafnaðar í næsta mánuði á eftir, en þó því aðeins, að hlutaðeigandi póststjórnir hafi samband við alþjóðaskrifstofuna á hverjum mánuði. Athugasemd um þessa yfirfærslu er gerð á yfirlitsreikningana og reikningsuppgerðirnar handa hinum skuldugu póststjórnum og þeim, sem eiga inni. Hin skulduga póststjórn sendir þeirri póststjórn, sem inni á, viðurkenningu á upphæðinni, sem hún skuldar, til yfirfærslu í næstu skýrslum.

90. grein.

Upplýsingar til alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Póststjórnirnar skulu sérstaklega til kynna hver annari um alþjóðaskrifstofuna:

a) upplýsingar um aukaburðargjöld þau, sem þær kunna að taka samkvæmt 36. og 76. grein alþjóðapóstsamningsins, fyrir sérstaka flutninga, svo og lista yfir nöfn þeirra landa, sem aukaburðargjaldið er tekið í viðskiftum við, og, ef svo ber undir, tilgreina póstþjónustur þær, er valda því, að aukaburðargjöldin eru tekin;

b) þrjú stykki af öllum póstfrímerkjum sínum og stimpilmerkjum frímerkingarvéla sinna, ásamt upplýsingum, ef þörf krefur, um frá hvaða degi eldri frímerkjaútgáfur hætti að vera í umferð;

c) ákvörðun sína viðvíkjandi leyfi því, sem póststjórnunum er veitt til þess að beita eða beita ekki vissum almennum ákvæðum í alþjóðapóstsamningnum og reglugjörðinni;

d) burðargjaldslækkanir þær, sem þær hafa samþykkt samkvæmt 5. grein alþjóðapóstsamningsins, svo og tilkynningu um, í hvaða viðskiftum þetta lækkaða burðargjald er notað;

e) allar nauðsynlegar upplýsingar um tollákvæði eða önnur ákvæði, svo og upplýsingar um bönn og hamlanir á innflutningi eða transít póstsendinga í póstþjónustu hverrar um sig;

f) skrá yfir lengd landleiða, í kílómetrum, sem transít póstflutningur fer eftir;

g) lista yfir útgerðarfélög póstskipa, sem sigla úr höfnum þeirra og eru notuð undir póstflutning, ásamt upplýsingum um siglingaleiðir, fjarlægðir og tímalengd siglinga milli útskipunarhafnar og viðkomuhafnanna hverrar um sig í áframhaldandi röð; hversu ferðirnar eru tíðar og hvaða löndum eigi að greiða sjótransít, ef póstskipin eru notuð;

h) upplýsingar um, hvort þær leyfi eða leyfi ekki tollskylda hluti í sendingum, sem frímerktar eru eftir bréfataxta; 85 31. des.

i) innan lands burðargjaldstaxta sína.

2. — Sérhver breyting, sem seinna kann að vera gerð á einhverju ofangreindra atriða, skal tilkynnt tafarlaust.

3. — Póststjórnirnar skulu senda alþjóðaskrifstofunni 2 eintök af skjölum þeim, sem þær gefa út og snerta póststarfið, jafnt innan lands sem utan.

91. grein.

Almenn statistík.

1. — Alþjóðaskrifstofan býr til almenna statistík fyrir hvert ár. Til þess senda póststjórnirnar henni eins fullkomið safn og hægt er af statistískum upplýsingum í skýrsluformi, er skal útfylla eins og viðfestar fyrirmyndir C 29 og C 30 sýna. Skýrsluna C 29 skal senda í lok júlímánaðar hvert ár, en upplýsingar þær, sem getur um í I., II. og IV. kafla skýrslunnar, skal aðeins gefa þriðja hvert ár. Skýrslan C 30 skal sömuleiðis send þriðja hvert ár á sama tíma. Upplýsingar þær, sem gefnar eru, eiga ætíð við árið á undan.

2. — Þær greinar póststarfsins, sem gefa tilefni til sérstakrar innfærslu í bækur, skulu teknar á tímabundnar (periodiskar) skýrslur eftir því, sem bækurnar sýna.

3. — Viðvíkjandi öðrum greinum póststarfsins, þá skal árlega framkvæmd heildartalning á allskonar sendingum, án þess að greina milli bréfa, spjaldbréfa, verzlunarskjala, prents, sýnishorna af vöru og smápakka, og, þriðja hvert ár að minnsta kosti, sundurliðun á hinum ýmsu tegundum sendinga.

Hver póststjórn um sig ákveður sjálf, hvenær og hversu lengi þessar talningar fari fram.

4. — Á tímabilinu milli hinna sérstöku talninga, skal framkvæma sundurliðunina á hinum ýmsu tegundum sendinga eftir hlutfallstölum, frá hinni sérstöku talningu á undan.

5. — Alþjóðaskrifstofan lætur prenta og útbýtir eyðublöðum þeim, sem sérhver póststjórn á að útfylla. Hún veitir þeim póststjórnum, sem kynnu að æskja þess, allar nauðsynlegar upplýsingar viðvíkjandi reglum þeim, sem fylgja ber, til þess að talningin verði eins samræmd og unnt er.

92. grein.

Útgjöld alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Hin vanalegu útgjöld við alþjóðaskrifstofuna mega ekki fara fram úr 350.000 svissneskum frönkum á ári.

85 31. des.

2. — Hin svissneska póststjórn hefir eftirlit með útgjöldum alþjóðaskrifstofunnar, lætur henni í té nauðsynlegar fyrirframgreiðslur og býr út hinn árlega reikning, sem síðan er sendur hinum póststjórnunum.

3. — Fyrirframgreiðslur þær, sem Hin svissneska póststjórn lætur í té samkvæmt 2. lið þessarar greinar, skulu endurgreiddar af hinum skuldugu póststjórnum þannig, að sem allra stytzt sé umliðið, og í síðasta lagi fyrir 31. desember þess árs, sem reikningurinn er sendur. Þegar þessi frestur er liðinn, falla vextir til nefndrar póststjórnar á upphæðirnar, sem skuldast, 7% á ári, að telja frá þeim degi, er fresturinn rennur út.

4. — Lönd sambandsins eru flokkuð þannig niður, að því er snertir niðurjöfnun útgjaldanna:

1. flokkur: Suður-Afríku-sambandið, Þýzkaland, Bandaríki Ameríku, Lýðveldið Argentína, Ástralska samveldið (Commonwealth of Australia), Canada, Kína, Frakkland, Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretland og Norður-Írland, Brezka Indland, Fríríkið Írland, Ítalía, Japan, Nýja-Sjáland, Tyrkland, Samband hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja.

2. flokkur: Spánn, Mexíkó.

3. flokkur: Allar eyjaeignir Bandaríkja Ameríku aðrar en Filippseyjar, Belgía, Brasilía, Egyptaland, Algier, Franskar nýlendur og vernduð lönd í Indókína, Allar aðrar franskar nýlendur, Grikkland, Holland, Hollenzka Indland, Pólland, Rúmenía, Svíþjóð, Sviss, Tékkóslóvakía, Konungsríkið Jugoslavía.

4. flokkur: Austurríki, Danmörk, Finnland, Ungverjaland, Chosen, Noregur, Portúgal, Portúgalskar nýlendur í Afríku, Portúgalskar nýlendur í Asíu og í Eyjaálfu.

5. flokkur: Búlgaría, Chili, Lýðveldið Colombia, Estland, Lettland, Marokkó (ekki spánski hlutinn), Marokkó (spánski hlutinn), Perú, Persía, Tunis.

6. flokkur: Afghanistan, Albania, Bolivia, Lýðveldið Costa-Rica, Lýðveldið Cuba, Fríborgin Danzig, Dominikanska lýðveldið, Equator, Ethiopia, Guatemala, Lýðveldið Haïti, Lýðveldið Honduras, Lithauen, Luxemburg, Nicaragua, Lýðveldið Panama, Paraguay, Hollenzkar nýlendur í Ameríku, Lýðveldið Salvador, Saar-héraðið, Síam, Uruguay, Bandaríki Venezuela.

7. flokkur: Filippseyjar, Belgiska Congo, Allar spánskar nýlendur, Konungsríkið Hedjaz og Nedjde og eignir, Irak, Ísland, Allar ítalskar nýlendur, Allar japanskar eignir aðrar en Chosen, Lýðveldið Libería, Lýðveldið San Marino, Páfaríkið, Ymen.

Niðurlagsatriði. 85 31. des.

93. grein.

Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda, og hversu lengi hún gildir.

Reglugjörð þessi kemur til framkvæmda sama dag og alþjóðapóstsamningurinn gengur í gildi. Hún skal og gilda jafnlengi og sá alþjóðapóstsamningur, nema hún verði endurnýjuð að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðilja.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

85
31. des.

Loka-ákvæði starfsreglugjörðarinnar.

Í því að undirritaðir fulltrúar ætluðu að fara að rita undir starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins, sem samþykkt var á póstþinginu í Lundúnum, komu þeir sér saman um það, sem hér segir:

I.

Greiðsla á reikningsjöfnunum transítreikninga.

1. — Þegar reikningsjöfnun sú, sem ræðir um í 72. grein, er greidd með tékkum eða með víxlum, skulu tékkar þessir eða víxlar ritaðir í mynt lands, þar sem aðalseðlabankinn, eða önnur opinber seðlaútgáfustofnun, kaupir og selur gull eða gullgildar ávísanir gegn ríkismynt, eftir gengi, sem ákveðið er með lögum, eða samkvæmt samningi við ríkisstjórnina.

Sé um mörg lönd að ræða, þar sem myntin uppfyllir þessi skilyrði, á inneignarlandið að tilgreina þá mynt, sem því hentar. Myntbreytingin er gerð eftir gullpeninga gengi.

2. — Tékkana eða víxlana má einnig skrifa í mynt inneignarlandsins, ef bæði löndin hafa orðið ásátt í því efni. Þá er reikningsjöfnuninni breytt eftir gullpeninga gengi í mynt lands, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem nefnd eru í liðnum á undan. Því, sem þá fæst út, er síðan breytt í mynt landsins, sem skuldar, og þeirri útkomu í mynt inneignarlandsins, eftir kauphallargengi höfuðborgar eða einhverrar verzlunarborgar landsins, sem skuldar, þann dag, sem beðið er um kaup á tékknum eða víxlinum.

II.

Útbúnaður á póstflutningnum.

Póststjórn Bandaríkja Ameríku hefir heimild til þess, að láta bréfaskrána niður í pok með almennum bréfum, að því tilskildu, að merkið F sé greinilega letrað á merkimiða pokans.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar sett þessi lokaákvæði, sem skulu hafa sama kraft og gildi, eins og þótt þau hefðu verið sett í sjálfan texta reglugjörðarinnar, sem þau eiga við, og hafa þeir undirritað eitt eintak, sem skal geymt í skjalasafni stjórnar Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og skal hver aðili fá afrit af því.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

Samþykktir

85
31. des.

um flutning á bréfapósti loftleiðis.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein. Bréfasendingar leyfðar til flutnings loftleiðis.
2. — Transítheimild.
3. — Burðargjöld og almenn skilyrði fyrir viðtöku flugpóstsendinga.
4. — Ófrímerktar eða vanfrímerktar flugpóstsendingar.
5. — Útburður flugpóstsendinga.
6. — Áframsending og endursending flugpóstsendinga.

II. KAFLI.

Sendingar með ábyrgð eða tilgreindu verði.

I. Sendingar með ábyrgð.

7. grein. Ábyrgðarsendingar.
8. — Ábyrgð.

II. Sendingar með til greindu verði.

9. grein. Sendingar með til greindu verði.

III. KAFLI.

Réttur til flugpóstgjaldanna. Flutningsgjöld.

10. grein. Réttur til flugpóstgjaldanna.
11. — Loftflutningsgjöld fyrir lokaðan póstflutning.
12. — Flutningsgjöld fyrir flugpóstsendingar í stykkjatali.
13. — Útreikningur á fjarlægðum milli tveggja landa, sem hafa samband með mörgum loftlínum.

85
31. des.

IV. KAFLI.

Alþjóðaskrifstofa.

14. grein. Upplýsingar til alþjóðaskrifstofunnar.

V. KAFLI.

Reikningsskil.

15. grein. Aðalreikningstalning.
16. — Útbúnaður á almennum pósti eða flugpósti á tímabilinu, sem talning fer fram vegna loftflutningsgjalda.
17. — Sannreynd á þyngd flugpóstsendinga.
18. — Listi yfir lokaðan flugpóstflutning.
19. — Útbúnaður yfirlitsskýrslna AV 3 og AV 4 yfir flugpóstflutning.
20. — Reikningur yfir loftflutningsgjöldin.
21. — Aðallokareikningur.

VI. KAFLI.

Ýms ákvæði.

22. grein. Merking flugpóstsendinga.
23. — Áfram sending loftleiðis aðeins yfir nokkurn hluta svæðisins.
24. — Sendiaðferð við flugpóstsendingar í almennum póstflutningi.
25. — Athugasemdir á bréfa- og verðbréfaskrár og á merkimiða póstflutnings, sem flugpóstsendingar eru í.
26. — Áfram sending flugpóstsendinga.
27. — Tollmeðferð tollskyldra bréfasendinga.
28. — Breyting á ákvæðum alþjóðapóstsamningsins og aukasamninganna.
29. — Hvenær samþykktir þessar koma til framkvæmda og hversu lengi þær gilda.

Loka-ákvæði samþykktanna um flutning á bréfapósti loftleiðis.

Einasta grein: Loftflutningsgjöld fyrir lokaðan póstflutning.

Samþykktir

85
31. des.

um flutning á bréfapósti loftleiðis.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein.

Bréfasendingar leyfðar til flutnings loftleiðis.

1. — Til flutnings loftleiðis að nokkru eða öllu leyti, eru leyfðar allar þær sendingar, sem nefndar eru í 32. grein alþjóðapóstsamningsins, nefnilega: bréf, bréfspjöld, einföld eða með fyrir fram borguðu svari, verzlunarskjöl, prent allskonar, þar með talið prent með upphleyptu letri fyrir blinda menn, sýnishorn af vöru, smápakkar og ennfremur póstávísanir og póstáskriftir. Sendingar þessar eru í þessu efni nefndar flugpóstsendingar (Correspondances-avion).

2. — Sendingar þær, sem nefndar eru í 32. grein alþjóðapóstsamningsins, má senda í ábyrgð.

3. — Sendingar með tilgreindu verði — bréf og öskjur — má sömuleiðis taka til flutnings loftleiðis í viðskiftum milli landa, sem kunna að koma sér saman um skifti slíkra sendinga loftleiðis.

2. grein.

Transítheimild.

Transítheimild sú, sem nefnd er í 25. grein alþjóðapóstsamningsnis, er ábyrgzt á flugpósti á öllu landssvæði alþjóðapóstsambandsins, án tillits til þess, hvort milli liggjandi póststjórnir taka þátt í áframsendingu sendinganna eða ekki.

3. grein.

Burðargjöld og almenn skilyrði fyrir viðtöku flugpóstsendinga.

1. — Fyrir sendingar, sem senda á loftleiðis skal taka, auk lögboðinna póstgjalda, sérstakt viðbótargjald fyrir loftflutninginn, og ber póststjórn upprunalandsins að ákveða upphæðina; viðbótargjald þetta má ekki fara fram úr 25 gullsentímum fyrir 20 grömm og 1000 kílómetra loftleið.

85 31. des.

2. — Fyrir bréfspjöld og póstávísanir er viðbótargjaldið 25 gullsentímar mest fyrir stykkið og fyrir 1000 kílómetra loftleið.

3. — Viðbótargjald fyrir bréfspjöld með fyrir fram borguðu svari er tekið af hvorum hluta fyrir sig, þegar þeir fara af stað.

4. — Viðbótargjöld þau, sem nefnd eru í 1., 2. og 3. lið þessarar greinar, eiga eingöngu við þær þjónustur, sem taxtinn í 10. lið 11. greinar gildir um. Þau skulu vera samskonar fyrir hvert ákvörðunarland.

5. — Viðbótargjaldið fyrir flugpóst, sem fluttur er með aukatækjum (11. lið 11. greinar), má hækka hlutfallslega við kostnaðinn sem starfræksla þessara aukatækja hefir í för með sér.

6. — Viðbótargjaldið skal greiðast fyrir fram við burtför. Að því undanteknu, er segir í 6. grein, má ekki taka það af viðtakendum.

7. — Flugpóstsendingar eru frímerktar eins og segir í 46. grein alþjóðapóstsamningsins. Þó má einnig, án tillits til tegundar sendingarinnar, frímerkja á þann hátt, að upphæðin, sem tekin er, í mynt upprunalandsins, sé skrifuð í tölum á sendinguna, þannig:

Burðargjald greitt: Fr. c.

Athugasemd þessa má setja á með stimpli eða með oflátu eða merkimiða, eða með því að rita hana beinlínis á umslagið um sendinguna á hvaða hátt sem vill. En undir öllum kringumstæðum verður athugasemdin að vera staðfest með dagstimpli upprunapósthússins.

4. grein.

Ófrímerktar eða vanfrímerktar flugpóstsendingar.

1. — Ef flugpóstsendingar eru ófrímerktar, skal farið með þær samkvæmt ákvæðum 34. og 35. greina alþjóðapóstsamningsins.

Þær sendingar, sem skyldufrímerking hvílir ekki á við burtför, skulu fluttar á venjulegan hátt.

2. — Vanfrímerktar flugpóstsendingar skulu fluttar loftleiðis, ef hið álímda burðargjald svarar að minnsta kosti til viðbótargjaldsins fyrir flugleiðina. Ákvæði 35. greinar alþjóðapóstsamningsins koma til framkvæmda, að því er snertir innheimtu á póstgjöldum, sem ekki hafa verið greidd við burtför.

3. — Jafnskjótt og sendingar þessar verða sendar venjulega leið, ber viðtökupósthúsinu eða viðskiftapósthúsinu að strika út allar athugasemdir, er snerta flutning loftleiðis.

5. grein.

Útburður flugpóstsendinga.

1. — Flugpóstsendingum skal útbýtt eins fljótt og allra frekast

er unnt, og skulu þær að minnsta kosti vera teknar í fyrsta útburð, sem fer fram eftir komu þeirra á ákvörðunarpósthúsið. 85 31. des.

2. — Sendendur geta beðið um útburð á heimilið með sérstökum burðarmanni, þegar eftir komu, gegn því að greiða hið sérstaka hraðboðagjald, sem nefnt er í 44. grein alþjóðapóstsamningsins. Heimild þessi gildir þó aðeins í samböndum milli landa, sem hafa komið á fót hjá sér útburði á hraðboðasendingum í viðskiftum sínum gagnkvæmt.

3. — Gegn sérstakri aukaþóknun geta póststjórnirnar, eftir samkomulagi sín á milli, framkvæmt afhendingu á heimili með sérstökum hætti, og þá einkum með því að nota þrýstiloftspípur.

6. grein.

Áframsending og endursending flugpóstsendinga.

1. — Flugpóstsendingar til viðtakenda, sem hafa skift um aðsetursstað, skulu áfram sendar til hins nýja ákvörðunarstaðar, venjulega flutningaleið, nema viðtakandi hafi skýrt og ákveðið beðið um áfram sendingu loftleiðis, og greitt fyrir fram á pósthúsinu, sem áfram sendir, viðbótargjaldið fyrir hina nýju flugleið. Sendingar, sem ekki verður komið til skila, eru endursendar venjulega leið til upprunastaðar.

2. — Ef áfram sending eða endursending fer fram eftir venjulegum póstleiðum, skal auðkennimiðinn „Par avion" og sérhver önnur athugasemd, er loftleiðina snertir, yfirstrikuð af póstmönnum með tveim feitum þverstrikum.

II. KAFLI.

Sendingar með ábyrgð eða tilgreindu verði.

I. Sendingar með ábyrgð.

7. grein.

Ábyrgðarsendingar.

Ábyrgðarsendingar eru háðar póstgjöldum og almennum viðtökuskilyrðum, sem nefnd eru í alþjóðapóstsamningnum. Auk þess greiðist fyrir þær sama loftburðargjald og fyrir almennar sendingar.

8. grein.

Ábyrgð.

Póststjórnirnar svara til ábyrgðarsendinga, sem sendar eru loftleiðis, á sama hátt og til annara ábyrgðarsendinga.

85
31. des.

II. Sendingar með tilgreindu verði.

9. grein.

Sendingar með tilgreindu verði.

1. — Þær póststjórnir, sem veita sendingum með tilgreindu verði viðtöku til loftflutnings, mega taka fyrir slíkar sendingar sérstakt ábyrgðargjald, sem þær ákveða hvað skuli vera hátt.

Samanlögð upphæð hins vanalega ábyrgðargjalds og hins sérstaka ábyrgðargjalds, skal vera innan takmarka þeirra, sem sett eru í 3. grein, staflið c, í samningnum um bréf og öskjur með til greindu verði.

2. — Nú fara sendingar með tilgreindu verði í lokuðum flutningi í transít yfir svæði landa, sem hafa ekki gengið að samningnum um þess konar sendingar, eða fara í transít með lofttækjum einhvers lands, sem tekur ekki á sig ábyrgð á verðsendingum með þeim tækjum, og skal þá ábyrgð þessara landa vera hin sama og fyrir ábyrgðarsendingar.

III. KAFLI.

Réttur til flugpóstgjaldanna. Flutningsgjöld.

10. grein.

Réttur til flugpóstgjaldanna.

Sérhver póstastjórn heldur að fullu upphæðum þeim, sem hún hefir innheimt sem loftburðargjald, hverju nafni sem nefnast.

11. grein.

Loftflutningsgjöld fyrir lokaðan póstflutning.

1. — Transítgjöld þau, sem nefnd eru í 73. grein alþjóðapóstsamningsins, ná ekki til loftflutninga.

2. — Sem undantekning frá ákvæðum alþjóðapóstsamningsins gildir, að ákvörðunarlönd þau, sem taka að sér áframflutning flugpósts loftleiðis með innanlands línum, eiga rétt á þóknun fyrir innanlands flutninginn. Þóknun þessi skal vera samskonar fyrir allar innanlands flugleiðir sama lands.

3. — Flutningsgjöld fyrir eina og sömu loftleið eru samskonar fyrir allar póststjórnir, sem nota þessa þjónustu, án þess að taka þátt í starfrækslukostnaðinum.

4. — Að því undanteknu, er segir í 5. og 6. lið hér á eftir, skal greiða flugflutningsgjöldin póststjórn þess lands, sem flughöfn sú er í, er tekið er við póstinum af flugþjónustu.

5. — Nú selur póststjórn loftflutningafélagi í hendur póstflutn- 85
ing, sem verður að nota margar loftleiðir óskyldar, hverja á eftir ann- 31. des.
ari, og getur hún þá, ef samkomulag er fengið við milliliggjandi póststjórnir, gert upp flutningskostnaðinn fyrir alla leiðina við flutningafélagið. Milli liggjandi póststjórnir hafa aftur á móti rétt til þess, að heimta, að ákvæðum 4. liðs sé beitt einvörðungu.

6. — Sem undantekning frá ákvæðum 4. og 5. liðs hér að ofan, er hverri póststjórn, sem hefir flugþjónustu, heimilt að taka flutningsgjöldin fyrir alla flugleiðleiðina, beint hjá þeirri póststjórn, sem notar þessa þjónustu.

7. — Loftflutningsgjöldin fyrir flugpóstsendingar í lokuðum pósti hvíla á póststjórn upprunalandsins; loftflutningsgjöldin fyrir sendingar í opnum pósti hvíla á þeirri póststjórn, sem afhendir þær í opnum pósti til annarar póststjórnar.

8. — Nema öðruvísi sé um samið milli hlutaðeigandi póststjórna, er umskipun á póstflutningi, sem notar margar sérstakar loftþjónustur, hverja á eftir annari, á leiðinni í sömu flughöfn, framkvæmd sem skyldukvöð af póststjórn þess lands, þar sem umskipunin fer fram. Þetta ákvæði gildir þó ekki, þegar umskipunin fer fram milli loftfara, sem eru notuð hvert á eftir öðru yfir flugsvæði sömu loftþjónustu.

9. — Geymslugjöld skal ekki taka fyrir loftpóstflutning. Ef svo stendur á, að geymsla þessi hafi sérstaklega mikil útgjöld í för með sér, einhverra orsaka vegna, mega þó póststjórnirnar taka fyrir hinn geymda póstflutning gjald það, sem nefnt er í 74. grein alþjóðapóstsamningsins.

10. — Til bráðabirgða er grundvallartaxtinn við reikningsskil milli póststjórnanna fyrir loftflutninga, ákveðinn 6 sentímar úr gullfranka fyrir hverja ódeilanlega einingu 100 gramma brúttó þyngdar og 100 kílómetra vegalengd. Sérhvert brot úr 100 grömmum og 100 kílómetrum, er hækkað upp í næstu 100 grömm og 100 kílómetra, og skal gera það við hvern póstflutning út af fyrir sig, sem kemur til greina á talningartímabilinu fyrir flugpóstsendingar. Loftpóstflutningar í innanlandsþjónustu, skulu háðir sömu reglum.

11. — Flutningsgjöld þau, sem greind eru hér á undan, ná ekki til flutninga yfir miklar fjarlægðir, sem framkvæmdir eru með loftþjónustum, sem heimta alveg sérstaklega mikinn kostnað til stofnunar og viðhalds. Skilyrðin fyrir notkun slíkra loftþjónusta eru ákveðin með samningi milli hlutaðeigandi póststjórna; þau skulu vera samskonar fyrir allar póststjórnir, sem nota þessar loftþjónustur.

12. — Framangreind flutningsgjöld greiðast einnig fyrir bréfasendingar, sem eru undanþegnar transítgjaldi, sem og fyrir skakkt sendar sendingar, þegar þær eru fluttar áfram loftleiðis.

85 31. des. 13. — Að fráteknum geymslugjöldum, ef svo ber undir (9. liður hér að ofan), fá póststjórnir þeirra landa, sem flogið er yfir, enga þóknun fyrir póstflutning, sem fluttur er loftleiðis yfir landsvæði þeirra.

12. grein.

Flutningsgjöld fyrir flugpóstsendingar í stykkjatali.

1. — Flugpóstsendingar í stykkjatali má senda loftleiðis milli tveggja póststjórna.

2. — Gjöld fyrir loftflutninginn greiðast að öllu leyti til póststjórnar þess lands, sem flugpóstsendingarnar eru sendar til í stykkjatali, með það fyrir augum að hún áfram sendi þær loftleiðis; sú póststjórn getur krafizt þess, að sendingarnar séu útbúnar í sérstök bundini eftir ákvörðunarstöðum, sem hún tilgreinir.

3. — Til þess að ákveða flutningsgjöldin, er nettóþyngd flugbréfasendinganna í stykkjatali hækkuð um 25%, til þess að gera fyrir útgjöldum við sundurlesturinn. Þó má hækkun sú á flutningsgjöldunum, sem af þessu leiðir til hagnaðar einhverju transít-landi, ekki fara fram úr 1 franka og 50 sentímum fyrir 100 grömm nettóþyngdar.

13. grein.

Útreikningur á fjarlægðum milli tveggja landa, sem hafa samband með mörgum loftlínum.

Ef tvö lönd hafa samband með mörgum loftlínum, skulu flutningsgjöldin miðuð við meðallengd leiðanna og hversu þær eru mikilsvarðandi fyrir alþjóða umferð.

IV. KAFLI.

Alþjóðaskrifstofa.

14. grein.

Upplýsingar til alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Póststjórnir skulu senda hver annari um alþjóðaskrifstofuna:

a) upplýsingar um loftburðargjöld þau, sem þær taka fyrir flugpóstssendingar, bæði innanlands og til annara landa;

b) upplýsingar um, hvort þær leyfi eða leyfi ekki loftflutning á bréfum og öskjum með til greindu verði;

c) skrá yfir allar loftlínur, innlendar eða útlendar, sem þær nota til

flutninga á flugpóstsendingum, hvort heldur línur þessar eru starf- 85
ræktar innanlands eða aðeins fara úr flughöfnum landsins til út- 31. des.
landa; skulu hinar síðarnefndu tilgreindar á skránni með öllu því svæði, er póststjórnin, sem notar þær, ábyrgist sendingar yfir. Skráin skal einkum til greina fyrir hverja loftlínu fjarlægð og tímalengd frá burtfararhöfn til hinna ýmsu viðkomustaða, hversu ferðirnar séu tíðar, hvaða landi eigi að greiða flutningskostnaðinn með hverri línu, og hvaða skilyrðum eða takmörkum hver loftlína sé háð. Í lok upplýsinganna um loftlínurnar innanlands, skal hver póststjórn til greina meðal-fjarlægðina, sem hún hefir ákveðið til útreiknings á gjöldum fyrir flutning á flugpóstsendingum innan lands hjá sér;

d) skrá yfir þau lönd, sem þær taka að sér að flytja flugpóstsendingar til loftleiðis, yfir allt svæðið eða nokkurn hluta þess, með upplýsingum um leiðirnar, sem áfram sendingin fer eftir, vegalengd loftsvæðisins og tilheyrandi flutningsgjöld. Upplýsingar þessar eru færðar á skrá eins og við fest eyðublað A V 1.

2. — Upplýsingarnar undir stafliðunum c) og d) skulu sendar reglulega tvisvar á ári, mánuði áður en sumar-þjónustan byrjar og mánuði áður en vetrar-þjónustan byrjar. Allar síðari breytingar ber að tilkynna tafarlaust.

3. — Alþjóðaskrifstofan býr til, eftir þeim tilkynningum, sem henni berast, upplýsingasafn um flugpóst-þjónustu, og þar í innifalið skifti á bréfum og öskjum með til greindu verði, aðalskrá yfir flugpóstlínur og aðalskrá yfir lönd, sem hafa loftlínur til sinna ráða. Þessum skýrslum skal tafarlaust útbýtt milli póststjórnanna. Aðalskráin, sem alþjóðaskrifstofan á að setja saman, skal svara til hinnar við festu fyrirmyndar A V 1.

Alþjóðaskrifstofunni er einnig ætlað að útbýta veraldarkorti er sýni alþjóðaloftpóstlínur og aukakorti er sýni innanlands loftlínur í hverjum heimshluta.

4. — Sem upplýsingar til bráðabirgða, skal hver póststjórn senda beint öllum póststjórnum, sem óska þess, afrit af tilkynningunum undir stafliðunum c) og d).

5. — Þar að auki tilkynna póststjórnirnar reglulega öllum póststjórnum, sem óska þess, áætlanir loftlínanna innanlands og til útlanda, með upplýsingum um komu- og burtfarartíma loftfaranna við hvern viðkomustað.

85
31. des.

V. KAFLI.

Reikningsskil.

15. grein.

Aðalreikningstalning.

1. — Aðalrfeikningur yfir gjöld fyrir loftflutning er búinn út eftir talningaskýrslum, sem gerðar eru sjö næstu dagana á eftir 14. júní og 14. nóvember ár hvert. Útkoma júnítalningar er lögð til grundvallar fyrir greiðslunni fyrir sumar-þjónustuna, og útkoma nóvembertalningar fyrir vetrar-þjónustuna.

2. — Talning, er snertir loftþjónustur, sem eru ekki notaðar í júní eða nóvember, fer fram eftir því sem hlutaðeigandi póststjórnir koma sér saman um.

3. — Sem bráðabirgðaráðstöfun gildir, að sérhver póststjórn hefir heimild til þess að krefjast, að reikningsskil fari fram ársfjórðungslega eftir brúttóþyngd þeirra sendinga, sem raunverulega hafa verið fluttar næsta ársfjórðung á undan. Í þessu efni koma hlutaðeigandi póststjórnir sér saman um þá reglu, sem fylgja ber.

16. grein.

Útbúnaður á almennum pósti eða flugpósti á tímabilinu, sem talning fer fram vegna loftflutningsgjalda.

Ákvæði 61. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda ekki um hálfs árs talningarnar til útreiknings á loftflutningskostnaðinum. Á tímabilinu, sem talningar þessar fara fram, skulu þó merkimiðar eða áletrunarspjöld á póstflutningi, sem inniheldur flugpóstsendingar, bera greinilega áletrað athugasemdina „Statistique-avion".

17. grein.

Sannreynd á þyngd flupóstsendinga.

1. — Á talningatímabilunum er dagsetning og nettóþyngd póstflutningsins tilfærð að auki á merkimiðanum eða áletrunarspjaldi utan á afgreiðslunni. Bannað er, meðan á talningunni stendur, að láta flugpóstflutning niður í annan samskonar flutning.

2. — Ef bréfasendingar í stykkjatali, sem eiga að áfram sendast loftleiðis, eru teknar í almennan póstflutning eða flugpóstflutning, skal þyngdin til greind sérstaklega á bréfaskránni fyrir hvert land, sem flugpóstsendingarnar eiga að fara til. Ef þörf er, má skrifa þessar upplýs-

ingar á sérstakan lista, eins og við fest fyrirmynd A V 2, og skal hann festur við bréfaskrána. 85 31. des.

3. — Viðskiftapósthús ákvörðunarlandsins athugar síðan, hvort þetta sé rétt fært. Ef pósthúsið finnur, að hin raunverulega þyngd bréfasendinganna skakkar á meira en 20 grömmum frá þyngdinni, sem til kynnt er, leiðréttir það skrána eða merkimiðann og gerir viðskiftapósthúsinu, sem sendi, þegar í stað aðvart um skekkjuna með leiðréttingarskýrslu; afrit af leiðréttingarskýrslunni er sent til allra milli liggjandi póststjórna, ef svo ber undir. Ef munurinn á þyngdinni er innan ofangreindra takmarka, skulu upplýsingar sendipósthússins standa óhaggaðar.

18. grein.

Listi yfir lokaðan flugpóstflutning.

Eins fljótt og auðið er og undir öllum kringumstæðum ekki seinna en ½ mánuði eftir hvert talningatímabil, skulu póststjórnir þær, er sent hafa lokaðan flugpóstflutning, senda lista yfir þessa flutninga til hinna ýmsu póststjórna, sem þær hafa notið loftþjónustu hjá, þar með einnig, ef svo ber undir, til póststjórnar ákvörðunarlandsins.

19. grein.

Útbúnaður yfirlitsskýrslna A V 3 og A V 4 yfir flugpóstflutning.

1. — Á talningatímabilinu taka milli liggjandi póststjórnir upp á skýrslu, eins og við fest fyrirmynd A V 3 sýnir, þyngd þá, sem tilgreind er á merkimiðum eða áletrunarspjöldum á flugpóstflutningum þess, sem þær hafa áfram sent loftleiðis út yfir landamæri sín. Skýrsla er búin út fyrir hvert viðskiftapósthús, sem sendir flugpóstflutning.

2. — Póststjórnir þær, sem taka við flugpóstflutningi, og taka að sér áframsendinguna loftleiðis á flugpóstsendingum, sem þar eru í, sumpart eftir innanlandsleiðum, sumpart út yfir landamæri sín, búa út yfirlitsskýrslu, eins og við fest fyrirmynd A V 4, eftir upplýsingum þeim, sem standa á bréfaskránum. Á sama hátt er farið að með flugpóstsendingar, sem eru í vanalegum póstflutningi.

3. — Eins fljótt og unnt er, og í síðasta lagi mánuði eftir lok talningarinnar, eru skýrslurnar AV 3 og AV 4 sendar viðskiftapósthúsum sendilandanna til samþykktar. Þegar þessi pósthús hafa samþykkt skýrslurnar, senda þau þær því næst til aðalpóststjórnarinnar, sem þau heyra undir, en hún kemur þeim áleiðis til aðalpóststjórnarinnar, sem á inni.

4. — Ef póststjórnin, sem á inni, fær enga leiðréttingarathugasemd á 3 mánuðum, að telja frá því, að skýrslurnar voru sendar, skulu

85 31. des. þær taldar réttilega viðurkenndar. Ef sérstaklega er ástatt (miklar fjarlægðir o. s. frv.), má lengja þenna frest, eins og hlutaðeigandi póststjórnir koma sér saman um.

20. grein.

Reikningur yfir loftflutningsgjöldin.

1. — Brúttóþyngdin á flugpóstsendingunum, sem greindar eru í yfirlitsskýrslunum AV 3 eða AV 4, er margfölduð með tölu, sem fæst eftir ferðafjöldanum sumar og vetur, og útkoman, er þannig fæst, er lögð til grundvallar fyrir sérstökum reikningum, er greina í frönkum flutningsgjaldið, sem hverri póststjórn ber fyrir yfirstandandi missiri.

2. — Útbúnaður reikninganna hvílir á póststjórninni, sem á inni, og sendir hún þá til póststjórnarinnar, sem á að borga.

3. — Hinir sérstöku reikningar skulu búnir út í 2 eintökum og sendir póststjórninni, sem skuldar, eins fljótt og auðið er. Ef póststjórnin, sem á inni, fær enga leiðréttingarathugasemd á 3 mánuðum, að telja frá því, að reikningurinn var sendur, skal hann talinn réttilega viðurkenndur.

21. grein.

Aðallokareikningur.

Nema öðruvísi sé ákveðið milli hlutaðeigandi póststjórna, er aðallokareikningur yfir loftflutningsgjöldin gerður tvisvar á ári af alþjóðaskrifstofunni, samkvæmt reglum þeim, sem gilda um aðallokareikning fyrir transítgjöld.

VI. KAFLI.

Ýms ákvæði.

22. grein.

Merking flugpóstsendinga.

Flugpóstsendingar skal merkja við burtför með sérstökum merkimiða eða bláum stimpli, með áletruðum orðunum „Par avion“, með þýðingu á máli upprunalandsins.

23. grein.

Áframsending loftleiðis aðeins yfir nokkurn hluta svæðisins.

Óski sendandi þess, að bréfasending hans sé aðeins send loftleiðis yfir nokkurn hluta svæðisins, skal hann geta um það. Þegar loftflutningi slíkra sendinga lýkur, skal athugasemdin og miðinn „Par avion", svo og hin sérstaka athugasemd, yfir strikuð af póstmönnum með tveimur feitum þverstrikum.

24. grein.

Sendiaðferð við flugpóstsendingar í almennum póstflutningi.

Sendiaðferð sú, sem er fyrirskipuð í 55. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins, um hraðboðasendingar, gildir sömuleiðis um flugsendingar, sem látnar eru í almennan póstflutning, að því einu undan skildu, að í stað orðsins „Exprès" á merkimiða bréfabundinanna og í dálknum „Observations" á bréfaskránni, skulu koma orðin „Par avion".

25. grein.

Athugasemdir á bréfa- og verðbréfaskrár og á merkimiða póstflutnings, sem flugpóstsendingar eru í.

1. — Ef flugpóstsendingar eru í almennum póstflutningi, skal til greina það með orðunum „Par avion" í reitnum nr. I á bréfaskránni, og á verðbréfaskránni, sem breytist samkvæmt því.

2. — Bréfaskrár með flugpóstflutningi skulu efst bera miða áletraðan „Par avion". Sama miða, „Par avion", skal einnig setja á merkimiða eða áletrunarspjöld slíkra póstflutninga.

26. grein.

Áframsending flugpóstsendinga.

1. — Póststjórnir í sambandinu, sem nota loftleiðir til flutnings á sínum eigin bréfasendingum, eru skyldar til að áfram senda með sömu leiðum flugpóstsendingar, sem þeim berast frá öðrum póststjórnum.

2. — Póststjórnir, sem enga loftþjónustu hafa, áfram senda flugpóstsendingar eftir fljótustu leið, sem pósturinn notar.

Sama gildir og, ef áfram sending með slíkum leiðum er hagkvæmari, einhverra hluta vegna, heldur en loftleið sú, sem fyrir hendi er.

85
31. des.

27. grein.

Tollmeðferð tollskyldra bréfasendinga.

Póststjórnirnar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að flýta, eins og auðið er, tollmeðferð tollskyldra flugpóstsendinga.

28. grein.

Breyting á ákvæðum alþjóðapóstsamningsins og aukasamninganna.

Ákvæði alþjóðapóstsamningsins og aukasamninganna, sem og starfsreglugjörða þeirra, að undan skildum póstbögglasamningnum og starfsreglugjörð hans, gilda um allt, sem ekki er skýrt tekið fram í framanskráðum greinum.

29. grein.

Hvenær samþykktir þessar koma til framkvæmda, og hversu lengi þær gilda.

Ákvæði þessi koma til framkvæmda sama dag og alþjóðapóstsamningurinn gengur í gildi. Skulu þau og gilda jafn lengi og sá alþjóðapóstsamningur, nema þær verði endurnýjaðar að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðilja.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

Loka-ákvæði samþykktanna um flutning á bréfapósti loftleiðis.

Einasta grein.

Loftflutningsgjöld fyrir lokaðan póstflutning.

Póststjórnir Brezka-Indlands og Sambands hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja hafa heimild til þess, að taka flutningsgjöld þau, sem nefnd eru í 11. grein samþykktanna, að því er snertir flutning á bréfapósti loftleiðis, fyrir hverja leið um innan lands flugsvæði þeirra.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

Verðbréfasamningurinn.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein. Svið samningsins.
2. — Hámark hins tilgreinda verðs.
3. — Burðargjöld.
4. — Almenn skilyrði.
5. — Póstkvittun.
6. — Gjald fyrir tollmeðferð og poste-restante gjald.
7. — Tollgjöld og önnur gjöld. Tollfrjálsar sendingar.
8. — Útburður með hraðboða.
9. — Sviksamleg tilgreining verðs.
10. — Forboð.
11. — Engin frímerking.
12. — Afturköllun. Breyting á utanáskrift.
13. — Móttökukvittun.
14. — Áframsending. Óskilasendingar.
15. — Fyrirspurnir.

II. KAFLI.

Ábyrgð.

16. grein. Víðtæki ábyrgðar.
17. — Undantekning frá meginreglunni um ábyrgð.
18. — Hvenær ábyrgð hættir.
19. — Greiðsla skaðabóta. Greiðslufrestur.
20. — Um hver beri ábyrgðina.
21. — Takmörkun ábyrgðar.
22. — Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.

85
31. des.

III. KAFLI.

Póstkröfusendingar.

23. grein. Burðargjöld og skilyrði.
24. — Afnám eða lækkun póstkröfuupphæðar.
25. — Ábyrgð, ef sending glatast, er rænd eða skemmist.
26. — Skaðabætur fyrir vanrækslu, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.
27. — Ábyrgð á hinum innheimtu upphæðum. Útborgunarskylda. Frestur og aðgangur til endurgreiðslu. Skifting á burðargjaldinu.

IV. KAFLI.

Réttur til burðargjaldanna. — Transítgjöld.

28. grein. Réttur til burðargjaldanna.
29. — Transít- og geymslugjöld.

V. KAFLI.

Ýms ákvæði.

30. grein. Beiting á ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.
31. — Pósthús, sem taka þátt í starfinu.
32. — Samþykkt á frumvörpum milli póstþinga.

Niðurlagsatriði.

33. grein. Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Loka-ákvæði.

Einasta grein. Hámark hins til greinda verðs.

Alþjóðapóstsambandið. 85 31. des.

Samningur

um

skifti á bréfum og öskjum með tilgreindu verði.

gerður milli

Albaníu; Þýzkalands; Lýðveldisins Argentínu; Austurríkis; Belgíu; Belgisku Congo; Boliviu; Brasilíu; Búlgaríu; Chili; Kína; Lýðveldisins Colombiu; Lýðveldisins Cuba; Danmerkur; Fríborgarinnar Danzig; Hins dominikanska lýðveldis; Egyptalands; Spánar; Allra spánskra nýlendna; Estlands; Etiopiu; Finnlands; Frakklands; Algiers; Hinna frönsku nýlendna og vernduðu landa í Idókína; Allra annara franskra nýlendna; Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands; Grikklands; Lýðveldisins Haïti; Konungsríkisins Hedjaz og Nedjde og tilheyrandi landa; Lýðveldisins Honduras; Ungverjalands; Brezka Indlands; Fríríkisins Írlands; Íslands; Ítalíu; Allra ítalskra nýlendna; Japans; Chosen; Allra annara japanskra eigna; Lettlands; Lýðveldisins Líberíu; Lithauen; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spánska hlutanum); Marokkó (spánska hlutans); Nicaragua; Noregs; Nýja Sjálands; Lýðveldisins Panama; Paraguay; Hollands; Hollenzkra Indía; Hollenzkra nýlendna í Ameríku; Persíu; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlendna í Afríku; Hinna portúgölsku nýlendna í Asíu og í Eyjaálfunni; Rúmeníu; Lýðveldisins San Marino; Saar-héraðsins; Síam; Svíþjóðar; Sviss; Tékkóslóvakíu; Túnis; Tyrklands; Sambands hinna sósíalistisku ráðstjórnarríkja; Páfaríkisins; Bandaríkja Venezuela; Yemen og Konungsríkisins Jugoslavíu.

Samkvæmt 3. grein alþjóðapóstsamningsins hafa undirritaðir fulltrúar stjórnanna í ofannefndum löndum í sameiningu og með þeim fyrirvara, að fullgilding fáist, orðið ásáttir um eftirfarandi samning:

85
31. des.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein.

Svið samningsins.

Milli samningslandanna má senda, undir nafninu bréf eða öskjur með til greindu verði, bréf, sem innihalda verðbréf og verðmæt skjöl, svo og öskjur, sem innihalda gimsteina og dýrgripi, með ábyrgð á innihaldinu fyrir hinni til greindu upphæð.

Í viðskiftum milli landa, sem koma sér saman í því efni, mega bréfin með til greindu verði einnig innihalda tollskylda hluti.

Þátttakan í viðskiftunum á öskjum með til greindu verði nær aðeins til þeirra samningslanda, sem tilkynna, að þau framkvæmi þessa þjónustu.

2. grein.

Hámark hins til greinda verðs.

Hinar ýmsu póststjórnir hafa, í viðskiftum sínum hver við aðra, rétt til þess, að ákveða hámark fyrir hið til greinda verð, sem má ekki vera lægra en 10000 frankar á sendingu.

3. grein.

Burðargjöld.

Burðargjald undir bréf og öskjur með til greindu verði skal fullgreitt fyrirfram.

Burðargjaldið er samsett þannig:

a) fyrir bréf: sama burðar- og meðmælingargjald og fyrir ábyrgðarbréf sömu þyngdar til sama ákvörðunarstaðar;
b) fyrir öskjur: 20 sentíma burðargjald fyrir hver 50 grömm, minnsta gjald 1 franki og hið venjulega meðmælingargjald að auki;
c) fyrir bréf og öskjur: ábyrgðargjald, sem ekki má fara fram úr 50 sentímum fyrir hverja 300 franka eða brot úr 300 frönkum af hinni til greindu upphæð, hvert svo sem ákvörðunarlandið er, og eins í þeim löndum, sem taka á sig ábyrgð gagnvart ofurefli (vis major).

4. grein.

Almenn skilyrði.

1. — Öskjur með til greindu verði mega ekki innihalda nein bréf, miða eða skjöl, sem bera með sér, að þau séu nýjar, hreinar per-

sónulegar bréfaskriftir. Þó er leyfilegt að láta í sendinguna opna vöru- 85
skrá, er aðeins innihaldi þær upplýsingar, sem mega standa í vöruskrá, 31. des.
svo og einfalt eftirrit af utanáskrift öskjunnar, með tilkynningu um utanáskrift sendanda.

2. — Öskjur með til greindu verði mega ekki fara fram úr 1 kg. að þyngd, né vera stærri á neinn veg en sem svarar 30 sentimetrum á lengd, 20 sentimetrum á breidd og 10 sentimetrum á hæð.

3. — Öskjur með til greindu verði, sem uppfylla ekki sett skilyrði, eða sem kunna að hafa verið teknar óleyfilega til flutnings, má endursenda til upprunapósthúss. Ákvörðunarpósthúsinu er þó heimilt, ef innanríkis lög þess mæla ekki í móti, að afhenda þessar sendingar viðtakendum, gegn því að beita í slíkum tilfellum reglunum um burðargjöld, sem ákveðnar eru í 8. lið 33. greinar alþjóðapóstsamningsins. Nú inniheldur askja með til greindu verði miða eða skjal, sem skoða má sem nýjar, persónulegar bréfaskriftir, og má þó samt ekki undir neinum kringumstæðum endursenda hana til sendanda.

5. grein.

Póstkvittun.

Þegar sendandi skilar sendingu með til greindu verði á póst, fær hann ókeypis póstkvittun fyrir sendingunni.

6. grein.

Gjald fyrir tollmeðferð og poste restante gjald.

Fyrir sendingar, sem settar eru undir tolleftirlit í ákvörðunarlandinu, má taka sérstakt póstgjald, vegna tollmeðferðar á þeim, allt að 50 sentímum á sendingu.

Póststjórn ákvörðunarlandsins er sömuleiðis heimilt að taka sérstakt gjald samkvæmt löggjöf sinni fyrir sendingar með til greindu verði, sendar poste restante.

7. grein.

Tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld. Tollfrjálsar sendingar.

1. — Með öskjur með til greindu verði skal farið eftir löggjöf sendi- eða ákvörðunarlands í öllu því, er snertir endurgreiðslu á lögréttingargjaldi, þegar um útflutning er að ræða, og lögréttingar- og tollgæzlu, þegar um innflutning er að ræða.

2. — Gjöld til ríkissjóðs og prófunarkostnaður, sem eiga að greiðast við innflutning, skulu heimt af viðtakendum við afhendingu. Sé askja með til greindu verði áfram send til annars lands, sem tekur

85 þátt í þessum viðskiftum, eða endursend til upprunalandsins, vegna þess
31. des. að viðtakandi hafi flutzt búferlum, neitað móttöku, eða af einhverjum öðrum ástæðum, þá skulu þau af gjöldum þessum, sem ekki verða eftir gefin við áframsendingu, heimt af viðtakanda eða sendanda.

3. — Í viðskiftum milli póststjórna, sem hafa komið sér saman um slíkt, geta sendendur bréfa og askja með til greindu verði, tekið að sér að greiða, samkvæmt skilyrðum þeim, sem til greind eru í 42. grein alþjóðapóstsamningsins, öll tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld, er hvíla á sendingum þessum við afhendingu.

8. grein.

Útburður með hraðboða.

Sendandi getur krafizt þess, að sendingin sé borin á heimili viðtakanda af sérstökum bréfbera, jafnskjótt og hún kemur, samkvæmt skilyrðum þeim, sem ákveðin eru í 44. grein alþjóðapóstsamningsins.

Póststjórn ákvörðunarlandsins er þó heimilt, að senda aðeins hraðboða með tilkynningu um komu sendingarinnar, í staðinn fyrir sendinguna sjálfa, þegar innanlandsákvæði hennar leyfa það.

9. grein.

Sviksamleg tilgreining verðs.

Tilgreining verðsins má ekki fara fram úr hinu raunverulega verði sendingarinnar, en leyfilegt er að tilgreina aðeins nokkurn hluta þess. Sé tilgreint verð á skjölum, sem hafa verðgildi vegna kostnaðarins við tilbúning þeirra, má upphæð hins tilgreinda verðs ekki fara fram úr endurnýjunarkostnaði skjalanna, ef þau tapast.

Sérhver sviksamleg tilgreining á hærra verði en hinu raunverulega verði sendingarinnar, hefir í för með sér lagalega sókn, eftir því sem löggjöf sendilandsins ákveður.

10. grein.

Forboð.

1. — Bannað er að láta í bréf með tilgreindu verði:

a) hluti þá, sem nefndir eru í 1. lið 45. greinar alþjóðpóstsamningsins undir stafliðunum a, b, e, f og g;
b) lifandi dýr;
c) mótaða peninga;
d) tollskylda hluti, að undan skildum verðskjölum, en þó með þeim fyrirvara, sem felst í ákvæðum 1. greinar;

e) platínu, gull og silfur, unnið eða óunnið, dýra steina, gimsteina og aðra dýrgripi. 85 31. des.

2. — Bannað er að láta í öskjur með tilgreindu verði:

a) hluti þá, sem nefndir eru í 1. lið 45. greinar alþjóðapóstsamningsins, undir stafliðunum a, b, f og g og 1. lið þessarar greinar undir staflið b;

b) bankaseðla, peningaseðla og hverskonar verðskjöl á handhafa;

c) ópíum, morfín. kókaín og önnur deyfandi meðul. Bannið nær þó eigi til slíkra sendinga, þegar þær eru sendar í lækningaskyni eða í vísindalegum tilgangi, að því er snertir lönd, er leyfa þær með þessum skilyrðum;

3. — Ákvæðin í annari málsgrein næstu greinar á undan eiga við, ef bréf eða öskjur með tilgreindu verði innihalda hluti, sem bannað er að láta í þau.

4. — Ákvæðin í 2. lið 45. greinar alþjóðapóstsamningsins eiga við um hluti, sem ranglega hefir verið leyft að senda, en falla myndu undir bannákvæðin í þessari grein.

11. grein.

Engin frímerking.

1. — Bréf með tilgreindu verði, er snerta póstþjónustuna, og send eru milli póststjórnanna innbyrðis eða milli póststjórnanna og alþjóðaskrifstofunnar, eru undanþegin öllum póstgjöldum.

2. — Sama gildir og um bréf og öskjur með til greindu verði, sem engin póstkrafa hvílir á og snerta herfanga og send eru eða meðtekin samkvæmt fyrirmælum 2. liðs 47. greinar alþjóðapóstsamningsins.

12. grein.

Afturköllun. Breyting á utanáskrift.

Sendandi sendingar með til greindu verði getur látið kalla hana aftur úr póstþjónustunni eða breyta utanáskriftinni, til þess að áfram senda sendinguna, annaðhvort lengra inn í hið upprunalega ákvörðunarland eða til einhvers samningslandanna, samkvæmt ákvæðum 49. greinar alþjóðapóstsamningsins.

Ef um er að ræða beiðni um breytingu á utanáskrift, senda símleiðis, er símskeytisgjaldið hækkað um það, sem nemur undir einfalt bréf með ábyrgð.

13. grein.

Móttökukvittun.

Sendandi getur fengið móttökukvittun með sömu skilyrðum og nefnd eru í 53. grein alþjóðapóstsamningsins.

85
31. des.

14. grein.

Áframsending. Óskilasendingar.

Ákvæði 50. greinar alþjóðapóstsamningsins gilda um sendingar með tilgreindu verði, sem eru áframsendar eða lenda í óskilum.

15. grein.

Fyrirspurnir.

Að því er snertir fyrirspurnir um bréf og öskjur með til greindu verði, haga póststjórnirnar sér samkvæmt fyrirmælum 51. greinar alþjóðapóstsamningsins.

II. KAFLI.

Ábyrgð.

16. grein.

Víðtæki ábyrgðar.

1. — Með þeim undantekningum, sem segir í næstu grein hér á eftir, svara póststjórnirnar til taps, ráns eða skemmda á sendingum með tilgreindu verði.

Ábyrgð þeirra nær jafnt til sendinga, sem fluttar eru í stykkjatali, sem og til þeirra, sem fluttar eru í lokuðum pósti.

Sendandi á heimtingu á skaðabótum, er svari hinum raunverulega skaða, er hann bíður við tapið, ránið eða skemmdirnar, án þess þó að skaðabæturnar megi undir nokkrum kringumstæðum fara fram úr upphæð hins tilgreinda verðs.

2. — Óbeinn skaði eða hagnaður, sem ekki er kominn fram, kemur ekki til greina.

3. — Ef sending tapast eða innihald hennar ónýtist með öllu, á sendandi einnig heimtingu á að fá bættan upp sendingarkostnaðinn.

4. — Ábyrgðargjaldið fellur þó undir öllum kringumstæðum til póststjórnanna.

17. grein.

Undantekning frá meginreglunni um ábyrgð.

Póststjórnirnar eru undanþegnir allri ábyrgð:

a) ef um ofurefli (vis major) er að ræða; ábyrgðarskylda hvílir þó á

þeirri sendistjórn, sem hefir gengizt undir að taka á sig ábyrgð gegn ofurefli (vis major) (3.grein, staflið c);

b) þegar þær geta ekki gert grein fyrir sendingunum, vegna þess að þjónustuskjölin hafa eyðilagzt af völdum ofureflis (vis major);

c) þegar skaðinn hefir orsakazt af hirðuleysi sendanda eða stafar af eðli sendingarinnar;

d) þegar um er að ræða sendingar, sem falla undir eitthvað af forboðum þeim, sem nefnd eru í 10. grein;

e) þegar um er að ræða sendingar, sem verðið á er ranglega til greint hærra en hið raunverulega verð innihaldsins;

f) þegar sendandi hefir ekki fram sett neina kvörtun innan eins árs, eins og segir í 51. grein alþjóðapóstsamningsins;

g) ef um sjóflutning er að ræða og póststjórnir samningslandanna hafa tilkynnt, að þær sjái sér ekki fært að taka á sig ábyrgð á verðsendingum um borð í skipum þeim, sem þær nota; póststjórnirnar bera samt sem áður ábyrgð á flutningi verðsendinga í lokuðum póstflutningi, að sama skapi og gert er ráð fyrir um sendingar, sem mælt er með.

18. grein.

Hvenær ábyrgð hættir.

Ábyrgð póststjórnanna á sendingum með til greindu verði er lokið, þegar þær hafa afhent þær samkvæmt fyrirmælum innanlandsreglugjörða sinna.

Ábyrgðin helzt þó allt að einu:

a) þegar viðtakandi setur fyrirvara um leið og hann tekur við sendingu sem skemmzt hefir eða rænt verið úr, enda leyfi innanríkisákvæði þennan fyrirvara;

b) þegar viðtakandi, þrátt fyrir reglulega viðurkenningu, lýsir því tafarlaust yfir, að hann hafi orðið var við skemmdir, og færir sönnur, sem póststjórn ákvörðunarlandsins tekur gildar, á að ránið eða skemmdirnar hafi orðið, áður en hann tók við sendingunni.

19. grein.

Greiðsla skaðabóta. Greiðslufrestur.

Um greiðslu skaðabóta og frest á henni, gilda ákvæði 57. og 58. greinar alþjóðapóstsamningsins einnig um verðsendingar.

20. grein.

Um hver beri ábyrgðina.

1. — Þangða til hið gagnstæða verður sannað, hvílir ábyrgðin á

85 31. des. þeirri póststjórn, sem hefir tekið við sendingunni athugasemdalaust, og fengið í hendur öll regluleg gögn til rannsóknar, en getur hvorki sýnt fram á, að sendingunni hafi verið skilað til viðtakanda, né, ef svo ber undir, send á lögformlegan hátt til næstu póststjórnar.

Millliggjandi- eða ákvörðunarpóststjórn er þó laus við alla ábyrgð, ef hún getur sannað, að krafa á hendur sér hafi ekki verið sett fram, fyrr en eftir að þjónustuskjölin, er snerta sendinguna, voru eyðilögð, enda sé geymslufresturinn, sem nefndur er í 78. grein reglugjörðar alþjóðapóstsamningsins, útrunninn. Fyrirvari þessi hefir enga réttarskerðingu í för með sér fyrir þann, er kröfuna gerir.

Þangað til hið gagnstæða verður sannað, er póststjórn sú, sem sent hefir annari póststjórn bréf eða öskju með til greindu verði, undanþegin allri ábyrgð, að því er þessar verðsendingar snertir, ef viðskiftapósthúsið, sem bréfið eða askjan hefir verið afhent til, hefir ekki með fyrsta pósti eftir athugun á póstinum, sent póststjórn sendilandsins skýrslu, er staðfesti vöntun eða skemmdir, annaðhvort á öllum pakkanum með verðsendingunum eða á sjálfu bréfinu eða öskjunni.

2. — Hafi týnslan, ránið eða skemmdirnar orðið á meðan á flutningi stóð, án þess að hægt sé að sýna fram á, á hvaða landssvæði eða í þjónustu hvaða lands það hafi komið fyrir, skulu hlutaðeigandi póststjórnir bæta skaðann að jöfnu. En hafi ránið eða skemmdirnar komið í ljós í ákvörðunarlandinu, eða, ef um er að ræða endursendingu til sendanda, í upprunalandinu, ber póststjórn þess lands að sanna, að hvorki umbúnaði sendingarinnar, né hvernig henni var lokað, hafi í nokkru verið ábótavant, að því er séð varð, og að þyngdin hafi ekki verið önnur en sú, sem reyndist, þegar sendingin var látin á póst.

Hafi póststjórn ákvörðunarlandsins, eða, ef svo ber undir, póststjórn sendilandsins fært slíka sönnun, getur engin póststjórna þeirra, sem hlut eiga að máli, neitað ábyrgðinni að sínum hluta, með því að bera fyrir sig, að hún hafi afhent sendinguna til næstu póststjórnar, án þess að hún hafi gert nokkra athugasemd.

3. — Ef týnslan, ránið eða skemmdirnar hafa farið fram á landssvæði í þjónustu milli liggjandi póststjórnar, sem ekki er með í samningi þessum, skulu hinar póststjórnirnar bera að jöfnu skaða þann, sem slík póststjórn ber ekki sjálf samkvæmt ákvæðum þeim, sem sett eru í 25. grein alþjóðapóstsamningsins. Í þessu tilfelli skal sendandi sanna á órækan hátt, að innihald sendingarinnar hafi verið heilt, óskaddað og vandlega um það búið.

Aðferð sú, sem nefnd er í næstu málsgrein á undan, um skiftingu skaðabótagreiðslu milli hlutaðeigandi póststjórna gildir, ef um sjóflutning er að ræða og týnslan, ránið eða skemmdirnar hafa orðið í þjónustu einhverrar samningspóststjórnar, sem ekki tekur á sig ábyrgðina (17. grein, stafliður g).

4. — Tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki fást afnumin, skulu greidd af póststjórnum þeim, sem bera ábyrgð á skaðanum. 85 31. des.

5. — Nú eru skaðabætur greiddar að fullu og öðlast þá póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, réttindi þess, sem við þeim hefir tekið, á allt að upphæð skaðabótanna, að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að sendanda, viðtakanda eða þriðja manni.

6. — Ef sending, sem talin er glötuð, kemur seinna fram, skal þó þeim, sem skaðabæturnar voru greiddar, gefinn kostur á að taka við henni gegn því, að endurgreiða upphæð hinna greiddu skaðabóta.

21. grein.

Takmörkun ábyrgðar.

1. — Ábyrgð sérhverrar póststjórnar gagnvart hinum póststjórnunum er undir öllum kringumstæðum aðeins bundin við þá hámarksupphæð, sem hún hefir sjálf ákveðið fyrir sendingar með tilgreindu verði.

2. — Ef bréf eða askja með tilgreindu verði hefir glatazt, verið rænd eða skemmzt, vegna ofureflis (vis major), skal sú póststjórn, sem týnslan, ránið eða skemmdirnar hafa orðið hjá, meðan sendingin fór yfir hennar svæði eða var í hennar vörzlum, því aðeins bera ábyrgð gagnvart sendipóststjórninni, að bæði löndin taki að sér ábyrgð gegn ofurefli (vis major).

22. grein.

Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.

1. — Póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, eða ber kostnaðinn við greiðsluna, er skyld að greiða póststjórn sendilandsins innan þriggja mánaða eftir tilkynningu um greiðsluna, skaðabótaupphæð þá, sem raunverulega hefir verið greidd sendanda. Þessi greiðsla fer fram án kostnaðar fyrir póststjórnina, sem á inni, annaðhvort með póstávísun, tékk eða víxli, sem greiðist við sýningu í höfuðstað eða verzlunarborg landsins, sem á inni, eða þá með peningum, sem hafa gangverð þar. Þegar þriggja mánaða fresturinn er út runninn, falla vextir á upphæð þá, sem skuldast póststjórn sendilandsins, 7% á ári, frá þeim degi að telja, er fresturinn er út runninn.

2. — Póststjórn sendilandsins getur ekki krafizt endurgreiðslu skaðabótanna hjá póststjórn þeirri, sem ábyrgðina ber, fyrr en eftir tvö ár, að telja frá dagsetningu tilkynningar um týnsluna, ránið eða skemmdirnar, eða, ef svo ber undir, frá þeim degi, er frestur sá, sem nefndur er í 2. lið 58. greinar alþjóðapóstsamningsins, rennur út.

85 31. des. 3. — Sú póststjórn, sem réttilega hefir sannazt á, að ábyrgðina beri, og neitar þó að greiða skaðabæturnar, skal, auk þeirra, bera allan aukakostnað. sem kann að leiða af hinum óréttmæta drætti á greiðslunni.

III. KAFLI.

Póstkröfusendingar.

23. grein.

Burðargjöld og skilyrði.

Á bréf og öskjur með tilgreindu verði má leggja póstkröfur eftir reglum þeim, sem settar eru í 61. grein alþjóðapóstsamningsins. Slíkar sendingar skal farið með, og á þær sett burðargjald, eins og sendingar með til greindu verði af sömu tegund.

24. grein.

Afnám eða lækkun póstkröfuupphæðar.

Sendandi sendingar með til greindu verði, sem póstkrafa hvílir á, getur heimtað afnám póstkröfuupphæðarinnar að öllu eða nokkru leyti.

Með slíkar beiðnir skal farið eftir ákvæðum 62. greinar alþjóðapóstsamningsins.

25. grein.

Ábyrgð ef sending glatast, er rænd eða skemmist.

Tapist bréf eða askja með til greindu verði, sem póstkrafa hvílir á, eða sé rænt úr henni eða hún skemmist, hefir það í för með sér ábyrgð á hendur póstþjónustunni, samkvæmt skilyrðum þeim, sem nefnd eru í næsta kafla hér á undan.

26. grein.

Skaðabætur fyrir vanrækta, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.

Hafi sendingin verið afhent viðtakanda án innheimtu á póstkröfuupphæðinni, á sendandi rétt á skaðabótum, þó með þeim skilyrðum, að krafa hafi verið sett fram innan þess tímabils, sem tiltekið er í 2. lið 51. greinar alþjóðapóstsamningsins, og að vanræksla á innheimtunni sé ekki að kenna yfirsjón hans sjálfs eða hirðuleysi, og ennfremur að innihald sendingarinnar falli ekki undir eitthvert af forboðum þeim, sem nefnd eru í 9. og 10. grein.

Sama gildir og, ef upphæð sú, sem heimt er inn hjá viðtakanda, 85
reynist lægri en upphæð hinnar tilgreindu póstkröfu, eða ef innheimt- 31. des.
an hefir verið framkvæmd á sviksamlegan hátt.

Skaðabæturnar geta undir engum kringumstæðum orðið hærri en upphæð póstkröfunnar.

Nú eru skaðabætur greiddar að fullu og öðlast þá póststjórnin, sem ábyrgðin hvílir á, réttindi þess, sem við þeim hefir tekið, allt að upphæð skaðabótanna, að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að viðtakanda, sendanda eða þriðja manni.

27. grein.

Ábyrgð á hinum innheimtu upphæðum. — Útborgunarskylda. — Frestur og aðgangur til endurgreiðslu. — Skifting á burðargjaldinu.

Ákvæðin í 64., 66., 67., 68., 69., 70. og 71. grein alþjóðapóstsamningsins gilda einnig um sendingar með tilgreindu verði, sem póstkrafa hvílir á.

IV. KAFLI.

Rjettur til burðargjaldanna. Transítgjöld.

28. grein.

Réttur til burðargjaldanna.

Að undanteknu því, sem ákveðið er í 71. grein alþjóðapóstsamningsins, heldur hver póststjórn að öllu leyti burðargjöldum þeim og póstgreiðslum, sem samningur þessi getur um og hún hefir inn heimt.

29. grein.

Transít- og geymslugjöld.

Bréf og öskjur með tilgreindu verði eru háð transít- og geymslugjaldi því, sem nefnt er í alþjóðapóstsamningnum.

V. KAFLI.

Ýms ákvæði.

30. grein.

Beiting á ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Ákvæði alþjóðapóstsamningsins og starfsreglugjörðar hans gilda

85 31. des. um sendingar með tilgreindu verði í öllu því, sem ekki er skýrt tekið fram í þessum samningi eða starfsreglugjörð hans.

31. grein.

Pósthús, sem taka þátt í starfinu.

Póststjórnirnar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, að svo miklu leyti sem auðið er, að öll pósthús taki þátt í viðskiftunum á bréfum og öskjum með tilgreindu verði.

32. grein.

Samþykkt á frumvörpum milli póstþinga.

Til þess að öðlast gildi, þurfa frumvörp þau, sem koma fram milli póstþinga (18. og 19. grein alþjóðapóstsamningsins), að fá:

a) öll atkvæði, ef um er ræða viðbót nýrra ákvæða eða breytingu á ákvæðum þessarar greinar eða 1. til 6., 8., 11., 12., 13., 15. til 30. og 33. greinar samningsins eða 16. greinar starfsreglugjörðarinnar;

b) tvo þriðju atkvæða, ef um er að ræða breytingu á öðrum ákvæðum þessa samnings en þeim, sem nefnd eru í greinunum að ofan; eða 3., 4., 5., 7., 8., 9., 11. og 15. grein starfsreglugjörðarinnar;

c) einfaldan meiri hluta atkvæða, ef um er að ræða breytingar á öðrum greinum starfsreglugjörðarinnar eða skilning á ákvæðum samnings þessa og starfsreglugjörðar hans, að undan teknu atriðinu um ágreining, sem nefnt er í 10. grein alþjóðapóstsamningsins.

Niðurlagsatriði.

33. grein.

Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Samningur þessi kemur til framkvæmda 1. júlí 1930 og gildir um óákveðinn tíma.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar stjórnanna í framangreindum löndum undirskrifað þennan samning í einu eintaki, sem skal geymt í skjalasafni hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og fær hver aðili afrit af því.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

Loka-ákvæði.

Í því að undirritaðir fulltrúar ætluðu að fara að skrifa undir samninginn um bréf og öskjur með tilgreindu verði, sem samþykktur var í dag, komu þeir sér saman um það, sem hér segir:

Einasta grein.

Hámark hins tilgreinda verðs.

Sem undantekning frá 2. grein samningsins, sem ákveður 10.000 franka sem hámark fyrir til greindu verði, sem á engan hátt má fara undir, hafa menn komið sér saman um, að sérhvert land megi lækka þetta hámark niður í 5.000 franka, eða niður í tölu þá, sem það notar í innanríkisþjónustu sinni, ef sú tala er lægri en 5.000 frankar.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar sett þessi loka-ákvæði, sem skulu hafa sama kraft og gildi eins og þó að ákvæði þau, sem þau innihalda, hefðu verið sett í sjálfan samninginn, sem þau eiga við, og hafa þeir undirskrifað eitt eintak, sem geymt skal í skjalasafni hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og skal hver aðili fá afrit af því.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

85
31. des.

Starfsreglugjörð

verðbréfasamningsins.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein. Upplýsingar til póststjórnanna.
2. — Flutningsleiðir.
3. — Hvernig flutningi sendinga skal hagað.

II. KAFLI.

Skilyrði fyrir móttöku.

4. grein. Ytri frágangur sendinga.
5. — Tilgreining á verði. — Tollskrár.
6. — Sviksamleg tilgreining verðs.

III. KAFLI.

Meðferð sendinga við burtför og komu.

7. grein. Tilgreining á þyngd sendinga. — Dagstimpill. — Gjaldfrjáls bréf og öskjur.
8. — Verðbréfaskrár. — Útbúnaður bréfapakka. — Hvar verðsendingar skuli settar í póstinn.
9. — Athugun á pökkunum. — Ýmiskonar afbrigði.
10. — Áfram sending. — Sendingar, sem ekki verður komið til skila.

IV. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Reikningsskil.

11. grein. Transít- og geymslugjöld.
12. — Gjaldfrjáls bréf og öskjur. — Greiðsla á reikningunum.

V. KAFLI.

Ýms ákvæði.

13. grein. Móttökukvittun. — Póstkröfusendingar. — Hraðboðasendingar. — Fyrirspurnir.
14. — Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.
15. — Tilkynningar og upplýsingar.

Niðurlagsatriði.

16. grein. Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda, og hversu lengi hún gildir.

85
31. des.

Starfsreglugjörð

fyrir

samninginn um skifti á bréfum og öskjum með tilgreindu verði.

Samkvæmt 4. grein alþjóðapóstsamningsins, sem gerður var í Lundúnum hinn 28. júní 1929, hafa undirritaðir, hver í nafni sinnar stjórnar, sameiginlega samþykkt eftirfarandi ákvæði til framkvæmda á samningnum um skifti á bréfum og öskjum með til greindu verði.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein.

Upplýsingar til póststjórnanna.

1. — Póststjórnir þær, sem halda uppi reglubundnum samböndum sjóleiðis, sem notuð eru til flutnings á almennum pósti innan svæðis póstsambandsins, skulu gefa öðrum póststjórnum upplýsingar um, hvað af þessum samböndum sé hægt að nota til flutnings með skaðabótaskyldu, á bréfum og öskjum með til greindu verði.

2. — Þær póststjórnir samningslandanna, sem halda uppi beinum viðskiftum, tilkynna hver annari með töflum, eins og við fest fyrirmynd V D 1 sýnir:

a) nafnaskrá yfir þau lönd, sem þær geta, hver um sig, verið milliliðir fyrir, við flutning á bréfum og öskjum með til greindu verði;
b) leiðir þær, sem eru opnar til flutnings á þess háttar sendingum, þegar þær eru komnar inn á landssvæði þeirra eða í þjónustu þeirra;
c) hámarksupphæð þá, sem þær leyfa á sendingum með til greindu verði;
d) tölu tollskráa, sem eiga að fylgja öskjum með til greindu verði.

2. grein.

Flutningsleiðir.

Með hliðsjón til taflanna, V D 1. sem hver póststjórn fær frá hinum, er við hana skifta, ákveður hún flutningsleiðirnar fyrir sínar sendingar.

3. grein.

Hvernig flutningi sendinga skal hagað.

1. — Flutningur á verðsendingum milli nágrannalanda eða landa, sem hafa bein viðskifti sjóleiðis, er framkvæmdur af þeim af viðskiftapósthúsunum, sem hlutaðeigandi póststjórnir útnefna til þess sameiginlega.

2. — Í viðskiftum milli landa, sem eru að skilin af einni eða fleirum milli liggjandi póststjórnum, skulu bréf og öskjur með til greindu verði ávallt fylgja beinustu leið, og sem aðalregla, afhent í stykkjatali til fyrstu milli liggjandi póststjórnar, svo framarlega sem sú póststjórn sér sér fært að ábyrgjast flutninginn, samkvæmt skilyrðum þeim, sem eru ákveðin í 1. og 2. grein hér að framan.

3. — Sendi- og ákvörðunarpóststjórn hafa þó heimild til þess, að koma sér saman innbyrðis um, að senda sendingar með til greindu verði í lokuðum póstflutningi, með til styrk eins eða fleiri milli liggjandi landa, hvort sem þau taka þátt í samningnum eða ekki. Milli liggjandi póststjórnum skal gert aðvart í tæka tíð. Póststjórnir þær, sem hlut eiga að máli, geta einnig komið sér saman um að ábyrgjast flutninginn í stykkjatali eftir lengri leið, þegar svona lagaður flutningur eftir beinni leið hefir ekki í för með sér skaðabótaskyldu fyrir alla leiðina.

II. KAFLI.

Skilyrði fyrir móttöku.

4. grein.

Ytri frágangur sendinga.

1. — Bréf með til greindu verði eru því aðeins tekin til flutnings, að þau séu í umslagi, sem lokað sé með nákvæmlega eins lakkinnsiglum, úr góðu lakki, með millibili og sýni sérstakt merki, og séu nægilega mörg til þess að halda broti umslagsins saman. Umslögin skulu vera sterk, og búin til úr einum og sama heilum hlut, og efnið þannig, að lakkinnsiglin festist algerlega við þau. Bannað er að nota algerlega gagnsæ umslög eða með lituðum röndum, svo og umslög með gagnsærri rúðu.

2. — Sérhvert bréf skal vera þannig út búið, að ekki verði farið í innihaldið, án þess að glögg merki um skemmdir sjáist á umslaginu að utan eða á innsiglunum.

3. — Frímerkin, sem notuð eru til frímerkingar, og miðar er snerta póstþjónustuna, skulu sett á bréfið með bili á milli, svo að þau verði ekki höfð til að hylja skemmdir á umslaginu. Ekki má heldur

85 beygja þau yfir hliðar þess, þannig að þau hylji röndina. Bannað er að
31. des. líma á verðbréf aðra miða en þá, sem koma póstþjónustunni við.

4. — Gimsteinar og dýrgripir skulu látnir í nægilega sterkar öskjur úr tré eða málmi; sé askjan úr tré, skulu hliðar hennar vera 8 millimetrar að þvermáli minnst.

5. — Öskjuhliðarnar, sem vita upp og niður (lokið og botninn), skulu klæddar hvítum pappír fyrir utanáskrift til viðtakanda, til greining á verðinu og þjónustustimpla. Utan um öskjurnar skal bundið sterku seglgarni, óhnýttu og skal yfir báða endana setja haldgott lakkinnsigli með sérstöku merki. Á alla 4 hliðarfleti öskjunnar skal þar að auki setja lakkinnsigli, er séu nákvæmlega eins.

6. — Bréf og öskjur með til greindu verði, sem skrifað er utan á með fangamarki eingöngu, eða með blýanti, svo og þær öskjur, er hafa eitthvað út skafið eða yfir strikað í utanáskriftinni, verða ekki teknar til flutnings. Hafi slíkar sendingar ranglega verið teknar til flutnings, er skylda að endursenda þær til upprunapósthússins.

5. grein.

Tilgreining á verði. — Tollskrár.

1. — Tilgreining verðs skal sett í mynt sendilandsins og skrifuð af sendanda á utanáskriftarhlið sendingarinnar með latnesku letri, í bókstöfum og aröbskum tölum án útþurrkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þótt staðfest sé.

2. — Upphæð hins til greinda verðs skal þar að auki breytt í gullfranka af sendanda eða póststjórn sendilandsins. Það sem út kemur skal svo til greint með nýjum tölum við hliðina á eða undir þeim tölum, er tákna upphæð hins til greinda verðs í mynt sendilandsins. Þessu ákvæði skal ekki beitt í beinum viðskiftum milli landa, er hafa sameiginlega mynt.

Undir upphæð gullfrankanna skal setja feitt strik með litblýanti.

3. — Öskjum með til greindu verði skulu fylgja tollskrár, eins og fyrirmynd C 2, sem er við fest starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins, í þeim viðskiftum, þar sem slíkra tollskráa er krafizt.

4. — Póststjórnirnar bera enga ábyrgð á því, er tollskrárnar snertir.

6. grein.

Sviksamleg til greining verðs.

Verði einhver atvik eða fyrirspurnir frá hlutaðeigendum til þess að leiða í ljós, að það hafi verið á sviksamlegan hátt til greint hærra verð, en í raun og veru hefir verið látið í bréf eða öskju, skal uppruna-

póststjórninni gert aðvart um það, eins fljótt og auðið er, og rannsókn- 85
arskjölin, ef nokkur eru, send með tilkynningunni. 31. des.

III. KAFLI.

Meðferð sendinga við burtför og komu.

7. grein.

Tilgreining á þyngd sendinga. — Dagstimpill. — Gjaldfrjáls bréf og öskjur.

1. — Sendipóststjórnin skrifar þyngd hvers bréfs eða öskju með til greindu verði nákvæmlega í grömmum, efst í vinstra horn sendingarinnar, utanáskriftarmegin.

2. — Sendipósthúsið stimplar sendinguna utanáskriftarmegin með stimpli, er til greinir stað og dagsetningu, þegar sendingin er látin á póst. Þar að auki skal á hverja sendingu límdur miði, sem sýni, með latnesku letri, nafn viðtökupósthússins, og númer það, sem sendingin er inn rituð undir í bókum þess, og sömuleiðis rauður miði, sem á standi með feitu letri athugasemdin: „Valeur déclarée".

Póststjórnunum er þó heimilt að nota í stað þessara tveggja miða, sem nefndir eru í greininni á undan, einn miða, rauðan að lit, eins og við fest fyrirmynd V D 2, og sýni hann með latnesku letri bókstafinn V, nafn upprunapósthússins og númerið, sem sendingin er inn rituð undir í bókum þess.

3. — Milli liggjandi póststjórnir mega ekki setja neitt númer á framhlið bréfa eða askja með til greindu verði, svo að eigi valdi það ruglingi á innritunarnúmeri sendingarinnar hjá upprunapósthúsinu.

4. — Ákvörðunarpósthúsið stimplar bakhlið sendingarinnar með stimpli, er sýnir komudaginn.

5. — Ákvæði 11. og 44. greina starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda um bréf og öskjur með til greindu verði, sem eiga að afhendast gjaldfrítt.

8. grein.

Verðbréfaskrár. — Útbúnaður bréfpakka. — Hvar verðsendingar skuli settar í póstinn.

1. — Bréf og öskjur með til greindu verði skulu færð, hvort um sig, af sendipósthúsinu, á sérstakar verðbréfaskrár, eins og við fest fyrirmynd V D 3, og með öllum þeim sérstöku athugasemdum, sem formið gefur tilefni til.

85 31. des. Að því er snertir inn ritun sendinga, sem bera á út með hraðboða, skal í dálkinn „Observations" skrifa athugasemdina „Exprès".

2. — Bréf og öskjur með til greindu verði, skulu ásamt verðbréfaskránni eða skránum tekin saman í einn eða fleiri sérstaka pakka, sem fyrst eru reyrðir saman með seglgarni og sveiptir sterkum pappír, síðan vafðir með seglgarni að utan og lakkaðir á öllum brotum með innsigli sendipósthússins úr haldgóðu lakki. Á pökkum þessum skal standa utanáskriftin: „Valeurs déclarées" eða „Lettres de valeur déclarée" eða „Boîtes de valeur déclarée".

Í stað þess að setja bréf með til greindu verði í eiginlegan pakka, má einnig setja þau í sterkt umslag, og skal því lokað með lakkinnsiglingum.

Ef tala eða stærð bréfa eða askja með til greindu verði er mjög mikil, má láta sendingarnar í sérstakan poka, og skal hann vera lokaður eins og vera ber og sett fyrir innsigli úr lakki eða blýi.

3. — Hvort slíkir pakkar eða pokar séu í pósti skal til greint með því, að setja tölu þeirra í reitinn nr. III á bréfaskránni, og er sömuleiðis innrituð í hann samtala allra verðsendinga í póstflutningnum. Ef engir pokar eða pakkar með verðsendingum eru í póstinum, skal setja orðið „Néant" í þennan reit.

4. — Pakkinn eða pokinn með verðsendingunum er síðan settur í pakkann eða pokann með ábyrgðarsendingunum. Þegar ábyrgðarsendingar eru í fleiri pokum en einum, skal pakkinn eða pokinn með verðsendingunum settur í þann poka, sem umslagið með bréfaskránni er fest við opið á, samkvæmt fyrirmælum starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

5. — Hvenær sem önnurhvor póststjórnanna, er skiftast á verðsendingum, heimtar, skulu öskjur með til greindu verði að greindar og færðar á sérstök eyðublöð, V D 3, og búið um þær sérstaklega.

9. grein.

Athugun á pökkum. — Ýmsikonar afbrigði.

1. — Þegar viðskiftapósthús ákvörðunarlandsins hefir tekið móti pakka eða poka með verðsendingum, athugar það fyrst, hvort pokinn eða pakkinn sé eins og vera ber að útliti og ytri frágangi, og hvort fylgt hefir verið öllum fyrirmælum, sem flutningurinn er háður, samkvæmt næstu grein á undan.

2. — Þar næst fer pósthúsið að athuga sérstaklega sendingarnar með til greindu verði, og aðgæta, hvort nokkuð vanti eða sé skakkt á annan hátt, og, ef svo ber undir, leiðrétta verðbréfaskrárnar, og fer það að í þessu efni eins og fyrir er mælt í reglum um ábyrgðarsendingar í 58. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

3. — Komi í ljós, annaðhvort að eitthvað vanti eða hafi breytzt 85
eða þá einhver önnur óregla, er sé þannig vaxin, að ábyrgð hlutaðeig- 31. des.
andi póststjórna komi til greina, skal þar um taka skýrslu, er, að svo miklu leyti sem unnt er, ásamt öllum umbúðum (poka, umslagi), seglgarni og innsiglum allra pakka og poka, innri sem ytri, er verðsendingarnar voru fluttar í, sendist í ábyrgðarbréfi sem þjónustusending til aðalpóststjórnar þess lands, sem sendipósthúsið heyrir undir, alveg óháð leiðréttingarskýrslu þeirri, sem þegar í stað skal send til sendipósthússins. Afrit af skýrslunni sendist samtímis til aðalpóststjórnar þeirrar, sem ákvörðunarpósthúsið heyrir undir, eða einhverrar annarar skrifstofu, sem hún ákveður.

4. — Alveg óháð ákvæðunum í 3. lið og beitingu á þeim, skal það viðskiftapósthús, sem tekur á móti sendingu, sem ekki er nægilega búið um, eða er skemmd, flytja sendinguna áfram, eftir að hafa látið hana í nýjar umbúðir, ef þörf er á, en þó þannig, að hinum upprunalegu umbúðum sé haldið, að svo miklu leyti sem auðið er.

Séu skemmdirnar þannig vaxnar, að hægt hafi verið að taka innihaldið burtu, skal pósthúsið byrja á því, að opna sendinguna í embættis nafni og rannsaka innihald hennar.

Í báðum tilfellum skal vega sendinguna áður og eftir að búið er að búa um hana á ný, og hvortveggja þyngdin til greind á umslaginu. Þar á eftir skal skrifa „Remballé à ....“ (Búið um á ný á ....) og síðan setja dagstimpilinn og undirskriftir póstmanna þeirra, sem búið hafa um sendinguna á ný.

Um rannsóknina á innihaldinu skal gera skýrslu og festa afrit af henni við sendinguna.

5. — Sendingar með til greindu verði, sem eru ófrímerktar eða aðeins frímerktar að nokkru leyti, skal afhenda viðtakanda án gjalds, nema þegar á þeim hvíla gjöld vegna áframsendingar út yfir fyrsta svæði (14. grein samningsins). Afbrigðin skulu þó tilkynnt upprunapósthúsinu með leiðréttingarskýrslu.

10. grein.

Áframsending. — Sendingar, sem ekki verður komið til skila.

1. — Nú er viðtakandi bréfs eða öskju með til greindu verði farinn til lands, sem ekki hefir skrifað undir þennan samning, og skal þá sendingin þegar í stað endursend sem óskilasending til upprunalandsins til afhendingar sendanda, nema fyrsta ákvörðunarland sjái sér fært að senda hana áfram.

2. — Sendingar með tilgreindu verði, sem einhverra orsaka vegna ekki hefir orðið komið til skila, skulu endursendar, eins fljótt og unnt er, og í síðasta lagi innan þess tíma, sem til tekinn er í alþjóðapóst-

85 samningnum (50. grein). Sendingar þessar skulu til færðar á hina sér-
31. des. stöku skrá V D 3, og teknar með í pakkann eða pokann, sem skrifað er utan á „Valeurs déclarées".

3. — Tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld, og ekki hefir fengizt afnám á við áframsendingar eða endursendingar til upprunalands, skulu innheimt hjá hinu nýja ákvörðunarpósthúsi, eins og segir í 8. lið 45. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

IV. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Reikningsskil.

11. grein.

Transít- og geymslugjöld.

Transít- og geymslugjöld þau, sem greiða ber milli liggjandi póststjórnum, skulu reiknuð út á þann hátt, sem segir í alþjóðapóstsamningnum.

12. grein.

Gjaldfrjáls bréf og öskjur. — Greiðsla á reikningunum.

Ákvæði 76. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda einnig um greiðslu reikninga fyrir bréf og öskjur, sem eiga að afhendast gjaldfrítt.

Þó skulu þær póststjórnir, sem lýsa því yfir, að þær geti ekki gengið að þeirri aðferð á reikningsskilunum, sem nefnd eru í þessari grein, skyldar að skýra frá, hvaða ákvæði þær vilji hafa í þessu efni.

V. KAFLI.

Ýms ákvæði.

13. grein.

Móttökukvittun. — Póstkröfusendingar. — Hraðboðasendingar. — Fyrirspurnir.

Eftirfarandi ákvæði starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda:

a) um móttökukvittanir, 26. og 27. grein;

b) um póstkröfusendingar, 28. til 40. greinar; 85
c) um hraðboðasendingar, 42. og 55. grein; 31. des.
d) um fyrirspurnir, 51. grein.

14. grein.

Afturköllun. — Breyting á undirskrift.

Ákvæði 48. og 49. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda um afturköllun eða breytingu á utanáskrift.

Sé um að ræða breytingu á utanáskrift, sem um er beðið símleiðis, skal beiðnin staðfest með fyrsta pósti, með beiðni póstleiðis, og skal fylgja henni líking sú, sem nefnd er í 1. lið 48. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins, og skal efst á hann skrifuð og undirstrikuð með litblýanti þessi athugasemd: „Confirmation de la demande télégraphique du .....". (Staðfesting á beiðni símleiðis frá .....).

Í slíku tilfelli lætur ákvörðunarpósthúsið sér nægja að halda sendingunum eftir, þegar það fær símskeytið, og bíður með að framkvæma beiðnina, þangað til staðfesting á henni er komin póstleiðis.

Ákvörðunarpóststjórnin getur þó á eigin ábyrgð orðið við slíkri beiðni, sem send er símleiðis, án þess að bíða eftir staðfestingunni.

15. grein.

Tilkynningar og upplýsingar.

1. — Fyrir milligöngu alþjóðaskrifstofunnar og 3 mánuðum áður en samningurinn gengur í gildi, skulu póststjórnirnar tilkynna öðrum póststjórnum:

a) ábyrgðargjaldstaxtann, sem þær nota í sinni þjónustu við bréf og öskjur með til greindu verði samkvæmt 3. grein samningsins;
b) hámark það, sem þær hafa fastákveðið fyrir verðsendingar;
c) tölu tollskráa, sem eiga að fylgja öskjum með til greindu verði til þeirra eigin lands, og fyrir öskjur í transít, svo og hvaða mál megi vera á tollskránum;
d) ef svo ber undir, skrá yfir þau pósthús þeirra, sem senda má til sendingar með til greindu verði (31. grein samningsins).

2. — Sérhver breyting, sem seinna kann að verða á einhverju ofangreindra atriða, skal þegar í stað tilkynnt á sama hátt.

85
31. des.

Niðurlagsatriði.

16. grein.

Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda og hversu lengi hún gildir.

Reglugjörð þessi kemur til framkvæmda sama dag og samningurinn um skifti á bréfum og öskjum með til greindu verði gengur í gildi.

Hún skal gilda jafn lengi og samningurinn, nema hún verði endurnýjuð að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðilja.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

Póstávísanasamningurinn.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Byrjunarákvæði.

1. grein. Skilyrði fyrir skiftum á ávísunum.

II. KAFLI.

Útgáfa póstávísana.

2. grein. Innborgun. — Kvittun.
3. — Tilgreining upphæðar. Verðhlutfall.
4. — Hámarksupphæð við útgáfu.
5. — Burðargjald.
6. — Undanþága frá burðargjaldi.
7. — Símapóstávísanir.
8. — Útborgunarkvittun.
9. — Afhending með hraðboða.

III. KAFLI.

Útborgun póstávísana.

10. grein. Útborgun.
11. — Hámarksupphæð við útborgun.
12. — Greiðsla í pósthlaupareikning.
13. — Gjald fyrir afhendingu á heimili.
14. — Gjald fyrir útborgunarheimild.
15. — Poste restante ávísanir.
16. — Útburður með hraðboða. — Afhending símaávísana.
17. — Gildi ávísana.
18. — Ábeking ávísana.

85
31. des.

IV. KAFLI.

Afturköllun. — Breyting á utanáskrift. — Áframsending. — Óskilaávísanir. — Fyrirspurnir.

19. grein. Afturköllun ávísana. — Breyting á utanáskrift.
20. — Áframsending póstávísana.
21. — Óskilaávísanir.
22. — Fyrirspurnir.

V. KAFLI.

Ábyrgð.

23. grein. Víðtæki ábyrgðar.
24. — Undantekning frá reglunni um ábyrgð.
25. — Útborgun á upphæðum, sem spurzt er fyrir um.
26. — Frestur á útborgun.
27. — Endurgreiðsla á út lögðum upphæðum til póststjórnar upprunalandsins.

VI. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Fyrntar ávísanir.

28. grein. Skifting burðargjalds og þóknana.
29. — Reikningsskil.
30. — Greiðsla.
31. — Fyrntar ávísanir.

VII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

32. grein. Pósthús, sem taka þátt í viðskiftunum.
33. — Þátttaka annara framkvæmdastjórna.
34. — Beiting á hinum almennu ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.
35. — Bann við að taka stimpilgjöld eða önnur gjöld.
36. — Samþykkt á frumvörpum, er koma fram milli póstþinga.

Niðurlagsatriði.

37. grein. Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda og hversu lengi hann gildir.

Alþjóðapóstsambandið.

85
31. des.

Samningur

um

póstávísanaviðskifti

gerður milli

Albaníu; Þýzkalands; Lýðveldisins Argentínu; Austurríkis; Belgíu; Bolivíu; Búlgaríu; Chili; Kína; Lýðveldisins Columbíu; Lýðveldisins Cuba; Danmerkur; Fríborgarinnar Danzig; Hins dominikanska lýðveldis; Egyptalands; Spánar; Allra spánskra nýlendna; Estlands; Etiópíu; Finnlands; Frakklands; Algiers; Hinna frönsku nýlendna og vernduðu landa í Indókína; Allra annara franskra nýlendna; Grikklands; Konungsríkisins Hedjaz og Nedjde og tilheyrandi landa; Lýðveldisins Honduras; Ungverjalands; Íslands; Ítalíu; Allra ítalskra nýlendna; Japans; Chosen; Allra annara japanskra eigna; Lettlands; Lýðveldisins Líberíu; Lithauen; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spánska hlutanum); Marokkó (spánska hlutans); Nicaragua; Noregs; Lýðveldisins Panama; Paraguay; Hollands; Hollenzkra Indía; Hollenzkra nýlendna í Ameríku; Perú; Persíu; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlendna í Afríku; Hinna portúgölsku nýlendna í Asíu og í Eyjaálfu; Rúmeníu; Lýðveldisins San Marino; Saarhéraðsins; Síam; Svíþjóðar; Sviss; Tékkóslóvakíu; Tunis; Tyrklands; Uruguay; Páfaríkisins; Bandaríkja Venezuela; Yemen og Konungsríkisins Jugóslavíu.

Samkvæmt 3. grein alþjóðapóstsamningsins hafa undirritaðir fulltrúar stjórnanna í ofan greindum löndum í sameiningu, og með þeim fyrirvara, að fullgilding fáist, orðið ásáttar um eftir farandi samning:

85
31. des.

I. KAFLI.

Byrjunarákvæði.

1. grein.

Skilyrði fyrir skiftum á ávísunum.

Skifti á póstávísunum milli þeirra samningslanda, þar sem póststjórnirnar koma sér saman um að hafa þau, skulu framkvæmd eftir ákvæðum þessa samnings.

II. KAFLI.

Útgáfa póstávísana.

2. grein.

Innborgun. — Kvittun.

Póststjórnir þær, sem að samningnum standa, ákveða, á hvern hátt sendendur skuli greiða fjárhæðir þær, sem þeir óska að breyta í póstávísanir.

Kvittun skal láta sendanda í té ókeypis.

3. grein.

Tilgreining upphæðar .— Verðhlutfall.

1. — Nema öðruvísi sé á kveðið, skal upphæð hverrar póstávísunar til greind í mynt þess lands, sem ávísunin á að greiðast í.

2. — Póststjórn sendilandsins ákveður sjálf verðhlutfallið milli sinnar myntar og myntar ákvörðunarlandsins. Hún ákveður sömuleiðis innborgunargengið, þegar sendi- og ákvörðunarland hafa sömu mynteiningu.

4. grein.

Hámarksupphæð við útgáfu.

Sérhver póststjórn hefir rétt til þess, að ákveða hámarksupphæð þeirra ávísana, sem hún gefur út, með því skilyrði að hámarkið fari ekki fram úr 1000 frönkum.

Þó mega ávísanir, sem snerta póstþjónustuna sjálfa og gefnar eru út burðargjaldsfrítt, samkvæmt ákvæðum 6. greinar, fara fram úr hámarki því, sem hver póststjórn ákveður.

5. grein.

Burðargjald.

1. — Burðargjald það, sem sendandi á að greiða fyrir hverja ávísun, er saman sett af fastagjaldi, sem eigi má vera yfir 25 sentíma, og að auki af hlutfallsgjaldi, ½% mest, af hinni innborguðu upphæð.

Sérhver póststjórn hefir rétt til þess, að nota þann gjaldstiga fyrir hlutfallsgjaldið, sem hentar bezt fyrir hennar þjónustu.

2. — Fyrir ávísanir, sem skifzt er á fyrir milligöngu einhvers samningslands, milli annars samningslands og lands utan samningsins, má taka handa hinni milli liggjandi póststjórn aukagjald, er dregst frá upphæð ávísunarinnar.

6. grein.

Undanþága frá burðargjaldi.

1. — Ávísanir, er snerta póstþjónustuna og sendar eru milli póststjórnanna eða milli þeirra og alþjóðaskrifstofu póstsambandsins, eru undanþegnar öllu burðargjaldi.

2. — Sama gildir einnig um ávísanir, er snerta herfanga, og sendar eru eða mótteknar samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru um bréfasendingar í 2. lið 47. greinar alþjóðapóstsamningsins.

7. grein.

Símapóstávísanir.

1. — Póstávísanir má senda símleiðis í viðskiftum milli þeirra landa, sem hafa samband við ríkisritsíma, eða samþykkja að nota til þess einkaritsíma; þær heita þá símapóstávísanir.

Ávísanirnar má einnig senda þráðlaust milli þeirra póststjórna, sem hafa orðið ásáttar um það.

2. — Nema öðruvísi sé um samið, gildir um símapóstávísanir sama og um venjuleg símskeyti, enda með sömu skilyrðum og fyrir þau, að þær eru, að því er meðferð og flutning snertir, háðar fyrirmælum reglugjörðarinnar við alþjóðapóstsamninginn frá Sankti Pétursborg, að því leyti er slík fyrirmæli gilda um símapóstávísanir.

3. — Sendandi símapóstávísunar á að greiða vanalegt póstávísanagjald og símskeytisgjaldið.

4. — Sendandi símapóstávísunar má bæta við á eyðublaðið orðsendingu til viðtakanda, með því að borga fyrir það eftir taxtanum.

5. — Á símapóstávísanir má ekki leggja neinn símakostnað fram yfir þann, sem nefndur er í alþjóðasímareglugjörðum.

85
31. des.

8. grein.

Útborgunarkvittun.

Samkvæmt skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 53. grein alþjóðapóstsamningsins, um móttökukvittanir fyrir bréfasendingum, og innan árs frá því að fjárhæðin var innborguð, getur sendandi almennrar ávísunar eða símaávísunar fengið útborgunarkvittun fyrir ávísuninni, en eingöngu póstleiðis.

9. grein.

Afhending með hraðboða.

Samkvæmt skilyrðum þeim, sem ákveðin eru fyrir bréfasendingar, í 44. grein alþjóðapóstsamningsins, getur sendandi krafizt, að upphæðin sé afhent á heimili viðtakanda af sérstökum burðarmanni, undir eins og ávísunin er komin.

III. KAFLI.

Útborgun póstávísana.

10. grein.

Útborgun.

Upphæðir póstávísana skulu greiddar viðtakendum í löglegri mynt ákvörðunarlandsins.

11. grein.

Hámarksupphæð við útborgun.

Nema öðruvísi sé ákveðið, skal hámarksupphæð póstávísana, sem eiga að borgast í einhverju landi, vera hin sama og sú, er þetta land hefir ákveðið fyrir þær ávísanir, sem það gefur út.

Þegar sami sendandi lætur gefa út margar ávísanir sama dag, á sama stað og til sama viðtakanda, og upphæð þeirra saman lögð fer yfir hámarksupphæð þá, sem ákvörðunarlandið hefir fastákveðið, má ákvörðunarpósthúsið láta greiðsluna fara fram í afborgunum, þannig að upphæð sú, sem greidd er yfir daginn, fari ekki fram úr hámarksupphæðinni.

12. grein.

Greiðsla í pósthlaupareikning.

Sérhver póststjórn getur tekið að sér að greiða upphæð póstávísana í pósthlaupareikning, samkvæmt reglum þeim, er hjá henni

gilda um pósttékkastarfið, og skulu ávísanir í því efni álitnar lög- 85
lega útborgaðar. 31. des.

13. grein.

Gjald fyrir afhendingu á heimili.

Taka má af viðtakanda póstávísunar útburðargjald, þegar greiðslan fer fram á heimili hans.

14. grein.

Gjald fyrir útborgunarheimild.

Ef ávísun tapast, og póstþjónustunni er ekki um að kenna, má taka af sendanda eða viðtakanda fyrir útborgunarheimild þá, sem nefnd er í 8. grein starfsreglugjörðarinnar, gjald, er sé jafnt og fyrirspurn um bréfasendingu.

15. grein.

Poste restante ávísanir.

Sé skrifað utan á póstávísun „Poste restante", má taka af viðtakanda hið sérstaka gjald, sem nefnt er í 37. grein alþjóðapóstsamningsins. Gjald þetta hvílir þó ekki á ávísuninni, sé hún áfram send, eða verði henni ekki komið til skila.

16. grein.

Útburður með hraðboða. — Afhending símaávísana.

1. — Þegar sendandi almennrar póstávísunar krefst þess, að upphæðin sé borin á heimili viðtakanda, af sérstökum burðarmanni, hefir póststjórn ákvörðunarlandsins heimild til þess, að senda aðeins tilkynningu um komu ávísunarinnar eða ávísunina sjálfa með hraðboða, í staðinn fyrir upphæðina, að svo miklu leyti sem það er í samræmi við innanlandsákvæði hennar.

2. — Viðtakanda símapóstávísunar skal þegar í stað gert aðvart um komu hennar honum að kostnaðarlausu; þó má, þegar heimili viðtakanda liggur utan svæðis þess, sem ókeypis útburður fer fram á, taka af honum gjald fyrir afhendingu á tilkynningunni með hraðboða, ef sendandi hefir ekki greitt það.

Þegar póststjórn sendilandsins lætur afhenda peningana á heimili viðtakanda, í staðinn fyrir tilkynninguna, er henni heimilt að taka þar fyrir sérstakt gjald með því að draga frá, ef svo ber undir, hraðboðagjaldið, sem sendandi hefir borgað.

85
31. des.

17. grein.

Gildi ávísana.

1. — Ávísanir gilda til loka næsta mánaðar á eftir þeim mánuði, sem þær eru gefnar út í. Þessi frestur er lengdur með fjórum mánuðum í viðskiftum við fjarlæg lönd. Þegar þessi frestur er liðinn, er ekki lengur unnt að borga ávísanirnar út, nema eftir endurnýjunaráteiknun frá póststjórninni, sem hefir gefið þær út, og eftir beiðni póststjórnar ákvörðunarlandsins.

2. — Endurnýjunaráteiknunin veitir ávísuninni nýtt gildi, jafnlangt og það, sem nefnt er í 1. lið þessarar greinar.

3. — Sé gildi ávísunar útrunnið, og ekki sé um að kenna vangá af póstmanna hálfu, má taka gjald fyrir endurnýjunaráteiknunina, er sé jafnt gjaldi því, sem greitt er fyrir fyrirspurn um almenna bréfasendingu.

18. grein.

Ábeking ávísana.

Sérhvert land hefir, á sínu svæði, rétt til þess að lýsa eignarrétt á póstávísunum frá einhverju öðru samningslandi framseljanlegan með ábekingu (endossement).

IV. KAFLI.

Afturköllun. — Breyting á utanáskrift. — Áframsending. — Óskilaávísanir. — Fyrirspurnir.

19. grein.

Afturköllun ávísana. — Breyting á utanáskrift.

Sendandi almennrar póstávísunar eða símapóstávísunar getur látið afturkalla hana úr þjónustunni, eða látið breyta utanáskrift hennar, með þeim skilyrðum sem eru ákveðin fyrir almennar sendingar, samkvæmt 49. grein alþjóðapóstsamningsins, svo framarlega sem viðtakandi hefir hvorki fengið ávísunina sjálfa í hendur né upphæð hennar.

Ef um er að ræða breytingu á utanáskrift, umbeðna símleiðis, skal bæta burðargjaldi undir einfalt ábyrgðarbréf við símskeytisgjaldið.

20. grein.

Áframsending póstávísana.

1. — Hafi viðtakandi flutzt búferlum, má áfram senda póstávísanirnar til hins nýja ákvörðunarlands, annaðhvort eftir beiðni sendanda eða viðtakanda, ef til eru ávísanaviðskifti milli landsins, sem áfram sendir, og hins nýja ákvörðunarlands.

2. — Fari áframsending almennra póstávísana eða símapóstávísana fram póstleiðis, og hið nýja ákvörðunarland hafi póstávísanaviðskifti á grundvelli þessa samnings við upprunalandið, skal ekkert aukagjald tekið í þessu tilefni. En hafi hið nýja ákvörðunarland engin slík viðskifti við upprunalandið, fer áframsendingin fram á þann hátt, að ný ávísun er gefin út og burðargjald undir hana dregið frá upphæðinni, sem á að senda.

3. — Áframsending er leyfð símleiðis á almennum ávísunum og símaávísunum, ef hið nýja ákvörðunarland hefir símaávísanaviðskifti við hið upprunalega ákvörðunarland.

Í slíkum tilfellum er gefin út símapóstávísun fyrir upphæðinni, sem eftir er, þegar búið er að draga frá póst- og símagjöld fyrir hina nýju leið.

4. — Almennar ávísanir og símaávísanir, sem sendar eru frá landi, sem ekki tekur þátt í þessum samningi, en hefir ávísanaviðskifti við eitthvert samningsland, má áfram senda póstleiðis eða símleiðis, frá þessu landi til þriðja lands, sem hefir undirskrifað samninginn, ef hinir sérstöku samningar eru því ekki til fyrirstöðu. Áframsending þessi fer þannig fram, að ný ávísun er gefin út, og burðargjald undir hana dregið frá upphæðinni, sem á að senda.

Með sömu skilyrðum má áfram senda almennar ávísanir og símaávísanir frá samningslandi til lands, sem tekur ekki þátt í samningnum.

21. grein.

Óskilaávísanir.

1. — Póstávísanir, sem neitað er að taka við, svo og þær, sem viðtakendur að eru óþekktir, farnir, án þess að hafa gefið upp heimilisfang, eða farnir til landa, sem ekki er hægt að áfram senda til, skulu þegar í stað endursendar til upprunapósthússins.

Ávísanir, sem ekki hefir verið beiðzt útborgunar á, áður en þær ganga úr gildi, skulu sendar upprunapóststjórninni af póststjórninni, sem hefir þær með höndum.

2. — Ávísanir, sem einhverra orsaka vegna hefir reynzt ókleift að greiða viðtakendum, skulu endurgreiddar sendendum.

85
31. des.

22. grein.

Fyrirspurnir.

1. — Fyrir fyrirspurn um póstávísun, má taka sama gjald og fyrir fyrirspurn um bréfasendingu.

Ekkert gjald skal tekið, hafi sendandi áður greitt sérstakt gjald fyrir útborgunarkvittun.

2. — Fyrirspurn vegna útborgunar á ávísun til óviðkomandi manns, er aðeins tekin til greina innan eins árs, að telja frá deginum næst á eftir þeim, er peningarnir voru innborgaðir.

3. — Sérhver póststjórn er skyld til þess að taka við fyrirspurnum um ávísanir, sem eru út gefnar af öðrum póststjórnum. Sú póststjórn, sem tekur við fyrirspurninni, fær fyrirspurnargjaldið óskift.

4. — Þegar fyrirspurn hefir komið fram vegna vangár póstmanna, er fyrirspurnargjaldið endurgreitt.

V. KAFLI.

Ábyrgð.

23. grein.

Viðtæki ábyrgðar.

Upphæðir þær, sem eru inn borgaðar, til þess að breytast í póstávísanir, eru tíma þann, sem þær eru í gildi, og ákveðinn er af löggjöf upprunalandsins, ábyrgztar sendendum, þangað til ávísanirnar hafa verið borgaðar út, samkvæmt settum reglum.

Ábyrgðin hvílir á póststjórn upprunalandsins, nema þegar útborgunarpósthúsið getur ekki sýnt fram á, að útborgun hafi farið fram samkvæmt gildandi reglum hjá því.

Þegar ársfrestur sá er liðinn, sem nefndur er í 2. lið 22. greinar, bera póststjórnirnar ekki lengur ábyrgð á útborgunum gegn fölskum kvittunum.

24. grein.

Undantekning frá reglunni um ábyrgð.

Póststjórnirnar eru undan þegnar allri ábyrgð í póstávísanaþjónustunni, þegar þær geta ekki gert grein fyrir útborgun, vegna þess að þjónustuskjölin hafa eyðilagzt af ofurefli (vis major).

25. grein.

Útborgun á upphæðum, sem spurzt er fyrir um.

Rísi ágreiningur út af póstávísun, og, að svo miklu leyti sem kemur til ábyrgðar í póstþjónustunni, hvílir skyldan til þess, að bæta fyrirspyrjanda skaðann, á útborgunarpóststjórn, ef á að afhenda hinum raunverulega viðtakanda peningana, en á innborgunarpóststjórn, ef á að endurgreiða þá sendanda.

Póststjórn sú, sem fullnægir fyrirspyrjanda, öðlast endurgreiðslurétt gagnvart póststjórn þeirri, sem ábyrgðina ber á hinni ólöglegu útborgun.

26. grein.

Frestur á útborgun.

1. — Fyrirspyrjanda skal bættur skaðinn eins fljótt og unnt er, og í síðasta lagi innan sex mánaða, að telja frá deginum næst á eftir þeim, sem krafan er sett fram. Frestur þessi er lengdur upp í níu mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd.

Sendipóststjórnin getur, sem undantekningu, frestað endurgreiðslunni fram yfir tíma þann, sem nefndur er í næsta lið á undan, þegar fresturinn, þrátt fyrir alla árvekni af póststjórnanna hálfu við rannsókn málsins, hefir ekki verið nægur til þess að ákveða ábyrgðina.

2. — Póststjórn sendilandsins hefir rétt til þess að fullnægja fyrirspyrjanda fyrir reikning póststjórnar útborgunarlandsins, þegar hún, eftir löglega aðvörun, hefir látið líða þrjá mánuði, án þess að leiða málið til lykta. Frestur þessi er lengdur upp í sex mánuði við fjarlæg lönd.

27. grein.

Endurgreiðsla á út lögðum upphæðum til póststjórnar upprunalandsins.

Póststjórn útborgunarpósthússins, sem borgun hefir verið framkvæmd fyrir, til fyrirspyrjanda af sendipóststjórninni, er skylt að endurgreiða hinni síðarnefndu upphæðina, sem lögð hefir verið út, innan þriggja mánaða frá því hún tók við tilkynningunni um borgunina.

Endurgreiðslan skal framkvæmd póststjórninni, sem inni á, að kostnaðarlausu, annaðhvort með póstávísun, tékka eða víxli, er borgist við sýningu í höfuðborg eða verzlunarborg landsins, sem á inni, eða peningum, sem eru gjaldgengir þar, eða þá eftir samkomulagi, með innskrift til tekna fyrir þetta land í ávísanareikningnum. Þegar

85 31. des. þriggja mánaða fresturinn er liðinn, falla vextir á upphæðina, sem skuldast póststjórn sendilandsins, 7% á ári, að telja frá þeim degi, er fresturinn rennur út.

VI. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Fyrntar ávísanir.

28. grein.

Skifting burðargjalds og þóknana.

1. — Póststjórn upprunalandsins færir póststjórn ákvörðunarlandsins til tekna, á þann hátt, sem starfsreglugjörðin segir fyrir um, fastagjald, sem er 10 sentímar á ávísun, og að auki ¼% af aðalupphæð útborgaðra ávísana.

2. — Þegar áframsending fer fram á ávísun, fær hið nýja ákvörðunarland, hvaða burðargjald sem upprunalandið kann að hafa tekið, burðargjaldshluta þann, sem því hefði borið, hefði ávísunin upprunalega haft utanáskrift þangað.

4. — Gjald fyrir útborgunarkvittanir og hraðboðagjald falla til póststjórnar sendilandsins.

4. — Sé um að ræða endursendingu á ávísun, sem er búin til eftir skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 2., 3. og 4. lið 20. greinar, heldur póststjórn sú, sem áfram sendir, upphæð þeirra gjalda, sem hún dregur frá.

29. grein.

Reikningsskil.

Póststjórnir samningslandanna búa til mánaðarlega reikninga, og eru teknir í þá allar upphæðir, sem borgaðar hafa verið út við pósthús hverra um sig. Þegar ávísanirnar hafa verið útborgaðar í mismunandi mynt, skal lægri inneign, nema öðruvísi sé um samið, breytt í sömu mynt og hærri inneign, og er breyting gerð með því, að taka hið opinberlega meðalgengi í landinu, sem skuldar, á tímabilinu, sem reikningurinn á við.

Reikningarnir skulu jafnaðir af þeirri póststjórn, sem skuldar hinni, innan tiltekins tíma, sem ákveðinn er í reglugjörðinni.

30. grein.

Greiðsla.

Nema öðruvísi sé um samið, skal greiðslan á reikningsjöfnuð-

inum fara fram í þeirri mynt, sem landið, er inni á, notar við greiðslu á póstávísunum. 85 31. des.

Sé jöfnuður einhvers reiknings ekki greiddur innan hins ákveðna tíma, falla vextir á upphæðina, frá þeim degi að telja, er fresturinn rennur út, og þangað til greiðslan fer fram. Vextir þessir eru reiknaðir 7% á ári.

31. grein.

Fyrntar ávísanir.

Peningar þeir, sem breytt er í póstávísanir, sem ekki er búið að krefjast greiðslu á innan þess tíma, að þær fyrnast, falla að fullu og öllu til póststjórnar sendilandsins.

VII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

32. grein.

Pósthús, sem taka þátt í viðskiftunum.

Póststjórnirnar gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, að svo miklu leyti sem hægt er, útborganir á ávísunum á öllum stöðum í landi sínu.

33. grein.

Þátttaka annara framkvæmdastjórna.

Þau lönd, þar sem póstávísanaviðskiftin heyra undir aðrar framkvæmdastjórnir en póststjórnina, geta tekið þátt í póstávísanaviðskiftum þeim, sem ákveðin eru með ákvæðum þessa samnings.

Framskvæmdastjórnum þeim, sem hafa póstávísanaviðskiftin með höndum í þessum löndum, ber að ná samkomulagi við póststjórnina í landi sínu, til þess að tryggja fullkomnar framkvæmdir á öllum ákvæðum samningsins. Hin síðarnefnda stjórn er milliliður fyrir þær í öllum viðskiftum við póststjórnir hinna samningslandanna, svo og við alþjóðaskrifstofuna.

34. grein.

Beiting á hinum almennu ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Hin almennu ákvæði, sem nefnd eru í I. og II. bálki alþjóðapóstsamningsins, eiga einnig við um þennan samning, að undanskildu því, sem 7. grein fjallar um.

85
31. des.

35. grein.

Bann við að taka stimpilgjöld eða önnur gjöld.

Óháð banninu, sem nefnt er í 26. grein alþjóðapóstsamningsins, gildir einnig, að fyrir póstávísanir, og kvittanir á ávísanirnar má ekki taka neins konar þóknun eða gjald.

36. grein.

Samþykkt á frumvörpum, er fram koma milli póstþinga.

Til þess að öðlast gildi, verða frumvörpin, sem koma fram milli póstþinga (18. og 19. grein alþjóðapóstsamningsins), að fá:

a) öll atkvæði, ef um er að ræða viðbót nýrra ákvæða eða breytingu á ákvæðum 1. til 11., 13. til 19., 22., 28., 29., 30., 35., **36.** og 37. greinar samningsins, og 1., 2., 4., 10., 19. og 20. greinar starfsreglugjörðar hans;

b) tvo þriðju atkvæða, ef um er að ræða breytingu á ákvæðum í öðrum greinum samningsins en þeim, sem nefndar eru hér á undan, og 3., 5., 6., 8., 11. og 12. grein starfsreglugjörðar hans;

c) einfaldan meiri hluta atkvæða, ef um er að ræða breytingu á öðrum greinum starfsreglugjörðarinnar eða skilning á ákvæðum samningsins og starfsreglugjörðar hans, að undanteknu atriðinu um deilumál, sem lagt skal í gerðardóm.

Niðurlagsatriði.

37. grein.

Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda og hversu lengi hann gildir.

Samningur þessi kemur til framkvæmda 1. júlí 1930 og gildir um óákveðinn tíma.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar stjórnanna í framangreindum löndum undirskrifað þennan samning í einu eintaki, sem geymt skal í skjalasafni stjórnar Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og fær hver aðili afrit af því.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

Starfsreglugjörð

85
31. des.

póstávísanasamningsins.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Útgáfa. — Flutningur. — Útborgun.

1. grein. Ávísanaeyðublöð.
2. — Áritun á eyðublöðin. Sérstakar orðsendingar.
3. — Flutningur ávísananna.
4. — Símapóstávísanir.
5. — Útborgunarkvittun.
6. — Hraðboða-ávísanir.

II. KAFLI.

Ýmsar reglur.

7. grein. Óreglulegar ávísanir.
8. — Tapaðar, týndar eða eyðilagðar ávísanir.
9. — Endurnýjunaráteiknun.
10. — Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.
11. — Áframsending.
12. — Ávísanir, sem ekki verður komið til skila.
13. — Fyrirspurnir.
14. — Fyrirspurnir um ávísanir útgefnar í öðru landi.

III. KAFLI.

Reikningsfærsla.

15. grein. Mánaðarreikningar.
16. — Aðalreikningar.
17. — Greiðsla á reikningsjöfnuði. — Fyrirframgreiðslur.

IV. KAFLI.

Upplýsingar og tilkynningar. — Eyðublöð.

18. grein. Upplýsingar og tilkynningar.
19. — Eyðublöð.

Niðurlagsatriði.

20. grein. Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda og hversu lengi hún gildir.

Starfsreglugjörð

85
31. des.

fyrir

samninginn um póstávísanaviðskiftin.

I. KAFLI.

Útgáfa. — Flutningur. — Útborgun.

1. grein.

Ávísanaeyðublöð.

Ávísanir skulu útfylltar á eyðublað úr haldgóðum linpappa (karton), eins og viðfest fyrirmynd M P 1.

2. grein.

Áritun á eyðublöðin. Sérstakar orðsendingar.

1. — Hið ritaða mál, sem sett er á ávísanirnar skal skrifað með aröbskum tölum og latnesku letri, án útþurkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þótt staðfest sé.

Tilgreining á upphæðum, sem eru brot úr mynteiningu, má skrifa í tölum, en þó skal fyrir framan töluna, sem táknar eininguna, setja núll, þegar engir tugir eru.

Skrifað mál með blýanti er ekki leyfilegt. Þó mega þjónustuupplýsingar vera skrifaðar með blekblýanti.

2. — Utanáskriftin á ávísununum skal greina viðtakanda þannig, að auðvelt sé að ákveða persónu hins rétta hlutaðeiganda. Nafnstyttingar og símnefni eru ekki leyfð.

3. — Bannað er að skrifa á ávísanir annað en það, sem texti eyðublaðsins segir til um. Sendandi hefir þó leyfi til þess, að bæta orðsendingum til viðtakanda ávísunarinnar við á afklippinginn.

4. — Þjónustuávísanir skulu á framhlið bera áletrað: „Service des postes“ (póstmál) eða aðra athugasemd, því líka.

85
31. des.

3. grein.

Flutningur ávísana.

Ávísanirnar eru fluttar opnar og settar í póstinn á þann hátt, sem segir í 1. lið 56. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

4. grein.

Símapóstávísanir.

1. — Símapóstávísanir eru útbúnar af sendipósthúsinu, og áritaðar til ákvörðunarpósthússins. Nema öðruvísi sé ákveðið, eru þær útfylltar á frönsku og útbúnar sem hér segir:

(Þjónustu upplýsingar, ef ástæða er til).
Mandat (númer póstávísunarinnar).
Poste (nafn ákvörðunarpósthússins).
(Ef svo ber undir, útborgunarkvittun).
(Nafn sendanda).
(Upphæðin, sem send er).
(Nákvæmt nafn viðtakanda, aðsetursstaðar hans og, ef unnt er, heimilis hans).

Tilgreiningar skeytisins skulu ætíð standa í sömu röð og að ofan segir. —

2. — Þjónustu upplýsingar skal skrifa fullt út í bókstöfum, eða með styttingum þeim, sem símastjórnin leyfir.

3. — Þegar símapóstávísanir eru út gefnar annaðhvort af pósthúsinu á stöðum, þar sem engin ritsímastöð er, eða frá stöðum, þar sem eru mörg pósthús, en sendipósthúsið hefir ekki neina símaþjónustu, skal útgáfustaður ávísananna til greindur á skeytunum, næst á eftir númeri ávísunarinnar, þannig:

„Mandat 404 de ....."

4. — Upphæðin, sem send er, skal tilgreind í tölum, og að því er snertir mynteiningarnar (franki, mark o. s. frv.) í bókstöfum í mynt ákvörðunarlandsins.

5. — Sé viðtakandi kvennmaður, er skylda að tilfæra orðin „madame" eða „mademoiselle" við ættarnafn hennar, jafnvel þótt fornafnið sé með, nema þegar það er óþarfa endurtekning á stöðu, titli, starfi eða atvinnu, er segir greinilega til um persónu viðtakanda.

Þó má sleppa því að tilgreina nafn aðsetursstaðar viðtakanda, þegar það er sama og nafn ákvörðunarpósthússins.

Sendanda eða viðtakanda má hvorki tilgreina með skammstöfun eða sérstöku orði, sem þeir hafa komið sér saman um.

6. — Endurtekning að nokkru leyti er skylda (endurtekning frá einni stöð til annarar á eiginnöfnum og tölum).

7. — Sendipósthúsið sendir ákvörðunarpósthúsinu, sem staðfest- 85
ingu, tilkynningu um útgáfu símapóstávísunarinnar, með næsta pósti 31. des.
á eftir og í umslagi, og skal hún vera eins í laginu eða lík og við fest fyrirmynd M P 2. Það er bannað, að líma frímerki eða setja merki frímerkingarvéla á slíka tilkynningu.

8. — Ákvörðunarpósthúsið skal framkvæma borgun, án þess að bíða eftir tilkynningu, en hana heftir það, þegar hægt er, við ávísunina, þegar viðtakandi hefir kvittað hana.

9. — Póststjórnirnar geta heimilað ritsímastöðvum á stöðum, þar sem eru eitt eða fleiri pósthús, að taka við símapóstávísanafénu af sendanda og borga upphæð símaávísananna út á ákvörðunarstaðnum.

5. grein.

Útborgunarkvittun.

1. — Almennar póstávísanir, sem sendendur biðja um útborgunarkvittanir fyrir, skulu bera efst á framhlið með greinilegu letri orðin: „Avis de payement" (útborgunarkvittun).

2. — Ákvæði 26. og 27. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins um móttökukvittanir, gildir einnig um útborgunarkvittanir. Þó skal ekki, þegar beðið er um útborgunarkvittun eftir á, nota eyðublaðið C 13 úr alþjóðapóstsamningnum, heldur eyðublaðið M P 3 úr þessum samningi. — Það er tilskilið, að póststjórnir þær, sem vegna innanríkis ákvæða sinna mega ekki nota eyðublöð við lögð frá sendipóststjórninni, megi búa út útborgunarkvittanir á eyðublöð úr sinni eigin þjónustu.

3. — Skyldan til þess, að útbúa útborgunarkvittun fyrir símapóstávísun, hvílir á póststjórn ákvörðunarlandsins, sem sendir hana til upprunapósthússins þegar í stað eftir útborgun, og áður en það fær tilkynningu um útgáfu ávísunarinnar.

6. grein.

Hraðboðaávísanir.

Ákvæðin í 42. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda um almennar ávísanir, sem bera á út með hraðboða.

85
31. des.

II. KAFLI.

Ýmsar reglur.

7. grein.

Óreglulegar ávísanir.

Almennar póstávísanir, sem ekki hefir verið unnt að borga út af einhverjum eftirgreindum ástæðum:

a) ónákvæm, ónóg eða efasöm tilgreining á nafni eða heimili viðtakenda,
b) ósamkvæmni eða úrfelling á nöfnum eða upphæðum,
c) yfirstrikanir eða leiðréttingar á því, sem á þær er ritað,
d) vöntun á stimplun, undirskrift eða öðrum þjónustu upplýsingum.
e) tilgreining upphæðarinnar, sem á að borga, í annari mynt en þeirri, sem hlutaðeigandi lönd hafa komið sér saman um,
f) notkun eyðublaða, sem ekki eru samkvæmt hinum fyrirskipuðu reglum,

eru endursendar eins fljótt og hægt er, í umslagi til sendipósthússins til leiðréttingar, nema sendandi, eftir að honum hefir verið tilkynnt það, heimti að beitt sé ákvæðum í 2. lið hér á eftir.

Í viðskiftum við fjarlæg lönd, má þó póststjórn ákvörðunarlandsins láta borga út ávísanir, þar sem upphæðin er til greind í annari mynt en þeirri, sem leyfð er, þegar hún getur gert breytinguna með því gengi, sem útgáfupóststjórnin notar, og með því skilyrði, að gera póststjórninni, sem hefir gefið ávísunina út, aðvart þegar í stað. Áhætta við ranga myntbreytingu hvílir á þeirri póststjórn, sem gerir breytinguna.

2. — Ef viðtakandi almennrar póstávísunar óskar og býðst til þess að greiða kostnaðinn, má leiðrétta skekkjuna, sem er til hindrunar fyrir útborgun ávísunarinnar, símleiðis með þjónustu tilkynningu, sem burðargjald er greitt fyrir. Ávísunin er þó geymd á ákvörðunarpósthúsinu, sem leiðréttir hana, þegar það fær leiðréttingarskeytið frá sendipósthúsinu, og leggur skeytið með ávísuninni.

Hafi leiðréttingarskeytið orsakazt af skekkju, sem stafar af vangá póstmanna, skal gjaldið fyrir það endurgreitt réttum hlutaðeiganda.

3. — Þegar ekki er hægt að útborga símaávísanir sakir ófullkominnar eða ónógrar utanáskriftar, eða sakir einhvers annars, sem ekki verður heimfært upp á viðtakanda, skal sendipósthúsinu send þjónustutilkynning símleiðis, er til greini ástæðuna til þess, að útborgun hefir ekki farið fram. Sendipósthúsið rannsakar, hvort skekkjan stafi af vangá frá þjónustunnar hálfu. Sé svo, leiðréttir það skekkjuna þegar í stað með þjónustutilkynningu símleiðis. Annars gerir það sendanda

aðvart, og getur hann þá leiðrétt skekkjuna með þjónustutilkynningu, sem burðargjald er borgað fyrir. 85 31. des.

Þegar skekkja í símapóstávísunum hefir ekki verið leiðrétt innan hæfilegs frests með þjónustutilkynningu símleiðis, skal hún leiðrétt á sama hátt og segir fyrir um almennar póstávísanir.

4. — Þegar aðeins er komin tilkynning um símapóstávísun, en sjálft skeytið vantar, má ekki borga ávísunina út við sýningu á tilkynningunni. Fyrst og fremst ber að gera fyrirspurn um símskeytið með símaþjónustutilkynningu. Þær símaávísanatilkynningar, sem ekki eru komnar með fyrsta pósti eftir dagsetningu ávísunarinnar, skulu krafðar með leiðréttingarskýrslu, er sé eins eða lík og fyrirmynd C 16, er fylgir starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins.

8. grein.

Tapaðar, týndar eða eyðilagðar ávísanir.

1. — Í stað ávísana, sem hafa tapazt, týnzt eða eyðilagzt, má, eftir beiðni sendanda eða viðtakanda, búa út útborgunarheimildir, og lætur póststjórn sendilandsins þau af hendi, eftir að hún í samráði við póststjórn ákvörðunarlandsins, hefir komizt að raun um, að ávísunin hafi hvorki verið útborguð, endurgreidd né áfram send.

Gildi útborgunarheimildanna er jafn langt og ávísananna.

2. — Ef samtímis er krafizt endurgreiðslu af sendanda og útborgunar af viðtakanda fyrir ávísun, sem hefir tapazt, týnzt eða eyðilagzt, skal útborgunarheimildin látin falla þeim fyrr nefnda í té.

3. — Þegar sendandi gerir kröfu til endurgreiðslu á ávísun, sem hefir tapazt, týnzt eða eyðilagzt, verður hann til styrktar kröfu sinni að leggja fram kvittun. Póststjórn sendilandsins leyfir endurgreiðsluna, þegar hún er búin að fullvissa sig um, að póststjórn ákvörðunarlandsins hafi hvorki borgað né muni borga ávísunina út.

Þegar póststjórn ákvörðunarlandsins svarar því, að ávísun hafi ekki komið sér í hendur, getur póststjórn sendilandsins útbúið útborgunarheimild, með þeim fyrirvara, að ávísunin sé ekki talin í neinum þeirra mánaðarreikninga, sem búnir hafa verið til, fram að því að hún verður ógild. — Hafi aftur á móti ekkert svar fengizt hjá póststjórn ákvörðunarlandsins innan þess tíma, sem nefndur er í 1. lið 26. greinar samningsins um að gera kröfjanda skaðlausan, og ef ávísunin er ekki talin í neinum mánaðarreikningi, sem komið hefir fram að þeim tíma, er frestur rennur út, þá hefir póststjórn sendilandsins rétt til þess að ganga lengra og láta endurgreiðslu á upphæðinni fara fram. Tilkynningu um þessa endurgreiðslu ber að senda í ábyrgðarbréfi til póststjórnar ákvörðunarlandsins, og er ekki ætlazt til, að ávísunin, sem nú skoðazt algjörlega glötuð, komi frekar til reiknings.

85
31. des.

9. grein.

Endurnýjunaráteiknun.

Endurnýjunaráteiknun sú, sem nefnd er í 17. grein samningsins, skal vera rituð á sjálfa ávísunina.

10. grein.

Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.

1. — Ákvæðin í 48. og 49. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda um afturköllun eða breytingu á utanáskrift. Beiðnum um breytingu á utanáskrift, sem sendar eru póstleiðis, skal þó fylgja líking af utanáskrift viðtakanda með öllum nauðsynlegum upplýsingum, skrifað á vanalegan pappír.

Ef um er að ræða breytingu á utanáskrift, sem beðið er um símleiðis, skal sú beiðni staðfest með beiðni, sendri póstleiðis með fyrstu ferð, og skal standa efst á henni þessi athugasemd, undirstrikuð með blekblýanti: „Confirmation de la demande télégraphique du .....“ (Staðfesting á símleiðis beiðni frá .....)“.

Ákvörðunarpósthús símapóstávísunar á, þar að auki, að hafa tilkynninguna um útgáfuna í höndum, áður en það verður við beiðninni um að breyta utanáskriftinni.

Póststjórn ákvörðunarlandsins getur þó, upp á eigin ábyrgð, tekið símabeiðni, um breytingu á utanáskrift, til greina, án þess að bíða eftir því, að hún sé staðfest póstleiðis, eða, ef svo ber undir, án þess að bíða eftir tilkynningunni um útgáfuna.

2. — Sé um einfalda leiðréttingu á utanáskriftinni að ræða, sem nefnd er í 49. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins, má taka leiðréttinguna til greina, án þess að bíða þangað til tilkynning um útgáfuna kemur.

11. grein.

Áframsending.

1. — Pósthúsið, sem áfram sendir, strikar út, ef með þarf, með penna áteiknunina um upphæð ávísunarinnar, þannig að hægt sé þó að lesa hina upprunalegu skrift. Upplýsingarnar í dálkinum „Somme versée“ skulu látnar halda sér. Þegar pósthúsið er búið að breyta upphæð ávísunarinnar eftir gengi því, sem landið, sem áfram sendir, notar við póstávísanir, í mynt hins nýja ákvörðunarlands, skrifar það hana í fullum bókstöfum á hæfilegan stað á eyðublaði ávísunarinnar, en, að svo miklu leyti sem hægt er, rétt fyrir ofan hina upprunalegu áteiknun

upphæðarinnar í bókstöfum. Hin nýja áteiknun ávísunarinnar er und- 85
irskrifuð af póstmanninum. Á sama hátt skal farið að við frekari á- 31. des.
framsendingu.

Sé um áframsendingu að ræða til fyrsta ákvörðunarlands eða sendilandsins, skrifar það pósthúsið, sem áfram sendir, hina upprunalegu upphæð á ávísunina eða setur í hennar stað upphæðina, sem skrifuð er í þjónustudálkinn, í mynt sendilandsins.

2. — Áfram sending símapóstávísana póstleiðis er framkvæmd á sama hátt, án þess að bíða þurfi eftir símaávísunartilkynningu.

Ávísunin er send í umslagi til hins nýja ákvörðunarpósthúss.

Sama gildir og um tilkynninguna, þegar hún er komin til pósthússins, sem áfram sendir.

3. — Sé um símleiðis áfram sendingu að ræða á almennri ávísun, útbýr fyrsta ákvörðunarpósthús símapóstávísun fyrir upphæð þeirri, sem eftir er, þegar búið er að draga frá henni símskeytagjaldið og póstgjaldið. Er hið síðarnefnda reiknað af upphæð hinnar upprunalegu ávísunar, að frá dregnu símskeytisgjaldinu.

Myntbreytingin til hins nýja ákvörðunarlands er framkvæmd eins og sagt er í 1. lið að ofan.

Hin upprunalega ávísun er kvittuð af pósthúsinu, sem áfram sendir, og færð til reiknings sem útborguð ávísun, eftir að skrifuð hefir verið á hana þessi athugasemd:

„Reexpédié le montant de .... à ...., sous déduction de la taxe de .....“.

(Áfram send upphæðin ..... til ..... að frádregnu burðargjaldi .....).

Afklippingur almennrar ávísunar er heftur við símaávísunartilkynninguna til afhendingar viðtakanda.

4. — Áframsending símleiðis á símaávísun fer fram samkvæmt skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 3. lið, og án þess að bíða þurfi eftir símaávísunartilkynningunni.

5. — Ákvæðin í 3. og 4. lið gilda einnig um áframsendingu á almennum ávísunum og símaávísunum frá einu samningslandi til annars samningslands, sem upprunalandið hefir ekki póstávísanaskifti við, eða til lands, sem tekur ekki þátt í samningnum. Sama gildir einnig um áfram sendingu á ávísunum frá landi, sem tekur ekki þátt í samningunum, til samningslands.

6. — Beiðnir um áfram sendingu skulu innritaðar til athugunar af fyrsta ákvörðunarpósthúsi, og, ef svo ber undir, af öðrum ákvörðunarpósthúsum. Pósthús, sem framkvæmir endursendingu á póstávísun á þann hátt, sem að ofan greinir, sendir útgáfupósthúsinu tilkynningu um það. —

85
31. des.

12. grein.

Ávísanir, sem ekki verður komið til skila.

Áður en ávísanir, sem ekki hefir verið hægt að greiða viðtakendum af einhverjum ástæðum, eru endursendar til upprunastaðar síns, skal ákvörðunarpósthúsið innrita þær til athugunar og stimpla þær eða merkja með merki því, sem nefnt er í 1. lið 47. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins að nota skuli á sendingar, sem ekki verður komið til skila.

Endursendar símapóstávísanir skulu látnar í umslag og eiga útgáfutilkynningar þeirra að fylgja þeim.

Þó skulu ávísanir þær, sem eru útbúnar samkvæmt skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 3., 4. og 5. lið 11. greinar, sendar póststjórn þeirri,, sem hefir breytt þeim; hún skilar upphæðinni til póststjórnar þeirrar , sem hin upprunalega ávísun er frá, annað hvort með nýrri ávísun, burðargjaldsfrjálsri, eða með frádrætti á mánaðarreikningi yfir útborgaðar ávísanir.

13. grein.

Fyrirspurnir.

1. — Sérhver fyrirspurn um almenna ávísun eða símaávísun, skal skrifuð á eyðublað eins eða líkt og við fest fyrirmynd M P 3, og skal hún venjulega send beint frá upprunapósthúsi til ákvörðunarpósthúss.

2. — Þegar ákvörðunarpósthúsið getur gefið fullnægjandi upplýsingar um afdrif ávísunarinnar, sem spurzt er fyrir um, endursendir það eyðublaðið, útfyllt samkvæmt því, sem rannsóknin hefir leitt í ljós, til pósthússins, sem hefir tekið á móti fyrirspurninni. Sé um árangurslausa rannsókn að ræða eða vafasama útborgun, er eyðublaðið sent til póststjórnar sendilandsins fyrir milligöngu póststjórnar ákvörðunarlandsins, og skal þá setja á það, að svo miklu leyti sem hægt er, yfirlýsingu viðtakanda um, að hann hafi ekki tekið við fjárhæð ávísunarinnar.

3. — Sérhver póststjórn getur krafizt þess, með tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar, að fyrirspurnir, er snerta þjónustu hennar, séu sendar, annaðhvort til aðalskrifstofu hennar eða einhvers pósthúss, sem hún sérstaklega til tekur.

14. grein.

Fyrirspurnir um ávísanir út gefnar í öðru landi.

Í tilfelli því, sem nefnt er í 3. lið 22. greinar samningsins, skal

senda fyrirspurnar eyðublaðið M P 3 til póststjórna upprunalandsins. Eyðublaðinu skal fylgja póstkvittun. 85 31. des.

Póststjórn upprunalandsins skal fá eyðublaðið í hendur innan frests þess, sem nefndur er í 22. og 23. grein samningsins.

III. KAFLI.

Reikningsfærsla.

15. grein.

Mánaðarreikningar.

1. — Í lok hvers mánaðar útbýr hver póststjórn handa sérhverri hinna póststjórnanna mánaðarreikning, eins og við fest fyrirmynd M P 4, þar sem upp eru teknar — að svo miklu leyti sem hægt er í tímatalsröð og stafrófsröð yfir útgáfupósthúsin — allar ávísanir, sem hafa verið útborgaðar á pósthúsum hennar, fyrir reikning hlutaðeigandi póststjórnar, í næsta mánuði á undan.

Hún færir sömuleiðis á reikninginn upphæð burðargjalda þeirra og þóknana, sem henni bera, samkvæmt 1. lið 28. greinar samningsins, fyrir útborgaðar ávísanir á pósthúsum hennar, og enn fremur, ef svo ber undir, upphæðir endurgreiðslna þeirra og vaxta, sem nefnd eru í 27. og 30. grein samningsins.

2. Mánaðarreikningurinn er sendur póststjórninni, sem skuldar, í síðasta lagi í lok mánaðarins næsta á eftir þeim, sem hann á við, ásamt tilheyrandi kvittuðum póstávísunum og símapóstávísunum með tilkynningum þeirra, að svo miklu leyti, sem unnt er.

Símapóstávísanatilkynningar, sem koma til póststjórnar ákvörðunarlandsins, eftir að búið er að senda reikninginn, sem ávísanirnar eru í, er þær tilheyra, skulu heftar við einhvern næstu reikninga. og sendar póststjórn sendilandsins.

3. — Séu engar útborgaðar ávísanir, skal senda hlutaðeigandi póststjórn auðan mánaðarreikning.

16. grein.

Aðalreikningar.

1. — Strax eftir móttöku mánaðarreikninganna, og án þess að bíða eftir nánari rannsókn á hverjum einstökum lið þeirra, er reikningsjöfnuðurinn gerður upp í aðalreikningi, sem póststjórnin, er á inni, býr út, á eyðublaði eins eða líku og við fest fyrirmynd M P 5.

Mismunur, sem seinna kynni að koma fyrir, skal tekinn upp í

85 31. des. næsta mánaðarreikningi á eftir. Honum skal sleppt, ef upphæðin alls nemur ekki 50 sentímum á reikningi.

2. — Aðalreikningurinn skal vera viðurkenndur innan tveggja mánaða eftir lok þess mánaðar, sem hann á við. Frestur þessi er lengdur upp í fjóra mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd.

Póststjórnirnar geta komið sér saman um að útbúa ársfjórðungs-, hálfs árs eða árs aðalreikning.

17. grein.

Greiðsla á reikningsjöfnuði. Fyrirframgreiðslur.

1. — Nema öðruvísi sé ákveðið, skal reikningsjöfnuðurinn útkljáðar með tékkum eða víxlum, er borgist við sýningu, á höfuðborg eða einhverja verzlunarborg landsins, sem inni á, í mynt þess lands, og án nokkurs taps fyrir það, enda beri hin skulduga póststjórn allan kostnað við greiðsluna.

2. — Borgun skal framkvæmd í síðasta lagi hálfum mánuði eftir móttöku aðalreikningsins, með viðurkenndum réttum upphæðum eða, ef enginn aðalreikningur er gerður, eftir móttöku mánaðarreikningsins. Frestur þessi er einn mánuður fyrir fjarlæg lönd.

3. — Sérhver póststjórn, sem á yfir 30000 gull-franka inni hjá annari póststjórn, hefir heimild til þess að krefjast fyrirframgreiðslu eða afborgunar, að nokkru leyti, allt að ¾ af inneign sinni, jafnvel áður en reikningnum er lokið. Skal þá krafa hennar uppfyllt innan viku. Fari greiðslan ekki fram innan þess tíma, gilda fyrirmæli 30. greinar samningsins.

IV. KAFLI.

Upplýsingar og tilkynningar. — Eyðublöð.

18. grein.

Upplýsingar og tilkynningar.

1. — Sérhver póststjórn skal að minnsta kosti þrem mánuðum áður en samningurinn kemur til framkvæmda, senda eða tilkynna öðrum póststjórnum um alþjóðaskrifstofuna:

a) lista yfir þau lönd, sem hún hefir póstávísanaviðskifti við, á grundvelli samningsins;

b) lista yfir þau pósthús, sem hún heimilar að gefa út og borga út ávísanir, eða tilkynningu um, að öll pósthús hennar taki þátt í þessu starfi;

c) tilkynningu um þátttöku sína í símaávísana viðskiftum, ef svo ber undir;
d) hámark það, sem hún setur fyrir útgáfu og útborgun ávísana;
e) mynt þá, sem ávísanirnar eiga að stílast í;
f) taxtana, sem hún notar;
g) eftir hve langan tíma upphæðir þeirra ávísana, sem ekki hefir verið krafizt útborgunar á, falla til ríkisins, samkv. löggjöf hennar;
h) taxta þá, sem hún tekur, ef svo ber undir, fyrir útborgun á heimili, fyrir poste restante, fyrir visa pour date, og fyrir útborgunarheimild;
i) hvort ávísanirnar séu framseljanlegar í landi hennar með ábekingu, eða ekki;
j) eitt eintak af póstávísanaeyðublaði því, sem hún notar;
k) stafsetninguna á ríkismáli hennar á töluorðunum 1—1000, sem á að setja á ávísanirnar;
l) lista yfir þau lönd, sem taka ekki þátt í samningnum, og hún getur verið milliliður fyrir í ávísanaviðskiftum;
m) á hvern hátt hún til greinir hið greidda burðargjald á útgefnum ávísunum.

2. — Sérhver breyting, sem síðar kann að verða, skal tafarlaust tilkynnt á sama hátt.

3. — Hlutaðeigandi póststjórnum ber að tilkynna hver annari beina leið gengi það, sem þær nota, og allar breytingar, sem seinna verða á því.

19. grein.

Eyðublöð.

Að því er snertir ákvæði 2. liðs 30. greinar alþjóðapóstsamningsins, skulu þessi eyðublöð álitin til afnota fyrir almenning: M P 1 (póstávísanir) og M P 3 (fyrirspurnir).

85
31. des.

Niðurlagsatriði.

20. grein.

Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda og hversu lengi hún gildir.

Reglugjörð þessi kemur til framkvæmda sama dag og samningurinn um póstávísanir gengur í gildi.

Hún skal gilda jafn lengi og sá samningur, nema hún verði endurnýjuð að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðilja.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

Póstbögglasamningurinn.

Efnisyfirlit.

85
31. des.

I. KAFLI.

1. grein. Efni samningsins.

II. KAFLI.

Ákvæði, sem gilda um alla böggla.

2. grein Frímerking. — Burðargjöld.
3. — Landburðargjald.
4. — Sjóburðargjald.
5. — Lækkun eða hækkun á landburðargjaldi.
6. — Lækkun eða hækkun á sjóburðargjaldi.
7. — Rúmfrekir bögglar. — Viðbótargjald.
8. — Aukaburðargjald.
9. — Gjald fyrir tollmeðferð.
10. — Afhending til viðtakenda. — Gjald fyrir afhendingu á heimili.
11. — Tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld.
12. — Gjaldfrjálsir bögglar.
13. — Geymslugjald.
14. — Hraðboðabögglar.
15. — Forboð.
16. — Bögglar teknir til flutnings af óaðgætni.
17. — Bögglar til herfanga.
18. — Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.
19. — Móttökukvittun.
20. — Áframsending.
21. — Óskilabögglar.
22. — Afnám tollgjalda.
23. — Sala. — Eyðilegging.
24. — Afsalaðir bögglar.
25. — Endurgreiðsla sendanda á kostnaði.
26. — Fyrirspurnir.

:5
31. des.

III. KAFLI.

Póstkröfubögglar.

27. grein. Burðargjöld og skilyrði. — Reikningsskil.
28. — Afnám eða lækkun á upphæð póstkröfu.
29. — Ábyrgð vegna týnslu, ráns eða skemmda.
30. — Skaðabætur fyrir vanrækta, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.
31. — Um hver beri ábyrgðina.
32. — Beiting á ákvæðum alþjóðapóstsamningsins um skaðabætur og upphæðir, sem á að greiða. — Greiðslufrestur og endurgreiðsla á lánuðum upphæðum.
33. — Póstkröfuávísanir.

IV. KAFLI.

Bögglar með til greindu verði.

34. grein. Burðargjöld og skilyrði.
35. — Sviksamleg tilgreining verðs.

V. KAFLI.

Skyndibögglar.

36. grein. Burðargjöld og skilyrði.

VI. KAFLI.

Ábyrgð.

37. grein. Víðtæki ábyrgðar.
38. — Undantekning.
39. — Hvenær ábyrgð hættir.
40. — Greiðslan á skaðabótunum.
41. — Frestur á greiðslunni.
42. — Um hver beri ábyrgðina.
43. — Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.

VII. KAFLI.

Réttur til burðargjaldanna.

44. grein. Endurgreiðslur fyrir flutninginn.
45. — Reikningsfærsla fyrir áfram senda eða endursenda böggla.

46. — Hraðboðagjald, sjerstakt og auka. 85
47. — Gjald fyrir áframsendingu í ákvörðunarlandinu. 31. des.
48. — Ýms gjöld.
49. — Skifting á burðar- og póstkröfugjaldi.
50. — Ábyrgðargjald.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

51. grein. Beiting á almennum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.
52. — Samþykkt á frumvörpum milli póstþinga.

Niðurlagsatriði.

53. grein. Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Loka-ákvæði samningsins.

I. — Framkvæmd flutningafélaga á starfinu.
II. — Loftflutningur.
III. — Transít.
IV. — Auka-transítgjöld.
V. — Viðbótargjöld endastöðva.
VI. — Sérstök aukagjöld.
VII. — Sérstakir taxtar.
VIII. — Bögglar með tilgreindu verði.
IX. — Undantekning frá reglunni um ábyrgð.
X. — Ummál og rúmmál.
XI. — Rúmfrekir bögglar.

85
31. des.

Alþjóðapóstsambandið.

Samningur

um

póstböggla

gerður milli

Albaníu; Þýzkalands; Lýðveldisins Argentínu; Austurríkis; Belgíu; Belgisku Congo; Bolivíu; Brasilíu; Búlgaríu; Chili; Kína; Lýðveldisins Columbíu; Lýðveldisins Costa-Rica; Lýðveldisins Cuba; Danmerkur; Fríborgarinnar Danzig; Hins dominikanska lýðveldis; Egyptalands; Equator; Spánar; Allra spánskra nýlendna; Estlands; Etiópíu; Finnlands; Frakklands; Algiers; Hinna frönsku nýlendna og verndaðu landa í Indókína; Allra annara franskra nýlendna; Grikklands; Guatemala; Lýðveldisins Haïti; Konungsríkisins Hedjaz og Nedjde og tilheyrandi landa; Lýðveldisins Honduras; Ungverjalands; Brezka Indlands; Íslands; Ítalíu; Allra ítalskra nýlendna; Japans; Chosen; Allra annara japanskra eigna; Lettlands; Lýðveldisins Líberíu; Lithauen; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spánska hlutanum); Marokkó (spánska hlutans); Nicaragua; Noregs; Lýðveldisins Panama; Paraguay; Hollands; Hollenzkra Indía; Hollenzkra nýlendna í Ameríku; Perú; Persíu; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlendna í Afríku; Hinna portúgölsku nýlendna í Asíu og í Eyjaálfu; Rúmeníu; Lýðveldisins San Marino; Lýðveldisins Salvador; Saarhéraðsins; Síam; Svíþjóðar; Sviss; Tékkóslóvakíu; Tunis; Tyrklands; Uruguay; Páfaríkisins; Bandaríkja Venezuela; Yemen og Konungsríkisins Jugóslavíu.

Samkvæmt 3. grein alþjóðapóstsamningsins, hafa undirritaðir fulltrúar stjórnanna í ofan greindum löndum í sameiningu, og með þeim fyrirvara, að fullgilding fáist, orðið ásáttar um eftir farandi samning:

I. KAFLI.

1. grein.

Efni samningsins.

1. — Milli samningslandanna má senda undir nafninu „póstbögglar", annað hvort beina leið eða um eitt eða fleiri samningslönd, böggla allt að 20 kílógrömmum að þyngd, með þyngdarmörkum eins og hér segir:

1° allt að 1 kílógrammi;
2° yfir 1 kílógramm allt að 5 kílógrömmum;
3° yfir 5 kílógrömm allt að 10 kílógrömmum;
4° yfir 10 kílógrömm allt að 15 kílógrömmum;
5° yfir 15 kílógrömm allt að 20 kílógrömmum.

2. — Skifti á bögglum yfir 5 kílógrömm er löndunum í sjálfsvald sett.

II. KAFLI.

Ákvæði, sem gilda um alla böggla.

2. grein.

Frímerking. — Burðargjöld.

1. — Undir póstböggla skal vera borgað að fullu fyrir fram.

2. — Burðargjaldið er samsett af þóknunum til allra póststjórna. sem taka þátt í land- eða sjóflutningi. Það nær einnig, ef svo ber undir, yfir þóknanir þær og viðbótargjöld, sem nefnd eru í 5., 6., 7. og 8. grein hér á eftir.

3. grein.

Landburðargjald.

Burðargjaldið fyrir flutning á landi er ákveðið handa hverju landi sem hér segir:

30	sentímar	fyrir	böggul	allt	að	1	kg.			
50	—	—	—	yfir		1	—	allt að	5	kg;
100	—	—	—	—		5	—	— —	10	—;
150	—	—	—	—		10	—	— —	15	—;
200	—	—	—	—		15	—	— —	20	—;

Fyrir böggla yfir 10 kílógrömm eiga burðargjöldin 150 og 200 sentímar að eins við þóknanir fyrir landtransít. Gjöldin til póststjórn-

85 anna fyrir burtför og komu eru ákveðin fyrir þessa böggla eftir sam-
31. des. komulagi milli hlutaðeigandi póststjórna.

4. grein.

Sjóburðargjald.

Ef um sjóflutning er að ræða, er tekið handa hverri þjónustu, sem tekur þátt í flutningnum, þóknun, sem er ákveðin eins og hér segir:

VEGALENGD	Böggull allt að 1 kg.	Böggull yfir 1 kg. allt að 5 kg.	Böggull yfir 5 kg. allt að 10 kg.	Böggull yfir 10 kg. allt að 15 kg.	Böggull yfir 15 kg. allt að 20 kg.
	fr. c.	fr. c.	fr. c.	fr. c.	fr. c.
Allt að 500 sjómílum.....	0.15	0.25	0 50	0.75	1.00
frá 501— 1000 sjómílum	0.25	0 40	0.75	1.10	1.60
» 1001— 2000 —	0.40	0 60	1.10	1.60	2.25
» 2001— 3000 —	0.50	0.80	1.45	2.10	2.90
» 3001— 4000 —	0.60	1 00	1.80	2 60	3 55
» 4001— 5000 —	0.70	1 20	2 15	3.10	4 20
» 5001— 6000 —	0.80	1.40	2 50	3.60	4.85
» 6001— 7000 —	0.90	1.60	2.85	4.10	5 50
» 7001— 8000 —	1 00	1.80	3.20	4.60	6.15
» 8001— 9000 —	1.10	2.00	3.55	5.10	6.80
» 9001—10000 —	1.20	2.20	3.90	5.60	7.45
og þannig áfram með því að bæta við fyrir hverjar 1000 mílur eða brot úr 1000 mílum . ..	0 10	0.20	0.35	0.50	0.65

Þessar veglalengdir reiknast, ef svo ber undir, eftir meðalfjarlægð milli hlutaðeigandi hafna tveggja samningslandanna.

Sjóflutningur milli tveggja hafna sama lands veitir ekki ástæðu til þóknunarinnar í 1. málsgrein, ef póststjórn landsins fær fyrir hina fluttu böggla þóknun þá, sem greidd er fyrir flutning þeirra á landi.

5. grein.

Lækkun eða hækkun á landburðargjaldi.

Lönd þau, sem skrifa undir samning þennan, hafa rétt til þess að lækka eða hækka samtímis landburðargjald sitt við burtför eða komu, með þeim fyrirvara, að þau tilkynni það svissnesku póststjórninni, að minnsta kosti þrem mánuðum á undan. Breytingarnar á þessu gjaldi ganga í gildi þessa daga: 1. janúar og 1. júlí. Lækkunin eða hækkunin skal gilda um eins árs tímabil minnst. Hækkunin má, hvernig sem á stendur, ekki fara fram úr þóknun þeirri, sem nefnd er í 3. grein hér að framan, fyrir hvert þyngdarmark.

6. grein.

Lækkun eða hækkun á sjóburðargjaldi.

Réttur til lækkunar eða hækkunar um 100% mest, er heimilaður samningslöndunum með sömu skilyrðum og nefnd eru í greininni á undan, að því er snertir þóknunina fyrir sjóflutninginn, sem nefnd er í 4. grein að framan.

Sérhver hækkun skal einnig gilda fyrir böggla frá því landi, sem tækin heyra undir, er sjóflutningurinn er framkvæmdur með, að undanteknum samböndunum milli landsins sjálfs og nýlendna þess.

7. grein.

Rúmfrekir bögglar. — Viðbótargjald.

1. — Rúmfrekir bögglar teljast:

a) bögglar yfir 1 m. 50 á ein hvern veg, og þeir sem samanlögð lengd og stærsta ummál annað en lengdin, fer fram yfir 3 metra;

b) bögglar, sem sakir lögunar sinnar, rúmmáls eða veikleika, ekki geta auðveldlega verið látnir niður með öðrum bögglum, eða bögglar, sem krefjast þess, að varlega sé með þá farið, t. d. blóm og blómrunnar í körfum, tóm búr, eða búr með lifandi dýrum í, tómir vindlakassar eða aðrir kassar í stórum bundinum, húsgögn, körfuáhöld, blómaborð, barnavagnar, rokkar, reiðhjól o. s. frv.

2. — Póststjórnir, sem halda uppi sjóflutningum, hafa heimild til þess, að telja hvern þann böggul rúmfrekan, sem þær flytja, þegar rúmmál hans er yfir 55 dm^3 eða hann er meira en 1,25 sm. á einhvern veg.

3. — Rúmfrekir bögglar eru eingöngu leyfðir í viðskiftum þeirra landa, sem samþykkja flutning á þeim.

4. — Fyrir slíka böggla er burðargjald almenns bögguls hækkað um 50%. Ef ástæða er til, má hækka það upp í næsta hálftug.

8. grein.

Aukaburðargjald.

Hverju samningslandi er heimilt að krafjast aukaburðargjalds fyrir póstböggla, er koma til eða frá pósthúsum þeirra, og má það nema 25 sentímum á böggul.

9. grein.

Gjald fyrir tollmeðferð.

Póststjórn ákvörðunarlandsins má taka sumpart fyrir afhend-

85 ingu til tollstjórnar og tollmeðferð, sumpart fyrir afhendingu til toll-
31. des. stjórnar eingöngu, þóknun, er nemi 50 sentímum mest á böggul.
Nema öðruvísi sé um samið, skal gjald þetta tekið við afhendingu.

10. grein.

Afhending til viðtakanda. — Gjald fyrir afhendingu á heimili.

1. — Bögglarnir skulu afhentir viðtakendum, eins fljótt og auðið er og samkvæmt gildandi ákvæðum í ákvörðunarlandinu.

Fyrir afhendingu bögguls á heimili má ákvörðunarlandið taka þóknun jafn háa þeirri, sem ákveðin er í innanlandsþjónustu hennar, en hámarkið sé þó 50 sentímar fyrir böggul. Sömu þóknun má taka, ef svo ber undir, fyrir hvern útburð á heimili viðtakanda, nema í fyrsta sinn.

2. — Þegar bögglarnir eru eigi afhentir á heimili viðtakanda, skal honum tilkynnt koma þeirra eins fljótt og auðið er. Fyrir afhendingu slíkrar tilkynningar má taka aukagjald í þeim löndum, þar sem innan lands ákvæði fyrirskipa það; aukagjald þetta má ekki fara fram úr burðargjaldinu undir einfalt almennt bréf innan lands.

11. grein.

Tollgjöld og önnur gjöld, sem ekki eru póstgjöld.

Auk póstgjaldana er póststjórnunum heimilt að taka af viðtakendum bögglanna tollgjöld og önnur gjöld, sem fyrir kunna að koma.

12. grein.

Gjaldfrjálsir bögglar.

Í viðskiftum milli landa, sem hafa orðið ásátt um að leyfa slíkt, geta sendendur tekið að sér öll gjöld, sem á bögglunum hvíla, bæði póstgjöld og önnur gjöld, með því að láta viðtökupósthúsinu í té á undan yfirlýsingu um það.

Skulu sendendur í þessu efni skuldbundnir til þess, að greiða upphæðir þær, sem ákvörðunarpósthúsið krefst, og, ef svo ber undir, setja fullnægjandi veð fyrir.

Póststjórn sú, sem leggur gjöldin út vegna sendanda, má fyrir það taka umboðsgjald, sem ekki má fara fram úr 50 sentímum fyrir böggul. Gjald þetta er alveg óháð gjaldinu, sem nefnt er í 9. grein.

13. grein.

Geymslugjald.

Ákvörðunarlandið hefir rétt til þess, að taka geymslugjald, sem

það ákveður í löggjöf sinni, fyrir böggla, sem sendir eru poste restante 85
eða hafa ekki verið sóttir innan ákveðins tíma. 31. des.

Gjaldið má þó ekki fara fram úr 5 frönkum.

14. grein.

Hraðboðabögglar.

1. — Ef sendendur æskja þess, verða bögglarnir bornir á heimili viðtakenda af sérstökum burðarmanni undir eins og þeir koma, í þeim löndum, sem póststjórnirnar samþykkja að taka þetta starf að sér.

2. — Fyrir sendingar þessar, sem kallast hraðboðasendingar (exprés), skal auk hins venjulega burðargjalds greiða sérstakt gjald, 80 sentíma, og skal það vera fullborgað fyrir fram af sendanda, hvort sem hægt er að afhenda viðtakanda böggulinn eða ekki, eða aðeins senda honum hraðboðatilkynningu.

3. — Þegar heimili viðtakanda liggur utan svæðis þess, sem staðarútburður fer fram á frá ákvörðunarpósthúsinu, má fyrir hraðboðaútburð taka aukagjald, er nemi allt að þeirri upphæð, sem ákveðin er hraðboðagjald í innan lands þjónustu. Í þessu tilfelli er þó útburður með hraðboða ekki skyldukvöð.

4. — Þegar hraðboðaböggull er áfram sendur eða honum verður ekki komið til skila, ber að taka aukagjaldið samkvæmt ákvæðum 2. liðs 46. greinar.

5. — Útburður á hraðboðaböggli eða sendiför með hraðboðatilkynningu um komu til viðtakanda fer aðeins fram einu sinni. Hafi það orðið árangurslaust, er böggullinn ekki lengur talinn hraðboðasending, og fer þá um útburð hans eftir sömu reglum og gilda um almenna böggla.

15. grein.

Forboð.

1. — Póstbögglar mega ekki innihalda neitt bréf, orðsendingu eða skjal, sem talizt geta hreinar, persónulegar bréfaskriftir, né nokkra tegund bréfapósts með utanáskrift til annara manna en viðtakanda eða manna, sem hjá honum búa.

Þó er leyfilegt að láta í sendinguna opna vöruskrá, er aðeins inniheldur þær upplýsingar, er mega standa í vöruskrá.

2. — Nema öðruvísi sé ákveðið, er bannað að senda í póstbögglum:

a. hluti, sem samkvæmt eðli sínu eða umbúnaði geta verið hættulegir lífi póstmanna, eða óhreinkað eða skemmt sendingarnar;

85 b. sprengihætta, eldfima eða hættulega hluti.
31. des. Póststjórnirnar hafa þó rétt til þess að koma sér saman um flutning á hvellhettum og hlöðnum málmskothylkjum í handskotvopn, ósprenghættum hlutum og tundurpípum og eldspýtum.

c. Lifandi dýr, að svo miklu leyti sem flutningur þeirra með pósti er ekki heimilaður með póstreglugerðum hlutaðeigandi landa;

d. hluti, sem bannaður er innflutningur á með tolllögum eða reglugjörðum, eða með öðrum lögum;

e. ópíum, morfín, cócaín og önnur deyfandi meðul. Þó nær forboð þetta ekki til slíkra sendinga, þegar þær eru sendar til lækninga eða í þágu vísinda, til þeirra landa, sem leyfa þær með þessum skilyrðum;

f. klámfenga og ósæmilega hluti.

Þar að auki er bannað að senda í bögglum án tilgreinds verðs til landa, sem leyfa tilgreiningu á verði: slegna peninga, bankaseðla, peningaseðla eða verðbréf á handhafa, hverju nafni sem nefnast, platínu, gull eða silfur, unnið eða óunnið, gimsteina, skrautgripi og aðra dýrmæta muni.

3. — Böggla þá, sem falla undir framangreind forboð, og af óaðgætni kunna að hafa verið teknir til flutnings, skal farið með sem hér segir:

a. hluti þá, sem nefndir eru í 2. lið undir a, d, og e skal farið með samkvæmt innanlands ákvæðum þeirrar póststjórnar, sem verður þeirra vör. Hluti, sem innihalda ópíum, morfín, cócaín og önnur deyfandi meðul, skal þó undir engum kringumstæðum afhenda viðtakanda né endursenda til upprunastaðar;

b. hlutir, sem nefndir eru í 2. lið undir b og f skulu eyðilagðir á staðnum af póststjórninni, sem þeirra verður fyrst vör;

c. böggla þá, er innihalda hluti, sem nefndir eru í 2. lið undir c og í síðustu málsgrein sama liðs, skal senda til sendipósthússins, nema póststjórn ákvörðunarlandsins kynni að vilja afhenda þá viðtakendum sem undantekningu.

4. — Nú eru í böggli bréf, orðsending eða skjal, sem talizt geta hreinar, persónulegar bréfaskriftir, og skal það þá undir engum kringumstæðum hafa í för með sér endursendingu á bögglinum til sendanda.

Séu bögglar þeir, sem af óaðgætni kunna að hafa verið teknir til flutnings, hvorki endursendir til upprunastaðar, né afhentir viðtakanda, ber að tilkynna sendipósthúsinu ótvírætt, hvernig hefir verið farið með bögglana, svo að það geti, ef svo ber undir, gert ráðstafanir, sem við eiga.

16. grein.

Bögglar teknir til flutnings af óaðgætni.

Böggla, sem að þyngd eða ummáli fara verulega fram úr settum mörkum, og kynnu að vera teknir til flutnings af óaðgætni, skal farið með eins og segir í 15. grein, 3. lið, staflið c.

17. grein.

Bögglar til herfanga.

Póstbögglar til eða frá herföngum, eru, að undanteknum póstkröfubögglum, undanþegnir öllum gjöldum, sem nefnd eru í þessum samningi, jafnt í sendi- og ákvörðunarlandi, sem milliliggjandi löndum. Fyrir þessa böggla skal hvorki greiða þóknanir, né skaðabætur fyrir glötun, rán eða skemmdir á þeim.

Sama gildir og um böggla, er snerta herfanga, og sendir eru eða mótteknir annaðhvort beint eða gegnum upplýsingaskrifstofur, sem kynnu að verða settar á stofn, til hjálpar þessum mönnum, í ófriðarlöndunum eða hlutlausum löndum, sem hafa tekið við herskyldum mönnum á sitt svæði.

Herskyldir menn, sem teknir hafa verið og vistaðir í hlutlausu landi, skoðast sem eiginlegir herfangar, að því er snertir beitingu á framan greindum ákvæðum.

18. grein.

Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.

Sendandi bögguls getur afturkallað hann eða látið breyta á honum utanáskriftinni með þeim skilyrðum, sem ákveðin eru fyrir bréfasendingar samkvæmt 49. grein alþjóðapóstsamningsins, með þeirri viðbót, að ef sendandi heimtar endursendingu eða áframsendingu á böggli, þá sé hann skyldur að ábyrgjast fyrirfram borgun á því burðargjaldi, sem fellur á vegna hins nýja flutnings.

Sé beðið um breytingu á utanáskrift símleiðis á böggli með tilgreindu verði, skal bæta við símskeytisgjaldið gjaldi því, sem tekið er fyrir einfalt ábyrgðarbréf.

19. grein.

Móttökukvittun.

Sendandi getur fengið móttökukvittun samkvæmt skilyrðum þeim, sem nefnd eru í 53. grein alþjóðapóstsamningsins.

85
31. des.

20. grein.

Áframsending.

1. — Áframsending á böggli innan svæðis ákvörðunarlandsins vegna þess að viðtakandi er fluttur búferlum, getur farið fram annaðhvort eftir beiðni sendanda eða viðtakanda, eða án þess að bein beiðni liggi fyrir, ef reglugjörðir ákvörðunarlandsins leyfa.

Áframsending á böggli frá einu landi til annars, á sér ekki stað, nema eftir beiðni sendanda eða viðtakanda, og að því tilskildu, að böggullinn fullnægi þeim skilyrðum, sem heimtuð eru til flutnings á ný.

Sendanda er heimilt að banna sérhverja áframsendingu, með athugasemd á fylgibréfi eða böggli.

2. — Fyrir áfram sendingu böggla til annars lands, sakir þess að viðtakendur hafa skift um dvalarstaði, má taka viðbótargjald við gjöld þau, sem ákveðin eru í 3.—8. og 34. grein. Sé böggull áfram sendur innan svæðis ákvörðunarlandsins, má póststjórn þess taka gjald fyrir þá áframsendingu, eftir því sem innanlandsákvæði hennar segja til. Gjöld þessi, sem ber að greiða fyrir frekari áframsendingu eða endursendingu til upprunastaðar, eru tekin af viðtakendum, eða, ef svo ber undir, af sendendum, án þess þó að greiðsla á tollgjöldum og öðrum sérstökum gjöldum, sem ákvörðunarlandið leyfir ekki að afnema, falli þar með niður.

Á sama hátt er farið með böggla þá, sem falla undir eitthvað af forboðum þeim, sem nefnd eru í 15. grein samningsins.

3. — Áframsending böggla, sem hafa verið sendir skakka leið, eða endursending böggla, sem ranglega hefir verið tekið við til flutnings, fer fram samkvæmt fyrirmælum 1. og 2. liðs 35. greinar starfsreglugjörðarinnar.

21. grein.

Óskilabögglar.

1. — Sendendur eru skyldir til þess að segja, á bakhlið fylgibréfsins og á bögglunum, hvernig ráðstafa skuli sendingum þeirra, ef ekki er hægt að afhenda þær.

Þegar þessu fyrirmæli er ekki hlýtt, og bögglarnir lenda í óskilum, skulu þeir tafarlaust endursendir til upprunapósthúss.

Endursendingin fer fram með fyrstu ferð eftir komuna, nema það sé ókleift.

2. — Endursending óskilabögguls skal sömuleiðis fara fram þegar í stað, hafi beiðni sendanda á fylgibréfinu og bögglinum sjálfum ekki leitt til þeirra ráðstafana, sem óskað var eftir.

Þegar sendandi (eða þriðji maður, sem gert er ráð fyrir í 1. lið 8. gr. starfsreglugjörðarinnar) í svari sínu við tilkynningu um óskila- 85 31. des.
böggla, hefir látið uppi fleiri en eina af beiðnum þeim, sem taldar eru upp undir stafliðunum a, b, c, d og e í 1. lið 37. greinar starfsreglugjörðarinnar, og framkvæmd þeirra hefir engan árangur borið, skal endursenda böggulinn til upprunapósthússins.

3. — Póststjórn ákvörðunarlandsins er heimilt, svo lengi sem hún hefir ekki fengið neinar upplýsingar frá sendanda, annaðhvort að afhenda böggulinn, ef svo ber undir, hinum upprunalega viðtakanda eða öðrum viðtakanda, sem kann að vera til greindur, eða að áfram senda hann eftir nýju heimilisfangi.

4. — Þegar sendandi, eða þriðji maður, sem gert er ráð fyrir í 1. lið 8. gr. starfsreglugjörðarinnar, þarf að fylla út tilkynningu þá um óskilaböggla, sem nefnd er í 36. grein starfsreglugjörðarinnar, má taka af honum gjald fyrir það, er fari ekki fram úr tvöföldu burðargjaldi undir einfalt bréf.

Ef ákvörðunarpósthúsið hefir ekki fengið fullnægjandi upplýsingar innan eins mánaðar að telja, frá því er tilkynningin er send, skal endursenda böggulinn til upprunapósthússins. Frestur þessi er lengdur upp í fjóra mánuði við fjarlæg lönd.

5. — Bögglar, sem tilkynntir hafa verið viðtakendum, skulu geymdir þeim til ráðstöfunar, í hálfan mánuð, eða, allra lengst, einn mánuð, að telja frá deginum eftir að tilkynningin var send. Þegar þessi frestur er á enda, teljast bögglarnir lentir í óskilum.

Þegar ekki hefir verið hægt, að koma tilkynningu við, skulu bögglar, sem liggja fyrir, svo og „poste restante" bögglar, ekki teljast lentir í óskilum, fyrr en geymslufrestur sá, er fyrirskipaður er í reglugjörðum ákvörðunarlandsins, er út runninn. Sá frestur má þó venjulega ekki fara fram úr tveim mánuðum, nema svo sérstaklega standi á, að póststjórn ákvörðunarlandsins telji nauðsyn bera til þess, að framlengja hann, þá allt að fjórum mánuðum mest.

Endursending til upprunalandsins skal fara fram innan styttri tíma, hafi sendandi beðið um það með athugasemd, skrifaðri, bæði á fylgibréf og böggul, á máli, sem sé þekkt í ákvörðunarlandinu.

6. — Fyrir endursendingu óskilaböggla má taka gjöld þau, sem nefnd eru í 2. lið 20. greinar.

22. grein.

Afnám tollgjalda.

Póststjórnir samningslandanna skuldbinda sig til þess að reyna, með því að snúa sér til hlutaðeigandi tollstjórna, að fá því til leiðar komið, að tollgjöld verði afnumin á póstbögglum, sem eru endursend-

85 ir til sendilandsins, yfirgefnir af sendanda, eyðilagðir vegna algerðra
31. des. skemmda á innihaldinu eða áfram sendir til þriðja lands.

Þeim ber að gera hið sama gagnvart bögglum, sem hafa týnzt, hefir verið rænt eða hafa skemmzt í þjónustu þeirra, með þeim fyrirvara, sem nefndur er í 3. lið 42. greinar.

23. grein.

Sala. Eyðilegging.

Hluti, sem hætt er við að gangi úr sér eða skemmist, má selja þegar í stað, jafnvel á leiðinni fram eða aftur, án undan genginnar tilkynningar til sendanda, og án lagalegra formsatriða, til ágóða fyrir réttan hlutaðeiganda. Sé einhverra orsaka vegna ekki hægt að framkvæma söluna, skulu hinir skemmdu eða úr sér gengnu hlutir eyðilagðir.

24. grein.

Afsalaðir bögglar.

Póstböggla þá, sem hefir ekki verið hægt að afhenda viðtakendum og sendendur hafa afsalað sér, skal ákvörðunarpóststjórnin ekki endursenda, heldur fer hún með þá eins og löggjöf hennar mælir fyrir.

25. grein.

Endurgreiðsla sendanda á kostnaði.

Sendendur eru skyldir að borga flutningskostnað og annan kostnað, sem póststjórnirnar eiga ófenginn og stafar af því, að ekki hefir verið unnt að koma bögglunum til skila, jafnvel þótt bögglarnir hafi verið yfirgefnir, seldir eða eyðilagðir. Kostnaður þessi er innheimtur hjá sendipóststjórninni.

Þegar sendandi tilgreinir „poste restante“ eða gistihús sem utanáskrift sína, getur viðtökupósthúsið krafizt veðs, til þess að firra sig kostnaði, sem kynni að stafa af því, að bögglinum yrði ekki komið til skila.

26. grein.

Fyrirspurnir.

1. — Fyrir fyrirspurn um hvern böggul eða hverja póstkröfuávísun má taka visst gjald, 1 franka mest.

Ekkert gjald skal tekið, hafi sendandi þegar borgað sérstakt gjald fyrir móttökukvittun.

2. — Fyrirspurnir eru aðeins leyfðar innan eins árs, að telja 85
frá deginum næst á eftir þeim, að böggullinn var látinn á póst. Sér- 31. des.
hver póststjórn er samt sem áður skyld að taka fyrirspurnir til greina, sem hún fær frá annari póststjórn, og snerta sendingar, sem eru sendar áður en full tvö ár eru liðin.

3. — Sérhver póststjórn er skyld að taka við fyrirspurnum um póstböggla, sem settir hafa verið í póst í umdæmi annara póststjórna. Fyrirspurnargjaldinu óskertu heldur sú póststjórn, sem tekur við fyrirspurninni.

4. — Sé fyrirspurn komin fram vegna vangár af póstmanna hálfu, skal fyrirspurnargjaldið endurborgað.

III. KAFLI.

Póstkröfubögglar.

27. grein.

Burðargjald og skilyrði. Reikningsskil.

1. — Böggla má senda með póstkröfu í viðskiftum milli þeirra landa, þar sem póststjórnirnar koma sér saman um þessa starfrækslu.

Skal upphæð póstkröfunnar stíluð í mynt upprunalands böggulsins, nema öðruvísi sé ákveðið.

Hámark póstkröfuupphæðar er jafnt og hámark póstávísana til upprunalands böggulsins.

2. — Póstkröfuböggla skal farið með og borgað undir sem almenna böggla, eða ef svo ber undir, sem böggla með tilgreindu verði. Auk þess greiðir sendandi fast gjald, er ekki sé hærra en 50 sentímur á böggul, og þar að auki gjald, er sé í hlutfallinu ½ af hundraði mest, af póstkröfuupphæðinni.

Sérhver póststjórn hefir rétt til, að því er töku hlutfallsgjaldsins snertir, að nota þann stiga, sem hentar þezt fyrir hennar þjónustu.

3. — Upphæð sú, sem innheimt er hjá viðtakanda, er send sendanda með póstkröfuávísun, sem gefin er út ókeypis.

4. — Póststjórnirnar geta orðið ásáttar um aðra aðferð við reikningsskil hinna innheimtu upphæða. Sérstaklega geta þær tekið að sér að greiða þær inn á pósthlaupareikning í ákvörðunarlandi böggulsins.

Í þessu tilfelli skal upphæð póstkröfunnar, nema öðruvísi sé um samið, stíluð í mynt ákvörðunarlandsins. Af sendanda skal tekið, auk burðargjalds undir almennan böggul, eða, ef svo ber undir, böggul með tilgreindu verði, fastagjald, er nemi 25 sentímum mest. Póststjórn ákvörðunarlandsins greiðir með innlendum innborgunarseðli í

85 hlaupareikning upphæð þá, sem innheimt hefir verið af viðtakanda,
31. des. að frá dregnu fastagjaldi, 25 sentímum mest, og hinu vanalega innborgunargjaldi, sem notað er í innanlandsþjónustu hennar.

5. — Sérhver póststjórn er skyld, að tryggja transít á póstkröfubögglum, eins þótt hún leyfi ekki slíkar sendingar í sinni þjónustu. Milli liggjandi lönd skulu á sama hátt tryggja transít böggla, þótt póstkrafan á þeim fari fram úr hámarksupphæð þeirri, sem þau leyfa í sinni þjónustu.

28. grein.

Afnám eða lækkun á upphæð póstkröfu.

Sendandi póstkröfubögguls getur beðið um algert afnám á póstkröfuupphæðinni, eða afnám að nokkru leyti. Slíkar beiðnir eru háðar ákvæðum 62. greinar alþjóðapóstsamningsins.

29. grein.

Ábyrgð vegna týnslu, ráns eða skemmda.

Týnsla, rán eða skemmdir á póstkröfuböggli, baka póstþjónustunni ábyrgð samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í VI. kafla.

30. grein.

Skaðabætur fyrir vanrækta, ófullnægjandi eða sviksamlega innheimtu.

Hafi böggull verið afhentur viðtakanda án innheimtu á póstkröfuupphæðinni, á sendandi rétt á skaðabótum, þó því aðeins, að krafa hafi verið sett fram innan þess tímabils, sem tiltekið er í 26. grein, og að vanrækslan á innheimtunni sé ekki að kenna yfirsjón hans sjálfs eða hirðuleysi, og ennfremur, að innihald böggulsins falli ekki undir forboð þau, sem nefnd eru í 2. lið 15. greinar undir stafliðunum b, c, d, e, f og síðustu málsgrein hans, né tilgreining verðs á bögglinum hafi verið gerð í sviksamlegum tilgangi.

Sama gildir og, ef upphæð sú, sem inn var heimt hjá viðtakanda er lægri en upphæð hinnar tilgreindu póstkröfu, eða ef innheimta hefir verið framkvæmd á sviksamlegan hátt.

Skaðabæturnar geta undir engum kringumstæðum orðið hærri en upphæð póstkröfunnar.

Nú eru skaðabætur greiddar að fullu, og öðlast þá póststjórnin, sem ábyrgðin hvílir á, réttindi þess, sem við þeim hefir tekið, á allt að sömu upphæð, að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að viðtakanda, sendanda eða þriðja manni.

31. grein.

Um hver beri ábyrgðina.

Greiðsla hinna reglulega innheimtu upphæða, svo og greiðsla á skaðabótum samkvæmt 30. grein, sem framkvæmdar eru af sendipóststjórninni, fara fram fyrir reikning ákvörðunarpóststjórnarinnar. Á henni hvílir ábyrgðin, nema hún geti sannað, að yfirsjónin stafi af því, að sendipóststjórnin hafi ekki fylgt einhverjum hinna fyrirskipuðu ákvæða, eða geti fært rök að því, að böggullinn eða fylgibréfið hafi ekki, þegar þau voru afhent í hennar þjónustu, verið með þeim áritunum eða merkjum, sem fyrirskipuð eru í starfsreglugjörðinni við póstkröfuböggla. —

Ef um er að ræða samviskusamlega innheimtu að undangengnu hvarfi í póstþjónustunni á póstkröfuböggli, er ábyrgð þeirra póststjórna, er hlut eiga að máli, ákveðin með ákvæðum 42. greinar. Milli liggjandi póststjórn, sem tekur ekki sjálf þátt í póstkröfu-þjónustunni, ber þó ekki aðra ábyrgð en þá, sem nefnd er í 37. og 38. grein um böggla, sem engin póstkrafa hvílir á. Hinar póststjórnirnar borga að jöfnu upphæð þá, sem slík póststjórn greiðir ekki.

32. grein.

Breyting á ákvæðum alþjóðapóstsamningsins um skaðabætur og upphæðir, sem á að greiða. — Greiðslufrestur og endurgreiðsla á lánuðum upphæðum.

Ákvæði 64., 66., 67. og 69. greinar alþjóðapóstsamningsins gilda um póstkröfuböggla.

33. grein.

Póstkröfuávísanir og innborgunarseðlar.

1. — Upphæð póstkröfuávísunar, sem einhverra orsaka vegna hefir ekki orðið útborguð viðtakanda, er ekki endurgreidd póststjórninni, sem gaf hana út. Henni er haldið til reiðu fyrir viðtakanda af sendipóststjórn póstkröfuböggulsins, og fellur algjörlega í hlut þeirrar póststjórnar, þegar hið löglega tímabil, sem hún gildir, er út runnið.

Að öllu öðru leyti, og með þeim fyrirvara, sem starfsreglugjörðin getur um, eru póstkröfuávísanir háðar ákvæðum póstávísanasamningsins. —

2. — Þegar innborgunarseðill, út gefinn samkvæmt fyrirmælum 4. liðs í 27. grein, hefir, einhverra orsaka vegna, ekki orðið færður til tekna hjá viðtakanda þeim, sem sendandi póstkröfuböggulsins hefir tilgreint, skal hann af innheimtupósthúsinu sendur upprunapósthús-

85 31. des. inu, er greiðir sendanda böggulsins upphæðina. Sé ekki hægt að framkvæma þessa greiðslu, skal farið að eins og segir í 1. lið þessarar greinar.

IV. KAFLI.

Bögglar með tilgreindu verði.

34. grein.

Burðargjöld og skilyrði.

1. — Bögglar mega vera með tilgreindu verði í viðskiftum milli þeirra landa, þar sem póststjórnirnar leyfa slíkt starf.

2. — Sérhvert land ákveður fyrir sig hámarkið fyrir hið til greinda verð, og má það undir engum kringumstæðum vera lægra en 1000 frankar.

Í viðskiftum milli tveggja eða fleiri landa, er hafa ákveðið mismunandi hámark, skal lægsta takmarkið lagt til grundvallar fyrir viðskiftunum á báðar hliðar.

3. — Fyrir hverja heila upphæð af 300 frönkum af hinu til greinda verði, er tekið, auk hins almenna burðargjalds bögglanna, ábyrgðargjald:

a) 5 sentímar fyrir hverja póststjórn, er tekur þátt í landflutningnum;

b) 10 sentímar fyrir hvern notaðan sjóflutning.

4. — Póststjórn upprunalandsins hefir heimild til þess að taka ósundurliðað ábyrgðargjald, sem ekki má fara fram úr 50 sentímum fyrir hverja 300 franka af hinni til greindu upphæð.

5. — Þau lönd, sem kunna að vilja taka á sig áhættu, sem stafar af ofurefli (vis major), vegna verðböggla, hafa heimild til þess, að taka fyrir þá sérstakt gjald, án þess þó að samanlögð upphæð þessa gjalds og hins almenna ábyrgðargjalds megi fara fram úr því gjaldi, sem nefnt er í 4. lið hér á undan.

6. — Póststjórn upprunalandsins hefir heimild til þess að taka afgreiðslugjald, er eigi má fara fram úr 50 sentímum fyrir hvern böggul.

7. — Sendandi bögguls með til greindu verði, fær ókeypis póstkvittun fyrir sendingu sinni um leið og hann lætur hana á póst.

35. grein.

Sviksamleg tilgreining verðs.

Tilgreining verðsins má ekki fara fram úr hinu raunverulega verði á innihaldi sendingarinnar, en leyfilegt er að tilgreina aðeins nokkurn hluta þess.

Sérhver sviksamleg tilgreining á hærra verði en hinu raun- 85
verulega verði sendingarinnar hefir í för með sér lagalega sókn eftir 31. des.
því, sem löggjöf sendilandsins ákveður.

V. KAFLI.

Skyndibögglar.

36. grein.

Burðargjöld og skilyrði.

1. — Sendandi getur krafizt, að böggull sé fluttur, svo framarlega sem það er hægt, með hröðum flutningatækjum, sem notuð eru til flutninga á bréfapósti, en aðeins í viðskiftum milli þeirra landa, sem hafa lýst því yfir, að þau hafi orðið ásátt um slíkt.

2. — Fyrir böggla þessa, sem kallast skyndibögglar, eru gjöld þau og hækkanir, sem nefnd eru í 3., 5. og 8. grein, þrefölduð.

Gjöldin og hækkanirnar, sem ákveðin eru í 4., 6. og 34. grein, hraðboðagjaldið, ef svo ber undir, og önnur aukagjöld eru þó lögð á án hækkunar.

Fyrir skyndiböggla, sem teljast rúmfrekir, skulu flutningsgjöldin, þar með talin viðbótargjöldin, hækkuð um fimmtíu af hundraði.

VI. KAFLI.

Ábyrgð.

37. grein.

Víðtæki ábyrgðar.

1. — Með þeim undantekningum, er segir í næstu grein á eftir, svara póststjórnirnar til taps, ráns eða skemmda á bögglunum.

Sendandi á í þessu efni rétt á skaðabótum, er svari hinni raunverulegu upphæð skaðans, sem hann bíður við tapið, ránið eða skemmdirnar. Fyrir almennan böggul mega skaðabæturnar ekki fara fram úr: 10 frönkum fyrir böggul allt að 1 kílógrammi að þyngd, 25 frönkum fyrir böggul yfir 1 kílógramm allt að 5 kílógrömmum, 40 frönkum fyrir böggul yfir 5 kílógrömm allt að 10 kílógrömmum, 55 frönkum fyrir böggul yfir 10 kílógrömm allt að 15 kílógrömmum og 70 frönkum fyrir böggul yfir 15 kílógrömm allt að 20 kílógrömmum. Fyrir böggla með til greindu verði mega skaðabæturnar ekki fara fram úr upphæð hins tilgreinda verðs í gullfrönkum.

85 31. des.

2. — Óbeðinn skaði eða hagnaður, sem ekki er fram kominn, kemur ekki til greina.

3. — Skaðabæturnar eru reiknaðar eftir gangverði, breyttu í gullfranka, vara af sömu tegund eins og það var á staðnum, á þeim tíma, þar sem varan var tekin til flutnings. Vanti gangverð, eru skaðabæturnar reiknaðar eftir vanalegu verðmæti vörunnar, sem er virt á sama grundvelli.

4. — Þegar greiða ber skaðabætur fyrir algerða týnslu, skemmdir eða rán á böggli, á sendandi ennfremur heimtingu á, að fá endurgreiddan sendingarkostnaðinn, að því undanteknu er ræðir um í 5. lið þessarar greinar. Sama gildir einnig, að því er snertir sendingar, sem viðtakendur neita að taka á móti vegna ills ásigkomulags, þó því aðeins, að það sé póstþjónustunni að kenna, og hún eigi þar af leiðandi að sæta ábyrgð.

Nú verður algert tap, eyðilegging eða rán á böggli og stafar af ofurefli, sem hefir ekki skaðabótagreiðslu í för með sér, og á þá sendandi rétt til að fá endurgreidda burðargjaldshlutana fyrir þann flutning, sem hefir ekki verið framkvæmdur eða fyrir þjónustu, sem hefir ekki verið framkvæmd.

5. — Ábyrgðargjaldið og afgreiðslugjaldið, ef svo ber undir, falla undir öllum kringumstæðum til póststjórnanna.

38. grein.

Undantekning frá reglunni um ábyrgð.

Póststjórnirnar eru undan þegnar allri ábyrgð:

a) ef um ofurefli (vis major) er að ræða; ábyrgðarskyldan hvílir þó á sendipóststjórninni, sem hefir gengizt undir að taka á sig ábyrgð gegn ofurefli (vis major) (5. liður 34. greinar);
b) þegar þær hafa ekki gert grein fyrir bögglunum, vegna þess að þjónustuskjölin hafa eyðilagzt af völdum ofureflis (vis major);
c) þegar skaðinn hefir orsakazt af hirðuleysi sendanda eða stafar af eðli sendingarinnar;
d) þegar um er að ræða böggla, þar sem innihaldið fellur undir eitthvað af forboðum þeim, sem nefnd eru í 15. grein, 2. lið undir stafliðunum b, c, d, e, f og síðustu málsgrein;
e) þegar um er að ræða böggla, sem verðið á er ranglega til greint hærra en hið raunverulega verð innihaldsins;
f) þegar um er að ræða böggla, sem gerðir hafa verið upptækir af tollgæzlunni, vegna rangrar tilgreiningar á innihaldinu;
g) þegar sendandi hefir enga kröfu gert innan þess tíma, sem segir í 26. grein.

39. grein.

Hvenær ábyrgð hættir.

Ábyrgð póststjórnanna á bögglum er lokið, þegar þeir eru afhentir samkvæmt fyrirmælum innanlandsreglugjörða þeirra. Ábyrgðin gildir þó áfram, þegar viðtakandi gerir fyrirvara um leið og hann tekur við böggli, sem rænt hefir verið úr, eða hefir skemmzt.

40. grein.

Greiðslan á skaðabótunum.

Skyldan til skaðabótagreiðslu hvílir á þeirri póststjórn, sem sendipósthús böggulsins heyrir undir, að geymdum endurgreiðslurétti gegn póststjórninni, sem ábyrgðina ber.

41. grein.

Frestur á greiðslunni.

1. — Greiðsla á skaðabótum skal fara fram eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan árs, að telja frá deginum eftir að krafan var sett fram.

Þegar sérstaklega stendur á, getur póststjórn sendilandsins frestað reikningsskilum á skaðabótum fram yfir tíma þann, sem tiltekinn er í málsgreininni á undan, þegar eigi er útkljáð um, hvort tapið, ránið eða skemmdirnar á sendingunni stafi af ofurefli (vis major).

2. — Sendipóststjórn hefir heimild til þess að bæta sendanda skaðann á kostnað milli liggjandi póststjórnar eða póststjórnar ákvörðunarlandsins, þegar þær, eftir löglega aðvörun, hafa eigi leitt málið til lykta innan 6 mánaða; frestur þessi er lengdur upp í 9 mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd.

42. grein.

Um hver beri ábyrgðina.

1. — Þangað til hið gagnstæða verður sannað, hvílir ábyrgðin á þeirri póststjórn, sem eftir að hafa tekið á móti bögglinum athugasemdalaust og eftir að hafa fengið í sínar hendur öll fyrirskipuð gögn til eftirgrennslunar, getur hvorki sýnt fram á, að böggullinn hafi verið afhentur viðtakanda eða, er svo ber undir, hafi verið sendur á lögformlegan hátt til næstu póststjórnar.

Milli liggjandi póststjórn eða póststjórn ákvörðunarlandsins, eru þó undan þegnar allri ábyrgð, ef þær geta fært sönnur á, að þær hafi ekki fengið kröfuna, fyrr en eftir að þjónustuskjöl hlutaðeigandi send-

85 ingar hafi verið eyðilögð og geymslufrestur þeirra, sem nefndur er
31. des. í 51. grein starfsreglugjörðarinnar, út runninn. Fyrirvari þessi rýrir í engu rétt kröfuhafans.

Hafi tapið, ránið eða skemmdirnar orðið í flutningnum, án þess að unnt sé að komast fyrir, á hvaða póstsvæði eða í vörzlum hvaða póststjórnar atvikið hefir komið fyrir, bera hlutaðeigandi póststjórnir skaðann í félagi að jöfnu. Þessi regla gildir einkum um böggla, sem skráðir eru í einu lagi.

2. — Þegar böggull hefir glatazt, verið rænt úr honum eða hann skemmzt sakir óviðráðanlegra atvika (vis major), ber landið, sem böggullinn hefir glatazt, verið rænt eða skemmzt hjá, enga ábyrgð gagnvart póststjórn landsins, sem sendi, nema bæði löndin taki á sig ábyrgð gegn ofurefli (vis major).

3. — Tollgjöld og önnur á hvílandi gjöld, sem ekki hafa fengizt afnumin, hvíla á þeim póststjórnum, sem bera ábyrgðina á skaðanum.

4. — Nú eru skaðabæturnar greiddar og öðlast póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, réttindi þess, sem við þeim hefir tekið, á allt að sömu upphæð, að því er snertir aðgang, ef til kæmi, að viðtakanda, sendanda eða þriðja manni.

5. — Komi böggull fram, sem talinn hefir verið glataður, skal þeim, sem skaðabætur voru greiddar, gert aðvart um, að hann geti fengið böggulinn afhentan gegn endurgreiðslu á skaðabótaupphæðinni.

43. grein.

Endurgreiðsla skaðabótanna til sendipóststjórnar.

1. — Póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, eða ber kostnað greiðslunnar samkvæmt 41. grein, er skyld að greiða póststjórn sendilandsins innan þriggja mánaða eftir tilkynningu um greiðsluna, skaðabótaupphæð þá, sem raunverulega hefir verið greidd sendanda.

Borgun þessi fer fram póststjórninni, sem á inni, að kostnaðarlausu, annað hvort með póstávísun, tékk eða víxli, er borgist við sýningu í höfuðstað eða verzlunarborg landsins, sem á inni, eða peningum, er hafa gangverð þar. — Skaðabótaupphæðina má líka taka þjónustulega í afreikningi við landið, sem ábyrgðin hvílir á, annaðhvort beint eða þá fyrir milligöngu fyrstu transítpóststjórnar, er svo dregur upphæðina frá á reikningnum til næstu póststjórnar, og þannig áfram, þangað til hin greidda upphæð hefir verið færð til skuldar hjá þeirri póststjórn, sem ber ábyrgðina. — Sé hinn tilgreindi þriggja mánaða frestur út runninn, falla vextir á upphæð þá, sem póststjórn sendilandsins er talin til inneignar, 7% á ári, frá þeim degi að telja er fresturinn var út runninn.

2. — Sendipóststjórn getur ekki krafizt endurgreiðslu á skaða- 85
bótagreiðslunni hjá póststjórn þeirri, sem ábyrgðina ber, fyrr en eftir 31. des.
tvö ár, að telja frá dagsetningu tilkynningarinnar um skaðann, eða, ef svo ber undir, frá þeim degi, er frestur sá, sem nefndur er í 2. lið 41. greinar, rennur út.

3. — Póststjórn sú, sem réttilega hefir sannazt á, að ábyrgðina beri, og neitar strax að greiða skaðabæturnar, skal einnig á sinn kostnað bera allan aukakostnað, sem kann að leiða af hinum óréttmæta drætti á borguninni.

VII. KAFLI.

Réttur til burðargjaldanna.

44. grein.

Endurgreiðslur fyrir flutninginn.

Fyrir hvern böggul endurgreiðir póststjórn sendilandsins:

a) til póststjórnar ákvörðunarlandsins þóknanir þær, sem henni ber samkvæmt ákvæðum 3. til 8. og 36. greinar;
b) ef til kemur, sérhverri milli liggjandi póststjórn, þóknanir þær, sem ákveðnar eru í 3., 4., 6., 7. og 36. grein.

45. grein.

Reikningsfærsla fyrir áfram senda eða endursenda böggla.

Sé um áframsendingu að ræða, eða endursendingu á böggli til upprunastaðar, færir póststjórn, sem áfram sendir, til reiknings hjá næstu póststjórn burðargjaldshluta sinn, og, ef til kemur:

a) þóknun fyrir tollmeðferð, sem nefnd er í 9. grein;
b) gjaldið fyrir tilkynningu til viðtakanda, sem nefnt er í 2. lið 10. greinar;
c) umboðsgjaldið, sem nefnt er í 3. málsgrein 12. greinar, ef um er að ræða tollmeðferð á böggli, áður en hann er áfram sendur eða endursendur;
d) gjaldið fyrir afhendingu á heimili, sem nefnt er í 1. lið 10. greinar;
e) geymslugjaldið, sem nefnt er í 13. grein;
f) gjaldið fyrir áframsendingu, sem nefnt er í 2. lið 20. greinar;
g) gjöld, sem ekki eru póstgjöld og hún á úti standandi.

Sama aðferð skal við höfð á sérhverri milli liggjandi póststjórn, eins og segir í 35. grein starfsreglugjörðarinnar.

46. grein.

Hraðboðagjald, sérstakt og auka.

1. — Hið ákveðna hraðboðagjald, sem nefnt er í 2. lið 14. greinar, telst til þeirra þóknana, sem falla til póststjórnar ákvörðunarlandsins.

Þegar hraðboðaböggull er áfram sendur til annars lands, án þess að reynt hafi verið að afhenda hann, fellur gjaldið til hins nýja ákvörðunarlands. Taki það ekki að sér útburð með hraðboða, fellur gjaldið til póststjórnar fyrsta ákvörðunarlands; sama gildir og, þegar hraðboðaböggli verður ekki komið til skila.

2. — Sé um áframsendingu á hraðboðaböggli að ræða eða endursendingu hans til upprunastaðar, er viðbótargjald það, sem nefnt er í 3. og 4. lið 14. greinar fært til reiknings hjá hlutaðeigandi póststjórn af þeirri póststjórn, sem hefir gert tilraun til útburðarins, nema gjaldið sé henni greitt þegar við útburð á heimili viðtakanda.

47. grein.

Gjald fyrir áframsendingu í ákvörðunarlandinu.

Gjaldið fyrir áframsendingu, sem nefnt er í 2. lið 20. greinar fellur, ef um frekari áframsendingu er að ræða eða endursendingu til upprunastaðar, til þess lands, sem hefir framkvæmt áframsendinguna innan landsvæðis síns.

48. grein.

Ýms gjöld.

1. — Eftirfarandi gjöld falla óskert til þeirrar póststjórnar, sem innheimtir þau:

a) hið fastákveðna gjald fyrir móttökukvittun (19. grein);
b) gjaldið, sem tekið er fyrir böggul, sem ekki verður komið til skila 4. liður 21. greinar);
c) fyrirspurnargjaldið (1. liður 26. greinar);
d) afgreiðslugjaldið fyrir böggla með tilgreindu verði (6. liður 34. greinar).

2. — Gjöldin fyrir tollmeðferð, tilkynningu um komu, afhendingu á heimili og geymslu (9., 10. og 13. grein) falla til póststjórnar ákvörðunarlandsins. Sama gildir og um umboðsgjaldið (12. grein), sem sama póststjórn tekur hjá póststjórn sendilandsins.

49. grein.

Skifting á burðar- og póstkröfugjaldi.

Póststjórn upprunalandsins endurgreiðir póststjórn ákvörðunarlandsins, samkvæmt skilyrðum þeim, sem sett eru í starfsreglugjörðinni, fastan burðargjaldshluta, 20 sentíma fyrir póstkröfu, og að auki ¼ af hundraði af aðalupphæð greiddra póstkröfuávísana.

Fastagjaldið og innborgunargjaldið, sem nefnd eru í 4. lið 27. greinar, falla óskert til póststjórnarinnar, sem innheimtir þau.

50. grein.

Ábyrgðargjald.

Póststjórn sendilandsins skuldar, sem ábyrgðargjald fyrir böggla með til greindu verði, sérhverri póststjórn, sem tekur þátt í flutningnum og ef svo ber undir, fyrir hverja sérstaka póstþjónustu, hluta af ábyrgðargjaldinu, sem er ákveðinn fyrir hverja 300 franka eða brot úr 300 frönkum, 5 sentímar fyrir landflutning og 10 sentímar fyrir sjóflutning.

VIII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

51. grein.

Beiting á almennum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Hin almennu ákvæði, sem nefnd eru í I. og II. bálki alþjóðapóstsamningsins, eiga einnig við um skifti á póstbögglum.

Póststjórnir þeirra landa, sem aðhyllast samning þennan og hafa póstbögglaviðskifti við lönd, sem ekki eru með í samningnum, skulu leyfa öllum öðrum samningspóststjórnum að nota þessi sambönd til póstbögglaviðskifta við hin síðar nefndu lönd.

Fyrir böggla, sem koma frá löndum, er hafa undirskrifað samninginn, skulu burðargjaldshlutarnir fyrir transít vera þeir sömu og nefndir eru í 3., 4, og 6. grein, og, ef svo ber undir, í 7., 34. og 36. grein.

Nú óskar land að ganga að þessum samningi, og gerir kröfu til þess, að taka hærra aukagjald en 25 sentíma fyrir böggulinn, og skal þá alþjóðaskrifstofan leggja beiðnina um aðgang að samningnum fyrir allar póststjórnir, sem hafa undirskrifað samninginn. Ef meira en þriðjungur póststjórna þessara hreyfir engum mótmælum gegn þessari beiðni, innan sex mánaða, skoðast hún samþykkt.

85
31. des.

52. grein.

Samþykkt á frumvörpum milli póstþinga.

Til þess að öðlast gildi, þurfa frumvörp þau, sem fram koma milli póstþinga (18. og 19. grein alþjóðapóstsamningsins) að fá:

a) öll atkvæði, ef um er að ræða viðbót á nýjum ákvæðum eða breytingu á ákvæðum 1. til 21., 26. til 46., 48., 49., 50., 52. og 53. grein samningsins og 53. grein starfsreglugjörðar hans;

b) tvo þriðju atkvæða, ef um er að ræða breytingar á ákvæðum í öðrum greinum samningsins en þeim, sem taldar eru í málsgreininni á undan;

c) einfaldan meiri hluta atkvæða, ef um er að ræða skilning á ákvæðum samningsins og starfsreglugjörðar hans, að undanteknu atriðinu um deilumál, sem leggja skal í gerðardóm og nefnt er í 10. grein alþjóðapóstsamningsins.

Niðurlagsatriði.

53. grein.

Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda og hversu lengi hann gildir.

Samningur þessi kemur til framkvæmda 1. júlí 1930, og gildir um óákveðinn tíma.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar stjórnanna í framangreindum löndum undirskrifað samning þennan í einu eintaki, sem skal geymt í skjalasafni stjórnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og fær hver aðili afrit af því.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

Loka-ákvæði samningsins.

Í því að undirritaðir fulltrúar ætluðu að fara að undirskrifa samning þann, um póstbögglа, sem gerður var í dag, urðu þeir ásáttir um það, sem hér segir:

I.

Framkvæmd flutningafélaga á starfinu.

Sérhvert land, sem ekki annast flutning á póstbögglum með pósti sem stendur, og gengur að ofangreindum samningi, skal hafa heimild til þess, að láta járnbrautar- og útgerðarfélög framkvæma ákvæði hans. Jafnframt getur það takmarkað starfið, svo að það nái aðeins til bögglа frá eða til staða, sem liggja innan starfssvæðis þessara félaga.

Póststjórnin í slíku landi verður að gera samninga við járnbrautar- og útgerðarfélögin, til þess að tryggja sér, að þau framkvæmi algerlega öll ákvæði samningsins, og sérstaklega komi skipulagi á viðskiftaþjónustuna.

Hlutaðeigandi póststjórn er milliliður þessara félaga í viðskiftum þeirra við póststjórnir annara samningslanda og alþjóðaskrifstofuna.

II.

Loftflutningur.

Ákvæðunum um flutning á bögglapósti loftleiðis er hnýtt við póstbögglasamninginn og ber að skilja þau sem óaðskiljanlegan hluta af honum og starfsreglugjörð hans.

Sem undantekning á hinum almennu ákvæðum samningsins gildir þó, að breytingar á ákvæðum þessum má gera öðru hverju af póstfundi, sem sóttur er af fulltrúum póststjórna, sem beinlínis eiga hlut að máli.

Póstfund þenna kallar alþjóðaskrifstofan saman, ef þrjár póststjórnir, að minnsta kosti, biðja um það.

Öll ákvæði, sem stungið er upp á á slíkum póstfundi, skulu með aðstoð alþjóðaskrifstofunnar borin undir atkvæði samningslandanna. Ákvörðun er tekin með meiri hluta greiddra atkvæða.

III.

Transít.

Leyfi til þess, að ábyrgjast ekki flutning á póstbögglum í transít

85 yfir landsvæði sín, er veitt til bráðabirgða: Persíu, Hinum portúgölsku
31. des. nýlendum í Afríku og nýlendunni Belgisku Congo.

Að því er Belgisku Congo snertir, nær ákvæði þetta þó ekki til böggla frá eða til frönsku nýlendnanna Tchad, Oubangui-Chari og Mið-Congo.

IV.

Auka-transítgjöld.

Sem undantekning frá 3. grein samningsins,

a) má hækka landburðargjaldið fyrst um sinn:
upp í 1 franka fyrir Brasilíu, Lýðveldið Colombíu, Equator, Perú og Bandaríki Venezuela;
upp í 1 fr. 25 fyrir Kína;
upp í 2 fr. 50 fyrir Tyrkland í Asíu; þetta aukagjald má hækka upp í 4 franka á böggul frá og til Persíu, eftir leiðinni Trapezunt—Erzerum—Bayezid;

b) má lýðveldið Panama taka 50 sentíma aukagjald fyrir böggul í flutningi yfir eiðið;

c) má argentiska póststjórnin taka 3 fr. 60 aukagjald á böggul sem landtransítgjald fyrir böggla, sem eiga að flytjast eftir Transandesbrautinni;

d) hefir Egyptaland (að því er snertir Sudan) rétt til þess, að hækka landburðargjald á bögglum frá og til Belgisku Congo, í transít yfir Sudan, upp í 1 fr. 20 fyrir böggla allt að 1 kg., og upp í 4 fr. 40 fyrir böggla allt að 5 kg.;

e) hefir Belgiska Congo heimild til þess, að hækka landburðargjald á bögglum til og frá frönsku nýlendunum Tchad, Oubangui-Chari og Mið-Congo upp í 60 sentíma, 2 franka og 4 franka, með réttri tilvísun til fyrstu þriggja þyngdarmarkanna.

Gjald þetta getur þó breytzt eftir samkomulagi beggja póststjórnanna, sem hlut eiga að máli;

f) má póststjórnin í Chili taka sem transítgjald, aukagjald, er nemi 1 fr. 25 á böggul, fyrir þá böggla, sem eiga að flytjast eftir Transandesbrautinni.

V.

Viðbótargjöld endastöðva.

Sem undantekning og til bráðabirgða má viðbótargjald það, sem nefnt er í 8. grein, hækka upp í:

40 sentíma fyrir Dominikanska lýðveldið;

50 sentíma fyrir Búlgaríu, lýðveldið Haïti og Ísland;

75 sentíma fyrir eftirgreindar póststjórnir: Lýðveldið Argen- 85
tínu, Austurríki, Chili, Kína, Spán, Finnland, Grikkland, Guatemala, 31. des.
Indókína (ýms pósthús langt úr leið), Brezka Indland, Nicaragua, Noreg, lýðveldið Panama, Pólland, lýðveldið Salvador, Síam, Svíþjóð, Tyrkland í Asíu, Uruguay; viðbótargjaldið 0 fr. 75, sem Tyrklandi í Asíu er leyft, má hækka upp í 2 franka fyrir böggla, sem sendir eru til pósthúsa, er liggja langt frá járnbraut og sjó, svo að flutningurinn er framkvæmdur með landpóstum;

1 franka fyrir Egyptaland (að því er snertir pósthúsin í Sudan), og fyrir Marokkó (að undanskildum spánska hlutanum), að undanteknum pósthúsunum í Casablanca, Mazagan, Mogador, Oudjda, Safi og Tanger;

1 fr. 25 fyrir Brasilíu, Equator, Perú, Bandaríki Venezuela og argentínsk pósthús í Costa del Sur, Tierra del Fuego og að liggjandi eyjum;

1 fr. 50 fyrir Hollenzku Indíur.

Bolivía hefir heimild til þess fyrst um sinn, að nota þrennskonar viðbótargjald: 3, 7 og 14 franka, með réttri tilvísun til fyrstu þriggja þyngdarmarkanna, fyrir böggla frá eða til annara staða en La Paz og Oruro.

Lýðveldið Colombía hefir heimild til þess fyrst um sinn að taka þessi viðbótargjöld: 1 fr. 25 fyrir hvern böggul til hafnarstaða og 1 franka á kílógramm eða brot úr kílógrammi fyrir böggla til annara staða. —

Etiopía hefir heimild til þess, fyrst um sinn, að taka í viðbótargjald 40 sentíma, 1 fr. 25 og 1 fr. 70 fyrir böggla, með réttri tilvísun til fyrstu þriggja þyngdarmarkanna.

Nýlendan Belgiska Congo, Persía og portúgölsku nýlendurnar Angola og Mozambique hafa heimild til þess að leggja á póstböggla fyrir flutning lengri veg en til viðskiftapósthúsa þeirra, aukagjald, sem ekki má fara fram úr taxta þeim, sem notaður er við póstböggla í innanlands þjónustu þeirra.

VI.

Sérstök aukagjöld.

1. — Fyrir hvern böggul frá eða til Korsíku eða Algier, skal taka af viðtakanda: 1° sama gjald og fyrir sjóflutning, þegar vegalengdin fer ekki fram úr 500 sjómílum; 2° aukalandburðargjald, er sé mest sama og landburðargjaldshlutinn fyrir böggla frá eða til franska meginlandsins.

2. — Fyrir flutning milli spánska meginlandsins annarsvegar,

85 31. des. Balearisku eyjanna, spánskra nýlendna í Norður-Afríku og pósthúsanna á spánska svæðinu af Marokkó hinsvegar, skal taka aukagjald jafnt og gjaldið fyrir sjóflutning, þegar vegalengdin fer ekki fram úr 500 sjómílum.

Fyrir flutning milli spánska meginlandsins annarsvegar og Kanaríeyja hinsvegar, skal taka aukagjald jafnt og gjaldið fyrir sjóflutning, þegar vegalengdin fer ekki fram úr 1000 sjómílum.

3. — Hinni portúgölsku póststjórn er heimilt að taka aukagjald 1 fr. 50 fyrir böggul allt að 5 kílógr. í flutningum milli Portúgal og eyjanna Madeira og Açores.

4. — Fyrir flutning milli Indókína annarsvegar og Kouang-Tchéou-Wan-héraðsins hinsvegar, má taka aukagjald, jafnt og gjaldið fyrir sjóflutning, þegar vegalengdin fer ekki fram úr 500 sjómílum.

VII.

Sérstakir taxtar.

Brezka Indland hefir heimild til þess að nota við böggla þaðan og til annara landa burðargjaldsstiga, er svari til hins frábrugðna vogarkerfis, en þó með því skilyrði, að meðaltaxtinn fari ekki fram úr almenna taxtanum, og þar í inni falið aukagjald það, sem það kann að mega taka.

Þessi heimild veitist einnig þeim löndum, sem ganga inn í samninginn á tímabilinu til næsta póstþings.

VIII.

Bögglar með tilgreindu verði.

Sem undantekningu frá ákvæðum 34. greinar:

a) má nýlendan Belgiska Congo takmarka upphæð hins tilgreinda verðs á bögglum við 500 franka;

b) má argentínska póststjórnin taka í viðbótargjald 10 sentíma fyrir 300 franka eða brot úr 300 frönkum, fyrir böggla með tilgreindu verði frá eða til pósthúsanna í Costa del Sur, Tierra del Fuego og að liggjandi eyjum;

c) má fyrir flutning milli franska meginlandsins annarsvegar, Algier og Korsíku hinsvegar, taka af sendanda fyrir böggla með tilgreindu verði í viðbótargjald 10 sentíma fyrir hverja 300 franka eða minna;

d) má indókínverska póststjórnin taka í viðbótargjald 10 sentíma fyrir 300 franka eða brot úr 300 frönkum, fyrir böggla með tilgreindu verði frá eða til pósthúsanna í Kouang-Tchéou-Wan-héraðinu;

e) má Egyptaland hækka ábyrgðargjaldið fyrir böggla með tilgreindu verði frá og til Belgisku Congo, í transít yfir Sudan, upp í 10 sentíma fyrir hverja 300 franka eða brot úr 300 frönkum. 85 31. des.

Fyrir hvern böggul með tilgreindu verði frá eða til Korsíku og Algier, skal taka af sendanda, sem korsíkanskt eða algierískt landburðargjald, viðbótargjald, 5 sentíma fyrir hverja 300 franka eða minna.

IX.

Undantekning frá reglunni um ábyrgð.

Sem undantekning frá ákvæðunum í 37. grein gildir, að Belgiska Congo og Egyptaland (að því er snertir Sudan) hafa heimild til þess, að greiða engar skaðabætur fyrir skemmdir á bögglum frá hvaða landi sem er, til Belgisku Congo eða Sudan, ef í þeim eru vökvar, efni, sem bráðna auðveldlega, hlutir úr gleri eða samskonar brothættir munir.

X.

Ummál og rúmmál.

Grikkland, Túnis og Tyrkland í Asíu hafa heimild til þess að leyfa ekki fyrst um sinn böggla, sem að ummáli og rúmmáli fara fram úr hámarki því, sem leyft er í samningnum, fyrir sjóflutning.

XI.

Rúmfrekir bögglar.

Sem undantekning frá ákvæðinu í 1. lið 7. greinar undir staflið a, gildir, að Egyptaland (að því er snertir Sudan) og Noregur hafa heimild til þess, í viðskiftum sínum við önnur lönd, að telja þá böggla rúmfreka, sem á einhvern veg fara fram úr einum metra og tíu sentimetrum, eða ef samanlögð lengd og stærsta ummál annað en lengdin, fara fram úr einum metra og 85 sentimetrum.

Rúmfrekir bögglar teljast þeir bögglar til annara staða í Colombíu en hafnarstaðanna, sem fara fram úr 1,05 metra á hlið, eða ef samanlögð lengd og stærsta ummál annað en lengdin, fara fram úr 1,80 metra. —

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar sett þessi lokaákvæði, sem skulu hafa sama kraft og gildi, eins og þó að ákvæði þau, sem þau innihalda, hefðu verið sett í sjálfan samninginn, sem þau eiga við, og hafa þeir undirskrifað eitt eintak, sem skal geymt í skjalasafni stjórnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og skal hver aðili fá afrit af því.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

85
31. des.

Starfsreglugjörð

póstbögglasamningsins.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein. Flutningsleið.
2. — Hvernig flutningi skal hagað.
3. — Upplýsingar til póststjórnanna.
4. — Flutningsleiðir og taxtar.

II. KAFLI.

Ákvæði, sem gilda um alla böggla.

5. grein. Athugun á bögglunum.
6. — Ytri frágangur bögglanna.
7. — Sérstakar umbúðir.
8. — Fylgibréf og tollskrár.
9. — Gjaldfrjálsir bögglar.
10. — Móttökukvittun.
11. — Móttökukvittun, sem beðið er um, eftir að böggullinn hefir verið látinn á póst.

III. KAFLI.

Póstkröfubögglar.

12. grein. Upplýsingar, sem setja ber á böggla og fylgibréf.
13. — Merkimiði.
14. — Póstkröfuávísun.
15. — Greiðsla inn á pósthlaupareikning.
16. — Myntbreyting póstkröfuupphæðar.
17. — Ósamhljóða tilgreining á póstkröfuupphæðinni.
18. — Greiðslufrestur.

19. — Lækkun eða afnám póstkröfu.
20. — Áframsending.
21. — Útgáfa póstkröfuávísunar eða innborgunarseðils.
22. — Ógilding eða skifti á póstkröfueyðublöðum og innborgunarseðlum.
23. — Póstkröfuávísanir sendar öfugt, glataðar, eyðilagðar, ekki spurzt fyrir um þær né þær afhentar viðtakanda.

IV. KAFLI.

Bögglar með tilgreindu verði.

24. grein. Tilgreining á verðupphæðinni.
25. — Merkimiðar og frímerki.
26. — Mót af innsigli.
27. — Tilgreining á þyngd.
28. — Sviksamleg tilgreining verðs.

V. KAFLI.

Skyndibögglar.

29. grein. Merkimiði.
30. — Flutningur og reikningsfærsla.

VI. KAFLI.

Meðferð böggla við burtför og komu.

31. grein. Innritunarnúmer og viðtökustaður.
32. — Notkun dagstimpils og tilgreining þyngdar.
33. — Hraðboðabögglar.
34. — Endursending frankóseðla. — Endurheimta á útlögðum upphæðum.
35. — Áframsending.
36. — Óskilabögglar. — Tilkynningar um óskilaböggla.
37. — Óskilabögglar. — Fyrirmæli sendanda.
38. — Endursending óskilaböggla.
39. — Sala. — Eyðilegging.
40. — Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.
41. — Fyrirspurnir um böggla eða póstkröfuávísanir.
42. — Fyrirspurnir um böggla, setta á póst í öðru landi.

VII. KAFLI.

Skifti á bögglum.

43. grein. Bögglapóstskrá.
44. — Athugun í viðskiftapósthúsunum. — Ónákvæmni, sem hefir ekki ábyrgð í för með sér fyrir póststjórnirnar.
45. — Ónákvæmni, sem hefir ábyrgð í för með sér fyrir póststjórnirnar.

VIII. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Reikningsskil.

46. grein. Reikningar yfir þóknanirnar.
47. — Reikningsskil.
48. — Reikningar póstkröfuávísana.
49. — Frankóseðlar. — Reikningar yfir tollgjöld o. s. frv.

Ýms ákvæði.

50. grein. Eyðublöð.
51. — Geymslufrestur skjala.
52. — Upplýsingar til alþjóðaskrifstofunnar.

Niðurlagsatriði.

53. grein. Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda og hversu lengi hún gildir.

Starfsreglugjörð

85
31. des.

póstbögglasamningsins.

Samkvæmt 4. grein alþjóðapóstsamningsins, sem gerður var í Lundúnum hinn 28. júní 1929, hafa undirritaðir, hver í nafni sinnar stjórnar, sameiginlega samþykkt eftirfarandi ákvæði til framkvæmda á póstbögglasamningnum.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. grein.

Flutningsleið.

1. — Sérhverri póststjórn er skylt að senda póstböggla þá, sem önnur póststjórn hefir trúað henni fyrir til flutnings í transít gegnum landsvæði hennar, eftir sömu leið og með sömu tækjum og hún notar við flutning á sínum eigin bögglum.

Nú teppist flutningaleið, og skulu þá bögglar þeir í transít, sem eftir henni áttu að fara, fluttir áfram eftir þeirri leið, sem hagkvæmust er fyrir hendi.

2. — Transítflutningur skal framkvæmdur eftir ákvæðum þeim, sem sett eru í samningnum og starfsreglugjörðinni, eins þótt póststjórn ákvörðunarlands bögglanna hafi ekki gengið að samningnum.

3. — Í viðskiftum milli landa, sem aðskilin eru af einu eða fleirum milli liggjandi landsvæðum, skulu bögglarnir fluttir eftir þeim leiðum, sem hlutaðeigandi póststjórnir hafa orðið ásáttar um.

4. — Bögglar, sem eru skakkt sendir, skulu áfram sendir til hins rétta ákvörðunarstaðar, beinustu leið, sem póststjórnin, er áfram sendir, ræður yfir.

2. grein.

Hvernig flutningi skal hagað.

1. — Skifti á bögglum milli nágrannalanda, eða landa, sem standa í beinu sambandi hvert við annað með sjóferðum, skulu framkvæmd af þeim pósthúsum og á þeim stöðum, sem hlutaðeigandi póststjórnir ákveða til þess starfa.

85 31. des.

2. — Sé ekki öðruvísi ákveðið, skulu bögglar í viðskiftum við lönd, er ekki liggja saman, sendast í stykkjatali.

Hlutaðeigandi póststjórnir geta orðið ásáttar um að skiftast á póstbögglum í lokuðum pokum, körfum eða kössum, skráðum beina leið. Í því efni gera umræddar póststjórnir sameiginlega nauðsynlegar ráðstafanir.

3. — Þó er það skylda, að senda póstbögglana í lokuðum ílátum, þegar tala þeirra er svo há, að þeir eru til trafala fyrir starf einhverrar milli liggjandi póststjórnar, eftir hennar eigin umsögn.

Hin lokuðu ílát skulu bera greinilega áletrun upprunapósthússins eða upprunalandsins, og, nema öðruvísi sé um samið, áframhaldandi númer. Þyngd þeirra má ekki fara fram úr 50 kg., ef það eru pokar, og 70 kg., ef um önnur ílát er að ræða.

Ílátin skulu endursend tóm til sendipóststjórnarinnar með næsta pósti á eftir.

Póststjórn sú, sem áfram sendir, skal færa númer hinnar endursendu íláta á bögglaskrána, og hún skal svara til þeirra íláta, sem hún getur ekki sannað, að hún hafi endursent.

3. grein.

Upplýsingar til póststjórnanna.

1. — Póststjórnir þær, sem halda uppi reglulegum samböndum sjóleiðis, skulu gefa öðrum póststjórnum upplýsingar um, hvað af þessum samböndum sé hægt að nota til flutnings á póstbögglum, ásamt vegalengdinni.

2. — Þær póststjórnir, sem halda uppi sín á milli beinum viðskiftum, tilkynna hver annari með töflum, eins og við fest fyrirmynd C P 1:

a) nafnaskrá yfir þau lönd, sem þær geta flutt til böggla, sem þeim eru afhentir:
b) leiðir þær, sem eru opnar ofan greindum bögglum, þegar þeir eru komnir inn á landsvæði þeirra eða í þjónustu þeirra;
c) upphæð þóknana þeirra, sem ber að greiða þeim fyrir hvern ákvörðunarstað;
d) hversu margar tollskrár skulu fylgja hverjum böggli.

3. — Sérhver póststjórn skal þar að auki tilkynna fyrstu milli liggjandi póststjórn beint, hvaða lönd það eru, sem hún ætlar að senda henni böggla til.

4. grein. 85
31. des.

Flutningsleiðir og taxtar.

Með hliðsjón til taflnanna C P 1, sem hver póststjórn fær frá hinum, sem við hana skifta, ákveður hún leiðirnar fyrir flutning á sínum bögglum og gjaldið, sem taka á af sendendum, eftir skilyrðum þeim, sem transítin býður.

II. KAFLI.

Ákvæði, sem gilda um alla böggla.

5. grein.

Athugun á bögglunum.

Að því er snertir nákvæman útreikning á rúmmáli, þyngd eða ummáli bögglanna, þá skal álit sendipósthússins þar um gilda, nema um bersýnilega villu sé að ræða.

6. grein.

Ytri frágangur bögglanna.

Til þess að verða tekinn til flutnings, verður sérhver böggull:

a) að bera greinilega utanáskrift viðtakanda, og sömuleiðis sendanda, með latneskum bókstöfum. Utanáskriftir með blýanti eru ekki leyfðar; þó skulu teknir til flutnings bögglar, þar sem utanáskriftin hefir verið skrifuð með blekblýanti og það, sem skrifað er á, hefir verið vætt áður. Utanáskriftin skal sett á böggulinn sjálfan eða á miða, sem er vandlega festur við hann, þannig, að hún geti ekki losnað frá. Það er ráðið til þess, að láta afrit af utanáskriftinni innan í sendinguna, og geta þar um utanáskrift sendanda;

b) að vera útbúinn og lokaður á þann hátt, sem svarar til flutningslengdarinnar, og veitir næga tryggingu fyrir því, að ekki verði farið í innihaldið, án þess að glögg merki sjáist um skemmdirnar. Þó má taka án umbúða hluti, sem hægt er að láta hvern innan í annan, eða safna saman og halda saman með sterku bandi, með plombum eða lakki fyrir, þannig, að úr þeim verði einn böggull, sem ekki getur dottið í sundur. Heldur ekki þarf að krafjast umbúða um böggla, sem eru úr einu, heilu efni, svo sem tré eða málmstykki o. s. frv., og sem ekki er verzlunarvenja að setja í umbúðir.

85 31. des.

Hluti, sem geta meitt póstmenn eða skemmt aðrar sendingar, skal búa þannig um, að engin hætta stafi af þeim.

c) að vera innsiglaðir með lakkinnsiglum, er séu nákvæmlega eins, með plombum, eða á annan hátt, með sérstöku, eins löguðu, sama merki sendanda, eða stimpli;

d) að hafa nægilegt pláss til áritunar fyrir póstþjónustuna, fyrir stimpla og merkimiða.

7. grein.

Sérstakar umbúðir.

1. — Umbúðir böggla, sem eiga að flytjast langar leiðir, og verða fyrir mörgum umskipunum og allskonar meðferð, og einkum umbúðir böggla til fjarlægra landa, skulu vera sérstaklega sterkar og úr haldgóðu efni; sérstaklega er það óhjákvæmilegt, þegar innihaldið er dýrir málmar, hlutir úr málmi eða þungavara, að nota þá sem umbúðir öskjur úr sterkum málmi eða trékassa, að minnsta kosti 1 sentimeter á þykkt.

2. — Lagarkenndar vörur og efni, sem auðveldlega verða lagarkennd, skulu send í tvöföldum ílátum. Á milli hins fyrra (flösku, glass, krukku, öskju o. s. frv.) og seinna (öskju úr málmi, sterku tré, eða bárupappa úr sterku efni), skal vera, að svo miklu leyti sem auðið er, bil, sem sé fyllt sagi, úrsælding eða einhverju öðru efni, sem drekkur í sig og varnar skemmdum.

Þetta er ófrávíkjanlegt skilyrði, ef innra ílátið er sérstaklega brothætt.

Þurr duft til litunar, svo sem anilín o. s. frv., eru ekki tekin til flutnings, nema í sterkum blikkdósum, sem svo séu aftur settar í tréöskjur með sagi á milli; þurraduft, sem ekki eru til litunar, skulu sett í málm-, tré- eða pappaöskjur; öskjur þessar skulu því næst látnar í lérefts- eða pergamentspoka.

3. — Ef hinar ýmsu póststjórnir, sem taka þátt í flutningnum, leyfa, skulu bögglar, sem innihalda eldspýtur, hvellhettur og hlaðin málmskothylki í handskotvopn og ósprenghætta hluti af tundurpípum, vera vandlega umbúnir, bæði að utan og innan, og þeir skulu sendir í kössum eða tunnum. Skal skrifa bæði á fylgibréfið og sjálfa sendinguna, hvað innihaldið sé.

8. grein.

Fylgibréf og tollskrár.

1. — Sérhverjum böggli skal fylgja fylgibréf úr sterkum pappa hvítum að lit, og tollskrár, eins og við festar fyrirmyndir C P 2 og C P 3. Tollskrárnar skulu vandlega festar við fylgibréfið.

Á afklipping fylgibréfsins getur sendandi skrifað athugasemd- 85
ir, er snerta sendinguna. Þar að auki skal hann skýra frá, aftan á 31. des.
fylgibréfinu, annaðhvort með áritun eða með því, að undirstrika hið prentaða mál, hvernig hann vill láta fara með böggulinn, ef fyrir kæmi, að ekki yrði unnt að afhenda hann. Skal sú athugasemd, sem á að vera skrifuð á frönsku eða öðru því máli, sem þekkt er í ákvörðunarlandinu, sett á sjálfan böggulinn.

Eftirfarandi ákvæði eru aðeins leyfð:

a) að böggullinn sé tafarlaust endursendur;
b) að böggullinn verði áfram sendur á annan stað, til afhendingar sama viðtakanda;
c) að böggullinn sé afhentur öðrum viðtakanda (án greiðslu póstkröfunnar, ef svo ber undir, eða gegn lægri greiðslu en upprunalega ákveðin);
d) að böggullinn sé tilkynntur sem óskilaböggull;
e) að tilkynning um, að bögglinum hafi ekki orðið komið til skila, sé stíluð til þriðja manns í ákvörðunarlandi böggulsins;
f) að böggullinn sé seldur á ábyrgð og áhættu sendanda, eða farið með hann sem yfirgefinn.

2. — Eitt fylgibréf og ein tollskrá mega fylgja allt að þremur almennum bögglum, sem koma frá sama sendanda, eru háðir sama burðargjaldi, og eiga að fara til sama manns. Þetta ákvæði nær þó ekki til póstkröfuböggla, böggla með tilgreindu verði, eða böggla, sem eiga að afhendast gjaldfrjálsir, sem hver um sig skal hafa sitt sérstaka fylgibréf.

Hvert land getur krafizt sérstaks fylgibréfs og sérstakrar tollskrár fyrir hvern böggul.

3. — Póststjórnirnar taka ekki á sig neina ábyrgð, að því er snertir tollskrárnar.

9. grein.

Gjaldfrjálsir bögglar.

1. — Fylgibréf böggla, sem eiga að afhendast viðtakendum gjaldfrjálsir, skulu bera efst á framhlið áletrunina „Franc de droits", eða tilsvarandi athugasemd á máli upprunalandsins. Áritunarfletir bögglanna og fylgibréfin skulu útbúin með gulum miða, sem einnig standi á með skýru letri athugasemdin „Franc de droits".

2. — Sérhverjum böggli, sem sendur er „franc de droits", skal fylgja frankóseðill eins og við fest fyrirmynd C P 4, búinn til úr pappa, er skal vera gulur á lit, og fyllir sendipósthúsið út framhlið hans.

Frankóseðillinn skal vera vandlega festur við fylgibréfið.

85
31. des.

10. grein.

Móttökukvittun.

1. — Bögglar, sem beðið er um móttökukvittun fyrir af sendanda, skulu bera greinilega athugasemdina „Avis de réception" eða stimplaða stafina „A. R." Athugasemd þessi skal einnig skrifuð á fylgibréfið.

2. — Bögglum þessum fylgir eyðublað eins eða líkt og fyrirmynd C 6, er fylgir starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins; eyðublað þetta er útbúið af upprunapósthúsinu eða einhverju öðru pósthúsi, sem pósthús sendilandsins ákveður, og fest við fylgibréf böggulsins, sem það á við. Komi það ekki til ákvörðunarpósthússins, er það skyldugt til þess, að útbúa nýja móttökukvittun.

3. — Þegar ákvörðunarpósthúsið hefir útfyllt eyðublað C 6, eins og vera ber, sendir það það aftur opið og burðargjaldsfrjálst til sendanda böggulsins.

4. — Ef sendandi spyrst fyrir um móttökukvittun, sem hann hefir ekki fengið á réttum tíma, skal spurzt fyrir um hana eftir sömu reglum og nefndar eru í næstu grein hér á eftir. Í því efni er ekki tekið neitt gjald aftur og upprunapósthúsið skrifar efst á eyðublaðið C 6 „Duplicata de l'avis de réception etc".

11. grein.

Móttökukvittun, sem beðið er um, eftir að böggullinn hefir verið látinn á póst.

Þegar sendandi biður um móttökukvittun fyrir böggli, eftir að hann hefir verið látinn á póst, fyllir sendipósthúsið út eyðublað C 6 (fyrirmynd fest við starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins). Þetta eyðublað er síðan fest við fyrirspurnareyðublaðið, fyrirmynd C P 5, útbúið með frímerkjum, er svari til taxta þess, sem nefndur er í 53. grein alþjóðapóstsamningsins, og er síðan farið eftir fyrirmælum 41. greinar þessarar starfsreglugjörðar, að því undanteknu, að hafi böggullinn verið reglulega afhentur, heldur ákvörðunarpósthúsið eyðublaði C P 5 eftir og sendir eyðublað C 6 til upprunapósthússins, eins og nefnt er í 3. lið næstu greinar hér á undan.

Í þeim löndum, þar sem póstbögglastarfið er ekki framkvæmt af póststjórninni, er gjaldið, sem tekið er, til greint á eyðublaðinu C P 5, annaðhvort með því að líma á það sérstakan miða, eða með því að skrifa á það sjálfa upphæðina.

III. KAFLI.

Póstkröfubögglar.

12. grein.

Upplýsingar, sem setja ber á böggul og fylgibréf.

1. — Póstkröfubögglar og fylgibréf þeirra skulu efst bera áletrunina „Remboursement" skrifað eða prentað skýrt og greinilega, og þar á eftir póstkröfuupphæðina til greinda með latneskum bókstöfum og aröbskum tölum, án útþurkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þó að staðfest sé.

2. — Sendandi skal enn fremur skrifa nafn sitt og heimilisfang á böggulinn og bakhlið fylgibréfsins, einnig með latneskum bókstöfum. Eigi hin innheimta upphæð að greiðast inn á pósthlaupareikning í ákvörðunarlandinu, skal þar að auki standa utanáskriftarmegin á bögglinum og fylgibréfinu þessi athugasemd, skrifuð á frönsku eða öðru þekktu máli í ákvörðunarlandinu: „A porter au crédit du compte des chèques postaux No. .... de M..... à ... . tenu par le bureau des chèques de .....". (Færist til tekna í pósttékkareikningi herra ..... í ..... nr. .... hjá pósttékkadeidlinni í .....).

13. grein.

Merkimiði.

Póstkröfubögglar skulu ásamt fylgibréfum sínum bera utanáskriftarmegin rauðgulan miða, eins og fyrirmynd C 7, sem fylgir starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins.

14. grein.

Póstkröfuávísun.

Að því undanteknu, er segir í 15. grein hér á eftir, skal hverjum póstkröfuböggli fylgja póstkröfuávísun úr sterkum pappa og hvít að lit, eins og við fest fyrirmynd C P 6. Á póstkröfuávíun þessari, sem oft er heft við fylgibréfið, skal standa upphæð póstkröfunnar í mynt upprunalandsins og auk þess, sem almenn regla, skal sendandi böggulsins til færður sem viðtakandi ávísunarinnar. Þó getur hver póststjórn látið skrifa upprunapósthús böggulsins eða einhver önnur pósthúsa sinna, sem viðtakanda ávísana, er snerta sendingar, sem eru upp runnar frá hennar póstþjónustu. Afklippingur ávísunarinnar skal tilgreina nafn og heimili viðtakanda böggulsins, svo og staðinn og daginn, sem hann er látinn á póst.

85
31. des.

15. grein.

Greiðsla inn á pósthlaupareikning.

Hverjum böggli, sem hin innheimta upphæð á að greiðast fyrir inn á pósthlaupareikning í ákvörðunarlandinu, skal fylgja, nema öðruvísi sé um samið, innborgunarseðill, eins og eyðublað það, sem fyrirskipað er í innanríkisþjónustu landsins. Seðillinn skal tilgreina eiganda reiknings þess, sem á að greiða inn á, svo og allar aðrar upplýsingar, sem texti eyðublaðsins segir til um, nema upphæðina, sem á að greiða; hana færir ákvörðunarpósthúsið á seðilinn, eftir að póstkröfuupphæðin er inn heimt. Sé innborgunarseðillinn með afklippingi, skal sendandi þar geta nafns síns og utanáskriftar, og setja þar að auki aðrar upplýsingar, er hann telur, að máli skifti.

Innborgunarseðillinn skal vandlega festur við fylgibréfið.

16. grein.

Myntbreyting póstkröfuupphæðar.

Nema öðruvísi sé ákveðið, skal upphæð póstkrafnanna, sem til færðar eru í mynt upprunalands sendingarinnar, breytt í mynt ákvörðunarlandsins undir umsjá póststjórnarinnar þar, sem í því atriði notar sama gengi og hún er vön við póstávísanir til upprunalands bögglanna.

17. grein.

Ósamhljóða tilgreining á póstkröfuupphæðinni.

Ef tilgreining póstkröfuupphæðar er ekki samhljóða á bögglinum, fylgibréfinu og póstkröfuávísuninni, skal hæsta upphæðin innheimt af viðtakanda.

Neiti viðtakandi, að greiða upphæðina, má afhenda böggulinn, með þeirri undantekningu, er neðar getur, gegn greiðslu á lægri upphæðinni, en með því skilyrði, að viðbótargreiðsla fari fram, ef svo ber undir, jafnskjótt og upplýsingar frá sendipósthúsinu eru komnar. Samþykki viðtakandi ekki þetta skilyrði, skal afhendingu böggulsins frestað. —

Undir öllum kringumstæðum skal senda sendipósthúsinu þegar í stað beiðni um upplýsingar, og ber því að svara henni á sem stytztum tíma, og taka fram hina réttu póstkröfuupphæð.

Þegar viðtakandi er á ferðalagi, eða þarf að fara í burtu, má heimta hærri upphæðina. Sé henni neitað, skal sendingin ekki afhent, fyrr en svarið við beiðninni um upplýsingar er komið.

18. grein. **85**
31. des.

Greiðslufrestur.

1. — Upphæð póstkröfu skal borguð innan viku, að telja frá næsta degi eftir að böggullinn kemur á pósthúsið.

Frest þennan má lengja upp í mánuð mest, hjá þeim póststjórnum, þar sem löggjöf þeirra krefst þess.

Þegar geymslufresturinn er liðinn, skal farið með böggulinn sem óskilasendingu samkvæmt ákvæðum 21. greinar samningsins. Sendandi hefir þó heimild til þess, að krefjast þess, að fyrirmæli þau, sem hann gefur samkvæmt 1. lið 8. greinar í þessari reglugjörð, séu framkvæmd tafarlaust, ef viðtakandi neitar að greiða póstkröfuupphæðina þegar við fyrstu sýningu.

2. — Í því tilfelli, að sendandi hafi gefið ákvörðunarpósthúsinu fyrirmæli vegna tilkynningar um, að ekki hafi verið unnt að koma bögglunum til skila, skulu ofan greindir frestir reiknaðir frá deginum eftir að fyrirmæli sendanda eru komin.

19. grein.

Lækkun eða afnám póstkröfu.

Beiðnir um afnám póstkröfuupphæðar eða lækkun á henni, fara eftir reglum þeim og ákvæðum, sem nefnd eru í 35. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

Með þeirri undantekningu, sem gerð er í 15. grein þessarar reglugjörðar, skal hverri beiðni um lækkun á póstkröfuupphæð, sem send er póstleiðis, fylgja nýtt póstkröfuávísunareyðublað útfyllt með hinni leiðréttu upphæð.

20. grein.

Áframsending.

Póstkröfuböggla má áfram senda, ef hið nýja ákvörðunarland tekur ásamt sendilandinu þátt í starfrækslu slíkra böggla. Þegar áframsending fer fram, skulu póstkröfuávísanir, sem hafa verið útbúnar í sendilandinu, fylgja bögglunum. Hin nýja ákvörðunarpóststjórn fer að með innheimtu og skil á póstkröfuupphæðinni, eins og bögglarnir hefðu verið sendir beint til hennar.

Ekki er hægt að áfram senda böggla, ef hin innheimta upphæð fyrir þá á að greiðast inn á pósthlaupareikning í hinu upprunalega ákvörðunarlandi.

85
31. des.

21. grein.

Útgáfa póstkröfuávísunar eða innborgunarseðils.

Jafnskjótt og póstkrafan er innheimt, skal ákvörðunarpósthúsið eða eitthvert annað pósthús, sem ákvörðunarpóststjórnin tiltekur, útfylla hlutann „Indications de service" á póstkröfuávísuninni, og senda hana síðan stimplaða með dagstimpli sínum, burðargjaldsfrítt til viðtökupósthúss böggulsins, eða til þess pósthúss, sem sendipóststjórnin kann að hafa sett í sjálfa ávísunina.

Þegar beiðni um upplýsingar um, hver sé hin rétta póstkröfuupphæð, hefir verið send upprunapósthúsinu, skal útgáfu ávísunarinnar frestað, þangað til svarið er komið.

Póstkröfuávísanir eru útborgaðar sendendum bögglanna eftir reglum, sem hver póststjórn setur.

Innborgunarseðla tilheyrandi póstkröfubögglum, sem upphæðirnar fyrir þá eiga að greiðast inn á póst-hlaupareikning í ákvörðunarlandinu, skal farið með eftir innanríkisákvæðum landsins um póstgíró og pósttékkastörf.

22. grein.

Ógilding eða skifti á póstkröfuávísanaeyðublöðum og innborgunarseðlum.

1. — Póstkröfuávísanaeyðublöð, sem verða ónothæf, vegna þess að beðið hefir verið um afnám eða breytingu á póstkröfuupphæðinni, svo og innborgunarseðlar, sem eru orðnir ónothæfir vegna afnáms á póstkröfuupphæðinni, skulu eyðilagðir undir umsjá ákvörðunarpósthúss bögglanna.

2. — Eyðublöð, sem tilheyra póstkröfubögglum, sem af einhverjum ástæðum eru endursendir til upprunastaðar, skulu ógilt af pósthúsi því, sem endursendir.

3. — Þegar eyðublöð, sem tilheyra póstkröfubögglum, eru send skakkt, tapast eða eyðileggjast, áður en póstkrafa hefir verið innheimt, býr ákvörðunarpósthúsið út eftirrit á eyðublaði C P 6, eða innborgunarseðli, eftir því sem við á.

23. grein.

Póstkröfuávísanir sendar öfugt, glataðar, eyðilagðar, ekki spurzt fyrir um þær né þær afhentar viðtakendum.

1. — Í staðinn fyrir póstkröfuávísanir, sem hafa verið sendar öfugt, hafa glatazt eða eyðilagzt, eftir að póstkrafan var innheimt, skulu koma eftirrit eða útborgunarheimildir, þegar hlutaðeigandi póst-

stjórnir hafa komizt að raun um, að ávísanirnar hafi ekki verið út- 85
borgaðar. — 31. des.

2. — Póstkröfuávísanir, sem viðtakendur hafa ekki krafizt útborgunar á innan þess tíma, sem þær gilda, samkvæmt starfsreglugjörð póstávísanasamningsins, svo og þær, sem ekki hefir verið unnt að afhenda viðtakendum, skal farið með samkvæmt ákvæðum 39. greinar í starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins.

IV. KAFLI.

Bögglar með tilgreindu verði.

24. grein.

Tilgreining á verðupphæðinni.

1. — Tilgreining á verðupphæðinni skal sett í mynt upprunalandsins og skrifuð af sendanda á böggulinn og fylgibréfið með latnesku letri, í bókstöfum og aröbskum tölum, án útþurkunar eða yfirstrikunar, jafnvel þó að staðfest sé.

2. — Upphæð hins tilgreinda verðs skal, þar að auki, vera breytt í gullfranka af sendanda eða sendipósthúsi. Skal breytingin skrifuð með nýjum tölum við hliðina á eða undir þeim tölum, er sýna upphæð hins tilgreinda verðs í mynt sendilandsins.

Upphæðin í gullfrönkum skal vera undirstrikuð með feitu striki með litblýanti.

25. grein.

Merkimiðar og frímerki.

Bögglar með tilgreindu verði skulu ásamt fylgibréfum sínum bera rauðan miða, lítinn, eins og við fest fyrirmynd C P 7, með áletruðum bókstafnum „V", nafni upprunapósthúss og áframhaldandi númeri, sem böggullinn er ritaður undir í póstsendingabók pósthússins.

Póststjórnunum er þó heimilt að útbúa böggla með tilgreindu verði og fylgibréf þeirra með merkimiðanum C P 8, sem nefndur er í 31. grein þessarar reglugjörðar, og með litlum, rauðum merkimiða, sem á standi með feitu letri athugasemdin „Valeur déclarée".

Þegar í bögglunum eru mótaðir peningar, bankaseðlar, peningaseðlar eða önnur verðbréf á handhafa, platína, gull eða silfur, unnið eða óunnið, gimsteinar, perlur og aðrir dýrgripir, skulu lakkinnsiglin, svo og allskonar merkimiðar og frímerkin, ef svo ber undir, sem límd eru á bögglana, sett á með millibili innbyrðis, til þess að ekki

85 sé hægt að nota þau til þess að hylja yfir skemmdir á umbúðunum.
31. des. Þau mega heldur ekki límast þannig á böggulinn, að þau þeki yfir rönd hans. Þegar svo ber undir, mega miðar þeir, sem utanáskrift slíkra böggla er sett á, ekki vera límdir á sjálfar umbúðirnar.

26. grein.

Mót og innsigli.

Auk áritunar hins tilgreinda verðs, sem fyrirskipuð er í 24. grein þessarar reglugjörðar, skal á hverju fylgibréfi með böggli með tilgreindu verði, vera nákvæmt mót af innsigli eða sérstöku merki sendanda, sem nefnt er í 6. grein reglugjörðarinnar undir staflið c.

27. grein.

Tilgreining á þyngd.

Þyngdin í grömmum á bögglum með tilgreindu verði skal nákvæmlega tilgreind af sendipósthúsinu:

a) utanáskriftarmegin á bögglinum;
b) á fylgibréfinu, á hinum þar til ákveðna stað.

28. grein.

Sviksamleg tilgreining verðs.

Verði einhver atvik eða fyrirspurnir frá hlutaðeigendum til þess, að leiða í ljós, að það hafi verið á sviksamlegan hátt til greint hærra verð, en í raun og veru hefir verið látið í böggul, skal upprunapóststjórninni gert aðvart um það, eins fljótt og auðið er, og rannsóknarskjölin, ef nokkur eru, send með tilkynningunni.

V. KAFLI.

Skyndibögglar.

29. grein.

Merkimiði.

Skyndibögglar og fylgibréf þeirra skulu bera miða með greinilegri áletrun „Urgent".

30. grein.

Flutningur og reikningsfærsla.

Póststjórnir þær, sem taka þátt í skiftum á skyndibögglum,

koma sér saman um fljóta og, eftir því sem hægt er, beina leið fyrir 85
þessa böggla; póststjórnirnar gera einnig sameiginlega hinar nauðsyn- 31. des.
legu ráðstafanir viðvíkjandi reikningsfærslunni.

VI. KAFLI.

Meðferð böggla við burtför og komu.

31. grein.

Innritunarnúmer og viðtökustaður.

Sérhver böggull, ásamt tilheyrandi fylgibréfi, skal útbúinn með litlum merkimiða, eins og við fest fyrirmynd C P 8, er sýni greinilega innritunarnúmerið og nafn viðtökupósthússins. Þessi fyrirmæli gilda ekki um böggla með tilgreindu verði, sem eru útbúnir með merkimiða C P 7, sem nefndur er í 1. málsgrein 25. greinar í þessari reglugjörð. Sama sendipósthús má ekki samtímis nota tvær eða fleiri tegundir merkimiða, nema þá að þeir séu táknaðir með sérstökum bókstaf, er greini þær hverja frá annari.

32. grein.

Notkun dagstimpils og tilgreining þyngdar.

1. — Fylgibréfið skal stimplað utanáskriftarmegin af sendipósthúsinu, með stimpli, er sýni bæði hvar og hvenær sendingin er látin í póst.

2. — Þyngd hvers bögguls í kílógrömmum skal af upprunapósthúsinu skrifuð á fylgibréfið, á þeim stað, sem til þess er ætlaður. Brot úr kílógrömmum skal hækka upp í næsta kílógramm.

33. grein.

Hraðboðabögglar.

Hraðboðabögglar ásamt fylgibréfum skulu útbúnir, að svo miklu leyti sem hægt er, við hliðina á ákvörðunarstaðnum, með dimmrauðum merkimiða, er á standi með stóru letri orðið „Exprès“.

34. grein.

Endursending frankóseðla. — Endurheimta á út lögðum upphæðum.

1. — Eftir afhendingu á tollfrjálsum böggli til viðtakanda, útfyllir pósthúsið, sem hefir lagt út tollgjöldin eða önnur gjöld fyrir

85 reikning sendanda, þann hluta, sem því við kemur, á bakhlið frankó-
31. des. seðilsins, og sendir hann svo með tilheyrandi fylgiskjölum í lokuðu umslagi, án tilgreiningar á innihaldi, til sendipósthúss böggulsins.

Sérhver póststjórn hefir þó heimild til þess að láta sérstök pósthús, sem hún til tekur, framkvæma endursendingu á frankóseðlum, sem gjöld hvíla á, og krefjast þess, að seðlarnir séu sendir til nánar ákveðins pósthúss. Skal þá sendipósthús böggulsins skrifa nafn þess pósthúss, sem seðlarnir eiga að fara til, á framhlið frankóseðilsins.

2. — Þegar sending með miðanum „Franc de droits" kemur til póstþjónustu ákvörðunarlandsins án frankóseðils, skal pósthús það, sem á að sjá um tollmeðferðina, búa út eftirrit af frankóseðlinum og gæta þess, að setja nafn upprunalands sendingarinnar í staðinn fyrir nafn póststjórnar þeirrar, sem það sjálft heyrir undir, og til greina, svo framarlega sem það er unnt, dagsetninguna, þegar böggullinn er látinn á póst. Þegar frankóseðill glatast, eftir afhendingu á böggli, skal útbúa eftirrit á sama hátt.

3. — Frankóseðlar, er eiga við böggla, sem, einhverra hluta vegna eru endursendir til upprunalandsins, en hafa ekki sætt tollmeðferð hjá póststjórn ákvörðunarlandsins, skulu gerðir ógildir undir eftirliti af þeirri póststjórn, og heftir við fylgibréfin.

4. — Við móttöku frankóseðils með upplýsingum um gjöld þau, sem póstþjónusta móttökulandsins hefir út lagt, breytir sendipóststjórnin upphæð þessara gjalda í sína eigin mynt, eftir gengi því, sem hún sjálf ákveður, sem þó ekki má fara fram úr gengi því, sem ákveðið er við útgáfu póstávísana til hlutaðeigandi lands. Hin breytta upphæð skal til greind bæði á stofni eyðublaðsins og afklippingi; hún er staðfest með undirskrift póstmanns þess, sem hefir gert breytinguna. Þegar búið er að innheimta upphæð gjaldanna, afhendir upprunapósthúsið sendanda afklipping seðilsins, og fylgiskjölin, ef svo ber undir.

35. grein.

Áframsending.

1. — Af bögglum, sem eru áfram sendir vegna þess, að þeir hafa verið sendir skakkt, getur póststjórn sú, sem áfram sendir, ekki tekið tollgjöld eða önnur gjöld.

Þegar sú póststjórn endursendir böggul til þeirrar póststjórnar, sem flutti hann seinast, endurgreiðir hún henni þóknanir þær, sem hún hefir fengið og gerir athugasemd um skekkjuna með leiðréttingarskýrslu.

Í öðrum tilfellum og ef upphæð þóknana þeirra, sem póststjórn þeirri, er áfram sendir, hafa verið ætlaðar, reynist ónóg til þess, að

bera kostnaðinn, sem hún hefir af áframsendingunni, reiknar hún 85
póststjórn þeirri, sem hún afhendir böggulinn, flutningsgjöld þau, sem 31. des.
flutningsleiðin kostar; því næst færir hún sér til tekna upphæð þá, sem hún á útistandandi, hjá því viðskiftapósthúsi, sem síðast hefir sent böggulinn skakka leið. Ástæðan til þessarar reikningsfærslu skal tilkynnt ofannefndu pósthúsi með leiðréttingarskýrslu.

2. — Þegar böggull hefir verið leyfður til sendingar vegna vangár og póstþjónustunni er um að kenna, svo að hann verður þess vegna að endursendast til upprunalands, færir póststjórn sú, sem afhendir böggulinn, þeirri póststjórn, sem hún hefir fengið hann frá, til tekna þóknanir þær, sem hún hefir móttekið.

Ef endursending á böggli fer fram vegna óaðgæzlu sendanda, eða af því, að hann falli undir eitthvert af forboðum þeim, sem nefnd eru í 15. grein samningsins, fellur flutningsgjaldið á kostnað sendanda. Sérhver póststjórn færir sér til tekna sinn hluta með því að taka hjá þeirri næstu, eins og segir í 3. lið hér á eftir um áfram senda böggla.

3. — Fyrir böggla, sem áfram sendir eru sakir þess, að viðtakendur hafa skift um bústað, eða sakir vangár af sendanda hálfu, skal póststjórnin, sem afhendir, taka, á kostnað viðtakanda, burðargjald, er nemi hluta þeim, sem hinum ýmsu póststjórnum ber, er taka þátt í flutningnum.

Póststjórnin, sem áfram sendir, færir sér sinn hlut til tekna hjá milli liggjandi póststjórn eða hjá póststjórn hins nýja ákvörðunarlands. Ef landið, sem áfram sendir, og hið nýja ákvörðunarland eru ekki nágrannalönd, færir fyrsta milli liggjandi póststjórn, sem tekur við áfram sendum böggli, sér upphæð þá, sem henni ber, í sinn hlut, og hluta póststjórnarinnar, sem áfram sendir, til tekna hjá þeirri póststjórn, sem hún afhendir sendinguna; þessi póststjórn endurtekur svo, ef hún aðeins liggur á milli, aðferðina gagnvart næstu póststjórn og færir sér til tekna sinn hluta ásamt þeim, sem henni hefir verið fært til reiknings af póststjórninni á undan. Þessari aðferð er svo haldið áfram milli allra póststjórnanna, er taka þátt í flutningnum, þangað til böggullinn kemur til afhendingarpóststjórnarinnar.

Ef burðargjald það, sem á að greiða í viðbót fyrir áfram sendan böggul, er greitt um leið og áframsendingin hefst, skal aftur á móti farið með böggulinn, eins og skrifað væri utan á hann beina leið frá landinu, sem áfram sendir, til ákvörðunarlandsins, og er þá viðtakandi ekki krafinn um neitt póstgjald.

Kostnaðurinn, sem tekinn er, skal tilgreindur sundurliðaður (flutningsgjöld, geymslugjald, gjöld fyrir tollmeðferð o. s. frv.) á fylgibréfinu, eða, ef það er ekki unnt, á sérstökum lista, sem sé heftur við það.

85 31. des.

4. — Ákvæði næsta liðs á undan, 1., 2. og 4. málsgrein, gilda einnig um böggla í transít, ef milli liggjandi póststjórn þarf að koma þeim eftir dýrari leið en hinni vanalegu, sem taxtarnir eru settir fyrir, vegna þess að sú leið hefir teppzt.

5. — Bögglarnir skulu áfram sendir í hinum upprunalegu umbúðum sínum og með fylgibréfunum, sem sendilandið hefir gefið út. Verði einhverra hluta vegna að búa um böggul á ný, eða endurnýja fylgibréfið, verður nafnið á pósthúsinu, sem böggullinn er upprunalega sendur frá, hið upprunalega innritunarnúmer, og, að svo miklu leyti sem unnt er, dagsetningin, þegar bögglinum var skilað til flutnings, að vera bæði á bögglinum og fylgibréfinu.

36. grein.

Óskilabögglar. — Tilkynning um óskilaböggla.

1. — Þegar sendandi hefir beðið um, með athugasemd á bakhlið fylgibréfsins og á bögglinum, að böggull sé tilkynntur sem óskilaböggull, útfyllir ákvörðunarpósthúsið eyðublað undir tilkynningu um óskilaböggul, eins og við fest fyrirmynd C P 9, og sendir hana í ábyrgðarbréfi til sendipósthússins. Tilkynningin með hinu upprunalega fylgibréfi skal, ef svo ber undir, greina upphæð tollgjalda, og annara gjalda, sem á bögglinum hvíla, svo og þau gjöld, sem kunna að falla á hann við áframhaldandi geymslu. Tilkynningin með fylgibréfinu er endursend með árituðum fyrirmælum sendanda til pósthússins, sem bjó hana út.

Þegar tilkynning um óskilaböggul er send þriðja manni, tilgreindum aftan á fylgibréfinu, skal það ekki fest við tilkynninguna.

2. — Tilkynningu skal einnig útbúa á eyðublað C P 9, til þess að tilkynna sendipóststjórn, að bögglum sé haldið eftir í embættisnafni undir flutningnum, annaðhvort af póststjórninni eða tollstjórninni, eða að þeir liggi óafhentir vegna skemmda, ráns eða einhverra líkra orsaka.

Þetta er þó ekki skylda, þegar um ofurefli er að ræða.

3. — Sem almenn regla gildir, að tilkynningar um óskilaböggla séu sendar milli ákvörðunar- og sendipósthúss. Þó getur hver póststjórn krafizt þess, að tilkynningar, er snerta hennar þjónustu, séu sendar til aðalstjórnarinnar, eða til einhvers pósthúss, sem hún nánar til tekur. Sendipósthúsinu ber að gera sendanda aðvart. Flutningur á tilkynningum um óskilaböggla skal fara fram eins fljótt og auðið er milli hlutaðeigandi pósthúsa.

4. — Þegar bögglar, sem óskilatilkynning hefir verið send um, eru afhentir eða áfram sendir, áður en skeyti er komið frá sendanda

um, hvað gera skuli við þá, skal honum skýrt frá því um sendipósthúsið. Hafi tilkynningin verið send þriðja manni, tilgreindum aftan á fylgibréfinu, skal honum skýrt frá því. Ef um er að ræða póstkröfuböggul og búið er að senda ávísunina C P 6 til sendanda, er ekki nauðsynlegt að senda honum frekari skýrslu. 85 31. des.

5. — Sé böggull endursendur til upprunastaðar síns, án þess að útfyllt hafi verið tilkynningareyðublaðið, sem nefnt er í 1. lið þessarar greinar, er ákvörðunarpósthúsið skyldugt til að taka á sig kostnaðinn við flutninginn (fram og aftur) ásamt öðrum gjöldum, sem fyrir kunna að koma, og ekki hafa verið afnumin.

37. grein.

Óskilabögglar. — Fyrirmæli sendanda.

1. — Sem svar við tilkynningu um óskilaböggul, er sendur hefir verið samkvæmt ákvæðum næstu greinar hér á undan, getur sendandi krafizt:

a) að hinum upprunalega viðtakanda sé gert aðvart ennþá einu sinni;
b) að utanáskrift böggulsins sé leiðrétt eða hún gerð fullkomnari;
c) að böggullinn sé afhentur öðrum viðtakanda, eða að hann sé áfram sendur á annan ákvörðunarstað, og sé þar afhentur hinum upprunalega viðtakanda eða öðrum manni;
d) að böggull, sem póstkrafa hvílir á, sé afhentur öðrum manni gegn greiðslu hins til greinda póstkröfugjalds, eða þá hann sé afhentur hinum upprunalega viðtakanda eða öðrum manni án innheimtu á póstkröfuupphæðinni, eða gegn greiðslu á lægri upphæð, en þeirri, sem fyrst hefir verið til greind. Sé póstkröfuupphæðin lækkuð, ber að útfylla nýja ávísun C P 6, samkvæmt fyrirmælum 19. greinar í þessari reglugjörð;
e) að böggullinn sé afhentur hinum upprunalega viðtakanda eða öðrum manni án greiðslu á tollgjöldum og öðrum gjöldum, sem á honum hvíla. Ef svo er, ber að útfylla frankóseðil samkvæmt ákvæðum 9. greinar í þessari reglugjörð;
f) að böggullinn sé sér endursendur þegar í stað;
g) að böggullinn sé seldur á sína ábyrgð og áhættu, eða farið með hann sem yfirgefinn.

Þriðji maður, sem tilkynning um óskilaböggul hefir verið send til samkvæmt beiðni sendanda (undir staflið e í 1. lið 8. greinar í þessari reglugjörð), getur gefið sömu fyrirmæli og sendandi. Auk þess getur hann heimtað, að böggullinn sé tafarlaust endursendur til sendanda.

Aðrar kröfur en þær, sem greinir hér að ofan, eru ekki leyfðar.

85 31. des.

2. — Eftir að fyrirmæli sendanda eða þriðja manns, sem tilkynning um óskilaböggul hefir verið send til, samkvæmt staflið e í 1. lið 8. greinar í þessari reglugjörð, eru komin, eru þau ein gildandi og ber að taka þau til greina.

38. grein.

Endursending óskilaböggla.

1. — Hafi sendandi eða þriðji maður, sem tilkynning um óskilaböggul hefir verið send til, mælt öðruvísi fyrir en segir í 37. grein þessarar reglugjörðar, getur ákvörðunarpósthúsið endursent böggulinn þegar í stað til upprunapósthúss hans, án þess að búa út nýja tilkynningu. Sama gildir einnig, ef sendandi eða þriðji maður neitar að greiða gjald það, sem nefnt er í 4. lið 21. greinar samningsins. Svari sendandi eða þriðji maður ekki tilkynningunni, er böggullinn endursendur sendanda, þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er í ofannefndri grein.

2. — Pósthús það, sem endursendir böggul til sendanda, skal skýra stutt og greinilega á frönsku frá ástæðunni til endursendingarinnar, bæði á böggli og fylgibréfi, með svo felldum orðum: inconnu (þekkist ekki), refusé (neitað), en voyage (á ferðalagi), parti (farinn), non réclamé (ekki sótt), décédé (dáinn), eða á líkan hátt. Upplýsingar þessar mega vera handskrifaðar, eða settar á með stimpli eða merkimiða. Sérhver póststjórn hefir heimild til þess að bæta við í þýðingu á sínu eigin máli ástæðu fyrir, að böggullinn er ekki afhentur, og öðrum upplýsingum, sem hún telur viðeigandi. Hin upprunalegu fylgibréf endursendra böggla skulu send með þeim til upprunastaðarins.

3. — Bögglar, sem eiga að endursendast sendanda, eru færðir á bögglapóstskrána með athugasemdinni „Rebuts“ í athugasemdadálkinum. Með þá skal farið og tekið gjald fyrir þá eins og böggla, sem eru áfram sendir, sakir þess að viðtakandi hefir skift um bústað.

39. grein.

Sala. — Eyðilegging.

1. — Sé böggull seldur eða eyðilagður samkvæmt fyrirmælum 23. greinar samningsins, skal taka skýrslu um söluna, eða ef hluturinn hefir verið eyðilagður.

Afrit af skýrslu þessari skal síðan senda sendipósthúsinu, ásamt fylgibréfinu.

2. — Andvirði hins selda skal fyrst og fremst notað til þess að greiða gjöld þau, sem hvíla á bögglinum. Ef einhver afgangur verð-

ur, skal það sent sendipósthúsinu til afhendingar sendanda, sem greið- 85
ir kostnaðinn við sendinguna. 31. des.

40. grein.

Afturköllun. — Breyting á utanáskrift.

Ákvæði 48. og 49. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda um afturköllun eða breytingu á utanáskrift.

Sé um að ræða breytingu á utanáskrift á böggli með tilgreindu verði, sem beðið er um símleiðis, skal beiðnin staðfest með fyrsta pósti með beiðni póstleiðis, og skal henni fylgja líking sú, sem nefnd er í 1. lið 48. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins, og skal efst á hana skrifuð og undirstrikuð með litblýanti þessi athugasemd: „Confirmation de la demande télégraphique du ....“ (Staðfesting á beiðni símleiðis frá ....).

Í slíku tilfelli lætur ákvörðunarpósthúsið sér nægja, að halda sendingunni eftir, þegar það fær símskeytið, og bíður með að framkvæma beiðnina þangað til staðfesting á henni er komin póstleiðis.

Ákvörðunarpóststjórnin getur þó á eigin ábyrgð orðið við slíkri beiðni, sem send er símleiðis, án þess að bíða eftir staðfestingunni.

41. grein.

Fyrirspurnir um böggla eða póstkröfuávísanir.

1. — Sérhver fyrirspurn um böggul eða póstkröfuávísun skal út búin á eyðublað, eins eða líkt og við fest fyrirmynd C P 5, og send, sem höfuðregla, af póststjórn sendilandsins beina leið til póststjórnar ákvörðunarlandsins.

Eitt og sama eyðublað C P 5 má nota fyrir tvo eða þrjá böggla, sem hafa verið á sama fylgibréfi.

2. — Í viðskiftum við lönd, sem óska þess, skulu fyrirspurnir um böggla, sendar frá einu pósthúsi til annars, og fylgja sömu leið og böggullinn.

3. — Þegar ákvörðunarpóststjórnin, í tilfelli eins og nefnt er í fyrsta lið, getur gefið upplýsingar um endanleg afdrif böggulsins eða póstkröfuávísunarinnar, fyllir hún út eyðublaðið og sendir það til baka til sendipóststjórnarinnar.

Þegar póststjórnin í ákvörðunarlandinu getur ekki þegar í stað komizt fyrir afdrif böggulsins eða póstkröfuávísunar, staðfestir hún það á eyðublaðinu og endursendir það til póststjórnar sendilandsins með yfirlýsingu frá viðtakanda, ef svo ber undir, um að hann hafi ekki tekið á móti bögglinum. Í þessu tilfelli útfyllir sendipóststjórnin eyðublaðið betur, með því að tilgreina upplýsingar um afgreiðslu bögg-

85 ulsins til fyrstu milli liggjandi póststjórnar. Hún sendir það síðan til
31. des. hinnar síðar nefndu, bætir við á blaðið sínum athugasemdum, og sendir það, ef svo ber undir, til næstu póststjórnar. Fyrirspurnin gengur þannig frá einni póststjórn til annarar, allt þangað til upplýst er um afdrif böggulsins, sem spurt er um. Póststjórn sú, sem framkvæmt hefir afhendinguna til viðtakanda, eða, sem ef til vill hvorki getur gert grein fyrir afhendingu né reglulegri áframsendingu böggulsins til annarar póststjórnar, staðfestir það á eyðublaðinu, og sendir það aftur til sendipóststjórnarinnar.

4. — Í tilfelli eins og nefnt er í 2. lið hér á undan, fara rannsóknirnar fram frá sendipóststjórn, alla leið til ákvörðunarpóststjórnar. Sérhver póststjórn tilfærir á eyðublaðið upplýsingar um afgreiðsluna til næstu póststjórnar, og sendir það síðan til hennar.

5. — Eyðublaðið C P 5 á að vera með fullkominni utanáskrift viðtakanda, og skal því, að svo miklu leyti sem unnt er, fylgja líking af utanáskrift böggulsins. Það er sent í lokuðu umslagi sem þjónustusending, án þess bréf fylgi.

6. — Með tilkynningu til alþjóðaskrifstofunnar getur hver póststjórn heimtað, að fyrirspurnir, er snerta hennar þjónustu, séu sendar til aðalskrifstofu sinnar, eða til pósthúss, sem hún nánar til tekur, eða, ef hún er aðeins milli liggjandi, til viðskiftapósthúss þess, sem böggullinn hefir verið sendur til.

Eyðublaðið C P 5 og skjöl þau, er því fylgja, skulu undir öllum kringumstæðum send aftur til póststjórnar upprunalands bögguls þess, sem spurt er um, innan sex mánaða, að telja frá dagsetningu fyrirspurnarinnar. Frestur þessi er lengdur upp í níu mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd.

7. — Í hvert skifti sem milli liggjandi póststjórn sendir eyðublað C P 5 til næstu póststjórnar, ber henni að tilkynna það sendipóststjórninni, á sérstöku eyðublaði, eins og við fest fyrirmynd C P 10.

42. grein.

Fyrirspurnir um böggla, setta á póst í öðru landi.

Í tilfelli eins og gert er ráð fyrir í 3. lið 26. greinar samningsins, skal senda fyrirspurnarblaðið til póststjórnar upprunalandsins. Eyðublaði P C 5 skal fylgja viðtökukvittunin, ef svo ber undir.

Póststjórn upprunalandsins skal fá fyrirspurnina í hendur innan þess tíma, sem til tekinn er í 2. lið 26. greinar samningsins.

VII. KAFLI.

Skifti á bögglum.

43. grein.

Bögglapóstskrá.

1. — Bögglarnir skulu innritaðir á bögglapóstskrá, eins og við fest fyrirmynd C P 11, með öllum þeim sérstöku athugasemdum, sem skráin gefur ástæðu til. Þó geta hlutaðeigandi póststjórnir orðið ásáttar um, að almennir bögglar séu innritaðir í einu á skrána, með aðalupphæð þóknananna, sem á að greiða. Fylgibréf, póstkröfuávísanaeyðublöð, tollskrár, og, ef svo ber undir, önnur skilríki, sem krafizt er, (svo sem vöruskrár, skírteini um uppruna, heilbrigði o. s. frv.), svo og tollfrankóseðlar og móttökukvittanir, skal allt saman heft við skrána.

Milli liggjandi viðskiftapósthús eru ekki skyldug til þess, að endurskoða gögn þau, sem fylgja með bögglapóstskránum.

2. — Póstbögglar til eða frá herföngum skulu innritaðir á bögglaskrána án nokkurrar þóknunar, nema þegar um póstkröfuböggla er að ræða.

3. — Í viðskiftum sjóleiðis, skulu sendipósthúsin tölusetja bögglapóstskrárnar í efra vinstra horni, með áframhaldandi töluröð yfir árið, fyrir hvert sendipósthús og hvert ákvörðunarpósthús. Síðasta númer ársins skal fært á fyrstu bögglaskrá árið eftir. Sömu aðferð skal fylgja í viðskiftum landleiðis, sem ekki eru framkvæmd með fastákveðnu millibili. Í viðskiftum sjóleiðis skal geta nafns skipsins, sem póstinn flytur, að svo miklu leyti sem hægt er, undir númerinu.

44. grein.

Athugun í viðskiftapósthúsunum. — Ónákvæmni, sem hefir ekki ábyrgð í för með sér fyrir póststjórnirnar.

1. — Þegar viðskiftapósthús ákvörðunarlandsins hefir tekið móti bögglaskránni, byrjar það þegar á að athuga bögglana og hin ýmsu skjöl, sem þeim fylgja. Athugun þessa skal framkvæma í viðurvist beggja aðilja, hvenær sem hægt er.

2. — Verði það vart við villur eða að sleppt hafi verið úr á bögglaskránni, gerir það þegar í stað nauðsynlegar leiðréttingar, en gætir þess, að strika yfir hinar skökku athugasemdir, þannig að auðvelt sé að sjá það, sem upprunalega hefir staðið. Leiðréttingar þessar skulu gerðar af tveim póstmönnum. Nema um bersýnilega villu sé að ræða, gilda þær frekar en hinar upprunalegu upplýsingar.

Auk þessa er svo útbúin leiðréttingarskýrsla, eins og við fest

85 fyrirmynd C P 12, af ákvörðunarpósthúsinu, og er hún send tafar-
31. des. laust í ábyrgðarbréfi til viðskiftapósthúss sendilandsins.

3. — Ónákvæmni, sem auðsjáanlega hefir enga ábyrgð í för með sér fyrir hlutaðeigandi póststjórnir, skal tilkynna með leiðréttingarskýrslu.

4. — Viðskiftapósthús þau, sem fá leiðréttingarskýrslur, endursenda þær eins fljótt og auðið er, eftir að þau hafa rannsakað þær og sett á þær sínar athugasemdir, ef ástæða er til. Skýrslurnar eru síðan heftar við bögglaskrárnar, sem þær eiga við. Leiðréttingar á bögglaskrá, sem engin sönnunargögn fylgja með, teljast marklausar.

Séu skýrslurnar þó ekki sendar til upprunapósthússins innan tveggja mánaða, að telja frá deginum, er þær voru sendar, skulu þær teljast réttilega viðurkenndar af pósthúsum þeim, er þær voru sendar til, þangað til hið gagnstæða kemur í ljós. Frestur þessi er lengdur upp í fjóra mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd.

45. grein.

Ónákvæmni, sem hefir ábyrgð í för með sér fyrir póststjórnirnar.

1. — Verði vart við vöntun, eða að eitthvað hafi skemmzt, eða ónákvæmni, sem hafi í för með sér ábyrgð fyrir póststjórnirnar, sem hlut eiga að máli, skal búa út leiðréttingarskýrslu, sem svo er flutt með ábyrgð til viðskiftapósthúss sendilandsins.

Þegar um er að ræða böggul með tilgreindu verði, er þar að auki tekin skýrsla, sem send er sem þjónustusending með ábyrgð til aðalskrifstofu póststjórnar þess lands, sem viðskiftapósthúsið, sem sendir, heyrir undir. Þessari skýrslu fylgir, ef svo ber undir, seglgarnið, innsiglin eða plomburnar, sem lokuðu ílátinu, er bögglarnir voru í. Afrit af skýrslunni er samtímis sent til aðalskrifstofu póststjórnar þeirrar, sem móttökuviðskiftahúsið heyrir undir, eða einhvers annars stjórnarvalds, sem hún til tekur.

2. — Ef nauðsyn krefur, má þar að auki gera viðskiftapósthúsinu, sem sendi, aðvart með símskeyti, á kostnað þeirrar póststjórnar, sem sendir símskeytið.

3. — Þegar viðskiftapósthúsið, sem tekur á móti, hefir ekki sent viðskiftapósthúsinu, sem sendi, með fyrsta pósti eftir athugun, skýrslu um villur og afbrigði, hver svo sem þau eru, skal slíkt skoðað sem það hafi tekið á móti bögglunum, þangað til hið gagnstæða sannast.

4. — Alveg óháð ákvæðunum í 1. lið og beitingu á þeim, skal það viðskiftapósthús, sem tekur á móti, frá öðru pósthúsi, sem það er ekki í beinu sambandi við, böggli, sem ekki er nægilega búið um, eða er skemmdur, flytja hann áfram, eftir að hafa búið um hann á ný, ef

ástæða er til, en þó þannig að hinum upprunalegu umbúðum sé haldið, 85
að svo miklu leyti sem unnt er. 31. des.

Séu skemmdirnar þannig vaxnar, að hægt hafi verið að taka innihaldið burtu, skal pósthúsið byrja á því, að opna böggulinn í embættisnafni, og rannsaka innihald hans.

Í báðum tilfellum skal vega böggulinn, áður og eftir að búið er að búa um hann á ný, og hvortveggja þyngdin til greind á umbúðum böggulsins. Þar á eftir skal skrifa „Remballé à ....." (Búið um á ný á .....) og síðan undirskrift póstmanna þeirra, sem hafa búið um böggulinn á ný.

5. — Þegar viðtakandi gerir athugasemd um leið og hann tekur við böggli, býr ákvörðunarpósthúsið þegar í stað út skýrslu um athugunina í viðurvist beggja aðilja.

Skýrsla þessi, sem gerð er í tveim eintökum og meðundirrituð, að svo miklu leyti sem hægt er, af viðtakanda, skal til greina:

a) ytra ásigkomulag böggulsins;
b) brúttóþyngd hans;
c) nákvæma skrá yfir innihaldið;

Annað eintak skýrslunnar skal afhenda viðtakanda. Hinu eintakinu heldur ákvörðunarpósthúsið til þess að festa við hlutaðeigandi eyðublað C P 5.

VIII. KAFLI.

Reikningsfærsla. — Reikningsskil.

46. grein.

Reikningar fyrir þóknanirnar.

1. — Sérhver póststjórn lætur búa út mánaðarlega, á hverju viðskiftapósthúsi sínu, og yfir allar sendingar, sem það hefir tekið við frá viðskiftapósthúsum einnar og sömu póststjórnar, yfirlit, eins og við fest fyrirmynd C U 13, yfir upphæðirnar á hverri bögglaskrá:

a) sér til tekna, fyrir sinn hluta og ef svo ber undir, fyrir hluta annara póststjórna, af burðargjaldi því, sem sendipóststjórnin tekur;
b) sér til skuldar fyrir hluta póststjórnarinnar, sem áfram sendir, og hluta milli liggjandi póststjórna, ef um áfram sendingar eða óskilasendingar er að ræða, af gjöldum þeim, sem á að innheimta hjá viðtakendum.

2. — Yfirlitin C P 13 eru síðan endurtekin á reikningi C P 14, og fylgir fyrirmynd hans einnig hér með.

3. — Reikningurinn C P 14, ásamt hinum sérstöku yfirlitum

85 31. des. C P 13, bögglaskrám, og ef til kemur, tilheyrandi leiðréttingarskýrslum, skal síðan sendur hlutaðeigandi póststjórn, til endurskoðunar, í næsta mánuði á eftir þeim, sem hann á við.

Aðalupphæðirnar má aldrei leiðrétta. Villur, sem fyrir kunna að koma, skulu teknar upp á sérstakar skrár.

4. — Þegar reikningarnir C P 14 hafa verið endurskoðaðir og staðfestir, eru þeir endursendir hlutaðeigandi póststjórn, í síðasta lagi fyrir lok annars mánaðar eftir tímabil það, sem þeir eiga við. Frest þennan má lengja upp í þrjá mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd. Reikningarnir C P 14 eru síðan teknir saman á ársfjórðungsreikning. Þennan reikning má ekki útbúa á hálfs árs eða ársfresti, eftir því, sem hlutaðeigandi póststjórnir koma sér saman um.

47. grein.

Reikningsskil.

1. — Reikningsjöfnuður sá, sem kemur fram við aðalreikningana, skal greiddur af hinni skuldugu póststjórn til þeirrar, sem á inni, samkvæmt því sem mælt er fyrir í 72. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

2. — Tilbúningur, sending og afgreiðsla aðalreikninga skal framkvæmd eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan þriggja mánaða, eftir að tímabilið er liðið hjá, sem reikningurinn á við. Frestur þessi er lengdur upp í sex mánuði í viðskiftum við fjarlæg lönd.

3. — Sérhver póststjórn, sem á yfir 30000 gull-franka inni hjá annari póststjórn, hefir heimild til þess, að krefjazt mánaðarlegrar à conto borgunar á allt að ¾ af inneign sinni. Skal þá krafa hennar uppfyllt innan viku. Fari à conto borgunin ekki fram innan þess tíma, gilda fyrirmæli 72. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins.

48. grein.

Reikningar póstkröfuávísana.

1. — Nema öðruvísi sé ákveðið, fer afreikningur viðvíkjandi póstkröfuávísunum, sem hver póststjórn hefir útborgað fyrir reikning annarar póststjórnar, fram með viðbótarreikningi við hina sérstöku reikninga (við fest fyrirmynd C P 15) yfir póstávísanir.

Nema öðruvísi sé áskilið, má einnig nota mánaðarreikninga póstkröfuávísana, sem útbúnir eru fyrir bréfapóstþjónustuna (40. grein starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins) undir reikningsskil póstkröfuávísana fyrir póstböggla.

2. — Á þessum póstkröfureikningum skulu ávísanirnar, sem eiga að fylgja með úborgaðar og kvittaðar, færðar inn eftir stafrófsröð út-

gáfupósthúsanna, og eftir röð, eins og þær eru færðar inn í bækur póst- 85
húsanna. Sú póststjórn, sem býr út reikninginn, dregur svo frá aðal- 31. des.
upphæðinni, sem hún á inni, upphæð þeirra burðargjalda og þóknana, sem fellur í hlut póststjórnar viðskiftalandsins samkvæmt 1. málsgrein 49. greinar samningsins.

3. — Lokaupphæðinni á hinum sérstaka reikningi C P 15 er síðan, ef unnt er, bætt við lokaupphæð ávísanareikningsins yfir sama tímabil, Endurskoðun og greiðsla á þessum reikningum fer eftir reglum þeim, sem settar eru í starfsreglugjörð póstávísanasamningsins.

49. grein.

Frankóseðlar. — Reikningar yfir tollgjöld o. s. frv.

1. — Reikningsskil, er snerta tollgjöld o. s. frv. og lögð eru út af einni póststjórn fyrir reikning annarar, fara fram með sérstökum mánaðarreikningum, eins og við fest fyrirmynd C P 16, og eru þeir búnir út í mynt landsins, sem á til góða, af póststjórninni, sem skuldar. Frankóseðlarnir eru færðir á reikninginn eftir stafrófsröð pósthúsanna, sem hafa lagt út fyrir kostnaðinum, og í þeirri töluröð, sem þessi pósthús hafa merkt þá. —

2. — Hinn sérstaki reikningur, ásamt viðurkenndum seðlum, er síðan sendur póststjórn þeirri, sem á inni, í síðasta lagi fyrir lok næsta mánaðar á eftir þeim, sem hann á við. Neikvæðir reikningar eru ekki búnir til. —

3. — Endurskoðun á reikningum fer fram eftir reglum þeim, sem settar eru í starfsreglugjörð póstávísanasamningsins.

4. — Afreikningarnir gera ráð fyrir sérstakri greiðslu. Þó getur hver póststjórn krafizt þess, að þeim sé bætt við á póstávísanareikninga eða reikningana C P 14 eða C P 15 tilheyrandi póstbögglum.

Ýms ákvæði.

50. grein.

Eyðublöð.

Að því er snertir ákvæði 2. liðs 30. greinar alþjóðapóstsamningsins, skulu þessi eyðublöð talin til afnota fyrir almenning: C P 2 (fylgibréf), C P 3 (tollskrá), C P 5 (fyrirspurnareyðublað), C P 6 (póstkröfuávísun) og C P 9 (tilkynning um, að böggli hafi ekki orðið skilað).

85
31. des.

51. grein.

Geymslufrestur skjala.

Skjöl, er snerta póstbögglaþjónustuna, skulu geymd að minnsta kosti í tvö ár.

52. grein.

Upplýsingar til alþjóðaskrifstofunnar.

1. — Póststjórnirnar skulu, að minnsta kosti 3 mánuðum áður en samningurinn kemur til framkvæmda, tilkynna öðrum póststjórnum um alþjóðaskrifstofuna:

a) hvaða ákvarðanir þær taki að því er snertir:
   1° þyngdarmörk;
   2° tilgreiningu verðs;
   3° rúmfreka böggla;
   4° póstkröfur;
   5° hraðböggla og skyndiböggla;
   6° tölu böggla, sem fylgja mega einni og sömu tollskrá;
   7° ummál og rúmmál póstböggla, sem fluttir eru sjóleiðis;
   8° tölu tollskráa, sem krafizt er með bögglum til landa þeirra, og með bögglum í transít svo og mál þau, sem tollskrárnar mega vera skrifaðar á;
b) allar nauðsynlegar upplýsingar, er snerta tollfyrirmæli, svo og bönn þau og hömlur, er gilda um innflutning og transít á póstbögglum í þjónustu þeirra hverrar um sig;
c) lista yfir lifandi dýr, sem póstflutningur er leyfður á samkvæmt póstreglugjörðum landa þeirra;
d) alla taxta og öll önnur gjöld, sem notuð eru í þjónustu þeirra;
e) tilkynning um, að bögglar séu leyfðir til allra staða, eða, ef svo er ekki, skrá yfir þá staði, sem bögglar eru leyfðir til;
f) útdrátt á þýzku, ensku, spönsku, eða frönsku, af ákvæðum þeim, sem gilda í lögum þeirra og reglugjörðum um flutning á bögglum.

2. — Sérhver breyting, sem síðar kann að koma fram á ofannefndum ákvæðum, skal tafarlaust tilkynnt á sama hátt.

Niðurlagsatriði.

53. grein.

Um hvenær starfsreglugjörðin kemur til framkvæmda og hversu lengi hún gildir.

Reglugjörð þessi kemur til framkvæmda sama dag og samningurinn um póstböggla gengur í gildi.

Hún skal gilda jafn lengi og sá samningur, nema hún verði endurnýjuð að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðilja.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

85
31. des.

Ákvæði

um flutning á bögglapósti loftleiðis.

Efnisyfirlit.

1. grein. Bögglar leyfðir til flutnings loftleiðis.
2. — Transítheimild flugpóstböggla.
3. — Afhending á flugpóstbögglum til flutnings.
4. — Áframsending flugpóstböggla.
5. — Ytri frágangur flugpóstböggla og tilheyrandi fylgibréf.
6. — Stærð flugpóstböggla.
7. — Landburðar-, sjóburðar og önnur gjöld.
8. — Viðbótargjald fyrir loftflutning.
9. — Þóknanir til landa, sem taka þátt í loftflutningnum.
10. — Ábyrgðargjald.
11. — Útburður með hraðboða.
12. — Áframsending og endursending flugpóstböggla.
13. — Bögglapóstskrár.
14. — Lokuð ílát.
15. — Tollmeðferð flugpóstböggla.
16. — Ábyrgð.
17. — Greiðsla á þóknunum fyrir land-, sjó- og loftflutning.
18. — Greiðsla á ábyrgðargjaldi.
19. — Umskipun.
20. — Reikningar yfir þóknanirnar.
21. — Upplýsingar til póststjórnanna.
22. — Beiting á ákvæðum póstbögglasamningsins.
23. — Um hvenær ákvæði þessi koma til framkvæmda og hversu lengi þau gilda.

Ákvæði

85
31. des.

um flutning á bögglapósti loftleiðis.

1. grein.

Bögglar leyfðir til flutnings loftleiðis.

1. — Í viðskiftum milli landa, þar sem póststjórnirnar hafa orðið ásáttar í þessu efni, má flytja almenna böggla og böggla með til greindu verði, með eða án póstkröfu, loftleiðis, ef allt eða nokkur hluti svæðis þess, sem þeir eiga yfir að fara, hefir samband með loftlínum, sem notaðar eru til póstbögglaflutnings. Bögglarnir eru þá nefndir „Flugpóstbögglar".

2. — Póststjórnirnar geta einnig leyft flugpóstböggla, sem samkvæmt beiðni sendanda eiga aðeins að áfram sendast loftleiðis yfir hluta af flugsvæði því, sem fyrir hendi er.

2. grein.

Transítheimild flugpóstböggla.

1. — Transítheimild flugpóstböggla er ábyrgzt yfir allt landsvæði alþjóðapóstsambandsins.

2. — Póststjórnirnar hafa þó enga ábyrgð, að því er snertir flutningshæfi loftlína þeirra, sem opnar eru til starfrækslu flugpóstböggla. Enn fremur er sú póststjórn, sem ekki tekur þátt í bögglapóststarfseminni, ekki skyldug til þess, að taka þátt í áframsendingu flugpóstböggla eftir venjulegum póstleiðum.

3. grein.

Afhending á flugpóstbögglum til flutnings.

Nema öðruvísi sé um samið, skal afhending til flutnings á flugpóstbögglum fara fram í stykkjatali. Hlutaðeigandi póststjórnir geta orðið ásáttar um, að framkvæma skiftin í lokuðum pokum, körfum eða ílátum, skráðum beina leið. Það er skylda, að nota lokuð ílát, ef afhendingin í stykkjatali er til trafala fyrir störf einhverrar milli liggjandi póststjórnar, samkvæmt umsögn hennar sjálfrar.

85
31. des.

4. grein.

Áframsending flugpóstböggla.

Sérhver póststjórn, sem framkvæmir póstbögglaþjónustu flugleiðis, er skyldug til, með þeim undantekningum, er nefndar eru í 2. lið 2. greinar, að áfram senda flugpóstböggla þá, sem önnur póststjórn hefir trúað henni fyrir, eftir þeim loftleiðum, sem hún notar fyrir sínar eigin sendingar. Ef einhverra hluta vegna er hagkvæmara að flytja flugpóstböggla eftir annari leið en þeirri flugleið, sem til er, skal flytja þá eftir þeirri leið, og fara með þá sem skyndiböggla, ef svo ber undir.

Þegar ekki er hægt, einhverra hluta vegna, að nota alþjóðaflugþjónustu að öllu leyti, er póststjórn sú, sem fær alþjóðaviðbótargjaldið fyrir loftflutninginn, sem nefnt er í 8. grein, skyld að senda flugpóstböggla yfir það svæði, sem flugpóstþjónustan er ónothæf, með fljótustu tækjum, sem hún á völ á, undir flutning á sínum eigin böggium, og fara með þá sem skyndiböggla, ef svo ber undir.

Að öðru leyti senda póststjórnirnar flugpóstböggla eftir venjulegum leiðum, nema á bögglunum standi athugasemdin „Urgent", og hlutaðeigandi póststjórn taki að sér flutning á skyndibögglum og hafi fengið þóknun þá, sem henni ber fyrir slíka þjónustu. Póststjórnir þær, sem taka ekki að sér flugpóstbögglaþjónustu, senda einnig slíka böggla, er þeim berast, eftir venjulegum leiðum. Ef innanlandsflugþjónusta fellur niður að nokkru eða öllu leyti, skal einnig fara að eins og segir í næstu málsgrein á undan.

5. grein.

Ytri frágangur flugpóstböggla og tilheyrandi fylgibréfa.

1. — Flugpóstbögglar og tilheyrandi fylgibréf skulu við burtför útbúnir með bláum auðkennismiða með áletruðum orðunum „Par avion" og þýðingu á þeim á máli upprunalandsins. Sendanda er heimilt að tilgreina leiðina, sem fylgja ber.

2. — Þegar sendandi æskir þess, að bögglar séu fluttir loftleiðis aðeins yfir hluta af svæðinu, skal hann gera athugasemd um það, bæði á böggulinn sjálfan og fylgibréfið. Við lok flutningsins loftleiðis, skulu orðin og miðarnir „Par avion", sem og hinar sérstöku athugasemdir, yfirstrikast af póstmönnum með tveim feitum þverstrikum.

6. grein.

Stærð flugpóstböggla.

Sem almenn regla gildir, að flugpóstbögglar mega ekki fara

fram úr 100 sentimetrum á lengd, og 50 sentimetrum á breidd eða þykkt. — 85 31. des.

Póststjórnirnar tilkynna hver annari stærðir þær, sem leyfðar eru, eftir samkomulagi við loftflutningafélögin.

7. grein.

Landburðar-, sjóburðar- og önnur gjöld.

1. — Fyrir flugpóstböggla skal greiða landburðargjald til sendi- og ákvörðunarlands; land- eða sjóburðargjöld fyrir milli liggjandi lönd eða póstþjónustur skal því aðeins greiða, að bögglarnir noti á leiðinni milli liggjandi land- eða sjóflutning. Póststjórnir þeirra landa, sem flogið er yfir, eiga ekki heimtingu á neinni þóknun fyrir flugpóstböggla, sem eru fluttir loftleiðis yfir landsvæði þeirra.

2. — Aukagjöldin fyrir rúmfreka böggla og skyndiböggla skulu aðeins tekin af hinum vanalegu póstgjöldum; viðbótargjaldið fyrir loftflutninginn hækkar ekkert í þessu efni.

8. grein.

Viðbótargjald fyrir loftflutning.

Fyrir flugpóstböggla skal taka viðbótargjald, sem er saman sett af þóknunum til allra póststjórna, er taka þátt í loftflutningnum.

9. grein.

Þóknanir til landa, sem taka þátt í loftflutningnum.

1. — Póststjórnirnar skuldbinda sig til þess, að gera þær ráðstafanir, sem þeim er unnt, til þess að setja samskonar flutningstaxta eftir þyngd og vegalengd.

2. — Ef tvö lönd hafa samband með mörgum loftlínum, skulu flutningsgjöldin sett eftir meðalfjarlægð leiðanna milli hlutaðeigandi flughafna og eftir því, hversu þær eru mikils varðandi fyrir alþjóðaumferð.

3. — Sendiland, sem tekur að sér flutning á flugpóstbögglum loftleiðis innanlands yfir allt eða nokkurn hluta svæðisins milli upprunastaðar og einhverrar flughafnar sinnar, sem stendur í sambandi við útlönd, má taka sérstaka þóknun fyrir flutning yfir það svæði. Ákvörðunarland, sem tekur að sér flutning á flugpóstbögglum loftleiðis innanlands yfir allt eða nokkurn hluta svæðisins milli einhverrar flughafnar sinnar, sem stendur í sambandi við útlönd, og ákvörðunarstaðar, á rétt á sérstakri þóknun fyrir flutning yfir það svæði.

4. — Framangreindar þóknanir skulu vera samskonar fyrir all-

85 ar innanlandsflugleiðir sama lands, og reiknaðar út eftir meðalfjarlægð
31. des. þessara leiða, eins og hún er ákveðin fyrir bréfapóstþjónustuna. Þóknanir þessar koma ekki til greina:

a) þegar uppruna- eða ákvörðunarstaður böggulsins og flughöfn sú, sem í sambandi við útlönd, fara saman, enda böggullinn áfram sendur eftir þeirri leið;

b) þegar flutningur flugpóstböggla yfir allt svæðið, sem nefnt er í næsta lið á undan, fer fram með vanalegum flutningatækjum sendi- eða ákvörðunarlands.

5. — Framangreindar þóknanir ber einnig að greiða fyrir póstböggla, sem eru alveg gjaldfrjálsir samkvæmt ákvæðum 17. greinar póstbögglasamningsins.

10. grein.

Ábyrgðargjald.

1. — Fyrir flugpóstböggla með til greindu verði, má taka sem ábyrgðargjald fyrir hverja 300 franka, auk ábyrgðargjaldsins, sem greiða ber, ef svo ber undir, fyrir land- eða sjóflutning á þessum bögglum, 10 sentíma fyrir hverja notaða loftþjónustu.

Gjald þetta er, ef svo ber undir, innifalið í þeim 50 sentímum fyrir 300 franka hins til greinda verðs, sem sendipóststjórninni er heimilt að taka, sem ósundurliðað ábyrgðargjald.

2. — Sem undantekning gildir, að ábyrgðargjald fyrir þær þjónustur, sem hafa alveg sérstaka áhættu í för með sér, skal ákveðið í hverju einstöku tilfelli af hlutaðeigandi póststjórn. Þegar svo ber undir, má hækka hið ósundurliðaða ábyrgðargjald sem því nemur.

11. grein.

Útburður með hraðboða.

Sendendur geta beðið um útburð á heimili með sérstökum burðarmanni, þegar eftir komu, gegn því, að greiða hið sérstaka gjald, sem nefnt er í 14. grein póstbögglasamningsins, og að því til skildu, að póststjórn ákvörðunarlandsins hafi lýst því yfir, að hún taki að sér að framkvæma þetta starf.

Póststjórn ákvörðunarlandsins getur þó krafizt þess, að hraðboðagjaldið sé ákveðið lægra.

12. grein.

Áframsending og endursending flugpóstböggla.

1. — Áframsending á flugpóstböggli til nýs ákvörðunarstaðar, eftir beiðni sendanda eða viðtakanda, og svo fremi að hún sé leyfð með

hinum almennu ákvæðum póstbögglasamningsins, getur farið fram loft- 85
leiðis, ef ábyrgzt er greiðsla á loftflutningskostnaðinum yfir hið nýja 31. des.
svæði. Sama gildir og um endursending á flugpóstböggli til upprunastaðar, eftir beiðni sendanda. — Gjaldið er, ef svo ber undir, tekið af þeirri póststjórn, sem biður um áframsendingu eða endursendingu.

2. — Fari áframsending eða endursending fram með vanalegum póstflutningatækjum, skal auðkennismiðinn „Par avion" og sérhver athugasemd er snertir loftflutninginn, yfirstrikuð af póstmönnum með tveim feitum þverstrikum. Skakkt sendir flugpóstbögglar skulu áfram sendir til ákvörðunarstaðar stytztu loftleið. Ef þóknunin fyrir loftflutninginn, sem greidd er póststjórninni, sem áfram sendir, hrekkur ekki fyrir kostnaðinum fyrir hinni nýju loftleið, skal taka mismuninn hjá þeirri póststjórn, sem á sökina á, að skakkt var sent.

3. — Ef um neyðarlendingu er að ræða, eða sambandsslit, draga þær póststjórnir, sem áfram senda, þóknun sína frá hjá sendipóststjórninni.

13. grein

Bögglapóstskrár.

1. — Flugpóstbögglar eru innfærðir af viðskiftapósthúsi sendilandsins á sérstakar bögglapóstskrár, eins og við fest fyrirmynd C P 17, eins og eyðublaðið segir til. — Efst á skránni skal standa „Par avion".

2. — Viðskiftapósthús sendilandsins, skulu, nema öðruvísi sé ákveðið, tölusetja bögglapóstskrárnar í efra vinstra horni með áframhandandi töluröð yfir árið fyrir hvert sendipósthús og hvert ákvörðunarpósthús, og undir númerinu til greina loftþjónustuna, sem notuð er. Síðasta númer á árinu skal endurtekið á fyrstu bögglaskránni árið eftir.

3. — Ef flutningur á flugpóstbögglum frá einu landi til annars fer fram eftir venjulegum leiðum og samtímis með venjulegum póstbögglum, skal þess getið með viðeigandi athugasemd á aðal-bögglapóstskránni, að í sendingunni séu flugpóstbögglar með sérstakri bögglapóstskrá. —

14. grein.

Lokuð ílát.

Ef flutningur á flugpóstbögglum fer fram í lokuðum ílátum, skulu merkimiðar eða áletrunarspjöld þessara íláta bera áletrunina „Par avion".

15. grein.

Tollmeðferð flugpóstböggla.

Póststjórnirnar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að flýta, eins og auðið er, tollmeðferð á flugpóstbögglum.

16. grein.

Ábyrgð.

Við flutning loftleiðis á flugpóstbögglum taka póststjórnirnar á sig sömu ábyrgð og við flutning á þeim eftir venjulegri leið, nema að þær hafi tilkynnt hið gagnstæða.

17. grein.

Greiðsla á þóknunum fyrir land-, sjó- og loftflutning.

Póststjórn sendilandsins greiðir fyrir hvern flugpóstböggul til póststjórnar ákvörðunarlandsins og til milli liggjandi póststjórna þóknanir þær, sem þeim ber samkvæmt framangreindum ákvæðum, og eftir upplýsingum á skránni C P 18, sem nefnd er í 21. grein.

18. grein.

Greiðsla á ábyrgðargjaldi.

Fyrir flugpóstböggla með tilgreindu verði, skuldar póststjórn sendilandsins hverri milliliggjandi póststjórn, sem tekur að sér loftflutning á þeim út fyrir landamæri sín, hluta af hinu fastákveðna ábyrgðargjaldi, þó ekki fyrir þær þjónustur, er hafa alveg sérstaka áhættu í för með sér, og nemur það 10 sentímum fyrir hverja 300 franka eða brot úr 300 frönkum. Sami þóknunarhluti skuldast einnig póststjórn ákvörðunarlandsins, sem tekur að sér flutning loftleiðis á flugpóstbögglum innanlands hjá sér.

19. grein.

Umskipun.

Nema öðruvísi sé um samið milli hlutaðeigandi póststjórna, er umskipun á leiðinni í einni og sömu flughöfn á flugpóstbögglum, sem nota margar sérstakar loftþjónustur, hverja á eftir annari, framkvæmd, sem skyldukvöð, af póststjórn þess lands, þar sem umskipunin fer fram. Þetta ákvæði gildir þó ekki, þegar umskipunin fer fram milli loftfara, sem eru notuð hvert á eftir öðru yfir flugsvæði sömu loftþjónustu.

20. grein.

Reikningar yfir þóknanirnar.

Reikningar yfir þóknanir fyrir loftflutning flugpóstböggla og önnur gjöld eru útbúnir samkvæmt reglum þeim, sem gilda um reikning yfir þóknanir fyrir almenna böggla.

21. grein.

Upplýsingar til póststjórnanna.

1. — Póststjórnirnar skulu senda hver annari um alþjóðaskrifstofuna: —

a) upplýsingar um, hvort þær taki að sér eða ekki áframsendingu loftleiðis á flugpóstbögglum innanlands hjá sér yfir allt svæðið eða nokkurn hluta þess, og, ef svo er, þá til hvaða staða, og sé þá tilgreint, hvort unnt sé að áfram senda á þessa staði eftir beiðni sendanda flugpóstböggla til annara staða;

b) upplýsingar um, hvort þær taki á móti flugpóstbögglum með tilgreindu verði eða ekki.

2. — Þær af póststjórnunum, sem hafa ráð á loftlínum til flutnings á flugpóstbögglum, tilkynna hinum með skrám, eins og við fest fyrirmynd C P 18:

a) þóknanir þær, sem þær heimta fyrir loftflutning eða annan flutning innanlands hjá sér, og stærðina, sem þær leyfa á flugpóstbögglum til síns lands;

b) nöfn þeirra landa, sem þær geta áfram sent flugpóstböggla til loftleiðis yfir allt svæðið eða nokkurn hluta þess;

c) loftþjónustur í sambandi við útlönd, sem hægt er að flytja flugpóstböggla með, með tilgreiningu á flugsvæðinu og vegalengdinni í kílómetrum;

d) loftflutningsgjöld og önnur gjöld, sem á að endurgreiða þeim fyrir flutning til ákvörðunarlandsins eða, ef svo ber undir, inn í ákvörðunarlandið;

e) hraðboðagjaldið, þegar það er niðursett, samkvæmt 2. málsgrein 11. greinar.

3. — Sérhver breyting, sem seinna kann að verða á upplýsingum þeim, sem nefndar eru í 1. og 2. lið þessarar greinar, skal tafarlaust tilkynnt á sama hátt.

4. — Þar að auki skal hver póststjórn tilkynna, beina leið, þeim póststjórnum, sem hún hefir bein viðskifti við, til hvaða landa hún ætli að afhenda henni flugpóstböggla.

22. grein.

Beiting á ákvæðum póstbögglasamningsins.

Ákvæði póstbögglasamningsins og starfsreglugjörðar hans, gilda um allt, sem ekki er skýrt tekið fram í framanskráðum greinum.

85
31. des.

23. grein.

Um hvenær ákvæði þessi koma til framkvæmda og hversu lengi þau gilda.

Ákvæði þessi koma til framkvæmda sama dag og póstbögglasamningurinn gengur í gildi. Þau skulu gilda jafn lengi og sá samningur, nema þau verði endurnýjuð að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðilja. —

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

Póstinnheimtusamningurinn.

Efnisyfirlit.

85
31. des.

I. KAFLI.

Byrjunarákvæði.

1. grein. Skilyrði fyrir skiftum á innheimtum.

II. KAFLI.

Um það, til hvers póststarf þetta nær.

2. grein. Kröfur leyfðar til innheimtu.
3. — Afsagnir.

III. KAFLI.

Afhending krafna á póst.

4. grein. Tilgreining á upphæð krafnanna.
5. — Afhending kröfu á póst. — Burðargjald sendingarinnar.
6. — Tala krafna og hámarksupphæð þeirra.
7. — Forboð.

IV. KAFLI.

Innheimta á kröfum.

8. grein. Greiðsla að nokkru leyti ekki leyfð.
9. — Innheimtu- eða sýningargjald.
10. — Sending hinnar innheimtu upphæðar.
11. — Endursending á óinnheimtum kröfum.

85 31. des.

V. KAFLI.

Afturköllun og leiðréttingar. — Áframsending og endursending. — Fyrirspurnir.

12. grein. Afturköllun á innheimtum. — Leiðrétting á skránni.
13. — Áframsending. — Skakkt sendar kröfur.
14. — Endursending óinnheimtanlegra krafna.
15. — Fyrirspurnir.

VI. KAFLI.

Ábyrgð. — Póstinnheimtuávísanir.

16. grein. Ábyrgð, ef sending eða kröfur tapast.
17. — Ábyrgð á hinum regulega innheimtu upphæðum.
18. — Beiting á sérstökum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.
19. — Dráttur.

VII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

20. grein. Um hver fær burðargjaldið.
21. — Pósthús, sem taka þátt í þjónustunni.
22. — Beiting á almennum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.
23. — Samþykkt á frumvörpum milli póstþinga.

Niðurlagsatriði.

24. grein. Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda, og hversu lengi hann gildir.

Alþjóðapóstsambandið.

85
31 des.

Samningur

um

póstinnheimtur

gerður milli

Albaníu; Þýzkalands; Austurríkis; Belgíu; Bolivíu; Chili; Lýðveldisins Cuba; Danmerkur; Fríborgarinnar Danzig; Hins dominikanska lýðveldis; Egyptalands; Spánar; Allra spánskra nýlendna; Estlands; Etiopíu; Finnlands; Frakklands; Algiers; Grikklands; Konungsríkisins Hedjaz og Nedjde og tilheyrandi landa; Lýðveldisins Honduras; Ungverjalands; Íslands; Ítalíu; Allra ítalskra nýlendna; Lettlands; Lithauen; Luxemburg; Marokkó (að undanskildum spánska hlutanum); Marokkó (spánska hlutans); Noregs; Paraguay; Hollands; Hollenzku Indía; Hollenzkra nýlendna í Ameríku; Póllands; Portúgals; Hinna portúgölsku nýlendna í Afríku; Hinna portúgölsku nýlendna í Asíu og í Eyjaálfu; Rúmeníu; Lýðveldisins San Marino; Saarhéraðsins; Síam; Svíþjóðar; Sviss; Tékkóslóvakíu; Tunis; Tyrklands; Páfaríkisins; Bandaríkja Venezuela; Yemen og Konungsríkisins Jugóslavíu.

Samkvæmt 3. grein alþjóðapóstsamningsins, hafa undirritaðir fulltrúar stjórnanna í ofan greindum löndum í sameiningu, og með þeim fyrirvara, að fullgilding fáist, orðið ásáttir um eftir farandi samning:

85
31. des.

I. KAFLI.

Byrjunarákvæði.

1. grein.

Skilyrði fyrir skiftum á innheimtum.

Skifti á innheimtum milli þeirra samningslanda, þar sem póststjórnirnar koma sér saman um að hafa þau, skulu framkvæmd eftir ákvæðum þessa samnings.

II. KAFLI.

Um það, til hvers póststarf þetta nær.

2. grein.

Kröfur leyfðar til innheimtu.

Til innheimtu eru leyfðar kvittanir, vörureikningar, ávísanir, víxlar, vaxtamiðar og arðmiðar, verðbréf fallin í gjalddaga, og vanalega allar verzlunarkröfur og aðrar kröfur, sem eru borganlegar án kostnaðar.

Þær póststjórnir, sem ekki geta tekið að sér innheimtu á vaxta- eða arðmiðum og verðbréfum föllnum í gjalddaga, skulu tilkynna það hlutaðeigandi póststjórnum um alþjóðaskrifstofuna.

3. grein.

Afsagnir.

Póststjórnirnar geta tekið að sér að sjá um afsögn á verzlunarskjölum, og að láta framkvæma hina nauðsynlegu lagalegu sókn vegna krafnanna, og ákveða þær í sameiningu hinar nauðsynlegu ráðstafanir í þessu efni.

III. KAFLI.

Afhending krafna á póst.

4. grein.

Tilgreining á upphæð krafnanna.

Nema öðruvísi sé ákveðið, skal upphæð krafna þeirra, sem á að innheimta, tilgreind í mynt landsins, sem framkvæmir innheimtuna.

5. grein. 85
31. des.

Afhending kröfu á pósti. — Burðargjald sendingarinnar.

Krafa til innheimtu er sett á póst sem fyrirfram borguð ábyrgðarsending, send beint af sendanda til pósthúss þess, sem á að innheimta féð.

Burðargjald undir sendinguna má ekki fara fram úr burðargjaldi ábyrgðarbréfs af sömu þyngd.

6. grein.

Tala krafna og hámarksupphæð þeirra.

1. — Sama sending má innihalda margar kröfur til innheimtu af ákvörðunarpósthúsi hjá ýmsum skuldunautum handa einum og sama manni.

Þó mega kröfur ekki vera til innheimtu hjá fleirum en 5 skuldunautum, né hafa mismunandi gjalddaga.

2. — Aðalupphæð sú, sem á að innheimta, má ekki fyrir hverja sendingu fara fram úr hámarki því, sem leyft er af ákvörðunarlandinu fyrir póstávísanir, nema póststjórnirnar verði ásáttar um að leyfa hærra hámark.

7. grein.

Forboð.

Bannað er:

a) að skrifa athugasemdir á kröfurnar, sem eru þeim sjálfum óviðkomandi;
b) að láta bréf eða orðsendingar fylgja kröfunum, sem geta komið í stað bréfaskifta milli skuldareiganda og skuldunauts;
c) að setja aðrar athugasemdir á innheimtuskrána en þær, sem texti hennar segir til um.

IV. KAFLI.

Innheimta á kröfum.

8. grein.

Greiðsla að nokkru leyti ekki leyfð.

Sérhver krafa skal greidd að fullu og í einu, að öðrum kosti skal álíta, að henni sé neitað.

9. grein.

Innheimtu- eða sýningargjald.

Fyrir hverja kröfu, hvort sem hún er innheimt eða ekki, skal taka 25 sentíma gjald, er kallast, eftir ástæðum, innheimtu- eða sýningargjald, og er það, ef svo ber undir, tekið af hinni innheimtu upphæð.

Kröfur, sem ekki verða inn heimtar sakir einhverrar ónákvæmni eða sakir ófullnægjandi utanáskriftar, og sem þar af leiðandi verður að endursenda sendanda, eru undan þegnar þessu gjaldi.

10. grein.

Sending hinnar inn heimtu upphæðar.

1. — Hinar inn heimtu upphæðir, sem eiga við sömu sendingu, eru sendar sendanda með póstávísun, eftir að búið er að draga frá:

a) innheimtugjaldið og, ef svo ber undir, sýningargjaldið fyrir ógreiddar kröfur;
b) ríkissjóðsgjöld, sem kunna að hvíla á kröfunum, og
c) hið vanalega póstávísanagjald, sem reiknast af allri upphæðinni, að frádregnum gjöldum þeim og þóknunum, sem nefnd eru undir a og b.

Innheimtuávísanir eru leyfðar allt að hámarksupphæð þeirri, sem póststjórnirnar ákveða samkvæmt 2. lið 6. greinar.

2. — Póststjórnirnar geta komið sjer saman um að fara öðruvísi að með greiðslu hinna inn heimtu upphæða. Einkanlega geta þær tekið að sér, eftir skilyrðum þeim, sem sett eru í reglugjörðinni, að færa þær inn á pósthlaupareikning í ákvörðunarlandi sendingarinnar.

11. grein.

Endursending á óinnheimtum kröfum.

Kröfur, sem hafa ekki orðið inn heimtar innan þess tíma, sem tiltekinn er í starfsreglugjörðinni, og sem eigi á að afhenda nánar tilteknum þriðja manni, eru endursendar burðargjaldsfrítt til viðtökupósthússins.

Þegar engar kröfur eru inn heimtar eða hinar innheimtu upphæðir eru ónógar til þess að draga sýningargjaldið frá að öllu leyti, skal það inn heimt hjá sendanda sendingarinnar. Póststjórnin, sem framkvæmir innheimtu, er á engan hátt skuldbundinn til þess, að gera neinar ráðstafanir til tryggingar á gildi kröfunnar né heldur að skýra frá, hvers vegna ekki hafi verið borgað.

V. KAFLI.

Afturköllun og leiðrjettingar. — Áframsending og endursending. — Fyrirspurnir.

12. grein.

Afturköllun á innheimtum. — Leiðrétting á skránni.

Á meðan ákvörðunarpósthús póstinnheimtusendingar hefir ekki afhent hana, getur sendandi, samkvæmt skilyrðum þeim, sem ákveðin eru um bréfasendingar í 49. grein alþjóðapóstsamningsins, afturkallað sendinguna, eða eina eða fleiri kröfur, sem í henni eru, eða látið leiðrétta, ef um villur er að ræða, upplýsingar, sem standa á skránni, er hann sendir með.

Sé beðið um leiðréttingu á skránni símleiðis, skal bæta við símskeytagjaldið, gjaldi því, sem tekið er fyrir einfalt ábyrgðarbréf.

13. grein.

Áframsending. — Skakkt sendar kröfur.

1. — Flytji einn eða fleiri viðtakenda búferlum, eru kröfurnar til póstinnheimtu áfram sendar innan landsvæðis ákvörðunarlandsins. Sama gildir einnig um kröfur, sem skrifað er utan á til manna, sem búa á staðnum, en heyra undir annað pósthús.

2. — Séu í einni sendingu eingöngu kröfur, sem eru óinnheimtanlegar fyrir pósthúsið, sem tekur við þeim, skal sendingin endursend til upprunastaðar síns, nema skuldunautar eigi allir að sækja til annars pósthúss í ákvörðunarlandinu, og er hún þá send því pósthúsi.

Sé nokkur hluti krafnanna óinnheimtanlegur fyrir ákvörðunarpósthúsið, eru þær kröfur endursendar sendanda, en hinar kröfurnar teknar til innheimtu.

3. — Fyrir áframsendingar þessar er ekkert aukagjald tekið.

14. grein.

Endursending óinnheimtanlegra krafna.

Kröfur, sem einhverra orsaka vegna hafa ekki orðið inn heimtar, eru endursendar sendanda á þann hátt, sem starfsreglugjörðin mælir fyrir. —

15. grein.

Fyrirspurnir.

Fyrirmæli 51. greinar alþjóðapóstsamningsins gilda um fyrirspurnir um póstinnheimtusendingar.

85
31. des.

VI. KAFLI.

Ábyrgð. — Póstinnheimtuávísanir.

16. grein.

Ábyrgð, ef sending eða kröfur tapast.

1. — Ef ábyrgðarsending, sem innheldur kröfur til innheimtu, tapast, hefir það í för með sér ábyrgð fyrir póstþjónustuna gagnvart sendanda, með þeim skilyrðum sem sett eru um ábyrgðarsendingar í 54. og 55. grein alþjóðapóstsamningsins.

Sama gildir og, ef tapast sending, sem inniheldur óinnheimtar kröfur á heimleið.

2. — Tapist kröfur, eftir að búið er að opna sendinguna, sem þær eru í, annaðhvort á pósthúsinu, sem framkvæmir innheimtuna, eða á pósthúsinu, sem annast greiðslu til sendanda, er póststjórnin, sem ábyrgðin hvílir á, ekki skyld að bæta sendanda nema hina raunverulegu upphæð skaðans, sem hlotizt hefir, án þess þó að sú upphæð megi fara fram úr skaðabótaupphæð þeirri, sem gert er ráð fyrir í 1. lið hér að ofan. —

3. — Ákvæði 57.—60. greinar alþjóðapóstsamningsins, með fjalla um skaðabætur, gilda um póstinnheimtusendingar.

17. grein.

Ábyrgð á hinum reglulega inn heimtu upphæðum.

Hinar reglulega inn heimtu upphæðir, að frádregnum gjöldunum, sem nefnd eru í 10. grein, skulu, hvort sem þeim hefir verið breytt í póstávísanir eða ekki, eða greiddar inn á pósthlaupareikning, ábyrgztar sendanda krafnanna, með þeim skilyrðum, sem greind eru í póstávísanasamningnum, eða þeim fyrirmælum, sem gilda um pósttékkastarfið.

18. grein.

Beiting á sérstökum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Ákvæðin í 65. til 70. greinar alþjóðapóstsamningsins, sem fjalla um póstkröfusendingar, gilda um póstinnheimtur, að því er snertir skaðabætur og greiðslur á upphæðum, frest á útborgun, aðgang að póststjórn þeirri, sem ábyrgðina ber, og póstinnheimtuávísanir.

19. grein.

Dráttur.

Póststjórnirnar bera enga ábyrgð vegna dráttar;

a) við flutning eða sýningu á kröfum til innheimtu;
b) við greiðslu hinna inn heimtu upphæða;
c) við útbúnað afsagna eða framkvæmd á lagalegri sókn, sem þær kynnu að taka að sér, með því að nota ákvæði 3. greinar.

VII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

20. grein.

Um hver fær burðargjaldið.

Burðargjald undir sendingu, sem inniheldur póstinnheimtur, ásamt innheimtu- og sýningargjaldi, kemur eigi til reiknings milli póststjórnanna, sem í hlut eiga.

21. grein.

Pósthús, sem taka þátt í þjónustunni.

Póststjórnir samningslandanna skulu láta öll pósthús, sem taka þátt í alþjóðapóstávísanaviðskiftunum, taka þátt í póstinnheimtum.

22. grein.

Beiting á almennum ákvæðum alþjóðapóstsamningsins.

Hin almennu ákvæði, sem nefnd eru í I. og II. bálki alþjóðapóstsamningsins, gilda um þennan samning, þó með undantekningu, að því er snertir fyrirmæli þau, sem nefnd eru í 7. grein.

23. grein.

Samþykkt á frumvörpum milli póstþinga.

Til þess að öðlast gildi, verða frumvörp, sem koma fram milli póstþinga (18. og 19. grein alþjóðapóstsamningsins), að fá:

a) öll atkvæði, ef um er að ræða viðbót nýrra ákvæða eða breytingu á ákvæðum 1. til 17., 19., 20., 23. og 24. greinar samningsins, og 1., 2., 3., 4., 6., 7., 9., 11., 12., 13., 14. og 18. greinar starfsreglugjörðar hans;
b) tvo þriðju atkvæða, ef um er að ræða breytingu á öðrum ákvæðum samningsins, en þeim, sem nefndar eru á undan, eða ákvæðum 8., 10. og 15. greinar starfsreglugjörðarinnar;

85 31. des.

c) meiri hluta atkvæða, ef um er að ræða breytingu á öðrum ákvæðum starfsreglugjörðarinnar eða skilning á ákvæðum samningsins og reglugjörðar hans, að undanteknu atriðinu um deilumál, sem lagt skal í gerðardóm.

Niðurlagsatriði.

24. grein.

Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda og hversu lengi hann gildir.

Samningur þessi kemur til framkvæmda 1. júlí 1930 og gildir um óákveðinn tíma.

Þessu til staðfestingar hafa fulltrúar stjórnanna í framangreindum löndum undirskrifað þennan samning í einu eintaki, sem skal geymt í skjalasafni stjórnar hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og fær hver aðili afrit af því.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna),

Starfsreglugjörð

85
31. des.

póstinnheimtusamningsins.

Efnisyfirlit.

I. KAFLI.

Afhending krafna á póst og innheimta á þeim.

1. grein. Skilyrði fyrir flutningi á kröfum.
2. — Innheimtuskrá og umslag sendingarinnar. Innborgunarseðill.
3. — Bannaðar athugasemdir og orðsendingar.
4. — Afhending krafnanna til póstflutnings.
5. — Athugun hjá ákvörðunarpósthúsi.
6. — Sýning. — Frestur á greiðslu.
7. — Óinnheimtanlegar kröfur.
8. — Sendandi óþekktur.

II. KAFLI.

Reikningsskil fyrir sendingum.

9. grein. Sending ávísana til greiðslu og sending á ógreiddum kröfum.
10. — Reikningsskil.
11. — Póstinnheimtuávísanir, sem ekki er krafizt útborgunar á af viðtakendum.
12. — Innskrift í póstbögglareikning.

III. KAFLI.

Afturköllun og leiðréttingar. — Áframsending. — Fyrirspurnir.

13. — Afturköllun. — Leiðrétting á innheimtuskrá.
14. — Áframsending.
15. — Fyrirspurnir.

85
31. des.

IV. KAFLI.

Ýms ákvæði.

16. grein. Upplýsingar og tilkynningar.
17. — Eyðublað.

Niðurlagsatriði.

18. grein. Um hvenær reglugjörðin kemur til framkvæmda, og hversu lengi hún gildir.

Starfsreglugjörð

85
31. des.

póstinnheimtusamningsins.

I. KAFLI.

Afhending krafna á póst og innheimta á þeim.

1. grein.

Skilyrði fyrir flutningi á kröfum.

Til þess að verða teknar til póstinnheimtu, verða kröfurnar:

a) að hafa áritaða upphæðina, sem inn á að heimta, í bókstöfum (latneskt letur) og, nema öðruvísi sé ákveðið, í mynt ákvörðunarlandsins. Að því er snertir vaxta- og arðmiða, er nóg að til greina upphæðina í tölum;

b) að vera með nafni og heimili skuldunauts;

c) að hafa undirskrifaða kvittun sendanda, ef svo ber undir; að því er snertir almennar kvittanir, má undirskriftin vera sett með stimpli, ef það er leyft í löggjöf upprunalandsins, eða vera með prentuðu nafni skuldareiganda;

d) að hafa verið kvittaðar fyrir borgun á stimpilgjaldi í upprunalandinu, ef þær falla undir slíkt gjald.

2. grein.

Innheimtuskrá og umslag sendingarinnar. Innborgunarseðill.

1. — Kröfur til inn heimtu í sömu sendingu, skulu færðar á skrá, eins og við fest fyrirmynd R P 1.

Vaxta- og arðmiðar, sem tilheyra verðbréfum af sömu tegund, og innheimta á hjá sama manni, skulu áður inn færðar á sérstakan lista; þeir skulu síðan skoðaðir sem ein krafa.

2. — Kröfur, sem sönnunargögn kunna að fylgja með, (vöruskrár, farmskírteini, recambiovíxlar (gagnvíxlar) afsagnarskjöl o. s. frv., sem aðeins eiga að afhendast gegn borgun), skulu látnir ásamt kröfuskránni í umslag, eins og við fest fyrirmynd R P 2. Á umslagi þessu

85 skal standa, auk nafns og nákvæms heimilisfangs sendanda, nafn á-
31. des. kvörðunarpósthússins.

Flygiskjölin skulu fest við kröfuna, sem þau eiga við.

3. — Hverri sendingu, sem hin inn heimta upphæð á að greiðast fyrir inn á pósthlaupareikning í ákvörðunarlandinu, skal fylgja, nema öðruvísi sé um samið, innborgunarseðill, eins og eyðublað það, sem fyrir skipað er í innanríkisþjónustu landsins. Seðillinn skal til greina eiganda reiknings þess, sem á að greiða inn á, svo og allar aðrar upplýsingar, sem texti eyðublaðsins segir til um, nema upphæðina, sem á að greiða; hana færir ákvörðunarpósthúsið á seðilinn, eftir að póstinnheimtuupphæðin er inn heimt. Sé innborgunarseðillinn með afklippingi, skal sendandi þar geta nafns síns og utanáskriftar, og setja þar að auki aðrar upplýsingar, er hann telur, að máli skifti.

Innborgunarseðillinn er látinn í umslagið, sem nefnt er í næsta lið á undan.

3. grein.

Bannaðar athugasemdir og orðsendingar.

Komi ólöglegar athugasemdir eða áletranir fyrir á innheimtuskránni, skal ekkert tillit tekið til þeirra. Sérstök bréf eða orðsendingar skal farið með, eins og ófrímerkt bréf frá sendilandi póstinnheimtunnar, og þau afhent viðtakanda, gegn því að hann greiði burðargjald það, sem ber að taka; sé þeim neitað móttöku, skulu þau endursend til sendilandsins sem bréf, er ekki verður komið til skila.

Séu hinar ólöglegu athugasemdir settar á kröfurnar sjálfar, skulu þær inn heimtar með upphæð þeirri, er á þeim stendur, og þar að auki burðargjaldinu fyrir ófrímerktu bréfi frá upprunalandinu. Sé greiðslu burðargjaldsins neitað, má láta kröfurnar af hendi, en burðargjaldið er þá tekið fyrirfram af upphæðinni, sem sendandi á að fá. Orðsending þessu til skýringar, skal fylgja póstinnheimtuávísuninni.

4. grein.

Afhending krafnanna til póstflutnings.

Sendingum, sem innihalda kröfur til póstinnheimtu, skal lokað af sendanda, og skilað á pósthúsið.

Finnist sending í póstkassa, og sé nægilega frímerkt, skal með hana farið eins og henni hefði verið skilað á pósthús. Sé hún ófrímerkt eða aðeins að nokkru leyti frímerkt, verður hún ekki send,

5. grein.

Athugun hjá ákvörðunarpósthúsi.

Ákvörðunarpósthúsið rannsakar, hvort tala og upphæð krafnanna, sem fylgja innheimtuskránni, sé rétt. Niðurstaða þessarar endurskoðunar er til greind á innheimtuskránni.

Þegar tala krafnanna, sem til greind er á innheimtuskránni, finnst ekki í sendingunni, gerir ákvörðunarpósthúsið sendipósthúsinu aðvart þegar í stað, en það tilkynnir síðan sendanda. Ákvörðunarpósthúsið framkvæmir samt innheimtuna á þeim kröfum, sem ekkert er athugavert við.

6. grein.

Sýning. Frestur á greiðslu.

1. — Kröfurnar skulu sýndar skuldunautum eins fljótt og auðið er, og, ef svo ber undir, daginn, sem þær falla í gjalddaga.

2. — Kröfur þær, sem eru ekki greiddar við sýningu, en borgun hefir þó ekki verið formlega neitað af skuldunautum, skulu látnar liggja í viku til umráða fyrir hlutaðeigendur, að telja frá næsta degi eftir fyrsta sýningardag. Frest þenna má lengja upp í mánuð mest hjá þeim póststjórnum, þar sem löggjöf þeirra gerir það að skyldu. Skuldunautum er gert aðvart, svo að þeir geti komið á pósthúsið og borgað, meðan fresturinn varir. Sendandi getur þó gert athugasemd á innheimtuskrána um, að skjölin séu strax send sér til baka, eða afhent mönnum, sem hann tilgreinir með nafni, eftir árangurslausa sýningu.

7. grein.

Óinnheimtanlegar kröfur.

Ástæðunnar til þess, að krafa hefir ekki orðið innheimt, skal getið á þann hátt, sem segir í 1. lið 47. greinar í starfsreglugjörð alþjóðapóstsamningsins, án frekari skýringar, annaðhvort á seðli, sem heftur sé við skjölin eða á aftari part skrárinnar, sem kröfurnar eru færðar á.

8. grein.

Sendandi óþekktur.

Ef nafn og heimilisfang sendanda stendur hvorki á umslaginu, skránni né kröfunum sjálfum, lætur ákvörðunarpósthúsið, hafi það getað fengið nauðsynlegar upplýsingar hjá skuldunaut, um leið og það

85 heimti kröfuna inn, upprunapósthúsið vita um þetta og framkvæmir
31. des. reikningsskilin eftir skilyrðum 9. greinar; er hið síðar nefnda pósthús tilgreint á ávísuninni sem viðtakandi hennar.

II. KAFLI.

Reikningsskil fyrir sendingunum.

9. grein.

Sending ávísana til greiðslu og sending á ógreiddum kröfum.

1. — Ávísanir, sem gefnar eru út fyrir hinum innheimtu kröfum, svo og greiddar kröfur, eru sendar til viðtökupósthússins ásamt aftari parti innheimtuskrárinnar, sem reikningsskilin eru gerð á samkvæmt ákvæðum næstu greinar hér á eftir. Sendingin er flutt í umslagi, eins eða líku og við fest fyrirmynd R P 3, sem fylgir hér með, og send sem þjónustusending, sem mælt er með, nema engin óinnheimt krafa sé í henni. Skal þá strika út á umslaginu þau orð, sem eiga ekki við.

Efst á framhlið ávísananna skal standa orðið „Recouvrement".

2. — Þegar taka á gjöld af sendanda fyrir sýningu á óinnheimtum kröfum, skal umslagið stimplað með T-stimpli, og upphæð gjaldanna samanlögð skrifuð með greinilegum tölum framan á það.

3. — Í þeim samböndum, þar sem þarf milligöngu viðskiftapósthúsa við póstávísanastarfið, skulu sendingar þær, sem ræðir um í 1. lið, einnig fara um slík pósthús.

10. grein.

Reikningsskil.

Aftari partur innheimtuskrárinnar, sem reikningsskilin eru gerð á, skal sérstaklega inni halda:

a) dagstimpil innheimtupósthússins;
b) nafn og heimili sendanda og dagsetninguna, þegar sendingin er látin á póst;
c) nöfn skuldunauta;
d) upphæð ávísunarinnar og sundurliðaða kostnaðarupphæð; þessar báðar upphæðir samanlagðar eiga að vera jafnar upphæð hinna inn heimtu krafna;
e) upphæðir innheimtra og óinnheimtra krafna; þær tvær upphæðir samanlagðar eiga að gera nákvæmlega upphæð krafnanna, sem voru settar á póst.

Innheimtupósthúsið tilfærir athugasemdir, sem sendandi kann að hafa gleymt, og strikar yfir þær, sem eru óþarfar. 85 31. des.

Skrár yfir reikningsskil, sem vantar eða eru óreglulega útfylltar, skal gera fyrirspurnir um, eða endursenda beint frá pósthúsi til pósthúss.

11. grein.

Póstinnheimtuávísanir, sem ekki er krafizt útborgunar á af viðtakendum.

Ákvæði 39. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins, sem fjalla um póstkröfuávísanir, gilda einnig um póstinnheimtuávísanir.

12. grein.

Innskrift í pósthlaupareikning.

Þegar hinar inn heimtu upphæðir hafa verið færðar í pósthlaupareikning, skal einnig á inneignartilkynningunni til reikningseiganda standa orðið „Recouvrement".

Innheimtupósthúsið skrifar þar að auki á aftari part innheimtuskrárinnar, neðanundir reikningsskilum, athugasemdina „Fært til tekna í pósttékkareikningi nr. .... hjá pósttékkapósthúsinu í ...." og endursendi þennan hluta skrárinnar til viðtökupósthússins, á þann hátt er segir í 9. grein.

III. KAFLI.

Afturköllun og leiðréttingar. — Áframsending. — Fyrirspurnir.

13. grein.

Afturköllun. — Leiðrétting á innheimtuskrá.

Ákvæði 48. og 49. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins gilda um afturköllun á póstinnheimtum og um leiðréttingar á innheimtuskránni. Hverri beiðni um leiðréttingu á innheimtuskrá skal fylgja afrit af skránni.

Sé um að ræða leiðréttingu á innheimtuskrá, sem beðið er um símleiðis, skal beiðnin staðfest með fyrsta pósti með beiðni póstleiðis, og skal efst á hann skrifuð, og undirstrikuð með blýanti, þessi athugasemd: „Confirmation de la demande télégraphique du ....." (Staðfesting á beiðni símleiðis frá .....).

85 31. des. Í slíku tilfelli lætur ákvörðunarpósthúsið sér nægja, að halda sendingunni eftir, þegar það fær símskeytið, og bíður með að framkvæma beiðnina, þangað til staðfesting á henni er komin póstleiðis.

Ákvörðunarpóststjórnin getur þó á eigin ábyrgð orðið við slíkri beiðni, sem send er símleiðis, án þess að bíða eftir staðfestingunni.

14. grein.

Áframsending.

Þegar áframsending á póstinnheimtum nær til allra krafna, sem eru í sömu sendingu, fer pósthúsið, sem getur inn heimt þær, að eins og ef kröfurnar hefðu verið sendar því í byrjun. Það gerir athugasemd um áframsendinguna á hina sérstöku skrá, eins og hér segir: „Réexpédié par le bureau de ....." (Áfram sent af pósthúsinu í .....).

Ef aðeins nokkrar kröfur í sömu sendingu eru áfram sendar, skal pósthúsið, sem inn heimtir þær, senda hina innheimtu upphæð eða hinar óinnleystu kröfur ókeypis til pósthússins, sem innheimtuskráin er send til; þetta síðarnefnda pósthús sér eitt um reikningsskil við sendanda.

15. grein.

Fyrirspurnir.

Að því er snertir fyrirspurnir, haga póststjórnirnar sér eftir ákvæðum 51. greinar starfsreglugjörðar alþjóðapóstsamningsins. Sendandi skal útvega eftirrit af skránni, sem fylgdi kröfunum, og skal það sent ásamt fyrirspurninni til ákvörðunarpósthússins.

IV. KAFLI.

Ýms ákvæði.

16. grein.

Upplýsingar og tilkynningar.

1. — Fyrir milligöngu alþjóðaskrifstofunnar, og að minnsta kosti þrem mánuðum áður en samningurinn gengur í gildi, skulu póststjórnirnar senda hver annari útdrátt úr lögum sínum og reglugjörðum, sem gilda um póstinnheimtustarfið, sérstaklega að því er snertir innheimtu af vaxta- og arðmiðum og verðbréfum, sem fallin eru í gjalddaga.

2. — Sérhver breyting, sem síðar kann að verða, skal tafarlaust tilkynnt á sama hátt.

17. grein. 85
31. des.

Eyðublöð.

Að því er snertir ákvæði 2. liðs 3. greinar alþjóðapóstsamningsins, skal eyðublaðið R P 1 (innheimtuskráin) talið eyðublað til afnota fyrir almenning.

Niðurlagsatriði.

18. grein.

Um hvenær reglugjörðin kemur til framkvæmda, og hversu lengi hún gildir.

Reglugjörð þessi kemur til framkvæmda sama dag og samningurinn um póstinnheimtur gengur í gildi. Hún skal gilda jafn lengi og sá samningur, nema hún verði endurnýjuð að sameiginlegum vilja hlutaðeigandi aðilja.

Gert í Lundúnum, hinn 28. júní 1929.

(Nöfn fulltrúanna).

Þetta er hérmeð gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðherrann, 31. desember 1929.

Tryggvi Þórhallsson.